

Byggjum réttlátt þjóðfélag



Skýrsla forseta

um störf Alþýðusambands Íslands 2009

Ársfundur ASÍ • 22.-23. október 2009



Alpýðusamband Íslands

SKÝRSLA FORSETA
um störf
Alpýðusambands Íslands
árið 2009

Skýrsla forseta ASÍ 2009

Skýrsla forseta um störf ASÍ er unnin af starfsfólki á skrifstofu ASÍ, á ábyrgð deildarstjóra. Nokkrir kaflar eru teknir saman með aðstoð samstarfsfólks úr verkalýðshreyfingunni, starfsfólki Mímis-símenntunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Listasafns ASÍ.

Ritstjóri: Snorri Már Skúlason

Ábyrgðarmaður: Gylfi Arnbjörnsson

Útlitshönnun og prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja

Myndir: Lárus Karl, Morgunblaðið, Róbert og starfsfólk ASÍ

Kápuhönnun: Ennemm

Skýrslan er lögð fyrir níunda ársfund ASÍ 22.-23. október 2009.

Reykjavík, október 2009 - Ísafoldarprentsmiðja.

Efnisyfirlit

Inngangur	13
Ársfundur ASÍ 2008	15
Setning fundarins	15
Ávarp félags- og tryggingaráðherra	21
Ávarp erlendra gesta	25
Ávarp innlendra gesta	26
Kjörbréfanefnd	28
Kjör starfsmanna ársfundar	29
Skýrsla forseta og reikningar ASÍ og stofnana	29
Kjör forseta	31
Tillögur kjörnefndar	31
Samþykktir ársfundar	32
Fráfarandi forseti kvaddur	37
Fundarslit	38
Fulltrúar á ársfundi ASÍ 2008	39
Aukaársfundur ASÍ í mars 2009	47
Setning fundarins	47
Ávarp forsætisráðherra	53
Kjörbréfanefnd	58
Afgreiðsla kjörbréfa	59
Kjör starfsmanna	59
Atkvæðagreiðsla um ályktanir aukaársfundar	59
Hagur	59
Vinna	62
Velferð	66
Fundarslit	69
Fulltrúar á aukaársfundi ASÍ 2009	70
Af vettvangi miðstjórnar ASÍ	79
Umfjöllun og ályktanir miðstj. um efnahags- og atvinnumál og hag heimilanna	80
Bætt siðferði og endurreisn atvinnulífsins	83
Staða og starfsemi lífeyrissjóðanna	84
Viðmiðunarreglur fyrir verðlagseftirlit ASÍ	85
Ritun sögu ASÍ	85
Ársfundur ASÍ 2009	86
1. maí 2009	86
Efnahagsmál	87
Þróun og staða efnahagsmála haustið 2009	88
Erfið staða heimilanna	89
Kaupmáttur ráðstöfunartekjur rýrna hratt	90
Mörg fyrirtæki tæknilega gjaldþrota	91
Er botninum náð á alþjóðmörkuðum?	91
Styrivextir hafa að lækkað – en áfram háir	91
Krónan sjaldan jafn veik	92

Dregur úr viðskiptahalla	93
Verðbólga hjaðnar	93
Snapur viðsnúningur í ríkisfjármálum	94
Staða margra sveitarfélaga afar slæm	95
Erfið staða á vinnumarkaði	96
Verðlagseftirlit ASÍ	96
Verklagsreglur fyrir verðlagseftirlit ASÍ	97
Vörukarfa ASÍ	98
Kjaramál	99
Kjaramál og kjarasamningar	99
Kjarasamningar haust 2008	99
Endurskoðun kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og samningar við ríki og sveitarfélög	101
Grundvöllur endurskoðunar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði	101
Endurskoðun kjarasamninga í febrúar 2009	104
Samkomulag ASÍ og SA frá 25. febrúar	107
Endurskoðun kjarasamninga í júní 2009	112
Samkomulag ASÍ og SA frá 25. júní	114
Stöðugleikasáttmálinn	119
Kjarasamningar við ríki og sveitarfélög	124
Deilur um endurskoðun kjarasamninga	124
Áhyggjur af seinagangi stjórnvalda	125
Atvinnumál	127
Atvinnuástandið	127
Atvinnuþátttaka	127
Atvinnuleysi	127
Erlendir starfsmenn	130
Horfur	130
Atvinnuþróunin	130
Þröng staða fyrirtækja	131
• Mannvirkjagerð	131
• Verslun	131
• Þjónusta	131
• Iðnaður	125
• Sjávarútvegur	131
• Nýsköpun	131
Atvinnumálanefnd ASÍ	131
Vísinda- og tækniráð	132
Vinnumarkaðsráð	132
Landflutningaráð	132
Velferðarmál	134
Kaup og kjör	134
Kaupmáttur	134
Ráðstöfunartekjur	135
Skuldastaða heimilanna	136

Greiðsluerfiðleikar	137
Úrræði vegna vaxandi greiðsluerfiðleika heimila	137
Velferðarkerfið	137
Almannatryggingar	140
Endurskoðun almannatrygginga	140
Velferðarnefnd ASÍ	141
Félags- og vinnumarkaðsmál	142
Jafnréttis- og fjölskyldumál	143
Jafnréttis- og fjölskyldunefnd	143
Kynjabókhald ASÍ	144
„Jafnréttisstaðall“ - Vottunarferli launajafnréttis	144
Launakannanir	144
Fræðsla	145
Námsstefna - Hvað vilt' upp á dekk – enn og aftur?	145
Allar heimsins konur – Hugmyndamarkaður	146
Jafnréttisþing	146
8. mars 2009 – alþjóðlegur baráttudagur kvenna	146
Fæðingar- og foreldraorlofslögin	147
Málefni lífeyrissjóða	147
Samfélagslega ábyrgar fjárfestingar lífeyrissjóðanna	149
Reglur um innri starfsemi lífeyrissjóðanna	150
Vinnuvernd	151
Vinnueftirlit ríkisins	151
Atvinnusjúkdómar	152
Tilkynning og skráning atvinnusjúkdóma	153
Evrópsk vinnuverndarvika	153
Starfsemi Vinnuálastofnunar	153
Málefni Atvinnuleysistryggingasjóðs	156
Breytingar á lögunum og reglugerðir um vinnumarkaðsúrræði	156
Hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli	156
Reglugerðir um vinnumarkaðsaðgerðir	158
Vandi Atvinnuleysistryggingasjóðs	158
Sameining stofnana	161
Tilkynning og skráning veikinda	162
Vinnustaðaskírteini	163
Samstarf um eftirlit á vinnumarkaði og vinnustaðaskírteini	163
Frankvæmd EES-samningsins	164
Þjónustutillskipun ESB	164
Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði	164
Fræðslu- og menntamál	165
Félagsleg fræðsla	166
MFA fræðsludeild ASÍ	166
Félagsmálaskóli alþýðu	166
Trúnaðarmannanámskeið	166
Formlegt mat á trúnaðarmannanámi	166

Háskólanám	166
Námskeið	166
Genfarskólinn	167
Útgáfa	167
Handbók trúnaðarmannsins	167
Frumvarp um framhaldsfræðslu	168
Reglugerðir á grundvelli laga um framhaldsskóla	169
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	169
Stjórn	170
Starfsmenn	170
Samstarfshópur um menntunarráði	170
Þjónustusamningar við menntamálaráðuneytið	170
Framlög til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva	171
Framlag til vottaðra námsleiða	171
Framlag til náms- og starfsráðgjafar hjá símenntunarmiðstöðvum	172
Framlag til náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina	173
Raunfærnimat	173
Ráðgjöf í löggiltum iðngreinum	174
Starfsemi FA samkvæmt þjónustusamningum	175
Húsfélag	175
Þjónustu- og samstarfssamningar við fræðsluaðila	176
Nýjar námsleiðir	176
Rannsókn á tveimur námsleiðum	177
Gæði náms	177
Námsnetið	177
Námsferilsskrár	178
Þróun mats á raunfærni	178
Tilraunaverkefni	180
Félag tæknifólks í rafiðnaði	180
Erlend samstarfsverkefni	180
CREAC - Leonardo verkefni 2006-2008	180
OBSERVAL Leonardo verkefni 2008-2010	181
Viðurkenning á gildi starfa (REVOW) Leonardo verkefni frá 2009-2011	181
Hópur sérfræðinga um raunfærni á vegum NVL	181
Þróun náms- og starfsráðgjafar	182
Samráðsvettvangur - fræðslufundir	182
Þróun aðferða í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun	183
Samningur um verkefni í íslensku fyrir erlenda starfsmenn	183
Söfnun og miðlun upplýsinga	184
Kynningarefni	184
Önnur verkefni FA	185
NVL, Norrænt tengslanet um nám fullorðinna	185
Fagråd verslunar og þjónustu	186
Mímir-símenntun	187

Nám fyrir atvinnulífið	187
Starfstengd námskeið	188
Almenn námskeið	189
Nám fyrir fólk í atvinnuleit	189
Þjónustusamningur við ASÍ um félagafræðslu	189
Fjölmening og frístundir	190
Tungumál.....	190
Íslenska fyrir útlendinga	190
Gagn og gaman	190
Listir og menning	191
Náms- og starfsráðgjöf	191
Raunfærnimat	191
Erlent samstarf.....	192
Þróunarverkefni	193
Starfsmenntaráð	194
Minningsræði Eðvarðs Sigurðssonar	194
Umsókn um aðild að Evrópusambandinu	196
Áherslur ASÍ og samningsmarkmið	198
STÖÐUGLEIKI OG UPPTAKA EVRU - Greinagerð hagdeildar ASÍ	198
Stöðugleiki er grundvöllur bættra lífskjara	198
Eina færa leiðin	199
Upptaka evrunnar	200
Ákvörðun um upptökur evru hefur áhrif strax	200
Maastricht – skilyrðin	200
Annar ávinningur af upptöku evrunnar	202
Upptaka evrunnar er engin töfralausn	202
ESB AÐILD ÚT FRÁ SJÓNARHÓLI LAUNAFÓLKS – Greinargerð	
atvinnumálanefndar ASÍ	203
Viðhorf úr hreyfingunni	203
Almennt	207
Sýn ASÍ:	205
Helstu áherslur ASÍ:	205
Sjávarútvegur	205
Sýn ASÍ:	206
Helstu áherslur ASÍ:	206
Landbúnaður	206
Sýn ASÍ:	207
Helstu áherslur ASÍ:	207
Bygðamál	207
Sýn ASÍ:	208
Helstu áherslur ASÍ:	208
Greinagerð um Evrópusamvinnu á sviði vinnumarkaðs-, félags-, og menntamála	208
Evrópusamvinna um vinnumarkaðs- og félagsmál	208
Evrópusamvinnan um menntun og gagnkvæma viðurkenningu	209
Erlend samskipti	211

Norræna verkalýðssambandið - NFS	211
NFS - vinnuhópur um loftslagsbreytingar	212
Fundur hagfræðinga hjá Alþýðusamböndunum á Norðurlöndum	212
Verkalýðshreyfingin í Norður Atlantshafi (VN)	213
Evrópusamband verkalýðsfélaga - ETUC	213
Framkvæmdastjórn ETUC	213
Aukaþing ETUC	214
ETUC – Women’s Committee – Kvennanefnd Evrópusambands verkalýðsfélaga 201	
Samráðsvefur ETUC um málishöfðanir	214
Ráðgjafarnefnd EFTA	214
Helstu verkefni Ráðgjafarnefndarinnar	214
Ráðgjafarnefnd EES	215
Alþjóðavinnuálagstofnunin – ILO	215
98 – þing ILO	215
Þrihliða nefnd ILO á Íslandi	216
Norræna ILO samstarfið	216
NFS	216
NETLEX	216
Lagabreytingar og skipulagsmál	217
Laganefnd	217
Skipulags- og starfsháttanefnd	217
Stjórn lífeyrissjóðsins skal setja starfsemi hans og starfsmönnum almennar samskipta og siðareglur	218
Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ	225
Starfsmenn á skrifstofu ASÍ 1. október 2008	225
Starfsendurhæfingarsjóður	227
Hlutverk og stefna	227
Áhersluþættir	228
Skrifstofa og starfsmenn	229
Tilraunaverkefni, samningar og ráðning ráðgjafa um allt land	230
Stafsþróun og þjálfun ráðgjafa	230
Öryggi og meðferð upplýsinga	232
Heimasíða, kynningarefni og samstarf	233
Umsagnir um þingmál	234
Frumvarp um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, 32. mál.	234
Frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi og peningaþvætti), 33. mál.	234
Þingsályktunartillaga um skipan frídaga að vori, 85. mál.	235
Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysisstryggingar, og lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði, 115. mál.	235
Frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur, 125. mál.	235
Frumvarp til laga um ábyrgðarmenn, 125. mál.	236

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, 137. mál.	236
Frumvarp til laga um sjúkraskrár, 170 mál.	236
Frumvarp til laga um framhaldsfræðslu, 216. mál	237
Frumvarp til laga um greiðslur til líffæragjafa, 259 mál.	240
Frumvarp til laga um breytingar á lögum, nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 279. mál.	240
Frumvarp til laga um breytingar á lögum, nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, 280 mál.	241
Frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna, 290. mál.	246
Frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna, 291. mál.	246
Frumvarp til laga um afnám laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, með síðari breytingum, og breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, 313. mál.	246
Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, 321. mál.	246
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðför nr. 90/1989 o.fl., 322. mál.	247
Frumvarp til stjórnskipunarlaga, 385. mál.	248
Frumvarp um breyting á skaðabótalögum, 438. mál.	249
Fulltrúar Alþýðusambands Íslands í nefndum, ráðum og á fundum	250
Félagsmálaráðuneytið	250
Forsætisráðuneytið	255
Hagstofan	255
Iðnaðarráðuneytið	255
Landbúnaðarráðuneytið	256
Menntamálaráðuneytið	256
Samgönguráðuneytið	256
Umhverfissráðuneytið	256
Utanríkisráðuneytið	257
Viðskiptaráðuneytið	257
Með samtökum atvinnurekenda (og fleirum)	257
Á vettvangi ASÍ	258
Á fundi miðstjórnar ASÍ 21. janúar 2009 var ákveðið að skipa eftirtalin í rekstarstjórn Listasafns ASÍ, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, Eyrúnu Valsdóttur og Guðmund Gunnarsson.	259
Listasafn ASÍ	259
Mímir – símenntun	259
Ýmislegt	259
Norræni Genfarskólinn	259
Sögusafn verkalyðshreyfingarinnar	260
Fastanefndir ASÍ - málefnanefndir	261
Alþjóðanefnd	261
Atvinnumálanefnd	261
Jafnréttis- og fjölskyldunefnd	262

Menntanefnd	262
Kjara- og skattanefnd	262
Lífeyris- og veikindaréttarnefnd	262
Skipulags- og starfsháttanefnd	262
Umhverfisnefnd	263
Velferðarnefnd	263
Vinumarkaðsnefnd	263
Laganefnd	263
Launanefnd	264
Starfs- og fjárhagsnefnd	264
Listasafn ASÍ	265
Sýningar og aðrir viðburðir í Listasafni ASÍ október 2008 – september 2009 ...	265
Vinnustaðasýningar	268
Safneign, safnauki, rannsóknir	268
Viðgerðir og viðhald hússins að Freyjugötu 41	269
Niðurlag	269
Fundir og fundarsókn miðstjórnarmanna	270
Upplýsingar úr skýrslum aðildarfélaga	272
Kynjaskipting í nefndum á vegum miðstjórnar	272
Kynjaskipting í stjórnnum aðildarfélaga og deilda	272
Kynjaskiptin í stjórnnum landsambanda	272
Fjöldi félagsmanna í ASÍ 2008	273
Stjórnir landsambanda, aðildarfélaga og deilda	273
Bein aðild að ASÍ	273
Landssamband ísl. verzlunarmanna	274
Rafiðnaðarsamband Íslands	277
Samiðn	280
Sjómannasamband Íslands	282
Starfsgreinasamband Íslands	286
Reikningar ASÍ og stofnana	292
Viðauki	366
Upplýsingaefni ASÍ til almennings vegna bankahrunsins	366
Úrræði í greiðsluferfiðleikum	366
Inngangur	367
Stimpilgjöld felld niður	367
Greiðslujöfnun verðtryggðra fasteignaveðlana	367
Hvað er greiðslujöfnun	367
Hvernig virkar greiðslujöfnun	367
Hvertjir eiga rétt á greiðslujöfnun	368
Umsókn og gildistaka	368
Skilmálabreyting án kostnaðar	369
Hvað um gengistryggðu lánin	369
Greiðsluferfiðleikar lántakenda Íbúðarlánasjóðs	369
Helstu úrræði í boði	369
Samningar um greiðsludreifingu gjaldfallinna skulda	369

Vanskilum skuldbreytt í nýtt lán til 5 – 15 ára	370
Frestun á lángreiðslum (frýsting) í allt að 3 ár	371
Frestun vegna sölutregðu eignar við kaup á annarri eign	371
Lenging lána um allt að 15 ár	372
Nánari upplýsingar o.fl.	372
Greiðsluerfiðleikar lántakenda lífeyrissjóðanna	372
Helstu úrræði í boði	372
Frýsting lána	372
Skilmálabreyting	372
Samráð við Ráðgjafarstofu	373
Miðlun upplýsinga og leiðbeiningar	373
Hverjir skuli einkum eiga rétt á aðstoð	373
Rekstrarerfiðleikar, atvinnuleysi og réttarstaða launafólks	374
Inngangur	374
Uppsögn ráðningarsamnings	374
Uppsagnarfrestir	374
Form og framkvæmd uppsagnar	375
Takmörkun á uppsagnarheimildum	375
Uppgjör launa við starfslok	376
Hópuppsagnir	376
Hvað telst vera hópuppsögn	376
Upplýsingar til trúnaðarmanna	377
Samráð við trúnaðarmenn	378
Undanþágur frá gildissviði	378
Tilkynning til Vinnumálastofnunar	378
Aðilaskipti að fyrirtækjum	379
Gildisvið laganna	379
Aðilaskipti og fyrirtæki	379
Hvaða starfsmenn falla undir lög	380
Upplýsingar til starfsmanna	381
Uppsagnarréttur atvinnurekanda takmarkaður	381
Gjaldþrot fyrirtækja – Ábyrgðasjóður launa	382
Úrskurður um gjaldþrotaskipti og hlutverk skiptastjóra	382
Staða starfsmanna við gjaldþrot	382
Kröfur sem Ábyrgðasjóður launa ábyrgist	383
Skert starfshlutfall og réttur í Ábyrgðasjóði launa	383
Kröfugerð og málsmeðferð	384
Orlof vegna greiðsluerfiðleika	385
Atvinnuleysisbætur	385
Útreikningur á rétti til atvinnuleysisbóta	385
Atvinnuleysi í skilningi laganna	386
Biðtími	387
Tekjutengdar atvinnuleysisbætur - grunnatvinnuleysisbætur	387
Skert starfshlutfall og hlutabætur	387
Umsókn og greiðsla atvinnuleysisbóta	389

Atvinnuleysi og stéttarfélagsaðild	389
Atvinnuleysisbætur sjálfstætt starfandi einstaklinga	390
Ávinnsla - sjálfstætt starfandi	390
Verulegur samdráttur hjá sjálfstætt starfandi	390
Tekjutengdar atvinnuleysisbætur	391
Ársmenn	391
Rekstur stöðvaður	391
Atvinnuleit, endurmenntun o.fl.	391
Hverjir eiga rétt á þjónustunni?	391
Vinnumiðlun	392
Þjónusta við atvinnuleitendur	392
Skipulag vinnumarkaðsúræða	392
Fræðslusjóðir og menntastofnanir atvinnulífsins	392
Hrunið / Greiðsluaðlögun og vanskilainnheimta	392
Fjármál heimilanna í efnahagsþrengingum	393
Hver er fjárhagsstaða mín?	393
Of þung greiðslubyrði – Hvað er til ráða?	394
Aðstoð í greiðsluferfiðleikum	394
Hvað er hægt að gera fyrir mig?	394
Fasteignaskuldir	395
Greiðslujöfnun fasteignalána í erlendri mynt	395
Frestun á greiðslum af fasteignalánnum	396
Lenging lánstíma	396
Frestun á greiðslum af fasteignalánnum vegna sölutregðu	396
Bílalán	397
Námslán	397
Yfirdráttarlán og önnur skammtímalán	397
Innlausn séreignarsparnaðar	397
Greiðsluaðlögun	398

Inngangur

Skýrsla forseta fyrir árið 2009 er heldur meiri að vöxtum en þær síðustu enda var árið venju fremur annasamt hjá okkur vegna þeirra efnahagslegu hörmunga sem yfir þjóðina gengu í byrjun október 2008. Þrátt fyrir meira umfang er skýrslan fyrst og fremst hugsuð til afnota inn í verkalýðshreyfingunni sjálfri, fyrir félögin og forystumennina og starfsfólkið á skrifstofum verkalýðsfélaganna. Hún er uppflettirit þar sem finna má á einum stað allt það helsta sem fram fór á vettvangi Alþýðusambandsins frá síðasta ársfundi og verður þannig ómetanleg heimild fyrir sagnfræðinga framtíðarinnar.



Samhliða skýrslu forseta höfum við nú um nokkurra ára skeið gefið út smærri skýrslu – Árið í hnotskurn – þar sem við höfum leitast við að draga fram nokkur mikilsverð viðfangsefni ársins í stuttu máli. Þessi útgáfa hefur fengið mun meiri dreifingu en Skýrsla forseta og hefur hún vakið verðuga athygli og fengið góðar viðtökur.

Óhætt er að segja að atburðarásin hafi um margt verið viðburðarík frá síðasta ársfundi í lok október í fyrra. Fjármálakreppa, stjórnarkreppa, búshaldabýlting, stjórnarslit, stjórnskipti, alþingiskosningar og önnur stjórnskipti dunið yfir þjóðina. Í nóvember 2008 var farið í fundaherferð um landið undir yfirskriftinni Áfram Ísland- fyrir hag heimilanna. Sjö staðir voru heimsóttir og ávarpaði forseti ASÍ alla fundina en herferðinni lauk í Reykjavík. Í yfirlýsingu þess fundar var þess krafist að stjórnvöld byggju heimilunum öruggt skjól í því gjörningaveðri sem gengi yfir landið. Jafnframt að það yrði forgangsverkefni að tryggja atvinnu og stemma stigu við fólksflóttá. Þess var krafist að stjórnvöld tryggðu hér sama stöðugleika og sambærileg kjör á húsnæðislanum og almenningi býðst í nágrennalöndunum. Finna þyrfti leiðir til að koma heimilunum út úr víthring hárra vaxta og verðtryggingar. Fundurinn fagnaði frumvarpi um skipun óháðrar nefndar sérfræðinga sem rannsaka á hrun fjármálakerfisins og benti á að réttlætiskennd almennings væri misboðið. Forseti ASÍ taldi það óhjákvæmilegt í nóvember að ríkisstjórnin næði sáttum við þjóðina og krafðist þess að fjármálaráðherra og bankamálaráðherra auk seðlabankastjóra og forstöðumanns Fjármálaeftirlitsins, segðu af sér.

Í janúar og febrúar voru haldnir formannafundir ASÍ þar sem tekin var fyrir beiðni Samtaka atvinnulífsins um seinkun á framkvæmd ýmissa ákvæða kjarasamninganna vegna efnahagsástandsins, m.a. frestun á taxtabreytingum, sem áttu að koma til framkvæmda 1. mars, fram á sumar. Einnig var rætt að fresta viðræðum um endurskoðun kjarasamninga fram í júní sem varð að lokum niðurstaðan.

Aukaársfundur Alþýðusambandsins með yfirskriftinni Hagur – vinna - velferð, var haldinn í lok mars. Fundurinn ályktaði m.a. um að innganga Íslands í ESB og upptaka evru væri eina færa leiðin til að tryggja stöðugan gjaldmiðil til framtíðar. Einnig var ályktað um bráðaaðgerðir til að verja hoga heimilanna, styrkja atvinnulífið og fjölga störfum.

Strax eftir myndun nýrrar ríkisstjórnar í maí var sest að vídtækum viðræðum með aðkomu verkalýðshreyfingarinnar, Samtaka atvinnulífsins, ríki og sveitarfélögum. Stöðugleikasáttmáli var síðan undirritaður 25. júní. Samhliða gerð hans var tekist á um

endurskoðun kjarasamninga, en vaxandi þrýstingur var innan raða atvinnurekenda að segja samningunum upp vegna óánægju með stefnu stjórnvalda og Seðlabanka í gengis- og vaxtamálum. Með stöðugleikasáttmálanum töldu menn sig hafa náð breiðri samstöðu allra aðila á vinnumarkaði, sveitarfélaga og ríkis um átak til að endurreisa efnahagslífið með fjölpættum aðgerðum. Þetta var yfirlýsing um víðtæka samvinnu til að koma þjóðinni út úr núverandi kreppuástandi. Aðgerðirnar sem fyrrnefndir aðilar komu sér saman um eiga að skapa skilyrði fyrir nýrri sókn í atvinnumálum og þar með bættum lífsskilyrðum til framtíðar. Ljóst var hins vegar að mikill ágreiningur er enn um stefnuna í gengis- og vaxtamálum og þegar þetta er ritað er farið að gæta vaxandi óánægju bæði innan ASÍ og SA með aðgerðarleysi stjórnvalda við að hrinda ákvæðum sáttmálans í framkvæmd. Hafi vextir Seðlabankans ekki lækkað niður fyrir 10% fyrir lok október og leiðin vörðud út úr gjaldeyrishöftunum er allt málið í uppnámi.

Hvað sem því líður er ljóst að við höfum verk að vinna. Annars vegar er mikilvægi þess að skapa þjóðinni sóknarfæri út úr þessum ógöngum með nýrri sókn í atvinnumálum og fjölgun starfa – okkur vantar ekki færri en 15.000 ný störf á næstu misserum. Hins vegar er það endurreisnin og á hvaða grunni hún verður reist. Það er óþolandi með öllu að hlutirnir virðast vera að falla í sama farveginn og áður – krafa verkalýðshreyfingarinnar er óhagganleg. Við krefjumst að endurreisnin verði á traustum siðferðilegum gildum þar sem fyrirtæki axli meiri samfélagslega ábyrgð á starfsemi sinni og ákvörðunum.

Október, 2009

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ



Ársfundur ASÍ 2008

Setning fundarins

Ávarp forseta ASÍ

Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2008 var haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu, 23.- 24. október. Fundurinn hófst kl. 10:00.

Við upphaf fundarins flutti kvartettinn Reginn nokkur lög.

Af því loknu setti Grétar Þorsteinsson forseti ASÍ fundinn með eftirfarandi ávarpi:

„Félagsmálaráðherra, erlendingir og innlendingir gestir, góðir félagar.

Ég býð ykkur velkomin til þessa áttunda ársfundar Alþýðusambands Íslands. Fyrir okkur liggur að fjalla um mörg mikilvæg viðfangsefni. Líklega mun þó umræðan um efnahagsmálin yfirskyggja flest annað. Þó svo viðfangsefnið sé alvarleg, þá notum við líka tækifærið til að rifja upp gömul og góð kynni.

Eins og við væntanlega gerum okkur öll grein fyrir er ástandið í íslensku efnahags- og atvinnulífi grafálvarlegt. Ég veit að það þjónar ekki tilgangi að minna á að verkalyðshreyfingin hefur um nokkurra ára skeið bent á hætturnar samfara þenslunni og útrásinni.

Um leið verð ég líka að viðurkenna að það hvarflaði aldrei að okkur að lendingin yrði jafn hörð og raun ber vitni. Henni verður ekki lýst öðruvísi en sem algjöru skipbroti þeirrar efnahagsstefnu sem fylgt hefur verið hér á landi undanfarin ár.

Það er mikilvægt að koma í veg fyrir að nokkuð þessu líkt gerist aftur og það kallar á að farið verði vandlega í saumana á atburðarásinni.

Ástæðan er ekki sú að ég vilji finna sökudólgla til að refsa þeim, þótt það sé eðlilegt að

helstu gerendur séu látnir standa reikningsskil gerða sinna hafi þeir gert eitthvað misjafnt. Það er hins vegar nauðsynlegt til að hreinsa andrúmsloftið, læra af mistökunum og tryggja að við stöndum ekki aftur í sömu sporum. Í mínum huga mun verkalýðshreyfingin gegna mikilvægu hlutverki í þessari yfirferð. Það þarf að velta öllum steinum við.

En þrátt fyrir mikilvægi þessa verkefnis, er hins vegar nauðsynlegt að bregðast við bráðavandanum af mikilli alvöru. Það verður að gerast tafarlaust. Við í forystusveit ASÍ höfum því lítið blandað okkur í umræðuna um reikningsskilin hingað til, heldur staðið vaktina við að freista þess að lágmarka þann skaða sem hrún bankanna veldur. Í því sambandi eru nokkur verkefni brýnust. Þau eru öll nauðsynleg og ég ætla ekki hér að gera upp á milli þeirra, það verður að vinna þau meira og minna samhliða.

Í fyrsta lagi verður að tryggja að gangvirki atvinnulífsins haldi áfram að snúast eins og kostur er. Það er undirstaða þess að hægt verði að halda uppi vörnum fyrir heimilin í landinu og hefja á þeim grundvelli nauðsynlegt uppbyggingarstarf.

Lengi hefur verið bent á að sú þumalskrúfa á heimili og fyrirtæki sem háir vextir Seðlabankans eru, slái ekki á verðbólgu við þær aðstæður sem hafa ríkt í efnahagslífinu. Við þurfum ekki annað en skoða sögu undanfarinna missera til að fá það staðfest. Það þarf að lækka vexti hratt og í stórum skrefum. Vaxtalækkunin nýverið var vissulega skref í áttina, en meira þarf til.

Jafnframt þarf að styrkja gengi krónunnar eins hratt og mögulegt er. Að öðrum kosti eigum við á hættu að veikt gengi krónunnar hafi það í för með sér að ódaverðbólga festist í sessi.

Það er aftur á móti alveg ljóst í mínum huga að þetta gerist ekki nema með því að okkur takist að skapa að nýju trú umhverfisins á að við getum unnið okkur út úr vandanum. Ég veit að það er ljótt að segja það – en Ísland er í augum umheimsins rúðið trausti. Og þótt sjálfstraustið sé mikilvæg og nauðsynleg forsenda, þá dugar það ekki eitt og sér.

Því lengur sem við drögum að viðurkenna stöðuna eins og hún er og leita okkur aðstoðar – þeim mun alvarlegri verður hættan á að við sökkvum enn dýpra en orðið er. Það að afneita vandamálunum og gera minna úr þeim, gerir þau enn verri. Tíminn vinnur ekki með okkur núna.

Við verðum að bæta ímynd okkar og trúverðugleika í hinu alþjóðlega samfélagi. Við gerum það ekki með því að kaupa okkur aðstoð færustu ímyndar- og auglýsingasérfræðinga – ef ekkert er á bakvið.

Íslenska þjóðin hefur fengið nóg af slíku. Við höfum fengið nóg af glansmyndum og glæsilegum umbúðum án innihalds. Núna þurfum við að einbeita okkur að innihaldinu – og koma því á framfæri á heiðarlegan og trúverðugan hátt.

Það hefur legið ljóst fyrir í mínum huga að nauðsynlegt væri að Ísland óskaði eftir aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þegar í stað. Aðstoð sjóðsins yrði í formi lánteigar, en einnig ráðgjafar um það hvernig við komum okkur út úr núverandi ástandi. Við þurfum að koma okkur upp trúverðugri áætlun til næstu ára um það hvernig við ætlum að vinna okkur út úr vandanum.

Þetta er algjört lykilatriði, samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn skapar skilyrði fyrir því að önnur ríki og Seðlabankar geti komið til aðstoðar.

Takist okkur að móta sannfærandi aðgerðaáætlun sem bæði við sjálf og aðrir hafa trú á að gangi, þá opnast leiðir til að byggja upp traustan gjaldeyrissvarasjóð og opna fyrir nauðsynlega lánaþyrngreiðslu erlendis frá.

Nú liggur fyrir að leitað verður til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og því ber að fagna. En ágætu félagar. Vegna þeirra erfiðu aðstæðna sem eru á alþjóðlegum fjármálamörkuðum óttast ég að meira þurfi til. Því tel ég, að til þess að auka trúverðuleika þessara aðgerða, sé eina færa leiðin að Ísland sækni um aðild að Evrópusambandinu og óska eftir aðildarviðræðum og fá úr því skorið hverra kosta er völ og síðan fari málið í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í beinu framhaldi eigum við að sækja um aðild að evrópska myntsamstarfinu og stefna að því að taka upp evru. Með þessu gætum við aukið trúverðuleikann í sambandi við gjaldmiðilinn og skapað okkur forsendur fyrir því að verja fastgengisstefnu á næstu 2-3 árum.

Á vettvangi Alþýðusambandsins höfum við rætt ítarlega um Evrópusamvinnuna og stöðu launafólks á undanförunum árum. Við höfum lýst þeirri skoðun okkar, að þátttakan í þessu samstarfi hafi skilað íslensku launafólki miklu og kostirnir við hana hafi verið margfaldir í samanburði við ókostina.

Nú erum við einfaldlega stödd á þeim stað að við verðum að kveða upp úr um það hvort við sækjum um aðild að Evrópusambandinu eða ekki. Ég er þeirrar skoðunar að það gagnist hagsmunum okkar best að stíga skrefið til fulls og að við höfum í raun og veru ekkert val um það.

Eitt af þeim atriðum sem kann að vera nauðsynlegt innlegg í aðgerðaáætlunina er að tryggja stöðugleika á vinnumarkaði. Það er ljóst, að forsendur kjarasamninga á almenna vinnumarkaðnum eru löngu brostnar og samningar hjá okkur og samningar ýmissa hópa opinberra starfsmanna eru lausir.

Ég er þeirrar skoðunar að við þessar aðstæður geti verið skynsamlegt að láta á það reyna hvort við – í samvinnu við samtök opinberra starfsmanna og samtök atvinnurekenda – getum komið okkur saman um sameiginlega launastefnu. Slik stefna hlýtur að fela það í sér að allt launafólk fái sambærilegar launahækkanir á þessu ári og næstu tveimur árum. Það myndi treysta stöðu þeirra tekjulægstu samfara því að skapa aukið félagslegt og efnahagslegt öryggi og stöðugleika.

Á móti þessu hljótum við að gera ýmsar kröfur til atvinnurekenda. Fyrirtæki og opinberir aðilar verða að gæta aðhalds í gjaldskrá og verðhækkunum. Opinberir aðilar verða að setja mannaflsfræk verk – svo sem viðhaldsframkvæmdir, í forgang til að tryggja atvinnu. Slik verkefni er hægt að setja af stað með skömmum fyrirvara og þau þarf ekki að hjóða út á evrópska efnahagssvæðinu.

Góðir félagar

Um leið og við verðum að einbeita okkur að því að halda hjólum atvinnulífsins á nauðsynlegri hreyfingu – verðum við að huga að þeim sem eru alltaf fyrstu fórnarlömbin við aðstæður eins og nú ríkja. Það eru heimilin í landinu. Verðum að leggja höfuðáher-sluna á að lágmarka skaðann.

Eitt mikilvægasta verkefni dagsins er að tryggja stöðu Íbúðalánasjóðs. Það er ljóst, að nauðsyn á íbúðalánasjóði sem leggur annað til grundvallar en markaðsleg sjónarmið, hefur aldrei verið meiri en nú. Við skulum vera þakklát fyrir að það hafi tekist að hrinda þeirri atlögu sem gerð hefur verið að Íbúðalánasjóði á undanförunum misserum. Ég vil ekki hugsa þá hugsun til enda hver staðan væri á mörgum heimilum ef bönkunum hefði tekist ætlunarverkið.

Sjóðurinn þarf að vera í stakk búinn til að léttu undir með lántakendum vegna greiðs-

luerfiðleika, en það þarf einnig að tryggja honum möguleika til að grípa inn í vegna vandamála þeirra fjölmörgu sem tóku húsnæðislán hjá bönkunum, að ekki sé talað um þá sem eru með gengistryggð húsnæðislán. Ég veit að nú þegar er unnið að því að þetta geti gengið eftir.

Annað – ekki síður mikilvægt viðfangsefni – er að tryggja hagsmuni lífeyrisþega og lífeyrissjóðanna. Lífeyrissjóðirnir hafa vissulega orðið fyrir skakkaföllum út af ástandinu á fjármálamörkuðum sem þýðir, að reynst geti nauðsynlegt að skerða lífeyrisréttindi meðan sjóðirnir jafna sig eftir áfallið. Það breytir ekki því, að hér verður að fara varlega í sakirnar.

Góðir félagar. Það verður ekki lengur vikist undan því að endurskoða lífeyriskerfið með það fyrir augum að allir landsmenn sitji við sama borð – hvort sem þeir eru á almennum vinnumarkaði eða hinum opinbera.

Núverandi staða beinlínis hrópar á að misréttið í lífeyrismálum verði leiðrétt. Verði lífeyrissjóðir launafólks á almennum markaði fyrir alvarlegum skakkaföllum, bitnar það á réttindum sjóðsfélaganna. Verði opinberu lífeyrissjóðirnir fyrir skakkaföllum, fá skattgreiðendur bakreikninginn. Að meginstofni eru skattgreiðendurnir sama fólkið og á að taka á sig skerðingarnar vegna stöðu almennu sjóðanna.

Það hljóta allir að sjá að þetta er óásættanlegt óréttlæti sem verður að finna lausn á.

Félagar

Nú mætti skilja það sem svo að ekkert sé nema svartnættið framundan. Það er samt sem áður ekki svo, þótt ég hafi staldrað við dökku hliðarnar á ástandinu. Ég held meira að segja að til lengri tíma geti ýmislegt jákvætt komið út úr því ástandi sem nú blasir við – þ.e. ef við bregðumst við því af alvöru og einurð.

Í lýsingunni á ástandinu sem ég hef hér rakið að nokkru, hef ég bent á til hvaða aðgerða þarf að grípa til að komast út úr því. Ég hef bent á mikilvægi þess að óska aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ég hef jafnframt lýst þeirri skoðun minni að við eigum að fara í viðræður um aðild að Evrópusambandinu til að byggja upp traust alþjóðasamfélagsins á getu okkar til að standa við skuldbindingar og treysta stóðir atvinnulífsins.

Bæði þessi atriði hljóta að vera grunnurinn að því að við getum lagt skynsamlegan grunn að framtíðinni og því hvert við viljum stefna. Við skulum líka halda því rækilega til haga hvers konar framtíð við sjáum fyrir okkur. Við sjáum ekki fyrir okkur framtíð með glamúr og glansmyndum. Við megum ekki endurreisa efnahag Íslands til að sami leikur verði leikinn aftur.

Nei góðir félagar. Við hljótum að ætlast til þess að framtíðin verði vörðuð meiri ábyrgð og alvöru en undanfarin ár. Sú hagstjórn sem við höfum horft upp á og gagnrýnt í útreknum ályktunum bæði ársfunda og miðstjórnar hefur beðið skipbrot. Nýfrjálshyggjan hefur beðið skipbrot.

Í nánustu framtíð hljótum við að leggja áherslu á að byggja upp annars konar samfélag, samfélag þar sem grunngildi og hugsjónir verkalýðshreyfingarinnar eru í hávegum. Nú er rétti tíminn til að setja fram slíkar kröfur. Við megum ekki hlusta á úrtöluþólkið sem kemur til með að segja að það verði að bíða betri tíma, við verðum að ná fótfestu áður en við getum farið að huga að þesskonar munaði.

Látum ekki svona úrtöluraddir – sem örugglega munu heyrast – villa okkur sýn. Rétti tíminn til að leggja grunninn að manneskjulegra samfélagi – samfélagi sem hvílir á frelsi, jafnrétti og bræðralagi – er núna.

Þess vegna hittir yfirskrift þessa ársfundar – Áfram Ísland fyrir ungt fólk og framtíðina – beint í mark. Það hefur sjaldan verið mikilvægara fyrir vinnumarkaðinn og samfélagið allt en akkúrat núna, að sú framtíð sem bíður ungs fólks sé björt. Þar skiptir höfuðmáli, að aðgangur að þeim samfélagslegu gæðum sem verkalýðshreyfingin hefur barist fyrir frá upphafi, sé öllum tryggður. Þá er ég að visa til þátta eins og menntunar, húsnæðis, heilbrigðis- og velferðarþjónustu.

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að vandaðri og ítarlegri stefnumótun Alþýðusambandsins í málefnum ungs fólks. Í þeirri vinnu höfum við haft samstarf við ungt fólk í verkalýðshreyfingunni og í vor létum við vinna umfangsmikla viðhorfskönnun meðal ungs fólks. Stefnumótunin er ekki síst byggð á þessari vönduðu undirbúningsvinnu.

Rauði þráðurinn í þeirri stefnumótun sem fjallað verður um á þessum ársfundi og verður vonandi afgreidd sem stefna sambandsins í málaflokknum, er að nýta verði velferðarkerfið í heild sinni til þess að jafna kjörin milli kynslóða og léttu þunga framfærslubyrdi ungra fjölskyldna. Ungu fólki bjóðast fleiri og fjölbreyttari tækifæri í lífinu en áður þekkt og það er okkar hlutverk – hlutverk samfélagsins alls – að gera því kleift að nýta þessi tækifæri.

Við höfum áður á ársfundum fjallað um að það sé eftirsóknarvert að færa íslenskt samfélag nær velferðarsamfélögnum sem við þekkjum á hinum Norðurlöndunum. Þetta sjónarmið verkalýðshreyfingarinnar er í fullu gildi í dag – raunar hefur það enn meira gildi en oft áður – og þetta sjónarmið endurspeglast í þeim drögum að stefnu í málefnum ungs fólks sem hér eru til umfjöllunar.

Staða, hlutverk og framtíð verkalýðshreyfingarinnar hefur oft borið á góma í störfum okkar á undanförunum árum og hlýtur að vera stöðugt umfjöllunarefni. Í þeirri viðhorfskönnun meðal ungs fólks sem ég vísaði til hér að framan, var spurt um hug ungs fólks til Alþýðusambandsins. Það er mér mikið ánægjulefni að ungt fólk er upp til hópa mjög jákvætt í garð hreyfingarinnar og telur starf hennar mikilvægt. Við getum því horft björtum augum til framtíðarinnar og þeirra verkefna sem bíða verkalýðshreyfingarinnar og nýrra kynslóða félagsmanna.

Félagar

Eins og þið þekkið, gef ég ekki kost á mér til endurkjörs. Það er þó nokkuð um liðið síðan ég tók þessa ákvörðun. Víst fylgir henni ákveðinn léttir, en ekki síður eftirsjá. Hvað annað? – eftir tólf og hálfis árs samstarf við ágæta féлага vitt og breitt um land.

Þegar ég lít til baka, tel ég að okkur hafi á þessum árum tekist um margt ágætlega. Það byggist þó – eins og ævinlega – fyrst og síðast á góðri samstöðu þegar á hefur reynt, en ekki á einhverjum einum í hópnum.

Ég hefði gjarnan viljað yfirgefa þessa vakt við aðrar aðstæður en við okkur blasa – en eins og ég sagði – þá er aðeins einn úr hópnum að stíga til hliðar og maður kemur í manns stað.

Ég vil endurtaka þakkir mínar fyrir ánægjulegt samstarf og samskipti við félagana í Alþýðusambandinu og ekki síst þá sem ég hef setið með í miðstjórn.

Síðast en ekki síst vil ég þakka frábæru samstarfsfólki á skrifstofu Alþýðusambandsins samskiptin fyrr og síðar.

Félagar

Á fundum sem þessum hef ég alltaf lagt mikla áherslu á mikilvægi samstöðunnar. Stundum hefur það ef til vill hljómað eins og klisja og ég veit að þetta ákall mitt hefur verið

misjafnlega sannfærandi og það hefur ekki alltaf fallið í frjóan jarðveg. Aðstæður í þjóðfélaginu hverju sinni hafa skipt þar mestu.

Ég vil þó ljúka máli mínu á því, að þegar virkilega hefur reynt á – þegar samstaða í verkalyðshreyfingunni hefur verið afar mikilvæg fyrir okkur og fyrir þjóðina – þá höfum við staðið þétt saman. Núna er það lífsspursmál. Nú sem aldrei fyrr reynir á samstöðuna. Við skulum – félagar – láta órofa samstöðu vera skýrustu skilaboð okkar frá þessum fundi.

Áttundi ársfundur Alþýðusambands Íslands er settur.“



Ávarp félags- og tryggingaráðherra

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir varaforseti ASÍ tók við fundarstjórn og bauð félags- og tryggingaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, velkomna til fundarins. Ráðherra flutti eftirfarandi ræðu.

„Forseti ASÍ, ágætu ársfundarfulltrúar.

Við komum saman á þessum ársfundi ASÍ í skugga fjármálakreppu um heim allan og á örlagaríkustu tímum í sögu íslensku þjóðarinnar frá því lýðveldið var stofnað. Raunar þarf að fara enn lengra aftur til að finna einhverja hliðstæðu.

Stjórnvöld, ríki og sveitarfélög, aðilar vinnumarkaðarins og forsvarsmenn lífeyris- sjóðanna róa nú lífróður við að bjarga verðmætum og verja heimili og fyrirtæki og velferðarkerfið fyrir þeim hremmingum sem þjóðin gengur nú í gegnum.

Við finnum öll fyrir óvissunni. Fjöldi landsmanna er sleginn kviða og fólk óttast um framtíðina. Við verðum að svara þessum réttmætu tilfinningum fólks og vísa veginn fram á við. Verkefnið næstu misserin eru alveg skýr í mínum huga. Að koma á stöðugleika, forða fjöldagjaldþrotum og stórauðni atvinnuleysi og tryggja að heimili fólks verði varin eins og kostur er. Við þurfum að sýna öguð og fumlaut vinnubrögð og gefa landsmönnum trú á að við vinnum okkur út úr þessum erfiðleikum. Það skal okkur takast.

Við þurfum einnig að gera okkur grein fyrir því að mikill sársauki, vantrú og reiði bærast með fólki, ekki síst vegna þeirra fjárhagslegu áfalla sem það hefur orðið fyrir. Fjármálakerfið er rúið trausti.

Það verður mikið og erfitt verkefni að græða sár undangenginna vikna og endurreisa traust fólks á bankakerfinu og yfir höfuð, sparnaði í landinu.

Fólk sem séð hefur sparnað sinn brenna upp nánast á einni nóttu lætur ekki segja sér

að nú sé allt breytt, öðruvísi, en að allt breytist í raun. Við þurfum nýjar leikreglur, nýja stjórnendur og nýtt verklag og hugmyndafræði í allri þjónustu fjármálakerfisins gagnvart fólkinu í landinu.

Góðir ársfundarfulltrúar:

Í félags- og tryggingamálaráðuneytinu höfum við afkappi reynt að undirbúa okkur vel undir það sem framundan er.

Á sviði vinnumarkaðsmála þurfum við að berjast við atvinnuleysið og koma með markvissar tillögur bæði til varnar og sóknar. Þegar hefur samráðsnefnd félags- og tryggingamálaráðuneytisins og aðilar vinnumarkaðarins mótað athyglisverðar tillögur til að koma til móts við breyttar aðstæður á vinnumarkaði. Þessar tillögur eru í samræmi við þau skilaboð forystu atvinnulífsins um að atvinnurekendur skoði að lækka starfshlutfall starfsmanna sinna fremur en að grípa til uppsagna.

Hugmyndin er að bæta launafólki betur en áður þá launaskerðingu sem það kann að verða fyrir þegar atvinnurekandi óskar eftir breytingum á ráðningakjörum í forni lægra starfshlutfalls. Tillögurnar felast meðal annars í að tímabilið sem tekjutengdar atvinnuleysisbætur eru greiddar fyrir geti lengst hlutfallslega þegar launafólk sækir um atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli.

Jafnframt fela þessar tillögur í sér að þær tekjur sem launamaður heldur fyrir hlutastarf sitt koma ekki til með að skerða atvinnuleysisbæturnar eins og verið hefur.

Tillögurnar geta því haft þau áhrif að starfsmaður í fullu starfi geti minnkað starfshlutfall sitt um allt að 50% vegna samdráttar í fyrirtæki sem hann vinnur hjá og þegið í allt að sex mánuði 50% tekjutengdar atvinnuleysisbætur að hámarki um 110 þúsund krónur án þess að laun hans komi til skerðingar þeirrar fjárhæðar. Gert er ráð fyrir að þessar tillögur, verði þær að lögum, verði endurskoðaðar fyrir 1. maí næstkomandi.

Enn fremur liggja fyrir tillögur um að draga úr þeim áhrifum sem ákvarðanir vinnuveitenda um skerðingu á starfshlutfalli kunni að hafa á tekjutengdar bætur í velferðarkerfinu, svo sem greiðslur úr Fæðingarorlofsjóði og Ábyrgðarsjóði launa.

Ég mun kynna þessar hugmyndir á fundi ríkisstjórnar á morgun, en þær eru til þess fallnar að hvetja fyrirtæki sem sjá fram á tímabundinn samdrátt í starfsemi sinni til að hagræða án uppsagna þannig að fólk geti áfram verið virkt á vinnumarkaðnum, þrátt fyrir miklar þrengingar í rekstrarumhverfi fyrirtækja.

Vinnumálastofnun er einnig með markvissum hætti að vinna að því að treysta stöðir ýmissa vinnumarkaðsaðgerða og kortleggja umfang vandans sem við er að glíma. Í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins er mikilvægt að efla starfsmenntamálin og starfsendurhæfingarúrræði og þar hefur ASÍ haft mikið til málanna að leggja.

Mikilvægt er að tryggja að þær aðstæður sem nú eru uppi leiði ekki til mismununar á vinnumarkaði og að slegin sé skjaldborg utan um þá sem höllustum fæti standa á vinnumarkaðnum og atvinnuleysi getur bitnað harðast á.

Þetta á til dæmis við um eldra fólk, starfsmenn með skerta starfsgetu og erlenda starfsmenn. Í þessum efnum hefur verkalyðshreyfingin svo sannarlega staðið vaktina með stjórnvöldum – og þar þurfum við sannarlega að taka höndum saman.

Í húsneðismálum hafa þegar verið kynntar margvíslegar aðgerðir, bæði fyrir fólk sem komið er í vanskila- eða nauðungarsölufærli og ýmsar forvarnaaðgerðir fyrir þá sem eru lentir í greiðsluferfiðleikum.

Þar skiptir miklu máli frýsting innlendra og erlendra lána og niðurfelling stimpilgjalda

af skuldbreytingarlánunum. Áfram vinnum við síðan að frekari lausnum til að vernda betur fjölskyldur landsins.

Ég geri mér grein fyrir að margir hafa áhyggjur af verðtrygððu lánunum og hef ég í dag skipað fimm manna sérfræðingahóp sem falið verður að skoða hvort og þá hvaða leiðir eru færar í því efni. Ábyrgðarlaust er að kasta fram einhverjum fullyrðingum um að það sé hægt. Það mál er mjög vandmeðfarið og fyrirfram er ekki hægt að gefa sér hvort við komust niður á raunhæfa lausn í því máli.

Ég get aðeins fullvissað ykkur um eitt – allt verður skoðað. Þegar hefur þó verið innleitt að heimilt er vegna greiðsluferfiðleika að greiða einungis vexti og verðbætur af vöxtum en ekki höfuðstól í tiltekinn tíma. Það getur auðveldað mönnum að komast í gegnum erfða tíma, þó ekki dragi það úr vexti lánsins til langframa.

Þá er hópur á mínum vegum að kanna hvort mögulegt verði, í samráði við sveitarfélög, að leigja fólki íbúðir sem það kann að missa vegna atvinnuleysis og of hárrar greiðslubyrði. Markmiðið er að koma í veg fyrir að fjölskyldur sem verða fyrir fjárhagslegu áfalli þurfi að yfirgefa heimili sín ef þess er nokkur kostur.

Ýmsar aðrar aðgerðir eru einnig í skoðun, til dæmis að heimildir til að skuldajafna vaxtabótum og barnabótum á móti opinberum gjöldum og meðlagsskuldum verði felldar niður tímabundið. Jafnframt eru aðgerðir í skoðun til að milda innheimtufærli hjá innheimtumönnum ríkissjóðs, auk aðgerða til að bregðast við vanda námsmanna.

Í síðustu viku beindi ríkisstjórnin þeim tilmælum til ríkisbankanna þriggja að heimila frýstingar erlendra lána og beita sömu úrræðum og Íbúðalánasjóður vegna þeirra sem eru með bankalán og eiga í greiðsluferfiðleikum.

EKKI verður liðið að stjórnendur bankanna hinsi þessi fyrirmæli ríkisstjórnarinnar eins og fréttir síðustu daga gætu bent til. Viðskiptaráðherra hefur nú þegar áréttað mikilvægi þessa gagnvart stjórnun og stjórnendum bankanna. Í mínum huga er þetta fyrsta próftraun nýju bankanna á breytt viðhorf og breytt vinnubrögð.

Mikilvægt er líka að sem fyrst verði farið í að flytja íbúðarlán bankanna til Íbúðalánasjóðs og hefja undirbúning að nýju framtíðarskipulagi húsnæðismála á Íslandi. Þar þurfum við meðal annars að velta fyrir okkur hvernig aðkomu eða umsýslu nýju bankanna að húsnæðiskerfi landsmanna verði háttáð. Þar getur reynsla undanfarinna ára kennt okkur ýmislegt.

Góðir ársfundarfultrúar.

Ég geri mér fulla grein fyrir að lífeyrissjóðirnir eins og aðrir lenda í skakkaföllum vegna þessara hremminga og forsvarsmenn lífeyrissjóðanna reyna nú allt hvað þeir geta til að lágmarka þann skaða sem lífeyrissjóðirnir verða fyrir.

Skellurinn lendir vissulega mismunandi á lífeyrissjóðunum en þrátt fyrir skakkaföllin verður að telja að þeir standi áfram traustir.

Ég vil áréta hér að aldrei eins og nú þurfa lífeyrisþegar á því að halda að samhjálpargildi lífeyrissjóðanna séu virk. Aldrei eins og nú er mikilvægt að við setjum okkur áætlun um uppbyggingu á traustu almannatrygginga- og lífeyriskerfi og komum í veg fyrir ósanngjarnar víxlverkanir milli lífeyrissjóðanna og almannatrygginga.

Það er skylda bæði stjórnvalda og forsvarsmanna lífeyrissjóðanna að lágmarka eins og kostur er þann kvíða og ótta sem nú er hjá lífeyrisþegum.

Ég heiti á okkur öll að finna saman leiðir til að verja eins og kostur er kjör lífeyrisþega, ekki síst þeirra sem höllum fæti standa.

Það er einnig ástæða til að nefna á þessari stundu að það er líka skylda stjórnvalda að svara því kalli þjóðarinnar að ná fram meira jafnræði í lífeyrisgreiðslum landsmanna.

Aldrei eins og nú hefur verið brýnna að afnema þau forréttindi ráðamanna að geta haldað bæði háum lífeyrisgreiðslum á sama tíma og þeir halda fullum launum á kostnað skattgreiðenda.

Það er auðvitað hrein ósvífni við núverandi aðstæður að halda þessu áfram.

Góðir ársfundarfulltrúar:

Það er ekki bara nýfrjálsbyggjan sem beðið hefur skipbrot, það er ekki bara peningastefnan sem beðið hefur skipbrot, siðferðisvitund alltof margra hefur blindast vegna græðgisvæðingar.

Ákall þjóðarinnar við þessar aðstæður hlýtur að vera á breytt gildismat, endurreisn á grunn- og siðferðisgildum í samfélaginu, nýtt verðmætamat á störfum fólks á vinnu- markaði á auðvitað að vera þáttur í enduruppbyggingu á íslensku samfélagi.

Það er að minnsta kosti von mín að þessi hrikalega dýrkeypta reynsla verði lærdómur um það að hverfa frá því einstaklingshyggjusjónarmiði að hver sé sjálfum sér næstur, að stærra hús, stærri bill, snekkjur og einkaþotur séu ekki þau verðmæti sem mestu máli skipta.

Með stjarnfræðilegum ofurkjörum slitu menn sig í raun úr siðferðilegu sambandi við þjóðina og með ótrúlegum kaupréttarsamningum fóru stjórnendur bankanna fram í útrásinni af alltof miklum glannaskap, þar sem spilað var djarft með almannafé.

Af þessu verða allir að læra, og þar skiptir máli að höflega sé farið í kjörum stjórnenda nýju bankanna, þannig að þjóðinni misþjóði ekki. Mín skoðun er sú að of langt hafi verið gengið við ákvörðun um kjör nýrra bankastjóra og ekki síst þegar kjararýrning er framundan. Ég hefði viljað sjá að þar hefði verið farið varlegar af stað en raun ber vitni nú þegar við þurfum að gæta hófs og vinna okkur saman út úr erfðleikumunum.

Fólk vill breytingar á samfélaginu. Ég spyr því, eiga skilaboðin nú til þjóðarinnar að vera þau að hæstu launagreiðslur í öllu stjórnkerfinu eigi að vera laun bankastjóra?

Nei, auðvitað ekki, þessu verður að breyta.

Ágætu ársfundargestir:

Ég óska ykkur velfarnaðar í mikilvægum störfum ykkar á erfiðum tímum og heiti ykkur stuðningi míns ráðuneytis í öllu því sem framundan er til að vinna okkur út úr erfðleikumunum.

Grétar Þorsteinsson lýkur nú tólf ára farsælum ferli sínum sem forseti ASÍ. Ég vil þakka Grétari einstaklega gott samstarf fyrr og síðar. Það hefur verið ánægjulegt að takast á við erfið úrlausnarefni með hann í forystu ASÍ.

Í lokin þetta.

Við þær aðstæður sem nú eru uppi verðum við að vera sterk saman og þá munum við sem þjóð koma sterkari út úr þessum hremmingum.

Við eigum hvorki að láta vonleysi eða doða ná yfirhöndinni. Við verðum að trúá ákveðið á að við getum breytt stöðunni okkur öllum í hag. Og það mun okkur takast.

Við verðum öll sem eitt að tryggja stöðir velferðarkerfisins og atvinnulífsins í því björgunar- og endurreisnarstarfi sem nú er framundan.

Það skulum við afkomendum okkar og komandi kynslóðum. “

Ávarp erlendra gesta

Ársfundarfulltrúar stóðu upp og klöppuðu fyrir ræðu ráðherra. Ingibjörg R. Guðmundsdóttir tók til máls og sagði að við gætum verið þakklát fyrir að hafa Jóhönnu sem félags- og tryggingaráðherra. Ingibjörg bauð erlenda gesti ársfundarins velkomna. Geir Mosti, varaformaður norska Alþýðusambandsins, flutti eftirfarandi ávarp fyrir þeirra hönd:

„Forseti, kærur ársfundargestir

Það er mér mikil ánægja fyrir hönd norska Alþýðusambandsins að ávarpa ársfund Alþýðusambands Íslands.

Þessi ársfundur er haldinn á erfiðum tímum. Efnahagsþrengingarnar í heiminum hafa komið sérstaklega illa við Íslendinga. Ég vænti þess að þetta verði ykkur ofarlega í huga og setji mark sitt á umræður og vinnu hér á ársfundinum.

Í Noregi fylgjumst við mjög vel með því sem er að gerast hjá vinum okkar á Íslandi. Ég veit að ríkisstjórnir Íslands og Noregs hafa verið í viðræðum um aðstoð við Ísland. Utanríkisráðherra okkar hefur nýlega sagt að það er mikill vilji norræna ríkja að styðja Íslendinga í þessum þrengingum.

Hnattvæðingin hefur haft marga kosti, en ofurtrú á markaðina og skortur á regluverki hefur haft mjög neikvæðar afleiðingar í för með sér. Efnahagsþrengingarnar hitta okkur nú fyrir af fullum þunga og enn og aftur er það almenningur sem greiðir reikninginn, með auknum húsnæðiskostnaði, hærri vöxtum og atvinnuleysi. Hjá okkur í Noregi kristallast vandamálin fyrst og fremst í byggingargeiranum en einnig í því að sífellt fleiri starfsmenn fjármálaþyrirtækja sækjast eftir störfum hjá hinu opinbera.

Hin hliðin á hnattvæðingunni er mikil aukning innflytjenda í atvinnuleit sérstaklega frá fátækari ESB-löndum til vestrænna ríkja. Í Noregi sem og á Íslandi er verkalýðshreyfingin í stanslausri baráttu við félagsleg undirboð. Við bjóðum félaga okkar frá öðrum löndum velkomna og þeir eru ekki annars flokks starfskraftar. Við krefjumst þess að þeir njóti sömu kjara og starfsskilyrða og aðrir, en nú eru þeir fyrstir til að missa störf sín!

Það er á tímum sem þessum sem við gerum okkur grein fyrir hversu mikilvægt er að hafa sterka verkalýðshreyfingu bæði heima fyrir og á alþjóðavísu. Verkalýðshreyfing sem getur stemmt stigum við uppskrifað frjálsræði á vinnumarkaði og ótakmarkað frelsi markaðsaflanna. Verkalýðshreyfingu sem talar máli launafólks út yfir landamæri.

Alþýðusamband Noregs leggur mikla áherslu á innri málefni og nýliðun. Það hefur borið árangur. Sambandið stækkar og hefur aldrei verið jafn fjölmennt og nú. Sérstaklega finnst okkur mikilvægt að fá umfjöllum um ungt fólk. Við erum einnig með námsmannahreyfingu. Ég sé að þið hafið lið á dagskránni undir heitinu „Ungt fólk, samfélagið og verkalýðshreyfingin“ og hlakka til að hlusta á framsögu og umræður um það efni. Ég geri ráð fyrir að taka með mér heim til Noregs vangaveltur og hugmyndir. Að lokum vil ég þakka ykkur allar þær góðu hugmyndir sem þið hafið lagt til varðandi vinnuna við að auka jafnrétti kynjanna. Það er ekki langt síðan sendinefnd frá okkur heimsótti ykkur til að læra meira um þrískiptingu fæðingarorlofsins. Það hefur lagt grunninn að stefnu Alþýðusambandsins í Noregi á þessu sviði og við höfum einnig fengið stjórnvöld til að stíga varfærnisleg skref í rétta átt.

Góðan ársfund.“

Ávarp innlendra gesta

Ingbjörg R. Guðmundsdóttir bauð innlenda gesti ársfundarins velkomna. Ögmundur Jónasson, formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, flutti eftirfarandi ávarp fyrir þeirra hönd:

„Forseti ASÍ, góðir þingfulltrúar, ráðherra og aðrir gestir.

Ég færi ykkur kveðjur samtaka launaþólks innan almannahjónustunnar: BSRB, BHM og Kennarasambands Íslands, en í framhaldi vil ég segja þetta:

Við stöndum öll á tímamótum, ögurstundu í sögu lands vors og þjóðar. Á undanförunum hálfum öðrum áratug hefur óheft markaðshyggja leikið lausum hala um nær gervalla heimsbyggðina.

Á sínum tíma talaði Margrét Thatcher um að nýta græðgi mannskepnunnar sem hreyfiafl en í íslenskri útgáfu Davíðs Oddssonar hét það að virkja eignagleðina. Á Íslandi hefur eignagleðin verið virkuð undanfarin ár af meira kappi en víðast hvar í heiminum. Þjóð sem lungann úr tuttugustu öldinni hafði sett traust siit á samstarf og samvinnu og unnið sig þannig út úr örbirgð og til bjargálna vildi nú sjá hve langt mætti komast með því að beita græðginni fyrir vagninn. Sú vegferð er nú á enda.

Forsætisráðherra þjóðarinnar sagði okkur í sjónvarpsviðtali í gær að sem betur fer væri ríkissjóður skuldlítill til að taka á sig byrðar. Þjóðina setti hljóða yfir þessum súrrealísku yfirlýsingum oddvita ríkisstjórnar sem er í þann veginn að skrifa á almenning hærrí skuldir en áður hafa þekkt á Íslandssögunni. Á alþjóðu manna á Íslandi er ætlunin að hlaða skuldaklyffjum sem eru meiri að vöxtum en nokkur þjóð fer risið undir. Út á það ganga kröfur heimslögreglu kapitalismans sem mætt er til leiks undir merkjum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Sú lögregla veit hvað keisarans er og að skuldin við hann skuli goldin áður en slakað verði á þumalskrúfum gagnvart íslensku launaþjóðinni.

Það er mikilvægt að taka á markvissan og fumlausan hátt á bráðavanda Íslendinga. En þegar langtímavandinn er annars vegar – bliknar sá skammtímavandi að koma gjaldeyrisviðskiptum þjóðarinnar í eðlilegt horf í samanburði. Langtímavandinn teygir sig nefnilega langt inn í framtíðina. Það krefst úthalds og við verðum að vera tilbúin að verða fyrir skammtíma tjóni til að afstýra honum eftir því sem nokkur kostur er.

Við verðum að gera þá afdráttarlausu kröfu til þeirra sem semja fyrir okkar hönd að þeir skrifi ekki upp á nauðung sem skuldsetur og veðsetur börnin okkar og barnabörn um ókomna tíð samkvæmt fyrirmælum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Íslendingar eiga vissulega að standa við lögbundnar og þjóðréttarlegar skuldbindingar – en þá verða stjórnvöldin í landinu að leggja það niður fyrir sér hverjar þær eru og lýsa því afdráttarlaust yfir að frekar viljum við þola þrengingar en sæta afarkostum sem kæmu til með að fylgja okkur inn í ókominn tíma með verri afleiðingum en flestir gera sér grein fyrir.

Þá er það hin meginkrafan og hún er þessi: Þeir sem komu okkur út í þetta fen eiga að axla ábyrgðina, þeir eiga að borga. Þá fyrst opni almenningur pyngjur sínar að, allar hallirnar, allar snekkjurnar, öll fótboltaliðin, og allar þoturnar hafa verið seldar og allir felureikningarnir á Cayman-eyjum, Kýpur og á Ermasundi hafa verið tæmdir og að S-hópar einkavinavæðingarinnar hafa skilað ránsfeng sínum til baka. Þetta hlýtur að verða krafa verkalyðshreyfingar og forsenda þess að gengið verði til einhvers sem kalla megi þjóðarsátt. Og er ég þá ekki byrjaður að ræða hina pólitísku ábyrgð. Einnig hún kallar á uppgjör. Uppgjör á milli stjórnmálaflokka og innan stjórnmálaflokka.

Það er líka margt í okkar ranni sem við í verkalýðshreyfingunni þurfum að endurmeta og skoða í nýju ljósi. Með lögum var okkur þröngvað inn á markaðstorgið með fjárfestingar lífeyrissjóðanna, gert að leita jafnan eftir hæstu „ávöxtun“ mesta arði. Og sjálf töldum við okkur trú um að við ættum besta lífeyriskerfi í heimi. Og kannski eigum við það. Það er hins vegar misskilningur að halda að lífeyrissparnaður feli það í sér að leggja fyrir í sparibauk og að gengið verði að þeim eyri vísun á elliárum. Þetta er ekki svo.

Það verður alltaf komið undir afkomu efnahagslífsins hverju sinni hvert verðgildi geymids eyris er í reynd. Og reynsla undangenginna ára kennir að vel notaður eyrir er vel geymdur en illa notuðum eyri er á glæ kastað. Þess vegna hljótum við að spyrja forsætisráðherrann sem fagnaði því sérstaklega að eiga skuldlausan rikissjóð en er nú í þann veginn að drukkna í skuldum skjólstæðinga sinna, fjármálaspekúlantanna, hvort ekki hefði verið nær að nýta fjármuni lífeyrissjóðanna til að styrkja innviði samfélags okkar, bæta heilsugæsluna, þjónustu við aldraða og stuðning við fatlaða í stað þess að þeir væru notaðir til að kaupa leikfangabúð við Oxford Circus London, tryggingafélag í Noregi að ekki sé minnst á allar finu afmælisveislurnar, sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn vill nú að við borgum.

Í mínum huga eru lífeyrisréttindi einhver mikilvægustu réttindi sem verkalýðshreyfingin hefur tryggt sínu fólki í tímans rás. Ég er þeirrar skoðunar að stefna skuli að því að lífeyrisrétturinn sé fasti – föst stærð sem hægt er að ganga að en kaupði þá hreyfanlegri breyta. Þær raddir eru vissulega til innan raða verkalýðshreyfingar að þetta sé röng forgangsróðun – að við verjum jafnvel of miklum fjármunum í lífeyrisréttindi – ættum að setja meira í kaupgjaldið, til að bæta lífskjörin á meðan við erum vinnandi en verja þá minna til efri árána. Um þetta getum við verið sammála eða ósammála eftir atvikum.

En látum það aldrei henda okkur að niða réttindin hvert af öðru. Ég frábíð að illa fengin lífeyrisréttindi alþingismanna, ráðherra og ædstu embættismanna ríkisins séu sett í eina spyrðu með lífeyrisréttindum sjúkraliðans, löggæslumannsins og gangavárðarins hjá hinu opinbera eins og gert var í Morgunblaðinu í gær og tekið upp í leiðara í dag. Slíkt kann að vera til stundarvinsælda fallið og skemmta einhverjum skröttum en ekki þjónar það réttindabaráttu launafólks. Opinberir starfsmenn hafa staðið blýfast á sínum lífeyrisréttindum í áratuga langri baráttu og ávinningur hennar hefur skilað sér til alls launafólks – því skulum við aldrei gleyma.

Lífeyriskerfið innan almannaþjónustunnar hefur hinsvegar verið lagað að því fyrirkomulagi sem þekkist á almennum markaði og er sjóðunum nú gert að rísa undir sjálfum sér. Það er hins vegar rétt að réttindin eru föst en iðgjaldið breytilegt. Það er fyrirkomulag sem ég tel að eigi að vísa veginn inn í framtíðina fyrir alla lífeyrisþega úr röðum verkalýðshreyfingarinnar og frábíð ég að undan þeirri réttmætu kröfu verði grafið.

Góðir félagar.

Nú þurfum við að standa vaktina sem aldrei fyrr.

Sú hætta er raunverulega fyrir hendi að þrengingartíminn framundan verði notaður til að hafa réttindi af fólki, til þess að þrengja að velferðarþjónustunni í stað þess að efla hana og bæta. En gerum okkur grein fyrir því að aldrei er eins mikil þörf á þéttriðnu öryggisneti og þegar að þrengir og ekkert sveiflufjöfnunartæki skilar betri árangri en góð velferðarþjónusta. Eða hvort skyldi vera betra þegar lítið er til skiptanna að hækka launin við alla þannig að þeir séu í stakk búnir til að standa straum af kostnaðarsamri

heilbrigðisþjónustu eða falla frá gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu fyrir þá sem þangað þurfa að leita?

Okkur var sagt að græðgin gæfi af sér peninga. Að hinir gráðugu einstaklingar væru eins og vakrir gæðingar sem geystust um og sköpuðu auð í hverju spori. Og við skyldum njóta þess að vera á harðastökki og finna þaninn vöðva gæðingsins hnyklast undir okkur. En hverjum datt í hug að fara á bak hesti án þess að setja í hann beisli. Hverjum datt í hug að taumlaust náttúruafl ætti að ráða ferðinni. Nú er það okkar að setja stefnuna; að leggja upp í ótemjuna mál skynsemi og hnakk samúðar og tillitsemi.

Góðir félagar.

Síðast þegar við Grétar Þorsteinsson forseti Alþýðusambands Íslands hittumst þá var ekki laust við að hann ávitaði mig – alla vega þóttist ég finna fyrir ávitunartón. Eflaust voru áviturnar réttmætar – yfirleitt eru þær það úr hans munn. Reyndar skammar Grétar Þorsteinsson sjaldan fólk. Hann beitir fortölum og vinnur það á sitt band með hógværd og sanngirni. Grétar Þorsteinsson hefur í forsetatíð sinni ekki aðeins verið góður talsmaður ASÍ hann hefur verið góður talsmaður okkar allra, íslensku launamannasamtakanna og sem slíkur hefur hann áunnið sér traust og virðingu og líka væntumþykju. Hún er líka mikilvæg. Væntumþykjan.

Að vera félagi Grétars Þorsteinssonar er gott hlutskipti. Ég þakka honum samstarfið nú þegar hann hefur ákveðið að gefa ekki frekar kost á sér til forystustarfs.

Kæri félagi, megi þér vegna vel og megi þinn góði andi jafnan fylgja okkur öllum.

Íslensku launamannasamtökin eru ekki alltaf sammála. En þegar á heildina er lítið eru þau samstiga og saman skulum við stilla saman strengi og vinna íslensku launafólki og þar með íslenskri þjóð gagn á erfiðleikatímum.

Ég óska þingfulltrúum velfarnaðar í starfi og Alþýðusambandi Íslands færi ég baráttukveðjur.“

Kjörbréfanefnd

Ísleifur Tómasson formaður kjörbréfanefndar gerði grein fyrir álitum nefndarinnar. Í kjörbréfanefnd eiga sæti auk Ísleifs, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Sigurrós Kristinsdóttir.

„Ágætu félagar.

Í samræmi við ákvæði 31. gr. laga Alþýðusambandsins skipaði forseti ASÍ 25. september sl. eftirtalda í kjörbréfanefnd vegna ársfundar sambandsins árið 2008:

Þann sem hér talar, Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur formann LÍV og Guðmund P. Jónsson varaformann Eflingar sem verið hefur formaður kjörbréfanefndar mörg undanfarin ár. Guðmundur forfallaðist hins vegar og skipaði forseti Sigurrós Kristinsdóttur, varaformann Eflingar, í hans stað. Við sendum Guðmundi kveðjur okkar með óskum um góðan bata.

Kjörbréfanefnd kom saman til fundar þriðjudaginn 21. október sl. til að fjalla um innkominn kjörbréfi og verklag vegna ársfundar ASÍ 2008.

Fram kom að samkvæmt 2. mgr. 29. greinar laga ASÍ var landssamböndum og landsfélögum með beina aðild úthlutað alls 290 fulltrúum á ársfund ASÍ árið 2008. Þá samþykkti miðstjórn ASÍ á fundi sínum 10. september að úthluta tveimur aðildarfélögum sem ekki náðu inn fulltrúa á grundvelli 2. mgr. 29. gr. laganna einum fulltrúa hvoru skv. 4. mgr. 29. gr. Alls hafa því 292 fulltrúar seturétt á ársfundi ASÍ 2008.

22. október höfðu 53 aðildarfélög og deildir sent inn kjörbréf vegna 290 fulltrúa á ársfundinn. Kjörbréfanefnd hefur ákveðið að viðhafa eftirfarandi verklag á ársfundinum:

Í fundargögnum liggur frammi listi með nöfnum þeirra ársfundarfulltrúa sem kjörbréfum hefur verið skilað fyrir, raðað eftir aðildarfélögum eða landssamböndum. Þar sem fulltrúar eru kjörnir af aðildarfélögum á grundvelli aðildar að landssambandi kann sama félag að vera með fulltrúa hjá fleiri en einu landssambandi.

Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréf í samræmi við framlagðan lista verði öll samþykkt.

Ef það eru ábendingar sem þið viljið gera við samþykkt kjörbréf samkvæmt framangreindum lista er þess óskað að þið komið þeim á framfæri við starfsmann kjörbréfanefndar. Starfsmaður nefndarinnar er Halldór Grönvold og verður hann hér fram í anddyri til að taka við ábendingum.

Þá ber að geta þess að frá því kjörbréfanefnd kom saman 21. október hafa borist nokkrar óskir um breytingar, þar sem varamenn eru að koma inn fyrir aðalmenn vegna forfalla, og er verið að vinna úr þeim.

Breytingar á kjörbréfum verða kynntar þegar þær liggja fyrir. “

Afgreiðsla kjörbréfa

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir bar upp tillögu kjörbréfanefndar og var hún samþykkt samhljóða.

Kjör starfsmanna ársfundar

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir gerði tillögu um Signýju Jóhannesdóttur sem fundarstjóra á ársfundinum og var tillagan samþykkt samhljóða.

Signý Jóhannesdóttir tók við stjórn fundarins og gerði tillögu um Jóhönnu E. Vilhelmsdóttur sem 1. varafundarstjóra og Svanborgu Hilmarsdóttur sem 2. varafundarstjóra. Tillaga Signýjar var samþykkt samhljóða.

Þá gerði fundarstjóri tillögu um Snæbjörn Sigurðarson og Svein Ingason sem skrifara. Tillaga fundarstjóra var samþykkt samhljóða.

Því næst minnti Signý ársfundarfulltrúa á skemmtidagskrá á Broadway um kvöldið.

Skýrsla forseta og reikningar ASÍ og stofnana

Grétar Þorsteinsson forseti ASÍ fylgdi skýrslu forseta úr hlaði með eftirfarandi ræðu:

„Fundarstjóri - félagar

Skýrslu forseta um störf Alþýðusambandsins frá síðasta ársfundi var dreift með öðrum gögnum í upphafi fundar.

Ég ætla mér ekki að rekja í smáatriðum það sem þar er fjallað um, fremur venju. Þið þekkið þessi verkefni flest og takið skýrsluna með ykkur heim.

Mig langar hins vegar að fara nokkrum orðum um það sem ekki stendur í skýrslunni, því það má með nokkrum rökum halda því fram að um það sem hefur reynt mest á okkur frá síðasta ársfundi, sé lítið fjallað í skýrslunni. Á því eru mjög eðlilegar skýringar. Vinnslutími skýrslu af þessu tagi er talsvert langur og býið að ganga frá megninu af handriti skýrslunnar fyrir nokkrum vikum.

Þess vegna er lítið fjallað um ástand og atburðarás síðustu vikna í skýrslu forseta –

þótt það tímabil tilheyri vissulega þeim tíma sem skýrslan á að ná yfir.

Við tókum þá ákvörðun að láta slag standa með skýrsluna eins og hún var orðin í handriti, en beina frekar kröftum okkar að verkefnum dagsins, en skýrslugerðinni.

Ég veit að þið virðið þetta við okkur.

Það má segja að hraði atburðanna sem við höfum orðið vitni að nú á síðustu vikum kristallist í þeirri staðreynd, að handrit sem ekki er nema þriggja vikna gamalt, sé að nokkru leyti úrelt. Ekki úrelt í þeim skilningi að það sem þar er fjallað um sé ekki í samræmi við veruleikann – en hún er í samræmi við veruleikann eins og hann var þá.

Hefðum við ætlað að gera atburðarásinni greinargóð skil í skýrslu forseta, þá væri hún trúlega enn meiri að vöxtum en sú sem þið hafið á borðunum og innihaldið væri að verulegu leyti annað.

Hvað um það. Skýrsla forseta er með hefðbundnum hætti. Þar er fjallað um helstu verkefni sem unnið hefur verið að á vettvangi miðstjórnar, á vettvangi fastanefndanna og af starfsfólki skrifstofunnar. Þau eru fjölbreytt að vanda og snerta marga, ólíka þætti þjóðlífsins.

Þó svo ég segi að viðfangsefni snerti marga ólíka þætti þjóðlífsins, þá er nálgunin alltaf sú sama – að treysta og bæta kjör almennings og launafólks.

Fyrir fundinum liggur margvíslegt annað útgáfuefni og hefur verið fjallað sérstaklega um sumt. Við gefum nú út Árið í hnotskurn eins og nokkur undanfarin ár, þar sem í stuttu máli er sagt frá nokkrum mikilvægum viðfangsefnum á árinu. Það rit fer í mun almennari dreifingu en skýrsla forseta.

Félagar,

Ég ætla mér ekki að taka meira af takmörkuðum og dýrmætum tíma fundarins í að ræða um innihaldið í skýrslu forseta eða öðru útgáfuefni fyrir fundinn. Ef þið hafið ekki þegar lesið það, þá gerið þið það væntanlega þegar heim kemur.

Í ávarpi mínu við setningu þessa fundar gerði ég grein fyrir þeirri ákvörðun minni að gefa ekki kost á mér til endurkjörs í embætti forseta ASÍ. Í ávarpinu færði ég samferðarfólki á vettvangi Alþýðusambandsins í gegnum tíðina þakkir fyrir samstarfið. Þessar þakkir ítreka ég nú, en vil að lokum sérstaklega þakka félögum mínum í miðstjórn og félagsmönnum Alþýðusambandsins samstarfið á starfsárinu sem er að líða og starfsfólki á skrifstofu ASÍ fyrir allt það starf sem það hefur innt af hendi á árinu og í undirbúningi þessa fundar.“

Gylfi Arnbjörnsson framkvæmdastjóri ASÍ gerði grein fyrir ársreikningi ASÍ og stofnana. Í máli hans kom fram að tekjur samstæðu hafa aukist verulega milli ára eða úr 620 milljónum kr. í 785 milljónir. Ástæðan fyrir þessu er fyrst og fremst aukin umsvif í fræðslumálum. Aukin sókn í mótframlög og styrki frá hinu opinbera hefur skilað sér í meiri tekjum Mímis-símenntunar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Útgjöld samstæðu hafa einnig aukist einkum vegna aukins launa og starfsmannakostnaðar m.a. í tengslum við meiri umsvif í fræðslumálum. Fjármagnstekjur og -gjöld eru nánast óbreytt milli ára. Heildarafkoman batnar verulega milli ára, fer úr 20 milljónum kr. í 50 milljónir kr. Þetta endurspeglar að auknum tekjum hefur ekki verið velt beint út í aukin útgjöld. Eignir samstæðunnar hafa aukist milli ára úr 860 milljónum kr. í rúmlega 920 milljónir einkum vegna bættrar afkomu sambandssjóðs.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri bar samstæðureikning ASÍ og stofnana undir atkvæði og var hann samþykktur samhljóða.

Kjör forseta

Fundarstjóri tók til máls og gerði grein fyrir niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar um kjör forseta ASÍ.

283 atkvæði voru greidd.

Atkvæðu féllu þannig að Ingibjörg R. Guðmundsdóttir hlaut 114 atkvæði eða 41% atkvæða og Gylfi Arnbjörnsson hlaut 166 atkvæði eða 59% atkvæða. Þeir fundarmenn skiluðu auðu.

Fundarstjóri lýsti Gylfa Arnbjörnsson því rétt kjörinn forseta ASÍ til ársfundar árið 2010.

Gylfi Arnbjörnsson framkvæmdastjóri ASÍ og nýkjörinn forseti tók til máls. Hann þakkaði fyrir það traust sem honum hafði verið sýnt. Hann sagðist gera sér grein fyrir þeirri miklu ábyrgð sem kjörinu fylgdi. Í breyttu hlutverki þyrfti hann að kappkosta að laða fram samstöðu. Að lokum þakkaði hann Ingibjörgu fyrir drengilega baráttu.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir varaforseti ASÍ tók til máls og þakkaði sömuleiðis fyrir þann stuðning sem hennar framboð hafði fengið. Hún óskaði Gylfa til hamingju með úrslitin og vonaðist eftir góðu samstarfi við hann í framtíðinni sem hingað til.

Tillögur kjörnefndar

Stefanía Magnúsdóttir formaður kjörnefndar gerði grein fyrir tillögum kjörnefndar.

Fyrst gerði Stefanía grein fyrir tillögum kjörnefndar um aðalmenn í miðstjórn til ársfundar ASÍ 2010: Finnbjörn A. Hermannsson Samiðn, Guðmundur Ragnarsson VM, Sigurður Bessason SGS, Björn Snæbjörnsson SGS, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir LÍV og Stefanía Magnúsdóttir LÍV.

Þá gerði Stefanía grein fyrir tillögum kjörnefndar um varamenn í miðstjórn til ársfundar ASÍ 2010: Hilmar Harðarson Samiðn, Georg Páll Skúlason Félagi bókagerðarmanna, Kolbeinn Gunnarsson SGS, Finnbogi Sveinbjörnsson SGS, Guðbrandur Einarsson LÍV og Kristín Björnsdóttir LÍV.

Loks gerði hún grein fyrir tillögum kjörnefndar um kjörnefnd til loka ársfundar 2009: Stefanía Magnúsdóttir (LÍV), Kristín Björnsdóttir (LÍV), Ísleifur Tómasson (RSÍ), Guðmundur Þ. Jónsson (SGS), Kolbeinn Gunnarsson (SGS), Þorbjörn Guðmundsson (Samiðn), Niels S. Olgeirsson (Bein aðild), Konráð Alfreðsson (SSÍ), og Ásgerður Pálsdóttir (SGS).

Fundarstjóri lýsti eftir öðrum tillögum um aðalmenn í miðstjórn. Svo var ekki og lýsti hann þá fulltrúa sem kjörnefnd hafði gert tillögu um rétt kjörna.

Fundarstjóri lýsti eftir öðrum tillögum um varamenn í miðstjórn og kjörnefnd. Svo var ekki og lýsti hann þá fulltrúa sem kjörnefnd hafði gert tillögu um rétt kjörna.

Undirritun samkomulags um gerð staðals um launajafnrétti

Félags- og tryggingaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, forseti Alþýðusambands Íslands, Grétar Þorsteinsson, og aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Hannes Sigurðsson, skrifuðu undir samkomulag um að fá Staðlaráð Íslands til að hafa umsjón

með gerð staðals sem notaður verður til að sannreyna hvort launa- og starfsmannastefna stofnana og fyrirtækja samræmist stefnu um launajafnrétti kynja og jafnrétti við ráðninga og uppsagnir.

Samþykktir ársfundar

Ályktun ársfundar ASÍ um jöfnun og samræmingu lífeyrisréttinda:

„Ársfundur Alþýðusambands Íslands krefst þess að lífeyrisréttindi alls vinnandi fólks á Íslandi verði samræmd og jöfnuð, án skerðingar fyrir almennt launafólk. Með því verði eytt þeirri mismunun sem viðgengist hefur þegar borin eru saman lífeyriskjör launafólks sem aðild á að lífeyrissjóðum á samnings sviði ASÍ á almennum vinnumarkaði og hjá ríki og sveitarfélögum, þar á meðal hvað varðar aukin og óskert lífeyrisréttindi sem ráðherrar og alþingismenn skömmtuðu sér í desember 2003.

Ársfundur Alþýðusambands Íslands telur að samfélag okkar geti ekki farið í gegnum þá erfiðleika sem nú er tekist á við, öðruvísi en með sátt sem m.a. feli í sér afnám þessarar áralöngu og vaxandi mismununar sem vegna þessara sömu erfiðleika mun aukast.

Ársfundur Alþýðusambands Íslands vekur athygli á því, að vegna þeirra neyðarlaga sem sett voru vegna fjármálakreppunnar í byrjun október, falls bankanna, samdráttar og yfirvofandi gjaldþrota fyrirtækja hafa lífeyrissjóðir landsmanna tapað hluta eigna sinna. Í kjölfarið munu lífeyrisréttindi í almennu lífeyrissjóðunum verða skert. Hins vegar munu lífeyrisréttindi í opinberu sjóðunum ekki verða skert og ríkis- og sveitarsjóðir skv. gildandi lögum leggja sjóðunum það fé sem til þarf til þess að standa undir óskertum réttindum. Á þennan hátt er launafólki á almennum vinnumarkaði gert að taka á sig með tvöföldum þunga, það tap sem allir lífeyrissjóðir landsmanna verða nú fyrir.

Sáttar er þörf í íslensku samfélagi til þess að koma þjóðinni í gegnum þær þrengingar sem nú blasa við. Þeirri sátt verður ekki náð án þess að afnema þá mismunun sem landsmenn búa við í lífeyrismálum sínum.“

Ályktun ársfundar ASÍ í kjaramálum:

„Ársfundur ASÍ leggur þunga áherslu á að staða heimilanna verði varin eins og kostur er í þeim efnahagsþrengingum sem framundan eru. Ljóst er að kaupmáttur launa mun skerðast á komandi misserum. Forgangsverkefnið við þessar aðstæður er því að lágmarka þann skaða sem heimilin standa frammi fyrir og leggja grunn að því að kaupmáttur geti sem fyrst vaxið aftur.

Ársfundurinn telur því mikilvægt að skapa viðtæka samstöðu meðal allra stéttarféлага á almennum- og opinberum vinnumarkaði um launastefnu sem tryggir öllu launafólki sambærilegar launahækkningar og kjarabætur á þessu ári og næstu tveimur árum. Slík launastefna yrði mikilvægt framlag til þess að treysta stöðu þeirra tekjulægstu samfara því að skapa aukið félagslegt og efnahagslegt öryggi og stöðugleika næstu árin.

Ársfundurinn telur að slík aðgerð sé mikilvægt innlegg í þá kjarasamninga sem nú eru að losna og einnig í komandi endurskoðun kjarasamninga. Ársfundurinn telur einnig að sú stefnumótun fundarinnar um aðgerðir gegn fjármálakreppu og til að auka trúverðugleika sé mikilvægt innlegg í þá vinnu sem framundan er. Ársfundurinn telur að slík stefnumótun geti verið mikilvægur grunnur fyrir miðstjórn og aðildarsamtökin við gerð og endurskoðun kjarasamninga.“

Ályktun ársfundar ASÍ um aðgerðir til að endurheimta fjármálastöðugleika og auka trúverðugleika:

„Alþýðusamband Íslands hefur þungar áhyggjur af stöðu efnahagsmála og hag heimilanna í landinu. Samtökin telja bæði mikilvægt og óhjákvæmilegt að gripið verði til umfangsmikilla aðgerða til að endurheimta fjármálastöðugleika og koma þannig í veg fyrir hrun atvinnulífsins og efnahagskerfisins. Á sama tíma er mikilvægt að verja kjör launafólks og stöðu heimilanna í landinu. Kjarasamningarnir frá síðasta vetri og yfirlýsing ríkisstjórnarinnar gegna þar mikilvægu hlutverki.

Samtökin telja að eftirfarandi atriði geti bæði stuðlað að því að skapa aukna samstöðu meðal þjóðarinnar og aukið trúverðugleika bæði innanlands og á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og lagt þannig grunn að efnahagslegum stöðugleika og endurreisn á næstu misserum og árum.

Fjármálastöðugleiki

Brýnasta verkefnið í stjórn efnahagsmála er að treysta atvinnu og koma í veg fyrir að eignir heimila og fyrirtækja brenni upp í háum vöxtum og verðbólgu vegna veikingar krónunnar.

Þetta verður aðeins gert með því að styrkja gengi íslensku krónunnar eins hratt og frekast er unnt til þess að koma í veg fyrir að núverandi veiking hennar leiði til óðaverðbólgu. Af sömu ástæðu er afar mikilvægt að lækka vexti eins hratt og mögulegt er. Alþýðusambandið telur að eina færa leiðin til ná þessum markmiðum séu ákvarðanir stjórnvalda, í samstarfi við aðila vinnumarkaðar, sem aukið geti trúverðugleika og ímynd okkar og sannfært fjármálamarkaði um að Ísland geti og muni komast á lygnan sjó aftur á næstu 2-4 árum. Í þessu sambandi telur ASÍ að eftirfarandi geti skipt sköpum:

Í fyrsta lagi að stjórnvöld leiti eftir aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í formi lánaþyringreiðslu og ráðgjafar um mótun nýrrar efnahagsstefnu til næstu ára, enda verði skilmálar sjóðsins ásættanlegir fyrir þjóðina. Slík aðgerð legði grunn að auknum trúverðugleika Íslands, því hún gerði öðrum aðildarríkjum sjóðsins kleift að veita okkur lánaþyringreiðslu samhliða sjóðnum. Með þessu móti myndi gjaldeyrisvarasjóðurinn stækka verulega og þannig tryggja Íslandi nauðsynlegan aðgang að erlendu lánsfé. Það ætti að gera okkur kleift að ná meiri gengisfestu til skemmri tíma lítið.

Í öðru lagi telur Alþýðusamband Íslands afar mikilvægt að stjórnvöld fylgi lánaþyringreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eftir með því að tryggja stöðugan gjaldmiðil til framtíðar. Það er skoðun ASÍ að yfirlýsing um að sótt verði um aðild Íslands að ESB og upptöku evru sé eina færa leiðin. Þannig verði látið á það reyna í aðildarviðræðum hvaða samningur Íslandi standi til boða og hann lagður fyrir þjóðina í atkvæðagreiðslu. ASÍ telur að yfirlýsing um að stefnt verði að aðild að evrópska myntsamstarfinu (ERM II) á næstu 2 árum myndi leggja mikilvægan grunn að því að hægt yrði í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að skapa nauðsynlegan trúverðugleika fyrir meiri festu í skráningu krónunnar á næstu árum þangað til full aðild að Evrópska peningamálasamstarfinu (EMU) og upptaka evrunnar næðist.

Í þriðja lagi telja samtökin að framlenging kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og samkomulag við samtök opinberra starfsmanna um sameiginlega launastefnu, þar sem öllu launafólki verði tryggðar sambærilegar launahækkanir bæði á þessu ári og á næstu tveimur árum, geti verið mikilvægt framlag til þess að treysta stöðu þeirra tekjulægstu

samfara því að skapa aukið félagslegt og efnahagslegt öryggi og stöðugleika næstu árin. Það myndi auk þess skapa frið á vinnumarkaði og slá á verðbólguvænting.

Endurreisn atvinnulífsins

Ljóst er að mörg fyrirtæki geta lent í erfiðleikum vegna mikillar skuldsetningar og/ eða tapa á fjárfestingum í fjármálageiranum. Mikil hættu er á að þessi fyrirtæki lenti í gjaldþroti, þrátt fyrir að um góðan rekstur sé að ræða. Því er mikilvægt að:

- Tryggja aðgengi að fjármagni í fjárfestingar í hagkerfinu þannig að hægt verði að þróa ný störf, tækni og sjálfbæra þróun.
- Skapa forsendur fyrir aðkomu lífeyrissjóðanna að endurreisn atvinnulífsins, þar sem hugað verði að nauðsynlegri áhættudreifingu og –stýringu. Mikilvægt kann að vera að breyta ákvæðum um fjárfestingar lífeyrissjóðanna, bæði í lögum og í samþykktum sjóðanna.
- Breyttar forsendur í áhættumati í eignastýringu lífeyrissjóðanna kalla á nýja nálgun í fjárfestingum þeirra. Gera þarf lífeyrissjóðum kleift að fjárfesta í fasteignum eða fasteignafélögum, t.d. eignum sem leigðar eru einstaklingum og fyrirtækjum eða sveitarfélögum og ríkinu.
- Farið verði í átak til að auka neyslu á íslenskri framleiðslu til að efla innlent atvinnulíf og spara dýrmætan gjaldeyri.
- Við núverandi aðstæður í efnahagslífinu kann að vera nauðsynlegt að víkja tímabundið til hliðar samkeppnisreglum til að ná fram nauðsynlegri hagræðingu í atvinnulífinu í því skyni að skapa sterkari fyrirtæki. Slíkt verður þó að gera af mikilli varfærni og gæta að langtímahagsmunum neytenda og ekki síður fyrirtækja, því að fákeppni og einokun hefta möguleika nýrra fyrirtækja til að hasla sér völl á markaði. Þess vegna er mikilvægt að styrkja Samkeppnisefirlitið og gera því betur kleift að sinna hlutverki sínu við þær erfiðu aðstæður sem eru í efnahagslífinu.

Réttindi launafólks og staða heimilanna

Mikil og vaxandi verðbólga hefur farið illa með fjárhag heimilanna og fyrirsjáanlegt aukið atvinnuleysi og kaupmáttarskerðing munu auka enn á þennan vanda. Mikilvægt er að mæta fyrirsjáanlegum samdrætti í landsframleiðslu með virkum aðgerðum, sem lúta að því að undirbúa fólk fyrir ný störf á sama tíma og áhersla er lögð á að skapa forsendur fyrir nýrri framtíð. Varað er við hættu á aukinni misskiptingu í þjóðfélaginu. Tryggja verður ráðgjöf og aðstoð til launafólks sem verður fyrir áföllum. Mikilvægt er að standa vörð um fjármál heimilanna með viðtækum aðgerðum, sem m.a. felast í:

Varðstaða um fjármál heimilanna

- Tryggja þarf að árangur í lækku vaxta og styrkingu á gengi íslensku krónunnar skili sér í lækku á verðlagi og rjúfa þannig vítahring vixlverkandi hækkana. Fyrirtæki verða að gæta aðhalds í verðhækkunum og opinberir aðilar verða að halda gjaldskrá sínnum óbreyttum á næstu misserum til þess að sporna gegn frekari hækkun verðlags. Mikilvægt er að efla verðlagseftirlit ASÍ til að fylgja þessum markmiðum eftir.

Greiðslubyrði húsnæðislána:

Íbúðalánasjóður:

Íbúðalánasjóður (ÍLS) veiti áfram almenn lán til einstaklinga. Tryggja þarf möguleika sjóðsins til að veita greiðsluerfiðleikalán til þeirra sem skulda í bönkunum með beinum lánum til einstaklinga eða með skilyrtum lánum til banka sem noti þau til að lána einstaklingum. Standa verður vörð um félagslegt hlutverk Íbúðalánasjóðs.

Fasteignalán bankanna:

Mikilvægt er að ÍLS aðstoði íbúðakaupendur á næsta ári þegar kemur til vaxtaendurskoðunar bankanna á íbúðalánum með kaupum ÍLS á viðkomandi bréfum frá bönkunum eða með endurfjármögnun án þess að íbúðakaup hafi átt sér stað. Sett verði lög um greiðsluadlögum og skorður settar á allan innheimtukostnað vegna vanskila.

Sjóðsfélagalán lífeyrissjóðanna:

Undanfarin ár hafa lífeyrissjóðir veitt sjóðsfélögum, sem lent hafa í greiðsluerfiðleikum, aðstoð með ýmsum hætti. Mikilvægt er að lífeyrissjóðirnir komi á samræmdum reglum, t.d. sambærilegu kerfi greiðsluadlögunar og –jöfnunar og gildir hjá Íbúðalánasjóði.

- Mikilvægt er að afhema stimpilgjöld af húsnæðislánum nú þegar til að auðvelda heimilum endurfjármögnun skulda sinna.
- Efla þarf stöðu neytenda m.a. með því að sameina neytendaréttarsvið Neytendastofu og embætti talsmanns neytenda í eina stofnun sem hefði eingöngu hlutverk á sviði neytendamála. Gerðar verði nauðsynlegar breytingar á lögum og reglum til að stuðla að virkri samkeppni.
- Nauðsynlegt kann að vera að heimila einstaklingum að nýta viðbótarlífeyrissparnað til að greiða niður höfuðstól húsnæðisskulda ef það stendur frammi fyrir húsnæðismissi.
- Mikilvægt er að lækka næstu 2-3 ár tekjutengingu á endurgreiðslum námslána til að draga úr greiðslubyrði ungs fólks.
- Mikilvægt er að koma til móts við ungt fólk sem nýlega er komið út á vinnu- og húsnæðismarkaðinn. Í því skyni þarf að hækka barna- og vaxtabætur og draga úr tekjuskerðingum þeirra.
- Grípa verður til sérstakra aðgerða til að verja stöðu barna. Tryggja verður að öll börn geti notið leikskóladvalar og tómstunda óháð efnahag foreldra.
- Tryggja verður jafnrétti til náms óháð efnahag og félagslegri stöðu. Því er varað við gjaldtöku í menntakerfinu.

Réttindi fólks á vinnumarkaði

Við núverandi aðstæður er mikilvægt að verja réttindi fólks á vinnumarkaði sem verkalyðshreyfingin hefur náð með kjarasamningum og löggjöf. Jafnframt er mikilvægt að þær aðgerðir sem grípa þarf til byggi á samstarfi og sátt milli samtaka launafólks, atvinnurekenda, ríkis og sveitarfélaga.

- Tryggja þarf að löggjöf um atvinnuleysistryggingar taki mið af þeim sérstöku aðstæðum sem nú eru á vinnumarkaði og auðveldi fyrirtækjum og einstaklingum að bregðast við þeim án þess að koma þurfi til uppsagna.
- Mikilvægt er að stjórnvöld ásamt aðilum vinnumarkaðarins skipuleggi virkar vinnumarkaðsaðgerðir og menntunarúrræði sem nýtast launafólki með litla formlega menntun. Reynslan kennir að þegar samdráttur er í atvinnu er veruleg hætta á að þessi hópur verði helst fyrir barðinu á atvinnumissi. Áhersla er lögð á að nýta þær fræðslustofnanir og þau úrræði sem þróuð hafa verið af þessum aðilum.

- Auka þarf fjárframlög til frumgreinadeilda til að mæta aukinni aðsókn og stuðla þarf að frekari framþróun starfsmenntunar.
- Leggja þarf meiri áherslu á íslenskunám fyrir erlenda borgara á vinnumarkaði

Uppbygging til framtíðar

Alþýðusamband Íslands telur að við þessar aðstæður sé afar mikilvægt að skapa ungu fólki trúverðug tækifæri í samræmi við menntun þeirra og framtíðarsýn sem eykur tiltrú þeirra og vilja til áframhaldandi búsetu á Íslandi. Að öðrum kosti gæti þjóðin misst ungt fólk úr landi.

- Auka þarf stuðning við nýsköpun og hagnýtar rannsóknir með auknum framlögum til Tæknipróunarsjóds. Efla verður menntun sem stuðlar að aukinni nýsköpun og skapa sprotafyrirtækjum aukna möguleika.
- Leggja þarf áherslu á að hraða undirbúningi framkvæmda og flýta mannaflsfrekum viðhaldsframkvæmdum á vegum ríkis og sveitarfélaga, en fresta verkefnum sem eru með minna vægi mannafla. Til að tryggja atvinnu er mikilvægt, þar sem því verður við komið, að haga umfangi framkvæmda þannig, að ekki komi til útboða á evrópska efnahagssvæðinu. Einnig þarf að leggja áherslu á verkefni sem ekki þurfi að fara í umhverfismat eða tímafreka skipulagsvinnu.
- Ríkisstjórnin þarf að gefa út skýr skilaboð um að barist verði fyrir hagsmunum Íslands í loftslagssamningunum. Sérstaklega þarf að tryggja að íslenska ákvæðið gildi áfram. Ennfremur þarf að styðja dyggilega við geiranálgun.
- Ríkisstjórnin þarf að koma fram með skýra stefnu um stuðning við áform um virkjanir og orkunýtingu. Opinberar stofnanir sem fjalla um þessi mál þurfa að fá skýr skilaboð um vilja ríkisstjórnarinnar. Gæta verður þess við val á virkjunaráformum að ekki verði slakað á kröfum um verndun náttúru Íslands.
- Mikilvægt er að endurskoða reglur, verkferla og vinnubrögð vegna umhverfismats, þar sem lögð verði áhersla á að byggja upp meiri sérfræðipækkingu hjá Umhverfisstofnun og ákveðnari tímafresti á málsmeðferð.
- Styðja þarf við frekari uppbyggingu og rannsóknastarf í háskólum.
- Auka þarf stuðning við hönnun og vöruþróun í atvinnulífinu til að vinna nýja útflutningsmarkaði.

Hertar reglur um fjármálakerfið og uppgjör við fortíðina

- Alþýðusambandið lítur á það sem sitt hlutverk að ganga eftir því að fram fari vandað og fordómalaust uppgjör á því hvers vegna þjóðin er komin í þessa stöðu. Gera þarf upp allar hliðar þessa máls. Hlutverk fjármálastofnana, ríkisstjórna, Seðlabankans og allra annarra megingerenda í atburðarásinni. Lagt er til að fengnir verði óháðir sérfræðingar í þetta verkefni, bæði innlendir og erlendir.
- Mikilvægt er að settar verði skýrari reglur um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og stjórnenda þeirra, þar sem áhersla verði lögð á siðferði og ábyrgð.
- Með auknu skattfé í fjármálakerfið verða að fylgja opinber áhrif og stjórnun þannig að hægt verði að auka siðgæði og breyta markvisst hegðun stjórnenda.
- Auka verður eftirlit með fjármálakerfinu með tilliti til heimilda til skuldsetningar með því að herða kröfur um hlutfall handfastra eigna á móti skuldum.
- Herða þarf regluverk banka og fjármálafyrirtækja gagnvart ráðgjöf til einstaklinga,

auka eftirlit og heimildir eftirlitsaðila.

- Setja verður alþjóðlegar reglur um aðhald að fjármálastarfsemi í ljósi þess hversu hnattvæddur fjármálageirinn er.
- Byggja þarf upp traust á Seðlabanka Íslands og stjórn hans. Í því sambandi er mikilvægt að tryggja fagmennsku í stjórn bankans. Taka verður til endurskoðunar hvernig staðið er að ráðningu bankastjóra.“



Fráfarandi forseti kvaddur

Fyrir hönd Alþýðusambands Íslands þakkaði nýkjörinn forseti Gylfi Arnbjörnsson fráfarandi forseta Grétari Þorsteinssyni vel unnin störf með eftirfarandi orðum:

Kæri Grétar:

Nú er komið að nýjum kafla í ævi þinni, vonandi þeim besta, þar sem þú ræður loksins tíma þínum sjálfur og getur nýtt hann í tómstundir og ferðalög. Meðfylgjandi gjafabréfi er ætlað að stuðla að því að þú getir notið þess að leggja land undir fót á erlendum grundum og skreppa jafnvel í einstaka búð í leiðinni.

Með gjöfinni fylgja innilegar þakkir fyrir störf þín í hágu Alþýðusambands Ísland og íslenskrar verkalyðshreyfingar, sem þú hefur unnið af einstökum heilindum og trúðmennsku. Við þökkum einnig það vinarþel, sem þú hefur sýnt okkur og öllum öðrum, sem starfað hafa með þér á þessum áratugum.

Með bestu óskum til þín og fjölskyldu þinnar um góða og hjarta daga.

Varaforseti sambandsins Ingibjörg R. Guðmundsdóttir þakkaði Grétari vel unnin störf og samstarfið á liðnum árum. Fundarsalur klappaði Grétari lof í lófa. Starfsmenn ASÍ færðu fráfarandi forseta blóm. Grétar þakkaði fyrir sig.

Fundarslit

Gylfi Arnbjörnsson framkvæmdastjóri ASÍ og nýkjörinn forseti sleit 8. ársfundi ASÍ með eftirfarandi orðum:

Ágætu félagar, ég vil byrja á því að þakka ykkur öllum góðan og árangursríkan ársfund, sérstaklega þá eindrægni og samstöðu sem hér hefur ríkt.

Hér höfum við fengið mikilvægt veganesti í glímunni við þau verkefni sem við stöndum frammi fyrir:

Við höfum sett skipulagsmálin í ákveðinn farveg innan okkar hreyfingar.

Við höfum mótað okkur skýrari stefnu og sýn í málefnum ungs fólks. Þrátt fyrir að þessi málaflokkur, sem átti að vera þungamiðja þessa ársfundar, hafi fallið í skuggann af yfirstandandi efnahagsþrengingum höfum við mótað okkur mikilvæga stefnu í þessu mikilvæga málefni.

Hér á fundinum höfum við sett okkur skýra áætlun um hvernig hægt verður að komast í gegnum þær þrengingar sem þjóðin er lent í. Hér er um mikilvægt veganesti að ræða sem hreyfingin öll hefur fengið og verður það verkefni formanna landsambandanna og stærstu félaganna að hrinda henni í framkvæmd í nánu samráði við baklandið.

Ég vil þakka stjórnendum fundarins fyrir þeirra framlag til þessa velheppnaða ársfundar. Þrátt fyrir mikla tímaþröng hefur þeim tekist að afgreiða öll mál í mikilli sátt við fundinn. Hafði þið þökk okkar allra fyrir.

Ég vil einnig biðja starfsmenn fundarins að koma hingað fyrir framan púltið þannig að ársfundafulltrúar getið séð þennan vaska hóp sem hefur verið boðinn og búinn að sinna öllum þeim fjölda verka sem svona glæsilegum ársfundi fylgir. Hafði þið einnig þökk okkar allra fyrir.

Ég vil að lokum þakka ykkur enn og aftur fyrir það mikla traust sem þið hafið sýnt mér og vil árétta fyrirheit mín um að leggja mig allan fram til að efla samstöðu og samheldni innan okkar ræða. Ég hef staðfasta trú á því að með samstöðunni mun okkur takast að vinna okkur í gegnum þessar þrengingar, fyrir ungt fólk og framtíðina. Okkar fólk treystir á okkur öll og ég er þess fullviss að við munum rísa undir því trausti.

Ég segi þessum áttunda ársfundi Alþýðusambands Íslands slitið, þakka ykkur öllum ykkar mikilvæga framlag. Megið þið eiga örugga heimkomu.

Fundi slitið kl. 15:40.



Fulltrúar á ársfundi ASÍ 2008

Bein aðild að ASÍ

Félag bókagerðarmanna

Félag bókagerðarmanna

Félag bókagerðarmanna

Félag bókagerðarmanna

VM - Félag vélstjóra og málmæknimanna

VM - Félag vélstjóra og málmæknimanna

VM - Félag vélstjóra og málmæknimanna

VM - Félag vélstjóra og málmæknimanna

VM - Félag vélstjóra og málmæknimanna

VM - Félag vélstjóra og málmæknimanna

VM - Félag vélstjóra og málmæknimanna

VM - Félag vélstjóra og málmæknimanna

VM - Félag vélstjóra og málmæknimanna

VM - Félag vélstjóra og málmæknimanna

VM - Félag vélstjóra og málmæknimanna

VM - Félag vélstjóra og málmæknimanna

VM - Félag vélstjóra og málmæknimanna

VM - Félag vélstjóra og málmæknimanna

MATVÍS

MATVÍS

MATVÍS

Bragi Guðmundsson

Georg Páll Skúlason

Oddgeir Þór Gunnarsson

Stefán Ólafsson

Friðrik Björgvinsson

Guðmundur H Þórarinsson

Guðmundur Þórður Ragnarsson

Gylfi Ingvarsson

Halldór Ingi Lúðvíksson

Haraldur Guðjón Samúelsson

Heimir Vilhjálmur Pálmason

Hervar Gunnarsson

Jón Jóhannsson

Kristinn Sævar Jóhannsson

Magnús Magnússon

Pétur V Maack Pétursson

Samúel Ingvason

Vignir Eyþórsson

Geir Bjarnþórsson

Jón Karl Jónsson

Niels Sigurður Olgeirsson

MATVÍS
MATVÍS
Félag ísl. hljómlistarmanna
Félag ísl. hljómlistarmanna
Félag leiðsögumanna
Flugfreyjufélag Íslands
Flugfreyjufélag Íslands
Mjólkurfræðingafélag Íslands

Sigurður Magnússon
Þorsteinn Ómar Gunnarsson
Hildigunnur Halldórsdóttir
Sigurgeir Sigmundsson
Pétur Jónsson
Ástríður Helga Ingólfssdóttir
Sigrún Jónsdóttir
Kristján Rudolf Larsen

Landssamband Ísl. Verslunarmanna

VR	Anna Þórðardóttir Bachmann
VR	Arngrímur Friðrik Pálmason
VR	Ágúst Halldórsson
VR	Árni Steingrímsson
VR	Benedikt Vilhjálmsson
VR	Birgir Már Guðmundsson
VR	Björgvin Ingason
VR	Dóra Sólrún Kristinsdóttir
VR	Eðvald Geirsson
VR	Einar Magnús Nikulássson
VR	Elías Guðmundur Magnússon
VR	Elísabet Magnúsdóttir
VR	Elsa Unnur Guðmundsdóttir
VR	Eygló Friðriksdóttir
VR	Grétar Hannesson
VR	Guðjón Steinarsson
VR	Guðmundur H Garðarsson
VR	Guðmundur Ingi Kristinsson
VR	Guðmundur J Jónsson
VR	Guðmundur Pétursson
VR	Guðrún Erlingsdóttir
VR	Guðrún Indriðadóttir
VR	Guðrún Jóna Valgeirsdóttir
VR	Gunnar Böðvarsson
VR	Gunnar Helgi Guðmundsson
VR	Gunnar Páll Pálsson
VR	Gylfi Arnbjörnsson
VR	Hafðís Júlía Hannesdóttir
VR	Helga Björk Pálsdóttir
VR	Hildur Mósesdóttir
VR	Inga Jóhannsdóttir
VR	Ingibjörg Finnbogadóttir
VR	Ingibjörg Kristjánsdóttir
VR	Ingibjörg Ólafsdóttir

VR	Ingibjörg R Guðmundsdóttir
VR	Ingólfur Kristmundsson
VR	Jóhann Óskar Þórólfsson
VR	Jóhanna E Vilhelmsdóttir
VR	Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir
VR	Jón Hrafn Guðjónsson
VR	Jón Ingi Kristjánsson
VR	Jón Magnússon
VR	Jónína Sóley Ólafsdóttir
VR	Judy Ásthildur Wesley
VR	Júlíana Pálsdóttir
VR	Júnía Þorkeldsdóttir
VR	Kalla Björg Karlsdóttir
VR	Kolbrún Friðriksdóttir
VR	Kolbrún Una Einarsdóttir
VR	Kristín Gísladóttir
VR	Kristín María Björnsdóttir
VR	Kristín Sigurðardóttir
VR	Lykke Bjerre Larsen
VR	Margrét Sveinsdóttir
VR	Margrét Sverrisdóttir
VR	Óskar Kristjánsson
VR	Petrína Ragna Pétursdóttir
VR	Ragnar Engilbertsson
VR	Ragnheiður Helgadóttir
VR	Rannveig Sigurðardóttir
VR	Reynir Jóseppson
VR	Rósmarý Úlfarsdóttir
VR	Sigurbjörg Jónsdóttir
VR	Sigurbjörg Þorláksdóttir
VR	Sigurður Jónsson
VR	Sigurður Sigfússon
VR	Sólveig Haraldsdóttir
VR	Stefanía Magnúsdóttir
VR	Stefán Viðar Egilsson
VR	Steinunn Böðvarsdóttir
VR	Stella Breiðfjörð Magnúsdóttir
VR	Sveinbjörn F Pétursson
VR	Sveinbjörn Hannesson
VR	Sæmundur Karl Jóhannesson
VR	Valur Magnús Valtýsson
VR	Valva Árnadóttir
VR	Þorlákur Jóhannsson
VR	Þorsteinn Bjarnason
VR	Þyri Emma Þorsteinsdóttir

Verslunarmannafélag Suðurnesja
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Stéttarfélag Vesturlands
Framsýn, stéttarfélag
Verslunarmannafélag Skagfirðinga
Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri
Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri
Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri
Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri
Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri
Verslunarmannafélag Suðurlands
Verslunarmannafélag Suðurlands
Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Rafiðnaðarsamband Íslands

Félag ísl. símamanna
Félag ísl. símamanna
Félag ísl. símamanna
Félag ísl. rafvirkja
Félag ísl. rafvirkja
Félag ísl. rafvirkja
Félag ísl. rafvirkja
Félag ísl. rafvirkja
Félag rafeindavirkja
Félag rafeindavirkja
Félag rafeindavirkja
Félag tæknifólks í rafiðnaði
Félag tæknifólks í rafiðnaði
Rafiðnaðarfélag Suðurnesja
Rafvirkjafélag Norðurlands
Félag rafiðnaðarmanna Suðurlandi
Félag sýningarmanna við kvikmyndahús
Félag símsmiða

Samiðn, samband iðnfélaga

TR-BYGG
TR-BYGG
TR-BYGG
TR-BYGG
TR-BYGG
TR-BYGG
Félag hársnyrtisveina
Félag iðn- og tæknigreina
Félag iðn- og tæknigreina

Bryndís Kjartansdóttir
Guðbrandur Einarsson
Sigrún Ólafsdóttir
Einar Oddur Pálsson
Snæbjörn Sigurðarson
Hjörtur S Geirmundsson
Eiður Stefánsson
Elísabet Hallgrímsdóttir
Friðbjörg Jóhannsdóttir
Hildur Tryggvadóttir
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir
Guðmundur Gils Einarsson
Margrét Ingbórsdóttir
Finnur Magnússon

Grétar Birkir Guðmundsson
Guðrún S Bergþórsdóttir
Kristín Ósk Óskarsdóttir
Björn Ágúst Sigurjónsson
Guðmundur Gunnarsson
Ísleifur Tómasson
Jón Ingi Skúlason Öfjörð
Svanborg Hilmarsdóttir
Björn Eysteinnsson
Haukur Ágústsson
Kristján Þórður Snæbjarnarson
Hafliði S Sívertsen
Þorsteinn Úlfar Björnsson
Georg Grundfjörð Georgsson
Helgi Jónsson
Helgi Guðmundsson
Stefán Ó Guðmundsson
Sigurgeir Ólafsson

Finnbjörn A Hermannsson
Grétar Þorsteinsson
Guðmundur Guðmundsson
Guðmundur Ómar Guðmundsson
Heimir Þorleifur Kristinsson
Sigurjón Einarsson
Súsanna Björg Vilhjálmsdóttir
Ármann Ægíur Magnússon
Georg Óskar Ólafsson

Félag iðn- og tæknigreina
 Félag iðn- og tæknigreina
 Félag iðn- og tæknigreina
 Félag iðn- og tæknigreina
 Félag iðn- og tæknigreina
 ÞINGIÐN
 AFL-Starfsgreinafélag
 AFL-Starfsgreinafélag
 Félag járníðnaðarmanna Ísafirði
 Félag málmíðnaðarmanna Akureyri
 Félag málmíðnaðarmanna Akureyri

Sjómannasamband Íslands

Sjómannafélag Hafnarfjarðar
 Sjómanna- og vélstj.fél. Grindavíkur
 Sjómanna- og vélstj.fél. Grindavíkur
 Sjómannafélag Eyjafjarðar
 Sjómannafélagið Jötunn

Starfsgreinasamband Íslands

Efling, stéttarfélag
 Efling, stéttarfélag
 Efling, stéttarfélag
 Efling, stéttarfélag
 Efling, stéttarfélag
 Efling, stéttarfélag
 Efling, stéttarfélag
 Efling, stéttarfélag
 Efling, stéttarfélag
 Efling, stéttarfélag
 Efling, stéttarfélag
 Efling, stéttarfélag
 Efling, stéttarfélag
 Efling, stéttarfélag
 Efling, stéttarfélag
 Efling, stéttarfélag
 Efling, stéttarfélag
 Efling, stéttarfélag
 Efling, stéttarfélag
 Efling, stéttarfélag
 Efling, stéttarfélag
 Efling, stéttarfélag

Helgi Pálsson
 Hilmar Harðarson
 Ólafur Sævar Magnússon
 Sveinn Ingason
 Sveinn Jónsson
 Vilhjálmur G Gunnarsson
 Jónas Kristjánsson
 Finnur Þorsteinsson
 Sævar Örn Armgrímsson
 Halldór Óli Hjálmarsson
 Finnbogí Jónsson
 Hákon Hákonarson

Jón Rósant Þórarinsson
 Hermann Magnús Sigurðsson
 Sævar Gunnarsson
 Konráð Þorsteinn Alfursson
 Hulda B Skarphéðinsdóttir

Aneta Magdalena Matuszewska
 Axel Finnur Norðfjörð
 Berglind Jónína Gestsdóttir
 Bjarni Bjarnason
 Elín Jónsdóttir
 Elín Lorenza Tangolamos
 Elínbjörg Magnúsdóttir
 Elísabet María Garðarsdóttir
 Fanny Helga Friðriksdóttir
 Franz Arason
 Friðrik Benediktsson
 Guðjón Ágúst Norðdahl
 Guðmundur Ragnar Ragnarsson
 Guðmundur Þ Jónsson
 Guðrún Hlín Adolfsdóttir
 Heimir Hafliðason
 Helga Björnsdóttir
 Hjálfríður Þórðardóttir
 Hrönn Bjarnþórsdóttir
 Ingi Bjarnar Guðmundsson
 Ingvar Vigur Halldórsson
 Jakóbína Guðjónsdóttir
 Jódís Sigurðardóttir
 Jóhann Ingvar Harðarson

Verkalýðsfélag Akraness	Jón Jónsson
Verkalýðsfélag Akraness	Skúlína Hlíf Guðmundsdóttir
Verkalýðsfélag Akraness	Vilhjálmur E Birgisson
Stéttarfélag Vesturlands	Baldur Jónsson
Stéttarfélag Vesturlands	María Erla Guðmundsdóttir
Stéttarfélag Vesturlands	Signý Jóhannesdóttir
Verkalýðsfélag Snæfellsbæjar	Sigurður A Guðmundsson
Stéttarfélagið Samstaða	Ásgerður Pálsdóttir
Verkalýðsfélagið Stjarnan	Þórunn S Kristinsdóttir
Verkalýðsfélag Stykkishólms	Þorsteinn Sigurðsson
Verkalýðsfélag Vestfirðinga	Finnbogi Sveinbjörnsson
Verkalýðsfélag Vestfirðinga	Ólafur Baldursson
Verkalýðsfélag Vestfirðinga	Þröstur Áskelsson
Aldan, stéttarfélag	Bjarki Tryggvason
Aldan, stéttarfélag	Þórarinn Guðni Sverrisson
Eining - Iðja	Anna Júlíusdóttir
Eining - Iðja	Ása Margrét Birgisdóttir
Eining - Iðja	Björn Snæbjörnsson
Eining - Iðja	Guðrún Fanney Skarphéðinsdóttir
Eining - Iðja	Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir
Eining - Iðja	Ingvar Kristjánsson
Eining - Iðja	Ingvar Örn Sigurbjörnsson
Eining - Iðja	Margrét Jónsdóttir
Eining - Iðja	Matthildur Sigurjónsdóttir
Eining - Iðja	Sigríður K Bjarkadóttir
Eining - Iðja	Sæunn Gunnur Pálmadóttir
Framsýn, stéttarfélag	Aðalsteinn Árni Baldursson
Framsýn, stéttarfélag	Agnes Einarsdóttir
Framsýn, stéttarfélag	Kristbjörg Sigurðardóttir
Verkalýðsfélag Þórshafnar	Kristinn Lárusson
AFL Starfsgreinafélag	Ásgeir Þór Sigmarsson
AFL Starfsgreinafélag	Guðlaugur Þröstur Bjarnason
AFL Starfsgreinafélag	Gunnar Smári Guðmundsson
AFL Starfsgreinafélag	Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir
AFL Starfsgreinafélag	Ingibjörg Sverrisdóttir
AFL Starfsgreinafélag	Jóna Járnbrá Jónsdóttir
AFL Starfsgreinafélag	Kazimierz Franciszek Kubiela
AFL Starfsgreinafélag	Konráð Sveinsson
AFL Starfsgreinafélag	Kristján Eggert Guðjónsson
AFL Starfsgreinafélag	Reynir Arnórsson
AFL Starfsgreinafélag	Sigurbjörg Kristmundsdóttir
AFL Starfsgreinafélag	Sigurður Hólm Freysson
AFL Starfsgreinafélag	Snorri Hallgrímsson
AFL Starfsgreinafélag	Steinunn Zoéga
AFL Starfsgreinafélag	Sverrir Mar Albertsson

AFL Starfsgreinafélag
Drífandi, stéttarfélag
Verkalýðsfélag Suðurlands
Verkalýðsfélag Suðurlands
Báran, stéttarfélag
Báran, stéttarfélag
Báran, stéttarfélag
Báran, stéttarfélag
Vl. og sjóm.fél. Boðinn
Vl. og sjóm.fél. Bolungarvíkur

Þorkell Kolbeins
Arnar G Hjaltalín
Anna María Ólafsdóttir
Már Guðnason
Ásdís Ágústsdóttir
Jóhannes Óli Kjartansson
Óðinn Kalevi Andersen
Ragna Gissurardóttir
Jóna Sigríður Gestsdóttir
Lárus Benediktsson



Aukaársfundur ASÍ í mars 2009

Setning fundarins

Aukaársfundur Alþýðusambands Íslands var haldinn á Hilton Reykjavík Nordica-hótelinu hinn 25. mars 2009.

Fundurinn hófst kl. 09:30.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, bauð fundargesti velkomna og gaf síðan forseta ASÍ, Gylfa Arnbjörnssyni orðið.

Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ flutti eftirfarandi ávarp:

„Forsætisráðherra, góðir ársfundarfulltrúar,

Það er við erfðar aðstæður sem Alþýðusamband Íslands boðar til þessa aukaársfundar undir yfirskriftinni Hagur, Vinna og Velferð – Endurreisn Íslands á traustum gildum. Við horfum upp á landið okkar í miklum vanda þar sem gjaldmiðilskreppa og hrun heils bankakerfis setur fjölda heimila og fyrirtækja í meiri vandræði en dæmi eru um í sögu lýðveldisins. Dýpt efnahagslæðarinnar og varanleiki hennar mun að hluta til ráðast af því hversu alvarlegur samdrátturinn verður á alþjóðavísu en einnig og ekki síður af því hvernig brugðist verður við hér innanlands bæði með aðgerðum og stefnumörkun.

Á hinum pólitíska vettvangi er umrót og óvissa. Breytingar verða á forystu stærstu stjórnsmálaflokkanna og meira ber á hefðbundnum yfirboðum en hugmyndum um úrræði. Traust almennings á valdastofnunum og áhrifamönnum í viðskipta- og atvinnulífi er nánast horfið og sátt ekki í auglýsni. Ómurinn af ásökunum Viðskiptaráðs og forstjóra stórfyrirtækjanna í garð stjórnvalda á undanförunum árum, um ofvaxinn eftirlitsiðnað, er enn í fersku minni og tillagan um arðgreiðslur hjá HB-Granda bera ekki vott um breytt viðhorf.

Forsenda sáttar er að mínu mati tvíþætt. Annars vegar að stjórnvöld taki á trúverðugan og réttlátan hátt á þeim sem báru ábyrgð á hruni bankakerfisins en öll aðferðafræði við rannsókn á aðdraganda hrunsins til þessa hefur verið í skötulíki. Hins vegar verða þeir sem ábyrgðina bera að biðja þjóðina afsökunar á því að hafa komið henni í þessa stöðu.

Við hljótum að kalla þessa aðila til ábyrgðar og spyrja hvort þeir ætlist virkilega til þess að endurreisn atvinnulífsins eigi sér stað á sama síðspilla grunni og áður? Alþýðusambandið er ekki til viðræðu um slíkt og okkar skilaboð af þessum fundi þurfa að vera mjög skýr. Við ætlumst til þess að endurreisnin verði byggð á traustum síðferðislegum og samfélagslegum gildum. Ef ekki tekst að finna sáttarflöt á slíkum nótum, er hættu á að reidi almennings brjótist út aftur og aftur og að hér muni ríkja pólitískur og félagslegur óstöðugleiki um ókomin ár. Samhliða er hætt við efnahagslegum óstöðugleika, óróleika á vinnumarkaði og tíðum stjórnskiptum. Það eru ekki eftirsökunarverðar framtíðahorfur fyrir þjóð í vanda.

En þrátt fyrir reiðina liggja í loftinu miklar væntingar um trúverðuga leiðsögn út úr ógöngunum. Þessum væntingum er m.a. beint að okkur í verkalýðshreyfingunni. Þess er krafist að við tökum þátt í því að skapa grundvöll að breiðri samfélagslegri sátt. Það er gríðarlega mikilvægt að verkalýðshreyfingin standi undir þessum væntingum og beiti öllu sínu afli, reynslu og þekkingu til að móta skýra og raunhæfa framtíðarsýn sem leitt getur þjóðina út úr þessum ógöngum.

Til þess að við getum staðið undir þessari ábyrgð verðum við einnig að horfa í eigin barm og spyrja m.a. hvornig við stóðum að málum í kjölfar bankahrunsins. Afstaða okkar í haust var að aðstoða við slökkvistarfið og gefa stjórnvöldum vinnufrið með það að markmiði að takmarka áhrif hrunsins og verja störfun okkar með því að halda hjólum atvinnulífsins gangandi. Við lögðumst þannig gegn kröfunni um að ríkisstjórnin færi frá og að efnt yrði til kosninga strax á síðasta hausti. Rök okkar voru þau að hætta yrði á pólitískri kreppu og að bið yrði á nauðsynlegum ráðstöfunum til að bjarga fjárhag heimila og fyrirtækja auk þess sem störf myndu glatast.

Þegar í ljós kom að aðgerðir ríkisstjórnarinnar voru veikburða og handahófskenndar og þeir sem báru ábyrgð á hruninu voru ekki látnir axla hana krafðist ASÍ þess að gerðar yrðu umfangsmiklar breytingar innan ríkisstjórnar, Seðlabanka og Fjármálaeftirlits til þess að freista þess að ríkisstjórnin næði sátt við þjóðina.

Engu af þessu var hrint í framkvæmd og reiðin magnaðist í samfélaginu. Um miðjan janúar var þolinmæði okkar á þrotum og miðstjórn ASÍ krafðist þess að ríkisstjórnin færi frá og að boðað yrði til kosninga. Eftir á að hyggja viðurkenni ég að við gerðum ákveðin mistök í þessu ferli, sem rýrðu ímynd okkar og stöðu gagnvart félagsmönnum og trúlega hefðum við átt að setja ríkisstjórninni stólinn fyrir dyrnar í byrjun desember í stað þess að biða fram yfir áramót.

Að sama skapi verður hreyfingin einnig að skoða hlutverk og þátt eigin stofnana í því ástandi sem hér ríkir. Síðferðilegur og fjárhagslegur trúverðugleiki lífeyrissjóðanna skiptir sköpum fyrir vöxt og viðgang lífeyriskerfisins. Enginn vafi er á því að þessi trúverðugleiki hefur beðið álitsshrekki sem við verðum að bregðast við.

Lífeyrissjóðirnir eru hluti af umsömdum og kjarasamningsbundnum réttindum og það er þess vegna sem stjórnir þeirra eru kjörnar af stéttarfélögum og atvinnurekendum að jöfnu. Þessir aðilar bera því ríka ábyrgð á allri starfsemi lífeyrissjóðanna og við verðum

að horfast í augu við þá staðreynd, að félagsmenn okkar beina sjónum sínum einkum að okkar fulltrúum í stjórnum þeirra og síður að fulltrúum atvinnurekenda. Það er að mörgu leyti eðlilegt og þess vegna verðum við beita okkur fyrir því að settar verði skýrar reglur um auknið gagnsæi, siðferði og trúverðugleika í starfi þeirra og liggur slík tillaga frá Lífeyrisnefnd ASÍ fyrir þessum fundi. Slikar reglur þurfa að ná jafnt til fjárfestingastefnu og daglegrar starfsemi sjóðanna, þ.m.t. til starfskjara, gjafa, risnu og ferðalaga.

Alþýðusambandið hefur í langan tíma talað fyrir nauðsyn þess að mynda breiða sátt um úrlausn þeirra vandamála sem við framan af þessum áratug stefndum í og lentum síðan í sl. haust. Við höfum lengi varað við því að stefna stjórnvalda og Seðlabanka myndi leiða til kollsteypu í formi mikillar verðbólgu og vaxandi atvinnuleysis vegna hruns á gengi íslensku krónunnar. Nægir hér að vitna til ályktana bæði ársfunda og miðstjórnar, sem og áherslna okkar við gerð kjara-samninga.

Þrátt fyrir að stjórnvöld hafi valið að huns þessi varnaðarorð, höfum við á undanförunum árum lagt áherslu á að búa launafólk undir afleiðingarnar af slíkri kollsteypu. Þetta á bæði við um stefnumótun í einstaka málaflokkum sem og beina samninga við atvinnurekendur og stjórnvöld. Nægir hér að vitna til yfirskrifta ársfunda og kynningarherferða okkar undanfarin ár – Velferð fyrir alla, Atvinna fyrir alla, Góð störf, Traust réttindi, Sterkari saman, Okkar veröld, Einn réttur – ekkert svindl.

Okkur hefur tekist að berja í ýmsa bresti í velferðarkerfi vinnumarkaðarins. Við höfum eft atvinnuleysisbótakerfið með upptöku tekjutengdra bóta, fengið fram lög um virkar vinnumarkaðsaðgerðir, treyst réttindi og stöðu utlendinga á vinnumarkaði, byggt upp fræðsluferfi fyrir lítið menntað fullorðið fólk á vinnumarkaði með stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og eflingu símenntamiðstöðvanna um land allt og nú síðast með stofnun Starfsendurhæfingarsjóds og auknum framlögum til endurhæfingar.

Allt eru þetta atriði sem skila sér nú af fullum þunga og fullyrða má að vegna þessa árangurs séum við betur undir það búin að takast á við ríkjandi aðstæður.

Sem verkalyðshreyfing hljótum við að líta á það sem eitt meginverkefni okkar við þessar aðstæður að tryggja annars vegar fjölgun starfa og uppbyggingu og hins vegar að sporna gegn því að efnahagsþrengingarnar auki á ójöfnuð, félagslega einangrun og að réttindi launafólks á vinnumarkaði veikist.

Fyrir okkur snýst málið því um:

-Markvissar aðgerðir til skemmri tíma til að draga úr áhrifum kreppunnar á hag heimila, fyrirtækja og störfvinnu okkar.

-Aðgerðir til lengri tíma til að koma hér á trúverðugum efnahagslegum stöðugleika sem og verja og efla forsendur norræna velferðarkerfisins.

Ég er sjálfur sannfærður um að lausn á aðsteðjandi kreppu byggir á því að hafa mótaða framtíðarsýn um hvert við viljum stefna og hvers konar samfélagi við viljum búa í. Norræna samfélagsgerðin hefur sýnt styrk sinn í fyrsta fasa þessarar kreppu og verkalyðshreyfingin á að setja sér það sem markmið að þróa nýjar lausnir á þessum grunni. Að sama skapi verðum við að horfast í augu við, að öflugt velferðarkerfi verður aðeins reist á trúverðugum efnahagslegum stöðugleika.

Á ársfundi okkar í október á síðasta ári lögðum við fram umfangsmikla áætlun um hvernig endurheimta mætti stöðugleika og verja kjör launafólks og stöðu heimilanna í landinu. Kjarni þeirrar stefnu var, að eina færa leiðin til að ná tökum á þróun gengis, vaxta og verðlags væri að stefna að aðild að ESB og upptöku evru. Ekki vegna

Þess að við værum öll orðin eldheitir Evrópusinnar, langt frá því. Heldur vegna þess að efnahagsþrengingarnar krefja okkur um nýjar áherslur og nýjar raunhæfar lausnir sem tryggja efnahagslegan stöðugleika fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu. Trúverðugleiki um stöðugt gengi, hóflega vexti og lága verðbólgu eru mikilvægar forsendur fyrir því og hraðri og öruggri endurreisn íslensks efnahagslífs og velferðarkerfis.

Á þessu hefur ekki orðið nein breyting og á þessum fundi viljum við endurmeta tillögur okkar og þetta raðir okkar um næstu skref.

Frá því í október höfum við nýtt tímann til að rýna í ýmsa þætti Evrópusamvinnunnar, bæði kosti þeirra og galla. Ljóst er að ef Ísland gengur í ESB munu ýmsar reglur sambandsins á sviði atvinnu-, félags- og velferðamála ásamt vinnumarkaðs- og menntamálum hafa bein áhrif hér á landi.

Að mörgu leyti er hér um mikilvæg og verðmæt réttindi fyrir launafólk að ræða. Má þar nefna félagsmálastefnu ESB með áherslu á jöfnuð og mannréttindi og ný tækifæri með samþættri stefnu ESB í efnahags-, atvinnu-, félags- og umhverfismálum. Að sama skapi eru einnig fólgnar ógnanir og hættur í aðild að ESB. Mikilvægt er að hafa augastað á þeim og mæta þeim með skilgreindum sammingsmarkmiðum og jafnvel skilyrðum. Þannig hefur Atvinnumálanefnd ASÍ lagt til veigamikilð veganesti í mótun krafna okkar til ásettannlegrar niðurstöðu í sjávarútvegs-, landbúnaðar- og byggðamálum. Þar er horft fordómalaust og afraunsæi á langtíma hagsmuni launafólks.

Því miður eru miklar líkur á því, að Evrópuumræðan fari enn einu sinni út á hliðar- spor í aðdraganda kosninga og greinilegt að stjórnmalaflokkunum er um megn að taka afstöðu til málsins. Þetta er áhyggjuefni, því fátt er mikilvægara við þessar aðstæður og það er óásættanlegt með öllu að þessi pattstaða innan og milli stjórnmalaflokkana komi í veg fyrir að þjóðin fái að taka afstöðu í málinu.

Á ársfundinum í október lögðum við einnig fram ítarlega aðgerðaáætlun um að verja hag heimilanna. Sérstök áhersla var lögð á að koma í veg fyrir að greiðslubyrði húsnæðislána vaxi fólki yfir höfuð. Það er ljóst að eftirfylgni ASÍ í þessum málum hefur skilað mikilvægum árangri. Það er hins vegar mikið áhyggjuefni hvernig bæði stjórnmalaflokkar og sjálfskipaðir bjargvættir hafa afvegaleitt umræðuna um raunhæfar lausnir á vanda heimilanna. Yfirboð um almenna lækkun skulda sem fjármagna á með galdrapulum skapa auðvitað væntingar meðal almennings um það sem vitað er að ekki verður hægt að mæta. Ég vona að fólk láti þetta ekki villa sér sýn, en áhersla okkar hefur verið á aðgerðir sem gera heimilunum kleift að standa undir skuldbindingum sínum þrátt fyrir tímabundna erfðileika, s.s. með greiðslujöfnun verðtryggðra lána, frestun greiðslna, tímabundinni frýstingu eða lengingu lána. Þessi úrræði munu gagnast flestum heimilum sem glíma við erfðileika um stundarsakir og til lengdar ætlumst við til þess, að landsmenn fái að njóta óverðtryggðra húsnæðislána til langs tíma líkt og launafólk í nágrannalöndum okkar en slíkt byggir á stöðugum og trúverðugum gjaldmiðli.

Það er hins vegar dagljóst að þessi úrræði duga ekki til þess að taka á vanda þeirra heimila sem verst eru stödd. Því höfum við lagt mikla áherslu á greiðsluaðlögun sem nái til allra skulda, þ.m.t. veðskulda vegna íbúðarhúsnæðis. Í því felst að greiðslubyrði skulda er aðlöguð að greiðslugetu skuldara, með endurskipulagningu lána og mögulegri niðurfellingu hluta höfuðstóls. Nú fyrir þinglok stefnir í að lög verði sett um greiðsluaðlögun almennra skulda en óvist er hvort takist að ná fram lögum um greiðsluaðlögun veðskulda vegna íbúðarhúsnæðis, sem ASÍ hefur barist fyrir frá árinu 1994. Það er með

öllu óásættanlegt, heykist Alþingi á því að samþykkja slík lög fyrir þinglok í vor.

Endurskoðun kjarasamninga átti að ljúka fyrir lok febrúar sl. Samtök atvinnulífsins höfðu í ljósi alvarlegrar stöðu efnahagslífsins og vaxandi atvinnuleysis tilkynnt að þau treystu sér ekki til þess að standa við launalið kjarasamninganna á þeim dagsetningum sem um var samið. Til að komast hjá uppsögn kjarasamninga óskuðu þau eftir því við ASÍ að umsömdum launahækkunum yrði frestað fram eftir þessu ári og því næsta, en þó þannig að þær komi til framkvæmda fyrri lok samningstímans. Þær launahækkningar sem eftir eru í samningunum frá 17. febrúar eru því langt frá því að vera í hendi og ljóst að háværar raddir eru innan SA fyrir því að atvinnurekendur segi sig frá samningnum áður en til umsaminnna kauphækkana kemur en til þess hafa þeir skýran rétt samkvæmt forsenduákvæði kjarasamninga.

Þegar ljóst var að ríkisstjórnin var fallin og boðað hafði verði til kosninga var erfitt fyrir okkur að ganga til samninga án þess að vita hvað væri í vendum í ríkisfjármálum og hver stefnan í efnahagsmálum yrði. Því lögðum við til að endurskoðuninni yrði frestað til loka júní, þegar ný ríkisstjórn með skýrt umboð gæti tekið þátt í þessum viðræðum og um það myndaðist mjög breið sátt innan okkar raða. Jafnframt tókst okkur að tryggja hækkingu dagvinnutekju-tryggingarinnar í 157 þús.kr. og að lengra orlof kæmi til framkvæmda þrátt fyrir frestun launahækkana.

Viðfangsefni okkar við komandi endurskoðun er að verja innihald kjarasamninganna frá 17. febrúar 2008. Komi ekki til framlengingar er hætt við að samningar dragist mjög á langinn og að mikilvæg verðmæti glatist úr samningnum – og eins og fram kom í fréttum í gær, er það alls ekkert sjálfgefið að okkur takist að verja kjarasamninginn. Ekki má gleyma því, að ef okkur tekst að verja kjarasamninginn, þó að á seinni dagsetningum sé, munu launataxtar á almennum vinnumarkaði hækka um samtals kr. 20.000 hjá verkafólki og kr. 28.000 hjá iðnaðarmönnum. Þær taxtahækkningar eru mikilvægar þar sem þær styrkja öryggisnetið hjá þeim sem eru á markaðsláunum og er mikil kjarabót fyrir þá sem eru á taxtalaunum. Gangi þetta eftir er líklegt, ef miðað er við verðbólguþátt, að kaupmáttur lágmarkskaupmanna muni hækka um tæp 4% hjá iðnaðarmönnum og rúm 8% hjá verkafólki á samningstímanum, frá febrúar 2008 til nóvember 2010. Takist okkur þetta er það ekki litill ávinningur og árangur, í ljósi þess að við göngum nú í gegnum mestu efnahagsþrengingar í áratugi.

En hvert skal halda? Hvernig samfélag viljum við? Á hvaða grundvelli viljum við hefja endurreisnina? Hvernig á hið nýja Ísland að vera?

Þegar við höfum verið að rýna í viðhorf okkar og það hvaða gildismat og siðferði við viljum að samfélagið verði byggt á, kemur það ekki á óvart að við staðnæmumst við grundvallargildi og viðhorf norrænu verkalyðshreyfingarinnar. Þau eru og hafa frá upphafi verið:

-Að samfélagið sem heild og stofnanir þess beri hita og þunga af velferðarkerfi sem tryggir öllum góða grunnmenntun, heilbrigðisþjónustu og mannsæmandi afkomu, sé og eigi að vera einn af hornsteinum samfélagsins – **velferð fyrir alla.**

-Að mikilvægt sé að gera sem flestum mögulegt að vera virkir þátttakendur í samfélaginu og á vinnumarkaði. Jafnframt að aðstoða þá sem missa starf sitt vegna breytinga á atvinnuháttum eða vegna annarra ástæðna við að fá annað starf við hæfi – **atvinna fyrir alla.**

-Að launafólk hafi með sér öflug samtök til að gæta hagsmuna sinna gagnvart atvinnu-

rekendum og stjórnvöldum og að réttindi og kjör launafólks á vinnumarkaði eigi að ákvarðast í frjálsum kjarasamningum, jafnframt því sem grundvallarréttindi séu bundin í lög – **sterkari saman**.

Með þessu viljum við tryggja í senn einstaklingum virka þátttöku í samfélaginu og mannlega reisu, fyrirtækjum og atvinnulífinu á hverjum tíma góða og hæfa starfskrafta og samfélagslega samstöðu og framfarir.

Reynslan sýnir að norræn samfélög sem byggja á velferðarhugsjón verkalyðshreyfingarinnar hafa skapað ibúum sínum mesta almenna velferð og lífsgæði meðal þjóða heims.

Það er enginn vafi að norrænu velferðarsamfélögin eru meðal þeirra samfélaga sem eru best búin undir framtíðina og ég er sannfærður um að þau munu fyrr og betur ráða við afleiðingar þessarar alheimskreppu. Samfélög sem byggja á öflugu og virku velferðarkerfi, góðri menntun fyrir alla, jöfnuði, jafnrétti kynjanna og traustum réttindum launafólks er einmitt sá grunnur sem byggja þarf á til að takast á við þann mikla vanda sem fylgir afleiðingum fjármálakreppunnar.

Alþýðusambandið er þeirrar skoðunar að margt hafi áunnist með starfi verkalyðshreyfingarinnar á síðustu árum. En þrátt fyrir það er ljóst að enn skortir mikið á að velferðakerfið tryggi öllum þau lífsgæði sem við gerum kröfur til. Alþýðusamband Íslands hefur einsett sér að byggja áfram á þeim árangri sem náðst hefur og vill við þessar aðstæður endurnýja þessi heit sín.

Augljóslega stöndum við frammi fyrir miklum vanda í fjármálum ríkis og sveitarfélaga sem kallar á breytta forgangsroðun. Þjóðin getur ekki haldið áfram að safna skuldum með gríðarlegum hallarekstri því slíkt myndi einungis leiða til vaxandi efnahagslegs óstöðugleika og atvinnubrests. Við verðum því að stilla hlutunum upp og ákveða hvað er okkur mikilvægast og kærast, hvar við drögum viglínurnar um kjör launafólks.

Grundvallarsýn ASÍ er, að farsæl og varanleg lausn þess mikla vanda sem þjóðin á við að glíma kalli á samstarf og nána samvinnu samtaka launafólks, samtaka atvinnurekenda og stjórnvalda um mótun samþættrar og samofinnar stefnu í efnahags-, atvinnu-, félags- og umhverfismálum. Mikilvægt er fyrir okkur að treysta raðir okkar og efla samstöðuna um þau markmið og þær leiðir sem við leggjum áherslu á.

Munum að afl okkar felst í samstöðunni og til að svo geti orðið verðum við hvert og eitt að leggja okkur fram um að ná henni og viðhalda. Þannig mun Ísland risa að nýju og þannig munum við tryggja kynslóðum framtíðarinnar þann arf sem forverar okkar í verkalyðshreyfingunni skópu.

Með þessum orðum segi ég þennan aukaársfund settan og óska okkur velfarnaðar í starfi okkar á fundinum“.

Ávarp forsætisráðherra

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, bauð forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, velkomna til fundarins. Hún flutti eftirfarandi ræðu:

„Ágætu fundargestir:

Ég vil þakka fyrir að fá tækifæri til þess að vera hér með ykkur í upphafi þessa aukaársfundar ykkar og ávarpa þann mikilvæga hóp sem hér er saman kominn.

Til fundarins er boðað í ljósi sérstakra aðstæðna í samfélaginu. Þið munuð hér í dag ræða framtíðarsýn Alþýðusambands Íslands til endurreisnar íslensks efnahags- og atvinnulífs og það er ákaflega brýnt.

Það hefur að mínu mati aldrei verið mikilvægara en einmitt nú að verkalýðshreyfingin láti til sín heyra og til sín taka. Það hefur aldrei verið mikilvægara en nú að stjórnvöld hlýði á raddir hins almenna launamanns sem leggur grunn að framleiðslu og velferð í samfélagi okkar.

Við Íslendingum blasa nú mestu efnahagsþrengingar frá lýðveldisstofnun. Íslenska þjóðin hefur á þessum mánuðum sem liðnir eru orðið fyrir miklum áföllum, fjárhagslegum og félagslegum – sem snert hafa flest heimili í landinu.

Atvinnuleysið hefur risið hátt. Það er hærra en við höfum séð um áratuga skeið og stærsti hluti þjóðarinnar hefur þurft að þola mikið fjárhagslegt tap og hremmingar. Kvíði og ótti fólks varðandi framtíðina hefur verið mikill og er mjög skiljanlegur.

Það er engum vafa undirorpið að trúverðugleiki stjórnvalda og margra mikilvægra stofnana samfélagsins hefur beðið mjög mikinn hnekki. Það kallar á uppstokkun, breytar leikreglur og raunar á margan hátt líka að ný gildi í samfélaginu verði sett í öndvegi í samfélagi okkar.

Græðgisvæðingin hefur haft hér öll tök og við sjáum nú hvað það hefur verið þjóðinni dýrkeypt. Það er eins og hver hafi verið sjálfum sér næstur og samfélagsleg gildi verið á hröðu undanhaldi.

Nýr sáttmáli þjóðarinnar verður að byggja á jafnræði, samfélagslegri ábyrgð, bættu siðferði og kannski ekki síst hófsemd og náungakærleik. Ég tel að það séu fyrst og fremst þessi gildi sem munu leiða okkur upp úr þeim öldudal sem við erum nú í.

Það eru ekki bara auðjöfrannir í fjármála- og viðskiptalífi, stjórnvöld og eftirlitsstofnanir sem bera ábyrgð á því hvernig komið er og verða að sýna iðrun og auðmýkt gagnvart þjóðinni.

Allir þeir sem ábyrgð bera í samfélaginu verða að horfa í eigin barm og spyrja: Get ég gert betur og hvernig getum við lagt okkar af mörkum til að við sem þjóð getum saman endurreist ný gildi – nýtt samfélag - sem við erum stolt af - fyrir framtíð okkar þjóðar.

Hér á þessum vettvangi vildi ég leyfa mér að segja að aðilar vinnumarkaðarins geta lagt stóran skerf fram, ekki bara með því að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að styrkja atvinnulífið og velferð fjölskyldna. Það þarf líka að skoða leikreglur í stjórnskipulagi og stjórnarháttum lífeyrissjóðanna, stærstu sjóða launafólks.

Má eitthvað færa þar til betri vegar til að auka lýðræði, draga úr hagsmunaaðrekstrum og háum sporslum og stjórnunarkostnaði? Allt skiptir þetta máli í endurreisninni framundan þannig að hægt sé að auka tiltrú fólks á mikilvægum samfélagslegum stofnunum.

Við verðum líka að bera gæfu til þess í okkar annars ágæta samfélagi að finna jafnvægi á milli sjónarmiða og stöðu launafólks annars vegar og viðskiptalífsins og fyrirtækjanna í landinu hins vegar.

Við verðum nú á sama hátt og fjölmargar aðrar þjóðir að endurmeta gildi okkar og ráðast gegn því misvægi sem hefur því miður aukist verulega á síðustu árum. Við eigum og verðum að berjast gegn því af alefli að hér verði áfram byggt upp samfélag óréttlætis og sundrunar.

Tímar ofurlauna í íslensku atvinnulífi eru liðnir. Þeir sem haga sér með slíkum hætti í því umhverfi sem við búum við í dag eru í raun að segja sig úr siðferðilegu sambandi við þjóðina. Ég hvet aðila vinnumarkaðarins til að taka til umfjöllunar á sínum vettvangi þróun samsetningar launa, aukagreiðslna, kaupukasamninga, bónusa og starfslokasamninga.

Ofurlaunakerfin sem áttu sinn þátt í að leiða til þeirra efnahagsþrenginga og misskiptingar auðs sem við erum að reyna að ná okkur út úr hlýtur að þurfa að endurskoða.

Þeir sem stunda atvinnurekstur verða að bera gæfu til þess að finna jafnvægi á milli vinnuframlags hins almenna launafólks annars vegar og hagnaðar eigenda hins vegar.

Aðilar vinnumarkaðarins sýndu mikinn þroska þegar þeir sömdu um framlengingu kjarasamninga fyrir um mánuði síðan. Framlag ykkar var og er lofsvert, en til að sátt sé um það þurfa allir að vera aðilar að slíkri sáttgjörð, meðan við vinnum okkur út úr vandanum. Það gengur ekki að greiða út arð, háa bónusa eða ofurlaun til eigenda og æðstu stjórnenda á meðan kraftist er fórn af launafólki.

Ríkið hlýtur nú einnig að skoða mjög alvarlega hvernig fyrirtæki sem þiggja ríkisástoð verja hagnaði sínum. Ég tel að þau og reyndar öll fyrirtæki sem skila hagnaði um þessar mundir hljóti að horfa til þess að verja hagnaði sínum til verðmætaaukningar í fyrirtækjum og fjölgunar starfa frekar en að greiða út arð og stuðla þannig að uppbyggingu til framtíðar í þessum fyrirtækjum.

Agætu gestir.

Við hittumst hér í skugga þeirrar staðreyndar að tala atvinnulausra hefur aldrei verið hærrí frá því skráningar hófust hér á landi. Um sautján þúsund manns eru nú á atvinnuleysisrá og Vinnumálastofnun gerir ráð fyrir að talan hækki umtalsvert þegar námsmenn hefja leit að sumarstörfum.

Atvinnuleysi gæti farið yfir 10% enda þótt það hafi sem betur fer ekki aukist jafn hratt nú og það gerði á tímabili í lok síðasta árs. Það er sárt að horfa fram á fjölda fólks sem unnið hefur af heilindum og samvisskusemi missa vinnu sína, bæði í fjármálastofnunum og annars staðar, vegna áhættu fárra en áhrifamikilla hópa.

Hvernig á að koma atvinnulausum til hjálpar og skuldsettum heimilum? Samkvæmt greiningu Seðlabanka Íslands er það einmitt atvinnulausa fólkið og láglaunafólkið sem á erfðast með að greiða af skuldum sínum.

Vandi heimilanna er mikill, ekki síst hjá þeim heimilum þar sem atvinnuleysið hefur knúið dyra eða tekjur lækkað umtalsvert af öðrum ástæðum.

Við þurfum ekki að ýkja þennan vanda – hann er raunverulegur og við honum þurfum við að bregðast.

Staðreyndin er engu að síður sú, að enn hefur 90% af vinnumarkaðnum atvinnu og stærsta verkefnið er að draga úr þessu atvinnuleysi.

Samkvæmt úttekt Seðlabankans eru enn ríflega 80% af heimilum landsins með jákvætt eigið fé í húseign sinni og ríflega 60% með 5 milljónir eða meira í hreina eign.

Úttekt Seðlabankans sýnir einnig að 33% heimila landsins greiða innan við 50 þúsund

krónur í afborganir fasteignalána á mánuði og 42% 50 - 100 þúsund krónur. Samtals eru því riflega 75% þessara skuldsettu heimila að greiða undir 100 þúsund krónur á mánuði vegna fasteignalána, sem er vissulega mjög mikið fyrir mörg heimili í landinu.

Samt sýnir þetta okkur að vandinn er viðráðanlegur þó vissulega sé hann mikill. Við þurfum líka að hafa í huga að atvinnuleysið og sá samdráttur sem við nú horfumst í augu við, er tímabundinn vandi. Við munum á næstu misserum og árum vinna okkur út úr vandanum. Atvinna mun aukast á ný strax á næsta ári. Tekjur heimilanna munu vaxa í beinu framhaldi og húsnæðisverð mun smátt og smátt hækka á ný, þó vafalaust eigi það enn eftir að lækka á þessu og næsta ári.

Fyrir en varir mun því birta á ný og sameiginlegt verkefni okkar allra er fyrst og fremst að tryggja að þau heimili sem komast í vanda í öldudalnum miðjum verði aðstoðuð og þau studd eftir þörfum þar til birtir á ný.

Sumum dugar að lækka greiðslubyrðina og lengja í lánum – slík úrræði hafa verið innleidd fyrir verðtryggð lán og sambærileg úrræði er verið að útfæra í samstarfi við allar fjármálastofnanir. Þessi úrræði geta lækkað greiðslubyrði lána um 10-50% miðað við það sem ella hefði orðið.

Einhverjir þurfa á tímabundnum greiðslufrestum að halda, jafnvel í 1-3 ár, vegna atvinnumissis eða annarra tímabundinna aðstæðna. Slík úrræði hafa verið innleidd hjá Íbúðalánasjóði og munu á næstu dögum einnig ná til annarra fjármálastofnana í landinu.

Enn öðrum dugar að brúa bilið með auknum vaxtabótum eða útgreiðslu séreignarsparnaðar. Lög um útborgun séreignarsparnaður hafa þegar verið samþykkt og geta einstaklingar tekið út allt að 1 milljón og hjón 2 milljónir. Frumvarp um 25% hækkun vaxtabóta bíður nú afgreiðslu á Alþingi, en verði það samþykkt geta vaxtabótageiðslur hjá hjónum sem hafa 3-8 milljónir í árstekjur hækkað um riflega 170.000 krónur, fara úr 314 þúsundum í 487 þúsund. Það munar um slíkar fjárhæðir þegar haft er í huga að u.þ.b. 75% af heimilum landsins greiða undir 100 þúsund krónur á mánuði í húsnæðislán.

Ég leyfi mér að fullyrða að ofangreind úrræði munu duga til að bregðast við vanda langflestra heimila þar sem skuldavandi vegna hefðbundinna húsnæðislána eða skyndilegs tekjufalls knýr dyra. Þar sem vandinn er hinsvegar víðtækari en svo að ofangreind úrræði dugi, hefur ríkisstjórnin lagt á það áherslu að allt verði gert til að bregðast við fjárhagsaðstæðunum án þess að fjölskyldur misstu heimili sitt eða einstaklingar yrðu knúðir í gjaldþrot.

Í þessu skyni biða nú samþykkis á Alþingi lagafrumvörp um greiðsluaðlögun samningakrafna, greiðsluaðlögun fasteignaveðlana, frestun nauðungaruppboða og aukinn stuðning og bættu stöðu einstaklinga sem nálgast greiðsluþrot.

Allt þetta, ásamt þeim lagabreytingum sem þegar hafa verið samþykktar um lækkan dráttarvaxta og heimilda til Íbúðalánasjóðs um að leigja húsnæði, eru til þess fallnar að verja heimili og búsetuöryggi þeirra fjölskyldna sem lenda í alvarlegum fjárhagsvanda á næstu misserum. Það er þessi hópur sem þarf raunverulega á aðstoð að halda í formi niðurfellingar á skuldum.

Slík niðurfelling gæti verið 10%, 20% eða 50%, 1 milljón króna, 4 milljónir eða 10 milljónir – það fer allt eftir aðstæðum hvers og eins. Það er vegna þessa hóps sem bankar og fjármálastofnanir hafa reiknað með afskriftum lána eins og ýmsum hefur orðið tíðrætt

um. Vandi þessa fólks verður ekki leystur með því að lækka skuldir með flatrí niðurfellingu á alla, líka skulda þeirra sem nóg hafa handa á milli.

Seðlabankinn hefur reyndar reiknað út hvernig þær tvær hugmyndi sem helst hafa verið reiðfadar koma út gagnvart heimilum landsins. Þá útreikninga fékk ég í hendur í gær.

Báðar tillögurnar, annars vegar 20% niðurfelling og hins vegar 4 milljóna niðurfelling húsnæðislána myndi kosta um það bil 300 milljarða, eingöngu vegna húsnæðislána. Tillögurnar eru hins vegar því marki brenndar að aðeins innan við helmingur niðurgreiðslunnar myndi renna til þess hóps sem býr við lakasta eiginfjárstöðu. Stærstur hluti ríkisstyrkjarins myndi renna til þeirra sem hafa 5 milljónir eða meira í eigið fé.

Báðar tillögurnar eru því ómarkvissar og mjög kostnaðarsamar fyrir skuldsettan ríkissjóð og það sem verst er að þær binda langan skuldaklafa á börn okkar og barnabörn um langan tíma.

Tillagan um að fella niður 20% af öllum skuldum, bæði heimila og fyrirtækja yrði reyndar einhver mesta eignatilfærsla frá einstaklingum til fyrirtækja sem hér hefði farið fram. Skuldir fyrirtækjanna eru margfaldar á við skuldir einstaklinga og því færú útgjöld ríkisins vegna þessa fyrst og fremst til fyrirtækja. Skatturinn yrði hinsvegar greiddur af launþegum þessa lands.

Mér reiknast til að heildarkostnaður vegna þess yrði milli 800-900 milljarðar króna, ríflega 10 milljónir á hverja 4 manna fjölskyldu í landinu. Til að setja þetta í samhengi þá er reiknað með að skuldir ríkissjóðs, ekki síst vegna hrunsins, verði í lok þessa árs um 1100 milljarðar. Við værum því nánast að tvöfalda þá upphæð með 20% hugmyndinni, sem velt yrði yfir á skattgreiðendur og framtíðina.

Ágætu þingfulltrúar:

Ríkisstjórnin hefur einnig gripið til ýmissa aðgerða til að efla hér atvinnu og kynnt áætlun um að skapa 6.000 störf.

Af þessum 6.000 störfum eru um 2.000 í orkufrekum iðnaði. Þar er ekki aðeins stóriðnaður sem skiptir máli, heldur mannaflsfrekar framkvæmdir og til þeirra lítum við þegar við nefnum þessi 6.000 ársverk. Þá er mikilvægt að hlúa að atvinnugreinum þar sem við nýtum sem best menntun og þekkingu; ég nefni hátækniíðnað og sérfræðistörf.

Þá vil ég nefna endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna viðhaldsframkvæmda úr 60 í 100 prósent tímabundið og auknar útlánaheimildir Íbúðalánasjóðs til viðhaldsframkvæmda. Þetta gæti aukið atvinnu verulega, ekki síst hjá verktökum og iðnaðarmönnum. Ég hvet fólk eindregið til að nýta sér þessar breytingar, en hér er um tímabundin úrræði að ræða. Þá hefur sá möguleiki að gera ráð fyrir hlutastörfum samhliða atvinnuleysisbótum verið nýttur mikið. Um 20% þeirra sem eru skráðir atvinnulausir eru nú í hlutastarfi.

Eitt mikilvægasta verkefni ríkisstjórnarinnar er þó að endurskipuleggja bankakerfið og er sú vinna langt komin. Þá er verið að vinna skipulega að áætlun um að afnema gjaldeyrishöftin og ná niður stýrivöxtum hratt og markvisst, og það ferli er nú hafði. Þetta er undirstaða endurreisnar atvinnulífsins en þó hafði þetta því miður dregist úr hófi í tíð fyrri ríkisstjórnar.

Við sem förum með ríkisfjármálin verðum að taka þau föstum tókum. Við þurfum að horfast í augu við mikinn niðurskurð og forgangsröðun verkefna og þjónustu. Ég vænti þess að í því erfiða verkefni sem framundan er, munum við leita sem kostur er eftir samráði og afstöðu hagsmunaaðila og almennings. Ég vil að við stöndum vörð um velferðarkerfið og grunnþjónustuna. Ég vil hlífa fólk með lágar og meðaltekjur og styrkja öryggisnetið.

Það er þekkt að of mikill niðurskurður á einu sviði getur leitt til kostnaðar og varanlegs skaða á öðrum sviðum.

Ég tel að við ættum að skoða nú sem aldrei fyrr breytingar á stjórnkerfinu og sameiningu ráðuneyta, svo sem efnahagsráðuneyta og atvinnuálaráðuneyta. Það myndi gera stjórnáráðuneytin mun skilvirkari og ódýrari og það vantar líka meiri stjórnfestu í stjórnáráðuneytin. Ég vil á sama tíma efla upplýsingagjöf til almennings og gera stjórnáráðuneytin gagnsærri og opnari fyrir almenningi.

Ég vil líka að við ráðumst gegn skattaundandrætti og lokum skattaskjólum. Fyrir liggja tillögur þess efnis, sem ég vænti að verði nú afgreiddar frá Alþingi. Ég vil líka sjá réttlátara skattkerfi þar sem byrðarnar eru lagðar á þá sem mest hafa, en ekki á þá sem minnst bera úr bytjum. Skattkerfið hefur í of miklum mæli verið notað undanfarinn einn og hálfan áratug, til að hækka byrðar á fólki með lágar og meðaltekjur á meðan þeim var hlíf og þeir fengu skattalækkanir sem mest höfðu fyrir.

Ágætu fundarmenn.

Þið ræðið í fundarboði ykkar um endurreisn og er það vel. Mörg jákvæð teikn eru á lofti um að uppbyggingin sé hafin. Verðbólgan fer nú lakkandi mánuð eftir mánuð. Árs-hækkun síðastliðna þrjá mánuði er nú aðeins 1,9%. Í febrúar var verðbólgan 10,9%, í janúar 16,4% og í desember 24%. Þessar tölur segja allt sem segja þarf um hina jákvæðu þróun.

Verðlag lækkaði í síðasta mánuði og hefur ekki lækkað meira í einum mánuði frá árinu 1986. Verðhjöðnun nú mun um næstu mánaðamót lækka verðtryggðar skuldir heimila í landinu um sex milljarða króna. Við erum þegar farin að sjá lækkan vaxta og frekari lækkanar er að vænta í byrjun apríl. Þetta eru vissulega góðar fréttir og vekja okkur vonir um að við séum nú að snúa vörn í sókn til hagsbóta fyrir atvinnulífið og heimilin í landinu.

Og við verðum að horfa til framtíðar. Reynsla íslenskrar þjóðar af því að viðhalda sjálfstæðum gjaldmiðli er ekki góð. Atvinnulífið hefur að stórum hluta siglt í ólgusjó ótryggs gjaldmiðils eins og þorri almennings. Launafólkið hefur mátt þola það árum saman að tekjur þess hafi verið óvissar og engin trygging hefur verið fyrir því að þær héldu í við fjárhagslegar skuldbindingar heimilanna.

Verðtryggingin hefur verið viðtækari og meiri hér á landi en annars staðar. Reyndar horfir nú svo á næstu mánuðunum að í fyrsta skipti um langa hríð muni skuldarar hagnast á þeirri verðlagsþróun sem spáð er, en til lengri tíma litið er óþolandi annað en íslenskt launafólk og atvinnulífið búi við hliðstæð kjör og bjóðast í efnahagslífi hjá helstu viðskiptaþjóðum okkar. Meðal annars af þessum ástæðum hljótum við að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Ágætu fundarmenn

Ég óska ykkur góðs gengis í ykkar mikilvægu störfum í dag. Ég veit að slíkur aukaársfundur hefur ekki verið haldinn á vettvangi ASÍ frá lokum sjöunda áratugar. Tilefnið er ærið og það að þið boðið til þessa fundar ber vott um ábyrga afstöðu og sýnir að þið eruð reiðubúin að leggja ykkar af mörkum. Ég met það mikils og fyrir það er ég ykkur þakklát.

Við Íslendingar virðumst nú ganga fyrstir þjóða í gegnum djúpa kreppu sem fjölmargar þjóðir kljást við um heim allan. Það jákvæða er að allt bendir til þess að við verðum í hópi þeirra þjóða sem fyrst munu ná sér á strik aftur. Við höfum sýnt það og

sannað að við erum vinnusöm og öflug og að vinnumarkaður okkar og samfélagið í heild er sveigjanlegra en víðast annars staðar. Það eigum við nú að nýta okkur.

Við bíum yfir miklum gæðum og mun meiri gæðum en margar aðrar þjóðir. Við bíum við náttúruauðlindir til sjávar og sveita og orku sem er og verður dýrmæt. Við erum að ýmsu leyti sjálfum okkur nóg og við eigum nú sem aldrei fyrr að líta til þess sem framleitt er hér á landi með íslenskum vinnandi höndum og úr íslensku hráefni.

Það jákvæða við þá erfiðleika sem við göngum nú í gegnum er að við lítum okkur nær og að um land allt spretta nú upp lífvænlegir sprotar sem ég trúi að eigi eftir að vaxa og dafna. Þetta er sprotar framtíðarinnar byggðir á þeim mikla mannauði sem við bíum yfir hér í þessu gjöfula landi.

Nú þurfum við öll að snúa vörn í sókn.

Tími endurreisnar og uppbyggingar er hafinn. Með ný gildi réttlætis og jöfnuðar í öndvegi eru okkur allir vegir færir.“

Kjörbréfanefnd

Guðmundur Þ. Jónsson, formaður kjörbréfanefndar, gerði grein fyrir álitum nefndarinnar. Í kjörbréfanefnd eiga sæti auk Guðmundar, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Ísleifur Tómasson.

Ágætu félagar:

Í samræmi við ákvæði 31. gr. laga Alþýðusambandsins skipaði forseti ASÍ 16. mars sl. eftirtalda í kjörbréfanefnd vegna aukaársfundar sambandsins, 25. mars 2009:

Þann sem hér talar, Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur, formann LÍV og Ísleif Tómasson, starfsmann RSÍ.

Kjörbréfanefnd kom saman til fundar þriðjudaginn 24. mars. til að fjalla um innkomin kjörbréf og verklag vegna aukaársfundar ASÍ.

Samkvæmt 28. gr. laga ASÍ eru fulltrúar á aukaársfundi þeir sömu og kosnir voru til síðasta reglulegs ársfundar.

Vegna síðasta reglulega ársfundar ASÍ, sem haldinn var 23. til 24. október 2008, var í samræmi við 2. mgr. 29. grein laga ASÍ, landssamböndum og landsfélögum með beina aðild úthlutað alls 290 fulltrúum. Þá samþykkti miðstjórn ASÍ að úthluta tveimur aðildarfélögum sem ekki náðu inn fulltrúa á grundvelli 2. mgr. 29. gr. laganna einum fulltrúa hvoru skv. 4. mgr. 29. gr.

53 aðildarfélög og deildir sendu inn kjörbréf vegna 290 fulltrúa. Alls hafa því 290 fulltrúar seturétt á þessum aukaársfundi ASÍ.

Kjörbréfanefnd hefur ákveðið að viðhafa eftirfarandi verklag á fundinum nú:

Í fundargögnum liggur frammi listi með nöfnum þeirra ársfundarfulltrúa sem kjörbréfum hefur verið skilað fyrir, raðað eftir aðildarfélögum eða landssamböndum. Þar sem fulltrúar eru kjörnir af aðildarfélögum á grundvelli aðildar að landssambandi kann sama félag að vera með fulltrúa hjá fleiri en einu landssambandi.

Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréfi í samræmi við framlagðan lista verði öll samþykkt.

Ef það eru ábendingar sem þið viljið gera við samþykkt kjörbréf samkvæmt framangre-

indum lista er þess óskað að þið komið þeim á framfæri við starfsmann kjörbréfanefndar. Starfsmaður nefndarinnar er Halldór Grönvold og verður hann hér frammi í anddyri til að taka við ábendingum.

Breytingar á kjörbréfum verða bókaðar og gerð grein fyrir þeim í fundargerð frá þessum fundi.

Afgreiðsla kjörbréfa

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, bar upp tillögu kjörbréfanefndar og var hún samþykkt samhljóða.

Kjör starfsmanna

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, gerði tillögu um Signýju Jóhannesdóttur sem fundarstjóra á ársfundinum og var tillagan samþykkt samhljóða.

Signý Jóhannesdóttir tók við stjórn fundarins og gerði tillögu um Jóhönnu E. Vilhelmsdóttur sem 1. varafundarstjóra og Önnu Melsteð sem 2. varafundarstjóra. Tillaga fundarstjóra var samþykkt samhljóða.

Þá gerði fundarstjóri tillögu um Snæbjörn Sigurðarson og Svein Ingason sem skrifara. Tillaga fundarstjóra var samþykkt samhljóða.

Loks gerði fundarstjóri tillögu um Mariönnu Traustadóttur og Stefán Úlfarsson sem ritara. Tillaga fundarstjóra var samþykkt samhljóða.

Að þessu frágengnu gerði fundarstjóri grein fyrir framkomnum óskum um heimild til setu á aukaársfundi með málfrelsi og tillögurétt:

Miðstjórn ASÍ fjallaði á fundi sínum 18. mars sl. um þann möguleika að einstaklingar sem kjörnir hafa verið í stjórnir síðan á síðasta ársfundi fái seturétt á aukaársfundinum sem áheyrnarfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt.

Samþykkt var að leggja þetta til við aukaársfund ASÍ enda kæmi slík ósk frá viðkomandi stjórnnum.

Í framhaldi af framangreindri samþykkt hefur stjórn VR óskað eftir að eftirtaldir fái seturétt á aukaársfundinum: Kristinn Örn Jóhannesson, Ragnar Þór Ingólfsson, Bjarki Steingrímsson, Gunnar Heiðberg Gestsson og Anna Helgadóttir.

Komið hefur ósk um að nýr formaður Verkalýðs- og sjómannafélaga Sandgerðis, Magnús S. Magnússon, fái seturétt á fundinum sem áheyrnarfulltrúi.

Borist hefur ósk frá Félagi Mjólkurfræðinga um að nýr formaður félagsins, Markús Jósefsson, fái seturétt sem áheyrnarfulltrúi á fundinum.

Þessar óskir voru samþykktar.

Atkvæðagreiðsla um ályktanir aukaársfundar

Klukkan 17:30 var gengið til atkvæða um fyrirbyggjandi tillögur.

Hagur

Skjalið um „**haginn**“ var borið upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt með einu mótatkvæði.

Áherslur ASÍ í efnahagsmálum

Lífskjör dragast nú hratt saman og atvinnulífið veikist í kjölfar bankahrunsins. Alþýðusam-

band Íslands vill á ný byggja upp öflugt efnahagslíf sem tryggir góð störf og traust lífskjör sem standast samanburð við það sem best gerist í heiminum. Þess vegna þurfum við að taka strax á vandanum. Verði það ekki gert eru allar líkur á að við lendum í langvarandi stöðnun í hagkerfinu með viðvarandi atvinnuleysi sem erfitt verður að losna út úr.

Sýn ASÍ:

- Uppbygging efnahagslífsins byggir á því að við gerum upp við bankahrunið og afleiðingar þess.
 - Fáum heildaryfirsýn yfir stöðu þjóðarþúsins og að almenningur verði upplýstur um hana.
 - Gerð verði hlutlaus, viðamikil og vönduð rannsókn á bankahrununni og aðdraganda þess.
 - Þeir sem bera siðferðilega-, pólitíska eða lagalega ábyrgð, verði látnir axla hana.
 - Endurreisn á nýjum grunni
 - Koma á siðbót í viðskiptalífínu
 - Skýra ábyrgð og skyldur í viðskiptalífínu og styrkja eftirlitsstofnanir samfélagsins
 - Settar verði siðareglur um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna og fyrirmyndarreglur um almenna starfsemi sjóðanna, þ.m.t. launa- og starfskjarastefnu. Vegna ásakana í garð stjórna og stjórnenda lífeyrissjóða er nauðsynlegt að Fjármálaeftirlitið kanni í skýrslu sinni hvort sjóðirnir hafi á undanförunum árum starfað eftir lögum, samþykktum og fjárfestingastefnum sjóðanna.
 - Stöðugleiki er forsenda þeirra lífskjara sem við viljum búa við
 - Ársfundur ASÍ 2008 ályktaði að aðild Íslands að ESB og upptaka evru sé eina færa leiðin til að tryggja stöðugan gjaldmiðil til framtíðar.
 - Upptaka evru er forsenda stöðugs verðlags, lágra og stöðugra vaxta og afnáms verðtryggingar.
 - Umsókn um aðild að ESB og yfirlýsing um að Ísland stefni að því að taka upp evru sem gjaldmiðil eykur trúverðugleika okkar í glímunni við veikingu krónunnar og efnahagsvandann og hjálpar þannig til við að ná tökum á gengi krónunnar, losa um gjalddeyrishömlur, lækka vexti og draga úr verðbólgu.

Helstu áherslur ASÍ :

Bráðaaðgerðir fyrir heimili og fyrirtæki

- Á næstu dögum og vikum þarf að grípa til margvíslegra aðgerða til þess að verja hag heimilanna, styrkja atvinnulífið og fjölga störfum. Eftirfarandi atriði skipta miklu máli í því samhengi:
 - Verja gildandi kjarasamninga, einkum hækkun kaupmála, þannig að þeir verði komnir til framkvæmda fyrir lok samningstímans.
 - Að vextir lækki hratt.
 - Tryggja skuldsettum heimilum viðunandi úrræði til að takast á við minnkandi kaupmála, aukði atvinnuleysi, vaxandi skuldir og lækkandi húsnæðisverð.
- Lög verði sett um greiðsluáðlögun skulda, þ.m.t. veðskulda vegna íbúðarhúsnæðis. Slíki lög heimili að greiðslubyrði skulda verði aðlöguð að greiðslugetu skuldara

með endurskipulagningu lána og mögulegri niðurfellingu hluta höfuðstóls af veðskuldum umfram markaðsverð fasteignar.

- Komið verði á Bjargráðasjóði heimilanna sem hafi það hlutverk að fjármagna afskriftir skulda heimila og önnur þau úrræði sem komið verði á fót. Sérstök áhersla verði lögð á aðstoð við yngra fólk sem keypti nýlega sína fyrstu eign.
- Að einfalda og efla núverandi kerfi húsaleigu- og vaxtabóta, t.d. með því að sameina húsaleigu- og vaxtabætur í eitt kerfi húsnæðisbóta, hækka bótaupphæðir og draga úr skerðingum.
 - Varða þarf leiðina út úr gjaldeyrishöftunum.
 - Ljúka endurskipulagningu bankanna þannig að eðlileg bankastarfsemi komist á.
- Ljúka mati á eignum „nýju“ og „gömlu“ bankanna og stilla upp efnahagsreikningum þeirra.
- Semja við erlenda lánardrottna um að þeir gerist eigendur að bönkunum á móti ríkinu.
- Setja bönkunum verklagsreglur sem tryggja jafnræði við endurfjármögnun fyrirtækjanna.
- Bankarnir bjóði fyrirtækjum greiðslujöfnun gengis- og verðtryggðra skulda til að koma í veg fyrir greiðsluþrot.
- Tryggja eðlilega lausafjármögnun fyrirtækja, m.a. með því að koma á endurkaupa- og afurðalánakerfi hjá Seðlabanka Íslands og tímabundnum útflutningsábyrgðum.
 - Herða verður regluverk um fjármálamarkaðinn og tryggja stöðu launafólks:
- Setja strangar reglur um lágmarks fjárhagslega burði þátttakenda á fjármálamarkaði.
- Takmarka óhóflegar lánveitingar og óeðlilega áhættutöku.
- Setja reglur og herða eftirlit með starfsemi vogunarsjóða og hlutabréfasjóða.
- Setja reglur sem koma í veg fyrir hagsmunaaðreksra og tryggja gegnsæi í ákvörðunum.
- Tryggja launafólki rétt til upplýsinga og heyrslna (hörung) í tengslum við allar yfirtökur.
- Setja skorður á umfang launagreiðslna til yfirstjórnenda á fjármálamarkaði og hættu bónusgreiðslum og kaupréttarsamningum til þeirra.
- Setja reglur sem koma í veg fyrir notkun skattaskjóla og skattaundanskota og herða reglur gegn peningþvætti.
 - Stuðla að aukinni atvinnu með því að:
- Forgangsráða opinberum framkvæmdum þannig að ráðist verði í mannafslæfrefrar framkvæmdir. Forgangsröðunin verði unnin í samræði við aðila vinnu- markaðarins.
- Heimildir Íbúðalánasjóðs til lánveitinga vegna viðhaldsverkefna verði rýmkaðar þannig að þær nái til leiguhúsnæðis í eigu félaga, félagasamtaka og sveitarfélaga.
- Ríki, sveitarfélög og fyrirtæki nýti sér úrræði s.s. starfsþjálfunarsamninga, reynsluráðningar, frumkvöðlaverkefni og námssamninga, sem felast í reglum um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir.
- Stofnanir og stjórnir sjóða á vegum hins opinbera gefi verkefnum sem hafa í för með sér fjölgun starfa meira vægi við afgreiðslu umsókna um styrki.

- Skapa aðstæður fyrir stofnun sérstaks fjárfestingarsjóðs sem hafi það hlutverk að koma að uppbyggingu atvinnulífsins m.a. með því að ljúka uppgjöri milli lífeyrissjóða og skilaneftnda bankanna. Mikilvægt er að sem flestir aðilar, innlendir og erlendir, komi að stofnun og rekstri slíks sjóðs.
- Stuðla að fjárfestingum erlendra aðila hérlendis.
- Skapa aðstæður fyrir íslensk framleiðslufyrirtæki á alþjóðamarkaði til að fjárfesta frekar innanlands en utan en óvissa og óstöðugleiki í íslensku efnahagslífi hafa latt þau til þess.
- Tryggja þarf öflugt samkeppnisefirlit og virka neytendavernd til þess að vinna gegn því að rekstrarerfiðleikar og samruni fyrirtækja hafi skaðleg áhrif á samkeppni og auki hér fákeppni.

Stöðugleiki

- Koma á stöðugleika.
- Stefna að upptöku evru svo fljótt sem verða má.
- Hagstjórnin miði við að Ísland uppfylli sem fyrst ákvæði stöðugleikasáttmála ESB, en þau eru einnig skilyrði sem ESB setur fyrir upptöku evru (Maastricht skilyrðin).

Rekstur hins opinbera

- Það er forgangsmál að koma á jafnvægi í rekstri ríkis og sveitarfélaga til að koma í veg fyrir frekari skuldasöfnun hins opinbera og hækkun raunvaxta.
- Slíkt verður ekki gert nema með hagræðingu á öllum sviðum. Breyta þarf forgangsröðun án skerðingar á grunnþjónustu velferðarkerfisins.
- Mikilvægt er að verkalýðshreyfingin komi að umræðu um breytta forgangsröðun og nauðsynlegar breytingar á skattkerfinu.
- Alþýðusambandið leggur áherslu á að þeir tekjuhærra beri stærri hluta byrðanna þannig að þeim tekjulægri verði hlíf við skattahækkunum.“

Vinna

Skjalið um „vinnuna“ var borið upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt með þorra atkvæða.

„Í uppbyggingarstarfi komandi ára mun reyna mjög á innviði samfélagsins og getu til að aðlagast nýjum veruleika. Til þess að vel til takist og við getum haldið áfram að tryggja hér góð lífskjör er nauðsynlegt að við byggjum velgengni okkar til framtíðar á framsæknu menntakerfi, öflugu atvinnulífi og traustum vinnumarkaði.

Atvinnumál

Í ályktun ársfundar ASÍ síðastliðið haust, um aðgerðir til að endurheimta fjármálastöðugleika eru lagðar til ýmsar aðgerðir á sviði atvinnumála. Þar er byggt á stefnu Alþýðusambandsins í atvinnumálum, ekki hvað sist áherslum á hagnýtar rannsóknir, nýsköpun og sprotafyrirtæki. Endurreisn Íslands byggist á að hér náist efnahagslegur stöðugleiki og þar leika aðildarviðræður við ESB stórt hlutverk. Hugsanleg aðild að sambandinu mun hins vegar hafa ýmsar afleiðingar fyrir atvinnulífið í landinu. Sumar jákvæðar aðrar

neikvæðar. Það er því brýnt að kortleggja vandlega þýðingu fullrar aðildar að ESB fyrir íslenskt atvinnulíf. Greina helstu álitamálin og á grundvelli þess leggja fram eðlileg samningsmarkmið gagnvart Evrópusambandinu. (sjá nánar í Greinargerð atvinnuá- nefndar um ESB aðild)

Sýn ASÍ:

- Sett verði fram skýr samningsmarkmið í aðildarviðræðum við ESB sem byggjast á;
 - Að yfirráð Íslands yfir auðlindum innan efnahagslögsögunnar séu tryggð og ávinningur af nýtingu þeirra skili sér inn í íslenskt atvinnulíf.
 - Stefna ASÍ er að standa vörð um íslenskan landbúnað og nýta þau sóknarfæri sem skapast á nýjum mörkuðum og að komið verði til móts við hugsanlegan samdrátt í markaðshlutdeild innlendrar landbúnaðarframleiðslu.
 - Að tekið verði tillit til sérstöðu Íslands hvað varðar strjálbýli og veikburða skipulagseiningar í stjórnsýslunni.

Helstu áherslur ASÍ:

Sjávarútvegur

- Að yfirráð Íslands yfir auðlindum sjávar innan efnahagslögsögunnar séu tryggð.
- Að ávinningur af nýtingu auðlinda sjávar skili sér inn í íslenskt atvinnulíf.
- Hagsmunir Íslands í samningum um deilistofna séu sannanlega tryggðir.
- Rétturinn til að nýta allar auðlindir sjávar, þar með talin sjávarspendýr, á sjálfbæran hátt sé tryggður.
- Kröfur vegna sjávarútvegs mála á að rökstyðja með tilvísun til þess að sjávarútvegur er sjálfbær atvinnugrein hér á landi, að stofnar eru almennt í betra ásigkomulagi en innan ESB, að afkoma þjóðarinnar byggir á sjávarútvegi og að sjávarútvegur er undirstaða byggðar í landinu.

Landbúnaður

- Auk hefðbundins stuðnings við landbúnað innan ESB verður að tryggja heimildir til að beita öðrum úrræðum hér á landi, eins og t.d. vegna legu landsins og harðbýlis, og byggðasjóðum sambandsins. Þannig verði leitast við að koma til móts við hugsanlegan samdrátt í markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu og tryggja matvælaöryggi.
- Heimildir til videigandi aðgerða gegn útbreiðslu dýra- og smitsjúkdóma séu tryggðar.
- Kröfur vegna landbúnaðarmála á að rökstyðja með tilvísun til sérstöðu Íslands hvað varðar hollustu og heilbrigði matvæla. Íslenskur landbúnaður er vegna legu landsins og veðurfars illa samkeppnishæfur í verðum við lönd innan ESB. Einnig má nýta fordæmi úr aðildarsamningum annarra landa.

Byggðamál

- Að sérstaða Íslands, m.a. hvað varðar strjálbýli og áhrif innri markaðarins á byggða- og atvinnuþróun hér á landi, sé viðurkennd í byggðastefnu ESB og í skil- yrdum fyrir úthlutun úr sjóðum sambandsins.

- Að komið verði til móts við veikburða skipulagseiningar í íslenski stjórnslu til að þær eigi raunhæfa möguleika á þátttöku í Evrópusamvinnunni.
- Að tekið verði tillit til þess að sumar reglur ESB í byggðamálum kunnir að vera óraunhæft að útfæra við íslenskar aðstæður.
- Kröfur vegna byggðamála á að rökstyðja með tilvisun í sérstöðu Íslands, þess að landið er jaðarsvæði, eyja fjarri meginlandinu, strjálbýlt og fámennt; einnig má nýta fordæmi úr aðildarsamningum annarra landa.

Vinumarkaðsmál

Viðurkennt er af stjórnvöldum að aðilar vinnumarkaðarins gegna mikilvægu hlutverki við uppbyggingu og þróun atvinnulífsins og velferðarkerfisins.

Nú þegar íslenskt samfélag glímur við samdrátt og alvarlegar efnahagsþrengingar hefur aldrei verið mikilvægara fyrir launafólk að hafa öflug og framsækna verkalýðshreyfingu sem vinnur að því að efla og treysta þá eiginleika norræna velferðarsamfélagsins og vinnumarkaðsmóðelsins sem er að finna í okkar samfélagi.

Þá er nauðsynlegt að fylgjast vandlega með og taka virkan þátt í stefnumótun og þróun vinnumarkaðs- og félagsmála á Evrópuvísu.

Sýn ASÍ:

- Að öflug og samtaka verkalýðshreyfing er mikilvæg til að verja réttindi launafólks og hag heimilanna á tímum efnahagsþrenginga og fyrir það uppbyggingarstarf sem er framundan.
 - Skapa þarf viðtæka sátt í samfélaginu um að verja réttindi launafólks og meginstöðir velferðarkerfis á vinnumarkaði meðan samfélagið er að vinna sig út úr efnahagsþrengingunum. Það gildir m.a. um margháttuð réttindi launafólks sem tryggð eru með kjarasamningum, atvinnuleysisstryggingar, kerfi virkra vinnumarkaðsaðgerða og starfsendurhæfingar, Aþbygdasjóð launa og réttindi til fæðingar- og foreldraorlofs.
- Að samstarf og samningar verkalýðshreyfingar og samtaka atvinnurekenda sem byggja á trausti og sameiginlegum skilningi á nauðsyn þess að byggja upp traust atvinnulíf, sem skapar launafólki góð störf og öflug réttindi, er mikilvæg forsenda endurreisnarstarfsins.
- Að samráð og samstarf samtaka launafólks, samtaka atvinnurekenda og stjórnvalda um að samþætta stefnu í efnahags-, atvinnu-, félags- og umhverfismálum og framtíðarsýn á grunni norræna velferðar- og vinnumarkaðsmóðelsins er farsælasta leiðin til að byggja upp samfélag framtíðarinnar.
- Ísland taki virkan þátt í samstarfi um endurreisn atvinnulífsins og bættu stöðu launafólks á Evrópuvísu og á alþjóðavettvangi í samstarfi við hin Norðurlöndin og alþjóðastofnanir.
- Hagsmunir íslensks launafólks eru best tryggðir með því að Ísland verði fullgildur þátttakandi á sviði vinnumarkaðs- og félagsmála á Evrópuvettvangi.
- Nota á uppbyggingarstarfið í atvinnulífinu til að vinna á og uppræta launamun kynjanna og aðra mismunun á vinnumarkaði.

Helstu áherslur ASÍ:

- Móta skýra sýn um stöðu og hlutverk Alþýðusambandsins sem heildarsamtaka í

samstarfi við aðildarsamtök sín og önnur samtök launafólks.

- Styðja og styrkja aðildarsamtökin með upplýsingum og ráðgjöf þannig að þau geti sem best þjónað og aðstoðað félagsmenn sína við erfiðar aðstæður.
- Að eiga samráð og samstarf við samtök atvinnurekenda og önnur heildarsamtök launafólks um skilyrði og aðgerðir til að treysta stöðu launafólks á vinnumarkaði og uppbyggingu atvinnulífsins.
- Að knýja á um og fylgja eftir stefnumótun til framtíðar í efnahags-, atvinnu-, félags- og velferðarmálum með þríhliða samráði stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins á grunni norræna móðelsins.
- Að hafa forystu um að verja meginstoðir velferðarkerfisins á vinnumarkaði og þau grunnildi sem það hvílir á og hafa frumkvæði að nauðsynlegum breytingum eftir því sem þörf krefur.
- Að leggja sérstaka áherslu á og tryggja sem víðtækast samstarf um virkar vinnu- markaðsaðgerðir og önnur úrræði sem er ætlað að efla og treysta stöðu fólks á vinnumarkaði, einkum atvinnulausra og þeirra sem veikast standa.
- Að fylgja sérstaklega eftir áherslum og aðgerðum sem miða að því að uppræta kynbundinn launamun og aðra mismunun á vinnumarkaði.
- Að tryggja að hagsmunir launafólks á sviði vinnu- markaðs- og félagsmála verði ein af grunnforsendum í umfjöllun um aðild Íslands að Evrópusambandinu og skilgreiningu á samningsmarkmiðum Íslands.
- Að vera virkur þátttakandi í samstarfi verkalýðshreyfingarinnar á Norðurlöndum og á Evrópuvísu og í alþjóðastofnunum um velferð launafólks og réttláta og sann- gjarna hnattvæðingu.

Menntamál

Öflugt menntakerfi gegnir lykilhlutverki í enduruppbyggingu íslensks atvinnulífs.

Sérstaklega skal huga að réttindum og möguleikum þeirra sem misst hafa vinnuna til að afla sér aukinnar menntunar. Annað tækifæri til náms er eitt stærsta verkefni sem Íslendingar þurfa að takast á við á næstu árum. Með því er fólki sem hætt hefur námi af einhverjum ástæðum gert kleift að setjast á skólabeck að nýju. Það er mikilvægt framlag til aukins jafnréttis og jafnaðar í samfélaginu.

Mikilvægt er að stuðla að gagnkvæmri viðurkenningu á menntun milli landa og mögu- leikum einstaklinga til að sækja sér viðurkennda menntun erlendis. Með þátttöku í símennt- unaráætlunum ESB hefur Íslendingum gefist gott tækifæri til þátttöku í menntasamstarfi á mörgum sviðum. Nauðsynlegt er að fylgjast vandlega með og taka virkan þátt í stefnu- mótun og þróun menntunar á Evrópuvísu.

Sýn ASÍ:

- Allir hafi, óháð efnahag, uppruna, búsetu eða fjölskyldustöðu, tækifæri til menntu- nar í samræmi við þarfir sínar og aðstæður hverju sinni.
- Að stjórnvöld treysti stöðu fólks á vinnumarkaði með litla formlega menntun og tryggt verði að reynsla og hæfni sé metin til styttingar á námi.
- Námslánakerfið verði endurskoðað og gert sveigjanlegra fyrir þá einstaklinga á vinnumarkaði sem vilja hverfa aftur í nám, þannig að jafnræði til náms verði tryggt.

- Að dregið verði úr brottfalli t.d. með aðstoð við nemendur og tryggt að sem flest ungmenni ljúki námi úr framhaldsskóla og tryggt að verknám og bóknám verði metið að jöfnu.
- Að farið verði markvisst í að ná því markmiði að ekki verði meira en 10% fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- og framhaldsmenntunar árið 2020.
- Að Ísland verði fullgildur þátttakandi í stefnumótun og samstarfi á sviði menntunar á Evrópuvísu og nýti þá möguleika sem símenntunaráætlun ESB og menntasamstarf gefa.

Helstu áherslur ASÍ:

- Treysta stöðu fólks á vinnumarkaði með litla formlega menntun þannig að hæfni og reynsla verði metin til styttingar á námi og skólakerfið viðurkenni raunfærni-mat.
- Að tryggja að skráningargjöld í skólum og kostnaður vegna námsgagna- og tækja verði ekki til að mismuna nemendum eftir efnahag.
- Að knýja á um fjölbreyttara námsframboð í skólakerfinu með áherslu á verk- og starfsnám og að nægilegt fjármagn verði tryggt.
- Sveigjanlegra námslánakerfi sem mætir betur þörfum fólks á vinnumarkaði.
- Miðla upplýsingum til aðildarfélaganna um stöðu menntamála á alþjóðavettvangi í gegnum alþjóðlega hreyfingu launafólks og í samstarfi við stjórnvöld, mennta-stofnanir og samtök atvinnurekenda.
- Hagnýta sem best þá möguleika sem bjóðast í Evrópusamstarfi fyrir launafólk og atvinnulífið með virkri þátttöku verkalýðshreyfingarinnar í samstarfi við samtök atvinnurekenda og stjórnvöld. Þar eru óþrjótandi tækifæri í framtíðinni.“

Velferð

Skjalið um „**velferðina**“ var borið upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða.

„Verkalýðshreyfingin hefur lagt áherslu á að byggja upp velferðarkerfi að norrænni fyrirmynd, þar sem samfélagið og stofnanir þess bera hita og þunga af velferðarkerfi, sem tryggir öllum góða grunnmenntun, heilbrigðisþjónustu og mannsæmandi afkomu. Reynslan sýnir að norræn samfélög sem byggja á velferðarhugsjón verkalýðshreyfingarinnar hafa skapað íbúum sínum mesta almenna velferð og bestu lífsgæði meðal þjóða heims.

Alþýðusamband Íslands hefur í starfi sínu á undanförmum árum lagt mikla áherslu á að treysta stöðir velferðarkerfisins. Þó að margt hafi áunnist er ljóst að enn skortir á að velferðarkerfið tryggi öllum þau lífsgæði sem við gerum kröfur til. Í þeim efnahagsþrengingum sem þjóðin stendur frammi fyrir er mikilvægt að fram fari opinská og hreinskiptin umræða um breytta forgangsroðun verkefna og viðfangsefna í velferðarkerfinu. Alþýðusambandið er reiðubúið til að taka þátt í þeirri umræðu. Jafnframt gera samtökin kröfu til þess að horft verði til lengri tíma í uppbyggingu kerfisins. Þar getur þátttaka okkar og stuðningur af stefnumótun á sviði félags- og velferðarmála innan ESB skipt sköpum.

Sýn ASÍ:

- Að byggja upp öflugt velferðarkerfi sem stenst samanburð við það sem best gerist á Norðurlöndunum.
- Með inngöngu í Evrópusambandið er tryggt að íslenskt launafólki njóti betur þeirrar verndar sem Félagsmálasáttmáli Evrópu veitir. Slíkt myndi styrkja félagsleg réttindi, reglur gegn mismunun, auka áherslur á almenn mannréttindi og efla þannig velferðina.
- Samfélög sem byggja á öflugu og virku velferðarkerfi, góðri menntun fyrir alla, jöfnuði, jafnrétti og traustum réttindum launafólks eru best til þess fallin að takast á við erfiðleika í efnahagslífinu. Öflugt velferðarkerfi er því aldrei mikilvægara en nú.
- Þróun velferðarkerfisins á næstu misserum mun markast af stöðu efnahagsmála og því er nauðsynlegt að forgangsraða í velferðarmálum og leggja áherslu á þá þætti sem standa þarf sérstakan vörð um eða efla. Lögð verði áhersla á að allir hafi jafnan rétt til tryggingarverndar.

Lífeyriskerfi sem byggir á þremur stöðum almannatrygginga, samningsbundnum greiðslum í lífeyrissjóði og fjálsfum viðbótarlífeyrissparnaði skilar bestum lífeyris- og áfalla-tryggingum fyrir launafólk. Lífeyriskerfið er óaðskiljanlegur hluti af kjarasamningum, þar sem aðilar vinnumarkaðarins bera ríka ábyrgð á rekstri kerfisins.

Helstu áherslur ASÍ:

Málefni barna og barnafólks

- Mikilvægt er að styðja við bakið á barnafólki. Öflugasta leiðin til þess er að efla barnabótakerfið með því að hækka bæturnar og draga verulega úr tekjutengingum. Að tryggja öllum börnum aðgang að leikskólum, gæslu og máltíðum í grunnskólum ásamt íþrótt- og tólmundastarfi, óháð efnahag og félagslegri stöðu foreldra.
 - Slíkt verður best gert með því að sveitarfélög dragi úr gjaldtöku og auki frekar kostnaðarþátttöku sína á þessum sviðum.
 - Huga þarf sérstaklega að þeim hópi sem ekki hefur tök á að greiða fyrir þjónustuna og tryggja að það hafi ekki áhrif á aðgengi eða félagslega stöðu barnanna.
- Að tryggja öllum börnum og unglíngum viðunandi aðgengi að alhliða heilbrigðisþjónustu, m.a. með auknum niðurgreiðslum á lyfjum og tannlækningum ásamt sjón- og heyrnatækjum.
- Að börnum með sérþarfir sé tryggður fullur stuðningur innan skólakerfisins og eflað verði þjónusta í heimabyggð, þar sem hætt er við að þjónusta við þennan hóp dragist saman þegar þengir að.

Húsnæðismál

- Að koma á öflugum leigumarkaði sem verði raunverulegur valkostur fyrir fólk. Eðlilegt er að hið opinbera beiti sér fyrir því að hér geti orðið til burðug leigufélög sem tryggi framboð á öruggu leiguhúsnæði.
- Að veita fólk sem er að koma inn á húsnæðismarkaðinn í fyrsta skipti sérstaka

aðstoð, s.s. í formi fyrstukaupastyrkja sem virka hvetjandi á sparnað.

- Að sveitarfélögin auki framboð af leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum fyrir þá tekjulægstu. Jafnframt verði skyldur sveitarfélaga varðandi félagslegt leiguhúsnæði skýrðar betur og reglur þeirra samræmdar.
- Að lækka leigu í félagslegu húsnæði og að sú lækkun verði látin taka gildi fyrir hrun bankanna síðastliðið haust - en leiga í félagslegu húsnæði hefur frá þeim tíma hækkað mikið vegna vísitölubindingar á sama tíma og húsaleiga á almennum markaði hefur lækkað.

Heilbrigðismál

- Að tryggja öllum aðgengi að heilbrigðiskerfinu óháð búsetu, efnahag og félagslegri stöðu. Því er aukinni gjalddöku í heilbrigðiskerfinu hafnað.
- Sett verði hámark á þátttöku sjúklinga í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu og lyfja.
- Komið verði betur til móts við þá sem þurfa að sækja heilbrigðisþjónustu um langan veg með því að niðurgreiða frekar þann kostnað sem af því hlýst þ.m.t. ferða- og dvalarkostnað.

Kynbundið ofbeldi

- Á erfiðleikatímum er hætt við að kynbundið ofbeldi aukist. Því er mikilvægt að standa vörð um starfsemi Neyðarmóttöku, Kvennaathvarfs, Stígamóta og annarra stofnana og félagasamtaka sem hafa það hlutverk að aðstoða þolendur og gerendur ofbeldis.

Lífeyris- og veikindaréttarmál

- Tryggja verður að áhrif bankahrunsins á lífeyrisréttindi í samtryggingarsjóðum leggist með jöfnum hætti á alla launamenn, en verði ekki borin eingöngu af sjóðsfélögum á almennum vinnumarkaði.
 - Tryggja þarf að áföllum í samtryggingarlífeyrissjóðum, sem ekki njóta ábyrgðar atvinnurekenda, verði mætt þannig að ekki komi til þess að skerða þurfi réttindi núverandi lífeyrisþega.
- Lífeyrisréttindi verði samræmd og jöfnuð milli sjóða á almennum vinnumarkaði og á samningssviði ríkis og sveitarfélaga.
- Standa þarf vörð um lágmarkstekjuviðmið almannatrygginga, en jafnframt verður að koma í veg fyrir óhóflugar tekjutengingar sem draga úr hvata til þátttöku í almenna lífeyriskerfinu.
 - Tryggja verður að frítekjumark nái að fullu til greiðslna úr lífeyrissjóðum.
- Fulltrúar aðila vinnumarkaðarins fái beina aðkomu að vinnu stjórnvalda við endurskoðun á verkaskiptingu milli almannatrygginga og lífeyrissjóða í Framkvæmdanefnd um endurskoðun almannatryggingakerfisins.
- Unnið verði að breytingum á veikinda-, slysa- og örorkubótarétti í þeim tilgangi;
 - Að treysta og auka lífsgæði þeirra sem missa starfsorkuna vegna veikinda og slysa.
 - Að tryggja skýrari og samfelldari réttindi launafólks hjá einum aðila með því

- að ávinnsla veikinda- og slysaréttar verði í ríkari mæli byggð á réttindum í sjúkrasjóði í stað ávinnslu hjá atvinnurekanda.
- Að viðhalda og efla hlutverk sjúkrasjóðanna og treysta þannig tengsl félagsmanna við sitt stéttarfélag.
 - Alþýðusambandið leggur áherslu á að breytingar á skaðabótalögum nái fram að ganga, þannig að tryggt sé að öllum frádrætti bóta Tryggingastofnunar og lífeyrisjóða verði hætt.“

Fundarslit

Klukkan 17:50 sleit **Gylfi Arnbjörnsson** forseti ASÍ aukaársfundi ASÍ 2009.

Ágætu félagar:

Þá er komið að lokum þessa aukaársfundar okkar. Við höfum rætt hér mismunandi leiðir til lausnar á aðsteðjandi vanda og tekist á um sumar þeirra. Mikilvægast er fyrir okkur að ganga af þessum fundi með það hugarfar og viðhorf að fylkja liði um það sem ákveðið hefur verið.

Ég tel að við höfum fengið gott veganesti og að ASÍ sé nestað góðum og úthugsuðum tillögum til bæði lausnar á aðsteðjandi vanda og það sem mestu máli skiptir - framtíðarsýn um hvers konar samfélag við viljum og á hvaða siðferði það verði reist.

Það er alveg ljóst að það eru erfiðir tímar framundan en ég er jafnframt bjartsýnn á að okkur mun á grundvelli samstöðu og sáttar takast að yfirvinna þá og komast aftur á rétta kjöl. Það eru okkar mikilvægustu heit til þeirra sem eru án atvinnu í dag.

Ég vil þakka stjórnendum fundarins vel unnin störf og röska stjórn á fundinum og starfsmönnum okkar fyrir að skapa okkur þær aðstæður sem til þurfti.

Ykkur ársfundafulltrúum vil ég þakka ykkar mikilvæga framlag til þessa fundar. Með þessum orðum segi ég þessum aukaársfundi slitið og óska ykkur góðrar heimkomu.

Klukkan 17:55 lauk fundi.

Fulltrúar á aukaársfundi ASÍ 2009

Bein aðild að ASÍ

Félag bókkagerðarmanna *Fjöldi fulltrúa 4*

Bragi Guðmundsson
Georg Páll Skúlason
Hrafnhildur Ólafsdóttir
Oddgeir Þór Gunnarsson

VM - Félag vélstjóra og málmæknimanna *Fjöldi fulltrúa 14*

Friðrik Björgvinsson
Guðmundur H Þórarinnsson
Guðmundur Þórður Ragnarsson
Gylfi Ingvarsson
Halldór Arnar Guðmundsson
Haraldur Guðjón Samúelsson
Hervar Gunnarsson
Magnús Magnússon
Pétur V Maack Pétursson
Vignir Eyþórsson
Halldór Ingi Lúðvíksson
Jóhann Pétur Gíslason
Kristján Kristjánsson
Þorsteinn Arthúrssen

MATVÍS *Fjöldi fulltrúa 5*

Geir Bjarnþórsson
Jón Karl Jónsson
Niels Sigurður Olgeirsson
Sigurður Magnússon
Þorsteinn Ómar Gunnarsson

Félag ísl. hljómlistarmanna *Fjöldi fulltrúa 2*

Hildigunnur Halldórsdóttir
Sigurgeir Sigmundsson

Félag leiðsögumanna *Fjöldi fulltrúa 1*

Pétur Jónsson

Flugfreyjufélag Íslands *Fjöldi fulltrúa 2*

Ástríður Helga Ingólfssdóttir
Sigrún Jónsdóttir

Mjólkurfræðingafélag Íslands *Fjöldi fulltrúa 1*

Kristján Rudolf Larsen

Landssamband íslenzkra verzlunarmanna

VR *Fjöldi fulltrúa 57*

Anna Þórðardóttir Bachmann
Arngrímur Friðrik Pálmason
Ágúst Halldórsson
Árni Steingrímsson
Benedikt Vilhjálmsson
Birgir Már Guðmundsson
Björgvin Ingason
Elías Guðmundur Magnússon
Elisabet Magnúsdóttir
Elsa Unnur Guðmundsdóttir
Eyrún Ingvaldsdóttir
Grétar Hannesson
Guðmundur H Garðarsson
Guðmundur Ingi Kristinsson
Guðmundur Pétursson
Guðrún Erlingsdóttir
Guðrún Indriðadóttir
Guðrún Jóna Valgeirsdóttir
Gunnar Helgi Guðmundsson
Hildur Mósesdóttir
Inga Jóhannsdóttir
Ingibjörg Finnbogadóttir
Ingibjörg R Guðmundsdóttir
Jóhanna E Vilhelmsdóttir
Jón Ingi Kristjánsson
Jón Magnússon
Judy Ásthildur Wesley
Júlíana Pálsdóttir
Júnía Þorkelsdóttir
Kalla Björg Karlsdóttir
Kristín Gísladóttir
Kristín María Björnsdóttir
Kristín Sigurðardóttir
Lykke Bjerre Larsen
Óskar Kristjánsson
Petrína Ragna Pétursdóttir
Ragnar Engilbertsson
Ragnheiður Helgadóttir
Rannveig Sigurðardóttir
Reynir Jóseppson
Sigurður Sigfússon
Stefanía Magnúsdóttir

Stella Breiðfjörð Magnúsdóttir
Sveinbjörn F Pétursson
Sæmundur Karl Jóhannesson
Valur Magnús Valtýsson
Valva Árnadóttir
Þorlákur Jóhannsson
Þorsteinn Bjarnason
Ásmundur I Þórisson
Gunnar Júlíus Gunnarsson
Gylfi Arnbjörnsson
Jóhanna Magnúsdóttir
Laufey Eydal
Margrét Eiríksdóttir
Matthildur Ernudóttir
Unnur Þorsteinsdóttir

Verslunarmannafélag Suðurnesja *Fjöldi fulltrúa 4*

Bryndís Kjartansdóttir
Guðbrandur Einarsson
Sigrún Ólafsdóttir
Sveinbjörg Sigurðardóttir

Stéttarfélag Vesturlands *Fjöldi fulltrúa 1*

Einar Oddur Pálsson

Framsýn, stéttarfélag *Fjöldi fulltrúa 1*

Snæbjörn Sigurðarson

Verslunarmannafélag Skagfirðinga *Fjöldi fulltrúa 1*

Hjörtur S Geirmundsson

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri *Fjöldi fulltrúa 5*

Eiður Stefánsson
Elísabet Hallgrímsdóttir
Friðbjörg Jóhannsdóttir
Hildur Tryggvadóttir
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir

Verslunarmannafélag Suðurlands *Fjöldi fulltrúa 3*

Margrét Ingbórsdóttir
Guðmundur Gíls Einarsson
Jóna Jónsdóttir

Verkalýðsfélag Vestfirðinga *Fjöldi fulltrúa 1*

Finnur Magnússon

Rafiðnaðarsamband Íslands

Félag ísl. símamanna *Fjöldi fulltrúa 3*

Grétar Birkir Guðmundsson
Guðrún S Bergþórsdóttir
Kristín Ósk Óskarsdóttir

Félag ísl. rafvirkja *Fjöldi fulltrúa 6*

Björn Ágúst Sigurjónsson
Guðmundur Gunnarsson
Ísleifur Tómasson
Jón Ingi Skúlason Öfjörð
Anna Sigríður Melsted
Stefán Sveinsson

Félag rafeindavirkja *Fjöldi fulltrúa 3*

Björn Eysteinnsson
Kristján Þórður Snæbjarnarson
Örn Kristinsson

Félag tæknifólks í rafiðnaði *Fjöldi fulltrúa 2*

Jakob Tryggvason
Þorsteinn Úlfar Björnsson

Rafiðnaðarfélag Suðurnesja *Fjöldi fulltrúa 1*

Georg Grundfjörð Georgsson

Rafvirkjafélag Norðurlands *Fjöldi fulltrúa 1*

Brynjar Hermannsson

Félag rafiðnaðarmanna Suðurlandi *Fjöldi fulltrúa 1*

Helgi Guðmundsson

Félag sýningarmanna við kvikmyndahús *Fjöldi fulltrúa 1*

Stefán Ó Guðmundsson

Félag símsmiða *Fjöldi fulltrúa 1*

Sigurgeir Ólafsson

Samiðn - Samband iðnfélaga

Fagfélagið *Fjöldi fulltrúa 6*

Finnbjörn A Hermannsson
Guðmundur Guðmundsson
Heimir Þorleifur Kristinsson

Sigurjón Einarsson
Hafþór Helgi Einarsson
Þorbjörn Guðmundsson

Félag hársnyrtisveina *Fjöldi fulltrúa 1*
Súsanna Björg Vilhjálmsdóttir

Félag iðn- og tæknigreina *Fjöldi fulltrúa 8*
Armann Ægir Magnússon
Georg Óskar Ólafsson
Helgi Pálsson
Hilmar Harðarson
Ólafur Sævar Magnússon
Sveinn Ingason
Sveinn Jónsson
Vilhjálmur G Gunnarsson

ÞINGIÐN *Fjöldi fulltrúa 1*
Jónas Kristjánsson

AFL-Starfsgreinafélag *Fjöldi fulltrúa 2*
Aðalbjörg Ósk Guðmundsdóttir
Ólafur Jónsson

Félag járníðnaðarmanna Ísafirði *Fjöldi fulltrúa 1*
Halldór Óli Hjálmarsson

Félag málmíðnaðarmanna Akureyri *Fjöldi fulltrúa 2*
Brynjólfrur Jónsson
Finnbogi Jónsson

Sjómannasamband Íslands

Sjómannafélag Hafnarfjarðar *Fjöldi fulltrúa 1*
Jón Rósant Þórarinsson

Sjómanna- og vélstj.fél. Grindavíkur *Fjöldi fulltrúa 2*
Hermann Magnús Sigurðsson
Sævar Gunnarsson

Sjómannafélag Eyjafjarðar *Fjöldi fulltrúa 1*
Konráð Þorsteinn Alfredsson

Sjómannafélagið Jötunn *Fjöldi fulltrúa 1*
Hulda B Skarphéðinsdóttir

Starfsgreinasamband Íslands

Efning - stéttarfélag *Fjöldi fulltrúa 52*

Aneta Magdalena Matuszewska

Axel Finnur Norðfjörð

Berglind Jónína Gestsdóttir

Elin Jónsdóttir

Elinbjörg Magnúsdóttir

Elisabet María Garðarsdóttir

Fanney Helga Friðriksdóttir

Franz Arason

Friðrik Benediktsson

Guðjón Ágúst Norðdahl

Guðmundur Ragnar Ragnarsson

Guðrún Hlin Adolfsdóttir

Heimir Hafliðason

Hrönn Bjarnþórsdóttir

Ingi Bjarnar Guðmundsson

Ingvar Vigur Halldórsson

Jakobína Guðjónsdóttir

Jódís Sigurðardóttir

Jóhann Ingvar Harðarson

Jón Friðrik Hrafnsson

Jón Ingi Kristjánsson

Jóna Sigríður Gestsdóttir

Jónína Sigurðardóttir

Kristbjörg B Guðjónsdóttir

Kristín Helga Jónatansdóttir

Kristófer Rúnar Kvaran

Lilja Eiríksdóttir

Magnús Jakobsson

Ólafur Haraldsson

Ragnar Ólason

Signe Reidun Skarsbö

Sigurður Bessason

Sigurey Agatha Ólafsdóttir

Sígurlín Ágústsdóttir

Sígurrós Kristinsdóttir

Stanislaw Bukowski

Stefán Gíslason

Svanhildur Magnúsdóttir

Theodóra S. Theodórsdóttir

Vania Valentinova Koleva

Viðar Ottesen

Þorsteinn M Kristjánsson

Þóra Jónsdóttir
Þóra Sigurbjörnsdóttir
Þuríður Ingimundardóttir
Einar Ögmundsson
Erna Haraldsdóttir
Guðmundur Þ Jónsson
Hjálmfríður Þórðardóttir
Ruth Jóhanna Arelíusdóttir
Sigríður Stefánsdóttir
Tryggvi Marteinnsson

Verkalýðsfélagið Hlíf *Fjöldi fulltrúa 7*

Björn Bragi Sverrisson
Erla Þóra Óskarsdóttir
Guðbjörg Skúladóttir
Kolbeinn Gunnarsson
Linda Baldursdóttir
Ragnar Árnason
Sigríður Þorleifsdóttir

Verkalýðs- og sjóm.fél. Keflavíkur og nágr. *Fjöldi fulltrúa 7*

Ásdís Ingadóttir
Kristján G Gunnarsson
Sigurbjörg Eiríksdóttir
Vigdís Sigurjónsdóttir
Fjóla Svavarsdóttir
Jón Rúnar Halldórsson
Kristrún Jónsdóttir

Verkalýðsfélag Grindavíkur *Fjöldi fulltrúa 1*

Benoný Benediktsson

Verkalýðsfélag Akraness *Fjöldi fulltrúa 4*

Guðrún Linda Helgadóttir
Jón Jónsson
Skúlína Hlíf Guðmundsdóttir
Vilhjálmur E Birgisson

Stéttarfélag Vesturlands *Fjöldi fulltrúa 3*

Baldur Jónsson
Signý Jóhannesdóttir
Kristín Anna Kristjánsdóttir

Stéttarfélagið Samstaða *Fjöldi fulltrúa 1*

Ásgerður Pálsdóttir

Verkalýðsfélag Snæfellinga *Fjöldi fulltrúa 3*

Sigurður A Guðmundsson
Þorsteinn Sigurðsson
Þórunn S Kristinsdóttir

Verkalýðsfélag Vestfirðinga *Fjöldi fulltrúa 3*

Finnbogi Sveinbjörnsson
Ólafur Baldursson
Þröstur Áskelsson

Aldan, stéttarfélag *Fjöldi fulltrúa 2*

Bjarki Tryggvason
Þórarinn Guðni Sverrisson

Eining - Iðja *Fjöldi fulltrúa 11*

Anna Júlíusdóttir
Ása Margrét Birgisdóttir
Björn Snæbjörnsson
Guðrún Fanney Skarphéðinsdóttir
Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir
Ingvar Kristjánsson
Ingvar Örn Sigurbjörnsson
Matthildur Sigurjónsdóttir
Sigríður K Bjarkadóttir
Sæunn Gunnur Pálmadóttir
Hafðís Ósk Kristjánsdóttir

Framsýn, stéttarfélag *Fjöldi fulltrúa 3*

Aðalsteinn Árni Baldursson
Agnes Einarsdóttir
Kristbjörg Sigurðardóttir

Verkalýðsfélag Þórshafnar *Fjöldi fulltrúa 1*

Kristinn Lárusson

AFL-Starfsgreinafélag *Fjöldi fulltrúa 18*

Ásgeir Þór Sigmarsson
Eyþór Guðmundsson
Guðlaugur Þröstur Bjarnason
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir
Ingibjörg Sverrisdóttir
Jóna Járnbrá Jónsdóttir
Kazimierz Franciszek Kubiela
Konráð Sveinsson
Reynir Arnórsson

Sigurbjörg Kristmundsdóttir
Snorri Hallgrímsson
Steinunn Zoéga
Sverrir Mar Albertsson
Þorkell Kolbeins
Gunnar Smári Guðmundsson
Kristján Magnússon
Kristrún Björg Gunnarsdóttir
Páll Jónsson

Drifandi, stéttarfélag *Fjöldi fulltrúa 1*
Arnar G Hjaltalín

Verkalýðsfélag Suðurlands *Fjöldi fulltrúa 2*
Már Guðnason
Anna María Ólafsdóttir
Báran, stéttarfélag *Fjöldi fulltrúa 4*
Ásdís Ágústsdóttir
Jóhannes Óli Kjartansson
Óðinn Kalevi Andersen
Ragna Gissurardóttir



Af vettvangi miðstjórnar ASÍ

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði ef frá er talið tímabilið frá miðjum júní fram í ágúst ár hvert. Miðstjórnin hefur æðsta vald í málefnum Alþýðusambandsins á milli ársfunda ASÍ. Á vettvangi miðstjórnar er fjallað um allt það helsta er varðar stefnumótun og starf Alþýðusambandsins og samskipti við aðildarsamtökin, samtök atvinnurekenda, stjórnvöld og aðra aðila er varða starf verkalyðshreyfingarinnar. Ákvarðanir eru teknar um meginlínurnar í starfseminni með gerð starfs- og fjárhagsáætlunar sem samþykkt er í byrjun hvers árs. Þá eru áherslur og stefna ASÍ í þeim málum sem hæst ber hverju sinni mótaðar og útfærðar frekar á grundvelli samþykktar ársfunda ASÍ.

Fjöldmörg mál komu til kasta miðstjórnar ASÍ á tímabilinu frá ársfundi ASÍ 2008.

Í upphafi árs 2009 afgreiddi miðstjórn starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir árið 2009. Starfs- og fjárhagsáætlunin mótar þann ramma sem starfsemin byggir á og leggur stóru línurnar varðandi áherslur í starfinu og ráðstöfun þeirra fjármuna sem Alþýðusambandið hefur til ráðstöfunar hverju sinni.

Eitt mál yfirskygðði allt annað í starfi miðstjórnar á tímabilinu. Hér er að sjálfsögðu átt við efnahagshrunið í byrjun október 2008 og margháttadar afleiðingar þess. Þannig hafa efnahags- og atvinnumálin, málefni atvinnulausra, kjaramálin og staða heimilanna í landinu í kjölfar hrunsins verið meginviðfangsefni á öllum fundum miðstjórnar frá því haustið 2008. Umfjöllunin hefur bæði falist í upplýsingamiðlun og greiningu á stöðu mála og stefnumótun af hálfu miðstjórnar sem bæði hefur komið fram í ályktunum um efnið og ákvörðunum um það með hvaða hætti Alþýðusambandið og forysta þess beitti sér.

Eins og áður fjallaði miðstjórn um allar tilnefningar af hálfu ASÍ í opinberar nefndir og ráð og mótaði umboð fyrir fulltrúa Alþýðusambandsins í því starfi.

Loks má nefna að undirbúningur fyrir ársfund ASÍ 2009 hefur verið á dagskrá miðstjórnar á seinni hluta tímabilsins.

Hér á eftir er gerð frekari grein fyrir umfjöllun og ákvörðunum miðstjórnar ASÍ í nokkrum málum á því tímabili sem skýrslan tekur til.

Umfjöllun og ályktanir miðstjórnar um efnahags- og atvinnumál og hag heimilanna

Eins og segir hér að framan var umfjöllun um efnahags- og atvinnumálin og hag heimilanna efst á baugi í starfi miðstjórnar og á öllum fundum hennar. Umfjöllunin fól m.a. í sér ítarlega greiningu á stöðunni og umræður um úrræði og aðgerðir á fjölmörgum sviðum efnahags- og atvinnumála og hvað varðaði hag launafólks og heimilanna í kjölfar hrunsins haustið 2007. Þá var margítrekuð krafan um að stjórnvöld brygðust við með viðeigandi hætti jafnframt því sem miðstjórn áréttaði að Alþýðusambandið væri tilbúið til samráðs og samstarfs um aðgerðir á þessu sviði. Hér verður getið ályktana sem miðstjórn sendi frá sér um efnið. Á öðrum stað í skýrslunni er fjallað ítarlega um tillögur Alþýðusambandsins og starf þess að þessum málefnum á tímabilinu.

Á fundi miðstjórnar 15. október var fjallað um starf skrifstofu ASÍ við að útbúa gögn og upplýsingar um úrræði einstaklinga í ljósi efnahagshrunsins og koma þessu efni á framfæri. Kom fram að mikilvægt væri að skrifstofa ASÍ hefði frumkvæði og forystu í þessum efnunum og leitaði samstarfs sem víðast í því starfi. Þá var áréttað að mikilvægt væri að aðildarsamtök ASÍ nýttu sér þetta í starfi sínu og við að upplýsa og aðstoða félagsmenn sína. Af hálfu miðstjórnar var lögð áhersla á að þetta verkefni ætti að vera forgangsverkefni í starfi skrifstofu ASÍ á næstu vikum og mánuðum.

Á fundi miðstjórnar 22. október voru samþykkt ítarleg og yfirgripsmikil drög að ályktunum um efnahags- og atvinnumál og kjaramál til umfjöllunar á ársfundi ASÍ sem haldinn var dagana 23. og 24. október

Í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2009 á Alþingi ályktaði miðstjórn á fundi sínum 17. desember 2008:

Miðstjórn ASÍ telur óhjákvæmilegt að ráðast í það erfiða verkefni að taka á hallarekstri ríkissjóðs. Ljóst er að það tekur nokkur ár að koma ríkisfjármálunum í jafnvægi. Miðstjórnin leggur á það áherslu að stjórnvöld leggi fram tillögur sem taka á því hvernig jafnvægi verði komið á ríkisreksturinn á næstu árum og óvissu verði þannig eytt.

Miðstjórnarfundur haldinn 17. desember 2008 telur afar mikilvægt að varin verði staða þeirra sem minnst mega sín við þessar erfiðu aðstæður, s.s. elli- og örorkulífeyrisþega. Í þeim ráðstöfunum sem kynntar hafa verið vantar verulega á að þetta hafi verið gert. Heildarsamtök launafólks ákváðu því í síðustu viku að fresta öllum viðræðum um endurskoðun og gerð nýrra kjarasamninga vegna árunna 2009 og 2010 fram yfir áramót. Ef takast á að skapa ásættanlegan grundvöll að slíkri vinnu telur miðstjórn ASÍ nauðsynlegt að gerðar verði breytingar á eftirfarandi þáttum:

- Dregið verði úr niðurskurði vegna elli- og örorkulífeyris með upptöku frítekjumarks vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum.
- Unnið verði á næstu vikum að tillögum um það hvernig auka megi tekjujöfnunarhlutverk skattkerfisins.

- Sett verði lög um greiðsluáðlögun sem heimili niðurfærslu og skilmálabreytingu á húsnæðisskuldum heimilanna.
- Stofnaður verði Bjargráðasjóður heimilanna til að auðvelda niðurfærslu húsnæðisskulda.
- Settur verði starfshópur með fulltrúum byggingarmanna til að fara yfir verklegar framkvæmdir og forgangsráða mannaflsfrækum framkvæmdum.
- Ráðherrar, þingmenn og æðstu embættismenn njóti sömu lífeyrisréttinda og aðrir opinberir starfsmenn.
- Staðið verði við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 17. febrúar 2008.

Endurskoðun kjarasamninganna í febrúar 2009 blandaðist mjög inn í umræðurnar um efnahags- og atvinnumálin almennt, enda ljóst að forsendur samninganna sem gerðir voru 17. febrúar 2008 voru brostnar og fyrir lá að Samtök atvinnulífsins mundu segja samningnum upp, kæmi ekki til einhvers útspils af hálfu ASÍ. Af hálfu miðstjórnar kom fram á fundi hennar 22. janúar vilji til að fresta endurskoðun kjarasamninga fram í júní, eða fram yfir alþingiskosningar. Af því tilefni ákvað miðstjórn ASÍ að boða til fundar formanna allra aðildarfélaga ASÍ til að fara yfir málin og leggja mat á stöðuna. Sá fundur var haldinn 23. janúar. Þá var aftur haldinn fundur formanna lands sambanda 16. febrúar til að fjalla um þetta sama mál. Það var síðan niðurstaða samninganefndar ASÍ að fresta endurskoðuninni til júní eins og rakið er frekar annars staðar í skýrslunni.

Í umræðum um efnahags-, atvinnu- og kjaramálin á fundi miðstjórnar 4. febrúar var samþykkt að boða til aukaársfundar ASÍ 25. mars til að skerpa á áherslum og tillögum ASÍ í efnahags-, atvinnu- og velferðarmálunum í aðdraganda þingkosninganna í maí.

Á fundi miðstjórnar ASÍ 18. febrúar var enn ályktað um efnahags-, atvinnu- og velferðarmál heimilanna:

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands beinir þeirri eindregnu áskorun til Alþingis og ríkisstjórnar að grípa þegar til markvissra aðgerða til aðstoðar heimilum og fyrirtækjum í landinu. Það er ekki boðlegt að á meðan hriktir í grunnstöðum samfélagsins og fjölskyldum og fyrirtækjum blæðir, horfi þjóðin upp á karp og hráskinnaleik á Alþingi sem engu máli skiptir og engu skilar. Slík lítilsvirðing við þjóðina er ekki líkleg til að auka tiltrú hennar á stjórnámálönnum en trúverðugleiki þeirra skiptir einmitt sköpum í því endurreisnarstarfi sem framundan er. Miðstjórn Alþýðusambandsins hvetur alþingismenn til að snúa sér að því sem skiptir máli. Þjóðin er í vanda. Verkefnið er mörg og aðkallandi og úrlausn þeirra þolir enga bið.

Á fundi miðstjórnar 18. mars voru til umfjöllunar málefnskjölin fyrir aukaársfund ASÍ 25. mars, þar sem ítarlega var fjallað um efnahags-, atvinnu- og velferðarmálin. Fyrsta apríl fjallaði miðstjórn síðan um niðurstöður ársfundarinnar og eftirfylgni með þeirri stefnu sem þar var mótuð.

Á fundi miðstjórnar 6. maí var fjallað um ítarlegar áherslur ASÍ í efnahags-, atvinnu og kjaramálum í væntanlegum viðræðum við stjórnvöld. Þá var samþykkt sérstök ályktun um greiðsluvanda heimilanna:

Miðstjórn ASÍ lýsir yfir megnri óánægju með seinagang við að endurskipuleggja fjárhag heimilanna, þrátt fyrir að Alþingi hafi samþykkt mikilvægar breytingar á réttar- og samningsstöðu almennings gagnvart kröfuhöfum. Miðstjórnin krefst þess að stjórnvöld tryggji þegar að heimili í vanda geti nýtt sér þau úrræði sem eiga að standa þeim til boða. Til þess að svo verði þarf m.a. að:

- Tryggja að nauðsynlegar reglugerðir og verklagsreglur um framkvæmd verði gefnar út strax.
- Falla frá kröfunni um að forsenda fyrir aðstoð sé að lán séu í skilum.
- Gera Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna í samráði við héraðsdóm, kleift að ráða a.m.k. 50 fjármálaráðgjafa til næstu 6-9 mánaða til að aðstoða fólk í greiðsluvanda.
- Heimila sjálfstætt starfandi einstaklingum að nýta sér úrræðin enda sé greiðsluvandinn vegna eðlilegra húsnæðisskulda.
- Bæta verulega upplýsingagjöf til almennings um þau úrræði sem í boði eru.

Alþýðusambandið á ekkert erindi í nánara samstarf við stjórnvöld um framvindu efnahagsmála fyrr en búið er að koma þessum málum í rétt horf. Áréttuð er tillaga ASÍ um að stofnaður verði Bjargráðasjóður heimilanna þar sem lán sem eru á afskriftareikningum fjármálastofnana verði færð á eina hendi til að tryggja jafnræði og skilvirkni við að endurskipuleggja fjárhag heimilanna.

Þá var á sama fundi ályktað um lækkun vaxta:

Miðstjórn ASÍ krefst þess að vextir lækki verulega. Miðstjórnin hvetur því Seðlabanka Íslands til að lækka stýrivexti við vaxtaákvörðun á morgun þannig að vaxtamunurinn verði ekki meiri en sem nemur 4% miðað við evrópska seðlabankann en vextir þar eru í dag 1,25%.

Fjöldi heimila og fyrirtækja er að blæða út vegna ofurhárar vaxta á sama tíma og þjóðin býr við miklar hömlur á gjaldeyrismarkaði. Miðstjórn ASÍ óttast að verði ekki snúið af þessari óheillabraut blasi við frekari fjöldauppsagnir og gjaldþrot. Þessi vaxta- stefna ógnar jafnframt bankakerfinu eins og það leggur sig. Samkvæmt upplýsingum viðskiptaráðherra er mikið ójafnvægi milli innlendra skulda bankanna og eigna þeirra í erlendra mynt. Háir vextir gera það erfitt að taka á þessum mikla halla á gengisjöfnuði. Verði hann ekki réttur af mun kostnaðurinn lenda af fullum þunga á ríkissjóði, almenn- ingi og fyrirtækjum, sem þegar róa lífróður.

Þann 26. ágúst sl. ályktar miðstjórn enn um greiðsluvanda heimilanna:

Vandi heimilanna vex hröðum skrefum dag frá degi. Staða þeirra sem komin eru í greiðsluvanda fer stöðugt versnandi og þeim fjölgar hratt sem ekki sjá fram á að geta staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Að óbreyttu mun ástandið aðeins versna næstu mánuði ekki síst í ljósi þess að á sama tíma og skuldir vaxa ört fer kaupmátur minnkandi. Undanfarna mánuði hefur þessi aðkallandi vandi, sem snýr ekki síst að almennu launafólki í landinu, fengið litla athygli stjórnvalda. Það er með öllu óásættan- legi.

Fyrir liggur að þær aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til af hálfu stjórnvalda og fjármálastofnana duga engan veginn til að mæta þeim vanda sem við blasir. Alþýðusam- bandið hefur marggöft bent á að þær væru alltof seinvirkar, ómarkvissar og skiluðu mjög takmörkuðum árangri. Það hefur ítrekað krafist úrbóta.

Ríkisstjórnin verður að bregðast strax við og koma með raunhæfar og virkar aðgerðir til að létta skulda- og greiðsluþyrði heimilanna áður en fólk missir alla von um mann- sæmandi afkomu á næstu árum. Alþýðusambandið leggur áherslu á að allar leiðir til lausnar fjárhagsvanda heimilanna verði skoðaðar og lýsir sig reiðubúið til að taka þátt í þeirri vinnu.

Á fundi miðstjórnar 9. september komu fram miklar áhyggjur af vaxandi greiðslu-

vanda heimilanna í landinu og var auglýst eftir aðgerðum stjórnvalda í því efni. Jafnframt kom fram að í gangi væri vinna innan Alþýðusambandsins í framhaldi af umfjöllun miðstjórnar 26. ágúst um mótun frekari tillagna til að létta á greiðsluvanda þeirra heimila sem verst eru sett. Ljóst sé að ýmis úrræði sem nú þegar eru í boði séu of þung í vöfum og einfalda þurfi framkvæmd þeirra.

Bætt siðferði og endurreisn atvinnulífsins

Einn af þeim þáttum sem mjög hafa verið til umfjöllunar, m.a. á vettvangi miðstjórnar ASÍ í tengslum við efnahagshrunið og endurreisn atvinnulífsins er krafa um bætt siðferði og gagnsæi. Þessir þættir hafa ítrekað verið til umfjöllunar í miðstjórn. Í framhaldi af umræðu í miðstjórn ASÍ á fundi hennar 5. nóvember 2008 var eftirfarandi yfirlýsing gefin út:

Á miðstjórnarfundum Alþýðusambands Íslands í dag var fjallað um kaupréttarsamninga æðstu stjórnenda í bönkum og öðrum fjármálastofnunum. Miðstjórn ASÍ lýsir furðu og hneykslan sinni á því hvernig mál gengu fyrir sig í aðdraganda að falli bankanna. Alþýðusambandið hefur í mörg ár gagnrýnt fyrirkomulag kaupréttarsamninga og leggur ASÍ þunga áherslu á að þessi mál sem upp hafa komið síðustu daga verði rannsökuð ofan í kjölinn og hið sanna dregið fram í dagsljósið. Allt annað eykur aðeins á þá þungu reiðiöldu sem kraumar nú í samfélaginu og er ekki á bætandi.

Alþýðusambandið lítur á það sem sitt hlutverk að ganga eftir því að fram fari vandað og fordómalaust uppgjör á því hvers vegna þjóðin er komin í þessa stöðu. Gera þarf upp allar hliðar þessa máls. Hlutverk fjármálastofnana, ríkisstjórna, Seðlabankans og allra annarra megingerenda í atburðarásinni. Lagt er til að fengnir verði óháðir sérfræðingar í þetta verkefni, bæði innlendir og erlendir.

Herða þarf regluverk banka og fjármála fyrirtækja gagnvart ráðgjöf til einstaklinga, auka eftirlit og heimildir eftirlitsaðila. Byggja þarf upp traust á Seðlabanka Íslands og stjórn hans. Í því sambandi er mikilvægt að tryggja fagmennsku í stjórn bankans og taka verður til gagnerrar endurskoðunar hvernig staðið er að ráðningu bankastjóra.

Þann 18. mars ályktaði miðstjórn sérstaklega vegna ákvörðunar stjórnar HB Granda um að greiða eigendum félagsins arð við þær aðstæður sem uppi væru í samfélaginu. Ályktunin er svohljóðandi:

Miðstjórn ASÍ telur tillögu stjórnar HB-Granda um hundruð milljón króna arðgreiðslur til eigenda síðlausa við núverandi aðstæður og skorar á stjórnina að draga tillöguna til baka ella greiða starfsfólki áður umsamdar launahækkanir án tafar.

Tillagan setur samning um frestun endurskoðunar kjarasamninga við Samtök atvinnulífsins í uppnám en rökstuðningur Samtaka atvinnulífsins fyrir frestuninni var að fyrirtækin hefðu ekki fjárhagslega burði til að standa við umsamdar tímasetningar launahækkana. Verkalýðshreyfingin hefur lýst vilja sínum til að ræða við fulltrúa atvinnurekenda um alvarlega stöðu atvinnulífsins til að freista þess að koma í veg fyrir enn meira atvinnuleysi og kaupmáttarskerðingu, en það kemur ekki til greina að launafólk taki á sig byrðar til þess að skapa svigrúm fyrir eigendur fyrirtækjanna til að taka út svimandi háan arð.

Það vekur ugg að í ársreikningum HB-Granda er beitt sömu aðferðum við að blása út eignir og beitt var í fjölmörgum fyrirtækjum og fjármálastofnunum, sem hrunið hafa á síðustu mánuðum. Óefnislegar eignir eru metnar langt um fram raunverulegt verðmæti,

sem verður til þess að verðmæti og eignastaða fyrirtækisins lítur út fyrir að vera mun betri en raun er.

Miðstjórn ASÍ áréttar sérstaklega að verkalýðshreyfingin mun ekki líða að engu sé breytt í siðferðilegri og samfélagslegri ábyrgð stjórnenda fyrirtækjanna, þrátt fyrir hrun efnahagslífsins, né að fyrirtæki haldi áfram að draga upp ranga mynd af afkomu sinni og skapa þannig möguleika á að taka út arð. Fylgst verður með reikningsskilum fyrirtækja en spurningin er hver ábyrgð löggiltra endurskoðenda er á slíkum reikningsskilum. Fyrirtækin bera samfélagslega ábyrgð og verða að axla hana.

Staða og starfsemi lífeyrissjóðanna

Í framhaldi af samþykkt aukaársfundar ASÍ 25. mars var sérstaklega fjallað um málefni lífeyrissjóðanna, stöðu þeirra og starfsemi, á fundi miðstjórnar 1. apríl. Eftirfarandi ályktun var þá samþykkt:

Á aukaársfundi Alþýðusambands Íslands þann 25. mars kom fram að siðferðilegur og fjárhagslegur trúverðugleiki lífeyrissjóðanna skiptir sköpum fyrir lífeyriskerfið. Lífeyrissjóðirnir eru hluti af umsömdum og kjarasamningsbundnum réttindum launafólks og á þeim grunni eru stjórnir þeirra kjörnar, af stéttarfélögum og atvinnurekendum að jöfnu. Þessir aðilar bera því ríka ábyrgð á allri starfsemi lífeyrissjóðanna.

Í framhaldi af samþykktum aukaársfundar ASÍ og í ljósi þeirrar umræðu og gagnrýni sem verið hefur í fjölmiðlum undanfarið vill miðstjórn ASÍ áréta að hún lítur á það sem mikilvægt verkefni verkalýðshreyfingarinnar að taka af mikilli festu og ábyrgð á þeim álitamállum og gagnrýni sem upp hefur komið. Þetta vill miðstjórn ASÍ gera með eftirfarandi hætti:

1. Óska eftir því að Fjármálaeftirlitið kanni sérstaklega hvort lífeyrissjóðir hafi á undanförmum árum starfað eftir lögum, samþykktum og fjárfestingarstefnu. Jafnframt verði sérstök úttekt gerð á uppgjöri sjóðanna vegna ársins 2008 með hliðsjón af áhrifum fjármálakreppunnar á verðmæti eigna.

2. Lífeyrisnefnd ASÍ og skipulags- og starfsháttarnefnd ASÍ setji fram eins fljótt og verða má tillögur að siðareglum um fjárfestingar sjóðanna og fyrirmyndareglur um daglega starfsemi þeirra, þ.m.t. starfskjör, gjafir, risnu og ferðalög, og þær verði kynntar fyrir ársfundi lífeyrissjóðanna.

3. Vegna þess sem liðið er beinir miðstjórn ASÍ því til fulltrúa launafólks í stjórnum lífeyrissjóðanna að óskað verði þegar í stað eftir því að innri endurskoðendur lífeyrissjóðanna geri sérstaka úttekt á starfsemi þeirra undanfarin ár. Mikilvægt er í þessari skoðun að fá fram skýrar upplýsingar um þátttöku í ferðum eða móttöku á gjöfum. Sérstaklega verði óskað eftir því að ferðir verði flokkaðar eftir því hvort um hafi verið að ræða skemmtiferðir í boði annarra, hreinar fagferðir í boði annarra, embættisferðir á vegum sjóðsins eða ferðir sem sameina einhver eða öll ofangreind einkenni.

Miðstjórn ASÍ telur mikilvægt að ofangreindar upplýsingar verði birtar og gerðar aðgengilegar sjóðsfélögum og almenningi.

Miðstjórn ASÍ harmar þann fréttaflutning og framsetningu sem fjölmiðlar hafa kosið að nota í umfjöllun um málefni lífeyrissjóðanna, þar sem stjórnir og starfsmenn þeirra eru ómaklega ásökuð um refsiverða framsetningu ársreikninga og réttinda sjóðsfélaga. Alþýðusambandið hefur lengi lagt á það áherslu, að eignir og skuldbindingar lífeyriskerfisins séu á hverjum tíma gerðar upp á raunhæfan og trúverðugan hátt. Það uppgjör sé

byggt á mati bæði löggiltra endurskoðenda og tryggingarstærðfræðinga, stutt af skýrum reglum og eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Miðstjórn telur að í umfjöllun um þátttöku stjórna og starfsmanna lífeyrissjóðanna í ferðum skipti máli að gerður sé skýr munur á þátttöku í skemmtiferðum í boði annarra og ferðum á vegum viðkomandi sjóðs til að fylgja eftir mikilvægum hagsmunum hans. Einnig er ástæða til að fjalla um fagferðir í boði annarra. Þá þarf sérstaklega að fjalla um ferðir þar sem reynt er að blanda saman fagferðum og skemmtiferðum. Um þetta þarf að setja skýrari reglur fyrir stjórnendur og starfsmenn sjóðanna þannig að þeir eigi auðveldara með að taka afstöðu þegar slík boð koma. Um þetta gilda þó einnig almennar og óskrifðar siðferðisreglur og ætti að liggja í augum uppi að það er hvorki viðeigandi né afsakanlegt að taka þátt í skemmtiferðum í boði annarra sem samrýmast á engan hátt starfsemi sjóðanna eða hagsmunum sjóðsfélaga. Því er óhjákvæmilegt að kalla þá til ábyrgðar sem hafa orðið uppvísir að slíku, þó formlegum reglum hafi ekki verið til að dreifa.

Miðstjórn ASÍ telur að opin umræða og fjölmiðlar skipti miklu máli í okkar samfélagi og að þeir eigi að veita mikilvægt og nauðsynlegt aðhald í samfélaginu. Að sama skapi er mikilvægt að fjölmiðlar vandi til slíkrar umfjöllunar og fari ekki fram með opnar og órókstuddar ásakanir á hendur fjölda manna á grundvelli dylgna og sleggjudóma.

Í framhaldinu voru á fundi miðstjórnar ASÍ 15. apríl til umfjöllunar leiðbeiningar vegna fjárfestinga og innri starfsemi lífeyrissjóðanna. Í leiðbeiningunum eru annars vegar siðareglur er snúa að mótöku starfs- og stjórnarmanna á gjöfum eða fjármunum og þátttöku þeirra í boðsferðum. Hins vegar hugmyndir að ákvæðum er lúta að reglum um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar sjóðanna. Miðstjórn samþykkti að senda leiðbeiningarnar út á fulltrúa launafólks í stjórnnum lífeyrissjóðanna með það að markmiði að slíkar reglur yrðu efnislega settar hjá öllum lífeyrissjóðunum.

Viðmiðunarreglur um réttindi og skyldur stjórnarmanna í aðildarsamtökum ASÍ og starfsmenn þeirra

Á fundi miðstjórnar 20. maí voru til umfjöllunar drög að viðmiðunarreglum um réttindi og skyldur stjórnarmanna í aðildarsamtökum ASÍ og starfsmenn þeirra sem unnar höfðu verið af skipulags- og starfsháttanefnd ASÍ. Að lokinni umræðu var samþykkt að senda reglurnar út til aðildarfélaganna til umsagnar. Skipulags- og starfsháttanefnd tæki þær ábendingar og athugasemdir sem berast til skoðunar og leggi að því búnu fyrir miðstjórn til endanlegrar afgreiðslu á haustdögum 2009.

Ritun sögu ASÍ

Á fundi miðstjórnar ASÍ 5. desember 2007 var fjallað um stöðuna varðandi ritun sögu ASÍ sem koma á út í tengslum við 95 ára afmæli sambandsins 2011. Fram kom að á fundi ritnefndar sem haldinn var föstudaginn 30. janúar sl. var fjallað um handrit að fyrri bindi sögu ASÍ eftir Sumarliða Ísleifsson. Handritið nær fram til tímabilsins 1965 u.þ.b. Það er mat þeirra sem ritnefndina skipa að textinn sé vel skrifaður og áhugaverður og handritið í ágætu samræmi við þá áherslu sem komið hefur fram af hálfu ritnefndar. En ritnefndin hefur lagt áherslu á að samhlíða því að vera saga ASÍ og aðildarsamtaka þess, verði fjallaði um íslenskt samfélag og kjör alþýðufólks og hvernig framfarir og umbætur á öllum

sviðum samfélagsins eru órjúfanlega tengdar sögu verkalýðshreyfingarinnar. Verkið er á áætlun og engin ástæða til að ætla annað en að hægt verði að gefa það út á 95 ára afmæli ASÍ í mars 2011. Á fundinum var einnig gerð grein fyrir því að nú lægju fyrir viðtöl sem Þórgímur Gestsson hefði tekið við 18 aldna félagsmenn úr verkalýðshreyfingunni, bæði úr fremstu forystusveitinni, en einnig aðra sem hafa frá áhugaverðum hlutum að segja varðandi baráttu verkalýðshreyfingarinnar og hagi og kjör launafólks. Þessi viðtöl hafa nú öll verið færð á hljóðdiska og efnistekin af Miðstöð munnlegrar sögu. Efnid er bæði ætlað sem heimildir fyrir söguritunina og til sjálfstæðra nota. Rætt hefur verið um að halda þessu starfi áfram, en ekkert hefur verið ákveðið í þeim efnunum ennþá.

Ársfundur ASÍ 2009

Á fundi miðstjórnar ASÍ 5. nóvember 2008 var ákveðið að næsti ársfundur ASÍ yrði haldinn 22. og 23. október 2009 á Hótel Nordica. Frá upphafi lá fyrir að meginviðfangsefni fundarins yrðu efnahags- og atvinnumálin og staða heimilanna í ljósi efnahagsástandsins. Í ljósi aðstæðna og ákvörðunarinnar um sérstakan aukaársfund var ákveðið að biða með nánari umfjöllun um ársfundinn, skipulag hans og efnistöð fram á haust 2009. Á fundi miðstjórnar 26. ágúst var einhugur um að mikilvægt væri að ársfundarfulltrúar fengju tækifæri til að tjá sig um stöðuna og framtíðarverkefni verkalýðshreyfingarinnar í ljósi stöðunnar. Mikilvægt væri að auk góðs tíma fyrir opna umræðu á fundinum yrðu málstofur þar sem fjallað yrði nánar um þætti eins og efnahags- og kjaramálin, endurreisn atvinnulífsins og siðferði og samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og hag heimilanna. Á fundi miðstjórnar 9. september var samþykkt dagskrá í þeim anda sem kom fram á fyrri fundi. Auk þess var samþykkt að ekki yrðu send út sérstök ályktunardrög í aðdraganda fundarinnar þannig að stefnumótunin færi sem mest fram á fundinum sjálfum.

1. maí 2009

Á fundi miðstjórnar ASÍ 15. apríl var fjallað um yfirskrift aðgerða verkalýðshreyfingarinnar 1. maí. Ákveðið var að yfirskriftin yrði „Byggjum réttlátt þjóðfélag“.



Efnahagsmál

Stórfelldar breytingar hafa orðið á íslensku efnahagslífi frá því í október í fyrra og göngum við nú í gegnum eitt mesta samdráttarskeið á síðari tímum. Þessi mikli samdráttur kom í kjölfarið af falli þriggja stærstu banka landsins í október 2008. Atburðarásin hófst með falli bandaríska bankans Lehman Brothers og á einni viku hrundi 85% íslenska bankakerfisins. Öll greiðslumiðlun til og frá landinu stöðvaðist og á nánast einni nóttu lokaðist aðgengi að erlendum lánaþyrirgreiðslum með þeim afleiðingum að bankarnir gátu ekki staðið við skammtíma skuldbindingar sínar og komust í greiðsluþrot. Í kjölfarið dundi yfir okkur bankakreppa, gjaldeyriskreppa, skuldakreppa, ríkisfjármálakreppa og loks stjórnarkreppa sem lauk með alþingiskosningum í apríl. Vissulega má segja að íslenska hagkerfið hafið orðið harkalega fyrir barðinu á alþjóðafjármálakreppunni sem reið yfir heiminn síðasta haust og vetur. En það er aðeins hluti af skýringunni. Kreppan leiddi í ljós alvarlega veikleika í íslensku bankakerfi sem fyrr eða seinna hefðu orðið bönkunum að falli. Bankarnir uxu of hratt og urðu of stórir fyrir þjóðarþúið til að hægt væri að bjarga þeim þegar þeir fóru í þrot. Miklar deilur hafa staðið um helstu stofnanir fjármálamarkaðarins, svo sem Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið og hlutverk þeirra í bankahruninu. Settar hafa verið á laggirnar nefndir og embætti til að rannsaka hvað raunverulega gerðist, hverjir beri ábyrgðina og hvernig við getum bætt grunnstoðir bankakerfisins.

Þessar aðstæður hafa kallað á snörp viðbrögð og aðgerðir til að auðvelda fólki og fyrirtækjum að takast á við efnahagsþrengingarnar og endurreisa efnahagslífið á nýjan leik. Í nóvember 2008 efndi Alþýðusambandið til fundarherferðar um landið undir slagorðunum „Áfram Ísland - fyrir hag heimilanna“. Á fundunum var fjallað var um stöðu heimilanna í efnahagsþrengingunum og til hvaða aðgerða stjórnvöld þyrftu að grípa til

að búa þeim öruggt skjól. Alþýðusambandið og starfsmenn þess hafa tekið virkan þátt í margháttuðu starfi á vettvangi ASÍ, í samstarfi við aðra aðila vinnumarkaðarins og opinbera aðila við mótun og framkvæmd slíkra aðgerða. Sem dæmi má nefna neyðarvakt SA og ASÍ og gerð stöðugleikasáttmálans. Sérstaklega er fjallað um Stöðugleikasáttmálann í kaflanum um Kjaramál og kjarasamninga. Miðstjórn hefur fjallað mikið um efnahags- og atvinnumálin og ályktað um þau.

Hagdeild ASÍ hefur tekið virkan þátt í umræðunni og sent frá sér nokkrar skýrslur þar um.

Haustskýrsla hagdeildar var gefin út í október 2008, í tengslum við ársfund ASÍ. Bar hún yfirskriftina Horfur í efnahagsmálum 2008-2010. Í skýrslunni var lagt mat á afleiðingar bankahrunsins á efnahagslífið og spáð fyrir um þróun þess á næstu árum.

Í febrúar var gefin út ný skýrsla um horfur í efnahagsmálum fyrir tímabilið 2009 til 2011. Í henni kemur fram að útlitið sé dekkra en í fyrstu var talið. Bæði verði niðursveifan dýpri og lengri en gert var ráð fyrir í spánni frá því í október.

Í júní var á ný gefin út ný skýrsla um horfur í efnahagsmálum fyrir tímabilið 2009 til 2013. Myndin sem þar er dregin upp er nokkuð dekkri enn í fyrri spám og helgast það fyrst og fremst af því að verr hefur gengið að endurreisa bankakerfi og traust á íslenskt efnahagslíf, en vonir manna stóðu til.

Í febrúar var gefin út skýrsla um skuldir heimilanna. Þar kom fram að ungt fólk væri í mestum vanda.

Á aukaársfundi Alþýðusambandsins í mars var lögð fram greinargerð um stöðuleika og evru ásamt greinargerð um fjármál hins opinbera.

Í fyrrrahast var tekin saman bæklingur um fjármál heimilanna í efnahagsþrengingum.

Þróun og staða efnahagsmála haustið 2009

Íslenskt efnahagslíf gengur nú í gegnum eitt mesta samdráttarskeið á síðari tímum. Horfur er á að samdrátturinn í ár verði allt að 10% og um 2% á næsta ári og atvinnuleysi verði á bilinu 9-10%.

Hlutfallsleg magnbreyting	Helstu kennitölur								
	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007*	2008*
Hagvöxtur	4.3	3.9	0.1	2.4	7.7	7.5	4.3	5.6	1.3
Verðbólga	5.0	6.7	4.8	2.1	3.2	4.0	6.8	5.0	12.4
Kaupmáttur launa	1.6	2.0	2.2	3.4	1.4	2.6	2.6	3.8	-3.7
Atvinnuleysi ¹	1.3	1.4	2.5	3.4	3.1	2.6	1.3	1.0	1.6
Einkaneysla	4.2	-2.8	-1.5	6.1	7.0	12.7	3.6	5.6	-7.8
Samneysla	3.8	4.6	5.3	1.8	2.2	3.5	4.0	4.1	4.6
Fjármunamyndun	11.8	-4.3	-14.0	11.1	28.1	35.7	21.6	-12.2	-20.4
Útflutningur	4.2	7.4	3.8	1.6	8.4	7.5	-4.6	17.7	7.1
Innflutningur	8.6	-9.1	-2.6	10.7	14.5	29.3	10.4	-0.7	-18.3
Viðskiptajöfnuður ²	-10.2	-4.3	-0.7	-4.8	-9.8	-16.1	-25.6	-19.9	-40.6
Frámieioni	2.8	2.5	-0.7	1.8	6.5	6.3	1.4	3.2	-1.2

Heimild: ASÍ, Seðlabanki, Hagstofa, Vinnuástandstofnun
¹ Hlutfall atvinnulausa af heildarjöföldi á vinnumarkaði.
² Hlutfall af landsframiðslu

Mikið umrót og glundroði varð í íslensku efnahagslífi í kjölfar falls bankanna og það má kallast kraftaverk að það tókst að halda innlendu greiðslumiðlunarkerfinu gangandi. Við fall bankanna féll krónan mikið, gjaldeyrisviðskipti lögðust af og flæði gjaldeyris til og frá landinu stöðvaðist. Skortur varð á gjaldeyri og Seðlabankinn greip til þess ráðs að setja hömlur á útfæði gjaldeyris og seinna voru lögleidd gjaldeyrishöft. Var þetta talið nauðsynlegt til að koma í veg fyrir algjört hrun á gengi krónunnar en einnig til að tryggja nægilegan gjaldeyri til kaupa á nauðsynjavörum til landsins.

Við bankahrunið settu Bretar á okkur hryðjuverkalög sem enn jök á vandann. Var það fyrst og fremst vegna svo kallaðra IceSave-reikninga. Þetta voru netreikningar sem Landsbankinn stofnaði í Bretlandi og Hollandi. Miklar deilur stóðu fram eftir vetri um ábyrgð á þessum innstæðum við Breta og Hollendinga. Er þetta alvarlegasta millirikjadeila sem Íslendingar hafa staðið í um langt árabíl. Samkomulag náðist í júní 2009 um að Tryggingasjóður innstæðueignenda ábyrgist 20.887 evrur á hvern reikning. Hollendingar og Bretar veita Tryggingasjóði lán til að standa skil á skuldbindingum sínum og er það veitt með ábyrgð íslenska ríkisins. Heildarupphæð innstæðna á reikningunum nam jafnvirði rúmlega 1.200 milljarða króna. Í framhaldi af samkomulaginu var hryðjuverkalögum aflétt.

Í nóvember 2008 leituðu íslensk stjórnvöld eftir aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og nágrannaþjóða okkar. Aðstoðin felur í sér að sjóðurinn lánar Íslendingum 2,1 milljónir USD og nágrannaþjóðir okkar 3 milljónir USD en á móti skuldbindi stjórnvöld sig til að fara eftir sameiginlegri áætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um endurreisn íslensks efnahagslífs. Meginhluti lánsins frá Alþjóðagjaldeyrissjóðunum var borgaður út strax en afgangurinn verður greiddur út í átta jöfnum greiðslum, eftir ársfjórðungslega endurskoðun á efnahagsáætluninni. Útgreiðsla annars hluta lánsins hefur dregist, meðal annars vegna erfiðleika og seinangangs við endurfjármögnun nýju bankanna. Einnig hefur IceSave-málið tafið útgreiðsluna. Af sömu ástæðum hafa orðið tafir á afgreiðslu lána frá nágrannaþjóðum okkar. Mál Íslands býður nú afgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Mörg mikilvæg skref hafa verið tekin í átt til endurreisnar efnahagslífsins þó vissulega hefði þau mátt vera fleiri. Með gerð Stöðugleikasáttmálans náðist viðtæk sátt um það hvernig að endurreisn efnahagslífsins verður staðið, búið er að sækja um aðild að Evrópusambandinu og er undirbúningur að viðræðum hafinn. Endurskipulagning og endurfjármögnun Íslandsbanka og Kaupþings er langt komin og fjármálaráðherra hefur lagt fyrir Alþingi áætlun um ríkisfjármál til næstu ára.

Erfið staða heimilanna

Staða heimilanna hefur versnað verulega síðasta árið. Í uppsveiflunni jukust skuldir heimilanna mikið en þar sem ráðstöfunartekjur hækkuðu líka mikið gátu heimilin staðið undir vaxandi skuldum. En þegar hik kom í vöxt ráðstöfunartekna og kaupmáttur þeirra tók að rýrna þá kiknuðu mörg heimili undan skuldabagganum. Við gengisfall krónunnar og mikla verðbólgu í kjölfarið óx greiðslubyrði hratt af gengis- og verðtryggðum lánum. Samhliða því hafaheimilin þurft að taka á sig verulega tekjuskerðingu vegna styttri vinnutíma, minna starfshlutfalls, lægri launa og atvinnuleysis. Afleiðingar eru þær að staða margra heimila er mjög alvarleg og berjast mörg þeirra í bökkum við að ná endum saman (sjá nánar í kaflanum Velferðarmál).



Kaupmáttur ráðstöfunartekna rýrnar hratt

Hagstofa Íslands reiknar úr ráðstöfunartekjur heimilanna einu sinni á ári. Aðferðarfræði við útreikninginn var breytt með þeim afleiðingum að erfitt er að sjá þróun ráðstöfunartekna milli árunna 2007 og 2008. Grófllega áætlað dróst kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann saman um 4 – 5% í fyrra.

Staða margra heimila hefur því þröngst og möguleikar þeirra til neyslu hafa minnkað. Hefur þetta leitt til snarps falls í neyslu heimilanna. Í fyrra dróst hún saman um tæp 8% og hefur þessi þróun haldið áfram í ár. Á fyrri helmingi þessa árs dróst neysla heimilanna saman um rúman fimmtung miðað við sama tíma árið áður. Þröng staða heimilanna endurspeglast glöggst í minni innkaupum á dýrum innfluttum vörum eins og bílum, raftækjum og ýmsum húsbúnaði en einnig í minni kaupum á dagvöru.

Allt bendir til þess að kaupmáttur ráðstöfunartekna haldi áfram að rýrna á þessu og næsta ári, þar ræður mestu um verðbólga, hækkun skatta og lækkun bóta. Vegna aðhalds í fjármálum ríkis og sveitarfélaga munu skattaálögur hækka og dregið verður úr ýmsum tilfærslum til heimila.

Fjárfestingar heimilanna í íbúðarhúsnæði hafa einnig dregist mjög hratt saman. Í fyrra drögust þær saman um 22% og á fyrri hluta þessa árs hafa þær dregist saman um tæpan helming. Þetta hefur haft alvarlegar afleiðingar fyrir fasteignamarkaðinn og byggingariðnaðinn. Lítil velta hefur verið á fasteignamarkaði og íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hefur lækkað um rúm 11% síðustu 12 mánuði sem jafngildir um fimmtungs lækkun á raunverði.

Þessi þrönga staða heimilanna, atvinnuleysi og kaupmáttarskerðing hefur leitt til fólksflutninga úr landi. Í fyrsta skipti síðan 1889 fækkar Íslendingum. Aðalskýringin er mikill brottflutningur erlendra ríkisborgara frá landinu en í fyrsta skipti frá árinu 1992 flytjast nú fleiri erlendir ríkisborgar frá landinu en til þess.

Mörg fyrirtæki tæknilega gjaldþrota

Rekstrarstaða margra fyrirtækja er afar erfið. Fjármagnskostnaður fyrirtækja hefur hækkað mikið frá því í fyrra. Háir vextir, vaxandi greiðslubyrði gengistryggðra lána vegna falls krónunnar íþyngir verulega rekstri þeirra. Eigið fé margra þeirra hefur brunnið upp og eru mörg þeirra því tæknilega gjaldþrota. Staða margra þeirra er þó talin „sterk“ þar sem þau geta enn staðið undir vaxtagreiðslum og afborgunum af skuldum.

Í júlí sl. höfðu 541 fyrirtæki verið tekið til gjaldþrotaskipta en á sama tíma í fyrra voru þau 450, þetta er töluverð aukning á milli ára. Staða fyrirtækjanna er samt sem áður misjöfn. Mest eru vandræðin hjá fyrirtækum í byggingariðnaði og starfsemi honum tengdum. Mikill samdráttur hefur orðið á byggingarmarkaði og eykur það á vandann. Verslunar- og þjónustufyrirtæki hafa einnig átt erfitt uppdráttar sérstaklega þau sem hafa stundað viðskipti með innfluttar vörur. Til dæmis hafa bílaumboðin átt mjög erfitt.

Í kjölfar gengislækkunarinnar í haust hefur samkeppnisstaða útflutningsfyrirtækja og fyrirtækja í ferðaþjónustu stórbatnað og hefur staða þeirra sjaldan eða aldrei verið betri. Raungengi krónunnar er í sögulegu lágmarki. Í ágúst mældist vísitala raungengisins 66,2 stig (100 stig í janúar 2000). Til samanburðar hefur vísitala raungengis legið á bilinu 85 til 111 stig. Raungengið gefur vísbendingu um samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja á alþjóðamarkaði. Þegar raungengi lækkar batnar samkeppnisstaðan þegar það hækkar versnar hún. Þessa miklu lækkun á raungengi má fyrst og fremst rekja til lækkunar á nafngengi krónunnar, en mikil verðbólga hér innan lands hefur þó heldur hamlað á móti lækkun raungengisins.

Er botninum náð á alþjóðamörkuðum?

Þrátt fyrir að raungengi krónunnar sé í sögulegu lágmarki, hafa viðskiptakjör landsins versnað. Stafar það af því að verð í erlendri mynt á helstu útflutningsafurðum hefur fallið skart. Til dæmis hefur álverð fallið um þriðjung frá því í ágúst í fyrra og verð sjávarvarafurða um rúm 17%.

Alþjóðlega fjármálakreppan hefur leikið mörg lönd mjög illa. Sem dæmi má nefna að samdrátturinn í G-7 ríkjunum (helstu iðnríkjum heims) var 4,6% á öðrum ársfjórðungi þessa árs. Á sama tíma var samdrátturinn á evru-svæðinu 4,7%. Er þetta mesti samdráttur sem heimurinn hefur gengið í gegnum frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar. Þetta hefur leitt til mikils samdráttar í almennri neyslu í helstu viðskiptalöndum okkar og verðfalls á ýmsum hrá- og neysluvörum. Síðustu vikur hafa borist jákvæðar fréttir af helstu hagkerfum heimsins og vísbendingar eru um að botni alþjóðlegru fjármálakreppunnar sé náð. Svo virðist sem kreppunni í Bandaríkjunum sé lokið tæknilega, en nokkur tími mun líða þar til efnahagslífið jafnar sig á ný. Sama má segja um önnur helstu viðskiptalönd Íslands, þó eru horfur á að batinn á evru-svæðinu verði nokkuð seinna á ferðinni en í Bandaríkjunum. Búast má við að viðskiptakjör hér á landi verði þá áfram nokkuð óhagstæð en fara að batna þegar efnahagslífið í helstu viðskiptalöndunum fer að rétta úr sér á ný.

Stýrivextir hafa lækkað – en áfram háir

Mikill styr hefur staðið um Seðlabanka Íslands og hefur stjórn peningamála sætt harkalegri gagnrýni. Stjórnendur bankans voru gagnrýndir fyrir framgang þeirra í bankahruninu og í kjölfar þess. Endalok málsins voru þau að sett voru ný lög um Seðlabanka Íslands í febrúar og í kjölfarið var nýr seðlabankastjóri og aðstoðarseðlabankastjóri settir í embætti.

Stýrivextir hafa verið afar háir allt þetta ár. Fyrir bankahrún stóðu þeir í 15,5% en voru hækkaðir í 18%, í kjölfar þess að óskað var eftir aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Stóðu þeir í 18% fram í mars en þá hóf Seðlabankinn langþráð stýrivaxtalækkunarferli. Frá þeim tíma hefur bankinn lækkað vexti samtals þrisvar sinnum og eru stýrivextir nú 12%. Seðlabankinn hefur varið hátt vaxtastig með því að þrátt fyrir gjaldeyrishöft væri nauðsynlegt að hafa háa stýrivexti til að styðja við gengi krónunnar og sporna við útfærði gjaldeyris.

Stjórn peningamála hefur sætt mikilli gagnrýni og þá sérstaklega háir stýrivextir og setning gjaldeyrishafta. Hátt vaxtasig ásamt vaxandi greiðslubyrði af gengis- og vísitölubundnum lánnum er að slíga heimilin og fyrirtækin í landinu. Við blasa gjaldþrot heimila og fyrirtækja að öllu óbreyttu. Miðstjórn Alþýðusambandsins sendi frá sér ályktun þann 6. maí sl. þar sem vaxtastefna bankans er harðlega gagnrýnd og þess krafist að vextir verði lækkaðir í 5,25%.

„Miðstjórn ASÍ krefst þess að vextir lækki verulega. Miðstjórnin hvetur því Seðlabanka Íslands til að lækka stýrivexti við vaxtaákvörðun á morgun þannig að vaxtamunurinn verði ekki meiri en sem nemur 4% miðað við evrópska seðlabankann en vextir þar eru í dag 1,25%.

Fjöldi heimila og fyrirtækja er að blæða út vegna ofurhárar vaxta á sama tíma og þjóðin býr við miklar hömlur á gjaldeyrismarkaði. Miðstjórn ASÍ óttast að verði ekki snúið af þessari óheillabraut blasi við frekari fjöldauppsagnir og gjaldþrot. Þessi vaxtastefna ógnar jafnframt bankakerfinu eins og það leggur sig. Samkvæmt upplýsingum viðskiptaráðherra er mikið ójafnvægi milli innlendra skulda bankanna og eigna þeirra í erlendri mynt. Háir vextir gera það erfitt að taka á þessum mikla halla á gengisjöfnuði. Verði hann ekki réttur af mun kostnaðurinn lenda af fullum þunga á ríkissjóði, almenníngi og fyrirtækjum, sem þegar róa lífróður.“

Krónan sjaldan jafn veik

Gengi krónunnar féll hratt í kjölfar falls bankanna í fyrra haust og á sama tíma lokaðist íslenskur gjaldeyrismarkaður og þar með tók fyrir flæði erlends gjaldeyris inn í landið. Gjalddeyrisskortur varð í kjölfarið þar sem lokað var fyrir erlendar lánalínur og útflytjendur og innflytjendur áttu í vandræðum með að koma gjaldeyri til og frá landinu. Gripið var til þess ráðs að koma á fót uppboðsmarkaði með gjaldeyri til að koma gjaldeyrisskiptum af stað á ný. Til að koma í veg fyrir útfærði gjaldeyris frá landinu og þar með frekari veikingu krónunnar voru sett gjaldeyrishöft, skilaskylda á gjaldeyri og tekin var upp skömmtun á gjaldeyri. Skömmtun gjaldeyris hafði í för með sér tvöfaldan gjaldeyrismarkað, þar sem verðgildi krónunnar var mun lægra en á formlegum markaði með gjaldeyri. Í desember voru gjaldeyrishöftin styrkt og krónunni fleytt á ný. Gengi krónunnar féll í framhaldinu og fór í gengisvísitalan í sitt hæsta gildi 250 stig. Gengið styrktist framan af þessu ári en veiktist síðan á ný.

Verðbólga Verðbólga 1998 - 2009



Gengi krónunnar hefur haldist áfram veikt og hefur hún legið á nokkuð þröngu bili á milli 230 - 240 stiga. Miklar vaxtagreiðslur vegna erlendra skulda skýra að nokkru útstreymi gjaldeyris þrátt fyrir verulegan afgang af vöru- og þjónustuviðskiptum. Það, auk mikillar vantrúar á íslensku krónuna og áhættufærni erlendra fjárfesta, er helst ástæða þess að ekki hefur tekist að styrkja gengi krónunnar á ný.

Í heildina hefur krónan fallið um rúm 95% gagnvart evru frá því í upphafi árs 2008. Á sama tíma hefur raungengi krónunnar lækkað um 40% sem þýðir að kaupmáttur okkar erlendis hefur rýrnað um 40%. Jafnframt því að mæla samkeppnisstöðu landsins, mælir raungengið kaupmátt krónunnar erlendis þ.e. hve mikið af vörum og þjónustu við getum keypt í útlöndum fyrir hverja krónu. Ef raungengið rýrnar um 40% þá minnkar það sem við getum keypt fyrir hverja krónu um 40%. Til þess að geta keypt sama magn og áður erlendis frá þá þurfum við að auka útflutningsframléiðsluna um 40%.

Dregur úr viðskiptahalla

Vegna falls krónunnar hefur innflutningur dregist mikið saman. Í fyrra dróst hann saman um 18% og hefur haldið áfram að dragast saman á þessu ári. Fyrstu sex mánuði þessa árs dróst hann saman um 35%. Útflutningur dróst einnig saman en mun minna en innflutningur. Í fyrra dróst útflutningur saman 9% og um tæp 1% fyrstu sex mánuði þessa árs. Verðmæti útflutnings hefur verið meira en innflutnings og því verið afgangur af vöru- og þjónustujöfnuði frá því á síðasta fjórðungi í fyrra. Þrátt fyrir þetta er mikill viðskiptahalli við útlönd vegna hárra fjármagnsgreiðslna til útlanda. Þó hefur dregið mikið úr viðskiptahallanum. Í fyrra var hann 40% af landsframléiðslu en var komin í 12% á miðju þessu ári.

Verðbólga hjaðnar

Verðbólga jókst hratt í kjölfar falls krónunnar sl. haust. Fór hún hæst í 18,6% í janúar en hjaðnaði nokkuð hratt eftir það og er nú komin í 10,9% (ágúst). Hægar dregur úr verðbólgu en spáð var fyrr á þessu ári. Ræður þar mestu að krónan hefur ekki styrkst eins

og vonir stóðu til og eins hefur hækkun neysluskatta hægt á hjöðnuninni. Þróun verðlags er mjög háð breytingum á gengi krónunnar og skattlagningu á vörum og þjónustu. Fyrr á þessu ári voru álögur á áfengi, tóbak og bensín hækkaðar og þann 1. september voru vörugjöld á mat- og drykkjarvörur hækkuð. Gera má ráð fyrir að samanlögð áhrif þessara hækkana séu um eitt prósentustig á neyslaverðsvisitöluna.

Lækkandi íbúðaverð og minni almenn eftirspurn hefur síðan dregið úr verðbólgu. Á sama tíma hefur einnig dregið úr verðbólgu erlendis og horfur eru á að innkaupsverð innfluttra vara í erlendri mynt haldist nokkuð stöðugt á næstunni.

Snarpur viðsnúningur í ríkisfjármálum

Mikill og snarpur viðsnúningur hefur orðið á stöðu ríkissjóðs síðustu 12 mánuði. Tekjur minnka á sama tíma og útgjöld hækka. Heildartekjur ríkissjóðs námu 214 milljörðum króna, fyrstu sex mánuði ársins en voru fyrir ári síðan 240 milljarðar. Meginhluti tekna ríkisins eru skatttekjur sem breytast í takt við árferði og skýrir það að mestu mikið tekjufall ríkissjóðs. Á sama tíma hafa útgjöld stóraukist. Á fyrrihluta þessa árs námu þau um 276 milljörðum en voru á sama tíma í fyrra 219 milljarðar. Meginskýring á vaxandi útgjöldum eru aukin útgjöld vegna vaxandi atvinnuleysis og hárra fjármagnsgreiðslna vegna skulda ríkissjóðs.

Skuldir ríkisins hafa aukist verulega, vegna yfirtöku á þremur stærstu bönkunum í kjölfar bankahrunsins og ekki síst vegna Icesave-samningsins. Talsverð óvissa hefur ríkt um skuldastöðuna en talið er að skuldir ríkisins hafi numið um 1.700 milljörðum króna eða 115% af landsframleiðslu í árslok 2008. Þar af nema skuldir vegna Icesave um 600 milljörðum króna. Þetta er mjög hátt í alþjóðlegum samanburði. Staðan er þó heldur betri ef horft er á nettó stöðuna en þá nema skuldir ríkissjóðs 54% af landsframleiðslu þegar Icesave skuldbindingarnar eru meðtaldar.

Stjórnvöld ásamt Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hafa gert áætlun um hvernig jafnvægi verði komið á í rekstri hins opinbera á næstu árum og fyrir liggur að það þarf að hækka skatta, skera niður í rekstri, draga úr tilfærslum, m.a. bótum almannatrygginga og fresta fyrirhuguðum framkvæmdum.

Efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gerir ráð fyrir að jöfnuði verði náð í rekstri ríkissjóðs árið 2011 þegar undan eru skilin vaxtatekjur og vaxtagjöld (frumjöfnuður) og að afgangur verði á heildarjöfnuði árið 2013. Til þess að þetta gangi eftir þarf að draga úr halla ríkissjóðs um samtals 179 milljarða króna á tímabilinu. Nú þegar hafa verið samþykktar á Alþingi aðgerðir til að bæta afkomu ríkissjóð um 22 milljarða króna á þessu ári. Í júlí sl. voru samþykkt á Alþingi lög um sérstakan 8% skatt á tekjur um fram 700.000 og tryggingagjald var hækkað úr 5,34% í 7%. Fjármagnstekjuskattur var hækkaður á sama tíma úr 10% í 15% á fjármagnstekjur yfir 250.000 og nú síðast voru vörugjöld hækkuð þann 1. september

Á árunum 2010 – 2013 þarf að draga úr halla ríkissjóðs sem nemur 157 milljörðum til viðbótar og áætlað er að þunginn í þeirri aðlögun verði mestur á árunum 2010 og 2011. Meiri óvissa ríkir um árin 2012 og 2013. Samkvæmt stöðuleikasáttmála stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins verða á haustþingi lagðar fram nákvæmari útfærslur.

Ljóst er að halli af þessari stærðargráðu verður ekki leiðrétur nema það komi við alla þætti opinbers rekstrar. Alþýðusambandið hefur lagt áherslu á að ekki verði undan því vikist að koma á jafnvægi í rekstri ríkis og sveitarfélaga sem fyrst. Alþýðusambandið

hefur jafnframt lagt á það áherslu að staðinn verði vörður um þá sem minnst mega sín við þessar erfiðu aðstæður. Miðstjórn ályktaði um ráðstafanir í ríkisfjármálum þann 17. desember 2008 og þar segir:

„Miðstjórn ASÍ telur óhjákvæmilegt að ráðast í það erfiða verkefni að taka á hallarekstri ríkissjóðs. Ljóst er að það tekur nokkur ár að koma ríkisfjármálunum í jafnvægi. Miðstjórnin leggur á það áherslu að stjórnvöld leggi fram tillögur sem taka á því hvernig jafnvægi verði komið á ríkisreksturinn á næstu árum og óvissu verði þannig eytt.

Miðstjórnarfundur haldinn 17. desember 2008 telur afar mikilvægt að varin verði staða þeirra sem minnst mega sín við þessar erfiðu aðstæður, s.s. elli- og örorkulífeyrisþega. Í þeim ráðstöfunum sem kynntar hafa verið vantar verulega á að þetta hafi verið gert. Heildarsamtök launafólks ákváðu því í síðustu viku að fresta öllum viðræðum um endurskoðun og gerð nýrra kjarasamninga vegna árána 2009 og 2010 fram yfir áramót. Eftastak á að skapa ásettannlegan grundvöll að slíkri vinnu telur miðstjórn ASÍ nauðsynlegt að gerðar verði breytingar á eftirfarandi þáttum:

- *Dregið verði úr niðurskurði vegna elli- og örorkulífeyris með upptöku frítekjumarks vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum.*
- *Unnið verði á næstu vikum að tillögum um það hvernig auka megi tekjujöfnunarhlutverk skattkerfisins.*
- *Sett verði lög um greiðsluáðlögun sem heimili niðurfærslu og skilmálabreytingu á húsnæðisskuldum heimilanna.*
- *Stofnaður verði Bjargráðasjóður heimilanna til að auðvelda niðurfærslu húsnæðisskulda.*
- *Settur verði starfshópur með fulltrúum byggingarmanna til að fara yfir verklegar framkvæmdir og forgangsraða mannaflsfrækum framkvæmdum.*
- *Ráðherrar, þingmenn og æðstu embættismenn njóti sömu lífeyrisréttinda og aðrir opinberir starfsmenn.*
- *Staðið verði við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 17. febrúar 2008. “*

Þessi mál voru einnig til umfjöllunar á aukaárfundi ASÍ þann 25. mars 2009. Þar segir m.a. í ályktun frá þeim fundi:

„Rekstur hins opinbera

Það er forgangsmál að koma á jafnvægi í rekstri ríkis og sveitarfélaga til að koma í veg fyrir frekari skuldasöfnun hins opinbera og hækkan raunvaxta.

- *Slikt verður ekki gert nema með hagræðingu á öllum sviðum. Breyta þarf forgangsröðun án skerðingar á grunnþjónustu velferðarkerfisins.*
- *Mikilvægt er að verkalýðshreyfingin komi að umræðu um breytta forgangsröðun og nauðsynlegar breytingar á skattkerfinu.*
- *Alþýðusambandið leggur áherslu á að þeir tekjuhærri beri stærri hluta byrðanna þannig að þeim tekjulægri verði hlíft við skattahækkunum. “*

Staða margra sveitarfélaga afar slæm

Sveitarfélögin hafa einnig fundið harkalega fyrir erfiðri stöðu efnahagsmála. Fjárhagsstaða margra þeirra er afar slæm og þurfa þau að hagræða verulega í rekstri til að ná endum saman. Horfur eru á að þau þurfi að draga úr þjónustu.

Tekjur sveitarfélaga dragast mikið saman á sama tíma og útgjöld stórukast. Sérstak-

lega hafa afborganir af skuldum og vaxtagreiðslur aukist frá árinu 2007. Mörg sveitarfélög tóku erlend lán til að fjármagna ýmiskonar framkvæmdir m.a. uppbygginu á grunnþjónustu og gatnagerð í nýjum íbúðahverfum. Við fall krónunnar hafa erlendar skuldir nær tvöfaldast og vaxtagreiðslur í takt við það. Greiðslubyrði erlendra skulda hefur því íþyngt rekstri þeirra verulega.

Árið 2007 þegar umsvif á fasteignamarkaði náðu hámarki höfðu sveitarfélögin miklar tekjur af sölu byggingaréttar. Þegar alvarlegur viðsnúningur varð á fasteignamarkaði 2008 kom mikið bakslag í sölu byggingaréttar og sveitarfélögin urðu af miklum tekjum. Einnig þurftu þau að endurgreiða háar fjárhæðir þegar lóðum var skilað.

Þegar horft er til stöðu b-hluta sveitarfélaganna þ.e. þeirrar starfsemi sveitarfélaganna sem er fjármagnaður með þjónustugjöldum svo sem reksturs hafna, veitustarfsemi og reksturs félagslegs húsnæðis, þá er staðan ekki miklu betri. Eigið fé margra b-hluta-fyrirtækja hefur rýrnað mjög hratt, hefur það lækkað um nær helming þrátt fyrir að eignir hafi aukist um þriðjung. Stafar þetta fyrst og fremst af miklum erlendum skuldum. Menn tala þó um að staða fyrirtækjanna sé sterk þar sem þau geta vel staðið undir afborgunum og vaxtagreiðslum af skuldunum.

Það er því ljóst að sveitarfélögin munu þurfa að sýna verulegt aðhald í rekstri á næstu árum til að ná endum saman og þau þurfa þar að auki að auka álögur á íbúa.

Erfið staða á vinnumarkaði

Atvinnuleysi jókst hratt í kjölfara bankahrunsins sl. haust. Fór það úr 1,3% í september í 4,8% í desember. Atvinnulausum hefur fjölgað áfram á þessu ári og náði atvinnuleysið hámarki 9,1% í apríl sem jafngilti því að um 17.000 manns væru án atvinnu. Þetta er meira atvinnuleysi en áður hefur þekkt á íslenskum vinnumarkaði. Þetta ástand hefur kallað á virkar vinnumarkaðsaðgerðir sem er lýst nánar í kaflanum Atvinnuástandið. Búast má við að atvinnuleysi verði á bilinu 9-10% næstu misserin.

Verðlagseftirlit ASÍ

Alþýðusambandið starfrækir verðlagseftirlit á skrifstofu sinni í þeim tilgangi að upplýsa neytendur og veita aðhald gegn verðhækkunum á neytendamörkuðum. Undangengið ár hefur einkennst af mikilli veikingu krónunnar sem hefur valdið miklum verðhækkunum á öllum helstu neysluvörum. Í ágúst hafði verð á dagvörum samkvæmt vísitölu neysluverðs hækkað um ríflega þriðjung frá því í upphafi árs 2008 og þar af um tæplega 18% frá sama tíma í fyrra. Líkt og áður hefur verðlagseftirlitið lagt megináherslu á að kanna verð á matvöru sem er einn stærsti útgjaldaliður heimilanna og hefur afgerandi áhrif á kjör launafólks, einkum nú þegar víða kreppir að. Verðlagseftirlitið hefur á undanföllum árum framkvæmt verðkannanir samkvæmt samkomulagi við Samtök verslunar og þjónustu en vegna óeiningar um fyrirkomulag og birtingu verðkannana sögðu SVP sig frá því samkomulagi síðla árs 2007. Verðlagseftirlitið starfaði hins vegar áfram í meginatriðum samkvæmt því samkomulagi en hafði á liðnu ári verklag við verðkannanir til gagngerrar endurskoðunar. Niðurstaðan úr þeirri vinnu var sú að settar voru fram nýjar verklagsreglur fyrir starfsemi verðlagseftirlitsins sem samþykktar voru í miðstjórn ASÍ þann 20. maí sl. Þær ganga út frá fullu sjálfstæði eftirlitsins í störfum sínum og er ætlað að tryggja gagnsæi og samræmi í starfseminni. Áfram er miðað við að vöruverð sé kannað samkvæmt verðmerkingu söluaðila enda er það skylda þeirra skv. lögum að hafa skýrar

aðgengilegar og greinilegar verðmerkingar á sölustað auk þess sem aðgangur neytenda að verðupplýsingum er nauðsynleg forsenda virkrar samkeppni.

Verklagsreglur fyrir verðlagseftirlit ASÍ

Markmið verðlagseftirlitsins er að upplýsa almenning um verðlag á vörum og þjónustu hjá söluaðilum á neytendamarkaði. Aðgangur að traustum upplýsingum um verðlag á markaði er forsenda þess að neytendur geti tekið upplýstar og ígrundaðar ákvarðanir um hvert þeir beina viðskiptum sínum. Með þessu móti skapa virkir neytendur aðhald og ýta undir samkeppni milli söluaðila. Verðlagseftirlitið gerir eingöngu verðsamanburð en leggur ekki mat á gæði eða þjónustu söluaðila.

Verðlagseftirlitið hefur sett sér eftirfarandi verklagsreglur við framkvæmd verðkannana sem tryggja gagnsæi og samræmi í starfsemi.

Framkvæmd verðkannana:

1. Verklagsreglur þessar ná til verðkannana sem hafa þann tilgang að bera saman söluverð til neytenda milli söluaðila.
2. Verðlagseftirlitið gætir fyllsta hlutleysis við öflun upplýsinga, úrvinnslu og birtingu verðkannana. Verðlagseftirlitið byggir niðurstöður sínar eingöngu á þeim upplýsingum sem aflað er af starfsfólki þess.
3. Ávallt skal tryggt að söluaðilar hafi enga vitneskju um fyrirhugaða verðkönnun áður en hún er framkvæmd.
4. Verðlagseftirlitið gætir tölfræðilegrar nákvæmni við úrvinnslu gagna.
5. Starfsmenn verðlagseftirlitsins eru bundnir trúnaði og skulu ávallt gæta fyllsta hlutleysis og nákvæmni í störfum sínum.
6. Verðkannanir skal framkvæma hjá viðkomandi söluaðila en ekki nota verðupplýsingar sem fengnar eru í gegnum síma, úr blöðum, o.þ.h.
7. Verðkannanir hjá þjónustufyrirtækjum sem selja þjónustu sem ekki er veitt á sölustað, s.s. fjarskiptafyrirtækjum, orkuveitum, fjármálafyrirtækjum og opinberum aðilum, skulu gerðar skv. gildandi gjaldskrár við framkvæmd könnunar.
8. Verðkönnun skal gerð á sama tímabili hjá öllum aðilum sem könnunin nær til.
9. Skrá skal verð í verðkönnun skv. verðmerkingu söluaðila, þ.e. á eða við hillu verslunar eða þar sem verð er birt neytendum með skýrum og greinilegum hætti. Enda er það skylda söluaðila, skv. lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og reglugerð nr. 725/2008, að hafa skýrar, aðgengilegar og greinilegar verðmerkingar á sölustað svo augljóst sé til hvaða vöru eða þjónustu verðmerkingin vísar.
10. Vara sem skráð er niður verð á í verðkönnun, skal vera aðgengileg og sýnileg öllum viðskiptavinum með greinilegum hætti.
11. Verðlagseftirlitið er sjálfstætt í starfi sínu og framkvæmir kannanir án afskipta söluaðila. Hafi fulltrúi söluaðila afskipti af verðtökuaðila við framkvæmd ber verðtökuaðilanum að gera grein fyrir sér en óska jafnframt eftir næði til þess að framkvæma könnunina. Verði fulltrúi söluaðila ekki við þeirri beiðni eða reyni með öðrum hætti að hafa áhrif á framkvæmd eða niðurstöður könnunar verður fyrirtæki hans vísað úr könnuninni og þess getið við birtingu niðurstaðna.
12. Hafi fulltrúi frá samkeppnisaðila, sem staddur er í verslun þegar verðkönnun fer


fram, afskipti af framkvæmd könnunar, skal verðtökuaðili óska eftir næði til þess að framkvæma könnunina. Samkeppnisaðili skal hvorki hafa afskipti af né fylgjast með framkvæmd könnunarinnar. Verði fulltrúinn ekki við þeirri beiðni eða reyni með öðrum hætti að hafa áhrif á framkvæmd eða niðurstöður könnunar, verður fyrirtæki hans vísað úr könnuninni og þess getið við birtingu niðurstaðna.

13. Heimili söluaðili ekki verðtökuaðila að framkvæma verðkönnun í verslun sinni skv. þessum verklagsreglum skal þess getið með óyggjandi hætti við birtingu niðurstaðna.
14. Birta skal niðurstöður verðkannana svo fljótt sem verða má að framkvæmd lokinni.

Samþykkt í miðstjórn ASÍ 20.mai 2009

Vörucarfa ASÍ

Verðlagseftirlitið hóf í fyrra mælingar á verði vörucarfu ASÍ í öllum helstu matvöruverslunarkerkjum landsins og hefur þeim mælingum verið haldið áfram það sem af er þessu ári. Vörucarfunni er ætlað að endurspeglar almenn innkaup meðalheimilis og inniheldur allar almennar mat- og drykkjarvörur. Helstu niðurstöður mælinganna eru þær að verð kórfunnar hafði í byrjun september hækkað um 9-24% frá sama tíma í fyrra. Mestar hafa hækkanirnar verið í lágvöruverðsverslunarkerkjum, 22-24%. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands hækkaði verð á mat- og drykk í vísitölu neysliverðs um ríflega 15% á sama tímabili.



Þá hefur verðlagseftirlitið á árinu gert hefðbundnar samanburðarkannanir í matvöruverslunum auk verðkönnunar í fiskbúðum og á hjólbarðaverkstæðum. Auk þess hafa verið teknar saman upplýsingar um verð á opinberri þjónustu svo sem fasteignagjöldum, leikskólagjöldum og verði í skólamótuneytum auk upplýsinga um verð á sumarnám-skeiðum fyrir börn og unglínga.



Kjaramál

Kjaramál og kjarasamningar

Kjarasamningar haust 2008

Fljótlega eftir að skrifað var undir kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í febrúar 2008 versnuðu efnahagshorfur til muna. Kjarasamningar flestra félaga við ríkið voru lausir með vorinu. Þá þegar var farið að tala um að reyna að ná viðtækri samstöðu milli almenna og opinbera markaðarins um eina launa- og kjarastefnu á árinu 2009 í tengslum við endurskoðun kjarasamninga á almennum markaði í febrúar 2009. Bæði félög opinberra starfsmanna og ASÍ félaga sömdu við ríkið á vormánuðum 2008 til marsloka árið 2009. Með því að láta samninganna renna út um svipað leyti og endurskoðun kjarasamninga á almennum markaði átti að eiga sér stað, var lagður grunnur að því að hægt væri að láta reyna á slíka samstöðu.

Í kjaramálaályktun ársfundar ASÍ 2008 var fjallað um erfiða stöðu heimilanna og mikilvægi þess að skapa viðtæka samstöðu meðal allra stéttafélaga á almennum- og opinberum vinnumarkaði um launastefnu sem tryggði öllu launafólki sambærilegar launahækkanir og kjarabætur á árinu 2008 og næstu tveimur árum, eða eins og sagði í ályktun ársfundarins: „Ársfundur ASÍ leggur þunga áherslu á að staða heimilanna verði varin eins og kostur er í þeim efnahagsþrengingum sem framundan eru. Ljóst er að kaupmáttur launa mun skerðast á komandi misserum. Forgangsverkefnið við þessar aðstæður er því að lágmarka þann skaða sem heimilin standa frammi fyrir og leggja grunn að því að kaupmáttur geti sem fyrst vaxið aftur.

Ársfundurinn telur því mikilvægt að skapa viðtæka samstöðu meðal allra stéttafélaga á almennum- og opinberum vinnumarkaði um launastefnu sem tryggir öllu launafólki

sambærilegar launahækkarnir og kjarabætur á þessu ári og næstu tveimur árum. Slik launastefna yrði mikilvægt framlag til þess að treysta stöðu þeirra tekjulægstu samfara því að skapa auknið félagslegt og efnahagslegt öryggi og stöðugleika næstu árin.

Ársfundurinn telur að slík aðgerð sé mikilvægt innlegg í þá kjarasamninga sem nú eru að losna og einnig í komandi endurskoðun kjarasamninga. Ársfundurinn telur einnig að sú stefnumótun fundarins um aðgerðir gegn fjármálakreppu og til að auka trúverðugleika sé mikilvægt innlegg í þá vinnu sem framundan er. Ársfundurinn telur að slík stefnumótun geti verið mikilvægur grunnur fyrir miðstjórn og aðildarsamtökin við gerð og endurskoðun kjarasamninga.“

Þann 29. nóvember 2008 samdi Starfsgreinasambandið við Launaneftnd sveitarfélaga og Efling stéttarfélag við Reykjavíkurborg um sambærilegar hækkarnir og samið hafði verið um við ríkið fyrr á árinu. Helstu atriði samninganna voru:

- Gildistími samningsins var 1. desember 2008 til 31. ágúst 2009 með fyrirvara, sbr. yfirlýsingu sem fylgir samningnum.
- Launataxtar hækka um kr. 20.300 og tekin er upp ný launatafla.
- Yfirborganir skv. ákvörðun Launaneftndar sveitarfélaga frá 28. janúar 2006 færðust inn í taxa og hækkuðu vaktálagsgreiðslur og yfirvinna sem því nam.
- Starfsmenn í tímamældri ákvæðisvinnu og ræsting samkvæmt fermetragjaldi fá 16% hækkun.
- Persónuuppbót í desember 2008 hækkaði í 72.399 og orlofsuppbót árið 2009 í 25.200.
- Réttur foreldra til fjarveru á launum vegna veikinda barna var aukinn, úr 10 í 12 daga.
- Samið var um greiðslur í starfsendurhæfingarsjóð.

Vilji var til þess hjá samningsaðilum að stuðla að viðtækri samstöðu um launa- og kjarastefnu á öllum vinnumarkaðinum á árinu 2009 og því sameinuðust þeir um eftirfarandi yfirlýsingu með kjarasamningnum:

„Þann 27. nóvember 2008 áttu fulltrúar stærstu aðila á íslenskum vinnumarkaði sameiginlegan fund til að kanna möguleika á því að ná viðtækri sátt um launa- og kjarastefnu til ársins 2010 vegna þeirra kjarasamninga sem eru til endurskoðunar eigi síðar en 15. febrúar 2009 og þeirra kjarasamninga sem renna út 2009. Aðilar þessarar yfirlýsingar eða fulltrúar þeirra áttu aðild að fundinum og er fullur vilji aðila þessarar yfirlýsingar að beita sér fyrir að taka þátt í slíkri sátt.

Náist sátt um sameiginlega niðurstöðu á almennum og opinberum vinnumarkaði, með þátttöku þeirra sem að þessari yfirlýsingu standa, þá mun sú niðurstaða gilda frá þeim tíma og með þeim breytingum sem niðurstaðan felur í sér.

Þeir sem standa að þessari yfirlýsingu munu leggja sitt afmörkum til að viðtæk sátt um launa- og kjarastefnu til ársins 2010 verði náð.“

Önnur landsambönd og félög sömdu á svipuðum nótum við Launaneftnd sveitarfélaga og Reykjavíkurborg.

Öðrum samningum s.s. við stóriðjufyrirtækin, sem lausir voru síðla árs 2008, var lokið með svipuðum hætti og samningum við sveitarfélögin, með þeirri undartekningu þó, að ekki voru sérstök endurskoðunarákvæði í þeim heldur giltu samningarnir til ársloka 2010 eða ársbyrjunar 2011.

Endurskoðun kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og samningar við ríki og sveitarfélög

Með yfirlýsingu Launaneftdar, Reykjavíkurborgar og þeirra stéttarfélaganna sem semja við Launaneftnd og borgina voru skapaðar forsendur fyrir því að allur vinnumarkaðurinn, bæði sá almenni og einnig sá opinberi gætu sest að samningaborðinu í ársbyrjun 2009.

Sameiginleg vinna allra samningsaðila hófst þegar í kjölfar samninganna við sveitarfélögin en þegar leið að afgreiðslu fjárlaga í desember kom til alvarlegs ágreinings við ríkisstjórnina um skerðingar í almannatryggingakerfinu, o.fl. Heildarsamtök launafólks ákváðu þá að fresta öllum viðræðum um endurskoðun og gerð nýrra kjarasamninga vegna áráttanna 2009 og 2010 fram í janúar. Í framhaldinu ályktaði miðstjórn ASÍ um fjárlagafrumvarpið og ráðstafanir í ríkisfjármálum þar sem sagði:

„Miðstjórn ASÍ telur óhjákvæmilegt að ráðast í það erfiða verkefni að taka á hallarekstri ríkissjóðs. Ljóst er að það tekur nokkur ár að koma ríkisfjármálunum í jafnvægi. Miðstjórnin leggur á það áherslu að stjórnvöld leggi fram tillögur sem taka á því hvernig jafnvægi verði komið á ríkisreksturinn á næstu árum og óvissu verði þannig eytt.

Miðstjórnarfundur haldinn 17. desember 2008 telur afar mikilvægt að varin verði staða þeirra sem minnst mega sín við þessar erfiðu aðstæður, s.s. elli- og örorkulífeyrisþega. Í þeim ráðstöfunum sem kynntar hafa verið vantar verulega á að þetta hafi verið gert. Heildarsamtök launafólks ákváðu því í síðustu viku að fresta öllum viðræðum um endurskoðun og gerð nýrra kjarasamninga vegna áráttanna 2009 og 2010 fram yfir áramót. Ef takast á að skapa ásættanlegan grundvöll að slíkri vinnu telur miðstjórn ASÍ nauðsynlegt að gerðar verði breytingar á eftirfarandi þáttum:

- Dregið verði úr niðurskurði vegna elli- og örorkulífeyris með upptöku frítekjumarks vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum.
- Unnið verði á næstu vikum að tillögum um það hvernig auka megi tekjujöfnunarhlutverk skattkerfisins.
- Sett verði lög um greiðsluáðlögun sem heimili niðurfærslu og skilmálabreytingu á húsnæðisskuldum heimilanna.
- Stofnaður verði Bjargráðasjóður heimilanna til að auðvelda niðurfærslu húsnæðisskulda.
- Settur verði starfshópur með fulltrúum byggingarmanna til að fara yfir verklegar framkvæmdir og forgangsraða mannaflsfrekum framkvæmdum.
- Ráðherrar, þingmenn og æðstu embættismenn njóti sömu lífeyrisréttinda og aðrir opinberir starfsmenn.
- Staðið verði við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 17. febrúar 2008.“

Ekki var orðið við kröfum ASÍ og töfðust því viðræður fram yfir áramót en þá var þráðurinn tekinn upp aftur.

Grundvöllur endurskoðunar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði

Í kjarasamningunum á almenna vinnumarkaðinum frá 17. febrúar 2008 var eftirfarandi forsenduákvæði:

„*Sérstök forsendunefnd skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af samninganefnd ASÍ og tveimur af SA skal taka þegar til starfa. Hún skal fjalla um þróun efnahagsmála á samningstímanum og eftir atvikum leita eftir samstarfi við stjórnvöld, í því skyni að stuðla að*

Því að markmið samnings þessa um lága verðbólgu og sérstaka hækkun lægstu launa nái fram að ganga. Í byrjun febrúar 2009 skal fjalla sérstaklega um framlengingu samningsins fyrir tímabilið 1. mars 2009 til 30. Nóvember 2010. Samningurinn framlengist til 30. nóvember 2010 hafi báðar forsendur samningsins staðist.

1. Annars vegar þarf kaupmáttur launa á almennum vinnumarkaði að hafa haldist eða aukist á samningstímanum (tímabilinu janúar 2008 – desember 2008) samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands.
2. Hins vegar þarf verðbólga að hafa farið lækkandi. Með lækkandi verðbólgu er átt við að verðbólga innan ársins 2008 þ.e. 12 mánaða verðbólgan í desember 2008 sé lægri en 5,5%. Ennfremur að verðbólga á 6 mánaða tímabilinu ágúst 2008 – janúar 2009 sé innan við 3,8%, miðað við árshraða.

Nú hefur önnur hvor samningsforsendan eða báðar ekki staðist skal þegar í stað kalla saman fund samninganefndar ASÍ og SA sem leita skal samkomulags um viðbrögð til að stuðla að framgangi markmiðs samningsins, festa forsendur hans í sessi og tryggja að samningurinn haldi gildi sínu. Nú næst ekki samkomulag og skal þá sá aðili sem ekki vill framlengingu samningsins skýra frá þeirri ákvörðun og fellur þá samningurinn úr gildi frá lokum febrúar 2009, ella framlengist samningurinn til 30. nóvember 2010. “

Þetta forsenduákvæði var nokkuð frábrugðið samsvarandi ákvæðum í eldri samningum. Munurinn var tvíþættur:

1. Í stað þess að heimilt væri að segja upp samningi ef forsendur stæðust ekki þá gerði forsenduákvæðið ráð fyrir því að samningurinn væri í raun árs samningur sem að uppfylltum ákveðnum forsendum framlengdist í tæplega þriggja ára samning.
2. Hlutverk forsendunefndar ASÍ og SA var mun takmarkaðra en í fyrri samningum þar sem nefndin skyldi einungis fjalla um þróun efnahagsmála og reyna eftir atvikum að leita eftir samstarfi við stjórnvöld og síðan meta það hvort forsendur samningsins stæðust eða ekki. Brystu forsendurnar væri það síðan í höndum samninganefnda ASÍ og SA en ekki forsendunefndarinnar eins og verið hafði í fyrri samningum að leita samkomulags.

Til grundvallar starfi samninganefndar ASÍ liggur eftirfarandi samstarfssamningur aðildarfélaga ASÍ frá 22. júlí 2007:

„SAMSTARF

aðildarsamtaka Alþýðusambands Íslands um leikreglur vegna sameiginlegra mála við gerð og endurnýjun kjarasamninga 2007-2008

1. gr.

Samstarfið er byggt á 14. gr. laga ASÍ. Aðild að samstarfinu og samningi þessum eiga öll landssambönd ASÍ, VR, félög með aðild að samningi Flóabandalagsins og félög með beina aðild.

2. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að nauðsynlegt sé að samræma aðgerðir sínar í sameiginlegum málum við atvinnurekendur og stjórnvöld. Í þeim málum sem sameiginlegt umboð er veitt til hverju sinni, kemur samninganefndin fram fyrir hönd hlutadeigan- di aðila við samningsgerðina og fylgir samningunum eftir á samningstímanum.

3. gr.

Í samninganefnd á vettvangi ASÍ skulu eiga sæti auk forseta ASÍ, einn fulltrúi frá hverju

landssambandi ASÍ, einn sameiginlegur fulltrúi félaga með aðild að samningi Flóabandalagsins, einn fulltrúi VR og einn sameiginlegur fulltrúi félaga með beina aðild. Jafnframt er gert ráð fyrir að framkvæmdastjóri ASÍ vinni með nefndinni.

4. gr.

Samninganefnd á vettvangi ASÍ skal skipuð með góðum fyrirvara í aðdraganda kjarasamninga hverju sinni. Forseti ASÍ kallar nefndina saman og stýrir störfum hennar. Samninganefndin skal að jafnaði koma saman ekki síðar en fjórum mánuðum áður en fyrstu aðalkjarasamningar verða lausir hverju sinni.

5. gr.

Umboð samninganefndar á vettvangi ASÍ tekur til eftirfarandi þátta:

- a. Gerðar sérstakrar viðræðuáætlunar um þá þætti kjarasamninganna sem samkomulag er um.
- b. ryggingarákvæða á gildistíma kjarasamninga
- c. Skipan og umboðs sameiginlegrar forsendunefndar um mat á framvindu kjarasamninga og endurskoðun þeirra
- d. Viðræðna og samkomulags við stjórnvöld (riki og sveitarfélög) um mál er varða þau ekki sem aðila kjarasamninga.

6. gr.

Samninganefndin hefur umboð samkvæmt samningi þessum til að ganga til samninga við atvinnurekendur fyrir hönd aðila samstarfsins í samræmi við ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur.

7. gr.

Í samninganefndinni skal leitast við að ná einróma samstöðu í málum. Samninganefndinni er heimilt að taka skuldbindandi ákvarðanir með meirihluta atkvæða enda hafi allir fulltrúar í nefndinni samþykkt að viðhafa slíka atkvæðagreiðslu skv. 6.mgr. 29.gr. laga ASÍ.

Hafi samningsaðilar ákveðið að fjalla sameiginlega um tryggingarákvæði á gildistíma kjarasamninga og/eða skipan og umboð sameiginlegrar forsendunefndar um mat á framvindu kjarasamninga og endurskoðun þeirra sbr. 5.gr. b og c lið, tekur nefndin skuldbindandi ákvarðanir með meirihluta atkvæða í samræmi við 1.mgr.

8. gr.

Samstarfssamningur þessi gildir til loka næsta samningstímabils.“

Magnús M. Norðdahl lögfræðingur ASÍ tók saman minnisblað til forseta ASÍ dagsett 15. janúar 2009 um umboð samninganefndar ASÍ þar sem sagði:

„Til grundvallar starfi samninganefndar ASÍ liggur samstarfssamningur aðila frá 22.6 2007. Samkvæmt 5.gr. hans nær umboð nefndarinnar m.a. til:

- b. Tryggingarákvæða á gildistíma kjarasamninga.
- c. Skipan og umboðs sameiginlegrar forsendunefndar um mat á framvindu kjarasamninga og endurskoðun þeirra.

Innan þessa umboðs gekk samninganefndin frá sameiginlegu forsenduákvæði kjarasamninganna frá 17.2 2008.

Í forsenduákvæðinu eru meginmarkmið samninganna skilgreind sem lág verðbólga og sérstök hækkun lægstu launa. Forsendurnar sjálfar eru síðan annars vegar skilgreindar þ.a. kaupmáttur skuli haldast og hins vegar að verðbólga verði innan við tiltekin mörk. Staða efnahagsmála er nú önnur en ætlað var og augljóst að báðar forsendur kjarasamninga hafa brostið.

Ákvæðið felur síðan sérstakri forsendunefnd að fjalla um framlengingu samninga fyrir tímabilið 1.3 2009 til 30.11 2010 og skal hún hefja þau störf í febrúar 2009. Skv. ákvæðinu framlengjast samningar sjálfkrafa til 30.11 hafi báðar forsendur staðist en hafi önnur eða báðar brostið skal ...“leita skal samkomulags um viðbrögð til að stuðla að framgangi markmiðs samningsins, festa forsendur hans í sessi og tryggja að samningurinn haldi gildi sínu.“

Afframangreindu er ljóst, að samninganefnd ASÍ skv. samstarfssamningi aðildarsamtaka ASÍ, eftir að önnur eða báðar forsendur hafa brostið, hefur fullt umboð til þess að ganga til viðræðna við SA og ljúka þeim viðræðum með skuldbindandi samkomulagi sem framlengt getur gildandi kjarasamninga fyrir tímabilið 1.3 2009 til 30.11 2010.

Um hvað má semja

Samstarfssamningur aðildarsamtaka ASÍ og forsenduákvæði kjarasamninga setja samninganefnd ASÍ ekki önnur takmörk en þau að samkomulag hennar við SA vinni gegn verðbólgu, verji kaupmátt og tryggi mestar hækkanir lægstu launa.

Almennir kjarasamningar gera ráð fyrir því að allt kaup hækki að teknu tilliti til launaskriðs 1.3 2009 og 1.1 2010 og jafnframt að launataxtar hækki á sömu dagsetningum. Með því er ætlunin að tryggja þeim hópum sem lægst laun hafa og búa m.a. við taxa-kaup, aukinn hlut á samningstímanum.

Löng hefð er fyrir því, að samninganefndir hafi farið inn í kjarasamninga og framlengt þá í skjóli forsenduákvæða með innspýtingu kauphækkana og samkomulagi við stjórnvöld um tilteknar aðgerðir í efnahags- eða félagsmálum. Núgildandi umboð samninganefndar ASÍ tekur augljóslega til slíkra aðgerða.

Það er álit mitt að umboð hennar taki jafnframt til þess að fara inn í kjarasamninga þannig að umsöndum launa- og taxtabreytingum verði frestað, eftir atvikum með eða án samkomulags við stjórnvöld, enda verði ekki vikið frá þeim markmiðum sem upphaflega voru sett fyrir samningstímann, sem náð getur allt fram til 30.11 2010, um lækkan verðbólgu, vörn kaupmáttar og hækkun lægstu launa. Þau markmið hafa ekki breyst þó efnahagslegar forsendur hafi versnað í stað þess að batna frá 17.2 2008 og heimilt er að vinna að þeim og tryggja þau í sessi við nýjar aðstæður með þeim breytingum sem samkomulag næst um.“

Endurskoðun kjarasamninga í febrúar 2009

Samninganefnd SA lagði til við samninganefnd ASÍ í byrjun janúar tvo kosti; að fresta öllum launahækkunum til haustsins og taka þá ákvörðun um framlengingu eða uppsögn kjarasamninga eða að ganga strax frá ákvörðun um að fresta öllum launahækkunum sem að óbreyttu ættu að koma 1. mars til 1. janúar 2010 og að fresta launahækkunum sem að óbreyttu ættu að koma 1. janúar 2010 til loka árs 2010. Þessi afstaða SA til endurskoðunar kjarasamninga birtist síðan í riti sem þau gáfu út í janúar undir heitinu Hagsýn, framsýn

og áræðin atvinnustefna þar sem segir m.a. á bls. 10: „Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt að leita samkomulags um breytingar og æskilegt er að tryggja frið á vinnumarkaði á næstu misserum. Þær leiðir sem til greina koma eru m.a. að fresta öllum launahækkunum fram á haust og taka þá ákvörðun um framlengingu samninga eða uppsögn en þá mun liggja betur fyrir hvernig efnahagslæggðin þróast og hversu mikið vextir og verðbólga hafa lækkað. Þá kemur til greina að ákveða strax nýja tímapakta fyrir þær hækkanir sem samið hefur verið um annað hvort með eða án opunarákvæðis á milli hækkana til þess að endurmeta stöðuna. Ennfremur kemur til greina að launahækkunum 1. mars verði frestað og taki gildi t.d. í byrjun næsta árs. Á síðari hluta árs 2010 verði síðan ákveðið hvenær umsamin launahækkun 1. janúar 2010 komi til framkvæmda.“

Þessum hugmyndum SA hafnaði samninganefnd ASÍ en var þó tilbúin að ræða ósk SA um aukinn sveigjanleika í að hrinda í framkvæmd ákvæðum kjarasamninganna. Á fundi miðstjórnar ASÍ þann 22. janúar kom fram að samhlíða kröfu ASÍ um að gengið yrði til kosninga eins fljótt og hægt yrði var vilji til þess að fresta endurskoðun kjarasamninga þar til ný ríkisstjórn hefði tekið við völdum. Taldi miðstjórnin erfitt að taka afstöðu til óska SA um aukinn sveigjanleika án þess að fyrir lægi niðurstaða um samhenta og öfluga sókn í atvinnumálum og aðgerðir til að koma til móts við erfiða stöðu heimilanna. Taldi miðstjórnin að ríkisstjórnin hefði hvorki vilja né nauðsynlegan styrk til þess að koma að nauðsynlegum viðræðum, hún væri rúin trausti og hefði verið um megn að taka ákvarðanir frá því í nóvember. Í kjarasamningum þurfa þeir aðilar að koma að borðinu og í ljósi þess að ríkisstjórn hafði hvorki kraft né umboð til að koma að uppbyggingu atvinnulífs og varðstöðu um hag heimilanna til framtíðar vildi miðstjórnin fresta viðræðum um endurskoðun kjarasamninga fram til júní. Í millitíðinni yrði boðað til þingkosninga og ný ríkisstjórn, með nægilegan styrk og endurnýjað umboð, tæki við. Afstaða miðstjórnar markaðist af því að ASÍ hefði lengi reynt að fá stjórnvöld til viðræðna um aðgerðir í efnahagsmálum en talað fyrir daufum eyrum. Eftir bankahrunið í byrjun október hefði ASÍ vilja gefa ríkisstjórninni starfsfrið til að slökkva þá elda sem þá geisluðu. Sú vinna var veik og handahófskennd og þeir sem báru ábyrgð á hruninu voru ekki látnir axla hana. Í lok nóvember hvatti ASÍ til þess að gerðar yrðu umfangsmiklar breytingar innan ríkisstjórnar, Seðlabanka og Fjármálaeftirlits til þess að endurnýja umboð og ímynd ríkisstjórnarinnar. Til þess að ræða þessa afstöðu miðstjórnar voru formenn allra aðildarfélaga ASÍ og einstakra deilda sem eiga aðild að landssamböndum innan ASÍ boðaðir til fundar á Grand hóteli kl. 11 23. Janúar 2009.

Umræður voru liflegar á formannafundi ASÍ þann 23. janúar 2009 þar sem rædd var beiðni SA um seinkun á framkvæmd ýmissa ákvæða kjarasamninga vegna efnahagsástandans, m.a. frestun á taxtabreytingum sem að óbreyttu áttu að koma til framkvæmda 1. mars. Rætt var um að fresta viðræðum um endurskoðun kjarasamninga fram til júní. Á fundinum var ríkisstjórnin gagnrýnd harðlega fyrir að dauðheyrast við óskum verkalýðshreyfingarinnar, frá því snemma á síðasta ári, um virkt samráð vegna efnahagsástandans. Inn á fundinn bárust fréttir af væntanlegum kosningum 9. maí sem gerði frestun á endurskoðun en brýnni þar sem nauðsynlegt var að fá nýja ríkisstjórn með endurnýjað umboð að samningaborðinu. Skiptar skoðanir komu fram á fundinum en þar sem fundurinn var hugsaður sem umræðuvettvangur þar sem fundarmenn gætu skipst á skoðunum voru ekki teknar neinar ákvarðanir um annað en málsmeðferð. Ákveðið var að hvert félag fyrir sig kannaði vilja sinna félagsmanna fyrir mögulegri frestun með þeim

aðferðum sem stjórn viðkomandi félags vildi viðhafa. Þannig yrði tryggt að vilji félagsmannanna í einstökum félögum kæmi skýrt fram. Félögin gátu þannig efnt til allsherjar- atkvæðagreiðslu, haldið félagsfund, vinnustaðafundi eða fundað með samninganefndum og trúnaðarráði eða öllum trúnaðarmönnum. Jafnframt var ákveðið að halda annan formannafund um miðjan febrúar.

Formannafundur ASÍ var síðan haldinn á Grand Hóтели þann 16. febrúar þar sem áfram var rædd beiðni SA um frestun á endurskoðun kjarasamninga. Þar gerðu fulltrúar í samninganefnd ASÍ (formenn landssambanda og stærstu félaga og fulltrúi félaga með beina aðild) grein fyrir afstöðu sinna félagsmanna. Fram kom að fulltrúar félaga með yfir 90% þeirra félagsmanna sem starfa eftir samningunum frá 17. febrúar töldu rétt að fresta endurskoðun til júníloka. Fjörugar umræður sköpuðust á fundinum og voru það einkum formenn nokkurra félaga á landsbyggðinni sem vildu hafna hugmyndinni um frestun. Þeir vildu launahækkanir 1. mars eins og samningar kvæðu á um. Þeir sem voru fylgjandi frestun bentu m.a. á að atvinnulífið væri í miklum kröggum og núna væri brýnna að verja störfun en kjörin því líklegt væri að hækkun launa á þessum tímupunkti gæti leitt til fjölgunar uppsagna. Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ tók umræður fundarins saman í lokin og sagði að greinilegur meirihluti fundarmanna væri fylgjandi frestun og það væri vegar- nestið sem samninganefnd ASÍ færi af stað með en hún tæki loka ákvörðun í þessu máli.

Forsendunefnd ASÍ og SA fjallaði um forsendu kjarasamninganna á fundi sínum 25. febrúar og komst að eftirfarandi niðurstöðu:

„Í kjarasamningum aðildarfélaga ASÍ og Samtaka atvinnulífsins dags. 17. febrúar 2008 eru ákvæði um sérstaka framlengingu samninganna fyrir tímabilið 1. mars 2009 til 30. nóvember 2010. Sérstök forsendunefnd, skipuð fulltrúum ASÍ og SA, hefur m.a. það hlutverk skv. samningunum að stuðla að því að markmið samninganna um lága verðbólgu nái fram að ganga. Í flestum öðrum kjarasamningum á almennum markaði er tilvísun til niðurstöðu nefndarinnar.

Samkvæmt ákvæðum samninganna skulu þeir framlengjast óbreyttir hafi forsendur staðist. Forsendur eru þær að kaupmáttur launa á almennum markaði hafi haldist eða aukist á tímabilinu janúar 2008 – desember 2008 og að verðbólga hafi hjaðnað með þeim hætti að verðbólgan innan ársins 2008 væri innan við 5,5% og að árs hraði verðbólgunar á sex mánaða tímabili ágúst 2008 – janúar 2009 væri inna við 3,8%. Fyrir liggur að því fer fjarri að forsendur hafi staðist þar sem verðbólga innan ársins 2008 var 18,1%, verðbólguhraði tímabilsins ágúst 2008 – janúar 2009 var 16,6% á ársgrundvelli og kaupmáttur skv. Launavísitölu féll um 10% frá janúar til desember 2008.

Samningarnir kveða á um að ef sanningsforsendur hafi ekki staðist skuli samninganefndir ASÍ og SA leita samkomulags um viðbrögð til að stuðla að framgangi markmiða samninganna, festa forsendur þeirra í sessi og tryggja að þeir haldi gildi sínu. Ef ekki næst samkomulag fyrir lok febrúar skal sá aðili sem óskar ekki eftir framlengingu sanningsins skýra frá þeirri ákvörðun og fellur þá samningurinn úr gildi frá lokum febrúar 2009, ella framlengist samningurinn til 20. Nóvember 2010.

Í ljósi þeirrar niðurstöðu að sanningsforsendur hafa ekki staðist er störfum nefndarinnar lokið og er frekari umfjöllun vísað til samninganefnda ASÍ og SA.“

Sama dag gengu samninganefndir ASÍ og SA frá eftirfarandi samkomulagi um frestun á endurskoðun kjarasamninga til loka júlí þar sem tryggt var að lágmarkstekjutrygging hækkaði í 157.000 kr. og ákvæði um lengingu orlofs kæmu til framkvæmda.

Samkomulag ASÍ og SA frá 25. febrúar

Samkomulag um breytingar á kjarasamningum milli aðildarfélaganna ASÍ og SA

Í samningunum eru ákvæði sem segja að í febrúar 2009 skuli fjalla um framlengingu samninga fyrir tímabilið 1. mars 2009 til 30. nóvember 2010. Samningarnir framlengist til 30. nóvember 2010 hafi samningsforsendur staðist. Nú liggur fyrir úrskurður forsendunefndar um að þær hafi ekki staðist og skulu samninganefndir ASÍ og SA því leita samkomulags um viðbrögð til að stuðla að framgangi markmiðs samninganna um lága verðbólgu og hækkun lægstu launa, festa forsendur þeirra í sessi og tryggja að þeir haldi gildi sínu.

Efnahagskreppan í landinu hefur gerð breytt afkomu heimila, starfskilyrðum atvinnulífs og forsendum fyrir atvinnustigi og launagreiðslum. Atvinnuleysi hefur vaxið hratt og kaupmáttur launa rýrnað þannig að bagur heimila hefur versnað stórlega. Mikil verðbólga hefur kipt forsendum undan kjarasamningunum sem gerðir voru 17. febrúar 2008 og síðar á því ári og náist ekki samkomulag milli samningsaðila um viðbrögð getur hvor aðili um sig tilkynnt hinum að ekki sé vilji til framlengingar og felltur samningurinn þá úr gildi frá lokum febrúar 2009.

Framundan er mikil varnarbaráttá og erfiðleikar í atvinnulífi og hjá heimilum. Útlit er fyrir að fjöldi fyrirtækja verði gjaldþrota á næstunni og geta þeirra sem eftir standa til þess að standa undir launahækkunum er takmörkuð nema á kostnað atvinnuleysisins. Á hinn bóginn er stöðugleiki á vinnumarkaði mikilvæg forsenda viðspyrnu í atvinnu-, verðlags- og gengismálum. Það er því mikilvægt framlag til stöðugleika í efnahagslífinu að hratt dragi úr verðbólgu þannig að vextir geti lækkað, að kjarasamningar haldi og fríður verði á vinnumarkaði.

Við þessar aðstæður er þörf á samstilltu og öflugum átaki í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum til þess að komast í gegnum áfallið og leggja grunn að betri framtíð fyrir heimili og atvinnulíf. Fulltrúar allra helstu aðila á vinnumarkaði hafa áhuga á slíku uppbyggilegu samstarfi og en ljóst er að biða verður nýrrar ríkisstjórnar að eflöknum kosningum í lok apríl.

Samtök atvinnulífsins hafa skýrt frá því, að þau treystu sér ekki til þess að standa við launalið kjarasamninganna á þeim tímasetningum sem um var samið. Hafa samtökin jafnframt óskað eftir því að umsöndum launahækkunum verði frestað þar til síðar á þessu ári og því næsta, til þess að markmið samninga um lága verðbólgu og hækkun lægstu launa nái að fullu fram að ganga og verði komnar að fullu fram fyrir lok samningstímans. Við þessar aðstæður hefur samninganefnd ASÍ ekki talið rétt að ljúka endurskoðun kjarasamninga og ákveða þar með endanlegar dagsetningar launahækkana fyrir en stefna nýrrar ríkisstjórnar í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum liggur fyrir.

Í ljósi ofangreindra aðstæðna hafa samninganefndir ASÍ og SA ákveðið að fresta endurskoðunar- og framlengingarákvæði samninganna þannig að fyrir lok júní 2009 verði samið um endanlegar dagsetningar launahækkana út samningstímann. Launabreytingar sem taka áttu gildi 1. mars 2009 frestist að sama skapi en þó þannig að lágmarkstekjutrygging fyrir fullt starf hækki í kr. 157.000 á mánuði frá 1. mars 2009 og ömur ákvæði samninganna komi til framkvæmda, þ.m.t. lenging orlofs.











Með vísan til þessa hafa SA og samninganefnd ASÍ náð eftirfarandi samkomulagi um breytingar á kjarasamningum milli aðildarféлага ASÍ og SA gerðum 17. febrúar 2008 og síðar






Endurskoðunar- og framlengingarákvæði samninga frestast og skal vera lokið eigi síðar en fyrir lok júní 2009. Takist samkomulag um framlengingu, skal samhlíða liggja fyrir ákvörðun um tímasetningu umsáminna launabreytinga. Því frestast launabreytingar sem taka áttu gildi 1. mars 2009 þar til slíkt samkomulag um framlengingu liggur fyrir. Þrátt fyrir þessa frestun skal lágmarkstekjutrygging fyrir fullt starf hækka í kr. 157.000 á mánuði frá 1. mars 2009 og önnur ákvæði samninganna koma til framkvæmda, þ.m.t. leinging orlofs.

Reykjavík, 25. febrúar 2009

F.h. samninganefndar
Alþýðusambands Íslands

F.h. Santaka atvinnulífsins



Samhliða samkomulaginu settu samningsaðilar fram sameiginlegar áherslur í tengslum við frestun endurskoðunar kjarasamninga þar sem sagði:

„Efnahagskreppan í landinu hefur gerbreytt afkomu heimila, starfsskilyrðum atvinnu-lífsins og forsendum fyrir atvinnustigi og launagreiðslum. Atvinnuleysi hefur vaxið hratt og kaupmáttur launa rýrnað þannig að hagur heimila hefur versnað stórlega. Mikil verðbólga hefur kipt forsendum undan kjarasamningum sem gerðir voru 17. febrúar 2008.

Í ljósi þessa hafa samningsaðilar ákveðið að fresta ákvörðun um endurskoðun kjara-samninga um allt að fjóra mánuði. Samningsaðilar telja að þessi frestun sé mikilvægt framlag til stöðugleika í efnahagslífinu. Þannig geti skapast aðstæður til þess að hratt dragi úr verðbólgu og vextir geti lækkað.

Aðilar telja að þessi frestun sé mikilvægur þátt í því endurreisnarstarfi sem við blasir en meira þarf að koma til. Á næstu dögum og vikum þarf að grípa til margvíslegra aðgerða til þess að verja hag heimilanna og fjölga störfum, m.a. að:

- 1. Tryggja að vextir lækki hratt*
- 2. Stíga veigamikil skref til að losa um gjaldeyrishömlur*
- 3. Ljúka endurskipulagningu bankanna þannig að eðlileg bankastarfsemi komist á.*
- 4. Stuðla að aukinni atvinnu með því að:
 - a. Forgangsráða opinberum framkvæmdum þannig að frekar verði ráðist í mann-aflsfrekar framkvæmdir. Forgangsröðunin verði unnin í samráði við aðila vinnu-markaðarins.*
 - b. Hækka endurgreiðslur virðisaukaskatts af vinnu manna á byggingastað vegna nýbygginga og viðhalds í 100% og láta ákvæðið einnig ná til sumarhúsa og fasteigna í eigu sveitarfélaga.**

- c. Heimildir íbúðalánasjóðs til lánveitinga til viðhaldsverkefna verði rýmkaðar þannig að þær nái til leiguhúsnæðis í eigu félaga, félagasamtaka og sveitarfélaga.
- d. Taka upp skattaívilnanir til fyrirtækja vegna rannsókna og þróunar.
5. Skapa aðstæður fyrir stofnun fjárfestingarsjóðs atvinnulífsins m.a. með því að ljúka uppgjöri milli lífeyrissjóða og skilanefnda bankanna.
6. Stuðla að fjárfestingum erlendra aðila hérlendis sem og auknum fjárfestingum íslenskra alþjóðafyrirtækja.
7. Vinna að forgangsröðun í opinberum fjármálum fyrir næstu ár.“

Jafnframt sendi samninganefnd ASÍ frá sér eftirfarandi greinargerð vegna frestunar á endurskoðun kjarasamninga:

„Forsenduákvæðið nú ólíkt fyrri ákvæðum

Verkalýðshreyfingin hefur á undanförunum tveimur áratugum gert kjarasamninga til lengri tíma og varið markmið þeirra með skýrum forsendum. Gildandi samningur er í raun samningur til eins árs sem getur að uppfylltum ákvæðnum skilyrðum framlengst í þriggja ára samning. Þannig hefði samningurinn framlengst sjálfkrafa til 30. nóvember 2010 ef samningsforsendur hefðu staðist skoðun nú í febrúar.

Forsendur gildandi kjarasamninga

Samningsforsendurnar eru tvær:

1. Annars vegar þarf kaupmáttur launa á almennum vinnumarkaði að hafa haldist eða aukist á samningstímanum (tímabilinu janúar 2008 – desember 2008) samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands.
2. Hins vegar þarf verðbólgan að hafa farið lækandi. Með lækandi verðbólgu er átt við að verðbólgan innan ársins 2008 þ.e. 12 mánaða verðbólgan í desember 2008 sé lægri en 5,5%. Ennfremur að verðbólgan á 6 mánaða tímabilinu ágúst 2008 – janúar 2009 sé innan við 3,8%, miðað við áhræða.

Ekki þarf að hafa mörg orð um að báðar forsendurnar eru löngu brostnar. Við þær aðstæður lá fyrir samningsaðilum að leita samkomulags um viðbrögð. Næðist slíkt samkomulag er mögulegt að framlengja samninginn, en ef ekki getur hvor aðili um sig tilkynnt hinum að ekki komi til framlengingar samningsins og fellur hann þá úr gildi frá lokum febrúar.

Hætt á að SA segði upp samningum

Samtök Atvinnulífsins hafa í ljósi alvarlegrar stöðu í efnahagslífinu og vaxandi atvinnuleysis, tilkynnt að þau treysti sér ekki til þess að standa við launalið kjarasamninganna á þeim dagsetningum sem um var samið. Til að komast hjá uppsögn kjarasamninga hafa samtökin jafnframt óskað eftir því við ASÍ að umsömdum launahækkunum verði frestað fram eftir þessu ári og því næsta, en þó þannig að þær komi til framkvæmda fyrir lok samningstímans.

Óvist er hvornig atvinnurekendur hefðu brugðist við ef verkalýðshreyfingin hefði hafnað óskinni. Ljóst er að sterkar raddir voru innan SA fyrir því að atvinnurekendur segðu sig frá samningnum en til þess hafa þeir skýran rétt samkvæmt forsenduákvæðinu. Fyrir

lá að SA hefði gert skoðanakönnun innan sinna raða um hvað bæri að gera hefði slík staða komið upp. Taldi samninganefnd ASÍ afar líklegt að til uppsagnar hefði komið, þar sem fyrir liggur að fyrirtækin treysti sér ekki að verða við þessum hækkunum. Launahækkanir eru því langt frá því að vera í hendi.

Mikilvægt að samningarnir fari ekki í sundur nú

Komi til þess að samninganefnd SA eða ASÍ nái ekki samkomulagi um viðbrögð við brostnum forsendum og SA tilkynni að ekki komi til framlengingar er hætt við að samningar dragist mjög á langinn og mikilvæg verðmæti glatast úr samningnum. Ólíklegt er að við slíkar aðstæður yrði samið um sambærilegar taxtahækkanir og eru í núgildandi samningum. Ekki má gleyma því, að takist okkur að halda í þær launahækkanir sem í kjarasamningnum eru, þó að á seinni dagsetningum sé, munu launataxtar á almennum vinnumarkaði hækka um samtals kr. 20.000 hjá verkafólki og kr. 28.000 hjá iðnaðarmönnum. Þær taxtahækkanir eru mikilvægar þar sem þær styrkja öryggisnetið hjá þeim sem eru á markaðsláunum og yrðu mikil kjarabót fyrir þá sem eru á taxtalaunum. Gangi þetta eftir mun kaupmáttur lágmarkskauptaxtanna hafa hækkað um tæp 4% hjá iðnaðarmönnum og rúm 8% hjá verkafólki, á samningstímanum (frá febrúar 2008 til nóvember 2010), m.v. verðbólguþátt. Einnig myndi glatast orlofsávinnsla í mörgum samningum en með nýju orlofsári átti að hefjast ávinnsla á viðbótar orlofsdegi fyrir marga. Færu samningar í sundur yrði ekkert af þeirri lengingu orlofs.

Takist okkur að verja þessi verðmæti væri það ekki litill ávinningur í ljósi þess að við göngum nú í gegnum mestu efnahagsþrengingar í áratugi.

Rök fyrir frestun endurskoðunar

Formenn allra aðildarsamtaka ASÍ hafa fundað tvívegis um það hvernig bregðast eigi við ósk atvinnurekenda. Rætt hefur verið um þann möguleika að fresta endurskoðunar- og framlengingarákvæði kjarasamninganna til loka júní. Ríkur vilji var af hálfu bæði samninganefndar ASÍ og formanna aðildarfélaganna til þess að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð við ákvörðun um mögulega frestun og gera það í nánú samráði við okkar félagsmenn. Því var ákveðið á fyrri fundi formannanna þann 22. janúar sl. að hvert félag fyrir sig kannaði vilja sinna félagsmanna fyrir mögulegri frestun með þeim aðferðum sem stjórn viðkomandi félags vildi viðhafa. Þannig yrði tryggt að vilji félagsmannanna í einstökum félögum kæmi skýrt fram. Þannig gátu félögin efnt til allsherjaratkvæðagreiðslu, haldið félagsfund, vinnustaðafundi eða fundað með samninganefndum, eða stjórn og trúnaðarráði eða öllum trúnaðarmönnum. Á síðari fundinum, þann 16. febrúar, gerðu formennirnir síðan grein fyrir afstöðu sinna félagsmanna. Fram kom að fulltrúar félaga með yfir 90% þeirra félagsmanna sem starfa eftir þessum samningum töldu rétt að fresta endurskoðun til júníloka. Niðurstaða fundarins var því afgerandi.

Rökin fyrir slíkri frestun eru eftirfarandi:

- 1. Hafni samninganefnd ASÍ beiðni Samtaka atvinnulífsins um meiri sveigjanleika um dagsetningar launabreytinga eru verulegar líkur á að samningum verði sagt upp og þau verðmæti sem í þeim eru glatast.*
- 2. Komi til launahækkana nú er hætt við að í markaðslaunaumhverfinu verði laun lækkuð á móti þannig að ekkert verði úr hækkuninum. Í taxtalaunaumhverfinu er*

hætt við að launahækkunum verði mætt með frekari uppsögnum eða þrýsta á fólk að fara í hlutastörf. Með frestun á hækkunum eru meiri líkur á því að atvinnulífið geti fjárhagslega staðið við þessar hækkanir og þær því raunverulega komið til framkvæmda hjá okkar fólki.

- 3. Óheppilegt er að loka endurskoðun kjarasamninga í því erfiða ástandi sem við erum í núna án aðkomu ríkisstjórnar. Núverandi ríkisstjórn er minnihlutastjórn sem situr aðeins í fáar vikur fram að kosningum. Ný ríkisstjórn sem mynduð verður eftir kosningar mun þurfa að taka á þeim vandamálum sem blasa við í efnahagsmálum og ríkisfjármálum. Sú ríkisstjórn mun einnig hafa umboð til þess að ganga til viðræðna við aðila vinnumarkaðarins um þau úrlausnarefni sem við blasa. Því er mikilvægt að verkalyðshreyfingin geti rætt við nýja ríkisstjórn í tengslum við endurskoðun kjarasamninganna en allar líkur eru á að sú ríkisstjórn gripi til ráðstafana sem hafi áhrif á vinnumarkaðinn, hag heimilanna og velferðarkerfið. Því er heppilegra að biða með endurskoðun samninga þar til eftir kosningar.*

Samkomulag um breytingar á kjarasamningum milli aðildarfélaga ASÍ og SA

Með samkomulagi sem undirritað var 25. febrúar var endurskoðunar- og framlengingarákvæði samninga aðila frestað og skal vera lokið eigi síðar en fyrir lok júní 2009. Takist samkomulag um framlengingu, skal samhliða liggja fyrir ákvörðun um tíma- setningu umsaminna launabreytinga.

Þrátt fyrir frestun er í samkomulaginu ákvæði um að lágmarkstekjutrygging hækki í 157 þúsund kr. 1. mars 2009 og önnur ákvæði samninganna koma til framkvæmda, m.a. lenging orlofs.

Samkomulagi aðila fylgir yfirlýsing með áherslum samningsaðila í tengslum við frestun endurskoðunarinnar. Þar kemur m.a. fram að samningsaðilar telja frestunina mikilvægan þátt í því endurreisnarstarfi sem við blasir en meira þurfi að koma til. Bent er á að á næstu dögum og vikum þurfi að gripa til margvíslegra aðgerða til þess að verja hag heimilanna og fjölgja störfum.“

Endurskoðun kjarasamninga í júní 2009

Þegar ný ríkisstjórn tók við í byrjun maí hófust þegar viðræður um endurskoðun kjarasamninga og gerð stöðugleikasáttmála um endurreisn efnahags- og atvinnulífsins.

Þann 11. júní funduðu formenn og varaformenn aðildarfélaga ASÍ á Grandhótel. Á fundinum ríkti mikil eining um stöðuna í viðræðum við atvinnurekendur og stjórnvöld um kjaramálin og gerð stöðugleikasáttmála. Á fundinum var samþykkt tillaga mótatkvæðalaut þar sem lýst var fullum stuðningi við forystu og samninganefnd ASÍ, eða eins og sagði í tillögunni: „Fundurinn lýsir yfir fullum stuðningi við forystu og samninganefnd ASÍ í þeim erfiðu og viðkvæmu viðræðum um stöðugleikasáttmála og framlengingu kjarasamninga á vinnumarkaði, sem nú standa yfir. Fundurinn hvetur samningsaðila til að verja innihald gildandi samninga með öllum tiltækum ráðum.“

Þann 25. júní 2009 náðist samkomulag milli ASÍ og SA um endurskoðun kjarasamninga þar sem helmingur taxtahækkunar ársins 2009 kom til framkvæmda 1. júlí en hinn helmingurinn 1. nóvember 2009 ásamt 3,5% launaþróunartryggingu. Sett var inn nýtt endurskoðunarákvæði 1. nóvember 2009.

Það gekk ekki þröutalaust að ná viðtækri sátt um endurskoðun kjarasamninga, gerð

nýrra kjarasamninga og stöðugleikasáttmálann. Þannig lýstu atvinnurekendur því yfir að þeir treystu sér ekki til að ganga frá kjarasamningum og taka þátt í gerð stöðugleikasáttmála nema að vextir lækkuðu. Um tíma hótuðu þeir að hætta viðræðum ef stýrivextir lækkuðu ekki og kröfðust þess að Sedlabankinn ákvæði nýjan vaxtaákvörðunardag í lok júní þannig að bóúð væri að lækka stýrivextina áður en skrifað væri undir endurskoðun kjarasamninga og stöðugleikasáttmálann. Atvinnurekendur féllu síðan frá þessum skilyrðum. Þess í stað settu aðilar inn í samkomulag sitt um breytingar á kjarasamningum eftirfarandi:

„Í dag hefur verið undirritaður stöðugleikasáttmáli ASÍ, SA, BSRB, BHM, KÍ, SSF, ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Markmið stöðugleikasáttmálans er að stuðla að stöðugu verðlagi, lægri vöxtum, stöðugu og hærra gengi krónunnar og skapa þannig skilyrði fyrir nýrri sókn í atvinnumálum. Í sáttmálanum er kveðið á um áherslur í ríkisfjármálum, ráðstafanir í þágu heimilanna, framkvæmdir til að stuðla að aukinni atvinnu, endurreisn bankanna, afnám gjaldeyrishafta, lækkun vaxta og fleiri aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að bæta stöðu atvinnulífs og heimila. Kveðið er á um aðgerðaáætlun fyrir næstu mánuði sem miðar að því að veigamiklar ákvarðanir og niðurstöður liggja fyrir eigi síðar en í október nk. Aðilar telja að framgangur þessarar áætlunar sé forsenda fyrir framlengingu kjarasamninga og þeim launabreytingum sem samningarnir kveða á um.

Með vísan til ofangreindra aðstæðna og stöðugleikasáttmálans hefur samninganefnd ASÍ og SA áveðið að fresta endurskoðunar- og framlengingarákvæði kjarasamninga með tilteknum breytingum þannig að forsendur fyrir framlengingu samninga verði metnar að nýju fyrir lok október 2009.“

Síðar í samkomulaginu segir:

„Verði samkomulag þetta staðfest skulu samninganefnd ASÍ og SA meta hvort markmið þríhliða stöðugleikasáttmála ASÍ, SA, BSRB, BHM, KÍ, SSF, ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga hafi gengið eftir. Það mat skal liggja fyrir eigi síðar en 27. október 2009. Nái aðilar ekki niðurstöðu eða telji þeir að aðgerðir stjórnvalda hafi ekki náð fram að ganga fyrir þann tíma skal sá aðili sem losna vill undan samning skýra hinum frá þeirri ákvörðun sinni fyrir kl. 24:00 þann 27. október 2009. Kjarasamningar frá 17. febrúar 2008 falla þá úr gildi og ráðgerðar launabreytingar þann 1. nóvember 2009 og 1. júlí 2010 koma ekki til framkvæmda.“

Það er því ljóst að ef veigamikil atriði stöðugleikasáttmálans s.s. að skapa skilyrði fyrir lækkun vaxta ná ekki að ganga fyrir 27. október 2009 mun reyna á endurskoðunarákvæðin og náist ekki sátt milli samningsaðila um það hvernig bregðast eigi við getur hvor aðili samningsins sem er sagt samningum lausum.

Samkomulagið í heild sinni er hér á eftir.

Samkomulag ASÍ og SA frá 25. júní

Samkomulag um breytingar á kjarasamningum milli aðildarfélaga ASÍ og SA

Í samningum aðildarfélaga ASÍ og SA voru ákvæði sem sögðu að í febrúar 2009 skyldi fjalla um framlengingu samninga fyrir tímabilið 1. mars 2009 til 30. nóvember 2010. Samningarnir framlengdust til 30. nóvember 2010 heftu samningsforsendur staðist. Staðust forsendur ekki að mati forsendunefndar ASÍ og SA skyldi samningsnefnd ASÍ og SA leitast við að ná samkomulagi um viðbrögð til að stuðla að framgangi markmiðs samningsins, festa forsendur hans í sessi og tryggja að samningurinn haldi gildi sínu.

Forsendunefnd ASÍ og SA kvað upp þar úrskurð 25. febrúar sl. að forsendur hefðu ekki staðist og sama dag var gert samkomulag milli samninganefndar ASÍ og SA um breytingu á kjarasamningum. Í ljósi efnahagskreppunnar, aukins atvinnuleysis og mikillar verðbólgu sem gerbreytt hafði afkomu heimila, starfsskiyrðum atvinnulífs og forsendum fyrir atvinnustigi og launagreiðslum varð að samkomulagi að fresta framlengingarákvæði samninga til loka júní 2009 og að launabreytingar sem taka áttu gildi 1. mars 2009 frestaðust að sama skapi, að undanskilinni lágmarkstekjutyrgingu fyrir dagvinnu. Var það m.a. mat aðila að ekki væri hægt að ákveða endanlegar dagsetningar launahækkana fyrir en stefna nýrrar ríkisstjórnar í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum lægi fyrir.

Háir vextir, lágt gengi krónunnar og fyrizhuguð hækkun skatta á atvinnulífð takmarka mjög getu þess til að taka á sig aukinn launakostnað. Vegna þessa lýstu SA því yfir að þar sem forsendur hafi ekki enn skapast fyrir almennum launabreytingum gæti ekki að óbreyttu komið til framlengingar kjarasamninga frá og með 1. júlí nk.

SA og ASÍ eru hins vegar samnála um að uppsögn kjarasamninga nú sé ekki til þess fallin að stuðla að þeim stöðugleika sem aðilar stefna að og hefur verið markmið og grundvöllur viðræðna aðila vinnumarkaðarins á undanförmum vikum. Í dag hefur verið undirritaður stöðugleikasáttmáli ASÍ, SA, BSRB, BHM, KÍ, SSF, ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Markmið stöðugleikasáttmálans er að stuðla að stöðugu verðlagi, lægri vöxtum, stöðugu og herra gengi krónunnar og skapa þannig skilyrði fyrir nýrri söku í atvinnumálum. Í sáttmálanum er kveðið á um áherslur í ríkisfjármálum, ráðstafanir í þágu heimilanna, framkvæmdir til að stuðla að aukinni atvinnu, endurreisn bankanna, afhám gjaldveirshafna, lækkan vaxta og fleiri aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að bæta stöðu atvinnulífs og heimila. Kveðið er á um aðgerðasætlun fyrir næstu mánuði sem miðar að því að veigamiklar ákvarðanir og niðurstöður liggja fyrir eigi síðar en í október nk. Aðilar telja að framgangur þessarar áætlunar sé forsenda fyrir framlengingu kjarasamninga og þeim launabreytingum sem samningarnir kveða á um.

Með vísan til ofangreindra aðstæðna og stöðugleikasáttmálans hefur samninganefnd ASÍ og SA ákveðið að fresta endurskoðunar- og framlengingarákvæði kjarasamninga með tilteknum breytingum þannig að forsendur fyrir framlengingu samninga verði metnar að nýju fyrir lok október 2009.

Jafnframt er samkomulag um breytingar á gildandi kjarasamningum. Aunars vegar breytingu á kaupþöxtum kjarasamninga frá og með 1. júlí 2009 og hins vegar launabreytingar sem koma til framkvæmda með framlengingu kjarasamninga frá og með 1. nóvember 2009. Launabreytingum 1. júlí 2009 er sett að koma sérstaklega til móts við það launafólk sem hefur lægstu launin á vinnumarkaðnum og jafnframt tekur laun samkvæmt tóxtum en launabreytingum annarra er frestað þar til forsendur hafa skapast eins og að framan segir.

u



Með vísan til ofangreinds hafa SA og samninganefnd ASÍ náð eftirfarandi samkomulagi um breytingar á kjarasamningum milli aðildarfélaga ASÍ og SA gerðum 17. febrúar 2008 og síðar:

Endurskoðunar- og framlengingarákvaði samninga er skilyrt frestað og endurskoðun og ákvörðun um framlengingu skal endanlega vera lokið eigi síðar en 27. október 2009. Launabreytingar sem samkvæmt samningum áttu að taka gildi 1. mars 2009 en var frestað skulu koma þannig til framkvæmda:


1. Helmingur hækkana almennra kauptaxta kemur til framkvæmda 1. júlí sem hækka þá um 6.750 kr. eða 8.750 kr. á mánuði. Helmingur hækkana á ákvæðisvinnuútgám, kostnaðarlíðun og fastakvæðnum launabreytingum kemur jafnframt til framkvæmda 1. júlí. Hinna helmingur þessara hækkana (sömu tölur) kemur til framkvæmda 1. nóvember 2009.
2. 3,5% launþróunartrygging kemur til framkvæmda 1. nóvember 2009 og viðmiðunartíni vegna þennar miðast við tímabilið 1. janúar – 1. nóvember 2009.
3. Hækkun kauptaxta, almennar launahækkunar og aðrar kjarabreytingar sem áttu að taka gildi 1. janúar 2010 færast til 1. júní 2010.

Samkomulag þetta skal borið upp í samninganefnd ASÍ og hjá SA til samþykktar eða synjunar. Tilkyrna skal um niðurstöðu eigi síðar en 13. júlí nk. Verði samkomulag þetta ekki staðfest hafa báðir aðilar heimild til og með 17. júlí að ákveða að framlengja ekki samningana frá og með 1. júlí 2009. Kjarasamningar falla þá úr gildi og ráðgerðar launabreytingar, þ.m.t. launabreytingar 1. júlí 2009, koma ekki til framkvæmda.


Verði samkomulag þetta staðfest skulu samninganefnd ASÍ og SA meta hvort markmið þriðja stöðugleikasáttmála ASÍ, SA, BSRB, BHM, KÍ, SSF, ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga hafi gengið eftir. Það mat skal liggja fyrir eigi síðar en 27. október 2009. Nái aðilar ekki niðurstöðu eða telji þeir að aðgerðir stjórnvalda hafi ekki náð fram að ganga fyrir þann tíma skal sá aðili sem losna vill undan samningi skýra hinum frá þeirri ákvörðun sinni fyrir kl. 24:00 þann 27. október 2009. Kjarasamningar frá 17. febrúar 2008 falla þá úr gildi og ráðgerðar launabreytingar þann 1. nóvember 2009 og 1. júní 2010 koma ekki til framkvæmda.

Reykjavík, 25. júní 2009

F.h. samninganefndar
Alþýðusambands Íslands
með fyrirvara um samþykki



F.h. Samtaka atvinnulífsins
með fyrirvara um samþykki




Samkomulag milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins vegna ákvarðanatöku um framlengingu kjarasamninga 1. júlí 2009 sbr. kjarasamninga frá 17. febrúar 2008 og samkomulag 25. febrúar 2009.


Vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði hafa samninganefnd Alþýðusambands Íslands og Samtök atvinnulífsins orðið ósátt um að viðbragðsmöguleiki vegna framlengingar kjarasamninga sbr. ákvæði samkomulags aðila frá 25. febrúar 2009 frestist frá lokum júní til 17. júlí 2009.

Reykjavík, 25. júní 2009

F.h. samninganefndar
Alþýðusambands Íslands


Ingóbjörg R. Ljótsson
Kristján Gunnarsson
Steinunn Ólafsson
Kjartanur Þ. Björnsson
Einar Þ. Þorsteinsson
Ólafur Þ. Þorsteinsson
Kristján Þ. Þorsteinsson

F.h. Samtaka atvinnulífsins


Hannes G. Sigurðsson
Haraldur
Tommi Árnason
Þórunn Halldóttir
Einar Þorsteinsson

Samkomulag um breytingu á kjarasamningum aðildarfélaga ASÍ


Við ákvæði um orlofsuppbót og desemberuppbót bætist nýr málslíður:

„Fult ársstarf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof.“


Breytingin tekur gildi 1. júlí 2009. Þær sem um er að ræða leiðréttingu til samræmis við eldri ákvæði um orlofs- og desemberuppbót nær breyting þessi einungis til þeirra kjarasamninga sem fyrir 1. febrúar 2008 voru með viðmiðun við 45 vikur.

Reykjavík, 25. júní 2009

F.h. Samninganefndar ASÍ
um sameiginleg mál vegna
hlutaðeigandi stettarfélaga


Fingir, Ragnvaldur
Klepp, Ólafur
Ólafur, Ólafur
Ólafur, Ólafur
Ólafur, Ólafur
Ólafur, Ólafur
Ólafur, Ólafur

F.h. Samtaka atvinnuflíffis


Ólafur, Ólafur
Ólafur, Ólafur
Ólafur, Ólafur
Ólafur, Ólafur
Ólafur, Ólafur
Ólafur, Ólafur

Samhliða undirritun samkomulagsins um breytingar á kjarasamningum milli aðildarféлага ASÍ og SA skrifuðu ASÍ, BSRB, KÍ, SSF, SA, ríkistjórnin og Samband íslenskra sveitarfélaga undir stöðugleikasáttmála um endurreisn íslensk efnahagslífs sem mikil vinna hafði verið lögð í að gera.

Þrátt fyrir að aðilar stöðugleikasáttmálans væru sammála um meginmarkmið stöðugleikasáttmálans voru þetta margir aðilar með ólíkar áherslur og sjónarmið í einstökum málum. Það var því snúið að ná niðurstöðu sem allir gætu sætt sig við í öllum málum. Um tíma leit út fyrir að félög opinberra starfsmanna segðu sig frá vinnu við gerð sáttmálans vegna deilna við ASÍ og SA um það hvernig bregðast ætti við gífurlegum halla ríkissjóðs. Deildu menn ekki um nauðsyn þess að vinna bug á hallanum í samræmi við sameiginlega áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og stjórnvalda, heldur um það hvernig ná ætti hallanum niður. Höfðu fulltrúar ASÍ og SA áhyggjur af því að hlutur aukinnar skattheimtu yrði of mikill. Málinu lyktaði farsælega þegar forsætisráðherra hjó á hnútinn með því að kalla til sín fulltúra samningsaðila og ræða deiluefnið. Í framhaldinu lagði forsætisráðherra fram eftirfarandi tillögu um texta inn í stöðugleikasáttmálann sem allir aðilar sáttmálans samþykktu: „Í ljósi þess að tekjustofnar ríkisins dragast mikið saman er mikilvægt að hlutdeild tekjuöflunar í aðgerðunum verði ekki of mikil. Skattar verða lækkandi hlutfall aðlögunaraðgerða eftir yfirstandandi ár og ekki samtals hærra en 45% þeirra fyrir árin 2009 – 2011.“

Sáttmálanum er ætlað að skapa skilyrði til þess að byggja upp efnahagslífið að nýju, fjölga störfum og leggja grunn að bættum lífskjörum til framtíðar. Aðilar sáttmálans eru sammála um að verju undirstöður velferðarkerfisins, standa vörð um menntakerfið og verja störf eins og erfiðar efnahagsaðstæður frekast leyfa. Markmiðið sáttmálans er að í árslok 2010 hafi tekist að ná verðbólgu niður fyrir 2,5%, minnka halla hins opinbera, lækka vexti og styrkja gengi krónunnar.

Stöðugleikasáttmálinn

Stöðugleikasáttmáli

**Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólanna, BSRB,
Kennarasambands Íslands, Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja,
Samtaka atvinnulífsins, ríkisstjórnar Íslands og Sambands íslenskra
sveitarfélaga**

Þessi stöðugleikasáttmáli er gerður vís mjög erfiðar aðstæður í efnahags- og atvinnumálum sem bitna hart á heimilum og atvinnulífinu í landinu. Við þessar kringumstæður hafa aðilar þessa sáttmála sameinast um aðgerðir til að vinna þjóðina út úr vandanum.

Markmið stöðugleikasáttmálans er að stuðla að endurreisn efnahagslífsins. Í upphafi vörðæðna settu samningsaðilar sér markmið um að í lok árs 2010 verði verðbólga ekki yfir 2,5%, halli hins opinbera verði ekki meiri en 10,5% af VLF, dregið hafi úr gengissveiflum, gengið styrkst og hafi nálgast jafnvægisgengi. Einnig verði vaxtamiunur við evrusvæðið innan við 4%. Þannig hafi skapað skilyrði fyrir aukinni fjárfestingu innlendra sem erlendra aðila, auknum hagvexti, nýrri sokn í atvinnumálum og grunnur lagður að bættum lífskjörum til framtíðar.

Aðilar eru einnig sammála um að mikilvægt sé að styrkja stöðu heimilanna, verja undirstöður velferðarkerfisins, standa vörð um menntakerfið og verja störf jafnt á almennum vinnumarkaði sem og hjá hinu opinbera eins og aðstæður frekast leyfa.

Samhlíða gerð þessa sáttmála hafa aðilar vinnumarkaðarinn sameinast um að eyða óvissu á vinnumarkaði með því að ljúka gerð kjarasamninga sem glíða til nóvemberloka árið 2010, þar sem áhersla er lögð á að styrkja stöðu þeirra tekjutægstu.

Til að ná framangreindum markmiðum hafa aðilar þessa sáttmála sameinast um eftirfarandi:

1. Kjarasamningar

-Samhlíða gerð þessa sáttmála hafa samningsaðilar á almennum vinnumarkaði það samkomulagi um að framfengja kjarasamninga á almennum vinnumarkaði til loka nóvember 2010.

-Samningsaðilar á opinberum vinnumarkaði munu eins fljótt og auðið er ganga frá kjarasamningum sem byggja á þessum stöðugleikasáttmála.

-Forsendur stéttarféлага á opinberum vinnumarkaði fyrir gerð kjarasamninga eru að ekki verði gripið til lagasetninga eða annarra stjórnvakaáðgerða sem hafa bein áhrif á innihald kjarasamninga eða koiharpa með öðrum hætti þeim grunni sem kjarasamningar byggja á. Þetta hindrar þó ekki að sett verði lög sem kalla á breytingar á kjarasamningum enda sé um slíkt samið milli aðila kjarasamnings í framhaldinu.

2. Fyrirbyggjandi aðgerðaaætlun í ríkisfjármálum

Ríkisstjórnin hefur kynnt samningsaðillum áform sín um aðgerðaaætlun í ríkisfjármálum 2009 – 2013. Mikilvægt er að ná jöfnuði í ríkisfjármálum sem allra fyrst og þá mögulega fyrir ein gert er ráð fyrir í sameiginlegri áætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Samstaða er um eftirfarandi fyrir tímabilið 2009 – 2011:

-Í ljósi þess að tekjustofnar ríkisins dragast mikið saman er mikilvægt að hlutdeild tekjuöflunar í aðgerðunum verði ekki of mikil. Skattar verði lækkaði hlutfall aðlögunaraðgerða eftir yfirstandandi ár og ekki samtals hærra en 45% þeirra fyrir árin 2009 – 2011.

-Fjárlagafrumvarp fyrir 2010 verði í samræmi við framlagða áætlun og samhlíða leggi fyrir eins og kostur er, endanleg og nákvæm útfærsla vegna 2011 ásamt nauðsynlegum lagabreytingum. Virku samræði verði haldið áfram um undirbúning þessara áætlana í sumar og haust.

-Náist markmið þessa sáttmála um hraðari endurreisn efnahags- og atvinnulífs og verulega minna atvinnuleysa en nú er spáð verði það svigrúm sem við það skipast nýtt til að verja betur velferðarkerfið, draga úr skerðingum tryggingabóta og skattahækkunum. Gangi endurreisnin hægar en nú er spáð eru aðilar sáttmálans sammála um nauðsyn þess að endurskoða aðhaldsaðgerðirnar í því ljósi, m.a. hagræna skiptingu tekna- og gjaldahlíðar ríkisfjármála.

3. Bætt staða lántakenda og skuldsættra heimila

Mjálkvægt er að bæta stöðu skuldsættra heimila. Í því skyni mun Ríkisstjórnin hraða vinnu ráðherranefndar sem fjallar um stöðu þeirra. Þar verði m.a. lögð áhersla á að tryggja að þau úræði sem þegar hefur verið komið á gagnast, eins og vænst var. Einnig verði gerðar tilkætur í samráði við aðila vinnuarkaðarins um viðbótarráæði eftir því sem þörf krefur. Þá skal sérstaklega horft til þess hóps sem nýlega keypti sína fyrstu eign.

Jafnframt verði lagðar fram tillögur í samráði við aðila vinnuarkaðarins um það hvernig styrkja megi stöðu lántakenda á fjármálamarkaði.

4. Framkvæmdir til að stuðla að aukinni atvinnu

Ríkisstjórnin mun greiða götu þegar ákveðinna stórfamkvæmda sbr. þjóðhagsáætlun, s.s. framkvæmda vegna álvera í Helguvík og Straumsvík. Undirbúningsvinnu verði hraðað vegna áformna sem tengast fjárfestingu í meðalstórum iðnaðarkostum, s.s. gagnaverum og kísilflögurframleiðslu. Kappkostað verður að engar hindranir verði af hálfu stjórnvalda í vegi slíkra framkvæmda eftir 1. nóvember 2009.

Einnig verði unnið skipulega að úrvinnslu áformna um aðrar stórfamkvæmdir í atvinnulífinu þannig að taka megi ákvarðanir sem fyrst um hugsanlegan framgang þeirra.

Ríkisstjórnin gangi til samstarfs við lífeyrissjóði um að þeir fjármagni stórar framkvæmdir sbr. minniháttð vegna verklegra framkvæmda dags. 16.06.2009 o.fl. með sérstakri fjármágunn. Steft skal að því að viðræðum ríkisstjórnar og lífeyrissjóða verði lokið fyrir 1. september 2009. Aðkomu lífeyrissjóða að slíkum verkefnum útlekar ekki þátttöku annarra fjárfesta eða lánveitenda, innlendra sem erlendra.

Sveitarfélög og önnur stjórnvöld tryggja að farið verði að tímafrestum við gerð skipulags og allar lífeyriveltingar og greitt verði fyrir nýjum fjárfestingum eins og kostur er.

5. Endurreisn bankanna

Eigendastefna ríkisins gagnvart bankunum fell í sér að erlendir aðilar geti elgnað meirihluta í einhverjum nýjum bankanna og eftir atvikum öðrum fjármálatryggtækjum. Þansig verði m.a. reynt að tryggja eðlilegan aðgang að erlendu lánsfá fyrir atvinnulíf og heimili. Endurskipulagningu á eignarhaldi bankanna verði lokið 1. nóvember 2009.

Upplýst verði hvernig farið verður með gjaldeyrissjófnu bankanna fyrir 17. júlí 2009.

6. Endurreisn atvinnulífsins og samfélagsleg úbyrgð

Stjórnvöld og aðilar vinnuarkaðarins móti sameiginlega viðmið sem fylgt verði við endurreisn atvinnulífsins og aðkomu opinberra aðila að atvinnustarfsemi og eignarhaldi fyrirtækja. Í þessu starfi verði m.a. stuðst við viðurkenndar innlendir og erlendir leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

7. Hömlur á gjaldeyrisviðskipti

Hömlur á gjaldeyrisviðskiptum verði aflétt í áföngum í samræmi við tímasetta áætlun ríkisstjórnarinnar með það að markmiði að koma stöðugleika á gengi íslensku krónunnar. Áætlunin verði lögð fram fyrir 1. ágúst og taki mið af lausn á vanda vegna fjármagnsflæðis úr landi. Leitast verði við að aflætta hömlum á nýrri fjárfestingu fyrir 1. nóvember 2009.

Meðal þeirra leiða sem reynt verði að fara er að erlendir aðilar láti uppgerðar kröfur sínar í krónum á hendur ríki eða Seðlabanka með skuldbæringum til langs tína í evrum eða öðrum erlendum

gjaldmiðlum. Þá verði látið reyna á áhuga lífeyrissjóðanna á að koma að viðskiptum við erlenda aðila sem eiga eignir í íslenskum krónum.

8. Mállefni sem snúa sérstaklega að sveitarfélögum

Ríkisstjórnin og Samband íslenskra sveitarfélaga munu efla samstarf sitt á sviði einhagsmála og styrkja samræmingu áætlanagerðar og þjóðhagsreikninga hins opinbera búskapar. Ennfremur munu ríki og sveitarfélög elga með sér aukin samstarf um fyrirkomulag að haldsaðgerða og þróun atkomu þegga aðila. Þá verður gengið frá útstandandi skuldum ríkisins vegna húsafléttubóta. Í þeim aðhaldsaðgerðum sem sveitarfélögin standa frammi fyrir munu þau leggja áherslu á að verja grunniþjónustuna og störfni sem kostur er. Ljóst er að í einhverjum tilfellum kunna einstök sveitarfélög að teija þörf á auknum þjónustutekjum en reynt verður að takmarka gjaldskrárhættanir sem kostur er.

Samband íslenskra sveitarfélaga og aðilar vinnumarkaðarins munu skipa samráðshóp til að fjalla um leiðir til að standa vörð um grunniþjónustu á vegum sveitarfélaga og forgangsþróun í starfsemi þeirra.

9. Mállefni lífeyrissjóða

Ríkisstjórn, sveitarfélög og aðilar vinnumarkaðarins munu í samningu taka lífeyrismál og mállefni lífeyrissjóða til umfjólunar. Farlið verður yfir málin frá grunni án skuldbindinga og fjallað um framtíðarsýn í þessum málaflokki.

Að óbreyttu hvílir sú lagaskylda á sjóðunum að endurskoða fjármögnun þeirra og/öða skerða réttindi sjóðsfélaga. Aðilar eru sammála um að gera ráðstafanir til að unnt sé að fresta slíkum ákvörðunum að sinni á meðan unnið er að heildarendurskoðun.

10. Lækkun vaxta

Aðilar vinnumarkaðarins tröysta því að með þessum stöðugleikasáttmála skipast forsendur fyrir því að stýrnvextir Seðlabanka Íslands lækki í eina stafs tölu fyrir 1. nóvember 2009 og að þeir og aðrir vextir bankans fari síðan áfram lækkandi. Aðilarnir leggja einnig áherslu á að til að örva hagkerfið, efla atvinnullif og bæta stöðu heimilanna sé nauðsynlegt að vextir lækki hratt á næstu mánuðum og að vaxtamunur við útlönd verði ásættanlegur.

11. Samstarf um eftirlit á vinnumarkaði og vinnustaðaskirteini

Aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld taki upp virkt samstarf um eftirlit á vinnustöðum og vinnustaðaskirteini í samræmi við bókun ASÍ og SA frá 17. febrúar 2008. Markmiðið með slíku samstarfi er m.a. að tryggja að starfsmenn njóti umsáminna réttinda og vinna gegn svartri atvinnustarfssemi og misnotkun atvinnuleysisbóta. Ríkisstjórnin mun bæta sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum um almennt eftirlit á vinnustöðum og vinnustaðaskirteini.

12. Framkvæmd yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 17. febrúar 2008 og tengd atriði

Ríkisstjórnin mun bæta sér fyrir eftirfarandi áðgerðum:

-Lögfest verði gjald í Starfsendurhæfingarsjóð frá atvinnuflönu á árinu 2009. Sjóðurinn fái úr ríkissjóði 150 milljóna kr. framlag á árinu 2010. Svo fremi að áfram verði unnið á grundvall sáttmála þessa mun framlag ríkisins í sjóðinn hækka í 250 milljónir 2011 og 350 milljónir 2012. Lögfestu skal framlög til sjóðsins frá lífeyrissjóðum þannig að greiðsla hefjist 1. júlí 2010. Lögfestu skal fyrir 1. júlí 2010 að frá og með 1. júlí 2013 greiði ríkið 0,13% af tryggingagjaldstofni til sjóðsins og verður þá framlag ríkisins að fullu komið til greiðslu. Kommi verði á samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda til að meta jafn öðrum árangur og framhald verkefnisins.

-Skattaleg meðferð greiðslna úr sjúkra- og fræðslusjóðum, greiðslur úr verkfallssjóði og fleiri tengd atriði verði endurskoðuð með hliðsjón af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í febrúar 2008.



-Framtög til fulltrúnaðsraðslu verði aukin í samræmi við yfirfyringuna. Þá verði gert samkomulag um aðkomu opinbera vinnumarkaðarins að kerfinu.

13. Fyrirvari Samtaka atvinnulífsins vegna sjávarútvegsins


Samtök atvinnulífsins viðhalda þeim fyrirvara gagnvart framlegingu kjarasamninga að vinna á vegum ríkisstjórnarinnar um endurskoðun fiskveiðistjórnunar verði í þeim sáttarfergi sem lagt var upp með við skipan nefndar til þess að vinna að því máli.

14. Framgangur sáttmálans o.fl.


Allir aðilar þessa stöðugleikasáttmála samþykkja að vinna að framgangi sáttmálans og annarra þýnna samfélagsverkefna á formlegum samráðsvertvangi ofangreindra aðlla auk Bændasamtákanna, undir forystu forsetisráðherra.

Reykjavík 25. Júní 2009


F.h. ríkisstjórnar Íslands



F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga



F.h. samninganeftdar Alþýðusambands Íslands




F.h. Bændalags lúskótamanna




F.h. BSRS




F.h. Kennarasambands Íslands



F.h. Samtaka starfsmanna fjörmálafrirtækja



F.h. Samtaka atvinnulífsins



F.h. samninganefndar Alþýðusambands Íslands

Jónbjörg R. Gústavsdóttir
Kleifur Gunnarsson
Ólafur Guðmundsson
Ólafur Þorvaldsson
Ólafur Þorvaldsson
Ólafur Þorvaldsson
Ólafur Þorvaldsson
Ólafur Þorvaldsson

F.h. BSÍB

Ólafur Þorvaldsson
Ólafur Þorvaldsson
Ólafur Þorvaldsson

F.h. Bandalags háskólamanna

Ólafur Þorvaldsson

F.h. Kennarasambands Íslands

Ólafur Þorvaldsson

F.h. Samtaka starfsmanna fjármálefyrirtækja

F.h. Samtaka atvinnuúlfssins

Ólafur Þorvaldsson
Ólafur Þorvaldsson
Ólafur Þorvaldsson
Ólafur Þorvaldsson

Kjarasamningar við ríki og sveitarfélög

Í kjölfar endurskoðunar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og gerð stöðugleikasáttmálans var gengið frá samningum ASÍ og BSRB félaga við ríki og sveitarfélög. Kjarasamningarnir byggðu á þeirri launastefnu sem aðilar höfðu orðið ásáttir um við gerð stöðugleikasáttmálans en hún gekk út á að launahækkanir samninganna færu til þeirra lægst launuðu. Samningarnir gilda til sama tíma og samningarnir á almenna vinnumarkaðinum frá 17 febrúar 2008 eða til 30. nóvember 2010.

Nokkur munur er á milli samninga við ríkið annars vegar og sveitarfélaga hins vegar varðandi útfærslur á launatöflubreytingum og endurskoðunarákvæði. Ekki er gert ráð fyrir endurskoðun kjarasamninga í samningunum við sveitarfélögin en í samningum við ríkið segir: „*Leiði endurskoðun á framkvæmd kjarasamninga á almennum markaði fyrir 1. nóvember 2009 til breytinga eða uppsagnar, er með samþykki aðila samnings þessa hægt að taka til skoðunar hvort forsendur séu fyrir sambærilegri endurskoðun. Afstaða til endurskoðunar skal liggja fyrir eigi síðar en 31. október 2009.*“

Deilur um endurskoðun kjarasamninga

Nokkrar deilur urðu um endurskoðun kjarasamninga. Voru það einkum nokkur Starfsgreinasambandsfélög á landsbyggðinni sem voru á móti því að fresta endurskoðun kjarasamninga auk þess sem sum þeirra drógu í efa heimild samninganefndar ASÍ til að semja um frestun. Þannig sagði t.d. í áliti Ingólfs Hjartarsonar hrl. til Verkalýðsfélags Akraness:

„Ljóst er að samninganefnd ASÍ er ... falið ákveðið samningsumboð. Með því að Starfsgreinasambandið, sem er aðili að samningnum, er að framselja hluta af samningsumboði sínu, ber að túlka slíkt framsal þröngt og ekki víðar en skýrt kemur fram í samningstextanum, “Leita samkomulags um viðbrögð til að stuðla að framgangi markmiðs samningsins, fæsta forsendur hans í sessi og tryggja að samningurinn haldi sínu“. Verður heldur ekki litid fram hjá því hvernig staðir var að mótun kröfugerðar, skipun samninganefndar Starfsgreinasambandsins og síðar kynningu á samningnum og atkvæðagreiðslu félagsmanna.

Telur undirritaður því að það hefði þurft að koma skýrt fram í samningnum ef ætlunin hafi verið að fela samninganefnd ASÍ heimild til að fresta umsömdum taxtahækkunum kjarasamningsins eða semja um þær til lækkunar. Hafi nefndin því ekki umboð til slíkra ráðstafana jafnvel þó að hún teldi að með því móti væri verið að stuðla að framangreindum markmiðum samningsins.“

Þessi niðurstaða Ingólfs var í andstöðu við álit Magnúsar Norðdahl lögfræðings ASÍ sem greint er frá hér að framan.

Deilurnar náðu inn í fjölmíðla. M.a. ræddi Aðalsteinn Baldursson formaður Framsýnar –stéttarfélags um frestun endurskoðunar kjarasamninga í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins þann 28. maí og taldi að það hefði verið vegna þrýstings frá Alþýðusambandinu að samningum hafi verið frestað fram á sumarið og að forysta ASÍ hefði ekki sagt rétt frá þegar málið var kynnt eða eins og fram kom í fréttinni:

„Framsýn fól nýlega lögfræðingum félagsins að kanna lögmaceti ákvörðunar samninganefndar ASÍ og Samtaka atvinnulífsins að fresta boðuðum launahækkunum 1. mars til 1. júlí, en stéttafélagið hefur dregið í efa að gjörningurinn sé löglegur. Í ítarlegri greinargerð sinni telja lögfræðingar félagsins að gjörningurinn hafi ekki verið brot á samn-

ingnum, en Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður Framsýnar, segir annað merkilegt að finna í umræddri greinargerð.

Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður Framsýnar-stéttarfélags í Þingeyjarsýslum: Ja, það sem að vekur náttúrulega athygli er það að við höfum undir höndum minnisblað frá Samtökum atvinnulífsins þar sem fram kemur að, að vegna þrýstings frá Alþýðusambandinu þá var samningum frestað fram á sumarið, en það var ekki þeirra vilji. Því var bara haldið fram í kynningum og öðru á þessum tíma að, að ef að samningum yrði ekki frestað fram á sumarið þá mundu atvinnurekendur hérna, segja upp gildandi kjarasamningum og, og þessu var ýtt að okkur og öðrum sem a, á kynningafundi. Þannig að þetta er bara, stenst ekki samkvæmt þessu minnisblaði sem við höfum undir höndum.

Stjórn Framsýnar mun fara yfir málið og greinargerð lögfræðinga félagsins á næsta stjórnarfundum félagsins.

Aðalsteinn Árni Baldursson: Ja, það er bara greinilegt að það bara hefur verið mikill þrýstingur á verkaldýshreyfingunni að, að fresta samningum fram yfir, fram yfir hérna, alþingiskosningar og þá hafa menn bara farið þá leið að, að óska eftir því að, að, að öllu yrði frestað fram á sumarið í staðinn fyrir það að, eins og við töldum á þessum tíma, þá, við hin sem að, þessi sex félög, að menn ættu bara að ganga, að atvinnurekendur ættu að standa við kjarasamninga og laun ættu að hækka 1. mars eins og átti að gera. Og þetta minnisblað sem við fáum þarna upp í hendur staðfestir það að, að okkur var bara ekki sagt rétt frá á sínum tíma.“

Nokkrir eftirmálar urðu vegna fréttarinnar. Forseti ASÍ sendi tölvupóst til formanna allra aðildarféлага ASÍ þar sem hann hafnaði þeim ásökunum sem Aðalsteinn hefði sett fram á samninganefnd ASÍ og skýrði jafnframt málavexti. Benti hann á að tilvitnun Aðalsteins í minnisblað SA frá 24. febrúar byggði á misskilningi en í minnisblaðinu segir m.a.: „Í janúar sl. fóru SA fram á það við ASÍ að fyrirtækin fengju möguleika á sveigjanleika við að efnasamningana, þannig að endursamið yrði um tímasetningu hækkana og áfangaskiptingar. Miðað var við að samningarnir yrðu þó komnir að fullu til framkvæmda í lok samningstímans. Settu SA fram hugmyndir í þessum efnunum. Þessu svaraði ASÍ með því að setja fram þá hugmynd að öllum launabreytingum 1. mars yrði frestað til 1. júlí og að í júnimánuði yrðu teknar ákvarðanir um framhaldið. Viðræðurnar hafa byggst á þessari hugmynd.“ Benti Gylfi á að í byrjun janúar lagði SA til við samninganefnd ASÍ tvo kosti, annars vegar að fresta öllum launahækkunum til haustsins og taka þá ákvörðun um framlengingu eða uppsögn kjarasamninga og hins vegar að ganga strax frá ákvörðun um að öllum launahækkunum sem koma ættu 1. mars verði frestað til 1. janúar 2010 og launahækkunum 1. janúar 2010 verði frestað til loka árs 2010. ASÍ var því að hafna tillögu SA um miklu meiri og aðfrifaríkari frestun.

Áhyggjur af seinagangi stjórnvalda

Miðstjórn ASÍ ræddi á fundi sínum þann 9. september seinagang stjórnvalda í því sem snýr að framkvæmdum og baráttunni gegn atvinnuleysi. Stöðugleikasáttmálinn sem undirritaður var með viðhöfn í lok júní gerði ráð fyrir ýmsum stórfamkvæmdum þar sem lífeyrissjóðirnir væru tilbúnir að koma að fjármögnun. Lítil sem engin undirbúningsvinna virðist í gangi hjá stjórnvöldum vegna þessa. Taldi miðstjórnin seinaganginn ámælisverðan þar sem ein helsta forsenda stöðugleikasáttmálans hafi verið að hjólum atvinnulífsins yrði komið af stað og í framhaldinu yrðu vextir lækkaðir og gjaldeyrishöft

afnumin í áföngum. Í umræðum í miðstjórninni var bent á að endurskoðun kjarasamninga er 1. nóvember og þá þarf að vera kominn gangur í alla þessa þætti samningsins. Þessi gagnrýni miðstjórnar ASÍ, sem fulltrúar SA tóku undir, dugði til þess að ýta af stað skilvirkari vinnu af hálfu stjórnvalda til að hraða ýmsum stórframkvæmdum af hálfu opinberra aðila með fjármögnun frá lífeyrissjóðunum.



Atvinnumál

Atvinnuástandið

Atvinnuástandið versnaði hratt eftir hrun bankakerfisins sl. haust og hefur skráð atvinnuleysi aldrei mælst hærra hér á landi. Nú á haustmánuðum var skráð atvinnuleysi um 8% en á sama tíma í fyrra mældist atvinnuleysi ríflega 1%. Horfur eru á að atvinnuástandið versni enn um sinn og atvinnuleysi nái hámarki á vetrarmánuðum og geti þá orðið allt að 10%. Allt útlit er fyrir slæma stöðu á vinnumakaði næstu misserin. Framan af síðasta vetri var staðan verst í byggingariðnaði en atvinnuleysi jókst í öðrum greinum s.s. verslun- og þjónustu þegar líða tók á. Talsverður munur er á atvinnuástandinu eftir landshlutum, mest hefur atvinnuleysi verið á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.


Atvinnuþátttaka

Sjá má augljós merki um breytt atvinnuástand í vinnumarkaðskönnun Hagstofnunnar. Atvinnuþátttaka dróst talsvert saman á milli ára og mældist 81,9% á öðrum ársfjórðungi 2009 en var 84% á sama tíma í fyrra. Fólki á vinnumarkaði fækkaði um tæplega 4.300 manns á milli annars árfjórðungs 2008 og 2009. Athygli vekur að atvinnuþátttaka dregst meira saman í hópi karla en kvenna og sömuleiðis meira í hópi yngra fólks. Meðalfjöldi vinnustunda á viku fækkar á milli ára, úr 42,7 stundum á viku í 39,9 stundir. Þó verulega fækki í hópi starfandi vegna mikils atvinnuleysis þá fjölgar fólki í hlutastörfum um 2.000 manns og er sú fjölgun nær eingöngu í hópi karla. Skýringar á þessu er m.a. að finna í nýjum reglum um rétt til atvinnuleysisbóta á móti hlutastarfi sem tóku gildi sl. haust.



Atvinnuleysi

Í ágúst var skráð atvinnuleysi hjá vinnumálastofnun 7,7% samanborðið við 8% í mán-

uðinum á undan og 0,9% á sama tíma fyrir ári. Að meðaltali voru 13.387 manns skráðir atvinnulausir í ágúst sem er fjölgun um ríflega 11.000 manns frá því fyrir ári. Langtíma atvinnuleysi hefur aukist hratt á síðustu mánuðum og hafði ríflega helmingur þeirra sem skráðir voru atvinnulausir í ágúst verið án atvinnu í 6 mánuði eða lengur. Langtímaatvinnulausum hafði þá fjölgað um 6.500 manns síðan í upphafi árs, úr um 10% allra atvinnulausra í ríflega 50%. Atvinnuleysi hefur frá því sl. haust verið nokkuð meira meðal karla en kvenna en dregið hefur saman með kynjunum á síðustu mánuðum. 7.743 karlar voru að meðaltali atvinnulausir í ágúst sem jafngildir 7,9% karla á vinnumarkaði og 5.644 konur voru án atvinnu eða 7,5%. Yfir sumarmánuðina dró úr atvinnuleysi meðal karla en á sama tíma jókst það heldur meðal kvenna, einkum á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Hlutfallslega hefur atvinnuleysi einnig verið meira í yngri aldurshópnum tæplega helmingur atvinnulausra er yngri en 35 ára og um fimmtingur er undir 25 ára. Atvinnuleysi meðal karla er lang mest í hópi þeirra sem hafa grunnskólamenntun, um helmingur atvinnulausra karla er í þessum hópi. Atvinnulausar konur eru hins vegar flestar með háskóla- eða sérskólamenntun (um 20%) eða stúdentspróf (um 17%).



Atvinnuleysi hefur verið mest á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu. Á Suðurnesjum voru 1.312 manns án atvinnu í ágúst eða 11,4% af mannafla á svæðinu og á höfuðborgarsvæðinu voru að 9.894 án atvinnu í mánuðinum eða 9%. Minnst atvinnuleysi hefur verið á Vestfjörðum þar sem atvinnulausir voru 53 í ágúst eða 1,3% mannaflans.



Ákvæði í lögum um atvinnuleysisbætur á móti minnkuðu starfshlutfalli tóku gildi í nóvember 2008 til þess að koma til móts við þann hóp sem varð fyrir tekjuskerðingu í kjölfar minnkandi umsvifa á vinnumarkaði. Þau ákvæði gilda einnig um sjálfstætt starfandi einstaklinga sem orðið hafa fyrir samdrætti í rekstri. Í ágúst voru 1.491 einstaklingur sem fengu atvinnuleysisbætur á móti skertu starfshlutfalli.

Erlendir starfsmenn

Verulega hefur dregið úr komu erlendra starfsmanna til landsins undanfarið ár og brottflutningur hefur aukist mikið. Lög um skráningu á erlendu vinnuafli frá nýjum ríkjum ESB féllu úr gildi þann 1. maí 2009 þannig að atvinnurekendum er ekki lengur skylt að skrá sérstaklega ráðningu fólks frá þeim löndum til Vinnumálastofnunnar. Á fyrri hluta ársins fækkaði nýskráningum fólks frá „nýju“ ESB ríkjunum mjög frá fyrra ári, voru um eða innan við 20 á mánuði á fyrri hluta þessa árs samanborið við um 400 á mánuði á sama tíma árið áður. Samkvæmt tölum Hagstofunnar um búferlaflutninga á fyrri helmingi ársins 2009 fluttu ríflega 1.500 fleiri frá landinu en til þess á fyrstu sex mánuðum ársins. Flestir fluttu til Póllands og Norðurlandanna og karlar voru mun fleiri meðal þeirra sem fluttust á brott. Séu eingöngu skoðaðar tölur um erlenda ríkisborgara kemur í ljós að 761 fleiri fluttu frá landinu en til þess á fyrstu sex mánuðum ársins en það hefur ekki gerst síðan árið 1992. Vísbendingar um aukinn brottflutning erlendra starfsmanna má einnig sjá á tölum um útgáfu E301 vottorða sem veita staðfestingu á starfstíma hér á landi og útlendingar sækja stundum um þegar farið er úr landi. 1.200 slík vottorð voru gefin út á árinu 2007 og ríflega 2.300 í fyrra en á fyrstu 8 mánuðum þessa árs voru gefin út tæp 2.600 vottorð. Það sem af er ári hafa erlendir ríkisborgarar verið 11-12% af atvinnulausum á skrá og hafa flestir þeirra misst starf í byggingariðnaði eða um 40%.

Horfur

Horfur eru slæmar á vinnumarkaði og allt útlit fyrir að atvinnuleysi muni taki að aukast þegar líða tekur á veturinn og geti þá orðið allt að 10%. Vísbendingar um horfur framundan má m.a. sjá í mjög neikvæðum væntingum stjórnenda en í könnun meðal 500 stærstu fyrirtækja landsins í sumar töldu 97% svarenda aðstæður í efnahagslífinu frekar eða mjög slæmar og 56% telja að aðstæður muni enn versna á næstu sex mánuðum. Ríflega helmingur þeirra fyrirtækja sem svara könnuninni telja að starfsmannafjöldi þeirra verði óbreyttur á næstu sex mánuðum en 36% telja að starfsmönnum muni fækka. Í ágúst tilkynntu þrjú fyrirtæki hópuppsagnir til Vinnumálastofnunnar sem ná samtals til 50 starfsmanna. Það sem af er ári hafa 103 fyrirtæki tilkynnt hópuppsagnir sem ná til 5.074 starfsmanna og þar af eru flestir starfandi í mannvirkjagerð. Vinnumálastofnun telur erfitt að áætla atvinnuleysi um þessar mundir vegna mikillar óvissu í efnahagslífinu en að atvinnuleysi muni þó að líkindum minnka lítillega þegar skólafólk fer af vinnumarkaði í september. Vænta má þess að atvinnuleysi taki síðan aftur að aukast þegar dregur úr framkvæmdum og störfum í ferðapjónustu fækkar yfir vetrarmánuðina.

Atvinnuþróunin

Áföllin í efnahagslífinu hafa haft veruleg áhrif á atvinnuþróunina í landinu, þrengt hefur að starfsemi fyrirtækja og heimilin eru í vanda vegna of lítillar vinnu.

Þröng staða fyrirtækja

Í nánast öllum atvinnugreinum hefur þröngt að starfsemi fyrirtækja. Fyrir utan fjármála-geirann sjálfan hefur ástandið verið einna verst í mannvirkjagerð, verslun og þjónustu. Þrátt fyrir að sjávarútvegur og fiskvinnsla komi til með að standa þokkalega af sér storminn þá er ekki líklegt að þessar greinar muni skila nýjum störfum inn í atvinnulífið. Til lengri tíma litið mun endurreisn atvinnulífsins að verulegu leyti hvíla á öflugri starfsemi sprotafyrirtækja og nýsköpun.

- **Mannvirkjagerð.** Skert aðgengi að fjármagni hefur dregið úr verklegum framkvæmdum og hægt á uppbyggingu innviða atvinnulífsins. Í júlí voru alls 2.327 manns í mannvirkjagerð skráðir atvinnulausir samanboreð við 139 á sama tíma árið áður. Hlutfallslega hefur þeim því fjölgað um 1.674%. Í engri atvinnugrein hefur ástandið versnað jafn mikið. Horfurnar eru ekki heldur uppörvandi þar sem fjárfesting var enn að minnka framan af þessu ári. Á hinn bóginn kann að vera, að framkvæmdir og/eða fjárfestingar atvinnulífsins sem boðaðar hafa verið á næstunni, m.a. í tengslum við gerð stöðugleikasáttmálans í sumar, mildi áfallið sem þessi grein verður fyrir.
- **Verslun.** Minni kaupmáttur og samdráttur í einkaneyslu hefur dregið þrótt úr verslun og viðskiptum. Í júlí sl. voru alls 2.816 manns í verslun og viðgerðarþjónustu skráðir atvinnulausir samanboreð við 341 á sama tíma árið áður. Hætt er við að hægari hjöðnun verðbólgu en væntingar stóðu til auk boðaðra skattahækkana muni enn draga úr kaupmætti á næstunni og gera versluninni erfitt að ná sér á strik.
- **Þjónusta.** Sumar þjónustugreinar sem vaxið hafa hratt síðustu ár, eins og t.d. fjármálaþjónusta, hafa orðið fyrir gríðarlegu áfalli. Í júlí sl. voru 472 manns í fjármála- og fasteignþjónustu skráðir atvinnulausir samanboreð við 39 manns á sama tíma í fyrra. Svipað ástand er í margskonar sérfræðiþjónustu sem hefur tengst þenslu síðustu ára, eins og t.d. meðal verkfræðinga og arkitekta. Atvinnuleysi hefur einnig aukist í ferðaþjónustu en minna en í flestum öðrum greinum á almenna markaðnum.
- **Iðnaður.** Erfitt er að átta sig á hver heildarþróunin verður í iðnaði (öðrum en fiskvinnslu). Um afar fjölbreytta starfsemi er að ræða og aðstæður ólíkar milli greina. Veik staða krónunnar ætti að styrkja stöðu útflutningsiðnaðar svo og greina sem keppa við innflutning. Margar iðngreinar eru aftur á móti nátengdar mannvirkjagerð og byggingariðnaði og standa illa í ljósi þess snarpa samdráttar sem þar hefur orðið.
- **Sjávarútvegur.** Þrátt fyrir að sjávarútvegur og fiskvinnsla komi til með að standa þokkalega af sér efnahagssamdráttinn þá er ekki líklegt að þessar greinar muni skila nýjum störfum inn í atvinnulífið. Þvert á móti er sennilegt að störfum muni fækka nokkuð í vinnslu líkt og verið hefur síðustu ár. Ástæðan er bæði hagræðing innan greinarinnar svo og aðlögun að minnkandi aflaheimildum.
- **Nýsköpun.** Tilkynnt hefur verið um ýmsar aðgerðir sem miða að því að hlúa að sprotafyrirtækjum og nýsköpun. Má þar t.d. nefna stofnun nýrra frumkvöðlasetra og opnun fyrir möguleika sprotafyrirtækja á að ráða til sín starfsmenn af atvinnuleysissskrá án þess að bætur skerðist. Einnig má nefna ýmsar aðrar aðgerðir sem eru

mislangt á veg komnar í undirbúningi, eins og t.d. hækkun endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar, fjölgun þeirra sem njóta listamannalauna og lagfæringar á skatt-
aumhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja.

Atvinnumálanefnd ASÍ

Meginverkefni atvinnumálanefndar á síðasta starfsári var að móta tillögur um samnings-
markmið í hugsanlegum aðildarviðræðum Íslands við ESB á sviðum sjávarútvegs, land-
búnaðar og byggðamála. Haldnir voru opnir vinnufundir um hvert þessara sviða þar sem
sérfræðingar og hagsmunaaðilar reifuðu álitamál með virkri þátttöku forustumanna innan
ASÍ. Í kjölfarið setti atvinnumálanefnd fram tillögur um samningsmarkmið sem síðan
voru lagðar fyrir aukaársfund ASÍ í mars sl. Atvinnumálanefnd hefur verið bakland fyrir
fulltrúa ASÍ í ýmsum opinberum nefndum, þeirra á meðal nefnd um eignarhald erlendra
aðila í íslensku atvinnulífi. Þá kemur nefndin náið að samskiptum ASÍ við Vísinda- og
tækniráð, Vinnumarkaðsráð og Landflutningaráð.

Vísinda- og tækniráð

Vísinda- og tækniráð hefur það hlutverk að samræma stefnu stjórnvalda hvað varðar
rannsóknir og tækniþróun. Skipunartími eldra ráðs rann út í mars sl. og tilnefndi ASÍ tvo
aðalmenn og tvo varamenn sem fulltrúa sína í nýju ráði. Bæði fyrrverandi fulltrúar ASÍ
og nýskipaðir komu með virkum hætti að þeirri stefnumótunarvinnu sem liggur hinu nýja
ráði til grundvallar. Í þeirri vinnu lögðu þeir sérstaka áherslu á mikilvægi starfsmenntunar
fyrir nýsköpun í atvinnulífinu og einnig á kosti þess að lagfæra skattaumhverfi sprota- og
nýsköpunarfyrirtækja þannig að þau hefðu meiri hvata til að stunda rannsóknir og þróun.
Fulltrúar ASÍ í ráðinu hafa einnig varað við því að veruleg hætta er á að þátttaka Íslands
í ýmsum alþjóðlegum samfélagsrannsóknnum falli niður vegna fjárskorts – gerist það
verður óbætanlegt tjón á samfelli gagnasöfnunar um félagslegar aðstæður hérlendis.

Vinnumarkaðsráð

Vinnumarkaðsráðin hafa það hlutverk að greina stöðu og þróun atvinnumála hvert á sínu
starfssvæði og gera tillögur að vinnumarkaðsráðum. Þann 7. október á síðasta ári stóð
atvinnumálanefnd fyrir opnum fundi með fulltrúum ASÍ í ráðunum. Fluttar voru þrjár
framsögur – fyrst fjallaði Ásdís Guðmundsdóttir hjá Atvinnumálum kvenna um konur og
stoðkerfi atvinnulífsins, þá fjallaði Gunnar Haraldsson hjá Hagfræðistofnun um hagvöxt
eftir landssvæðum og Hrafnhildur Tómasdóttir hjá Vinnumálastofnun gerði grein fyrir
ýmsum nýjungum í vinnumarkaðsráðum. Að loknum erindunum gerðu fulltrúar ASÍ
í vinnumarkaðsráðunum grein fyrir stöðu og horfum í atvinnulífinu á sínu svæði svo og
reynslunni af fyrsta starfsári vinnumarkaðsráðanna.

Landflutningaráð

Landflutningaráði er ætlað að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um landflutningamál og
umsagnaraðili um breytingar á lögum, reglum og stefnumörkun í málaflokknum. Meðal
þeirra mála sem rædd hafa verið í ráðinu hingað til má nefna beiðni um undanþágur frá
reglugerð ESB um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, uppbygging á áningarstöðum við
þjóðvegi og starfsmenntun atvinnubílstjóra. Það mál sem einna mesta umfjöllun hefur
fengið er undanþágubeiðnin frá reglugerð ESB. Undir lok síðasta árs þegar stefndi í

að beiðninni yrði hafnað lögðu fulltrúar ASÍ til, í samræmi við vilja miðstjórnar sambandsins, að málarekstrinum yrði hætt en vinna sett í að koma öryggismálum ökumanna í viðunandi horf sem allra fyrst. Fulltrúar atvinnurekenda óskuðu hins vegar eftir því að málinu yrði haldið áfram. Niðurstaða meirihluta ráðsins var að mæla með því að unnið yrði áfram í málinu en láta það ekki hefja innleiðingu reglugerðar ESB að öðru leyti.




Velferðarmál

Kaup og kjör

Kaupmáttur

Kaupmáttur launa hafði í júlímánuði lækkað um 7,8% frá sama tíma í fyrra vegna mikilla hækkana á verðlagi umfram laun allt síðastliðið ár. Verðlag hafði í júlí hækkað um 11,3% á síðustu 12 mánuðum á sama tíma og laun á vinnumarkaði hækkðu um 2,6%. Kaupmáttur launa hefur ekki verið lægri síðan í lok árs 2002 og hefur rýrnað samfellt síðan í upphafi árs 2008. Síðasta tímabil með sambærilegri rýrnun kaupmáttar var í upphafi tíunda áratugarins. Á fyrsta ársfjórðungi 2009 hækkðu laun að meðaltali um 6,2% frá sama tíma árið áður og á öðrum ársfjórðungi að meðaltali um 3,6%. Umtalsverður munur er á launaþróun á vinnumarkaði. Á almennum vinnumarkaði, þar sem gengið var frá kjarasamningum í febrúar 2008, hækkðu laun um 4,1% á fyrsta ársfjórðungi og um 1,2% á öðrum ársfjórðungi frá sama tíma í fyrra. Á sama tíma hækkðu laun hjá opinberum starfsmönnum um 11,3% á fyrsta ársfjórðungi og um 9,5% á öðrum ársfjórðungi frá sama tíma í fyrra. Þessar tölur gefa skýrar vísbendingar um að aðlögun almenna vinnumarkaðarins að breyttu efnahagsástandi hafi hafist mun fyrr en á opinbera markaðnum. Á almennum vinnumarkaði hækkðu laun á öðrum ársfjórðungi í ár samanborðið við sama tíma í fyrra, mest hjá skrifstofufólki (4,4%) og verkafólki (4,2%) en lækkuðu hjá stjórnendum (-3,3%) og sérfræðingum (-1,5%). Hjá öðrum stéttum hækkðu laun um 0,7-1,7%. Samkvæmt þessum tölum rýrnaði kaupmáttur launa á almennum vinnumarkaði um 9,5% milli annars ársfjórðungs í ár og í fyrra en kaupmáttur opinberra starfsmanna rýrnaði á sama tíma um ríflega 2%.



Ráðstöfunartekjur

Þrátt fyrir að gera megi ráð fyrir að hægja muni á kaupmáttarrýrnuninni þegar verðbólga gengur niður á vetrarmánuðum munu áframhaldandi auknar skattaálgögur, skerðing ýmissa bóta og mikið atvinnuleysi áfram draga verulega úr samanlögðum ráðstöfunartekjum heimilanna. Samkvæmt tölum fá Seðlabanka Íslands dróst samanlagður kaupmáttur ráðstöfunartekna saman um 7,5% í fyrra en áætla má að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hafi rýrnað um 4-5% á sama tíma. Gert er ráð fyrir áframhaldandi rýrnun næstu tvö árin.

Samanlagðar tekjur þeirra einstaklinga sem töldu fram tekjur bæði í maí 2008 og í maí 2009 lækkuðu um 5% á milli ára, samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu sem unnar eru úr staðgreiðslugögnum. Í þessum tölum er sama hvaðan einstaklingur fær greiddar tekjur, þannig að þeir sem voru í starfi fyrir ári en fá nú atvinnuleysisbætur eru hluti af þessu úrtaki. Séu samanlagðar ráðstöfunartekjur þessa hóps skoðaðar, þ.e. framtaldar tekjur að frárdreginni staðgreiðslu, hafa þær lækkað um 4,8% milli ára og sé tekið tillit til verðlagsþróunar hafa ráðstöfunartekjur alls hópsins lækkað um tæplega 15% að raungildi á tímabilinu. Þannig samanlagt hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna hjá þeim tæplega 190.000 einstaklingum sem eru í úrtakinu lækkað um tæplega 15%. Þó hér sé ekki um endanlegar ráðstöfunartekjur heimilanna að ræða þar sem inn í tölurnar vantar t.a.m. upplýsingar um barnabætur, vaxtabætur og fjármagnstekjur gefa þessar tölur ágæta vísendingu um þær breytingar sem orðið hafa á kjörum fólks á liðnu ári. Samkvæmt tölum fjármálaráðuneytisins er talsverður munur milli tekjuhópa á því hvernig tekjur hafa þróast milli ára. Tekjur hópsins sem hafði undir 200 þúsundum í maí í fyrra hafa lækkað verulega sem getur m.a. skýrst af því að í honum er skólafólk og fólk í hlutastörfum. Hópurinn sem hafði 200-250 þúsund krónur stendur í stað í krónum talið en eftir því sem tekjurnar voru

hærrí í fyrra þeim mun meir hafa þær lækkað hlutfallslega milli ára. Þeir sem voru með tekjur yfir eina milljón í fyrra eru nú að meðaltali með fjórðungi lægri tekjur og þeir sem höfðu yfir tvær milljónir í maí í fyrra eru að meðaltali með helming þeirra tekna.

Skuldastaða heimilanna

Skuldsetning heimilanna er mikil og jókst hratt á síðustu árum þegar aðgengi að lánsfé var gott og kaupmáttur vaxandi. Mikil verðbólga og gengisfall krónunnar hefur á síðustu misserum valdið miklum hækkunum á höfuðstól og greiðslubyrði lána og veldur nú til viðbótar við tekjusamdrátt og almennar verðhækkunar fjárhagserfiðleikum hjá mörgum heimilum.

Samanlagðar skuldir íslenskra heimila námu um síðustu áramótum um 2.000 milljörðum króna sem jafngildir því að hvert heimili hafi skuldað um 18 milljónir. Í fyrra námu skuldir heimilanna um 230% af ráðstöfunartekjum og útlit er fyrir að þær verði um 300% á þessu ári sem er með því hæsta sem gerist í heiminum. Til samanburðar má nefna að fyrir um áratug voru samanlagðar skuldir íslenskra heimila um 150% af ráðstöfunartekjum. Samkvæmt úttekt Seðlabankans á skuldum heimilanna frá því í júní námu íbúða- bíla- og yfirdráttarskuldir hjá tæplega helmingi heimila um eða yfir 300% af árlegum ráðstöfunartekjum og greiðslubyrði þessara skulda nam um eða yfir 30% af ráðstöfunartekjum hjá ríflega þriðjungi heimila.

Aukin skuldsetning gerir heimilin viðkvæmari fyrir breytingum í tekjum sem veldur sérstökum áhyggjum nú í ljósi afar slæmrar stöðu á vinnumarkaði. Mikil skuldsetning gerir heimilin einnig viðkvæmari fyrir sveiflum í verðlagi vegna almennrar verðtyggingar á húsnæðislánum og sömuleiðis hefur aukin lánataka heimila í erlendir mynt á síðustu árum gert heimilin viðkvæmari en áður fyrir sveiflum í gengi krónunnar. Þessu til viðbótar verða heimilin næmari fyrir breytingum á fasteignaverði þegar veðsetningarhlutfall eykst. Allir þessir áhættuþættir hafa á undanföru ári lagst á eitt og valdið miklum erfiðleikum hjá skuldsettum heimilum. Vandinn sem við blasir er tvíþættur. Annars vegar hefur hækkun á höfuðstóli skulda og lækkun á eignaverði rýrt eigið fé heimilanna. Hins vegar hefur greiðslubyrði skulda aukist mikið á sama tíma og tekjur hafa dregist saman hjá mörgum sem þýðir að hlutfall ráðstöfunartekna sem fer til greiðslu af skuldum eykst og allt útlit fyrir að muni enn aukast á næstu misserum.

Í samantekt hagdeildar ASÍ um skuldir heimilanna frá því í febrúar sl. kemur fram að viðkvæmastir eru þeir hópar sem komið hafa inn á húsnæðismarkaðinn með lítið eigið fé á síðustu árum og standa nú frammi fyrir því að eignir standa ekki lengur undir skuldum og heimili sem skulda mikið í eignum sínum og hafa greiðslubyrði sem er hátt hlutfall ráðstöfunartekna. Hætta er á að fólk festist í yfirveðsettum eignum og verulega fjölgi í hópi heimila sem ekki ná endum saman. Ástæða er til að beina sjónum sérstaklega að stöðu hópanna á þrítugs og fertugsaldri sem í heildina eru skuldsettustu hóparnir með hæstu greiðslubyrðina og flest börn á sínu framfæri, auk þess sem líkur eru til þess að í þeim hópi séu flestir þeir sem komið hafi inn á húsnæðismarkaðinn á síðustu tveimur árum. Í áður nefndri úttekt Seðlabankans frá því í júní kemur fram að eitt af hverjum sex heimilum sé með mjög þunga greiðslubyrði og þurfi að verja meira en helmingi ráðstöfunartekna til greiðslna af lánum. Þar kemur einnig fram að heimili með mjög neikvæða eiginfjárstöðu tilheyri frekar tekjuhærrí hópunum en heimili með þunga greiðslubyrði hafi tilhneigingu til að tileyra tekjulægri hópum.

Greiðsluerfiðleikar

Heimilum sem glíma við fjárhagserfiðleika hefur fjölgað mikið síðastliðið ár vegna samdráttar í tekjum og aukinni greiðslubyrði skulda til viðbótar við miklar hækkanir á öllum nauðsynjavörum. Umsóknum hjá Íbúðalánasjóði vegna greiðsluerfiðleika tók að fjölga mikið í kjölfar bankahrunsins í fyrra og hafa 200-350 umsóknir borist sjóðnum mánaðarlega. Allt árið í fyrra óskuðu ríflega 1.400 manns eftir úrræðum hjá sjóðnum samanborið við 377 umsóknir árið 2007 og 378 árið 2006. Á fyrstu sjö mánuðum þessa árs hafði Íbúðalánasjóði borist 2.066 umsóknir vegna greiðsluerfiðleika. Vanskil hjá sjóðnum hafa einnig aukist og voru nær þrefalt hærri á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs en á sama tíma í fyrra. Samkvæmt upplýsingum frá Creditinfo, sem heldur utan um vanskilaskrá, hefur alvarlegum vanskilum hjá heimilum fjölgað ört á frá síðasta hausti. Tæplega 20 þúsund einstaklingar voru á vanskilaskrá í lok ágúst 2009 og hafði þá fjölgað úr 16.500 í október 2008 og 11.500 í lok árs 2007. Af þeim 20 þúsund einstaklingum sem voru á vanskilaskrá í ágúst voru ríflega helmingur fólk á aldrinum 30-49 ára með börn á framfæri. Hjá Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna hefur aðsókn margfaldast á síðastliðnu ári og biðlistar verið langir. Ráðgjafastofan opnaði í maí nýja starfsstöð í Sóltúni í Reykjavík til þess að mæta aukinn þörf á fjárhagsráðgjöf og stytta biðtíma eftir aðstoð og var starfsmönnum stofunnar fjölgað til muna.

Úrræði vegna vaxandi greiðsluerfiðleika heimila

Til þess að mæta ört vaxandi hópi heimila sem lentu í greiðsluerfiðleikum í kjölfar bankahrunsins sl. haust gaf viðskiptaráðherra út tilmæli um miðjan október til viðskiptabankanna og annarra fjármálastofnana um að frysta afborgarnir af skuldum í erlendri mynt sem hækkuðu snarpt í kjölfar gengishrunsins og bjóða skuldurum með húsnæðislán í erlendri mynt sem lenda í greiðsluerfiðleikum samskonar úrræði og Íbúðalánasjóður, það er m.a. frestun greiðslna, lengingu lántíma og samninga um niðurgreiðslu vanskila. Landssamtök lífeyrissjóða skipuðu í október starfshóp til þess að fjalla um greiðsluvanda sjóðfélaga og leggja fram tillögur til úrbóta. Starfshópurinn skilaði tillögum í lok október og beindu landssamtökin því til aðildarsjóða sinna að samræma úrræði fyrir lántakendur í greiðsluvanda m.a. með því að fresta tímabundið greiðslum af lífeyrissjóðslánum og taka upp nánara samstarf við Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna. Félags- og tryggingarmálaráðherra skipaði sérfræðingahóp í lok október til þess að skoða hvaða leiðir séu færar til að bregðast við vanda lántakenda vegna verðtryggingar. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ var formaður hópsins en aðrir fulltrúar í hópnum voru Þorkell Helgason stærðfræðingur, Vilborg Helga Júlíusdóttir hagfræðingur, Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur og Ragnar Önundarson viðskiptafræðingur. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur í félags- og tryggingamálaráðuneytinu, starfaði einnig með hópnum. Í samræmi við tillögur hópsins var lagt fram frumvarp á Alþingi um greiðslujöfnun fasteignalána til einstaklinga sem samþykkt var um miðjan nóvember. Greiðslujöfnun nær til viðskiptavina allra lánastofnanna sem eru með verðtryggð fasteignalán og markmið aðgerðarinnar er að leiðrétta það misgengi sem orðið hefur milli launa og lána með því að fresta tímabundið hluta af greiðslu lánsins, með því að reikna sértaka greiðslujöfnunarvísitölu sem tekur mið af breytingum á verðlagi með tilliti til launaþróunar og atvinnustigs. Í upphafi desember var samþykkt á Alþingi frumvarp félagsmálaráðherra um breytingar á lögum um húsnæðismál sem felur m.a. í sér rýmri heimildir til Íbúðalánasjóds til

Þess að aðstoða fólk í greiðsluferfiðleikum þannig að heimilt er að lengja lántíma í allt að 30 ár, í stað 15 ára og hámarkslántími hjá sjóðnum er lengdur úr 55 árum í 70 ár. Þá er sjóðnum heimilað að leigja eða fela öðrum með samningi að annast leigumiðlun með íbúðarhúsnæði sem sjóðurinn hefur leyst til sín á nauðungarsölu. Þá var Íbúðalánasjóði í kjölfarið heimilað með reglugerð að yfirtaka íbúðaveðlán fjármálafyrirtækja. Hvorki Íbúðalánasjóður né einstaklingar geta haft frumkvæði að því að lán flytjist til sjóðsins heldur þurfa fjármálastofnanir að óska eftir því að Íbúðalánasjóður yfirtaki lán á þeirra vegum. Þá kynnti ríkisstjórnin um miðjan nóvember ýmsar aðgerðir til að koma til móts við heimilin í kjölfar fjármálakreppunnar til þess að aðstoða almenning við að standa við skuldbindingar sínar. Til viðbótar við aðgerðir vegna húsnæðisskulda var m.a. felld úr gildi tímabundið heimild til að skuldajafna barna- og vaxtabótum á móti opinberum gjöldum og skuld hjá Íbúðalánasjóði. Opinberum innheimtuaðilum gert að auka sveigjanleika í samningum um gjaldfallnar kröfur, innheimtumönnun ríkissjóðs veitt heimild til niðurfellingar á dráttarvöxtum og kostnaði, lög um dráttarvexti endurskoðuð með það að markmiði að lækka dráttarvexti, sett var þak á innheimtukostnað og endurgreidd vörugjöld og virðisaukaskattur af notuðum ökutækjum sem varanlegar eru flutt úr landi. Í mars tóku gildi breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrissjóða sem heimila tímabundið til 1. október 2010 útgreiðslu á séreignasparnaði. Hverjum einstaklingi er heimilt að innleysa allt að eina milljón króna á níu mánaðar tímabili óháð fjárhagsstöðu. Í byrjun apríl undirrituðu stjórnvöld og allir lánveitendur fasteignaveðlána, þ.e. Íbúðalánasjóður, fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóðir samkomulag um samræmingu úrræða vegna fasteignalána fyrir heimili í greiðsluferfiðleikum til loka árs 2010. Samkomulagið á að tryggja að allir lántakendur fái notið sambærilegra greiðsluferfiðleikaúrræða og Íbúðalánasjóður veitir lántakendum sem lenda í greiðsluvanda sem fela m.a. í sér samninga um uppgjör vanskila, allt að þriggja mánaða rýmingarfrest í kjölfar nauðungarsölu, heimild til greiðslufrestunar vegna sölutregðu á fasteign, skuldbreytingu vanskila í nýtt skuldabréf eða viðbót við höfuðstól, frestun á greiðslum af láni að hluta eða fullu í allt að þrjú ár og lengingu lántíma til að létta á greiðslubyrði.

Mikil gagnrýni hefur verið í samfélaginu á að þau úrræði sem stjórnvöld og lánastofnanir komu á fót til þess að aðstoða skuldsett heimili í kjölfar bankahrunsins séu ekki fullnægjandi og gangi ekki nægilega langt í að aðstoða fólk. Alþýðusambandið hefur tekið undir þessa gagnrýni einkum hvað varðar úrræði til handa þeim heimilum sem eru í verulegum greiðsluvanda sem ekki er tímabundinn og verður ekki leystur með þeim úrræðum sem fyrir eru svo sem lengingu lána eða tímabundinni frestun á greiðslum. Til þess að aðstoða þennan hóp lagði Alþýðusambandið ríka áherslu á nauðsyn þess að komið yrði á greiðsluaðlögunarúrræði fyrir heimili í miklum ótímabundnum greiðsluvanda til þess að komast á réttan kjöl með því að greiðslubyrði verði aðlöguð að greiðslugetu. Alþýðusambandið lagði einnig þunga áherslu á það að greiðsluaðlögunin næði til allra skulda þ.m.t. veðskulda og væri ekki sett í farveg nauðsamninga og gjaldþrota. Ekki var komið til móts við þessar kröfur og tóku í byrjun apríl í gildi breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. sem gera skuldara kleift að leita nauðungarsamnings til greiðsluaðlögunar með aðstoð umsjónarmanns. Reglunum um greiðsluaðlögun er ætlað að aðstoða skuldara sem glíma við verulegan fjárhagsvanda og eru ófærir um að standa í skilum með skuldir sínar um fyrirséða framtíð og tekur aðeins til skulda sem ekki eru tryggðar með veði í eignum skuldara, þ.e. fasteignalán eru undanskilin í greiðsluaðlög-

uninni. Um málsmeðferðina gilda hinar almennu reglur nauðasamninga með ákveðnum frávikum sem einfalda málsmeðferðina. Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna er í reglugerð falið að aðstoða þá sem sækja um greiðsluáðlögun. Til þess að leysa vanda heimila í verulegum fjárhagsvanda vegna húsnæðislána var síðan samþykkt annað frumvarp á Alþingi sem tók gildi um miðjan maí um tímabundna greiðsluáðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Samkvæmt lögunum getur eigandi íbúðarhúsnæðis sem er og verður um einhvern tíma ófær um að standa skil á greiðslum vegna íbúðalána og sýnt er fram á að önnur úrræði duga ekki, leitað eftir greiðsluáðlögun í allt að fimm ár vegna skulda sem tryggðar eru með veði í húsnæði hans. Óska þarf eftir greiðsluáðlögun með skriflegri beiðni til héraðsdómstóls sem skipar tilsjónarmann með greiðsluáðlöguninni. Talsverð gagnrýni hefur komið fram, m.a. af hálfu Alþýðusambandsins, á að fyrirkomulag þessara úrræða sem ætluð eru verst stöddu heimilunum sé flókið og óaðgengilegt og gangist ekki sem skyldi til þess að aðstoða fólk. Í stöðugleikasáttmála stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sem undirritaður var 25. júní sl. er kveðið á um mikilvægi þess að bæta stöðu skuldara og hraða vinnu ráðherranefndar sem fjallar um stöðu þeirra. Tryggja þarf að þau úrræði sem komið hefur verið á gagnist eins og vænst var. Gerðar verði tillögur í samráði við aðila vinnumarkaðarins um viðbótarúrræði eftir því sem þörf krefur og sérstaklega verði horft til þeirra sem nýlega keyptu sína fyrstu eign. Jafnframt verði lagðar fram tillögur í samráði við aðila vinnumarkaðarins um það hvernig styrkja megi stöðu lántakenda á fjármálamarkaði. Til þess að fylgja þessu eftir setti félags- og tryggingamálaráðherra á föt nefnd í lok júlí til að endurmeta löggjöf sem lýtur að úrræðum fyrir heimili í greiðsluerfiðleikum og leggja fram tillögur um leiðir til að styrkja stöðu lántakenda á fjármálamarkaði. Nefndin er stofnuð að frumkvæði ráðherranefndar félags- og tryggingamálaráðherra, dóms- og kirkjumálaráðherra og viðskiptaráðherra sem hefur að undanförmu starfað að úttekt og endurmati á aðgerðum stjórnvalda til hjálpar skuldsettum heimilum. Magnús Norðdahl deildarstjóri lögfræðideildar ASÍ er fulltrúi sambandsins í nefndinni. Um miðjan júní gaf fjármálaráðherra út reglugerð um heimild lánveitanda til að fella niður skuldir einstaklinga án þess að eftirgjöfin teljist til tekna og reiknist til skatts. Þetta er gert til að koma til móts við einstaklinga í miklum greiðsluerfiðleikum án þess að grípa þurfi til greiðsluáðlögunar fyrir dómstólum, þar sem talið er að fjármálastofnanir muni í vaxandi mæli grípa til þessa úrræðis á næstunni.

Þann 26. ágúst sendi miðstjórn ASÍ frá sér eftirfarandi ályktun um greiðsluvanda heimilanna:

„Vandi heimilanna vex hröðum skrefum dag frá degi. Staða þeirra sem komin eru í greiðsluvanda fer stöðugt versnandi og þeim fjölgar hratt sem ekki sjá framá að geta staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Að óbreyttu mun ástandið aðeins versna næstu mánuði ekki sist í ljósi þess að á sama tíma og skuldir vaxa ört fer kaupmáttur minnkandi. Undanfarna mánuði hefur þessi aðkallandi vandi, sem snýr ekki sist að almennu launafólki í landinu, fengið litla athygli stjórnvalda. Það er með öllu óásættanlegt.

Fyrir liggur að þær aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til af hálfu stjórnvalda og fjármálastofnana duga engan veginn til að mæta þeim vanda sem við blasir. Alþýðusambandið hefur margoft bent á að þær væru alltof seinvirkar, ómarkkvissar og skiluðu mjög takmörkuðum árangri. ASÍ hefur ítrekað krafist úrbóta.

Ríkisstjórnin verður að bregðast strax við og koma með raunhæfar og virkar aðgerðir

*til að léttu skulda- og greiðslubyrði heimilanna áður en fólk missir alla von um mann-
sæmandi afkomu á næstu árum. Alþýðusambandið leggur áherslu á að allar leiðir til
lausnar fjárhagsvanda heimilanna verði skoðaðar og lýsir sig reiðubúið til að taka þátt
í þeirri vinnu.“*

Velferðarkerfið

Efnahagsþrengingar munu hafa umtalsverð áhrif á uppbyggingu og þróun velferðarmála á næstu árum. Gripið hefur verið til viðamikilla sparnaðaraðgerða í útgjöldum til velferðarmála bæði hjá ríki og sveitarfélögum á sama tíma og ljóst er að álag á þjónustu velferðarkerfisins hefur aukist og mun enn aukast m.a. vegna atvinnuleysis og vaxandi fjárhagsvanda einstaklinga og fjölskyldna. Miðstjórn ASÍ ályktaði í janúar vegna hækkandi gjaldtöku í heilbrigðisþjónustunni og segir m.a. í ályktuninni: „Miðstjórn ASÍ mót-mælir þeim miklu hækkunum sem urðu á greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðisþjónustunni nú um áramót bæði í formi mikilla hækkana á gjaldskrá og með nýju gjaldi sem sjúklingum er nú gert að greiða við innlagnir á sjúkrahús. Þetta er gert án þess að settar séu reglur um hámarks greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Aukin gjaldtaka í heilbrigðisþjónustunni er aðför að velferðarkerfinu. Hún leggst þungt á sjúklinga og tekjulægri hópa og er til þess fallin að hindra aðgengi að þjónustunni og auka misskiptingu. Miðstjórn krefst þess að nú þegar verði settar skýrar reglur um hámarks greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðisþjónustunni.“

Vegna breyttra forsendna fjárlaga fyrir yfirstandandi ár var á sumarmánuðum gripið til sérstakra sparnaðarráðstafana í ríkisfjármálum sem höfðu umtalsverð áhrif á útgjöld til velferðarmála og ollu m.a. skerðingum á greiðslum til lífeyrisþega og lækkan á hámarksgræiðslu út fæðingarorlofssjóði. Til þess að fylgjast með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins fyrir heimilin og gera tillögur um viðbrögð, var stofnuð sérstök velferðarvakt í samvinnu ríkis, sveitarfélaga, aðila vinnumarkaðarins og fleiri aðila og á Alþýðusambandið fulltrúa á þeim vettvangi.

Almannatryggingar

Á síðustu árum hafa verið gerðar umtalsverðar breytingar á fyrirkomulagi og reglum almannatrygginga. Í mars 2008 voru samþykktar á Alþingi breytingar á viðmiðunarreglum almannatrygginga sem tóku gildi í þremur áföngum, í apríl og júlí 2008 og sá síðasti í janúar 2009 og miðuðu að því að bæta kjör lífeyrisþega. Sparnaðarráðstafanir í ríkisfjármálum um mitt ár höfðu umtalsverð áhrif á reglur almannatrygginga og tóku að nokkur leyti til baka kjarabætur liðinna missera. Breytingar sem gerðar hafa verið á árinu eru eftirfarandi:

1. janúar 2009:

- Lífeyrisgræiðslur og frítekjumörk hækka um 9,6%.
- Afnáam skerðingar vegna innlausnar séreignarlífeyrisþega.
- Fjármagnstekjur allt að 98.640 krónur ári hafa ekki áhrif á lífeyrisgræiðslur, fjármagnstekjur umfram það vega 100% við útreikning græiðslna.
- Frítekjumark atvinnutekna lífeyrisþega verður 109.600 krónur á mánuði.
- Samanburður við eldri reglur fellur niður nema hjá þeim sem dvelja á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

- Lágmarksframbærslutrygging verður 180.000 krónur á mánuði fyrir þá sem búa einir og 153.500 krónur fyrir aðra.

Breytingar 1. júlí 2009

- Lækkun á frítekjumarki vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega við útreikninga tekjutryggingar, úr 1.315.200 krónum á ári í 480.000 krónur
- Afnáam heimildar til að velja á milli frítekjumarks og þess að telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar
- Lífeyrissjóðstekjur skerða grunnlífeyri
- Aldurstengd örorkuþpót skerðist vegna tekna með sama hætti og örorkulífeyrir, þ.e. með sama frítekjumarki, sama skerðingarhlutfalli og vegna sömu tekna.
- Skerðingarhlutfall tekjutryggingar hækkar úr 38,35% í 45%. Breytingin er tíma-bundin og gildir til 31. desember 2013.
- Sett á sérstakt 10.000 króna frítekjumark á mánuði vegna lífeyrissjóðstekna ellilífeyrisþega við útreikning tekjutryggingar.

Endurskoðun almannatrygginga

Verkefnisstjórn um endurskoðun almannatrygginga (VEA) sem hefur verið starfandi á vegum félags- og tryggingamálaráðherra undir stjórn Stefáns Ólafssonar lagði fram drög að skýrslu sinni í sumar. Áhersla er í tillögum VEA á að einfalda almannatryggingakerfið og auka skilvirkni og gagnsæi auk þess sem lagt er til að auka notkun frítekjumarka til þess að hvetja m.a. til atvinnuþátttöku og auka framkvæmdavirkni í kerfinu þannig að dragi úr of- og vangreiðslum. Lögð er áhersla á það í tillögunum að hækka þurfi frítekjumark vegna lífeyrissjóðstekna og stefna skuli að því þegar þjóðarhagur vænkast að það verði 60 þúsund krónur að núvirði. VEA leggur í skýrslunni fram nokkrar útfærslur á breytingum sem ganga mislangt í kjarabótum til lífeyrisþega og gert er ráð fyrir að hægt væri að fara nú þegar í endurskoðun og einföldun á kerfinu án þess að heildarkostnaður ríkisins muni aukast. Alþýðusambandið tók í umsögn sinni undir mikilvægi þess að einfalda kerfið og auka gagnsæi, en leggur jafnframt mikla áherslu á að samspil almannatryggingakerfisins og almenna lífeyriskerfisins á vinnumarkaðinum sé hnökralaust og skilvirkt. Allur meginþorri þeirra sjóðfélaga sem í dag fá lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum fá greiðslur undir 60 þúsund krónum á mánuði og núverandi samspil almannatrygginga og lífeyrissjóðstekna veldur því að þeir einstaklingar sem hafa undir ríflega 60 þúsund krónum úr lífeyrissjóðum á mánuði njóta einskis ábata í auknum ráðstöfunartekjum af lífeyrissparnaði sínum. Þetta er óviðunandi og dregur verulega úr hvata til þess að greiða inn í skyldusparnaðarkerfið. Hér er um tímabundinn vanda að ræða sem leysist þegar lífeyrissjóðakerfið verður fullburða og meðalgreiðslur hækka en þangað til þarf að brúa bilið þannig að lífeyrisþegar njóti ávinnings af þeim greiðslum sem þeir hljóta úr lífeyrissjóðunum. Sömuleiðis er nauðsynlegt leiðrétta þá mismunun sem í dag er varðandi meðhöndlun almannatrygginga á tekjum úr mismunandi sparnaðarformum, þ.e. séreignarsparnaði, skyldusparnaði frá lífeyrissjóðunum og almennum sparnaði.

Frá árinu 2005 hefur verið starfandi nefnd á vegum forsætisráðuneytisins sem falið var það hlutverk að leggja fram tillögur að breyttu örorkumatskerfi og er sú nefnd enn að störfum. Í skýrslu VEA er tæpt á hugmyndum að breytingum á örorku og endurhæfingarmálum og hefur Alþýðusambandið í því samhengi lagt áherslu á að sú vinna fari fram í

fullu samráði við aðila vinnumarkaðarins og í samræmi þá vinnu sem unnin hefur verið við uppbyggingu Starfsendurhæfingarsjóðs og ráðgjafa sjúkrasjóða stéttarfélagi.

Velferðarnefnd ASÍ

Velferðarnefndin tók virkan þátt í undirbúningi aukaársfunda ASÍ í mars 2009. Aukaársfundurinn bar yfirskriftina *HAGUR – VINNA – VELFERÐ* og kom velferðarnefndin að undirbúningi velferðahluta fundarins ásamt jafnréttis- og fjölskyldunefnd ASÍ. Nefndirnar voru sammála um eftirfarandi sýn á velferðarmálin sem birtist í samþykktum aukaársfundarins:

„Verkalýðshreyfingin hefur lagt áherslu á að byggja upp velferðarkerfi að norrænni fyrirmynd, þar sem samfélagið og stofnanir þess bera hita og þunga af velferðarkerfi, sem tryggir öllum góða grunnenntun, hellbrigðisþjónustu og mannsæmandi afkomu. Reynslan sýnir að norræn samfélög sem byggja á velferðarhugsjón verkalýðshreyfingarnar hafa skapað íbúum sínum mesta almenna velferð og bestu lífsgæði meðal þjóða heims.

Alþýðusamband Íslands hefur í starfi sínu á undanförunum árum lagt mikla áherslu á að treysta stöðir velferðarkerfisins. Þó að margt hafi áunnist er ljóst að enn skortir á að velferðarkerfið tryggi öllum þau lífsgæði sem við gerum kröfur til. Í þeim efnahagsþrengingum sem þjóðin stendur frammi fyrir er mikilvægt að fram fari opin ská og hreinskiptin umræða um breytta forgangsröðun verkefna og viðfangsefna í velferðarkerfinu. Alþýðusambandið er reiðubúið til að taka þátt í þeirri umræðu. Jafnframt gera samtökin kröfu til þess að horft verði til lengri tíma í uppbyggingu kerfisins. Þar getur þátttaka okkar og stuðningur af stefnumótun á sviði félags- og velferðarmála innan ESB skipt sköpum.“

Formaður nefndarinnar, Sigurrós Kristinsdóttir tók sæti í stýrihópi Velferðarvaktar ríkisstjórnarinnar sem ætlað er að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu með markvissum hætti og gera tillögur um aðgerðir í þágu heimilanna. Hlutverk stýrihópsins er að stýra velferðarvaktinni og samhæfa upplýsingaöflun og tillögugerð.

Starfsmaður velferðarnefndar tók sæti í vinnuhópi Velferðarvaktarinnar um fjármál heimilanna. Vinnuhópurinn hefur fyrst og fremst vakt að ástandið og þróunina varðandi greiðsluvanda heimilanna, fylgst með þeim úrræðum sem sett hafa verið af stað til að aðstoða heimili í greiðsluvanda og reynt að meta hvernig þau úrræði nýtast heimilunum til að endurskipuleggja fjármál sín. Einnig hefur hópurinn leitast við að meta hvar mesti vandi heimilanna liggur í dag og benda á þann vanda sem hann telur nú brýnast að koma til móts við með frekari úrræðum eða aðgerðum stjórnvalda og/eða fjármálafyrirtækja.

Starfsmaður velferðarnefndar tók einnig sæti í vinnuhópi Velferðarnefndarinnar um félagssviða sem eiga að greina velferð, félagslegar aðstæður og heilsufar íbúa í landinu í ljósi þjóðfélagsaðstæðna og fyrirkomulags þjónustu og gera samanburð mögulegan milli ólíkra tímabila og sveitarfélaga. Félagsvísunum er ætlað að styðja við stefnumótun stjórnvalda og þróun þjónustu til framtíðar með hliðsjón af upplýsingum sem þeir veita.



Félags- og vinnumarkaðsmál

Alþýðusambandið og skrifstofa þess vinna árlega að fjölda verkefna er tengjast vinnumarkaðs- og félagsmálum. Með aðild sinni að stjórnum Vinnuálastofnunar, Atvinnuleysistryggingasjóðs, Ábyrgðasjóðs launa, Vinnueftirlitsins, Jafnréttisráði og Starfsmenntaráði, auk fjölmargra nefnda á sviði félags- og vinnumarkaðsmála, taka fulltrúar ASÍ virkan þátt í að móta og framkvæma stefnu stjórnvalda á þessu sviði.

Vinnumarkaðurinn dró á tímabilinu dóm af þeim mikla samdrætti sem varð í efnahagslífinu og á vinnumarkaði á tímabilinu. Áhrif þessa ástands komu fram á flestum sviðum atvinnulífsins og bar þar hæst mikill samdráttur í atvinnu og tekjum með hratt vaxandi atvinnuleysi. Gagnvart stofnunum vinnumarkaðarins birtist þessi erfiða staða með gleggstum hætti í miklum og vaxandi útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs og Ábyrgðasjóðs launa og alvarlegri fjárhagsstöðu þessara sjóða. Þá ber sérstaklega að nefna mikið álag á Vinnuálastofnun og starfsfólk þess.

Segja má að starf ASÍ að þessum málaflokki hafa mjög mótast af framangreindum aðstæðum. Þó er starfið að jafnréttismálum ánægjuleg undantekning frá því.

Vinnumarkaðsnefnd ASÍ hefur komið með virkum hætti að umfjöllun og stefnumótun um flesta þá þætti sem eru til umræðu á þessu málefnasviði, ef undan eru skilin jafnréttis- og fjölskyldumálin.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir nokkrum málaflokkum sem voru til umræðu og unnið var að á vettvangi ASÍ á tímabilinu.

Jafnréttis- og fjölskyldumál

Á þeim erfiðu tímum sem þjóðin gengur nú í gegnum er mikilvægara en ella að standa vörð um mannréttindi, þar með talið jafnrétti kynjanna. Samþykkt stefna í jafnrétti kven-

na og karla frá árinu 2005 hefur líkt og fyrri ár verið vegvísir í jafnréttisáherslum ASÍ. Markvisst hefur verið fylgt eftir í framkvæmd bókun um jafnréttisáherslur sem samþykkt var í kjarasamningi ASÍ og SA í febrúar 2008. Vinna við að þróa ferli vegna vottunar á framkvæmd jafnréttisstefnu fyrirtækja og stofnana miðar vel áfram og rannsóknir á launamyndun kvenna og karla hafa verið framkvæmdar í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir.

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd

Nefndinni er ætlað að hafa frumkvæði að stefnumótun og aðgerðum á sviði jafnréttis- og fjölskyldumála og að vera vettvangur fyrir upplýsingar til aðildarfélaga ASÍ. Nefndin hefur einnig verið bakland fyrir fulltrúa ASÍ í ýmsum opinberum nefndum, s.s. jafnréttisráði og jafnlaunaneftnd. Jafnréttis- og fjölskyldunefnd kom saman sjö sinnum frá síðasta ársfundi. Þrjú fundir voru haldnir sameiginlega með Velferðarneftnd ASÍ vegna undirbúnings aukaársfundar sambandsins í mars 2009.

Kynjabókhald ASÍ

Kynjabókhald ASÍ var lagt fram á ársfundi 2008 og sett fram með svipuðu sniði og undanfarin ár til að auðvelda samanburð á milli ára. Þetta er þriðja skýrslan um stöðu kvenna og karla í stjórnum, ráðum og nefndum á vegum aðildarfélaga Alþýðusambandsins.

Kynjaskipting félagsmanna einstakra landsambanda er misjöfn, t.d. eru karlar áberandi fleiri í RSÍ, Samiðn og SSÍ, eða frá 89%-98% af heildarfjölda. Jöfnust er kynjaskiptingin hjá SGS, en þar eru konur 52% félagsmanna og hjá LÍV eru konur 61% félagsmanna. Félög með beina aðild að ASÍ eru einnig mjög kynjaskipt, þó svo að það komi ekki fram í kynjabókhaldinu. Því er nauðsynlegt að horfa vel á bak við tölurnar, láta ekki meðaltalið blekkja sig.

Í stefnu ASÍ um ungt fólk, samfélagið og verkalýðshreyfinguna sem samþykkt var á ársfundi 2008 er lögð áhersla á að efla þekkingu ungs fólks á starfsemi stéttarféлага og gera það meðvitaðra um réttindi sín. Að ungt fólk sjái sér hag í því að eiga aðild að stéttarfélagi og vilji gerast virkir þátttakendur og áhrifavaldar um eigin hagsmuni. Til þess að svo megi verða þarf sú verkalýðshreyfing, sem býður ungt fólk velkomu í sínar raðir, að endurspeglar möguleika beggja kynja til þátttöku og áhrifa. Í viðhorfskönnun sem gerð var fyrir ASÍ sumarið 2008 meðal ungs fólks komu fram skýr skilaboð um að ungt fólk telji að jafnréttismál eigi að vera ofarlega á baugi hjá verkalýðshreyfingunni.

Lagalegt jafnrétti fæst með lögum en raunverulegt jafnrétti verður ekki til nema með viðhorfsbreytingu. Breytingar fela í sér tækifæri til úrbóta. Því er mikilvægt að gera kynsjónarmiðið eitt af leiðarljósunum við mótun atvinnustefnu framtíðarinnar.

„Jafnréttisstaðall“ - Vottunarferli launajafnréttis

Í bókun um jafnréttisáherslur sem fylgdi kjarasamningum ASÍ og SA frá febrúar 2008 er m.a. lögð áhersla á að aðilar þróa vottunarferli til að votta framkvæmd stefnu um launajafnrétti og starfsþróun. Í nýjum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (10/2008) er ákvæði til bráðabirgða (IV) þar sem fram kemur að þróað verði *...sérstakt vottunarkerfi á framkvæmd stefnu um launajafnrétti og framkvæmd stefnu um jafnrétti við ráðningar og uppsagnir.*

Eitt af síðustu verkum Grétars Þorsteinssonar forseta ASÍ á ársfundi sambandsins 24.

október 2008 var að undirrita erindi ASÍ, SA og félags- og tryggingamálaráðherra þar sem farið er á leit við Staðlaráð Íslands að það hafi umsjón með gerð staðals um framkvæmd stefnu um launajafnrétti og jafna möguleika kynjanna til starfa og starfsþróunar sem nýst gæti sem undirstaða vottunar. Þess má geta að 24. október er dagur Sameinuðu þjóðanna sem hér er í minnum hafður fyrir kvennafrídaginn á sínum tíma.

Tækninefnd Staðlaráðs hélt sinn fyrsta fund í nóvember sl., en í henni sitja fulltrúar ofangreindra aðila auk annarra sem boðið var til starfa í samræmi við vinnureglur Staðlaráðs. Það er metnaðarfullt verkefni að ráðast í gerð staðals um launajafnrétti. Ekki er kunnugt um að slíkur staðall hafi verið gerður annar staðar. Staðallinn verður að byggja á meginreglu jafnréttislaga um að greitt skuli konum og körlum jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf.

Tækninefndin fundar reglulega til að móta grunnhugmyndafræði staðalsins. Vinnuhópur skipaður fulltrúum ASÍ, SA og ríkisins hefur unnið áfram með hugmyndir og tillögur tækninefndar og skrifað kröfur og reglur að jafnlaunastaðli. Þar sem þetta er í fyrsta skipti sem slíkur staðall er unnin er verkefnið lærdómsferli fyrir alla sem koma að þróun staðalsins.

Jafnlaunastaðallinn þarf að vera þannig úr garði gerður að hann vikki út hefðbundna eða úrelta túlkun á réttinum til launajafnréttis og leiðbeini aðilum vinnumarkaðarins hvernig markmiðum jafnlaunaákvæðis jafnréttislaga verði náð. Stefnt er að því að ljúka vinnu við textagerð jafnlaunastaðals í árslok 2009.

Launakannanir

Í framhaldi af bókun um jafnréttisáherslur gerðu samningsaðilar, ASÍ og SA samning við ParX viðskiptaráðgjöf IBM um rannsókn á launamun kynja á grundvelli gagnasafns ParX um launagreiðslur 2008. Rannsóknin kom út í febrúar 2009. Rannsóknin byggir á upplýsingum úr launabókhalda 37 fyrirtækja og nær til rúmlega sex þúsund starfsmanna. Rannsakað var hvaða áhrif breytunnar kyn, starfsheiti, aldur, starfsaldur í fyrirtæki, menntun, vinnutími og fyrirtæki höfðu á föst laun án óreglulegra yfirvinnugreiðslna. Eftir að fyrrgreindar breytur höfðu verið teknar með í reikninginn stóð eftir að konur voru með rúmlega 7% lægri laun en karlar.

Samningur var gerður í september 2008 við Hagstofu Íslands um rannsókn á launamun kvenna og karla. Gera á frumskýrslu um ákjósanlegustu leiðir til þess að reikna launamun karla og kvenna á almennum vinnumarkaði á grundvelli þeirra gagna sem Hagstofan hefur tiltæk. Þrátt fyrir ítrekanir fulltrúa ASÍ í samstarfshópnum hefur Hagstofan ennþá ekki skilað niðurstöðum.

Fræðsla

Fræðsla og umræða um jafnréttismál, bæði til handa þeim sem eru kjörnir fulltrúar verkálýðshreyfingarinnar og til almennra félagsmanna er forsenda þess að efla vitund og skilning á mikilvægi samþættingu jafnréttissjónarmiða í allri ákvarðanatöku og starfsemi aðildarfélaga ASÍ. Boðið hefur verið upp á námskeið í jafnréttismálum og fjölmenningu í trúnaðarmannafræðslunni og almennu fræðsluframboði MFA.

Námsstefna - Hvað vilt'upp á dekk – enn og aftur?

Alþýðusambandið í samstarfi með MFA hefur líkt og sl. þrjú ár haldið námsstefnu sérstak-

lega ætlaða konum innan verkalýðshreyfingarinnar. Dagana 4. og 5. maí sl. komu konur víðs vegar af landinu saman til að fræðast, skiptast á skoðunum og styrkja tengslanetið.

Erindi flutti Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu en hún fjallaði um Evrópusambandið og áhrif þess á konur. Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM sagði frá hvernig samtökin beita aðferðarfræði kynjaðrar hagstjórnar í starfi sínu. Halla Gunnarsdóttir og Auður Alfífa Ketilsdóttir, blaðakonur fjölluðu um mátt „fjórða valdsins“ - fjölmiðla, völd og konur. Í upphafi var hópefli með Sigríði Arnardóttur, félags- og fjölmiðlafræðingi.

Í umræðum kom fram að konurnar töldu námsstefnu sem þessa forsendu þess að efla og styrkja konur inna hreyfingarinnar. Helstu niðurstöður voru að óskað var eftir frekari fræðslu og/eða umræðu meðal aðildarfélaga ASÍ um áhrif Evrópusambandsaðildar á konur.

Allar heimsins konur – Hugmyndamarkaður

Samstarfshópurinn Allar heimsins konur eru konur sem eiga það sameiginlegt að stuðla á einhvern hátt að því að styrkja stöðu kvenna af erlendum uppruna á Íslandi. Verkefnisstjórn er í höndum jafnréttisfulltrúa ASÍ.

Undanfarin ár hefur hópurinn komið að fjölbreyttum verkefnum sem nýtast konum af erlendum uppruna. Árið 2007 var kynnt aðferðarfræði Mentor er málið – félagsvinur, sem felst í að byggja upp stuðningsnet fyrir konur af erlendum uppruna við þarlandar konur. Verkefnið er vistað hjá Rauða krossi Íslands og unnið í náinni samvinnu við AHK. Verkefnið fékk verðlaun RKÍ árið 2008. Árið 2008 var haldin ráðstefna sem bar yfirskriftina *Hnattvæðing og nútíma fólksflutningar*. Þar var lögð áhersla á að raddir kvenna af erlendum uppruna á Íslandi heyrðust. Í mars 2009 stóð samstarfshópurinn að hugmyndamarkaði þar sem kynnt var sú þjónusta og verkefni sem verið er að vinna að til að auðvelda aðgang kvenna af erlendum uppruna og fjölskyldum þeirra að íslensku samfélagi. Fjölmarag stofnanir og samtök kynntu þjónustu sína og verkefni auk þess sem haldnar voru örkynningar á nokkrum verkefnum.

Jafnréttisþing

Í samræmi við lög um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr. 10/2008 var boðað til jafnréttisþings 16. janúar 2009. Á þinginu lagði félags- og tryggingamálaráðherra m.a. fram drög að framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum og tók fulltrúi ASÍ virkan þátt í undirbúningi og vinnu hennar. Á þinginu var fjallað um helstu svið jafnréttismála í fyrirlestur, pallborðsumræðum og málstofnum og tók forseti ASÍ, Gylfi Arnbjörnsson þátt í pallborðsumræðum á þinginu.

8. mars 2009 – alþjóðlegur baráttudagur kvenna

Líkt og fyrri ár kallaði ASÍ til samstarfs helstu samtök launafólks og stofnanir sem láta sig jafnrétti kvenna og karla varða til að taka þátt í opnum hádegisverðarfundum á alþjóðlegum baráttudegi kvenna.

Yfirskrift fundarins *Með jafnrétti að leiðarljósi – uppbygging í allra þágu* endurspegladi umræðuna í samfélaginu. Í framhaldi efnahagshrunsins í október 2008 var kraftmikil umræða meðal almennings um uppbyggingu samfélagsins. Alþjóðlegur baráttudagur

kvenna var nýttur til að beina sjónum að uppbyggingu samfélagsins í allra þágu- kvenna jafnt sem karla.

Þrjár konur héldu erindi, Silja Bára Ómarsdóttir, stjórnmaálafræðingur flutti hugleiðingu sem hún nefndi „*Jafnréttisávarpið – þótt fyrr hefði verið*“, Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir, formaður nefndar um áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna gerði grein fyrir störfum nefndarinnar og sagði frá helstu niðurstöðum Jafnréttisvaktarinnar. (Nefndin skilaði áfangaskýrslu í lok mars 2008). Að lokum fjallaði Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM um *Kynjaða hagstjórn*. Fundarstjóri var Þórveig Þormódsdóttir, formaður jafnréttisnefndar BSRB.

Fæðingar- og foreldraorlofslögin

Löggjöfin um fæðingar- og foreldraorlof og framkvæmd hennar er viðvarandi viðfangsefni á skrifstofu ASÍ.

Töluvert er um að leitað sé til Alpýðusambandsins með fyrirspurnir og ábendingar um efni laganna og framkvæmd þeirra. Vandamálin sem upp koma um þessar mundir tengjast mjög breyttu atvinnuástandi og samdrætti og áhrifum þessara þátta á töku og réttindi fólks til fæðingarorlofs.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar sem mynduð var 2007 var boðað að fæðingarorlofið yrði lengt á kjörtímabilinu. Breyttar aðstæður í efnahagslífinu hafa hins vegar þýtt að þessar fyrirætlanir eru ekki lengur á dagskrá, a.m.k. að sinni. Þess í stað hefur réttur til greiðslna í fæðingarorlofi verið skertur, nú síðast með því að þak á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði var lækkað

Því ber að fagna og verður stefnan sett á 12 mánaða fæðingarorlof. Jafnframt er mikilvægt að tækifæri verði notað til að gera lagfæringar á lögunum í samræmi við það sem hér hefur verið nefnt. Jafnframt er mikilvægt að samhliða lengingu fæðingarorlofsins þarf að tryggja að sveitarfélög komi betur til móts við foreldra ungra barna með því að efla leikskólástigið og lækka aldursmörk vegna þeirra barna sem þjónustan nær til.

Málefni lífeyrissjóða

Málefni lífeyrissjóða hafa verið í brennidepli frá bankahruninu sl. haust og umfjöllun um starfsemi og starfshætti sjóðanna verið mikil bæði í opinberri umræðu og á vettvangi hreyfingarinnar. Sjóðirnir urðu fyrir miklum áföllum í kjölfar bankahrunsins og þurftu margir hverjir að skerða réttindi sjóðfélaga í kjölfarið. Samkvæmt skýrslu Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða fyrir árið 2008 var raunávöxtun sjóðanna neikvæð um ríflega fimmtung í fyrra samanborið við 0,5% á árinu 2007. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár hefur verið 2,5% og meðaltal sl. 10 ára 3%. Heildareignir lífeyrissjóðanna lækkuðu úr um 1.700 milljörðum í árslok 2007 í tæplega 1.600 milljarða króna í árslok 2008, sem er raunlækkun um 19%. Þrátt fyrir efnahagshrun hér á landi og slæma útkomu í fyrra er ávöxtun íslensku sjóðanna að jafnaði ekki verri en gengur og gerist í öðrum OECD löndum þar sem raunávöxtun lífeyrissjóða var neikvæð um 23% á fyrstu tíu mánuðum ársins 2008, raunávöxtun bandarískra lífeyrissjóða var neikvæð um 26% og írskra sjóða neikvæð um 33%.

Í nóvember tilkynnti ríkisstjórnin að umdeildum lögum um eftirlaun æðstu ráðamanna yrði breytt í *því skyni að koma á meira samræmi í lífeyrismálum ráðamanna og*

almennings, eins og segir í frumvarpi sem lagt var fyrir og samþykkt á Alþingi í desember. Alþýðusamband Íslands og BSRB sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu og birtu auglýsingu í dagblöðum þann 19. desember þar sem lýst var mikilli andstöðu við frumvarpið og hversu skammt það gengi í að afnema forréttindi ráðamanna í lífeyrismálum. Yfirlýsingin var svohljóðandi:

„Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja lýsa yfir algerri andstöðu við þær tillögur sem forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa sett fram um breytingar á eftirlaunum ráðamanna. Eftirlaunafrumvarpið olli miklu ósætti og djúpstæðri reiði meðal íslensku þjóðarinnar þegar það var sett fram árið 2003.

ASÍ og BSRB krefjast þess að Alþingi afnemi þegar forréttindi ráðherra, alþingismanna og æðstu embættismanna í lífeyrismálum og að sett verði lög um að þau verði þau sömu og hjá öðrum opinberum starfsmönnum.“

Í febrúar lagði fjármálaráðherra síðan fram frumvarp um afnám laga nr. 141/2003 um eftirlaun ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara sem samþykkt var á Alþingi og tók gildi í lok apríl. Ákvæði gömlu laganna halda hins vegar áfram gildi sínu gagnvart hæstaréttardómurum sem skipaðir voru fyrir 25. apríl 2009 og núverandi forseta Íslands. Alþýðusambandið sem mótmælt hefur eftirlaunalögunum harðlega og talið þau með öllu óeðlileg, fagnaði afnámi laganna í umsögn sinni til Alþingis.

Ljóst var strax sl. haust þegar bankarnir féllu og vegna þeirra atburða sem fylgdu í kjölfarið að lífeyrissjóðirnir hefðu tapað hluta eigna sinna sem hafa mundi þær afleiðingar að lífeyrisréttindi í sjóðum á almennum vinnumarkaði yrðu skert. Þetta á hins vegar ekki við um sjóði opinberra starfsmanna sem samkvæmt gildandi lögum fá fé úr ríkis- og sveitar sjóðum til þess að mæta tapi og standa undir óbreyttum réttindum. Þannig yrði launafólki á almennum vinnumarkaði gert að taka á sig tap allra lífeyrissjóða í landinu með tvöföldum þunga. Ársfundur ASÍ 2008 samþykkti í ljósi þessa ályktun um jöfnun og samræmingu lífeyrisréttinda og var þessi áhersla ítrekuð í stefnunni Hagur-vinna-velferð sem samþykkt var á auka-ársfundi ASÍ í mars. Þar var jafnframt mótuð sú stefna að vegna umræðu í samfélaginu um starfshætti lífeyrissjóðanna yrðu settar síðareglur um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna og fyrirmyndarreglur um almenna starfsemi sjóðanna á vettvangi ASÍ (sjá nánar kafla um samþykktir ársfundar 2008 og auka-ársfundar 2009).

Í kjölfar samþykktar á auka-ársfundi beindi miðstjórn ASÍ því til lífeyrisnefndar ASÍ og skipulags- og starfsháttarnefndar ASÍ í byrjun apríl að leggja fram tillögur að síðareglum um fjárfestingar sjóðanna og fyrirmyndareglur um daglega starfsemi þeirra, þ.m.t. starf skjör, gjafir, risnu og ferðalög. Lífeyrisnefnd lagði í framhaldinu fyrir miðstjórn tillögur að reglum um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar lífeyrissjóðanna sem samþykktar voru á fundi miðstjórnar þann 15. apríl sl. þar sem jafnframt var lögð áhersla á að fram færi áframhaldandi umræðna um innihald, tilgang og gildi slíkra reglna. Þá var lagt til að stofnuð yrði sérstök Síðanefnd lífeyrissjóða á vettvangi Landssambands lífeyrissjóða sem fái það hlutverka að móta reglurnar áfram og fjalla um álitamál sem upp kunna að koma. Miðstjórn beinir því jafnframt til íslenskra stjórnvalda að þau beiti sér fyrir kynningu og framgangi Vegvísar OECD fyrir fjölbjóðleg fyrirtæki (OECD Guidelines for Multinational Enterprises) sem eru víðtækar fyrirmyndarreglur um ábyrgan fyrirtækjarekstur fyrir öll fyrirtæki. Skipulags og- starfsháttarnefnd lagði jafnframt fyrir miðstjórn

tillögur um ákvæði um innri starfsemi lífeyrissjóða varðandi gjafir og ferðalög sem eru skýrar grunnreglur sem taka á nokkrum álitamálum og gert er ráð fyrir að innri endurskoðendur lífeyrissjóðanna fylgi eftir við frágang ársreikninga. Alþýðusambandið stóð í framhaldinu fyrir ráðstefnu m.a. fyrir stjórnarmenn hreyfingarinnar í lífeyrissjóðum þann 11. Júní sl. þar sem fjallað var um hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna lífeyrissjóða. Í september hélt ASÍ námskeið í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, fyrir fulltrúa hreyfingarinnar í stjórn lífeyrissjóða og lífeyrisnefndum félaga, um ábyrgð og árangur stjórnarmanna í lífeyrissjóðum. Tilgangurinn er að efla faglegt hæfi stjórnarmanna í lífeyrissjóðum og var þar m.a. farið yfir þætti á sviði lagalegra, rekstrarlegra, faglegra og siðferðislegra viðfangsefna.

Samþykkt miðstjórnar ASÍ frá 15. Apríl 2009 um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar og reglur um innri starfsemi lífeyrissjóðanna

Samfélagslega ábyrgar fjárfestingar lífeyrissjóðanna

Miðstjórn ASÍ beinir því til stjórnarmanna í lífeyrissjóðum að fram fari opin og lýðræðisleg umræða um samfélagslega ábyrgð í fjárfestingum sjóðanna. Slík umræða er mikilvægur hluti af því endurmati sem nú fer fram í samfélaginu. Miðstjórn leggur til að unnið verði út frá neðangreindum hugmyndum lífeyrisnefndar ASÍ að reglum um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar lífeyrissjóðanna en leggur jafnframt ríka áherslu á mikilvægi árfraamhaldandi upplýstrar umræðu um innihald, tilgang og gildi slíkra reglna. Lagt er til að stofnuð verði sérstök Siðanefnd lífeyrissjóðanna á vettvangi Landssambands lífeyrissjóða sem fái það hlutverka að móta reglurnar áfram og fjalla um álitamál sem upp kunna að koma. Miðstjórn beinir því jafnframt til íslenskra stjórnvalda að þau beiti sér fyrir kynningu og framgangi Vegvísis OECD fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki (OECD Guidelines for Multinational Enterprises) sem eru viðtækar fyrirmyndarreglur um ábyrgan fyrirtækjarekstur fyrir öll fyrirtæki.

Hugmyndir Lífeyrisnefndar ASÍ að reglum um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar lífeyrissjóðanna:

- Sjóðurinn tekur ekki þátt í fjárfestingum sem orka tvímælis út frá almennum siðferðisreglum.
- Sjóðurinn leggur ítarlegt mat á fjárfestingarkosti sína og kappkostar að fjárfesta í fyrirtækjum sem eru vel rekin og hafa jafnframt siðræn gildi að leiðarljósi. Í því felst m.a. að viðhafa góða stjórnunarhætti, sýna samfélagslega ábyrgð og ábyrgð í umhverfismálum.
- Sjóðurinn leggur áherslu á að þau fyrirtæki sem fjárfest er í starfi samkvæmt lögum og reglum, virði alþjóðlega sáttmála um mannréttindi, réttindi launafólks, barnavinnu og umhverfisvernd.
- Sjóðurinn leggur áherslu á að fyrirtæki sem fjárfest er í starfi innan ramma alþjóðlegra leiðbeinandi reglna, s.s reglna Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar og vegvísis OECD fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki um ábyrgan fyrirtækjarekstur.
- Sjóðurinn leggur heildstætt mat á stjórnun og starfsemi fyrirtækis út frá þáttum á borð við: framleiðsluvörur þess, framleiðsluferli, sambandi við viðskiptavinum, fyrirtækja-

menningu, eignarhald og hagsmuni eigenda. Meðal annars metur sjóðurinn hvort fyrirtæki komi beint eða óbeint að framleiðslu á vopnum sem notuð eru á þann hátt að það brýtur gegn grundvallar mannréttindum.

- Sjóðurinn byggir mat sitt á opinberum upplýsingum og upplýsingum sem fyrirtækið sjálft veitir. Mat er lagt á afstöðu stjórnar og ábyrgð fyrirtækis og stjórnun með hliðsjón af ofangreindum þáttum.
- Sjóðurinn fylgir eftir öllum fjárfestingum sínum og skal ekki eiga hlut í fyrirtækjum sem uppfylla ekki reglur sjóðsins um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar.
- Sjóðurinn tekur tillit til ákvarðana Siðanefndar lífeyrissjóðanna og fjárfestir ekki í fyrirtækjum sem nefndin leggst gegn að fjárfest sé í.
- Sjóðurinn skal í ársskýrslu sinni gera grein fyrir fjárfestingum sínum með sérstakri hliðsjón af stefnu í samfélagslega ábyrgum fjárfestingum.

Reglur um innri starfsemi lífeyrissjóðanna

Í umfjöllum um innri starfsemi lífeyrissjóðanna hefur verið rætt um hversu ítarlegar þær reglur eigi að vera sem ASÍ ætti að leggja til að settar yrðu, þar sem þau tilvik sem upp gætu komið eru mjög fjölbreytt og erfitt að setja reglur sem tækju á öllu. Miðstjórn telur mikilvægt að stjórnir lífeyrissjóðanna hafi alltaf góðar upplýsingar um stöðu mála og einstakar ákvarðanir auk. Jafnframt er mikilvægt að reglurnar endurspegli traust á starfsmönnum sjóðanna. Til að taka af allan vafa telur miðstjórn nauðsynlegt að leggja til nokkuð einfaldar og skýrar grunnreglur um nokkur álitamál. Mikilvægt er að þessum reglum verði fylgt eftir af innri endurskoðendum lífeyrissjóðanna þannig að við frágang ársreikninga liggi fyrir greinargerð og úttekt á öllum ferðum.

Tillögur Skipulags og starfsháttarnefndar ASÍ að ákvæðum um innri starfsemi lífeyrissjóðanna:

Starfs- og stjórnarmönnum lífeyrissjóðsins er óheimilt að þiggja eða sækjast eftir gjöfum eða fjármunum frá viðskiptavinum eða væntanlegum viðskiptamönnum sem á einn eða annan hátt tengjast starfi þeirra. Undanteknar eru jóla- og afmæliskeðjur, sem eru að fjárhagslegu verðmæti innan marka sem teljast algeng í slíkum tilvikum skv. nánari reglum stjórnar eða um er að ræða persónuleg tengsl sem ekki verða rakin til viðskipta við lífeyrissjóðinn.

Starfs- og stjórnarmönnum er óheimilt að þiggja boðsferðir af viðskiptavinum, innanlands sem utan, hvort sem um er að ræða skemmtiferðir, svo sem veiðiferðir og golfferðir, eða kynnisferðir vegna einstakra fyrirtækja eða viðskiptakosta. Undanteknar eru ferðir sem talið er að hafi upplýsingagildi fyrir lífeyrissjóðinn eða gera hann hæfari til að sinna hlutverki sínu. Í slíkum tilvikum skal metið af yfirmanni eða sjóðstjórn eftir atvikum hvort svo sé, enda greiði lífeyrissjóðurinn sjálfur kostnað við ferðina nema annað sé sérstaklega ákveðið og formleg heimild veitt til. Sjóðstjórn skal reglulega gerð grein fyrir öllum ferðum skv. framansögðu.

Stjórn lífeyrissjóðsins skal setja starfsemi hans og starfsmönnum almennar samskipta- og siðareglur.

Vinnuvernd

Skipulag vinnunnar og vinnuvernd hafa stöðugt mikilvægara hlutverki að gegna fyrir launafólk, velferð þess á vinnustað og heilsu almennt. Þá hafa áherslur á þessu sviði tekið miklum breytingum með aukinni þekkingu og breyttum aðstæðum á vinnu- markaði. Mikill árangur hefur náðst gagnvart mörgum þeirra úrlausnarefna sem tengjast grundvallarþáttum varðandi öryggi við vinnu og aðbúnað á vinnustöðum. Á undanfö- runum árum hefur athyglin í vaxandi mæli einnig beinst að öðrum þáttum vinnuverndar eins og ýmsum sálrænum og félagslegum þáttum tengdum vinnunni, skipulagi hennar og samskiptum á vinnustað. Áherslan hefur í vaxandi mæli beinst að því að efla innra vinnuverndarstarf í fyrirtækjum með því að styrkja innviði þessa starfs á vinnustöðunum og með upplýsingum og fræðslu.

Á ársfundi ASI 2005 var samþykkt ítarleg stefna Alþýðusambandsins varðandi velferð launafólks á vinnustað og í vinnunni undir heitinu „Lífið í vinnunni“: Þar er tekið á þeim málum sem mestu varða um stöðu og líðan launafólks í vinnunni. Þessi stefnumörkun hefur verið sú leiðsögn sem Alþýðusambandið hefur fylgt í málaflöknum síðan.

Vinnueftirlit ríkisins

Á vettvangi stjórnar Vinnueftirlitsins hófst vinna við stefnumótun fyrirstofnunina næstu árin. Ákveðið var að leggja m.a. til grundvallar því starfi, stefnumótun Evrópusam- bandsins í vinnuvernd til ársins 2013 og samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar nr. 187 frá árinu 2006 um að efla öryggi og heilbrigði við vinnu.

23. mars 2009 samþykkti stjórn Vinnueftirlitsins stefnu fyrir stofnunina 2009 – 2013. Þar eru í fyrsta sinn sett fram af hálfu stofnunarinnar mælanleg markmið fyrir vinnuverndarstarfið í landinu.

Í inngangi segir:

Vinnuvernd er mikilvægur samfélagslegur málaflakur. Þannig benda rannsóknir til þess að allt að 3 – 4 % landsframleiðslu vestrænna ríkja glatist vegna slysa og heilsu- tjóns við vinnu. Þetta svarar til 40 – 50 milljarða króna á ári hérlendis. Til mikils er því að vinna með öflugri vinnuverndarstarfi.

Dauðaslys við vinnu

Á árabílinu 2001 – 2005 létust 10 einstaklingar í vinnuslysum eða að jafnaði tveir á ári. Árin 2006 – 2008 hafa 14 látist í slíkum slysum eða nærri 5 á ári að jafnaði á ári. Á fyrra tímabilinu er tíðni slysanna 1,5 á hverja 100 þús. starfandi, en 2,9 á því síðara. Á fyrra tímabilinu lést enginn útlendingur en á því síðara 7. Mestur hluti þessara slysa hefur orðið við verklegar framkvæmdir.

Umfang vinnuslysa

Í Slysaþrá Íslands er haldið utan um slys sem koma til opinberrar skráningar hér á landi. Á árinu 2007 eru skráð 7.500 vinnuslys, en skráningin er þá talin hafa náð til um 85 % heilbrigðiskerfisins þar sem flest slysin eru skráð. Samkvæmt því má áætla að um 8.800 einstaklingar hafi orðið fyrir vinnuslysi sem hefur leitt til þess að þeir hafi þurft að leita til opinberra aðila á því ári eða sem svarar til tæplega 5.000 vinnuslysa á hverja 100 þús. starfandi.

Vinnuslysaskráning VER

Hjá VER eru skráð alvarlegri slys sem stofnunin rannsakar sem og slys sem vinnuveit- endum ber að tilkynna. Undanfarnir 3 ár hafa tilkynningar til VER verið sem hér segir:

2005: 1627 (1009 slys/100 þús. starfandi)

2006: 1709 (1008 slys/100 þús. starfandi)

2007: 1828 (1031 slys/100 þús. starfandi)

Atvinnusjúkdómar

Erlendar rannsóknir benda til þess að atvinnusjúkdómar og önnur heilsufarsáhrif sem tengjast aðstæðum á vinnustað kosti fleiri mannlíf og meira heilsutjón en vinnuslys. Atvinnusjúkdómaskráning er í reynd ekki til staðar á Íslandi og sérstakar tryggingar vegna þeirra eru ekki virkar. Af tölfræði og rannsóknum sem fyrir liggja má þó benda á eftirfarandi:

- 40,8 % örorkutilfella hjá körlum og 31,3 % örorkutilfella hjá konum hér á landi eru vegna geðsjúkdóma (m.v. 1. des. 2005). Sálfélaglegt vinnuumhverfi er talið meðal orsakabáta slíkra sjúkdóma.
- 17,3 % örorkutilfella hjá körlum og 35,1 % hjá konum eru á sama tíma vegna sjúkdóma í stoð- og hreyfikerfi. Áhrifaþættir í vinnuumhverfinu geta stuðlað að slíkum sjúkdómum og örorku.
- Erlendar rannsóknir benda til þess að á Vesturlöndum megi rekja allt að 5 % krabba-meinstilfella til áhrifa á vinnustöðum.
- Frá 1981 hafa alls verið skráð 41 tilfelli fleiðruþekjuæxlis (mesothelioma) hér á landi, en sterkt samband er milli þessa banvæna krabbameins og asbestmengunar.

Vinnuvernd í alþjóðlegu samhengi

Ísland á aðild að samningum um hið Evrópska efnahagssvæði (EES) og hefur skuldbundið sig til að innleiða og framfylgja löggjöf Evrópusambandsins á sviði vinnuverndar. Viðtækt samstarf er um þessi mál á EES svæðinu og á árinu 2008 samþykkti ESB nýja stefnu á sviði vinnuverndar.

Alþjóðavinnuálfingunin (ILO) sem starfar innan vébanda Sameinuðu þjóðanna hefur látið vinnuvernd til sín taka og gert fjölmargar formlegar samþykktir á því sviði. Á vinnuálfingunni 2007 var þannig gerð ný rammisamþykkt sem ætlað er að mynda umgerð um vinnuverndarstarfið í aðildarríkjunum. “

Um ætlunarverk Vinnueftirlitsins segir:

„Alþingi hefur með lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með síðari breytingum (vinnuverndarlögunum) markað vinnuverndarstarfi í landinu sem og starfi Vinnueftirlitsins meginstefnu. Á grundvelli laganna skilgreinir stjórn stofnunarinnar ætlunarverk hennar þannig:

„Að stuðla að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi sem jafnan sé í samræmi við félagslega framþróun og bestu þekkingu á hverjum tíma. Sérstök áhersla verði lögð á að efla markvisst vinnuverndarstarf á vinnustöðunum sjálfum.“

Síðan er í stefnunni fjallað um helstu markmið á tímabilinu. Í lokaorðum segir svo m.a.:

„Nú um stundir er við mikla efnahagserfiðleika að etja í okkar samfélagi og hlýtur það að setja mark sitt á vinnuverndarstarfið. Ekki má þó missa sjónar á því að líf og heilsa fólks er það dýrmætasta sem það á og því ber að gera það sem mögulegt er til að koma

í veg fyrir heilsutjón vegna aðstæðna á vinnustöðum. Einnig er mikilvægt að missa ekki sjónar á því að forvarnir skila hagnaði, slys og heilsutjón valda gríðarmiklum kostnaði sem koma má í veg fyrir og góð liðan starfsmanna stuðlar að bættum árangri fyrirtækja og stofnana.“

Tilkynning og skráning atvinnusjúkdóma

Eins og fram kom í síðustu skýrslu forseta var í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði 17. febrúar gerð sérstök bókun af hálfu ASÍ og SA um tilkynningu og skráningu atvinnusjúkdóma. Í framhaldi af bókuninni var félags- og tryggingamálaráðuneytinu sent erindi vorið 2008, þar sem óskað var eftir því við ráðuneytið, að þegar yrði hafin vinna með það að markmiði að setja reglur sem stuðluðu að bætri skráningu atvinnusjúkdóma.

Eftir að ASÍ hafði fylgt málinu ítrekað eftir við ráðuneytið barst Vinnueftirlitinu bréf þar sem óskað var eftir því að stofnunin í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins fjalli um málið og geri tillögur til félags- og tryggingamálaráðuneytisins um tilkynningu og skráningu atvinnusjúkdóma. Jafnframt kemur fram að ráðuneytið muni eiga samskipti við heilbrigðisráðuneytið um setningu reglugerðar um bótaskylda atvinnusjúkdóma, enda falli málið undir það ráðuneyti.

Af hálfu stjórnar Vinnueftirlitsins var settur upp starfshópur um þetta verkefni. Starfshópurinn hefur viðað að sér upplýsingum um fyrirkomulag þessarar mála á hinum Norðurlöndunum og fjallað um með hvaða hætti þessum málum verður best fyrir komið hér á landi. Í fyrri hluta september var ákveðið að skoða frekar þá leið sem Danir hafa hafið varðandi tilkynningu og skráningu atvinnusjúkdóma. Jafnframt liggur fyrir að leiðbeinandi listi ESB um atvinnusjúkdóma verður sá grunnur sem byggt verður á hér á landi.

Evrópsk vinnuverndarvika

Vinnuverndarvika Evrópsku vinnuverndarstofnunarinnar árið 2009 verður 19.-23. október nk. Hún mun fjalla um áhættumat eins og vinnuverndarvikann árið 2008. Í vinnuverndaráttakinu verður sjónum beint að mikilvægi þess að gert sé áhættumat fyrir alla vinnustaði. Enginn vinnustaður er í raun undanskilinn. Áhættumatið á að styrkja vinnuverndarstarfið innan fyrirtækjanna með skýrri ábyrgð og virkni atvinnurekenda, stjórnenda og kerfisbundinni þátttöku starfsmannanna sjálfra með hjálp öryggisráðgjafarmanna og öryggisvarða.

Fulltrúar ASÍ hafa tekið virkan þátt í undirbúningi vikunnar og munu fylgja því eftir þegar hún verður haldin seinni hluta október.

Starfsemi Vinnumálastofnunar

Mikið álag hefur verið á Vinnumálastofnun eftir hrunið í október á síðasta ári með samdrætti og mikilli aukningu atvinnuleysis á örskömmum tíma. Þannig er ljóst að stofnunin var engan veginn búin undir að þjóna hátt í 18 þúsund einstaklingum í atvinnuleit og með greiðslu atvinnuleysisbóta eins og var sl. vor.

Vinnumálastofnun hefur staðið sig vel í að tryggja útborgun atvinnuleysisbóta við erfiðar aðstæður. Stofnunin gerði þetta að forgangsverkefni í starfi sínu í framhaldi af hruninu. Það var rétt forgangsröðun. Aukin áhersla hefur jafnframt verið lögð á úttektir

og greiningarvinnu vegna atvinnuástandsins og birtingarmynda - atvinnuleysisins. Hér þarf að gera enn betur enda ljóst að góð þekking á stöðu þessara mála og greining á hópi þeirra sem eru án atvinnu á hverjum tíma er mikilvæg forsenda frekari stefnumótunar og markvissra úrræða.

Áréttað skal að það riður á að tryggt verði sem best samstarf þeirra aðila sem lagt geta fram þekkingu, krafta og úrræði sem nýtast atvinnulausum, bæði í atvinnuleit og til að bæta stöðu þeirra meðan á atvinnuleysi stendur. Ljóst er að stéttarfélögin og stofnanir þeim tengdar, þ.m.t. fræðslustofnanir atvinnulífsins geta og eiga að gegna lykilhlutverki í því sambandi. Af hálfu verkalyðshreyfingarinnar er fullur vilji til að eiga mikið og víðtækt samstarf við Vinnumálastofnun varðandi málefni atvinnulausra. Ekki er ástæða til að ætla annað en að það gildi líka um Samtök atvinnulífsins.

Í annan stað þarf að tryggja nauðsynlega fjármuni til vinnumarkaðsúrræða og móta skýra stefnu um það hvernig þeir verði nýttir.

Í þriðja lagi er mikilvægt að skilgreina varnarlínurnar varðandi velferðarkerfið á vinnumarkaði.

Í fjórða lagi er nauðsynlegt að leysa úr þeim álitamálum sem komið hafa upp varðandi samspil framfærslu á grundvelli atvinnuleysistrygginga og Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Í fimmta lagi er mikilvægt að hafa í frammi aðgerðir til að koma eins og kostur er í veg fyrir og taka á bótasvikum sem upp koma.

Í ljósi þess sem að framan segir hefur ASÍ sett fram fjölmargar ábendingar og tillögur um hvernig efla megi starf Vinnumálastofnunar og bæta þjónustu við atvinnuleitendur. Eftirfarandi má m.a. nefna í því sambandi:

Mikilvæg forsenda þess að úrræði og aðgerðir gegn atvinnuleysi séu sem markvissastar og skili tilætluðum árangri er að til sé góð greining á því hvernig hópur atvinnulausra er saman settur og hverjar aðstæður hans eru. Þegar liggur fyrir nokkuð góð greining á hópnunum sem unnin er jafnóðum upp úr atvinnuleysisbótagrunninum. Þá hefur verið lögð nokkur vinna í að greina sérstaklega hópinn út frá langtímaatvinnuleysi sem nú fer ört vaxandi.

Nauðsynlegt er að halda áfram og styrkja og dýpka enn frekar þessa greiningarvinnu. Samhliða er mikilvægt að efla enn frekar þennan þátt í starfi Vinnumálastofnunar. Hér má sem dæmi nefna að auka þarf þekkingu á félagslegum og fjárhagslegum aðstæðum atvinnulausra, fjölskylduaðstæðum og högum þeirra almennt. Þá er mikilvægt að leita viðhorfa atvinnulausra og væntinga til þjónustu Vinnumálastofnunar og þeirra aðgerða og úrræða sem í boði eru eða ætti að bjóða. Þetta má gera með spurningakönnunum sem byggja á úrtaki þeirra sem eru á atvinnuleysissskrá. Þá er mikilvægt að dýpka frekar þekkingu á stöðu langtímaatvinnulausra og félagslegum og sálrænum afleiðingum langtímaatvinnuleysis.

Vinnumálastofnun á að veita atvinnulausum margháttada aðstoð og þjónustu og býður upp á fjölmörg úrræði. Samhliða hafa stéttarfélögin og stofnanir þeirra einnig byggt upp mikið stuðningsnet fyrir atvinnulausa, bæði í formi ráðgjafar og aðstoðar og stuðnings af ýmsu tagi (s.s. úr sjúkrasjóðum stéttarfélaganna, ýmis tilboð varðandi heilsuefingu og virkni og námsstyrki), auk fjölbreyttra tilboða á fræðslu og menntun í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, fræðslustofnanir aðila vinnumarkaðarins og símenntamiðstöð-

var. Þá er einnig mikilvægt að hafa í huga að stéttarfélögin og starfsemi þeirra eru og geta verið mikilvægur félagslegur bakhjarl og stuðningur við atvinnulausa. Upplýsingar sýna að meðan aðild að stéttarfélögum hér á landi er almennt yfir 80% er stéttarfélagsaðild meðal atvinnulausra um 50%.

Það hlýtur að vera sameiginlegt úrlausnarefni Vinnumálastofnunar og stéttarfélaganna að stilla saman strengina og tryggja eins og kostur er að atvinnulausir fái sem bestar upplýsingar um þá aðstoð og úrræði sem í boði eru hverju sinni, hvar á landinu sem þeir búa, og að þeir séu jafnframt hvattir og aðstoðaðir við að nýta það sem er í boði. Nokkuð hefur skort á að þau tækifæri sem eru til samstarfs á þessu sviði hafi verið nýtt með nægilega markvissum hætti.

Í ljósi framanritaðs hefur ASÍ ítrekað lagt til að tekið verið upp formlegt samstarf með Vinnumálastofnun og stéttarfélagunum um kynningu á þeirri þjónustu og úrræðum sem atvinnulausum standa til boða. Jafnframt hefur ASÍ bent á hvernig mætti útfæra slíkt samstarf.

Mikilvægt er að fara yfir stöðu mála varðandi virkar vinnumarkaðsaðgerðir, úrræði fyrir atvinnulausa og skerpa á stefnumótun og framkvæmd í þeim efnum. Ýmislegt hefur verið vel gert í þessum efnum. Þar má nefna úrræði af ýmsu tagi í tengslum við reglugerðir sem gefnar voru út í byrjun árs, s.s. starfsþjálfunarsamninga og reynsluráðningar, nýsköpunar- og frumkvöðlastarfsemi, sjálfboðaliðasamninga og átaksverkefni og gerð námssamninga. Þá má nefna úrræði sem Vinnumálastofnun býður upp á og starf á vettvangi símenntunarmiðstöðva/fræðslustofnana atvinnulífsins undir hatti Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem miðar að því að efla náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og framboð á einingabærum námsleiðum fyrir fólk með litla formlega menntun. Hins vegar er ljóst að hér þarf að gera mikið betur. Það gildir bæði um fjölda þeirra sem njóta úrræða og eðli og úrval úrræðna.

Það sem helst einkennir þau úrræði sem boðið er upp á og hvernig þau eru sótt er annars vegar að framboð er mjög mismunandi eftir landssvæðum og hins vegar er kerfið ennþá þannig að það þjónar fyrst og fremst þeim sem hjálpa sér sjálfir og bera sig eftir því sem í boði er. Í ljósi framanritaðs er mikilvægt að taka næstu skref og þróa úrræðin og aðgengi að þeim frekar. ASÍ hefur sett fram fjölmargar tillögur um það hvernig megi standa að þeirri vinnu. Þar er lögð áhersla á betri kynningu, formlegra samstarf Vinnumálastofnunar og Símenntunarmiðstöðva og að auka áherslu í starfi Vinnumálastofnunar á að bjóða úrræði og hvetja „veikari“ hópa á vinnumarkaði til virkni. Loks er bent á mikilvægi þess að efla og koma á formlegu samstarfi Vinnumálastofnunar og Starfsendurhæfingarsjóðs um ráðgjöf og aðstoð við fólk með skerta starfsorku og möguleika, s.s. vegna langtímaatvinnuleysis.

Ljóst er að það er síðan sameiginlegt verkefni allra þeirra aðila sem málið varðar, að þróa áfram virkar vinnumarkaðsaðgerðir og þau úrræði sem í boði verða næstu misseri og ár. Þar er mikilvægt að draga með kerfisbundnum hætti lærdóm af því sem gert er hér á landi, en jafnframt að sækja í þekkingu og reynslu nágrannalandanna í þessum efnum.

Fyrir margt fólk á vinnumarkaði sem missir atvinnuna er nám sem sótt er í formlega skólakerfið, besta úrræðið. Til að þetta verði raunverulegt úrræði þarf að huga að nokkrum þáttum. Þá þarf að huga að því hvar eðlilegt er að fólk í námi hafi framfærslu sína. Breytingar sem kynntar voru í byrjun september á námslánakerfinu um hækkun á fram-

færslu og breytingar á tekjuviðmiði mæta í nokkru þeim vanda sem við blasir og eru þær í anda þess sem ASÍ lagði til strax á árinu 2008.

Nokkur umræða hefur orðið um misnotkun á atvinnuleysistryggingakerfinu síðustu vikur og mánuði og aukningu á svartri atvinnustarfsemi. Mikilvægt er að bregðast við þessu af festu og framsýni enda getur slík umræða veikt velferðarkerfið á vinnumarkaði og þannig haft alvarlegar afleiðingar. Nauðsynlegt er efla með kerfisbundnum hætti innra eftirlit Vinnuálastofnunar með mögulegri misnotkun á atvinnuleysisbótum og lagaheimildir til að samkeyra upplýsingar með öðrum opinberum gögnum. Ýmislegt hefur þegar verið gert í þessum efnum.

Af hálfu stéttarfélaganna og samtaka atvinnulífsins er nú verið að hrinda í framkvæmd samkomulagi um vinnustaðaskilríki og öflugt vinnustaðaeftirlit til að koma í veg fyrir ólöglega starfsemi, bæði með erlent og innlent launafólk, réttindabrot, gerviverktöku og svartri atvinnustarfsemi. Til að byrja með er áhersla lögð á byggingariðnaðinn og mannvirkjagerð, en síðan er gert ráð fyrir að útvíkka starfsemina yfir í veitinga- og gisti-húsageirann og svo áfram.

Eitt af því sem rætt hefur verið um allt frá því að núgildandi lög um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir voru í undirbúningi er að koma á markaðstorgi fyrir fyrirtæki og atvinnuleitendur með því að koma hér á fót öflugri opinberri rafrænni vinnumiðlun. Í því sambandi var sérstaklega horft til uppbyggingar rafrænnar vinnumiðlunar í Hollandi sem er um margt til eftirbreytni. Slíkt markaðstorg ætti ef vel tekst til að geta tekið við umtalsverðum hluta vinnumiðlunar í landinu. Þannig gæfist Vinnuálastofnun betra tóm til að einbeita kröftum sínum að þeim hópum sem mesta aðstoð þurfa.

Málefni Atvinnuleysistryggingasjóðs

Við þær aðstæður sem nú eru á vinnumarkaði hafa málefni atvinnuleysistryggingasjóðs mjög verið til umfjöllunar á vettvangi Alþýðusambandsins. Það gildir hvoru tveggja um ýmsar umbætur og breytingar sem gerðar hafa verið á reglum sjóðsins til að mæta auknu atvinnuleysi og bæta stöðu atvinnulausra og síðan áhyggjur sem uppi eru vegna verðandi fjárhags sjóðsins og stöðu hans til framtíðar.

Breytingar á lögnum og reglugerðir um vinnumarkaðsúrræði

Strax í kjölfar efnahagshrunsins í október á síðasta ári og mikill aukningar á atvinnuleysi hvatti Alþýðusambandið til þess að strax yrði brugðist við með því að skoða hvernig mætti mæta þessum aðstæðum. Af hálfu ASÍ voru sett fram tvönnar konar markmið. Annars vegar að reyna eins og kostur væri að koma í veg fyrir að fyrirtæki þyrftu að segja upp starfsmönnum sínum og tryggja þannig að sem flestir hefðu áfram störf og tengsl við vinnumarkaðinn. Hins vegar að tryggja eins og kostur væri að þeir einstaklingar sem misstu vinnuna hefðu sem flestir tækifæri til að halda sér virkum í gegnum nám eða önnur vinnumarkaðsúrræði.

Hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli

Samtök atvinnulífsins beindu því til sinna aðildarfyrirtækja í framhaldi af þrengingunum á vinnumarkaði sem hófust í október að bregðast við tímabundnum samdrætti í starfsemi með því að bjóða starfsmönnum sínum skert starfshlutfall frekar en að þurfa að segja upp hluta þeirra. Alþýðusambandið tók undir það sjónarmið að tímabundin sk-

erðing starfshlutfalls væri mun betri kostur en uppsögn neyddist fyrirtæki til að draga saman seglin um einhvern tíma. Um leið lagði ASÍ áherslu á að fyrirtæki virtu kjarasamninga og lög í þessum efnum. Jafnframt gerði ASÍ kröfur til þess að stuðningskerfi á vinnumarkaði, einkum hvað varðar atvinnuleysisstryggingar og ábyrgð á launum við gjaldþrot, byggji yfir nauðsynlegum sveigjanleika þannig að það vinni með en ekki gegn slíkum ráðstöfunum.

Í framhaldi af sameiginlegri vinnu félags- og tryggingamálaráðuneytisins, ASÍ og SA voru gerðar breytingar á lögum um atvinnuleysisstryggingar og Ábyrgðasjóð launa sem ætlað er að koma til móts við breyttar aðstæður á vinnumarkaði og þá áherslu sem lögð hefur verið á mikilvægi þess að sem flestir geti verið virkir þátttakendur á vinnumarkaði að einhverju leyti, sjálfum sér og samfélaginu til hagsbóta. Á sama tíma og þessar breytingar eru til þess fallnar að draga úr aukningu á atvinnuleysi þá er þeim jafnframt ætlað að koma betur til móts við aðstæður launafólks sem þarf að taka á sig kjaraskerðingu í formi minnkaðs starfshlutfalls vegna tímabundins rekstrarvanda fyrirtækis þess er það starfar hjá. Breytingarnar tóku gildi í desember 2008. Um er að ræða bráðabirgðaákvæði sem upphaflega giltu til 1. maí 2009, en voru síðan framlengd til ársloka 2009. Helstu efnisatriði eru eftirfarandi:

Vilji fyrirtæki bjóða starfsmönnum tímabundið skert starfshlutfall, t.d. að starfsmenn fari úr 100% í 80% starfshlutfall, gilda almennar reglur kjarasamninga og laga um það efni. Það þýðir að starfsmenn eiga rétt á að starfskjörum þeirra, þ.m.t. starfshlutfalli, sé sagt upp með þeim uppsagnarfresti sem hver og einn á og þeim jafnframt boðið skert starfshlutfall að þeim tíma liðnum. Það er síðan val hvers starfsmanns hvort hann tekur slíku boði eða ekki.

Fallist starfsmenn hins vegar á að skerða starfshlutfall sitt án undangengins uppsagnarfrests skerðir það ekki rétt þeirra til hlutabóta úr atvinnuleysisstryggingasjóði samkvæmt nýsamþykktum breytingum á lögnum. Réttur þeirra til hlutabóta skapast frá þeim degi sem skerðing á starfshlutfalli kemur til framkvæmda, enda uppfyllir starfsmaður reglu laganna um skráningu.

Réttur til greiðslu hlutabóta á móti skertu starfshlutfalli kemur til ef skerðingin kemur til að frumkvæði atvinnurekanda vegna samdráttar í starfseminni. Sama gildir ef starfsmaður hefur misst starf sitt að öllu leyti og ræður sig í minna starfshlutfall en hann var áður í enda á hann ekki kost á öðru. Sama gildir einnig ef viðkomandi hefur verið í tveimur hlutastörfum og missir annað starfið. Miðað er við að starfsmaður haldi a.m.k. 50% starfshlutfalli. Réttur til greiðslu hlutabóta á móti skertu starfshlutfalli á hins vegar ekki við ef viðkomandi launamaður ákveður sjálfur að draga úr starfshlutfalli sínu.

Breytingar á lögnum fela í sér að launamaður sem hefur áunnið sér fullan rétt til atvinnuleysisbóta og missir starf sitt að hluta getur fengið hlutfallslegar tekjutengdar bætur í lengri tíma en áður. Atvinnuleysisbætur eru þó ekki greiddar lengur samfelld en í þrjú ár.

Með lögnum er einnig sú breyting að föst laun frá atvinnurekanda vegna minnkaðs starfshlutfalls leiða ekki til skerðingar atvinnuleysisbóta fyrir það starfshlutfall sem skerðingin nær til. Með föstum launum er átt við tekjur fyrir dagvinnu, auk vaktálags og annarra fastra greiðslna vegna vinnuframlags starfsmanns fyrir það starfshlutfall sem hann gegnir reglubundið. Þannig á sá sem sækir um atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli rétt á atvinnuleysisbótum sem nemur mismun réttar launamannsins hefði hann misst starf sitt að öllu leyti og þess starfshlutfalls sem hann gegnir áfram án þess að

tekjur hans fyrir það starfshlutfall er hann heldur eftir komi til skerðingar.

Lögum um Ábyrgðasjóð launa hefur jafnframt verið breytt með það að markmiði að fyrirkomulag þar sem starfsmaður tekur tímabundið skert starfshlutfall og tekjutap vegna samdráttar í fyrirtæki því sem hann starfar hjá skerði ekki möguleg réttindi hans í sjóðnum verði fyrirtækið gjaldþrota. Það á bæði við um launakröfur vegna starfa áður en fyrirtækið varð gjaldþrota og vegna launamissis í allt að þrjá mánuði vegna slits á ráðningarsambandi (gjaldþrotsins). Í framangreindum tilvikum verður miðað við tekjur launamannsins eins og þær voru áður en til minnkunar á starfshlutfalli kom, enda gefi þær hagstæðari niðurstöðu.

Reglugerðir um vinnumarkaðsaðgerðir

Með samstarfi stjórnvalda, ASÍ og SA, var í janúar 2009 sett reglugerð um fjölbreytt vinnumarkaðsúrræði sem atvinnuleitendur geta tekið þátt í samhliða því að fá greiddar atvinnuleysisbætur, svo sem um þátttöku í sérstökum átaksverkefnum, frumkvöðlastörfum og sjálfboðaliðastörfum. Enn fremur fjallar reglugerðin um styrki til náms og námskeiða, búferlastyrki, atvinnutengda endurhæfingu og fleira. Einnig hefur verið sett reglugerð um nám og námskeið sem eru viðurkennd sem vinnumarkaðsúrræði. Reglugerðirnar eru settar með stoð í lögum um atvinnuleysisstryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir og unnar í nánú samstarfi við ASÍ og aðra aðila vinnumarkaðarins.

Meginmarkmið vinnumarkaðsúrræða eins og þeirra sem kveðið er á um í reglugerðunum er að sporna gegn atvinnuleysi, auðvelda fólki í atvinnuleit að halda virkni sinni og tengslum við vinnumarkaðinn og skapa fólki leiðir til að bæta möguleika sína til atvinnuþátttöku á nýjan leik.

Vandi Atvinnuleysisstryggingasjóðs

Fyrirliggjandi gögn benda til að Atvinnuleysisstryggingasjóður muni tæmast á fyrri hluta árs 2010 og miðað við allar spár um atvinnuástandið næstu misseri og ár er þess ekki að vænta að sjóðurinn verði sjálfbær að nýju á næstunni. Miðað við þessa stöðu og stöðu ríkisfjármála almennt er ljóst að umræða mun eiga sér stað á næstunni um hvort og þá hvernig eigi að mæta þessum aðstæðum með því að styrkja frekar tekjustofn sjóðsins og/ eða draga úr fjárþörf Atvinnuleysisstryggingasjóðsins.

Þá liggur fyrir að ýmislegt mætti betur fara varðandi ráðgjöf og aðstoð við atvinnulausa til að stuðla að virkni þeirra sem eru án atvinnu. Reynslan kennir að öflugt starf á því sviði er mikilvægur þáttur í að miðla störfum sem í boði eru og tryggja virka atvinnuleit. Þá getur það jafnvel skapað ný störf í gegnum nýsköpunarverkefni og stofnsetningu fyrirtækja. Þannig er öflug ráðgjöf og aðstoð líkleg til að draga úr kostnaði Atvinnuleysisstryggingasjóðs, bæði til lengri og skemmri tíma lítið.

Vaxandi umræða hefur verið að undanförmu um að einhver hluti þeirra sem þiggja atvinnuleysisbætur geri það á fölskum forsendum. Mikilvægt er að tryggja eins og kostur er að aðeins þeir sem uppfylla skilyrði laga um atvinnuleysisstryggingar fái greiddar atvinnuleysisbætur. Bótasvik eru ekki aðeins viðbótarkostnaður fyrir Atvinnuleysisstryggingasjóð. Þau veikja um leið grundvöll velferðarkerfisins á vinnumarkaði.

Loks ber að nefna að ýmis álitaeefni hafa komið upp varðandi bráðabirgðaákvæði laga um atvinnuleysisstryggingar er varða hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli og fritekju-mark sjálfstætt starfandi.

Á grunni þeirra sjónarmiða sem hér hafa verið rakin hefur á vettvangi Alþýðusambandsins ítrekað verið fjallað um stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs og hvornig eigi að bregðast við vanda sjóðsins. Í september sl. var á vettvangi miðstjórnar fjallað ítarlega um málið og samþykkt að ASÍ legði áherslu á eftirtalda þætti í þeirri umfjöllun sem fara mun fram um fjármál og málefni Atvinnuleysistryggingasjóðs á næstunni.

1. Upplýsingamiðlun, ráðgjöf og aðstoð við atvinnulausa – virk atvinnuleit

Ljóst er að upplýsingamiðlun og ráðgjöf til atvinnulausra um þau úrræði og aðstoð sem þeim standa til boða er mikilvægur þáttur í að styðja viðkomandi einstaklinga og koma þeim í virkni. Frá því að hrunið varð í október á síðasta ári hefur Vinnumálastofnun ekki getað sinnt þessum þætti með fullnægjandi hætti, enda mikið álag verið á starfsmönnum stofnunarinnar og áherslan verið á að tryggja útborgun atvinnuleysisbóta. Ljóst er að með óbreyttum fjölda eða jafnvel fækkun ráðgjafa er Vinnumálastofnun alls ekki fær til að veita lágmarksjónustu og ráðgjöf til atvinnulausra. Mikilvægt er að hafa í huga í þessu sambandi að virk og öflug ráðgjöf og fræðsla, þar sem virkni atvinnuleitenda er skilgreind og henni fylgt eftir með aðhaldi, er um leið besta leiðin til að skilja frá þá sem af einhverjum ástæðum eru ekki í raunverulegri atvinnuleit. Um frekari útfærslu á þessum þætti vísast til umfjöllunarinnar í kaflanum hér að framan um Vinnumálastofnun.

2. Auknar heimildir til upplýsingaöflunar og eftirlit - gegn bótasvikum

Eðli máls samkvæmt liggja ekki fyrir neinar haldbærar upplýsingar um fjölda þeirra sem fá greiddar atvinnuleysisbætur á röngum forsendum, þ.e. eru ekki í virkri atvinnuleit eða uppfylla ekki önnur skilyrði laganna. Í því sambandi hafa verið nefndar tölur á bilinu 5 – 10%. Ef þessar tölur eru réttar þýðir það að miðað við árið í ár og 2010 greiðir Atvinnuleysistryggingasjóður á bilinu 1 til 2 milljarða króna umfram það sem honum ber í atvinnuleysisbætur. Mikilvægt er að tryggja eins og kostur er að aðeins þeir sem uppfylla skilyrði laga um atvinnuleysistryggingar fái greiddar atvinnuleysisbætur. Bótasvik eru ekki aðeins viðbótarkostnaður fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð. Þau veikja um leið grundvöll velferðarkerfisins á vinnumarkaði.

Til að bregðast við framangreindu er mikilvægt að heimildir til upplýsingaöflunar og samkeppislu upplýsinga verði auknar og eftirlit með því að ekki sé verið að misfara með greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði verði eftir.

3. Samræming og samspil atvinnuleysistrygginga og Lánasjóðs íslenskra námsmanna

Óumdeilt er að mikilvægt er að fólk sem missir atvinnuna sé áfram virkt og nýti sem best þann tíma sem það er án atvinnu til að efla sig og styrkja og undirbúa sig undir frekari þátttöku á vinnumarkaði. Náms- og námskeið af ýmsu tagi gegna þar mikilvægu hlutverki. Einn kostur í þeim efnum er að fólk hætti virkri atvinnuleit um tíma og fari þess í stað í nám innan formlega menntakerfisins til að styrkja stöðu sína. Til að það sé raunverulegur kostur þarf tvennt að koma til. Annars vegar þarf að tryggja að nám við hæfi standi viðkomandi til boða. Hins vegar þarf að tryggja að viðkomandi hafi eðlilega framfærslu meðan á náminu stendur. Til að þetta verði raunverulegur kostur þarf að huga að nokkrum þáttum varðandi námsframboðið. Þá þarf að huga að því hvar eðlilegt er að fólk í námi hafi framfærslu sína.

4. *Auknar tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs – Hækkun tryggingagjalds*

Til að koma á jafnvægi milli tekna og gjalda Atvinnuleysistryggingasjóðs eru aðeins tvær leiðir færar, að draga úr kostnaði, sbr. tillögurnar hér að framan, eða auka tekjur sjóðsins. Markaður tekjustofn Atvinnuleysistryggingasjóðs er hluti af tryggingagjaldi. Fyrir liggur að iðgjaldið í sjóðinn stendur engan vegin undir útgjöldum sjóðsins og mun ekki gera á næstunni, miðað við áætlanir. Jafnframt liggur fyrir að iðgjaldið til sjóðsins hefur nýlega verið hækkað og miklar efasemdir um hvort atvinnulífið getur staðið undir frekari kostnaðarauka af þessum ástæðum á næstunni.

5. *Álitaefni varðandi réttindi til atvinnuleysisbóta*

Eftirfarandi álitaefni mætti skoða sem varða þörf á lagfæringum eða breytingum varðandi réttindi til atvinnuleysisbóta. Þau varða bráðabirgðaákvæði laganna (sem renna út um næstu áramót). Ráðstafanir í þessum efnum myndu hafa áhrif á fjárhag Atvinnuleysistryggingasjóðs.

a) Hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli.

Komið hafa fram ábendingar um að rétt sé að endurskoða bráðabirgðaákvæði laganna um hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli. Þar kemur ýmislegt til álita.

b) Sjálfstætt starfandi og frítekjumark (nú 100 þús.kr. á mánuði án skerðingar bóta):

Komið hefur fram að mjög erfitt er að fylgjast með hvernig þessi heimild er nýtt og hvort það er gert í samræmi við lögin. Við endurskoðun á því ákvæði kemur ýmislegt til álita.

Sameining stofnana

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar segir að stefnt skuli að því að sameina stofnanir á sviði almannatrygginga og vinnumála í eina stofnun um vinnu og velferð.

Alþýðusambandið varaði strax við sameiningarhugmyndum ríkisstjórnarinnar og mögulegum afleiðingum slíkrar sameiningar. Málið hefur síðan itrekað verið til umræðu á vettvangi ASÍ og í samskiptum ASÍ við stjórnvöld. Á fundi miðstjórnar ASÍ fyrri hluta septembermánaðar var samþykkt sérstakt minnisblað um málið þar sem segir m.a. að Alþýðusambandið hafi lýst yfir miklum efasemdum vegna hugmynda um sameiningu Vinnumálastofnunar, Tryggingastofnunar ríkisins og Vinnueftirlits ríkisins í eina stofnun „vinnu og velferðar“.

Helstu rökin fyrir þessari afstöðu ASÍ eru að byggt hefur verið upp og þróað hér á landi viðamikilið og öflugt kerfi samskipta á vettvangi vinnumarkaðarins með ágætu samstarfi aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda, þar sem aðilar vinnumarkaðarins hafa tekið mikilvægt frumkvæði og axlað mikla ábyrgð. Lögd hefur verið áhersla á að það fylgist sem best að réttindi og skyldur og ábyrgð og framkvæmd aðila.

Mikilvægt er að byggja á styrkleikum þess kerfis stofnana og samskipta á vinnumarkaði sem hér er til staðar og þróa það enn frekar í stað þess að skaða það. Bent er á að gott dæmi um árangur af samstarfi eins og hér hefur verið lýst er hvernig aðilum vinnumarkaðarins tókst sameiginlega með samstarfi á mörgum sviðum; samningum, lagasetningu og sameiginlegum aðgerðum, að verja vinnumarkaðinn og treysta, þegar innflutningu á erlendu launafólki stóð sem hæst.

Grunnhugsunin gagnvart einstaklingunum á að vera að tryggja sem best og varanlegust tengsl þeirra sem af einhverjum ástæðum forfallast eða þurfa að dostoð að halda við

vinnumarkaðinn. Þar er mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins axli sameiginlega ábyrgð gagnvart því sem gerist á vinnumarkaði.

Grunnhugsunin af hálfu stjórnvalda á að vera að tryggja að fjármunir og þjónusta nýtist einstaklingunum sem best. Ljóst er að helstu veikleikar í núverandi kerfi tengjast Tryggingastofnun. Þar hefur orðið til mikið og flókið kerfi sem ekki er mjög heildstætt eða til þess fallið að hvetja og styrkja einstaklingana „sem lent hafa í kerfinu“ til virkrar þátttöku á vinnumarkaði.

Tryggingastofnun og þróun hennar er víti til varnaðar. Þar voru tengsl og aðkoma aðila vinnumarkaðarins að stofnuninni ekki tryggð og þar með ekki virk aðkoma þeirra að uppbyggingu og framkvæmd kerfisins. Þessu var m.a. svarað með uppbyggingu sjúkrasjóða stéttarfélaganna, lífeyrissjóðanna og nú síðast Starfsendurhæfingarsjóðs.

Mikilvægt er að viðhalda því fyrirkomulagi að aðilar vinnumarkaðarins axli sem mest ábyrgð og hafi með höndum þá þætti er varða vinnumarkaðinn, fyrirtækin og launafólk.

Þótt ASÍ hafi lagst gegn þeim sameiningaráformum sem lýst er hér að framan hefur komið fram af hálfu sambandsins að skoða megi sameiningu Vinnuálastofnunar og Vinnueftirlitsins. Þá eru jafnframt settar fram hugmyndir um frekara samstarf og mögulegan tilflutning verkefna milli stjórnvaldsstofnana og lögð áhersla á að byggja brýr á milli réttindakerfa og stjórnsýslustofnana og fleiri aðila og samhæfa starfsemi þeirra og réttindakerfi, þar sem þörf kann að vera á slíku.

Tilkynning og skráning veikinda

Samhliða kjarasamningum ASÍ og SA 17. febrúar 2008 var gerð sérstök bókun um tilkynningu veikinda. Þar segir m.a.:

„Samningsaðilar líta svo á uppbygging fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu og vinnuvernd sé mikilvæg fyrir vinnumarkaðinn. Mikilvægt er að það takist vel til við að þróa þjónustu á þessu sviði í jákvæðan farveg þannig að hún fari skili árangri fyrir starfsfólk og fyrirtæki.

Samningsaðilar munu skipa viðræðunefnd sem ætlað er að semja um fyrirkomulag varðandi tilkynningu veikinda til trúnaðarlæknis/þjónustufyrirtækis á sviði vinnuverndar.

....

Viðræðunefndin mun í starfi sínu eiga samstarf við Persónuvernd, Landlækni, Vinnueftirlit ríkisins og hagsmunaaðila.

Viðræðunefndin skal ljúka störfum eigi síðar en 30. nóvember 2008.

Samninganefndir ASÍ og SA skulu taka afstöðu til tillagna viðræðunefndarinnar eigi síðar en 15. desember 2008. Komist samningsaðilar að sameiginlegri niðurstöðu skal samningur þeirra teljast hluti af kjarasamning aðildarsamtaka þeirra og taka gildi 1. janúar 2009.“

Af ýmsum ástæðum varð ekki að því að viðræður hæfust á milli aðila um efni þessarar bókunar fyrr en á vordögum 2009. Þá hittust samningsaðilar tvisvar sinnum til að fjalla um verkefnið og hvernig ætti að standa að vinnunni við það. Í framhaldinu var síðan haldinn fundur með forráðamönnum Heilsuverndar ehf. þar sem starfsemi fyrirtækisins varðandi tilkynningu og skráningu veikinda var kynnt. Í framhaldinu var síðan ákveðið að kalla saman fund með fulltrúum Persónuverndar, landlæknisembættisins og Vin-

nueftirlitsins til að fjalla um ýmsar hliðar og álitaefni varðandi tilkynningu veikinda til 3ja aðila, skráningu, vistun, úrvinnslu og eyðingu slíkra upplýsinga. Jafnframt yrði skoðað hvort og þá með hvaða hætti slíkt fyrirkomulag gæti stutt við vinnuverndarstarf í fyrirtækjum.

Þegar þetta er skrifað hefur ekki náðst að halda slíkan fund en vonir standa til þess að það takist í októbermánuði. Jafnframt liggur fyrir að mikilvægt er að fá Starfsendurhæfingarsjóð að málinu vegna verkefna hans.

Vinnustaðaskírteini

Í tengslum við kjarasamningana 17. febrúar 2008 var gerð sérstök bókun um vinnustaðaskírteini:

„Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins ákveða að vinna áfram að innleiðingu og notkun vinnustaðaskilríkja þar sem það á við og beina fyrst sjónum einkum að byggingariðnaði.

Fyrirtæki geta tekið upp vinnustaðaskilríki á eigin forsendum þar sem nafn þeirra og auðkenni koma fram. Kröfurnar sem vinnustaðaskilríki þurfa að uppfylla er að á þeim komi fram nafn, mynd og kennitala viðkomandi starfsmanns eða sjálfvirkur möguleiki á tengingu frá starfsmannanúmeri til kennitölu ef hún er ekki skráð á skilríkið.

Viðurkenndir aðilar sem koma á vinnustaði til eftirlits þurfa að hafa opin og sjálfvirkan aðgang að opinberum gagnaböndum. Mikilvægustu gagnabankarnir eru hjá Þjóðskrá til að sannreyna kennitölu, hjá menntamálaráðuneytinu og sýslumönnum til þess að sannreyna viðurkennd starfsréttindi eða hvort umsókn um slík réttindi hefur verið lögð inn, hjá Ríkisskattstjóra til þess að sannreyna hvort skattkort hafi verið gefið út og hvort einhverjar skattgreiðslur hafi borist (ekki upphæðir), hjá Vinnumálastofnun til að sannreyna hvort tilkynningum hafi verið skilað inn og hjá lífeyrissjóðum til þess að sannreyna hvort iðgjöld hafi verið greidd (ekki upphæðir).

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins eru sammála um að óska eftir því við Staðlaráð og/eða Icepro að gerður verði almennur staðall um vinnustaðaskilríki þar sem m.a. verði gert ráð fyrir að starfsheiti viðkomandi starfsmanns komi fram. Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins munu taka virkan þátt í staðalgerðinni.

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins eru sammála um að vinnustaðaskilríki skuli vera komin í fulla notkun á vinnustöðum í byggingariðnaði 1. júlí 2009. Á þeim tíma verði jafnframt byggt upp kerfi til þess að viðurkenndir eftirlitsaðilar hafi aðgang að nauðsynlegum gagnaböndum og leitað fulltingis viðkomandi opinberra aðila til þess að það geti orðið að veruleika.“

Sl. vetur og í vor var unnið að því að hrinda efni bókunarinnar í framkvæmd í samstarfi ASÍ og SA. Samstaða var um að byrja með einfalt fyrirkomulag sem síðan mætti byggja á og þróa í framhaldinu. Þannig væri meiri líkur á því að koma mætti verkefninu í framkvæmd. Fyrirkomulagið byggði annars vegar á vinnustaðaskírteinum sem uppfylltu lágmarkskröfur um upplýsingar og hins vegar eftirliti úti á vinnustöðunum sem stýddist við rafrænar upplýsingar úr Þjóðskrá og fyrirtækjaskrá og rafræna skráningu í gagnagrunn sem vinna mætti frekar með og senda mætti upplýsingar úr til opinberra aðila, s.s. ríkisskattstjóra og Vinnumálastofnunar. Byrjað yrði í byggingariðnaði og mannvirkja-gerð eins og bókunin kveður á um og síðan kæmi að veitinga- og gistihúsageiranum.

Höfð voru samskipti m.a. við skattayfirvöld og Þjóðskrá til að leita samstarfs um fram-

kvæmdina og var niðurstaðan að samið yrði um ákveðinn aðgang að þjóðskrá og að upplýsingum yrði komið til skattayfirvalda eftir því sem aðstæður gæfu tilefni til. Þá lá fyrir að eiga samræður við Vinnuáætlun, o.fl.

Samið var við fyrirtækið Kögum um að byggja upp rafræna fyrirsagnar- og gagnagrunnskerfið og jafnframt ákveðið að kerfið yrði vistað hjá Skýrr.

Kerfið byggir á því að eftirlitsaðilar stéttarfélaganna (og stjórnvalda) fara út á vinnustaði og geta þar kallað fram ákveðnar upplýsingar um þau fyrirtæki og starfsmenn sem þar eru starfandi til að sannreyna að hlutirnir séu í lagi með starfsemi viðkomandi fyrirtækis og skráningu og réttindi viðkomandi starfsmanna. Gögnin sem þannig verða til safnast í gagnagrunn til frekari úrvinnslu.

Ef eitthvað er athugunarvert fylgja eftirlitsmennirnir málinu eftir og senda jafnframt ábendingar til opinberra aðila.

Við undirbúning verkefnisins kom vel í ljós að mikilvægt væri að treysta laga- og reglugrundvöllinn til að tryggja að öllum fyrirtækjum í viðkomandi grein væri skylt að innleiða vinnustaðaskirteinin og starfsmönnum að bera þau og jafnframt kveða á um réttindi og skyldur eftirlitsaðilanna. Þá væri mikilvægt að útfæra og þróa samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda varðandi eftirlitið og framkvæmd þess.

Í framangreindu ljósi var niðurstaða ASÍ og SA sú að mikilvægt væri að draga stjórnvöld að málinu til að útfæra og treysta frekar eftirlitsþáttinn og lagarammann.

Í tengslum við gert stöðugleikasáttmálans í júní sl. var framangreindum sjónarmiðum fylgt eftir og undir þau tekið af hálfu stjórnvalda. 11. töluliður sáttmálans er svohljóðandi:

Samstarf um eftirlit á vinnumarkaði og vinnustaðaskirteini

Aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld taki upp virkt samstarf um eftirlit á vinnustöðum og vinnustaðaskirteini í samræmi við bókun ASÍ og SA frá 17. febrúar 2008. Markmiðið með slíku samstarfi er m.a. að tryggja að starfsmenn njóti unsaminnna réttinda og vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og misnotkun atvinnuleysisbóta. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum um almennt eftirlit á vinnustöðum og vinnustaðaskirteini.

Í lok ágúst sl. funduðu fulltrúar ASÍ og SA með fulltrúum stjórnvalda um það hvernig framfylgja bæri yfirlýsingunni í Stöðugleikasáttmálanum. Niðurstaðan var sú að félags- og tryggingamálaráðuneytið mundi taka að sér að leiða vinnuna sem framundan er. Jafnframt var ákveðið að stefna að því að undirbúin yrði löggjöf, í samráði stjórnvalda, ASÍ og SA, vegna starfsmannaskirteinanna og eftirlits á vinnustöðum sem yrði tilbúin og lögð fram við upphaf haustþings í fyrri hluta október 2009. Jafnframt yrði unnið að því að þróa hugmyndir um samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um vinnustaðaeftirlitið. Þá yrði stefnt að sameiginlegri kynningarherferð aðila um málið. Áfram hefur verið unnið að málinu á þessum grunni.

Framkvæmd EES-samningsins

Sá þáttur í starfi Alþýðusambands Íslands sem tengist Evrópusamvinnunni og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er stöðugt mikilvægari fyrir starfsemi ASÍ. Áhrifin eru bæði bein og óbein. Þau birtast með skýrustum hætti í þeim þætti starfsins sem snýr að undirbúningi og gildistöku tilskipana, samninga og reglna Evrópusambandsins á sviði vinnumarkaðs- og félagsmála hér á landi. Það er jafnframt ljóst að reglur á íslenskum

vinnumarkaði og réttindi launafólks byggja í stöðugt ríkari mæli á þróuninni í Evrópu á þessu sviði. Þessi þróun er í samræmi við það sem stefnt var að með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Ekki komu upp nein sérstök mál hvað þetta varðar á tímabilinu.

Eftir langa viðureign ASÍ við stjórnvöld um gildistölu tilskipunar sambandsins um hlutastörf, og í kjölfar athugasemda ESA voru lög um hlutastörf nr. 10/2004 tekin upp og þeim breytt á þann veg að stórir hópar starfsmanna ríkisins og sveitarfélaganna í svokallaðri „tímavinnu“ falla nú undir lög.

Þjónustutilskipun ESB

Þjónustutilskipun Evrópusambandsins ber að innleiða hér á landi fyrir lok árs 2009. Undirbúningur undir innleiðinguna hefur farið fram innan stjórnkerfisins, auk þess sem lítillsháttar samráð hefur verið haft við aðila vinnumarkaðarins um málið.

Alþýðusambandið hefur lagt ríka áherslu á að innleiðing tilskipunarinnar hér á landi verði í góðri sátt við sambandið enda ljóst að miklu skiptir að vel takist til með innleiðinguna. Af hálfu ASÍ hefur í þessu sambandi verið lögð sérstök áhersla á að skoða með hvaða hætti megi fyrirbyggja að frjáls þjónustuviðskipti á EES svæðinu geti verið skjól fyrir gerviverktöku og svarta atvinnustarfsemi af ýmsu tagi.

ASÍ átti aðild að starfshópi sem vann að því að undirbúa sérstaka ráðstefnu um þjónustuviðskiptin og almannaþjónustu sérstaklega sem lið í undirbúningnum hér á landi. Ráðgert var að halda ráðstefnuna í byrjun árs 2009. Vegna ágreinings um tilgang hennar og skipulag varð hins vegar ekkert af því.

Fyrir liggur að nýta tímann fram að áramótum til að tryggja að sjónarmið ASÍ nái fram að ganga í tengslum við innleiðingu tilskipunarinnar.

Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði

Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði hafa mikið verið til umfjöllunar á vettvangi ASÍ á undanförunum misserum og árum. Fyrir því eru margvíslegar ástæður.

Fjölmörg atriði hafa komið upp varðandi réttindi og kjör útlendinga á vinnumarkaði, en flest tengjast þau meintri misnotkun fyrirtækja á erlendu verkafólki með brotum á kjarasamningum og lögum, skattaundanskotum og annarri vafasamri eða beinlínis ólöglegri framkvæmd.

Ljóst er að þau álitafni og ágreiningsmál sem komið hafa upp varðandi þessa starfsemi tengjast einnig með beinum hætti stækkun Evrópska efnahagssvæðisins og framkvæmd EES samnings, enda í flestum tilfellum tengd fyrirtækjum og verkafólki frá nýju aðildarríkjum EES.

Af hálfu Alþýðusambandsins hefur verið lögð mikil vinna í þennan málaflök á síðustu árum með það að markmiði að styrkja íslenskan vinnumarkað og treysta réttindi og stöðu þeirra útlendinga sem koma hingað til starfa um lengri eða skemmri tíma.



Fræðslu- og menntamáli

Alþýðusamband Íslands og stofnanir þess, ásamt aðildarfélögnum, taka virkan þátt í menntastarfi hér á landi, bæði með stefnumótun og þátttöku í framkvæmd á fjölmörgum sviðum. Það á við bæði um formlega menntakerfið og það óformlega. Þá standa MFA-fræðsludeild ASÍ og Mímir-símenntun, sem er í eign ASÍ, fyrir öflugu fræðslustarfi. Einnig á Alþýðusambandið aðild að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Starfsmenntaráði og stjórn landsskrifstofu menntaáætlunar ESB, auk þess að vera tilnefningaraðili í starfsgreinaráðin á framhaldsskólastigi.

Aukinni áhersla Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar á menntun og mikilvægi hennar, bæði góðrar grunnmenntunar og símenntunar hefur fylgt mjög aukið starf á þessu sviði á vettvangi samtakanna og vænta má þess að sú þróun haldi áfram.

Á vettvangi Menntanefndar ASÍ hefur átt sér stað mikil umræða um stöðu og framtíð menntamála og um hlutverk verkalýðshreyfingarinnar í þeim efnum. Hér bar á tímabilinu hæst umfjöllun og umsögn um frumvarp menntamálaráðherra um framhaldsfræðslu og undirbúningur undir setningu reglugerða á grundvelli laga um framhaldsskóla. Þá kom menntanefnd að málefnaundirbúningi vegna aukaársfundar ASÍ með umfjöllun um menntun og rannsóknir á vettvangi Evrópusamvinnunnar. Hér á eftir verður fjallað nánar um nokkur viðfangsefni á sviði menntamála á tímabilinu á vettvangi Alþýðusambandsins eða þar sem ASÍ átti hlut að máli.

Félagsleg fræðsla

MFA fræðsludeild ASÍ

Menntanefnd ASÍ er stjórn MFA fræðsludeildar. Markmið MFA er að bjóða upp á fræðslu og námskeið sem styrkja talsmenn í starfi til að þeir séu betur í stakk búnir að takast á við kröfur sem gerðar eru og stöðugar breytingar í samfélaginu. Lögð er áhersla á að námsframboð miðist við þarfir og aðstæður félaga hverju sinni. MFA býður upp á ráðgjöf og þarfragreiningu fyrir einstök félög og geta stéttarfélögin þannig nýtt sér námskeið og fræðslu til að móta starf og stefnu. Í samráði við þarfir félaga er hægt að próa námskeið og námsefni.

Félagsmálaskóli alþýðu

Félagsmálaskóli alþýðu er rekinn af MFA og er deildarstjóri fræðsludeildar jafnframt skólastjóri Félagsmálaskólans. Skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu ber ábyrgð á rekstri skólans ásamt skólastjóra. Skólanefndin hittist fimm sinnum á skólaárinu. Félagsmálaskólinn fær framlag úr ríkissjóði til reksturs skólans og gerir skólastjóri fjárhagsáætlanir fyrir hann. Talsmenn BSRB hafa einnig aðgang að Félagsmálaskólanum. Þjónustusamningur er við Mími símenntun um ýmsa framkvæmdarþætti.

Í samstarfi við skólanefnd Félagsmálaskólans og einnig menntanefnd, mótar deildarstjóri heildarsýn fræðslustarfsins og stefnu fyrir hverja önn. Þarfragreining og stefnumótun fléttast inn í daglegt starf deildarstjórans og eru tengsl hans við talsmenn stéttarfélaga mikilvægur þáttur í starfi deildarinnar.

Þjónusta fræðsludeildar

Trúnaðarmannanámskeið

Fræðsludeildin er með námskeið fyrir trúnaðarmenn og talsmenn stéttarfélaganna. Stéttarfélögin panta trúnaðarmannanámskeið hjá fræðsludeildinni og í samráði við deildarstjóra eru gerð drög að dagskrá.

Trúnaðarmannanámskeiðin voru með hefðbundnum hætti á árinu. Alls voru 30 trúnaðarmannanámskeið haldin og voru þau allt frá tveimur dögum til fimm. Alls sóttu 390 námskeiðin sem er minni þátttaka frá fyrra ári en þá sóttu 422 námskeiðin.

Formlegt mat á trúnaðarmannanám

Gefnar hafa verið út tvær námskrár Trúnaðarmannafræðsla I og II samtals 142 kennslustundir. Samningur er við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um að fá trúnaðarmannanámið metið til eininga á framhaldsskólastigi. Markmiðið með formlegu mati er að efla trúnaðarmannafræðsluna, fjölga námsþáttum og gera trúnaðarmönnum kleift að nýta sér námskeiðin ef þeir vilja halda áfram námi.

Háskólanám

Samstarfinu við Háskólann á Akureyri um rekstrar – og stjórnunarnám fyrir trúnaðarmenn og talsmenn verkalýðshreyfingarinnar lauk formlega vorið 2008. Það var sérsniðið 18 eininga nám, skipulagt með þarfir forystu- og starfsmanna stéttarfélaga í huga, bæði hvað varðar námsgreinar og skipulag. Þá útskrifuðust 10 nemendur síðastliðið vor, en alls

luku 47 nemendur 18 einingum. Samstarfið hófst haustið 2004 og fyrsti hópurinn sem hóf námið útskrifaðist vorið 2006.

Fræðsludeild ASÍ hefur í samvinnu við Háskólann í Reykjavík útbúið námsleið fyrir fulltrúa í stjórnum lífeyrissjóða og lífeyrisnefnda á vegum ASÍ. Markmið námsins er að efla árangur, ábyrgð og trúverðuleika lífeyrissjóða með því að treysta faglegan grunn stjórnarmanna m.a. á sviði lagalegra, rekstrarlegra, fjárhagslegra og siðferðilegra viðfangsefna. Mikilvægt er bæði að efla þekkingu og hæfni þessara aðila til þess að sinna hlutverki sínu í stjórnum sjóðanna sem og tryggja að þessir fulltrúar uppfylli þær kröfur sem gerðar eru skv. lögum og reglum. Námsleiðin mun nýtast þátttakendum sem einn liður af mörgum við mat FME á faglegu hæfi þeirra.

Námskeið

Almenn námskeið sem eru í boði fyrir stéttarfélög eru ýmist auglýst og þá opin öllum eða þönduð af einstökum félögum.

Haustið 2008 voru 16 námskeið í boði: *Opið trúnaðarmannanámskeið I - þrep 3 og 4, Að efla framkomu sína, „Hvað er í þessu fyrir mig?“, Samningatækni, Fjármálalæsi, Viðbrögð stéttarféлага við atvinnuástandinu, Réttur til atvinnuleysisbóta og vinnumarkaðsaðgerðir, Sálrænn stuðningur.*

Vorið 2009 voru 19 námskeið í boði: *Opin trúnaðarmannanámskeið I - þrep 1 og 2, Áföll á vinnumarkaði og velferð félagsmanna, Sálrænn stuðningur, Breyttir tímar – hvar stend ég?, Fjármál heimilanna, Erfiðir tímar – erfiðir einstaklingar, Að laða fram það góða, Réttur til atvinnuleysisbóta og vinnumarkaðsaðgerðir, Stjórnun á krísutímum, Starfslok – að hverju þarf að huga?, Að efla framkomu sína.* Alls sóttu 490 talsmenn námskeiðin þetta skólaár.

Genfarskólinn

MFA sendir tvo þátttakendur á Genfarskólann sem haldinn er í tengslum við þing Alþjóðavinnuárástofnunarinnar í Genf. Nemendur kynnast þinghaldinu og Alþjóðavinnuárástofnuninni ILO. Stofnunin starfar að vinnumálum á vegum Sameinuðu þjóðanna. Fulltrúar á ILO-þinginu eru frá stjórnvöldum, atvinnurekendum og samtökum launafólks um allan heim. Þátttakendur kynnast norrænu samstarfi á vettvangi ILO og geta kynnt sér ýmis alþjóðasamtök verkalýðshreyfingarinnar sem starfa í tengslum við ILO.

Aðild að Genfarskólanum eiga MFA-samböndin í Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Finnlandi og hér á landi. Deildarstjóri Fræðsludeildar situr í stjórn Genfarskólans.

Útgáfa

Á vegum fræðsludeildar er bæði gefið út efni í prentuðu formi og rafrænu. Til að auðvelja trúnaðarmönnum og félagsmönnum aðgengi að upplýsingum hefur verið útbúið upplýsingaveita sem kallast Vefnám trúnaðarmannsins og er á heimasíðu skólans. Vefnámið gerir fólki kleift að sækja sér upplýsingar um störf trúnaðarmanna hvar og hvenær sem því hentar.

Handbók trúnaðarmannsins

Handbók trúnaðarmannsins kom fyrst út vorið 2004 og hefur selst í 2856 eintökum. Mörg félög hafa keypt handbókina fyrir alla trúnaðarmenn sína. Handbókin er í stöðugri endur-

skoðun. Þá hafa fimm kaflar verið þýddir á sex tungumál: ensku, pólsku, portúgölsku, tagalog, rússnesku og þýsku. Nú er allt efni hennar aðgengilegt á netinu, www.felagsmalaskoli.is.

Frumvarp um framhaldsfræðslu

Í aðdraganda kjarasamninganna á milli ASÍ og SA sem undirritaðir voru 17. febrúar 2008 voru menntamálin ofarlega á dagskrá. Í áherslum sem forysta ASÍ lagði fram 12. desember 2007 í viðræðum við stjórnvöld undir yfirskriftinni „Sáttmáli um efnahagslegt jafnvægi og félagslegt réttlæti“ voru m.a. kröfur um að sett yrði stefna sem í fælist að ekki verði fleiri en 10% á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsmenntunar árið 2020. Þá yrðu framlög til starfsmenntunar og fullorðinsfræðslu aukin umtalsvert í áföngum og að sett yrðu lög um fullorðinsfræðslu.

Í yfirlýsingu stjórnvalda sem birt var 17. febrúar var áherslum ASÍ mætt í öllum helstu atriðum. Þar með talið að sett yrðu lög um fullorðinsfræðslu. Frumvarp um framhaldsfræðslu var síðan unnið samarið og haustið 2008 í ágætu samstarfi við ASÍ og SA og lagt fram á Alþingi í desember.

Í umsögn sinni um frumvarpið áréttaði Alþýðusambandið í inngangi að það hafi lengi verið skoðun sambandsins að mikilvægt væri að setja sérstaka rammalöggjöf um framhaldsfræðslu (fullorðinsfræðslu). Nægði í því sambandi að benda á tillögur Verkefnisstjórnar um símenntun frá árinu 2004 sem ASÍ átti aðild að og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði 17. febrúar 2008. Þá kemur fram að frumvarpið feli í sér viðurkenningu á mikilvægi þess að fólk sem komið er út á vinnumarkaðinn hafi tækifæri til að auka þekkingu sína og færni, einkum að fólk með litla formlega viðurkennda menntun fái „annað tækifæri til náms“. Jafnframt felist í frumvarpinu viðurkenning á þörf launafólks og fyrirtækja fyrir eftir- og endurmenntun og nýsköpun til að mæta breyttum kröfum atvinnulífsins. Einnig er bent á að í frumvarpinu og athugasemdunum sem með því fylgja felist mikilvæg viðurkenning á því samstarfi sem aðilar vinnumarkaðarinnar hafa þróað með sér á sviði menntamála, á vettvangi heildarsamtakanna, í einstaka starfs- og atvinnugreinum og í samstarfi við fleiri aðila í símenntamiðstöðvunum. Síðan segir:

„Alþýðusamband Íslands leggur ríka áherslu á að með lögum um framhaldsfræðslu verði réttur og möguleikar launafólks til menntunar eflir og treystir frekar en nú er. Jafnframt verði mikilvægt hlutverk aðila vinnumarkaðarinnar staðfest og styrkt í þeim mikilvæga málaftokki sem framhaldsfræðslan, og þ.m.t. grunn-, endur- og eftirmenntun á vinnumarkaði er fyrir einstaklingana, atvinnulífið og samfélagið allt. ASÍ vill í því sambandi sérstaklega áréttta tvennt:

- 1. Tryggt verði að fjármunir til uppbyggingar og reksturs framhaldsfræðslu á almennum vinnumarkaði, eins og hún er skilgreind í frumvarpinu, verði ekki skertir með nýjum lögum frá því sem nú er. Um þetta atriði var full sátt milli ASÍ og SA annars vegar og menntamálaráðuneytisins hins vegar við undirbúning frumvarpsins.*
- 2. Full sátt er um að aðild að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) verði útvíkkuð þannig að Fræðslumiðstöðin þjóni einnig opinbera vinnumarkaðinum. Í því fellst að BSRB, fjármálaráðuneytið og sveitarfélögin verði aðilar að FA og að stofnunin þjóni markhópi laganna jafnt á opinbera sem almenna vinnumarkaðinum. Vinna við þessa breytingu er þegar hafin í fullri sátt allra sem málið varðar.*

Jafnframt leggur ASÍ ríka áherslu á að samhliða afgangi frumvarpsins á Alþingi verði gengið frá 5 ára þjónustusamningi við breytta Fræðslumiðstöð. Með því verða best tryggð þau markmið sem getið er um hér að framan og að sú reynsla og þekking sem byggð hefur verið upp af hálfu aðila vinnumarkaðarins nýtist í áframhaldandi uppbyggingu og þróun framhaldsfræðslu á vinnumarkaði. “

Frumvarpið dagaði uppi á Alþingi þar sem ekki tókst að tryggja nauðsynlega fjármögnun samhliða aðkomu opinbera geirans að starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) og Fræðslusjóði. Þá gafst ekki nægilegur tími til að útfæra tæknilega aðild þessara aðila að FA.

Áfram hefur verið unnið að málinu nú í haust með það að markmiði að ryðja úr vegi þeim hindrunum sem voru í veginum á fyrri hluta ársins. Er stefnt að því að ljúka málinu á næstu vikum og að frumvarpið verði lagt fram á Alþingi og það afgreitt fyrir áramót.

Reglugerðir á grundvelli laga um framhaldsskóla

Í ársþyrjun 2009 voru Alþýðusambandinu sendar til umsagnar drög að reglugerðum um skipun starfsgreinaráða. Menntanefnd ASÍ fjallaði ítarlega um málið og sendi umsögn sína ásamt tillögum í þyrjun febrúar. Voru þar gerðar tillögur um nokkrar breytingar á framlögðum drögum varðandi skipan ráðanna. Þá segir í umsögn ASÍ:

„Af hálfu menntamálaráðuneytisins hefur verið óskað eftir afstöðu til þess að tilnefning í starfsgreinaráðin fari í gegnum heildarsamtökin, í okkar tilfalli ASÍ. Verði þetta ákveðið mun tilnefningin af hálfu ASÍ byggja á eftirfarandi forsendum:

- a) bygginga- og mannvirkjagreinum (samkvæmt tillögum Samiðnar og SGS)*
- b) farartækja- og flutningsgreinum (samkvæmt tillögum Samiðnar, SGS og SSÍ)*
- c) heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreinum (samkvæmt tillögum SGS)*
- d) hönnunar- og handverksgreinum, (samkvæmt tillögum Samiðnar og SGS)*
- e) matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreinum (samkvæmt tillögum MATVÍS og SGS)*
- f) málm-, véltækni- og framleiðslugreinum (samkvæmt tillögum Samiðnar, SGS og VM)*
- g) Rafiðngreinum (samkvæmt tillögum RSÍ)*

h) skrifstofu- og verslunargreinum (samkvæmt tillögum LÍV)

i) snyrtigreinum (samkvæmt tillögum Samiðnar)

j) Umhverfis- og landbúnaðargreinum (samkvæmt tillögum SGS og Samiðnar)

k) upplýsinga- og fjölmiðlagreinum (samkvæmt tillögum FBM)“

Reglugerðin var síðan gefin út í ágúst og var með henni komið til móts við allar helstu ábendingar ASÍ. Um miðjan september var hins vegar ekki ennþá búið að óska formlega eftir tilnefningum í starfsgreinaráðin.

Í maí fékk Alþýðusambandið til umsagnar drög að tveimur öðrum reglugerðum: Um sveinspróf og um vinnustaðanám og starfsþjálfun á vinnustað. Þessar reglugerðir voru síðan gefnar út í ágúst.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Starfsemi FA byggir á þjónustusamningi sem ASÍ og SA gera við menntamálaráðuneytið.

Framundan er endurnýjun þess samnings sem hefur verið í gildi ásamt viðaukum frá 2006. Á tímabilinu hefur verkefnum fjölgað verulega og mikil aukning verið í starfsemi bæði FA og símenntunarmiðstöðvanna. Markhópur starfseminnar er fyrst og fremst fólk á vinnu- markaði, sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, innflytjendur og aðrir sambærilegir hópar.

Stjórn

Stjórnarmenn árið 2008-2009 voru fyrir hönd ASÍ Halldór Grönvold, Finnbjörn A. Hermannsson og Atli Lýðsson. Af hálfu SA voru Guðrún Eyjólfsdóttir, Grétar Halldórsson og Sigríður Anna Guðjónsdóttir. Varamenn í stjórn voru: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir fyrir hönd ASÍ og Jónína Gissurardóttir fyrir hönd SA. Grétar Halldórsson og Sigríður Anna Guðjónsdóttir hættu í stjórn á aðalfundi í maí 2009 og við tóku María Guðmundsdóttir og Torfi Pálsson. Stjórnin hélt 12 stjórnarfundir á árinu. Ársfundur var haldinn 20. nóvember 2008. Aðalfundur var haldinn 4. maí 2009.

Starfsmenn

Starfsmenn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins voru: Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, Arnþrúður Ösp Karlsdóttir, Ásmundur Hilmarsson, Björn Garðarsson, Björgvin Þór Björgvinsson, Fjóla María Lárusdóttir, Guðfinna Harðardóttir, Guðmunda Kristinsdóttir, Haukur Harðarson, Lena Nilsen, Sigríður Jóhannsdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir, og Sigrún Kristín Magnúsdóttir. Guðrún Reykdal hóf störf um miðjan september 2009 sem fjármálastjóri.

Guðfinna Harðardóttir hætti störfum í árslok og Haukur Harðarson hóf störf í byrjun árs 2009. Fjóla María Lárusdóttir er í barneignarleyfi frá 1. febrúar til 31. desember. Arnþrúður Ösp Karlsdóttir hóf störf í október og hætti í lok maí 2009. Stöðugildi voru um 10 á árinu.

Samstarfshópur um menntunarræði

Þau straumhvörf sem urðu í atvinnulífi Íslendinga á haustmánuðum 2008 hafa sett svip sinn á starfsemi ársins. Samstarfshópur um menntunarræði fyrir atvinnuleitendur var settur á laggirnar í október á síðasta ári af stjórn FA. Hópurinn er samsettur af fulltrúum ASÍ, SA, BSRB, menntamálaráðuneytis, Vinnumálastofnunar, fræðsluáðilum, fræðslusjóðum og Starfsmenntaráði.

Samstarfshópurinn hefur nú hist um 25 sinnum þar sem fjölbreytt málefnskára og óheft upplýsingaflæði milli aðila í hópnum hefur alið af sér fjölmargar hugmyndir sem síðan hafa margar hverjar orðið að verkefnum eða afurðum. Á meðal afurða má nefna: vefinn menntatorg.is, sérstaka upplýsingasiðu fyrir náms- og starfsráðgjafa og kynningarbækling um úrræði fyrir atvinnuleitendur.

Samstarfshópurinn stóð einnig fyrir opnu húsi fyrir atvinnulausa einstaklinga í mars sl. þar sem fjölmargir fræðsluáðilar kynntu fjölbreytt námsúrræði auk þess sem náms- og starfsráðgjafar veittu persónulega ráðgjöf í formi stuttra viðtala. Þá má nefna samstarf hópsins við Hjálparsíma Rauða krossins 1717 en þar geta atvinnuleitendur nú fengið hagnýtar upplýsingar um námsúrræði.

Þjónustusamningar við menntamálaráðuneytið

Allir þjónustusamningarnir eiga það sammerkt að markhópar starfseminnar er fólk á vin-

numarkaði, sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, innflytjendur og aðrir sambærilegir hópar. FA er ekki ætlað að sinna markhópum sínum beint, heldur í gegnum samstarfsaðila sína sem eru símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni, Mímir-símenntun og fræðslumiðstöðvar iðngreina.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir starfsemi samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið.

- Í fyrsta lagi verður gerð grein fyrir þeim verkefnum sem veitt er fé til hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum.
- Í öðru lagi verkefnum, sem FA annast.
- Í þriðja lagi verður greint frá nokkrum stórum verkefnum sem eru fjármögnuð með öðrum hætti.

Framlög til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva

Greiðslur til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva komu fyrst inn í samninga FA árið 2006 og hafa því verið framkvæmdar á fjórða ár. Framlagið til miðstöðvanna greinist í þrjá hluta og verður gerð grein fyrir hverjum fyrir sig.

1. Framlag til vottaðs náms hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum og Mími-símenntun.
2. Framlag til símenntunarmiðstöðvanna níu og Mímis-símenntunar vegna náms- og starfsráðgjafar á vinnustöðum.
3. Framlag til námsráðgjafar og raunfærnimats hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina, sem eru tvær talsins.


Framlag til vottaðra námsleiða

Árið 2008 var greitt til vottaðra námsleiða um 163 milljónir króna, sambærileg upphæð fyrir 2007 er um 117 milljónir króna. Alls sóttu 1.509 nemendur nám í 147.237 nemendastundir árið 2008. Áætlaður fjöldi eininga er 11.414. Einingaverðið á vorönn er því u.þ.b 14.000 krónur.

Um helmingur nemendastunda fóru fram á landsbyggðinni en þess má geta að hlutfall landsbyggðarinnar hefur aukist hratt síðustu árin, var t.d. aðeins 28% árið 2006. Aukning í vottuðu námi í nemendastundum er 8% milli árána 2007 og 2008. Sambærilegar tölur fyrir árið 2009 liggja ekki fyrir.

Ár	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi nemendastunda	Fjöldi lokinna eininga	Fjármagn í krónum
2007	100	1.375	136.038	9.821	117.698.367
2008	118	1.509	147.237	11.414	163.423.905
Samtals	218	2.884	283.275	21.235	281.122.272

Nokkuð er um að vottað nám sé greitt af öðrum en FA og gefur næsta mynd yfirsýn yfir þróun vottaðs náms. Þegar bornar eru saman tölur á milli árána 2007 og 2008 sést að vottað nám greitt af FA eykst á milli ára á meðan samdráttur er í öðru einingarbæru námi fyrir markhóp FA.



Framlag til náms- og starfsráðgjafar hjá símenntunarmiðstöðvum


Árið 2009 er fjórða árið, sem fjármagni er veitt í náms- og starfsráðgjöf hjá símenntunarmiðstöðvunum og Mími-Símenntun. Samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið var ákveðið að verja 47,9 milljón-um til náms- og starfsráðgjafar fyrir markhópin á árinu 2008 ásamt 4,3 milljónum, sem voru eftirstöðvar ársins 2007. Vegna viðaukasamnings við menntamálaráðuneytið bættust 3,9 milljónir við ráðgjöfina í ljósi erfiðrar stöðu á vinnumarkaði. Samtals voru því kr. 56,1 milljón til ráðstöfunar árið 2008. Árið 2009 eru til ráðstöfunar í náms- og starfsráðgjöf um 53 milljónir en auk þess geta fræðsluáðilar sótt um fjármagn í sérstakan sjóð fyrir náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat en úthlutun úr þessum sjóði fer fram að hausti.

Á árinu 2008 voru haldnir 375 kynningarfundir í 322 fyrirtækjum. Fundina sóttu 3.590 ein-staklingar og komu 1.032 í viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa í framhaldi af kynningarfundum. Sjá mynd, Kynningar og viðtöl 2008.



Árið 2008 var heildarfjöldi einstaklingsviðtala 2.799, þar af var fjöldi endurkoma 819. Meðalverð sem FA greiddi fyrir hvert einstaklingsviðtal á árinu var 11.468 krónur. Níu af símenntunarmiðstöðvunum tíu náðu markmiðum sínum í einstaklingsviðtölum í náms- og starfsráðgjöfinni. Sjá mynd, Markmið og árangur 2008.

Markmið og árangur 2008



Framlag til náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats hjá fræðslu- miðstöðvum iðngreina

Í upphafi árs 2007 gerðu ASÍ og SA viðaukasamning við menntamálaráðuneytið. Í samningnum er FA falið að skilgreina nýtingu fjár sem ætlað er að gera fræðslu- miðstöðvum í löggiltum iðngreinum kleift að bjóða upp á þjónustu náms- og starfsráðgjafa. Einnig að FA þrói í samstarfi við þessa aðila aðferðir við raunfærni- mat sem eru til þess fallnar að nýtast einstaklingum sem hafa hafið iðnnám, en ekki lokið sveinsprófi.

Til þessa starfs var veitt 30 milljónum á árinu 2007 og skiptist hún í 13.773.500 vegna raunfærnimats og 16.226.500 vegna ráðgjafar. Á árinu 2008 var sambærileg upphæð kr. 31.100.000 krónur. Hins vegar kom til viðbótarfjármagn á árinu vegna nýs viðaukasamnings ASÍ og SA við menntamálaráðuneytið. Heildarupphæðin var því kr. 51.165.000 á árinu eða aukning í málaflökkinn um 65%. Fjármagnið skiptist þannig að kr. 32.241.000 fóru í raunfærnimat og kr. 20.924.000 í námsráðgjöf, þar af kr. 8.365.000 í fast framlag vegna ráðgjafarinnar, en 12.559.000 vegna viðtala við einstaklinga.

Raunfærnimat

Í iðngreinum hefur raunfærnimat fest sig í sessi og virðist að mestu ríkja sátt um framkvæmd milli skóla og atvinnulífs. Mikil aðsókn í þetta úrræði hefur einkennt árið og einnig fjölgaði þeim löggiltum iðngreinum þar sem boðið er upp á raunfærnimat. Fjöldi staðinna eininga á árinu 2008 var 4.774 á móti 2.469 árið 2007 eða 93% aukning. Verð á hverja staðna einingu var 6.753 krónur að meðaltali og er það lægra en gert var ráð fyrir. Stafar sú lækun af því að hjá IÐUNNI fræðslusetri voru 102 einingar metnar umfram árangursmarkmið.

Fræðsluaðili	Fjöldi einstaklinga	Fjöldi greiningsamstala	Fjöldi eininga í mati	Fjöldi staðina eininga	Árangursviðmið	Fjármagn	Verð pr. einingu
Alls	181	435	7.281	4.774	4.672	32.241.000	6.753
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins	22	123	463	411	411	2.837.000	6.903
ÍÐAN fræðslusetur	159	312	6.818	4.363	4.261	29.404.000	6.739

Alls fóru 181 einstaklingur í raunfærnimati í löggiltum iðngreinum á árinu 2008, 159 hjá ÍÐUNNI fræðslusetri og 22 hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins. Meðaltal staðinna eininga á mann eru 26,3 en eru eftir greinum frá 9 einingum í hárgreiðslu til rúmlega 46 eininga í vélvirkjun. Varast verður að draga ekki rangar ályktanir af þessu, því það er mismunandi hversu margar einingar voru undir í mati hverju sinni, bæði eftir einstaklingum og greinum.

Iðngrein	Fjöldi einstaklinga	Fjöldi greiningsamstala	Fjöldi eininga í mati	Fjöldi staðina eininga	Meðaltal staðinna eininga pr. einstakling
Bílgreinar	17	58	675	294	17,3
Framreiðsla	3	6	108	38	12,7
Hárgreiðsla	2	6	18	18	9
Húsasmíði	58	114	2.917	2.215	38,2
Ljósmyndun	3	6	144	44	14,7
Málaraiðn	27	54	1.245	528	19,6
Matartækni	16	32	304	154	9,6
Pípulögn	18	36	620	393	21,8
Rafvirkjun	22	123	463	411	18,7
Vélvirkjun	15	30	787	679	45,3

Bæði ÍÐAN fræðslusetur og Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins tóku þátt í raunfærnimati í löggiltum iðngreinum á landsbyggðinni árið 2008. Af þeim 181 einstaklingum sem luku raunfærnimati 2008 komu 68 einstaklingar af landsbyggðinni eða 38%.

Ráðgjöf í löggiltum iðngreinum

Náms- og starfsráðgjöf hjá fræðslumiðstöðvum löggiltra iðngreina snerist mjög mikið

um raunfærnimat. Engu að síður tóku þær einnig á móti einstaklingum í viðtöl og héldu kynningarfundum á vinnustöðum. Heildarfjöldi viðtala var 1.165. ÍÐAN fræðslusetur tók 928 viðtöl en Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins tók 237 viðtöl. Sjá töflu hér að neðan.

Fræðsluaðili	Raunfjöldi viðtala	Árangursmarkmið	Fé til ráðgjafar	Kostnaður við hvert viðtal
Samtals	1.165	1.163	12.559.000	10.780
ÍÐAN fræðslusetur	928	926	9.719.000	10.473
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins	237	237	2.840.000	11.983

Til viðbótar við ofangreindan kostnað var greitt fast framlag til fræðslumiðstöðva iðngreina vegna náms- og starfsráðgjafar.

Á vegum ÍÐUNNAR fræðslusetur voru haldnar 20 kynningar fyrir hópa. Fimmtán af þessum kynningum fóru fram á vinnustöðum aðrar voru haldnar á öðrum stöðum. Markmiðið með þessum kynningum var þríþætt; að kynna þjónustu náms- og starfsráðgjafa, að kynna starfsemi ÍÐUNNAR fræðsluseturs og að kynna raunfærni og verkefni tengd henni. Alls sóttu 212 einstaklingar þessar kynningar og af þeim komu 83 í viðtal hjá ráðgjöfum. Ráðgjöf hjá fræðslumiðstöðvum skiptist annarsvegar í ráðgjöf sem tengist raunfærnimati og hins vegar í ráðgjöf ótengdri henni.

Fræðsluaðili	Ráðgjöf tengd raunfærnimati	Ráðgjöf ótengd raunfærnimati
ÍÐAN fræðslusetur	312	616
Fræðsluráð rafiðnaðarins	123	114

Starfsemi FA samkvæmt þjónustusamningum

Viðtækt samstarf hefur tekist við flesta þá aðila, sem starfa að fræðslumálum á vegum ASÍ og SA. Allir skilgreindir samstarfsaðilar hafa komið til samstarfs á þeim árum sem liðin eru frá stofnun FA, þ.e. allar símenntunarmiðstöðvarnar, Mímír-símenntun, fræðslumiðstöðvar iðngreina, fræðslusjóðirnir Landsmennt, Sveitamennt, Ríkismennt, Starfsafl og Fræðslu-sjóður verslunar- og skrifstofufólks. Mikil þátttaka hefur einnig verið frá baklandi ASÍ og SA í samstarfsverkefnum, ber þar einkum að nefna SGS, VR, SAF og SVP. Fleiri en skilgreindir samstarfsaðilar hafa leitað eftir samstarfi við FA og hefur ráðið úrslitum um slíkt samstarf, hvort verkefni hafi samlegðaráhrif við þau þróunarverkefni sem FA vinnur að.

Húsfélag

Starfsemin hefur nú verið þrjú ár í Skeifunni 8, 2. hæð. Ásamt Fræðslumiðstöð atvinnulífsins leigja eftirtaldir aðilar húsnæði af FA: Mímír – símenntun, Háskólinn á Bifröst,

Fræðslusjúðirmir Landsmennt, Sveitamennt og Ríkismennt. Húsnæðið er rúmgttt og hafa samstarfsaðilar ekki þurft á því öllu að halda. Það hefur því að hluta til verið leigt út til óskylðra aðila. Þeim hefur þó fækkað og nú er eingöngu einn eftir í húsnæðinu. Að sama skapi hafa samstarfsaðilarnir aukið við húsnæði sitt. Símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa heimild til að nýta vinnu- og fundaraðstöðu hjá FA. Jafnframt er reynt að ná samlegðaráhrifum í þjónustu samstarfsaðilanna.

Þjónustu- og samstarfssamningar við fræðsluáðila

Í gildi eru þjónustusamningar við allar símenntunarmiðstöðvarnar, Mími-símenntun og fræðslumiðstöðvar iðngreina. Jafnframt eru í gildi þjónustusamningar við fleiri aðila, svo og ýmsir verkefnasamningar um námskrárgerð, gátlistagerð, o.fl. Á árinu jókst fjármagn til ýmissa verkefna og ný bættust við. Á haustmánuðum er verið að gera samninga við fræðsluáðila um aukið fjármagn til raunfærnimats og námsráðgjafar.

Nýjar námsleiðir

Á sl. ári voru gefnar út eftirtalðar námskrár;

Færni í ferðaþjónustu II. Að beiðni Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka ferðaþjónustunnar greindi Fræðslumiðstöð atvinnulífsins menntunarþarfir í ferðaþjónustu og skrifaði námskrá sem svaraði þeim þörfum. Námskráin lýsir 100 kennslustunda námi, sem er metið til allt að 9 framhaldsskólalæinga.

Námskrá í almennum bóklefum greinum var unnin sem þróunarverkefni á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Námið er einkum ætlað þeim sem eru í starfi og hafa ekki lokið prófi í almennum bóklefum greinum til brautskráningar úr framhaldsskóla. Menntamálaráðuneytið leggur til að námsleið þessi verði í boði bæði innan fullorðinsfræðslu og í framhaldsskólum til raunaskyni fyrst um sinn. Námskráin lýsir 300 kennslustunda námi, sem er metið til allt að 24 framhaldsskólalæinga.

Skrifstofuskólinn er námskrá sem byggir á námi sem Farskólinn á Norðurlandi vestra hafði séð um. Farskólinn sá um að skrifa námskrána að höfðu samráði við framhaldsskólakennara í skrifstofustörfum. Námskrá lýsir 240 kennslustunda námi í almennum skrifstofustörfum, sem er metið til allt að 18 framhaldsskólalæinga.

Sterkari starfsmaður – upplýsingatekni og samskipti er hönnuð og skrifuð af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með hliðsjón af þörfum fólks með stutta skólalagöngu sem vill auka færni sína í upplýsingatekni og til að takast á við breytingar. Námskrá fyrir námsleiðina lýsir 150 kennslustunda námi, sem er metið til allt að 12 framhaldsskólalæinga.

Starfsmátt á samgangna-, umhverfis- og framkvæmdasviði var skrifuð með hliðsjón af greiningu á fræðsluþörf starfsmanna Umhverfis- og framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar sem Mímir-símenntun annaðist samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Námskráin lýsir 200 kennslustunda námi, sem er metið til allt að 15 framhaldsskólalæinga.

Námskránnar hafa allar verið metnar til eininga á framhaldsskólalæingi. Það opnar möguleika fyrir þá sem ljúka námi samkvæmt þeim, að stytta nám sitt í framhaldsskólum landsins, kjósi þeir að hefja nám. Ekki hefur enn gefist möguleiki á að kanna hversu margir hafa nýtt sér þann möguleika.

Á árinu var jafnframt unnið að námsleið í ensku að beiðni nokkurra símenntunarmiðstöðva og námsleiðum í matvælaíðnaði undir forystu Fræðslusjúðsins Starfsafls.

Þróun námsefnis og framsetningar námsskráa er í undirbúningi með hliðsjón af viðmiðaramma Evrópusambandsins (EQF) og starfi menntamálaráðuneytisins við íslenskan viðmiðaramma (NQF). Námskráin í ensku er tilraunaverkefni að þessu leyti.

Á árinu tók Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir þátt í hópi á vegum Rannsóknarþjónustu HÍ og menntamálaráðuneytisins til undirbúnings ráðstefnu í ársbyrjun 2009. Vinnuhópurinn fjallaði um aðlögun evrópska viðmiðarammans (EQF) að íslenskum aðstæðum. Niðurstöður hópsins koma fram í skýrslu sem lögð var fram á ráðstefnu 26. febrúar og verður yfirfarin í ljósi niðurstaðna á ráðstefnunni og gefin út á árinu 2009.

Rannsókn á tveimur námsleiðum

Á árinu hófst undirbúningur að rannsókn á þeim tveimur námsleiðum sem FA hefur gefið út fyrir fólk með lestrar- og skriftarerfiðleika. Bakhópur hefur verið að störfum við að skilgreina spurningar til þátttakenda. Í bakhópnum eru fulltrúar samstarfsaðilanna, en verkefnið hlaut styrk frá Starfsmenntaráði. Samstarfsaðilar eru Félag lesblindra, Mímirsímenntun og KVASIR. Óskað var tilboða í framkvæmd rannsóknarinnar og var tekið tilboði frá Kná með Þóru Ásgeirsdóttur sem ábyrgðarmann. Niðurstaðna er að vænta í lok október.

Gæði náms

FA lauk vinnu í evrópska samstarfsverkefninu RECALL á árinu. FA tók við þessu verkefni þegar starfsemi Menntar var lögð niður. Verkefnið er umfangsmikið með þátttakendum frá 9 löndum. Lokaafurðir verkefnisins liggja fyrir, en þær leggja grunn að kerfi til vottunar fræðsluaðila. Verkefnið hefur verið kynnt hagsmunaaðilum og gæti nýst sem vottunarkerfi í tengslum við lög um framhaldsfræðslu.

EQM er afurð RECALL en EQM er gegnsætt matsferli fyrir fræðsluaðila að meta starfshætti sína út frá viðurkenndum gæðaviðmiðum. EQM er hannað til að mæta kröfum um gagnsemi náms og sameiginleg gæðaviðmið fyrir fræðsluaðila utan hins formlega skólakerfis. EQM byggist á árlegu sjálfsmati sem er yfirfarið af viðurkenndum matsaðila. Matsaðili er einnig til ráðgjafar um gæðamál meðan á matsferlinu stendur. Fræðsluaðilar sem uppfylla gæðaviðmið sem sett eru fram í EQM matseyðublöðunum fá að auglýsa fræðslustarfsemi sína með sérstöku gæðamerki. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sá um gerð vefsíðu verkefnisins og sér um hana til ársins 2011. Fjóra María Lárusdóttir og Guðfinna Harðardóttur voru verkefnisstjórar.

Námsnetið

Í september 2008 hóf Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að greiða mánaðarlega leigu fyrir afnot og viðhald Námsnets Stúdía auk hýsingar kerfisins og vistunar gagna. Lokagreiðsla fyrir sérvinnu var í apríl 2009. Námsnetið felur í sér umsóknarkerfi, samskiptakerfi leiðbeinenda og námsmanna, nemendabókhald, skipulag og bókhald fyrir námskeiðahald og fjármálabókhald. Einnig bókhald fyrir náms- og starfsráðgjöf, skýrslusmið fyrir skýrslur til Fræðslumiðstöðvar auk námsferilsskráningar. Enn er unnið að því að laga og próa einstaka þætti Námsnetsins að starfsemi símenntunarmiðstöðva og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Námsferilsskrár

Markmið með uppbyggingu námsferilsskráa er að finna auðveldla leið til að halda utan um námsferil einstaklinga í formlegu og óformlegu námi, jafnframt því að halda utan um raunfærnimat einstaklinga, jafngildingu mats miðað við formlegt nám, staðfesta færni á vinnumarkaði og hugsanlega einnig aðra færni sem ekki hefur verið metin né staðfest.

Frágangi námsferilsskráningar í Námsnetinu er ekki lokið meðal annars vegna þess að SKINNA, nýr gagnagrunnur menntamálaráðuneytisins, er ekki talinn tilbúinn fyrir samskipti við námsferilsskrá Námsnetsins.

Náms- og starfsráðgjafar geta notað nemendabókhaldið til að halda utan um starf sitt með ráðþegum.

Þróun mats á raunfærni

Þrátt fyrir stutta sögu virðist ríkja að mestu sátt um framkvæmd og aðferðafræði sem notuð er við raunfærnimat. Samstarf og samræður hafa verið lykillinn að þessum árangri auk þess sem fjármagni hefur verið stýrt með þeim hætti að það gerir kröfu um samstarf milli formlega skólakerfisins og símenntunarmiðstöðva.

Það er eðlilegt að tortryggni sé til staðar þegar nýjar leiðir eru farnar. Mikilvægi þess að allir hagsmunaaðilar hafi möguleika að koma skoðunum sínum að og þær fái vandaða umfjöllum hefur orðið okkur ljósari. Sifellt meiri þekking byggist upp og betur kemur í ljós hversu samstarf og góð verkefnastýring eru mikilvægir þættir í ferlinu. Einnig hefur það sýnt sig að eftirfylgni við einstaklinga sem hafa lokið raunfærnimati eykur verulega líkur á námi að loknu mati. Gleðileg dæmi um það eru að skólar hafa í auknu mæli búið til eða aðlagð námsúrræði fyrir hópa sem lokið hafa raunfærnimati.

Við vinnu vegna raunfærni hefur FA haft að leiðarljósi

- Að skapa sátt um framkvæmd milli hagsmunaaðila
- Að tryggja faglega framkvæmd en halda kostnaði í lágmarki.
- Að þekking sem metin er með raunfærnimati hafi sama vægi og þekking sem aflað er innan skólakerfisins.

Lagastöð

Á árinu 2008 voru samþykkt ný lög um framhaldsskóla og þar er kveðið á um raunfærnimat og rétt til þess. Í 31. grein laganna er kveðið á um rétt nemenda sem innritast í framhaldsskóla til að raunfærni sé metin til náms og námseininga, enda falli metin raunfærni að námskrá og námsbrautarlýsingum viðkomandi skóla. Viðurkennda raunfærni sem fellur utan brautarkjarna ber að meta sem valgreinar.

Auk þess var lagt fram frumvarp um framhaldsfræðslu (fullorðinsfræðslu) og í því frumvarpi er fjallað um raunfærnimat og ráðgjöf. Þessi lög náðu ekki fram að ganga en þar var ekki um að ræða andstöðu gagnvart innihaldi.

Því má segja að við séum komin hálf leið, búið er að tryggja að raunfærni er metin í skólakerfinu en eftir er að tryggja rétt einstaklings til raunfærnimats í fullorðinsfræðslu-kerfinu.

Framkvæmd

Verkefnum sem snúa að raunfærnimati má skipta í tvo hópa. Annars vegar þau verkefni sem snúa að löggiltum iðngreinum og hins vegar aðrar greinar. Verkefni sem snúa að raunfærnimati í iðngreinum hafa verið í miklum meirihluta og þá er verið að meta færni beint á móti námskrám úr skólakerfinu.

Raunfærnimat – iðngreinar

Samningar um framkvæmd raunfærnimats í iðngreinum eru milli FA annarsvegar og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins og IÐUNNAR fræðsluseturs hinsvegar. Þær sjá um verkefnastjórnun en verkefni eru unnin í samstarfi við framhaldsskóla og símenntunar- miðstöðvar eftir því sem við á.

Áætlaður meðalkostnaður við hverja raunfærnimatsmetna framhaldsskólaeiningu 2008/2009 er 8.392.- kr. Innifalið í þessum tölum er kynning, vinna með þátttakendum í hópum, ráðgjöf, raunfærnimat og ráðgjöf að loknu mati. Kostnaðurinn við raunfærni- matið er því um 1/3 af verklegrri einingu í framhaldsskóla.

Aftur í skóla eftir raunfærnimat í iðngreinum

Vísendingar hafa komið fram um að mikill fjöldi þeirra sem ljúka raunfærnimati í iðn- greinum snúi aftur í skóla. Fræðsluskrifstofur iðngreina höfðu samband við 249 aðila sem lokið höfðu raunfærnimati í iðngreinum á árunum 2007 og 2008. Kom í ljós að 182 (73%) af þeim höfðu hafið nám að nýju eftir að raunfærnimati lauk. Af þessum 182 höfðu 35 lokið sveinsprófi en gert er ráð fyrir því að sú tala hækki hratt á næstu tveimur árum. Ekki var um formlega könnun að ræða en niðurstöður gefa ánægjulega vísendingu.

Ein erfiðasta og helsta hindrunin fyrir einstaklinga að ljúka námi eru almennar bók- legar greinar. Árið 2008 kom út námskrá hjá FA um almennar bóklegar greinar sem miðuð er við fullorðna einstaklinga en er matshæf á móti framhaldsskólanámi. Vonast er til að hún verði í boði hjá sem flestum símenntunarmiðstöðvum fullorðinna í nánustu framtíð og framhaldsskólar meti hana að fullu á móti því námi sem kennt er hjá þeim.

Önnur raunfærnimatsverkefni

Vinna er að hefjast við að breiða út aðferðafræði í raunfærnimati til fleiri greina og fleiri samstarfsaðila. FA vinnur að því á haustmánuðum 2009 að úthluta fjármagni til nýrra verkefna.

Þjálfun matsaðila

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins útbjó stuðningsefni fyrir þá sem vinna að raunfærnimati. Afurðirnar eru annars vegar handbók og hins vegar 15 tíma námskeið.

Leiðbeiningarhandbókin hefur verið notuð sem námsefni á þjálfunarnámskeiðum fyrir matsaðila. Haft var að leiðarljósi að hún nýttist einnig eftir námskeiðið þ.e. þegar kemur að framkvæmd raunfærnimats.

Markmið námskeiðsins eru að þátttakendur:

- Geri sér grein fyrir þeim aðferðum og viðmiðum sem gilda um faglegt raunfærnimat samkvæmt gildandi kerfi.
- Séu tilbúnir að vinna að mótun jákvæðra viðhorfa til raunfærnimats á starfsvettvangi sínum og almennt í þjóðfélaginu
- Meti raunfærni á faglegan hátt og leysi úr álitamálum og noti viðmiðunarramma FA um gæði, tímalengd og niðurstöður.

Miklar umræður sköpuðust um raunfærnimat á námskeiðunum og þau reyndust góður vettvangur fyrir skoðanaskipti fulltrúa hagsmunaaðila. Alls sóttu 61 einstaklingur fjögur námskeið á síðasta ári eða samtals 888 nemendastundir.

Tilraunaverkefni

Félag tæknifólks í rafiðnaði

FA tók að sér verkefnisstjórn í verkefni á vegum Félags tæknifólks í rafiðnaði. Um er að ræða verkefni sem byggir á sömu hugmyndafræði og verkefnið Gildi starfar eftir. Markmiðið er að útbúa viðmið til að meta þekkingu tæknimanna sem vinna við hljóðvinnslu, lýsingu og myndvinnslu. Verkefnið er krefjandi og hópurinn sem um ræðir hefur þekkingu á fjölbreyttu sviði. Verkefnið var þrengt strax í upphafi og fyrsti áfangi þess snýr að hljóðvinnslu.

Stofnaður var faghópur sem vinnur að þarfagreiningu fyrir mismunandi þætti hljóðvinnslu. Þar er mjög horft til evrópskra viðmiðarammans (EQF) og einnig horft til þeirrar vinnu sem lögð hefur verið í íslenskan viðmiðaramma. (NQF)

Þegar fyrir liggur niðurstaða um hvernig greina á færni við hljóðvinnslu er gert ráð fyrir að útfæra hana fyrir lýsingu og myndvinnslu. Gert er ráð fyrir að stýrihópur fyrir þessi verkefni verði að mestu skipaður sömu aðilum úr atvinnulífinu. Þetta verkefni mun verða hluti af REVOW verkefninu, enda Félag tæknifólks í rafiðnaði samstarfsaðili í því verkefni.

Erlend samstarfsverkefni

CREAC - Leonardo verkefni 2006-2008

CREAC-verkefnið (Cooperation for the Recognition, Evaluation and Accreditation of Competences) hófst árið 2006 og lauk með lokaráðstefnu í Brussel haustið 2008.

Verkefnið miðaði að því að hanna og prófa aðferðafræði og ferli til að viðurkenna raunfærni sem náðst hefur með óformlegum og formlausum hætti einkum á sviði rekstrarfræði, viðskiptafræði og markaðsfræði.

Upplýsingar um aðferðafræði verkefnisins og afurðir þess er að finna á heimasíðu þess (www.creacproject.org).

Vorið 2009 verður átta nemendum í verslunarfagnámi hjá Mími-símenntun boðið raunfærnimat sem miðar að því að meta starfsþekkingu þeirra með það fyrir augum að stytta

verulega eða jafnvel að fá starfshluta námsins metinn að fullu til styttingar náms í framhaldsskóla.

OBSERVAL Leonardo verkefni 2008-2010

OBSERVAL verður gagnabanki um framvindu raunfærnimats í Evrópu. Verkefnið hlaut styrk Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlunar Evrópusambandsins. Flest ríki þess eiga fulltrúa í verkefninu en auk þeirra eru Noregur og Ísland aðilar. Sviss á áheyrnarfulltrúa.

Í hverju landi fyrir sig verður safnað saman upplýsingum um hvernig til hefur tekist með raunfærnimat og hverju matið hefur skilað. Meðal þess efnis sem safna á saman eru lög, reglugerðir, eyðublöð, kynningar, blaðagreinar, tölfræði og reynslusögur þeirra sem gengið hafa í gegnum matsferlið.

OBSERVAL er stýrt af EUCEN – *European University Continuing Education Network*. EUCEN er að grunni til belgísk stofnun sem hefur það að markmiði að efla símenntun innan háskólasamfélagsins og auka áhrif háskólasamfélagsins í þróun símenntunar í Evrópu. Félagar í EUCEN eru 212 talsins frá 42 löndum og aðalstöðvarnar eru í Barcelona. OBSERVAL verkefninu lýkur í desember 2010.

Viðurkenning á gildi starfa (REVOW) Leonardo verkefni frá 2009-2011

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sótti um styrk í Leonardo menntaáætlunina til að stýra verkefni um raunfærnimat í atvinnulífinu ásamt samstarfsaðilum frá Danmörku, Írlandi og Grikklandi. Á sumarmánuðum barst svar um að umsóknin myndi fá styrk og verður skrifað undir samning um miðjan september. Verkefnið er yfirfærsluverkefni á verkefninu Gildi starfa (VOW) sem lauk árið 2008. Í þessu nýja verkefni verður aðferðafræðinni dreift til fleiri landa, auk þess sem aðferðafræðin verður þróuð einkum með hliðsjón af evrópskum viðmiðaramma (EQF).

Hópur sérfræðinga um raunfærni á vegum NVL

Fulltrúar FA í norrænu sérfræðinganeti um raunfærnimat á vegum NVL voru á árinu Fjóla María Lárusdóttir og Haukur Harðarson. Sigrún Kr. Magnúsdóttir hefur leyst Fjólu Maríu af í barnsburðarleyfi hennar.

Hlutverk netsins er að:

- Móta stefnu og áherslur varðandi raunfærnimat á Norðurlöndum
- Ræða viðfangsefni
- Miðla og safna reynslu

Helstu verkefni lutu að því að safna saman upplýsingum um raunfærnimat og miðla upplýsingum um framkvæmd. Á árinu var lögð áhersla á að safna upplýsingum um verkfæri sem hægt er að nálgast með rafrænum hætti. Einnig er búið að leggja drög að hringborðsumræðum um raunfærnimat en raunfærnimat er eitt af áhersluverkefnum á vegum norrænu ráðherranefndarinnar árið 2009.

Íslenskur ráðgjafahópur starfar í tengslum við sérfræðinganetið og kom hann saman á árinu til að fjalla um þróunina hérlendis. Ráðgjafahópurinn skipa Auður Þórhallsdóttir Samskipum, Björn Garðarsson, Fagræði verslunar- og þjónustugreina, Fjóla María Lárusdóttir, FA, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Mími-símenntun, Iðunn Kjartansdóttir, IÐUNNI fræðslusetri og Heimir Jón Guðjónsson, Fjölbrautarskólanum í Breiðholti.

Þróun náms- og starfsráðgjafar

Náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk í atvinnulífinu er nú starfrækt hjá öllum símenntunarmiðstöðvunum og Mími-símenntun fjórða árið í röð, og hjá IÐUNNI fræðslusetri og Fræðsluskrifstofu rafíðnaðarins þriðja árið í röð með samningum við FA. Hlutverk FA er að halda utan um samstarfsnet þessara ráðgjafa og veita þeim handleiðslu og ráðgjöf eftir megni ásamt því að þróa ráðgjöfina í samstarfi við þá.

Samráðsvettvangur - fræðslufundir

Haldnir voru fimm fræðslu- og samráðsfundir með náms- og starfsráðgjöfum í samstarfsneti FA.

Fyrsti fræðslufundurinn var haldinn 12. september. Á þeim fundi var áhersla lögð á þróun gæðaviðmiða og skilgreiningu á hópráðgjöf. Einnig kynnti ein símenntunarmiðstöð framkvæmd ráðgjafar.

Haldinn var sérstakur fundur fyrir náms- og starfsráðgjafa úr samstarfsneti FA daginn fyrir ársfund. Þar kynnti Dr. David Blustein kenningar sínar og ræddi við náms- og starfsráðgjafa um starfsvettvang þeirra og hvað mikilvægast er í starfi með þeim sem hafa minnsta formlega menntun.

Þriðji fræðslufundur var haldinn 7. janúar. Á þeim fundi var lögð mikil áhersla á sjálfsefningu í starfi auk þess sem tvær símenntunarmiðstöðvar kynntu starfsemi sína. Einnig var kynntur endurhæfingarsjóðurinn VIRK.

Fjórti fundur var haldinn 17. apríl og var sá fundur sameiginlegur með ráðgjöfum Vinnuálastofnunar og til umræðu og kynningar voru málefni sem snúa að atvinnuleitendum og þjónustu við þá. Rætt var um hugsanlegt samstarf ráðgjafa Vinnuálastofnunar og símenntunarmiðstöðvanna til að mæta þeirri miklu þörf sem skapast hefur fyrir ráðgjöf við atvinnulaust fólk.

Fimmti fundurinn var haldinn 5. júní og var lögð áhersla á hópráðgjöf og sjálfsefningu, auk þess sem ein miðstöð kynnti starfsemi sína. Jafnframt var kynnt hlutverk náms- og starfsráðgjafa í raunfærnimatsferlinu. Fjallað var um hlutverk námsráðgjafarinnar í þarfa- greiningu fyrir markhóp FA.

Í heild voru haldnir 5 fræðslufundir. Fjöldi þátttakenda var 76. Nemendastundir í heild voru 444.

Verkfæri á vefnum

Á heimasíðu FA er lokað svæði fyrir náms- og starfsráðgjafa þar sem sett eru inn gögn sem nýtast þeim í starfi. Með reglulegum hætti er bætt við gögnum.

Vegna fjármálakreppunnar sem brast á í lok ársins með miklu atvinnuleysi var búin til upplýsingaveita á vefsíðu FA. Fljótlega kom í ljós að þessi vefsíða gagnast ekki hvað síst náms- og starfsráðgjöfum, þar sem strax varð vart við aukna ásókn þeirra sem misst hafa vinnu í náms- og starfsráðgjöf. Haft hefur verið samráð við náms- og starfsráðgjafa vegna innihalds síðunnar.

Þróunarstarf

Þar sem starfsemin hefur nú staðið yfir í hátt í 4 ár hefur mikil þróun átt sér stað í fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum. Þess vegna hefur verið lögð upp áætlun um kynningar á

starfi þeirra á fræðslufundum. Á þann hátt er hægt að deila reynslu af því sem vel hefur tekist svo og því sem miður hefur gengið.

Þróun aðferða í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun

Almennt má segja að starfið á árinu 2008 hafi skilað sér í að áfram hafi verið fylgst með nýjungum í kennslufræðum og unnið að þróun námstækni og kennsluáðferða sem hæfa markhópi FA. Á þessu ári var lögð áhersla á kennslufræðinámskeið vegna íslensku-kennslu fyrir útlendinga en einnig haldið áfram að viðað hugmyndum og aðferðum sem aukið geta gæði í fullorðinsfræðslu og miðla þeim til samstarfsaðila og annarra námskeiðum, fundum, ráðstefnum og með ráðgjöf.

Námskeið

Liður í því að auka gæði fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar er tilboð FA til samstarfsaðila sinna um námskeið í kennslufræði fullorðinna. Unnið var að því að þróa og endurskoða grunnkennslufræðinámskeiðið Stiklur sem ætlað er leiðbeinendum í fullorðinsfræðslu með áherslu á markhóp FA. Námskeiðið skiptist nú í 5 efniseiningar (módúla) sem samanlagt eru 35 klst. Hægt er að taka hverja einingu fyrir sig eða tefla þeim saman eftir þörfum og hentugleika hverju sinni. Unnið er að undirbúningi á 6 efniseiningunni. Haldin voru 9 námskeið á árinu fyrir 123 þátttakendur. Heildarnemendastundafjöldi var 1.403.

Samningur um verkefni í íslensku fyrir erlenda starfsmenn

Samningur var gerður við menntamálaráðuneytið um ýmis verkefni á sviði íslensku-kennslu fyrir erlenda starfsmenn sumarið 2008. Vinna við verkefnið hófst strax sl. haust. Helstu viðfangsefni eru:

- 1) Að halda fimm námskeið fyrir kennara í íslensku á grundvelli samstarfs við Ísbrú og Háskóla Íslands með tilliti til innihalds og skipulags námskeiðanna. Einnig átti að greina þörf og gera áætlun um frekara námskeiðahald. Fjögur námskeið hafa verið haldin fyrir 51 þátttakanda. Heildarnemendastundafjöldi er 1.086. Síðasta námskeiðið af 5 á að fjalla um framhaldsnámsskrá, sem ekki er komin út.
- 2) Taka þátt í undirbúningsvinnu á vegum menntamálaráðuneytisins vegna hönnunar vefsíðu er veiti upplýsingar um íslenskukennslu fyrir útlendinga ásamt því að safna námsefni og meta gæði þess. Unnin hefur verið undirbúningsvinna í þessu verkefni í samstarfi menntamálaráðuneytisins og FA, en verkefninu hefur seinkað sökum óöryggis í fjármögnun þess hjá MRN.
- 3) Námsfнисgerð í íslensku fyrir útlendinga, leita tilboða, auglýsa styrki og kanna skilmála um höfundarrétt. Í gangi er vinna við námsefnisgerð með fyrstu námsskrá í íslensku fyrir útlendinga. Höfundar munu skila af sér efni síðar í haust og í byrjun næsta árs. Ekki hefur verið auglýst eða veittir aðrir styrkir til námsefnisgerðar sökum óöryggis í fjármögnun þessa verkefnis hjá MRN.
- 4) Gera tillögu að námsskrá fyrir framhaldsnám í íslensku sem ætluð er aðfluttum einstaklingum af erlendum uppruna sem lokið hafa fyrri námsskrá.

Fengnir voru þrjú sérfræðingar í kennslu og námsskrárgerð til að vinna að verkinu ásamt verkefnisstjóra og einnig var leitað til annarra sérfræðinga um yfirllestur og athugasemdir.

Þau sem störfuðu að námsskrárförum voru: Inga Karlsdóttir kennslufræðingur og íslenskukennari, Samúel Lefever, lektor við HÍ og sérfræðingur í Evrópsku tungumálamöppunni, Þorbjörg Halldórsdóttir, íslenskufraeðingur og kennari í íslensku hjá Mími símenntun, Sigrún Jóhannesdóttir, kennslufræðingur og verkefnisstjóri hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Tillögunni var skilað inn til ráðuneytisins í lok apríl.

Söfnun og miðlun upplýsinga

Ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er gefið út einu sinni á ári í tengslum við ársfund félagsins. GÁTT er liður í kynningu á málefnum þeim sem Fræðslu- miðstöð atvinnulífsins hefur verið falið að vinna að. Gátt 2008 fjallar um fullorðinsfræðslu með áherslu á gæði í starfinu, en einnig eru greinar um önnur viðfangsefni FA. Gátt er vandað rit, 93 síður að lengd. Ritið var sent mjög víða, m.a. til framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og bókasafna. Það er notað til kennslu í fjórum háskólum HÍ, HA, LHÍ og KHÍ. Ársritið er einnig á vef Fræðslumiðstöðvarinnar, www.frae.is.

Ársfundur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins var haldinn 20. nóvember á Grand Hóteli.

Fundinn sátu um 80 manns. Guðrún Eyjólfsdóttir, formaður FA setti fundinn. Dr. David Blustein ráðgjafasálfræðingur frá Boston hélt erindi um náms- og starfsráðgjöf á breyttum tímum með hliðsjón af hattvæðingu, atvinnu og nýrri stöðu í hagkerfum. Ingigerd Green, ráðgjafi frá Gautaborg hélt erindi um nýja leiðtogahugsun til samkeppnishæfni, sjálfbærni og velferðar. Egill Þórarinsson og Svanur Þ. Brandsson sögðu frá reynslu sinni, en þeir tóku báðir þátt í Raunfærnimatsverkefninu „Bættu um betur“ í húsasmíði hjá IÐUNNI fræðslusetri sem lauk í júní 2007. Veitt var viðurkenningin fyrirmynd í námi fullorðinna og hlutu hana þeir Halldór Eyþórsson og Ómar Örn Jónsson. Halldór Eyþórsson er kjötíðnaðarmaður og lauk námsleiðinni „Aftur í nám“ hjá Mími-símenntun haustið 2007. Árið 2008 lauk hann „Grunnmenntaskólanum“ einnig hjá Mími-símenntun og hóf sama ár nám í kennsluréttindanámi á menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Ómar Örn Jónsson lauk námsleiðinni „Aftur í nám“ hjá Þekkingarsetri Þingeyinga á Húsavík haustið 2007. Að því loknu fór hann í raunfærnimat í húsasmíði hjá Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (Símeý) í samstarfi við Verkmenntaskólann á Akureyri og IÐUNNI fræðslusetur. Áður en Ómar hóf námið hjá Þekkingarsetri Þingeyinga hafði hann unnið við húsasmíðar og ekki stundað formlegt nám síðan hann var unglingur fyrir utan fjarnám í húsasmíðum sem hentaði honum ekki.

Fundarstjóri var Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tók þátt í að skipuleggja ráðstefnu sem haldin var á vegum Rannsóknarþjónustu háskólans þann 11. desember. Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir hélt erindi um samstarfshóp um menntunarræði. 110 manns sóttu ráðstefnuna.

Kynningarefni

Vefsvæði Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins www.frae.is tók breytingum á árinu 2009 þegar nýr vefur fór í loftið í byrjun árs. Á vefsvæðinu má finna allt það efni sem gefið hefur verið út af FA. Þar eru bæði námsskrár, ársritið Gátt, bæklingar, o.fl.

Í byrjun mars 2009 opnaði vefurinn www.menntatorg.is en ábyrgð og umsjón með verkefninu er í höndum FA. Hugmyndin að vefsvæðinu kom frá Samstarfshópi um menntunarræði sem stjórn FA kom á laggirnar haustið 2008 en vefurinn er hugsaður fyrir þá sem eru 20 ára og eldri, hafa ekki lokið framhaldsskóla, eru atvinnulausir og eru að leita sér að stuttu námi eða námskeiði. Þá má nefna að FA sá einnig um vinnu við að gefa út kynningarbækling um vefsvæðið www.menntatorg.is en þar er að finna stutta lýsingu á því sem er að finna á vefsíðunni.

Á árinu 2009 hóf FA undirbúning að útgáfu á tveimur kynningarbæklingum um vottaðar námsleiðir og er ráðgert að þeir komi út síðar á árinu en það eru námsleiðirnar Sterkari starfsmaður og Færni í ferðapjónustu II.

Önnur verkefni FA

NVL, Norrænt tengslanet um nám fullorðinna

NVL (Norrænt tengslanet um nám fullorðinna) er starfrækt á vegum Norrænu ráðherra-nefndarinnar. FA var vinnuveitandi ritara framkvæmdastjóra NVL fyrri helming ársins 2009. Umsjón með tengslanetinu var flutt frá Svíþjóð til Noregs um mitt ár 2009. Störf tengiliða þjóðanna voru auglýst, FA sendi umsókn með tillögu um Sigrún Kristínu Magnúsdóttur sem tengilið fyrir Íslands hönd. Í kjölfarið var gerður nýr samningur um verkefnið frá 1. júlí 2009 til ársloka 2012.

Ísland hefur haft forgöngu um nokkur verkefni NVL. Meðal þeirra vinnu norræns Bankabanka, um færni til framtíðar. Í nóvember 2008 hélt NVL á Íslandi, í samstarfi við Símei, ráðstefnu á Akureyri sem bar yfirskriftina: Hvernig sköpum við atvinnulíf framtíðarinnar? við góðar undirtektir. Annað verkefni í umsjón Íslands er DISTANS hópurinn um fjarkennslu. Þá hafa tveir íslenskir bakhópar starfað á árinu, annar um gæði í fullorðinsfræðslu og hinn um raunfærnimat.

Distans hópurinn hefur haldið röð námsstefna um tæknistutt nám á árinu. Námsstefnurnar hafa verið bæði staðbundnar en einnig með þátttöku á vefnum. Sú fyrsta var haldin í september í Finnlandi, önnur á Íslandi í desember, þriðja í febrúar í Noregi. Þá stóð hópurinn að tveggja daga ráðstefnu í Kaupmannahöfn í maí „ON THE GO“ Umfjöllunarefnið var nám stutt fartækni, fartölvum, farsímum og öðrum handbúnaði. Fyrri dagurinn var nokkuð hefðbundinn með fyrirlesturum og umræðum, en seinni daginn fóru þátttakendur vítt og breytt um Kaupmannahöfn í heimsóknir til fyrirtækja, stofnana og skóla og fengu kynningu á hönnun náms, fræðslu og kennsluefnis með það að leiðarljósi að hægt sé að nálgast og nýta nánast hvar og hvenær sem er.

Óhætt er að fullyrða að NVL á Íslandi hefur valdið straumhvörfum í fullorðinsfræðslu á Íslandi því þeim, sem tekið hafa þátt í umræðunni um fullorðinsfræðslu á landinu, hefur fjölgað verulega. Fjöldi þátttakenda í málstofum og ráðstefnum á vegum NVL á Íslandi og samstarfsaðila var á árinu hátt á sjöunda hundrað hvaðanæva af Norðurlöndunum. Samsetning þátttakenda er ólík frá einum viðburði til annars. Flestir eru frá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum og stéttarfélögum, síðan fylgja fulltrúar frá fræðsluáðilum atvinnulífsins og formlegri fullorðinsfræðslu á Íslandi. En það vekur athygli að meðal þátttakenda í viðburðum á vegum Distans eru flestir þátttakendur frá háskólum og opinberum stofnunum.

Fagråd verslunar og þjónustu

Í samningi milli Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Starfsmenntasjóða verslunar- og skrifstofufólks og Fagráðs verslunar- og þjónustugreina (FVÞ) er Fræðslumiðstöð atvinnulífsins falið að framkvæma tiltekin viðfangsefni á sviði fræðslumála. Að FVÞ standa Landssamband íslenskra verslunarmanna (LIV), VR og Samtök atvinnulífsins (SA).

Fjórða starfsári Fagráðsins er nú að ljúka. Eftirfarandi markmið hafa verið í starfinu:

- hafa eftirlit með að starfstengt nám fyrir verslunar- og þjónustugreinar fari fram samkvæmt þörfum og óskum fyrirtækjanna og nemendanna
- vakta nýjar menntaþarfir innan greinanna og koma þeim í framkvæmd
- skapa tengingu við menntamálaráðuneytið og halda uppi hagsmunum og áframhaldandi þróun starfsnáms fyrir verslunar- og þjónustugreinar
- kynna starfsemi Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks
- koma af stað námskeiðum eftir þörfum og óskum
- stuðla að og styðja við námskrárgerð

Unnið hefur verið að frangangi þessara verkefna á sama hátt og áður, en Fagráðið hefur fengið til sín nokkur ný verkefni.

Í byrjun árs 2007 var gerður samningur milli FVÞ og Starfsgreinaráðs skrifstofu- og verslunargreina (SSV) um að FVÞ taki að sér að sinna reglulegri starfsemi SSV. Hafa þau verkefni að mestu lotið að nýrri aðalnámsskrá framhaldsskóla. Í lok ágúst staðfesti menntamálaráðuneytið nýja tveggja ára námskrá „Starfsnám þjónustu í skrifstofu- og verslunargreinum“ sem skiptist annars vegar í grunnnám og síðan velja nemendur sér ýmist skrifstofubraut eða verslunarbraut.

Eins og heiti námsins gefur til kynnar er um starfsnám að ræða og hefur FVÞ í samstarfi við Mími-símenntun unnið ferilmöppur fyrir nemendur til nota í starfsnáminu. Þá útbjó FVÞ námskeiðspakka fyrir verðandi leiðbeinendur í starfsnámi. Auk þess hefur verið unnið að kynningu á náminu meðal fyrirtækja. FVÞ hefur verið í góðu sambandi við framkvæmdaraðila námsins og aðstoðað nemendur við að finna sér fyrirtæki til að stunda starfsnámið hjá, auk þess að vera einstaka fyrirtækjum innan handar við framkvæmd þess.

ReTAiL (Retal Management for Adults in Lifelong Learning) er verkefni á vegum menntaætlunar Evrópusambandsins. Verslunarskóli Íslands leiðir verkefnið en FVÞ er þátttakandi fyrir milligöngu FA. Auk Íslendinga taka Finnar og Skotar þátt í verkefninu. Markmið verkefnisins er gerð rafræns námsefnis til kennslu í verslunarstjórnun. Er hér um yfirfærsluverkefni að ræða sem byggir á að nýta fyrirliggjandi hugmynda- og aðferðafræði til gerðar námsefnis sem nýtist öllum þátttökulöndunum.

FVÞ hefur í samstarfi við Rannsóknarsetur verslunarinnar og Capacent unnið að rannsókn á menntaþörf meðal lægstu stjórnenda í þjónustufyrirtækjum. Rannsóknin er unnin með styrk frá Starfsmenntaráði og stýrt af Rannsóknarsetri verslunarinnar. Í rannsókninni er leitast við að greina helstu færniþætti sem krafist er að lægsta stjórnendalagið hafi vald á og hvernig þeir sjálfir og næstu yfirmenn þeirra meti færni þeirra fyrrnefndu til að beita henni. Markmiðið er að kanna hvort lægstu stjórnendur búi almennt yfir þeirri færni sem krafist er af þeim og ef svo er ekki að geta þá í framhaldinu þróað fræðsluefni sem uppfyllir þarfir þeirra. Stefnt er á að niðurstöður verði komnar fyrir lok árs 2009.

Verslunarfagnám var kennt af Mími-símenntun veturinn 2008-2009 og útskrifuðust

átta nemendur vorið 2009. Þar var í fyrsta sinn beitt aðferðum raunfærnimats til að meta starfsþekkingu nemendanna. FVP vann með Mími-símenntun að undirbúningi og framkvæmd matsins.

Í kjölfar uppsagna starfsmanna hjá nokkrum verslunarfyrirtækum síðastliðinn vetur fór FVP í samstarfi við Mími-símenntun og að ósk nokkurra fyrirtækja í skipulagðar heimsóknir þar sem kynnt var ókeypis námsráðgjöf til handa öllum starfsmönnum auk þess sem FVP kynnti Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks og nokkrar af þeim námsleiðum og námskeiðum sem í boði eru og styrkt eru af sjóðnum. Alls voru yfir 100 vinnustaðir heimsóttir og rætt við á sjötta hundrað manns.

Mímir-símenntun

Árið 2008 einkenndist öðru fremur af stöðugleika í rekstri og nýjum tækifærum á sviði fullorðinsfræðslu. Reksturinn var í góðu jafnvægi og skilaði 5% tekjuafgangi. Áhersla var lögð á að styrkja góð tengsl við samstarfsaðila og markhóp Mímis- símenntunar sem er fullorðið fólk með stutta formlega skólagöngu og fólk ef erlendum uppruna. Framan af ári var starfsemi Mímis hefðbundin en í ljósi efnahagsástandsins tók starfið nokkrum breytingum síðustu mánuði ársins. Um leið og ytri tengsl voru eflað var lögð áhersla á að styrkja innviði fyrirtækisins, s.s. ýmis innri gæða- og skipulagsmál til að tryggja gæði og auka skilvirkni í starfinu. Lokið var innleiðingu skjalastjórnunarkerfis sem er öflugt stjórnþæki og hafinn var undirbúningur að innleiðingu nýs nemendabókhaldskerfis.

Í fræðslufyrirtæki er þekkingarmiðlun mikilvæg og liður í því eru skipulagðir fræðslufundir starfsmanna tvisvar í mánuði. Stjórnendur Mímis leggja áherslu á gott starfsumhverfi og fengu allir starfsmenn ráðgjöf um góðar vinnuástæður, tækifæri til að taka þátt í heilsufarsmælingum og hvatningu um heilbriggt lífferni. Haldið var þjónustunámskeið fyrir starfsfólk enda er mikilvægur hluti starfsins þjónusta. Einnig hófst vinna við áhættumat á vinnustað sem ljúka mun á þessu ári.

Náms- og starfsráðgjöf jókst mikið á árinu og stöðugt fleiri einstaklingar og fyrirtæki leituðu til ráðgjafa um kynningarfundir og einstaklingsviðtöl. Vegna efnahagsástandsins hafa mörg fyrirtæki þurft að segja upp starfsfólki og hafa nokkur þeirra óskað eftir náms- og starfsráðgjöf fyrir starfsmenn, bæði þá sem missa vinnuna og þá sem halda henni. Hefur þetta gefið góða raun.

Fjöldi samtaka, fyrirtækja og stofnana hafa óskað eftir kynningum á starfi Mímis og skipulagi fullorðinsfræðslunnar. Starfsfólk Mímis hefur reynt að mæta þessari eftirspurn bæði innanlands sem utan.

Bankahrúnið í október 2008 lét starfsfólk og starfsemi Mímis ekki ósnortið. Lögð var áhersla á að Mímir ætti að vera skjól fyrir nemendur og starfsfólk og fólk hvatt til að hafa aðgát í nærveru sálar og forðast æsinga- og öfgakennda umræðu og viðbrögð. Það er einbeittur vilji starfsfólks Mímis að leggja sitt af mörkum til að styðja við bakið á þeim þúsundum einstaklinga sem misst hafa vinnuna og aðstoða þá við að finna ný tækifæri.

Nám fyrir atvinnulífið

Deildin Nám fyrir atvinnulífið sá um mörg mikilvæg og áhugaverð verkefni á árinu og var kennsla samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stór þáttur í starfsemi.

Starfstengd námskeið

Fjöldi námskeiða sem tengjast beint starfi þátttakenda dróst lítillega saman á árinu. Eftirtalin starfstengd námskeið voru kennd eftir námskrám frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins:

Fagnámskeið I og II fyrir starfsfólk sem starfar við umönnun og aðhlyningu

Þátttaka var góð á þessum námskeiðum sem leggja áherslu á námsþætti sem nýtast starfsmönnum í starfi og einkalífi og styrkja þá í vinnu sinni með skjólstæðingum. Mikill meirihluti þátttakenda voru starfsmenn af erlendum uppruna.

Fagnámskeið fyrir starfsfólk leikskóla

Þrjú slík námskeið voru haldin á árinu en þau eru undanfari leikskólalábrúar sem gefur nemendum sem uppfylla tiltekin skilyrði kost á að ljúka leikskólaláðanami á skemmri tíma en ella.

Verslunarfagnám

Einn hópur hóf nám í nýju verslunarfagnámi sem er þriggja anna nám sem er ætlað að auka verslunarfærni og efla almenna og persónulega færni starfsfólks til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni í nútímaverslun.

Þjónustuliðar-grunnám

Á vormánuðum var haldið námskeið, samkvæmt nýrri námskrá, fyrir þjónustuliða sem starfa við ræstingar á heilbrigðisstofnunum.

Flutningaskóli Samskipa

Flutningaskóli Samskipa er sérhæfður skóli í vöruflutningum sem starfræktur er í samstarfi við Samskip og fór í fyrsta skipti af stað sl. haust. Kennir samkvæmt námskránni: Vöruflutningaskólinn.

Nám fyrir öryggisverði

Nám fyrir starfandi öryggisverði þar sem fjallað er um öryggisþjónustu og samfélag, vinnuumhverfið, eigin velferð og öryggi, brunavarnir, skyndihjálpar og staðbundið eftirlit.

Jarðlagnatækni

Mikil eftirspurn var eftir þessari námsleið sem ætluð er þeim sem vinna við nýlagnir, endurbætur, viðhald og viðgerðir rafstrengja, vatnslagna, hitalagna, fjarskiptalagna og fráveitna í jörð, og fóru tveir hópar af stað í lok ársins.

Færni í ferðaþjónustu I

Eitt námskeið var haldið fyrir starfsmenn Fosshótela og byggði námskeiðið á námskránni Færni í ferðaþjónustu I.

Eininganám

Tveir nemendahópar luku námi sem félagsliðar af félagsliðabru og þrír nemendahópar

luku námi sem leikskólaliðar af leikskólalábrú en í báðum námsleiðunum eru kenndir áfangar samkvæmt námskrám menntamálaráðuneytisins.

Sérhæfing

Þá voru, í samvinnu við Eflingu-stéttarfélag, haldin tvö 56 stunda námskeið í framhaldsnámi félagsliða um heilabilun, eitt á vorönn og eitt á haustönn. Á árinu var í samstarfi við Eflingu- stéttarfélag hannað 56 stunda framhaldsnám fyrir leikskólaliða um börn með sérþarfir.

Almenn námskeið

Til almennra námskeiða teljast þau námskeið sem ekki falla undir ákveðna starfsgrein. Um er að ræða nám sem er til þess fallið að styrkja undirstöðuþekkingu og færni þátttakenda.

Mikil eftirspurn var eftir námi í Grunnmenntaskólanum og luku tveir hópar námi um vorið og einn hópur hóf nám um haustið. Fimm hópar luku námi úr námsleiðinni Aftur í nám sem ætluð er einstaklingum með lesraskanir. Einn hópur lauk Landnemaskólanum sem er nám fyrir fólk af erlendum uppruna sem náð hefur nokkrum tókum á íslensku og einn hópur hóf nám í Landnemaskólanum á haustönninni.

Nám fyrir fólk í atvinnuleit

Aftur í starf er heiti námskeiðs sem hugsað er fyrir einstaklinga sem hafa verið án atvinnu í nokkurn tíma. Á árinu voru þrjú slík námskeið haldin fyrir Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins.

Vegna aðstæðna í samfélaginu hófst í lok árs aukið samstarf við Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins um námskeið fyrir einstaklinga í atvinnuleit og var grunnurinn lagður að námskeiðum sem hófust síðan í byrjun árs 2009.

Þjónustusamningur við ASÍ um félagfræðslu

Á árinu var haldið áfram að vinna samkvæmt þjónustusamningi við Félagsmálaskóla alþýðu um félagslega fræðslu og námskeið fyrir talsmenn verkalýðshreyfingarinnar. Í mars 2008 var í fyrsta skiptið kennt samkvæmt nýrri námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Trúnaðarmannanámskeið I og II. Mæltist þetta vel fyrir og gekk vel að samræma eldri og yngri efni auk þess sem miklu skiptir að trúnaðarmenn hafi möguleika á að fá námið metið til eininga í framhaldsskóla.

Sem fyrr voru námskeið fyrir trúnaðarmenn stærsti þátturinn en þau voru 32 á árinu. Haldin voru 23 námskeið fyrir stjórnir, starfsmenn og annað lykilmál stéttarfélaganna.

Á árinu tókst samkomulag um samstarf við framkvæmd trúnaðarmannafræðslu fyrir félög innan BSRB. Ánægjulegt er hversu samvinnan og samstarfið um trúnaðarmannafræðslu ASÍ og BSRB hefur tekist vel. Kennst hefur verið eftir þessu fyrirkomulagi um allt land og hefur samstarfið komið sér vel fyrir báða aðila.

Haldnar voru þrjár námsstefnur á árinu í samstarfi við Starfsgreinasambandið og Félagsmálaskólann fyrir starfsmenn og forystu stéttarféлага innan Starfsgreinasambandsins. Tvær báru yfirskriftina „Viðbrögð stéttarféлага við efnahagsástandinu“ og fjölluðu um viðbrögð stéttarféлага við aðstæðum í samfélaginu þar sem búist er við

auknu atvinnuleysi og öðru því sem er til þess fallið að reyna mikið á starfsmenn stéttarfélaganna. Einnig var haldin námsstefna fyrir starfsmenn og forystu stéttarfélaga innan Starfsgrainasambandsins.

Þessar námsstefnur tókust afar vel og bentu þátttakendum á mikilvægi þess að slíkar námsstefnur væru haldnar reglulega þar sem starfsmenn gætu hist, eft sig í starfi, borið saman bækur sínar og styrkt tengslanetið.

Fjölmennning og frístundir

Á árinu 2008 voru haldin 305 námskeið í deildinni Fjölmennning- og frístundir sem skipstust í fjóra flokka: Tungumál, íslenska fyrir útlendinga, gagn og gaman og listir og menning. Þátttakendum voru á öllum aldri, allt frá fimm ára og upp í áttrætt, samtals 3.227 manns. Konur voru í áberandi meirihluta, eða ríflega 65% á móti 35% karla. Konum fjölgaði einnig hlutfallslega á árinu meðan körlum fækkaði. Mikil fjölgun varð í íslenskunámi fyrir útlendinga, eða ríflega 9% frá fyrra ári. Aðsókn jókst mjög í efri stig námsins og skýrir það þessa aukningu.

Tungumál

Samtals voru á árinu haldin 76 tungumálanámskeið, mörg hver á mismunandi þyngdarstigum. Langflestir sóttu námskeið í spænsku og ensku, en áhugi nemenda hjá Mími á tungumálum frá fjarlægum málsvæðum s.s. japönsku, kínversku, rússnesku og arabísku var einnig áberandi. Sama má segja um Norðurlandamálin, þá sérstaklega norsku, en þar fjölgaði nemendum verulega.

Í vöxt færast að félög og fyrirtæki óski eftir tungumálanámskeiðum á vinnustað en Mímir hefur sérsniðið slík námskeið að þörfum hvers og eins. Á árinu voru sex slík námskeið haldin fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu.

Íslenska fyrir útlendinga

Markmið þessara námskeiða er að þjálfa nemendur í grunnþáttum tungumálsins með sérstakri áherslu á íslenskt talmál. 157 námskeið voru haldin og kennt var á fimm mismunandi stigum, en auk þess var boðið upp á ritunar- og talþjálfunarnámskeið fyrir lengra komna.

Sérstakir byrjendahópar voru fyrir fólk frá Taílandi, Víetnam og Kína, og fyrir þá sem tala Norðurlandamálin, spænsku eða slavnesk tungumál. Kennarar þessara hópa tala tungumál hópsins og nota það til stuðnings í kennslunni eftir þörfum. 30 starfstengd námskeið voru haldin á vinnustöðum. Á námskeiðunum var leitast við að tengja orðaforða við daglegar athafnir og nánasta umhverfi á vinnustaðnum. Kennt var á mörgum sviðum atvinnulífsins, s.s. á heilbrigðisstofnunum, í flutninga-, bygginga- og tæknifyrirtækjum.

Nemendur gátu komið í stöðumat sér að kostnaðarlausu til þess að meta kunnáttu sína og finna námskeið við sitt hæfi.

Endurskoðun á íslensku fyrir útlendinga

Í samræmi við námskrá menntamálaráðuneytisins um íslensku fyrir útlendinga hefur verið unnið að endurskoðun námskeiða, námsefnis og kennsluáferða.

Gagn og gaman

Áhugi var mikill á námskeiðum í þessum flokki sem spannar vítt svið og voru á árinu

haldin 26 námskeið, þar af eitt á vinnustað. Námskeið um Feng-Shui fræði naut vinsælda. Einnig námskeiðið Vinamót sem tekur á því helsta sem gestur og gestgjafi þurfa að hafa í huga þegar veislur eru annars vegar. Námskeið um íslenskar nýtjajurtir og moltugerð voru einnig vel sótt.

Áhugi á handverki fer vaxandi og merktum við töluverða aukningu í aðsókn á sauma- og þrjónanámskeið frá fyrra ári.

Listir og menning

Námskeið í þessum flokki eru ekki síður fjölbreytileg, en 16 slík voru haldin á árinu. Vinsælust voru námskeið sem tengja saman ferðalög og fróðleik, s.s. námskeiðið Skuggi vindsins sem fjallar um sögu Barcelona. Myndlistarnámskeið voru vel sótt, en af öðrum námskeiðum sem boðið var upp á má nefna námskeið um örþjóðir í Evrópu, menningarheim araba, manga - japanskar myndasögur, leirlistarnámskeið og leiklistarnámskeið.

Náms- og starfsráðgjöf

Frá upphafi ársins 2006 hefur Mímir- símenntun tekið þátt í verkefninu Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað, en verkefnið byggir á samningi Mímis og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Tilgangur verkefnisins er að hvetja fólk á vinnumarkaði, einkum þá sem hafa stutta formlega skólagöngu að baki og fólk af erlendum uppruna, til að styrkja stöðu sína með þátttöku í símenntun og starfsþróun.

Frankvæmdin felst í að náms- og starfsráðgjafar halda kynningarfundir á vinnustöðum um gildi símenntunar, þjónustu náms- og starfsráðgjafar og möguleika á styrkjum úr fræðslusjóðum. Að lokinni kynningu er fólk boðið upp á einstaklingsviðtöl á vinnustaðnum eða í húsnæði Mímis- símenntunar.

Árið 2008 voru haldnir 190 kynningarfundir á 183 vinnustöðum sem er mikil aukning frá árinu áður. Skýringin er m.a. að á ákveðnu tímabili var lögð áhersla á að heimsækja smærri vinnustaði þar sem haldnir voru óformlegir kynningarfundir.

Fjöldi viðtala hefur aukist jafnt og þétt milli ára og hafa konur verið duglegri að sækja ráðgjöfina en hlutfall þeirra var rúm 75% á árinu 2008. Í einstaklingsviðtölum var algengast að leitað væri eftir aðstoð við að skoða möguleika á námi, greina hindranir og gera áætlun um næstu skref. Í takt við aðstæður í þjóðfélaginu undir lok ársins jókst hlutfall ráðþega sem óskuðu eftir aðstoð við gerð ferilskrár og skipulagningu starfsleitar.

Við lok ársins 2008 höfðu um 2.400 viðtöl verið tekin hjá Mími í verkefninu Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað. Ferlið hefur getið af sér mikla reynslu og þekkingu á þörfum markhópsins og í ljósi aðstæðna á vinnumarkaði vænta ráðgjafar Mímis þess að geta veitt enn fleirum úr markhópnum aðstoð og stuðning á komandi ári.

Raunfærnimat

Hugtakið raunfærni merkir þá færni sem einstaklingur hefur öðlast með ýmsum hætti, s.s. með starfsreynslu, skólanámi, starfsnámi, frístundanámi, félagsstörfum og fjölskyldulífi. Raunfærnimat byggir á því að meta þá færni og þekkingu sem einstaklingur hefur öðlast á sínum lífsferli.

Á árinu 2008 voru þrjú raunfærnimatsverkefni framkvæmd með tveimur starfshópum. Tvö verkefni fyrir starfsmenn bankastofnana og eitt tilraunaverkefni í leikskólalábrú.

Raunfærnimat fyrir bankastarfsmenn

Í fyrra verkefninu, sem framkvæmt var á vorönn 2008, tóku 22 einstaklingar frá sex fjármálafyrirtækjum þátt og á haustönn voru 19 þátttakendur frá fimm fyrirtækjum.

Verkefnið er samstarfsverkefni Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF), Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, fjármálafyrirtækja og Mímis- símenntunar sem hefur séð um framkvæmdina. Verkefnið byggir á aðferðafræði og viðmiðum sem voru þróuð í Leonardo verkefninu um Gildi starfa – Value of work, sem unnið var undir stjórn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á árunum 2005 - 2007.

Raunfærnimat til náms í leikskólabró – tilraunaverkefni

Verkefnið hófst í júní 2008 en kynningarfundur var haldinn 25. júní fyrir einstaklinga sem höfðu skráð sig í nám á leikskólabró haustið 2008. 16 konur tóku þátt í verkefninu. Í þessu verkefni fólst raunfærnimatið í því að meta hvort sú reynsla og færni sem einstaklingur hefur öðlast í gegnum lífið uppfylli viðmið sem sett eru til að ljúka þeim námsáföngum sem eru á leikskólabrónni.

Tíu áfangar af tólf sem eru kenndir á Leikskólabró voru til mats. Samtals fengu 9 einstaklingar metnar 38 einingar í ferlinu og einn þátttakandi fékk 15 einingar metnar. Niðurstaða tilraunaverkefnisins var sú að matsaðilar og ráðgjafar voru sammála um að endurskoða þurfi matslistana og allt matsferlið en hugmyndin er að þróa verkefnið áfram með þátttöku fleiri aðila.

Erlent samstarf

Öflugt styrkjakerfi tengt norrænu samstarfi og Evrópusambandinu gefur íslenskum fræðsluaðilum fjölmörg tækifæri til samstarfsverkefna. Á árinu tók Mímir þátt í eftirtöldum samstarfsverkefnum:

AFB Norden

Framkvæmdastjóri er formaður stjórnar Norrænna systursamtaka, ABF Norden, en markmið þeirra er m.a. að styrkja og þróa samfélags- og menningarleg gildi og að efla alþýðufræðslu sem byggir á samstöðu og sameiginlegri ábyrgð til þátttöku í samfélaginu. Miklar skipulagsbreytingar hafa verið á starfinu á tímabilinu. Einn fundur stjórnar var haldinn á Íslandi. Systursamtök Mímis, ABF í Svíþjóð, fengu að eigin ósk kynningu á starfi Mímis á fjölmennri ráðstefnu fyrir allar deildir ABF í Svíþjóð

Námsferð íslenskukennara til Belgíu

Mímir- símenntun sótti um Leonardo styrk til námsferðar fyrir kennara sem vil yrði fækkest fyrir í maí 2008. Tilgangur ferðarinnar var annars vegar að læra hollensku og upplifa hvernig það er að læra nýtt tungumál án nokkurs hjálparmáls og hins vegar að kynna sér móttöku og menntunarmöguleika innflytjenda í flæmska hluta Belgíu.

Ferð á vegum Starfsmenntaráðs til Kanada

Í lok maí 2008 fór náms- og starfsráðgjafi frá Mími-símenntun í fræðslu og kynnisferð ásamt hópi á vegum Starfsmenntaráðs til Nova Scotia í Kanada. Megin tilgangur ferðarinnar var að kynnast náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimati og skipulagi fræðslu fyrir fullorðna. Í ferðinni voru heimsótt ýmis samtök, fyrirtæki, skólar og stofnanir auk þess sem þátttakendur sátu ráðstefnu félags náms- og starfsráðgjafa í Nova Scotia.

Norrænt tengslaverkefni

Þá tók Mímir þátt í norrænu verkefni um raunfærnimat og norrænu tengslaverkefni um nám fyrir eldra fólk.

Þróunarverkefni

Fullorðinsfræðsla er í stöðugri þróun og er Mímir-símenntun virkur þátttakandi í þeirri þróun. Fjöldi þróunarverkefna er í gangi hverju sinni ýmist undir verkstjórn starfsfólks Mímis eða annarra samstarfsaðila. Flest þróunarverkefnanna eru samstarfsverkefni og styrkt af þróunar- og starfsmenntarsjóðum. Helstu aðilar sem hafa styrkt verkefni eru Starfsmenntaráð, menntamálaráðuneytið, Starfsafl, Starfsmenntarsjóðir Eflingar- stéttarfélags og Starfsmenntarsjóður verslunar- og skrifstofufólks.

Eftirfarandi verkefnum var unnið að á árinu:

Bréfberar Íslandspósti

Í samstarfi við Íslandspóst var hannað og haldið námskeið fyrir starfandi bréfbera hjá Íslandspósti. Unnið var þróunarverkefni um aðlögun kennsluhátta og kennsluefnis vegna fagnámskeiðs starfsmanna af erlendum uppruna sem starfa við aðhlyningu og umönnun.

Námsefnisgerð

Sem lið í því að tryggja gæði náms hefur í auknum mæli verið unnið að þróun námsefnis. Þar má nefna námsefnisgerð fyrir námsleiðir eins og Jarðlagnatækni, Öryggisvarðanám og Færni í ferðaþjónustu I.

Íslenska í lífi og starfi

Markmiðið með þessu verkefni er að gera nám í starfstengdri íslensku markvissara og aðlaga námsefni og námskeið að þörfum LSH.

Lesum og lærum íslensku

Verkefni sem miðar að því að greina orsakir lestrarörðugleika innflytjenda og að finna námsleiðir sem nýtast til þjálfunar í lestri, framburði og skrift í hagnýtum tilgangi.

Íslenskt tákni fyrir heyrnarlausa útlendinga

Samvinna um gerð kennsluefnis í formi mynddísks sem nýtist þessum tiltekna hópi svo að hann geti bjargað sér í daglegu lífi.

Netorðabók

Gerð víetnamskrar- íslenskrar/ íslenskrar- víetnamskrar orðabókar sem aðgengileg er á netinu.

Starfstengt íslenskunám á vefnum

Gerð náms- og kennsluvefjar fyrir einstaklingsmiðað íslenskunám erlends starfsfólks í störfum ófaglærðra á heilbrigðisstofnunum.

Náms- og starfsráðgjöf fyrir erlenda starfsmenn

Í mars 2008 lauk vinnu við þróunarverkefnið sem fólst m.a. í því að ráðgjafar komu sér upp verkfæramöppu sem hægt er að nýta í ráðgjöf við erlenda starfsmenn og létu þýða ýmsar upplýsingar sem auðvelda fólki af erlendum uppruna aðgengi að upplýsingum er varða nám, störf og fleira.

Starfsmenntaráð

Í byrjun árs 2009 hélt Starfsmenntaráð sinn árlega opna fund með samstarfsaðilum sínum og öðru áhugafólki, þar sem gerð var grein fyrir starfi ráðsins á undangengnu ári og stefnu við úthlutanir á árinu 2009. Starfsmenntaráð auglýsti í janúar eftir umsóknum um styrki til starfsmenntunar í atvinnulífnum. Þar sem reiknað var með að ný löggjöf um framhaldsfræðslu yrði samþykkt á Alþingi og tæki gildi um mitt ár var Starfsmenntaráði aðeins heimilað að úthluta sem svaraði 35 milljónum kr. Alls sóttu 65 aðilar um styrk til 102 verkefna samtals að fjárhæð kr 206.010.943. Alls fengu 26 aðilar úthlutað samtals styrk að fjárhæð kr 35.560.000 til 35 verkefna. Auglýst var eftir umsóknum í eftirfarandi flokka verkefna: Erfið staða á vinnumarkaði og opinn flokk.

Þegar fyrir lá að frumvarpið um framhaldsfræðslu yrði ekki að lögum var Starfsmenntaráði heimilað að auglýsa eftir umsóknum að nýju og voru 35 milljónir kr. aftur til úthlutunar. Auglýsingin birtist í ágúst og var auglýst eftir umsóknum þar sem áhersla væri á verkefni sem tengjast erfiðri stöðu á vinnumarkaði. Stefnt er að úthlutun um miðjan septembermánuð.

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar var stofnaður samkvæmt ákvörðun miðstjórnar ASÍ, 21. júlí 1983 og var skipulagsskrá sjóðsins staðfest af forseta Íslands og gefin út 11. desember 1984.

Stofnfé sjóðsins var kr. 1.000.000, en tekjur sjóðsins hafa einkum verið vaxtatekjur, auk þess sem eitthvað var um sölu minningarkorta á fyrstu árunum.

Um tilgang sjóðsins segir í stofnskrá hans:

Tilgangur sjóðsins er m.a. að styrkja verkafólk til að afla sér fræðslu um málefni og starf verkalýðshreyfingarinnar.

Meðal hlutverka sjóðsins skal vera að stuðla að því að saga Dagsbrúnar verði skrifuð og gefin út.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, skipaðir af miðstjórn ASÍ. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og kjörtímabil miðstjórnar ASÍ. Sú venja hefur skapast að forseti ASÍ og formaður Dagsbrúnar, nú Eflingar, hafa setið í stjórninni auk þriðja aðila, sem nú er Halldór Björnsson.

Minningasjóður Eðvarðs Sigurðssonar veitir eftirtalda styrki:

1. Styrk til að sækja námskeið eða afla sér með öðrum hætti þekkingar á verkalýðshreyfingunni og málefnum launafólks, innanlands eða erlendis.

Um er að ræða styrki sem ætlaðir eru til að greiða að hluta til eða öllu leiti skráningargjöld, ferða- og/eða dvalarkostnað. Styrkirnir eru ætlaðir félagsmönnum í stéttarfélögum. Hámarksstyrkur er kr. 100.000.

Umsóknir um styrkina eru afgreiddar tvisvar á ári: 1. september (umsóknarfrestur til 15. ágúst) og 1. desember (umsóknarfrestur til 15. nóvember).

2. Styrk til verkefnis er varða íslenskt samfélag og málefni launafólks.

Styrkurinn er ætlaður til að efla rannsóknir og útgáfu á verkum sem varða sérstaklega íslenskt samfélag, vinnumarkaðinn, hagsmuni launafólks og starfsemi verkalýðshreyfingarinnar. Hámarksfjárhæð er kr. 500.000.

Styrkurinn er veittur einu sinni á ári. Umsóknir um styrkinn þurfa að berast fyrir 1. apríl. Styrknum er úthlutað 1. maí ár hvert.

Styrkir samkvæmt tölulíð 2 fyrir árið 2009 voru veittir 1. maí sl.

Alls bárust 10 umsóknir. Styrk að þessu sinni hlutu fimm aðilar:

Alþýðusamband Vestfjarða vegna verkefnisins „Saga verkalýðshreyfingar á Vestfjörðum“. Styrkur að fjárhæð 500.000.

Um er að ræða ritverk um sögu verkalýðshreyfingarinnar á Vestfjörðum frá árinu 1906 til 2006, þar sem saga verkalýðshreyfingarinnar er samofin þróun byggðar og samfélagsháttá á svæðinu. Áætlað er að verkið komi út í tveimur bindum á árunum 2009 og 2010.

Bókasafn Dagsbrúnar vegna skráningar á bókum og öðrum gögnum Bókasafns Dagsbrúnar. Styrkur að fjárhæð 300.000.

Styrkurinn er veittur til að unnt sé að ráða starfsmann í hlutastarf til að aðstoða við skráningu á bókum og öðrum gögnum í eigu safnsins og gera þau þannig aðgengilegri fyrir fræðimenn og annað áhugafólk um sögu verkalýðshreyfingarinnar og samfélagsmál.

Bókasafn Dagsbrúnar er eina bókasafn landsins sem sérhæfir sig í ritum er varða sögu verkalýðshreyfingarinnar.

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson vegna verkefnisins „Þróun og skipulag íslensks vinnumarkaðar frá 1986-2006“. Styrkur að fjárhæð 500.000.

Um er að ræða doktorsverkefni í félagsfræði við Háskóla Íslands. Verkið byggist á fjórum sjálfstæðum greinum. Fjallað er um íslenskan vinnumarkað í fræðilegu samhengi, breytt hlutverk stéttarfélaga, þróun kjarasamninga og verkföll og vinnudeilur.

Jóhanna Rósa Arnardóttir vegna verkefnisins „Leið ungmenna frá skóla til vinnu. Jöfn tækifæri eða félagsleg útilokun“. Styrkur að fjárhæð 500.000.

Um er að ræða doktorsverkefni í félagsfræði við Háskóla Íslands þar sem leið ungmenna frá skóla til vinnumarkaðar á Íslandi er könnuð og þá sérstaklega þau sem eru utan skólakerfisins og vinnumarkaðar. Áhersla er lögð á að kanna stöðu þeirra eftir þáttum sem geta skipt máli, s.s. atvinnuþátttöku, atvinnuleysi, fyrsta starfinu, fjölskyldugerð, menntun foreldra, hvort þau hverfa frá framhaldsnámi eða ljúka almennu námi eða starfsnámi. Staða ungmenna á Íslandi er einnig metin með hliðsjón af stöðu ungmenna í Evrópu.

Þórunn Sveinbjörnsdóttir vegna verkefnisins „Starfsmenntun - tækifæri í lífsins skóla“. Styrkur að fjárhæð 500.000.

Verkefnið er samantekt á sögu og þróun starfsmenntunar fyrir fólk í umönnunarstörfum í 30 ár. Fjallað er um tildrög og upphaf fræðslustarfs fyrir félagsmenn í Sókn og síðar Eflingu, stéttarfélagi. Þá er gerð grein fyrir þróuninni fram til dagsins í dag. Þá er fjallað um gildi starfsmenntunar fyrir þennan hóp launafólks m.a. með viðtölum við nemendur og samstarfsaðila og umsögnum atvinnulífsins. Styrkurinn mun renna til þess að ljúka verkinu og búa það undir útgáfu.



Umsókn um aðild að Evrópusambandinu

Á ársfundi ASÍ í október 2008 var fjallað um aðgerðir til að endurheimta fjármálastöðugleika og verja kjör launafólks og stöðu heimilanna í landinu. Í niðurstöðum ársfundarins sagði m.a.:

„Það er skoðun ASÍ að yfirlýsing um að sótt verði um aðild Íslands að ESB og upptöku evru sé eina færa leiðin. Þannig verði látið á það reyna í aðildarviðræðum hvaða samningur Íslandi standi til boða og hann lagður fyrir þjóðina í atkvæðagreiðslu. ASÍ telur að yfirlýsing um að stefnt verði að aðild að evrópska myntsamstarfinu (ERM II) á næstu 2 árum myndi leggja mikilvægan grunn að því að .. skapa nauðsynlegan trúverðugleika fyrir meiri festu í skráningu krónunnar á næstu árum þangað til full aðild að Evrópska peningamálasamstarfinu (EMU) og upptaka evrunnar næðist.“

Alþýðusambandið hefur í starfi sínu lagt ríka áherslu á virka þátttöku í samstarfi Evrópuríkja á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins. Þar sem markmiðið hefur verið að bæta og treysta réttindi og möguleika íslensks launafólks á sem flestum sviðum í samstarfi við norræna og evrópska verkalyðshreyfingu.

Niðurstafa ársfundar ASÍ 2008 er rökrétt framhald af fyri umræðu og stefnumótun sambandsins um Evrópusamvinnuna og stöðu Íslands. Árið 2000 fjallaði þing ASÍ ítarlega um stöðu og þróun EES samningsins og þá strax var bent á að mikilvægt væri að styrkja stöðu Íslands í Evrópusamvinnunni í ljósi þróunarinnar innan ESB og veikingar EES samningsins. Um þetta sagði m.a. í samþykktum þingsins:

„ASÍ telur því nauðsynlegt að styrkja þátttöku Íslands í Evrópusamstarfinu. Það getur aðeins gerst með tvennum hætti; annað hvort með því að styrkja þátttöku okkar í gegnum EES-samninginn eða með beinni aðild að ESB. Styrking EES virðist vera fjarlægur pólitískur möguleiki.“

Að mati ASÍ verður því að taka umræðuna um aðild að ESB á dagskrá. Þjóðin verður að fá að svara því hvort hún vill taka þetta skref eða ekki. Til þess að það sé hægt verður að hefja þegar ítarlega umræðu þar sem samningsmarkmið okkar verða skilgreind. Þar gegnir ASÍ lykilhlutverki sem stærstu hagsmunasamtök launafólks á Íslandi. Umsókn Íslands um aðild að ESB hefur engan tilgang nema full alvara sé þar að baki og fyrir liggja upplýst samþykki þjóðarinnar.“

Á ársfundi ASÍ 2002 var stefna samtakanna í Evrópumálum áréttuð enn frekar. Frá þeim tíma hefur Alþýðusambandið fylgst náið með þróuninni á Evrópuvísu, innan ESB og á Evrópska efnahagssvæðinu.

Það er óumdeilt að mati ASÍ að Evrópusamvinnan og þá sérstaklega samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur þjónað hagsmunum Íslands vel. Jafnframt hefur ítrekað verið bent á að frá því EES samningurinn var gerður, hefur samstarf ríkja Evrópusambandsins dýpkað og ný viðfangsefni verið felld undir samvinnu þeirra. Þetta gildir um efnahagsmál, myntbandalagið og Evruna, dóms- og innanríkismál og utanríkis-, öryggis- og varnarsamstarf ESB ríkjanna. Út frá hagsmunum launafólks og vinnumarkaðarins skiptir þó mestu dýpkun og nýsköpun samstarfsins, með samþættingu efnahags-, atvinnu- og félagsmála, með svokölluðu Lissabon ferli.

Í annan stað hafa átt sér stað miklar breytingar á valdauppbyggingu og ákvörðunarferlum innan ESB. Völd og áhrif þjóðkjörinna aðila, þingsins og ráðherraráðsins, hafa verið aukin á kostnað embættismanna. Nálægðarreglan hefur verið í þróun þar sem áhersla er lögð á að ákvarðanir séu teknar sem næst þeim vettvangi þar sem þær hafa áhrif t.d. með því að styrkja sveita- og héraðsstjórnir þar sem það á við. Þær reglur sem nauðsynlegt er að gildi á öllu svæðinu eru hins vegar teknar af stofnunum Evrópusambandsins. Þá hefur aukin áhersla verið lögð á mikilvægi og áhrif fjálsra félagsamtaka við mótun Evrópu framtíðarinnar, þar sem aðilar vinnumarkaðarins hafa mikla sérstöðu.

Félagsmálastefna ESB er mikilvæg stoð fyrir efnahags- og atvinnulíf framtíðarinnar. Megininntak hennar er, að engin mótsögn sé í því fölginn að byggja samhliða upp samkeppnishæft og framsækið efnahagskerfi, öflugt atvinnulíf sem tryggir fulla atvinnu, góð störf og almenn lífsgæði þegnanna og félagslegan jöfnuð. Þvert á móti séu þetta þættir sem geti og eigi að styðja og styrkja hvern annan. Félagsmálastefnan hvílir á þeirri grundvallarsýn, að aukin lífsgæði þegnanna og meiri jöfnuður sé eitt helsta markmið Evrópusamvinnunnar.

Sú umræða gerist nú stöðugt áleitnari á vettvangi Evrópusambandsins að skilja verði betur á milli þeirra ríkja sem valið hafa að vera aðilar að ESB og þeirra sem standa fyrir utan, þegar kemur að samstarfi á ýmsum sviðum Evrópusamvinnunnar. Þessi umræða knýr enn frekar á um að Ísland móti skýra afstöðu til aðildar að Evrópusambandinu og skilgreini samningsmarkmið sín. Þannig er alls ekki gefið að Íslandi muni í framtíðinni standa til boða með sama hætti og áður samstarf á fjölmörgum sviðum sem stendur utan kjarna EES samningsins, s.s. ýmis konar samstarf á sviði mennta- og menningarmála, umhverfismála og félagsmála.

Alþýðusamband Íslands hefur á undanförunum árum litið á það sem sitt hlutverk að fjalla sérstaklega um og taka afstöðu til þeirra þátta Evrópusamvinnunnar sem varða launafolk og hagsmuni þess með beinum hætti. Um leið má ekki líta fram hjá því að ýmis mál önnur geta haft mikil áhrif á hag launafólks og samfélagsins í heild sinni. Þar má nefna sem dæmi málefni neytenda og neytendavernd. Sama máli gegnir um spurningar

er varða aðkomu að ákvarðanatöku á vettvangi Evrópusamvinnunnar og möguleika til að hafa áhrif á það sem þar fer fram. Þá er ljóst að sjávarútvegs- og landbúnaðarmál og byggðamál í víðasta skilningi eru mikilvægir þættir þegar kemur að því hagsmunamati sem fara þarf fram vegna mögulegrar aðild að ESB. Sama máli gegnir um efnahags- og myntsamstarfið, eins og áður hefur komið fram.

Áherslur ASÍ og samningsmarkmið

Nú þegar Ísland hefur sótt um aðild að ESB leggur ASÍ ríka áherslu á mikilvægi þess að skilgreina með skýrum hætti samningsmarkmið fyrir aðildarviðræður við Evrópusambandið sem formlega munu væntanlega hefjast í byrjun árs 2010. Við skilgreiningu á samningsmarkmiðum þarf að gæta sérstakra hagsmuna Íslendinga og íslensks launafólks. Alþýðusamband Íslands hefur um árabíl lagt grunninn að slíku starfi og stefnir að því að leggja fram áherslur sínar í öllum helstu málaflokkum er varða aðildarviðræðurnar við ESB og hagsmuni launafólks.

Á aukaársfund ASÍ 25. mars 2009 var stigið mikilvægt skref í þá átt. Í þeim kafla skýrslu forseta sem fjallar um aukaársfundinn eru samþykktir hans birtar, auk þess sem gögn sem undirbúin voru fyrir umræðuna á fundinum eru birt sem viðauki aftan við þessa skýrslu.

Verkefni ASÍ í tengslum við aðildarviðræðurnar er ekki aðeins að taka þátt í að skilgreina samningsmarkmið Íslendinga í viðræðunum. Ekki er síður mikilvægt að tryggja að fulltrúar samtaka launafólks fái aðild að viðræðunum sjálfum, þar sem verið er að fjalla um mál sem varða launafólk og hagsmuni þess. Það er mikilvæg forsenda þess að vel takist til.

Einnig mun ASÍ leggja áherslu á upplýsingamiðlun og samræðu við forystu og félagsmenn aðildarsamtaka ASÍ í undirbúningnum og meðan á viðræðum stendur. Þetta gildir um:

- áherslur og samningsmarkmið sem ASÍ setur fram
- framgang viðræðanna eins og þær horfa við fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar meðan á þeim stendur
- niðurstöður samninganna og mat á þeim út frá þeim áherslum og samningsmarkmiðum sem sett voru fram í viðræðunum.

Til að búa sig sem best undir viðræðurnar hefur Alþýðusambandið leitað sérstaklega eftir upplýsingum og ráðgjöf til alþýðusambandanna á hinum Norðurlöndunum. Þá mun sambandið leita víðar fanga meðal samtaka launafólks og bandamanna í Evrópu þegar kemur að viðræðunum sjálfum.

STÖÐUGLEIKI OG UPPTAKA EVRU - Greinargerð hagdeildar ASÍ

Stöðugleiki er grundvöllur bættra lífskjara

Allt frá þjóðarsáttarsamningunum árið 1990 hefur verkalýðshreyfingin lagt megináherslu á að skapa forsendur fyrir efnahagslegan stöðugleika. Með stöðugleika í efnahagslífinu er átt við að sveiflur í þjóðarþúskapnum séu litlar, verðlag og gengi sé stöðugt, jafnvægi í viðskiptum við útlönd og í búskap hins opinbera, framleiðslugeta þjóðarþúskapins fullnýtt þannig að framleiðsluþættir séu nýttir á sem hagkvæmastan hátt og jafnvægi sé á

milli framboðs og eftirspurnar á vinnumarkaði og vöru- og þjónustumörkuðum. Miklar sveiflur í þjóðarþúskapnum auka óvissu og áhættu og draga úr áhuga fjárfesta á að taka þátt í uppbyggingu atvinnulífsins. Það leiðir til þess að erfiðara verður að fjármagna ný verkefni sem geta skapað atvinnu og aukið verðmætasköpun þjóðarþúskans. Efnahagslegur stöðugleiki er því grundvöllur þess að hægt sé að byggja upp fjölbreytt atvinnulíf sem tryggir góð störf og góð lífskjör til framtíðar.

Vönduð hagstjórn dregur úr sveiflum í hagkerfinu og skapar þannig grundvöll fyrir bættum lífskjörum. Stjórnvöld hafa því mikilvægu hlutverki að gegna við að skapa góð efnahagsleg skilyrði. Til þess hafa þau í meginatriðum tvær leiðir. Stjórn opinberra fjármála og stjórn peningamála sem er á hendi Seðlabanka.

Brýnasta verkefni stjórnvalda nú er að endurheimta trúverðugleika á íslenskt efnahagslíf og koma á stöðugleika. Þetta verður erfitt verkefni og mun reyna verulega á þolrif landsmanna. Aðrar þjóðir hafa einnig gengið í gegnum efnahagslegar hremmingar. Mikil fjármála- og gjaldryskreppa var t.a.m í Finnlandi á tíunda áratugnum. Líður í endurreisn landsins var ákvörðun um að sækja um aðild að Evrópusambandinu og evrópska myntsamstarfinu eins fljótt og auðið væri. Með þessu sendu Finnar út skýr skilaboð um það hvert þeir stefndu og hvernig hagstjórninni yrði háttað á næstu árum. Í umsókninni fólst yfirlýsing um að þeir ætluðu að uppfylla svokölluðu Maastricht-skilyrði, (sjá nánar umfjöllun hér á eftir) til þess að koma á stöðugleika í efnahagslífinu og veitti sú yfirlýsing aðgerðunum aukinn trúverðugleika.

Eina færa leiðin

Verkalýðshreyfingin hefur lengi reynt að stuðla að stöðugleika með því að gera langtíma-samninga um launahækkanir sem skiluðu auknum kaupmætti ef verðbólga yrði hófleg. Samningarnir hafa oftan en ekki gengið þvert á væntingar almennings, fyrirtækja og fjármálamarkaðarins um verðbólgu. Með samningunum hefur því verið reynt að stuðla að stöðugleika með því að hafa áhrif á verðbólguvæntingar til lækkunar. Þegar sagan er skoðuð kemur í ljós að þetta hefur ekki gengið eftir og því hefur nær undantekningarlaust reynt á endurskoðunarákvæði samninganna.

Þessi leið er því fullreynd. Við óbreyttar aðstæður er hvorki hægt að stuðla að eða ganga út frá stöðugleika í kjarasamningum. Þá eru tveir kostir í stöðunni, að aðlaga kjarasamninga að óstöðugleika en slíkt var reynt með hörmulegum afleiðingum á árunum frá 1970 – 1990, eða að leggja grunn að sambærilegum stöðugleika og ríkin í kringum okkur búa við. Ársfundur ASÍ í fyrra tók af öll tvímæli að velja bæri síðari kostinn en í ályktun ársfundarins segir m.a: „...*Alþýðusamband Íslands [telur] afar mikilvægt að stjórnvöld fylgi lánaþvirlgreiðslu Alþjóðagjalddeyrissjóðsins eftir með því að tryggja stöðugan gjaldmiðil til framtíðar. Það er skoðun ASÍ að yfirlýsing um að sótt verði um aðild Íslands að ESB og upptöku evru sé eina færa leiðin. Þannig verði látið á það reyna í aðildarviðræðum hvaða samningur Íslandi standi til boða og hann lagður fyrir þjóðina í atkvæðagreiðslu. ASÍ telur að yfirlýsing um að stefnt verði að aðild að evrópska myntsamstarfinu (ERM II) á næstu 2 árum myndi leggja mikilvægan grunn að því að hægt yrði í samstarfi við Alþjóðagjalddeyrissjóðinn að skapa nauðsynlegan trúverðugleika fyrir meiri festu í skráningu krónunnar á næstu árum þangað til full aðild að Evrópska peningamálasamstarfinu (EMU) og upptaka evrunnar nædist.*“

Upptaka evrunnar

Aðild að myntbandalagi Evrópu felur ekki aðeins í sér upptöku evru sem gjaldmiðils heldur einnig samræmd peninga- og gengismál aðildarríkjanna og samstarf um efnahagsstefnu. Efnahagsstefnan felur einkum í sér samræmda sýn á aðhald í ríkisfjármálum og sameiginlegt markmið um stöðugt verðlag. Aðildarríkin hafa gert með sér samkomulag um stöðugleika og vöxt sem leggur áherslu á að draga úr skuldum hins opinbera og hallarekstri ríkissjóðs og halda verðbólgu í skefjum. Skilyrðin sem sett eru fyrir inngöngu í myntbandalagið eru svonefnd Maastricht-skilyrði. Megin tilgangur þeirra er að tryggja að ekki sé of mikill munur á efnahagslífi aðildarríkjanna og að stefna í ríkisfjármálum sé í takt við aðhaldssama peningamálastefnu.

Ákvörðun um upptökur evru hefur áhrif strax

Umsókn um aðild að Evrópusambandinu og innganga í myntsamstarfið í kjölfarið er stefnumarkandi ákvörðun og yfirlýsing um að við ætlum að beita þekktum aðferðum Evrópusambandsins við að ná stöðugleika í hagkerfinu. Á sama tíma eyðum við óvissu um það hvernig við ætlum að haga efnahags- og peningamálastjórn í framtíðinni. Það eykur traust alþjóðaðumhverfisins á endurreisnaraðgerðunum. Gangi þetta eftir skapast betri skilyrði til að lækka vexti hratt og afnema gjaldeyrishöft en hætta á annarri gengiskollsteypu verður til staðar þar til við getum afnumið gjaldeyrishöftin og komið á eðlilegum gjaldeyrisviðskiptum.

Reynsla annarra þjóða er sú að strax í kjölfar aðildarumsóknar, verður gengið stöðugra og vextir færast í átt að vöxtum annarra evrulanda. Þetta stafar m.a. af þeim stuðningi sem Evrópska gengiskerfið (ERM II) veitir við að halda genginu innan ákveðinna marka á meðan löndin vinna að því að uppfylla Maastricht-skilyrðin. Á sama tíma stuðla skilyrðin að hagstjórn sem leiðir til stöðugleika og jafnvægis í þjóðarþúskaþnum.

Maastricht – skilyrðin

1. **Verðstöðugleiki.** Verðbólga má ekki vera meiri en 1,5 prósentustig umfram meðaltals verðbólgu í þeim þremur ríkjum þar sem hún er lægst.
2. **Jafnvægi í ríkisrekstri.** Halli í ríkisrekstri má ekki vera umfram 3% af landsframleiðslu, nema hann teljist eðlilegur í ljósi sérstakra aðstæðna. Skuldir hins opinbera mega ekki vera meiri en sem nemur 60% af landsframleiðslu. Unnt er að veita undanþágu frá þessu skilyrði ef þróunin stefnir í rétta átt.
3. **Gengisstöðugleiki.** Gengið haldist innan +/- 15 prósentustiga fráviksmarka gagnvart evru í tvö ár.
4. **Langtímavextir.** Langtímavextir skulu vera svipaðir og í öðrum ríkjum myntbandlagsins. Nafnvextir ríkisskuldabréfa til tíu ára skulu ekki vera hærri en 2 prósentustig umfram samsvarandi vexti í þeim þremur evruríkjum sem hafa lægsta verðbólgu.

En hversu raunhæft er að Ísland uppfylli Maastricht-skilyrðin á næstu þremur árum?

1. Verðstöðugleiki

Samkvæmt samræmdri neysluverðsvisitölu mældist verðbólga hér á landi 21,7% í janúar sl. en verðbólga í evrulöndum mældist 1,1% á sama tíma. Það er því ljóst að Ísland uppfyllir ekki skilyrði um verðstöðugleika í dag. Aftur á móti er útlit fyrir að verðbólga

gangi hratt niður á næstu mánuðum og verði 1,4% á milli árána 2009 og 2010. Á sama tíma má gera ráð fyrir að verðbólga fari vaxandi á ný í evrulöndum. Ísland ætti því að geta uppfyllt þetta skilyrði innan 3ja ára.

2. Jafnvægi í ríkisrekstri.

Það stefnir í mikinn hallarekstur hjá hinu opinbera á næstu árum. Horfur eru á að halli ríkissjóðs verði 11% á þessu ári og að sjóðurinn verði áfram rekinn með halla næstu fjögur árin. Samkvæmt aðgerðaráætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og íslenskra stjórnvalda er stefnt að því að draga úr hallanum þannig að hann verði kominn í 5% árið 2011, tæp 2% árið eftir og afgangur verði af rekstrinum árið 2013. Takist að fylgja þessari áætlun eftir næst markmiðið um 3% halla af rekstri ríkissjóðs, á næstu fjórum árum.

Skuldir hins opinbera jukust mikið við bankahrunið. Í áætluninni sem lögð var til grundvallar umsókn Íslands um aðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er gert ráð fyrir að skuldirnar verði um 97% af landsframleiðslu (nettóskuldir) í ár. Fyrirsjáanlegt er að halli verði á rekstri hjá hinu opinbera á næstu árum sem kallar á auknar lántökur. Því verður mjög erfitt að ná markmiði um að opinberar skuldir séu ekki meiri en 60% af landsframleiðslu. Samkvæmt efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að nettó skuldir hins opinbera verði komnar í 83% af landsframleiðslu árið 2013. Mat á bæði skuldum og eignum er háð mikilli óvissu. Þannig myndi t.d. aðkoma erlendra kröfuhafa að eignarhaldi á nýju bönkunum draga verulega úr skuldsetningu ríkisins. Til þess að ná skuldunum niður í 60% af landsframleiðslu þarf að beita miklu aðhaldi í búskap hins opinbera og mikilvægt er að fylgja áætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins náði eftir til þess að það takist.

Vegna alþjóðlegra fjármálakreppunnar hefur staða ríkisfjármála versnað í mörgum löndum. Líkur eru á að halli verði á opinberum rekstri helstu iðnríkja á næstu misserum og skuldir hins opinbera aukist. Þessar sérstöku aðstæður sem fjármálakreppan hefur skapað gætu mögulega auðveldað okkur að sækja um undarþágu frá kröfunni um 60% skuldahlutfall hins opinbera.

3. Gengisstöðugleiki.

Mikil óvissa ríkir um þróun gengis íslensku krónunnar á næstu misserum. Ræðst þróunin aðallega af því hvort það tekst að endurheimta traust á íslenskt efnahagslíf á nýjan leik. Reynsla annarra þjóða hefur sýnt að strax í aðlögunarferlinu að upptöku evrunnar, hefur aukinn stöðugleiki komist á gengið. Það gerist strax við aðgang að Evrópska gengiskerfinu ERM II sem veitir okkur stuðning við að koma stöðugleika á gengi krónunnar. Vegna þess hversu mikil óvissa ríkir um þróun íslensks efnahagslífs á næstu misserum gæti verið nauðsynlegt að leita eftir meiri aðstoð frá ESB, til að koma ró á krónuna.

4. Langtímavextir

Vextir langtímalána hér á landi hafa verið nokkuð hærri en í evrulöndunum. Ávöxtunarkrafan á verðtrygðum íslenskum ríkisskuldabréfum til 10 ára er 8,8%, en í evrulöndunum voru vextir á sambærilegum bréfum um 4% í árslok 2008. Allar líkur eru á að langtímavextir hækki hér á landi á næstu misserum. Eftirspurn eftir lánsfé verður mikil þegar ríki og mörg sveitarfélög þurfa að fjármagna hallarekstur á næstu árum. Vegna lítils framboðs á erlendu fjármagni verður að fjármagna hallann með innlendum lántökum. Þetta á sömuleiðis við um fjármögnun atvinnulífsins. Fyrirsjáanlegt er að eftirspurn eftir lánsfé verður meiri en framboð og vextir munu því hækka. Mikil óvissa ríkir um þróun á alþjóðafjármagnsmörkuðum en vonir standa til þess að það taki að rofa til síðla næsta

árs. Aðgengi að fjármagni í heiminum ætti þá að aukast og í kjölfarið gætu vextir farið lækandi hér á landi. Það er hins vegar óljóst hvenær langtímavextir verða orðnir samþærigir við það sem gerist og gengur í evrulöndunum.

Þróun langtímavaxta hér á landi ræðst að miklu leyti af því hvort og hvenær okkur tekst að endurheimta trúverðugleika erlendra fjárfesta á íslenskt efnahagslíf og fjármálakerfi. Eftir bankahrunið hefur traust fjárfesta nær alveg horfið og lánakjör okkar versnað mjög. Lykillinn að lækkun vaxta er því að endurheimta trúverðugleika á ný. Mikilvægt skref í þá átt er að ríki og sveitarfélög fylgi efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um það hvernig jafnvægi verði náð í opinberum rekstri.

Annar ávinningur af upptöku evrunnar

Ávinningur af upptöku evru er margvíslegur. Auk þeirra kosta sem hér hafa verið raktir ber helst að nefna að viðskiptakostnaður lækkar og áhætta í viðskiptum við útlönd minnkar verulega. Lítilll óstöðugur gjaldmiðill er mikil hindrun í utanríkisviðskiptum vegna þeirrar miklu áhættu sem af honum hlýst. Á litlum grunnnum gjaldeyrismarkaði eru sveiflur miklar og auðvelt t.d. fyrir spákaupmenn að gera árás á krónuna og hafa umtalsverð áhrif á gengi hennar. Með þátttöku í stærra myntsamstarfi dregur verulega úr þessari áhættu og allar líkur eru til þess að utanríkisviðskipti aukist. Að sama skapi verður ákjósanlegri fyrir erlenda aðila að fjárfesta á Íslandi, en hingað til hefur mikil gengisóvissa fælt erlenda fjárfesta frá því að ráðast hér í langtíma fjárfestingar.

Hagur íslenskra neytenda vænkast einnig við upptöku evru. Gera má ráð fyrir að verðlag hér á landi lækki umtalsvert bæði vegna minni gjaldeyrísáhættu og meiri samkeppni á helstu neytendamörkuðum. Þá verður allur verðsamanburður við önnur Evrópulönd auðveldari sem skapar aðhald fyrir innlenda verslun auk þess sem rík áhersla er lögð á almenna neytendavernd innan ESB. Almennur og fyrirtæki hefðu einnig verulegan hag af aukinni samkeppni á lánamarkaði en hingað til hafa erlendir bankar ekki séð sér hag í því að hefja hér starfsemi vegna smæðar og óstöðugleika krónunnar. Með evru sem gjaldmiðil geta íslensk heimili tekið lán á evrópskum vöxtum og verðtryggingin og gjaldeyrísáhættan heyrta sögunni til.

Uptaka evrunnar er engin töfralausn

Uptaka evrunnar er engin töfralausn á öllum okkar efnahagsvanda. Innganga í myntbandalagið felur það í sér að við hættum sjálfstæðri stjórn peningamála og tókum upp samræmda stjórn evrusvæðisins. Þetta þýðir að við getum ekki nýtt okkur gengisaðlögun (gengisfellingu) í kjölfar efnahagsáfalls, ef áfallið er staðbundið t.d. vegna aflabrests á Íslandsmiðum. Aðlögun eftir staðbundið efnahagsáfall eða staðbundna uppsveiflu getur því orðið erfið. Í kjölfar slíks efnahagsáfalls myndi því reyna meira á atvinnustigið. Hættan á miklu og illvígu atvinnuleysi eykst því við inngöngu í myntbandalag. Hættan er þó minni hér á landi en hjá mörgum öðrum þjóðum því íslenskur vinnumarkaður er sveigjanlegur og er því ágætlega í stakk búinn að takast á við efnahagsáfall án þess hér verði mikið langtímaatvinnuleysi.

Myntbandalag með öðrum þjóðum felur ekki sjálfkrafa í sér agaða og góða hagstjórn. Þvert á móti gerir það kröfu til þess að við beitum meiri aga við hagstjórnina en við höfum hingað til gert. Þetta á sérstaklega við um fjármál hins opinbera. Til að auðvelda okkur hagstjórnina og koma í veg fyrir að ríki og sveitarfélög þurfi að beita of harka-

legum aðhaldsaðgerðum getum við farið svipaða leið og Finnar sem stofnuðu sérstakan sveiflujöfnunarsjóð sem safnað er í þegar uppsveifla er, en gengið á í niðursveiflu. Einnig er mikilvægt að hafa virkt samráð milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins þegar mótuð er langtímasýn í efnahagsmálum.

ESB AÐILD ÚT FRÁ SJÓNARHÓLI LAUNAFÓLKS – Greinargerð atvinnu-málanefndar ASÍ

Í ályktun ársfundar ASÍ síðastliðið haust um aðgerðir til að endurheimta fjármálastöðugleika eru lagðar til ýmsar aðgerðir á sviði atvinnumála. Þar er byggt á stefnu sambandsins í atvinnumálum, ekki hvað síst þeim áherslum sem þar eru lagðar á stuðning við hagnýtar rannsóknir, nýsköpun og sprotafyrirtæki.

Hér er ekki ætlunin að rifja frekar upp atvinnustefnu ASÍ. Hins vegar er ljóst að ályktun ársfundarins um að sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru getur haft ýmsar afleiðingar fyrir atvinnulífið sem ekki hefur verið tekið á með beinum hætti í atvinnustefnunni hingað til.

Það er því brýnt að kortleggja vandlega þýðingu fullrar aðildar að ESB fyrir íslenskt atvinnulíf, greina helstu álitamálin og á grundvelli þess leggja fram eðlileg samningsmarkmið gagnvart sambandinu.

Í upphafi árs 2009 fékk miðstjórn ASÍ Atvinnumálanefnd það verkefni að koma með tillögur að samningsmarkmiðum Íslands gagnvart ESB út frá sjónarhóli launafólks – einkum átti að horfa til markmiða í sjávarútvegs-, landbúnaðar- og byggðamálum.

Til að undirbúa vinnuna stóð nefndin fyrir fundum um hvert ofanefnt málefnasvið. Fengnir voru sérfræðingar og fulltrúar hagsmunasamtaka til að reifa álitamál, kosti aðildar, galla og eðlileg samningsmarkmið.

Einnig var leitað eftir viðhorfum úr hreyfingunni, annars vegar með því að hafa ofanefnda fundi opna með svigrúmi fyrir umræður, hins vegar með því að kalla óformlega eftir athugasemdum innan úr hreyfingunni.

Nefndin kom saman á fjórum fundum til að vinna úr efni opnu fundanna og öðrum gögnum. Niðurstöður eru settar fram í fimm köflum: Viðhorf úr hreyfingunni, almennar niðurstöður, sjávarútvegur, landbúnaður og byggðamál.

Viðhorf úr hreyfingunni

Kallað var óformlega eftir athugasemdum innan úr hreyfingunni. Ýmislegt áhugavert kom þar fram. Sumt af því hefur ratað inn í tillögur nefndarinnar – annað ekki, en nýtist engu að síður við áframhaldandi þróun á áherslum ASÍ.

Almennt: Fram kom ánægja með það framtak ASÍ að efna til opinna funda í tengslum við mótun á samningsmarkmiðum gagnvart ESB. Talað var um að þátttaka hefði mátt vera meiri. Bent var á að þó það væri uppbyggileg nálgun að draga fram bæði kosti og galla tengda aðild þá væri e.t.v. meiri fengur af því að fá fram gallana því að samningskröfurnar þyrftu að miða að því að draga úr áhrifum þeirra. Senda þyrfti samninganefnd Íslands skýr skilaboð, m.a. um að gleypa ekki við öllum skilyrðum ESB án vandlegrar athugunar. Bent var á að Ísland taki nú þegar við stórum hluta af gerðum ESB án þess að hafa mikið um þær að segja. Ef við gengjum inn kæmumst við nær ákvörðunartökuférlinu – þó svo að áhrif okkar yrðu vissulega ekki mjög mikil. Þá var bent á að ef við hæfum aldrei aðildarviðræðurnar kæmumst við aldrei að því hvað væri í boði. Loks var

lýst yfir áhyggjum af því að ef við misstum krónuna sem stjórnþæki í efnahagsmálum þá gæti orðið erfiðara að spyrna gegn atvinnuleysi þegar illa áraði. Á hinn bóginn væri ábati af því ef evran tryggði stöðugra rekstrarumhverfi fyrir atvinnulífð.

Sjávarútvegsmál: Meðal sjómanna hafa verið mótuð skýr samningsmarkmið en þau lúta fyrst og fremst að því að tryggja yfirráð Íslands yfir efnahagslögsögunni, óskorað fullveldi landsins í samningum um deilistofna og afdráttarlausu heimild Íslendinga til að stunda hvalveiðar. Einnig hafa sjómenn ákveðna fyrirvara varðandi hugsanleg áhrif af rýmri heimildum útlendinga til að fjárfesta í greininni. Úr röðum verkafólks komu skilaboð um að þrátt fyrir að ýmis tækifæri blasi við sjávarútvegi innan ESB (t.d. á sviði markaðsaðgangs) þá verði að fara varlega í samningaviðræðum um þennan málaflökk þar sem lífsafkoma þjóðarinnar er í húfi.

Landbúnaðarmál: Innan raða verkafólks eru skiptar skoðanir um hvort landbúnaður muni leggjast niður á Íslandi ef við göngum inn í ESB. Sýn Bændasamtakanna væri samt líklega of þröng. Mörg tækifæri blasa við landbúnaði innan ESB, t.d. markaðssetning á grundvelli ímyndar um hreinleika og hollustu og meiri fullvinnsla á býlum.

Byggingdamál: Viðráðar voru áhyggjur af því að ef við misstum krónuna sem stjórnþæki þá gæti orðið sérstaklega erfitt að spyrna gegn atvinnuleysi á landsbyggðinni, ef evran yrði tekin upp hér á landi þyrfti það að gerast á eðlilegum aðlögunartíma.

Almennt

Höfuðmarkmið EES-samningsins er að tryggja einsleitt markaðssvæði sem nær yfir aðildarríki ESB og EFTA (þ.e. innri markaðinn). Samningurinn kveður á um hið fjórþætta frelsi í viðskiptum; með vörur, þjónustu og fjármagn auk frelsis launafólks til að leita sér að vinnu í öðru Evrópuríki. Þó að atvinnumál séu ekki með beinum hætti hluti af EES-samningnum þá verður að hafa í huga að óbein áhrif í gegnum ýmiss konar samvinnu eru talsverð. Í samningnum eru t.d. ákvæði um samvinnu í félagsmálum, jafnréttismálum, menntamálum, rannsóknnum og þróun.

Þýðing fullrar aðildar

Ljóst er að ef Ísland gengur í ESB þá munu ýmis ákvæði sambandsins á sviði atvinnu- mála hafa bein áhrif hér á landi. Í grófum dráttum er hér um að ræða annars vegar ýmis nýleg ákvæði ESB sem urðu til eftir samþykkt EES-samningsins og hins vegar eldri stefnur sambandsins. Hvað varðar nýleg ákvæði ber helst að nefna Amsterdamsáttmálann frá 1997, en í honum er sett fram hin svokallaða „evrópska atvinnustefna“; og Lissabon-áætlunina frá 2000, en með henni var atvinnustefna ESB fléttuð saman við efnahagsfélags- og umhverfisstefnur sambandsins. Hvað varðar eldri stefnur ESB ber helst að nefna sjávarútvegs-, landbúnaðar- og byggðastefnu sambandsins. Auk ákvæða ESB á sviði atvinnu- mála munu ákvæði á öðrum sviðum einnig geta haft áhrif. Ef Ísland gengi í myntbandalagið þá myndi peningastefna ESB t.d. hafa mikil áhrif á rekstrarumhverfi allra greina í landinu.

Álitamál – kostir og gallar

Í fljótu bragði verður ekki séð að þátttaka í evrópsku atvinnustefnunni fæli í sér sérstök vandamál. Það má reyndar deila um hve viðeigandi hún er í íslensku samhengi þar sem

atvinnuþátttaka er langt fyrir ofan markmið Lissabon-áætlunarinnar. Á hinn bóginn má benda á ýmsan ávinning af því að gerast aðili að evrópsku atvinnustefnunni, ekki hvað síst þann að taka þátt í opnu samráði við mótun atvinnustefnu og sívirku mati og samannburði á árangri. Eldri stefnur ESB fela einnig í sér ýmis tækifæri. Þetta á t.d. við um bygðastefnu sambandsins. Aðrar eldri stefnur ESB fela í sér fleiri álitamál. Þetta á t.d. við um sjávarútvegs- og landbúnaðarstefnuna.

Sýn ASÍ:

- Full ástæða er til að hefja aðildarviðræður við ESB og láta á það reyna í samningum hvort hægt sé að sniða í burtu galla sem aðild gætu fylgt

Helstu áherslur ASÍ:

- Setja fram skýr samningsmarkmið og á grunni þeirra samningskröfur
- Það fer eftir eðli máls og því hve miklir hagsmunir eru í húfi hvort fara á fram á varanlegar sérlausnir, tímabundnar undanþágur eða yfirlýsingar
- Kröfur á að rökstyðja með sérstöðu Íslands innan Evrópu svo og fordæmum úr aðildarsamningum annarra landa þar sem það á við

Sjávarútvegur

Sjávarútvegur fellur utan við gildisvið EES-samningsins, að öðru leyti en því að fjallað er um viðskipti með fisk og aðrar sjávarafurðir í bókun 9 við samninginn. Einnig eru samræmdar reglur fyrir Ísland og ESB samkvæmt EES-samningnum um heilbrigði og hollustu við framleiðslu á sjávarafurðum og ná þær til aflameðferðar, framleiðslu og búnaðar um borð í fiskiskipum. Þá hefur EES-samningurinn áhrif á sjávarútveg t.d. með reglum um aðbúnað, hollustu afurða og vinnutíma.

Þýðing fullrar aðildar

Stefna ESB í sjávarútvegs málum byggist á fjórum þáttum; fiskveiðistjórnun og verndun, sameiginlegu markaðsskipulagi, sameiginlegri uppbyggingarstefnu og samningum við önnur ríki. Heildarkvóti er settur á sameiginlega fiskistofna og ýmsum tæknilegum verndaraðgerðum beitt til að stýra nýtingunni. Veittir eru styrkir, m.a. til að draga úr veiðigetu og laga fiskveiðisamfélög að breytingum í greininni. Heimilt er að grípa inn í markaði til að tryggja öruggt framboð afurða og lágmarksverð. Gert er ráð fyrir öflugum eftirliti með veiðum en ábyrgðin hvílir á viðkomandi strandríkjum. ESB tekur að sér að gera samninga við ríki utan ESB um aðgang að deilistofnum. Sambandið beitir sér fyrir uppbyggingu fiskeldis.

Álitamál – kostir og gallar

Á opnum fundi nefndarinnar um sjávarútvegs mál voru reifuð ýmis álitamál er tengjast aðild Íslands að ESB.

Kostir tengdir aðild: Evran tryggir stöðugleika í efnahagslegu umhverfi sjávarútvegsins. Tollar falla niður á sjávarafurðum og það verður hagstæðara að vinna fisk meira fyrir útflutning. Aðgangur að styrkjum, m.a. til að bregðast við umröti vegna breyttra atvinnuhátta.

Gallar tengdir aðild: Tap forræðis yfir fiskimiðunum, framsal samningsforræðis vegna deilistofna, bann við hvalveiðum, fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi, brottkast afla, slælegt eftirlitskerfi, o.fl.

Sýn ASÍ:

- Að yfirráð Íslands yfir auðlindum sjávar innan efnahagslögsögu séu tryggð og ávinningur af nýtingu þeirra skili sér inn í íslenskt atvinnulíf

Helstu áherslur ASÍ:

- Að yfirráð Íslands yfir auðlindum sjávar innan efnahagslögsögu séu tryggð
- Að ávinningur af nýtingu auðlinda sjávar skili sér inn í íslenskt atvinnulíf
- Hagsmunir Íslands í samningum um deilistofna séu sannanlega tryggðir
- Rétturinn til að nýta allar auðlindir sjávar, þar með talin sjávarspendýr, á sjálfbærnan hátt sé tryggður
- Kröfur vegna sjávarútvegs mála á að rökstyðja með tilvísun til þess að sjávarútvegur er sjálfbær atvinnugrein hér á landi, að stofnar eru almennt í betra ásigkomulagi en innan ESB, að afkoma þjóðarinnar byggir á sjávarútvegi og að sjávarútvegur er undirstaða byggðar í landinu

Landbúnaður

Eins og sjávarútvegur þá fellur landbúnaður utan við gildisvið EES-samningsins. Þó ber að hafa í huga að á grundvelli EES-samningsins má vænta þess að matvælalöggjöf ESB verði tekin upp hér á landi innan tíðar en það myndi hafa talsverð áhrif á reglur um heilbrigði og hollustu við framleiðslu á landbúnaðarafurðum.

Þýðing fullrar aðildar

Meginmarkið landbúnaðarstefnu ESB er að framleiðsluávarðanir bænda ráðist í meira mæli af markaði, að hún hvetji til sjálfbærs búskapar og að hún sé sem einföldust. Í framkvæmd hefur hún verið stöðugum breytingum undirorpin. Róttækustu breytingar síðustu ára hafa miðað að því að draga úr stuðningi sem greiddur er til framleiðenda eftir magni og tegund framleiðsluafurða. Þess í stað hafa verið teknar upp „grænar greiðslur“. Þær byggja á sögulegri viðmiðun um greiðslur og greiðast út á ræktunarland. Einnig eru færðir fjármunir frá framleiðslutengdum stuðningi yfir í framlög til byggðaþróunar og atvinnuuppbyggingar í dreifbýli.

Álitamál – kostir og gallar

Á opnum fundi nefndarinnar um landbúnaðarmál voru reifuð ýmis álitamál er tengjast aðild Íslands að ESB.

Kostir tengdir aðild: Evran tryggir stöðugleika í efnahagslegu umhverfi landbúnaðar. Tollar falla niður á landbúnaðarafurðum; þar með skapast forsendur fyrir lækkun matvæleverðs og sóknarfærum íslensks matvælaíðnaðar á erlendum mörkuðum. Aðgangur að styrkjum sem hvetja til atvinnuþróunar fremur en kyrrstöðu.

Gallar tengdir aðild: Tollar gagnvart löndum utan ESB gætu hækkað, aukin hætta á dýrasjúkdómum vegna innflutnings á ófrosnu kjöti, minni markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu og samsvarandi tekjumissir bænda, afurðastöðva og starfsfólks í tengdum

greinum, afnám tolla og tilflutningur á framleiðslu landbúnaðarafurða gæti hugsanlega teft matvælaöryggi þjóðarinnar í hættu.

Sýn ASÍ:

- Að komið verði til móts við hugsanlegan samdrátt í markaðshlutdeild innlendrar landbúnaðarframleiðslu

Helstu áherslur ASÍ:

- Auk hefðbundinna styrkja landbúnaðarstefnu ESB verður að tryggja heimildir til að beita öðrum úrræðum hér á landi, eins og t.d. norðurslóða- og harðbýlisstyrkjum svo og byggðasjóðum sambandsins – þannig verði leitast við að koma til móts við hugsanlegan samdrátt í markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu og tryggja matvælaöryggi
- Heimildir til viðeigandi aðgerða gegn útbreiðslu dýrasjúkdóma séu tryggðar
- Kröfur vegna landbúnaðarmála á að rökstyðja með tilvísun til sérstöðu Íslands hvað varðar hollustu og heilbrigði matvæla, þess að íslenskur landbúnaður er af náttúrlegum ástæðum ekki samkeppnishæfur við evrópskan; einnig má nýta fordæmi úr aðildarsamningum annarra landa

Bygðamál

Aðgangur að byggðasjóðum ESB fellur utan við gildisvið EES-samningsins. Þrátt fyrir það hafa áherslur ESB í bygðamálum talsverð áhrif hér á landi. Beinu áhrifin koma m.a. fram í gegnum aðgang Íslands að áætlunum, t.d. svokallaðri „Norðurslóðaáætlun“. Óbeinu áhrifin koma fram í ESB-löggjöf sem setur sveitarfélögunum ákveðnar skorður t.d. í umhverfismálum, opinberum innkaupum og eftirliti á sviði heilbrigðis- og byggingamála.

Þýðing fullrar aðildar

Bygðastefnu ESB verður að skoða í samhengi við meginmarkmið sambandsins um uppbyggingu innri markaðarinnar. Hliðaráhrif þessa markmiðs eru ýmiss konar tilfærslur á efnahagsstarfsemi á milli svæða. Bygðastefnan er hugsuð sem mótvægi við þessu, þ.e. með því að jafna aðstöðu milli svæða og gera ráð fyrir aðlögun þeirra er hlúð að samstöðu innan sambandsins. Samkvæmt markmiðum bygðastefnu ESB 2007-13 skulu fátæk svæði studd til að „ná öðrum“. Svæði sem standa frammi fyrir miklum efnahagslegum tilfærslum studd til að viðhalda samkeppnishæfni og önnur svæði til þátttöku í svæðasamstarfi.

Álitamál – kostir og gallar

Á opnum fundi nefndarinnar um bygðamál voru reifuð ýmis álitamál er tengjast aðild Íslands að ESB.

Kostir tengdir aðild: Ísland þyrfti ekki lengur að glíma við afleiðingar af þátttöku í innri markaðnum (t.d. byggðaröskun) án þess að hafa aðgang að byggðasjóðunum. Aðgangur að sjóðum, samstarfsáætlunum og þekkingu opnar möguleika fyrir hið borgaralega samfélag (sveitarfélög, stéttarfélög ...) til að verða virkara á sviði byggða- og atvinnuþróunarmála. Við þurfum að takast á við ESB innan þess eða í gegnum EES, með að-

gangi að fleiri sjóðum og áætlunum myndast e.t.v. hvati til að skipuleggja okkur betur í Evrópusamvinnunni.

Gallar tengdir aðild: Flókið regluverk og stjórnsýsla, samskipti sveitarstjórna og stéttarfélaga við ESB gerir kröfur um bolmagn sem kannski er ekki fyrir hendi, smærri skipulagseiningar gætu staðið frammi fyrir óraunhæfum kröfum, óljós ávinningur miðað við núverandi skipulagseiningar.

Sýn ASÍ:

- Að tekið verði tillit til sérstöðu Íslands hvað varðar strjálbýli og veikburða skipulagseiningar í stjórnsýslunni

Helstu áherslur ASÍ:

- Að sérstaða Íslands, m.a. hvað varðar strjálbýli og áhrif innri markaðarins á byggða- og atvinnuþróun hér á landi, sé viðurkennd í byggðastefnu ESB og í skilyrðum fyrir úthlutun úr sjóðum sambandsins
- Að komið verði til móts við veikburða skipulagseiningar í íslenskrri stjórnsýslu til að þær eigi raunhæfa möguleika á þátttöku í Evrópusamvinnunni
- Að tekið verði tillit til þess að sumar gerðir /kröfur ESB í byggðamálum kann að vera óraunhæft að útfæra við íslenskar aðstæður

Kröfur vegna byggðamála á að rökstyðja með tilvísun í sérstöðu Íslands, þess að landið er jaðarsvæði, eyja fjarri meginlandinu, strjálbýlt og fámenn; einnig má nýta fordæmi úr aðildarsamningum annarra landa.

Greinargerð um Evrópusamvinnu á sviði vinnumarkaðs-, félags-, og menntamála

Evrópusamvinna um vinnumarkaðs- og félagsmál

Samstarf í vinnumarkaðsmálum og réttindum launafólks eru mikilvægir þættir Evrópusamvinnunnar. Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hafa íslensk stjórnvöld skuldbundið sig til að taka upp reglur Evrópusambandsins á sviði vinnumarkaðar og varðandi lágmarksréttindi launafólks sem falla undir samninginn.

Það er óumdeilt að mati ASÍ að Evrópusamvinnan og EES samningurinn hafa þjónað hagsmunum Íslands og íslensks launafólks vel. Þannig hafa fjölmargar tilskipanir og reglur á sviði vinnumarkaðs- og félagsmála aukið og bætt réttarstöðu launafólks hér á landi. Sama gildir um samstarf á Evrópuvísu sem stjórnvöld og samtök launafólks hafa átt á þessu sviði, s.s varðandi vinnuvernd.

Aðild að Evrópska efnahagssvæðinu þýðir að Ísland hefur ekki aðkomu að formlegri ákvarðanatöku um vinnumarkaðs- og félagsmál á vettvangi Evrópusamvinnunnar og aðeins takmarkaða möguleika á samráði. Það þýðir að við höfum ekki sömu möguleika og aðildarþjóðir ESB til að knýja á um og fylgja eftir góðum málum. Sama gildir þegar tekist er á um sjónarmið og reglusetningu sem kann að vera andstæð hagsmunum launafólks eða orka tvímælis. Dæmi um slíkt eru átökin sem urðu um upphaflegar tillögur að þjónustutílskipuninni og mikilvægi þess að frjáls þjónustuviðskipti verði ekki til að veikja stöðu launafólks og réttindi á vinnumarkaði.

Jafnframt hefur ítrekað verið bent á, að frá því EES samningurinn var gerður, hefur

samstarf ríkja Evrópusambandsins dýpkað og ný viðfangsefni verið felld undir samvinnu þeirra. Út frá hagsmunum launafólks og vinnumarkaðarins skiptir mestu dýpkun og nýsköpun samstarfsins, þar sem nýir málaflokkar hafa verið felldir undir Evrópusamvinnuna eins og t.d. réttindi og staða minnihlutahópa á vinnumarkaði. Annað dæmi er félagsmálastefna ESB sem er mikilvæg stoð fyrir efnahags- og atvinnulíf framtíðarinnar. Félagsmálastefnan hvílir á þeirri grundvallarsýn, að aukin lífsgæði þegnanna og meiri jöfnuður sé eitt helsta markmið Evrópusamvinnunnar. Þá má nefna áherslu og samstarf Evrópusambandsríkja um samþættingu efnahags-, atvinnu- og félagsmála, með svokölluðu Lissabon ferli. Það hefur að markmiði að gera Evrópu samkeppnishæfasta efnahagskerfið sem byggir á sjálfbærni og er ætlað að skapa fleiri og betri störf og félagslega samstöðu. Allt er þetta samstarf utan marka EES samningsins og þar með eru Íslendingar ekki þátttakendur.

Sú umræða gerist nú stöðugt áleitnari á vettvangi Evrópusambandsins að skilja verði betur á milli þeirra ríkja sem valið hafa að vera aðilar að ESB og þeirra sem standa fyrir utan, þegar kemur að samstarfi á ýmsum sviðum Evrópusamvinnunnar. Þessi umræða knýr enn frekar á um að Ísland móti skýra afstöðu til aðildar að Evrópusambandinu og skilgreini samningsmarkmið sín. Þannig er alls ekki gefið að Íslandi muni í framtíðinni standa til boða með sama hætti og áður samstarf á fjölmörgum sviðum sem eru utan kjarna EES samningsins.

Alþýðusamband Íslands hefur litið á það sem sitt hlutverk að fjalla sérstaklega um og taka afstöðu til þeirra þátta Evrópusamvinnunnar sem varða launafólk og hagsmuni þess með beinum hætti. Sama máli gegnir um spurningar er varða aðkomu að ákvarðanatöku á vettvangi Evrópusamvinnunnar og möguleikum til að hafa áhrif á það sem þar fer fram.

Á framangreindum sviðum þarf að skilgreina skýr samningsmarkmið fyrir væntanlegar aðildarviðræður við ESB, þar sem áherslur og hagsmunir launafólks og samfélagsins alls eru áreittuð. Alþýðusamband Íslands hefur um árabil lagt grunninn að slíku starfi.

Mikilvægt er að fylgjast vandlega með og taka virkan þátt varðandi stefnumótun og þróun vinnumarkaðs- og félagsmála á Evrópuvísu. Það er skoðun ASÍ að hagsmunir íslensks launafólks verði best tryggðir með því að Ísland verði fullgildur þátttakandi á þeim vettvangi.

Evrópusamvinnan um menntun og gagnkvæma viðurkenningu

Samstarf á sviði menntunar er mikilvægur og vaxandi þáttur í Evrópusamvinnunni. Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hefur Ísland verið virkur þátttakandi í þessu samstarfi sem gagnast hefur íslensku launafólki með margvíslegum hætti.

Með samstarfi stefnumótunaraðila á Evrópuvísu í menntamálum á öllum stigum og menntastofnana hafa fræðsluaðilar hér á landi fengið dýrmæta þekkingu og reynslu um þróun og framkvæmd menntunar. Öflugt þróunarstarf sem nú er í gangi með það að markmiði að stuðla að gagnkvæmri viðurkenningu á menntun milli landa og möguleikum einstaklinga til að sækja sér viðurkennda menntun erlendis býður einnig upp á mikla möguleika til framtíðar.

Með þátttöku í símenntunaráætlunum ESB hefur Íslendingum gefist tækifæri til að taka þátt í menntasamstarfi á mörgum sviðum. Þar má nefna ýmis þróunar og yfirfærsluverkefni á sviði starfsmenntunar og framhaldsfræðslu, starfsmannaskipti þar sem fræðsluaðilum og launafólki gefst kostur á að afla sér þekkingar með kynningu og starfsreynslu

annars staðar í Evrópu og einnig nemendaskiptum þar sem ungt fólk aflar sér þekkingar með menntun og starfsþjálfun.

Mikilvægt er að áréttta að framangreint samstarf hefur ekki aðeins skilað miklum og vaxandi fjármunum til símenntunar hér á landi. Verðmæti þess felst enn frekar í þeirri þekkingu sem þetta samstarf hefur skilað inn í menntakerfið og út í atvinnulífið. Leggja ber áherslu á að hagnýta sem best þá möguleika sem þarna bjóðast fyrir launafólk og atvinnulífið með virkri þátttöku verkalýðshreyfingarinnar í samstarfi við samtök atvinnurekenda og stjórnvöld. Þar eru óþrjótandi tækifæri í framtíðinni.

Óflugt menntastarf mun gegna lykilhlutverki fyrir endurreisn íslensks atvinnulífs og velferðarsamfélag framtíðarinnar. Í þessu ljósi er þátttaka Íslands í menntasamstarfi á Evrópuvísu aldrei mikilvægari en einmitt nú.

Þótt aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu hafi gagnast Íslandi og íslensku launafólki vel á sviði menntamála er ljóst að utan ESB er aðkoma okkar önnur og minni en aðildar-ríkja ESB. Þannig er ljóst að stefnumótunin og lykilávarðanir eru teknar á vettvangi Evrópusambandsins. Þá er þróunin á þessu sviði oft tengd atvinnu- og félagsmálastefnu ESB sem er alfarið utan marka EES samningsins.

Jafnframt knýr umræðan um að skilja verði betur á milli ríkja innan og utan ESB á um að Ísland móti skýra afstöðu til aðildar að ESB og skilgreini samningsmarkmið sín.

Mikilvægt er að fylgjast vandlega með og taka virkan þátt í stefnumótun og þróun menntunar á Evrópuvísu. Það er skoðun ASÍ að hagsmunir íslensks launafólks verði best tryggðir með því að Ísland verði fullgildur þátttakandi á þeim vettvangi.



Erlend samskipti

Alþýðusamband Íslands er virkur þátttakandi í alþjóðastarfi bæði á vettvangi verkalyðshreyfingarinnar og alþjóðastofnana. Þátttaka ASÍ endurspeglar hvoru tveggja alþjóðlegan uppruna samtaka launafólks og ört vaxandi mikilvægi alþjóðastarfs fyrir verkalyðshreyfinguna og félagsmenn hennar.

Hnattvæðingin með auknum viðskiptum og samskiptum á öllum sviðum fylgja ný úrlausnarefni, hættur en einnig tækifæri fyrir samtök launafólks. Aukið samstarf Evrópuríkja og þátttaka Íslands í EES með sameiginlegum vinnumarkaði Evrópuríkja og löggjöf og samstarf á fjölmörgum sviðum er mikilvægur þáttur í þessari þróun. Með þátttöku sinni á alþjóðavettvangi tekur ASÍ þátt í umræðu, stefnumótun og ákvarðanatöku á alþjóðavísu, nýtir þekkingu og reynslu úr alþjóðlegu starfi og árangur alþjóðlegrar verkalyðshreyfingar fyrir íslenskt launafólk, og leggur sitt af mörkum til að efla alþjóðlega samstöðu launafólks og styður uppbyggingarstarf og réttindabaráttu í þróunarríkjunum.

Vegna efnahagsþrenginganna og mikils álags á skrifstofu ASÍ dró tímabundið verulega úr þátttöku ASÍ í alþjóðastarfinu á tímabilinu.

Norræna verkalyðssambandið - NFS

Stjórn Norræna verkalyðssambandsins – NFS – kemur saman tvisvar á ári og er hún skipuð forystumönnum aðildarsamtakanna. Forseti ASÍ situr þessa fundi fyrir hönd ASÍ. Starf NFS hefur á undanförunum árum í vaxandi mæli snúist í æ ríkari mæli um samstarf Norðurlandanna á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi.

Á stjórnarfundi í nóvember 2008 í Stokkhólmi var ákveðið að leggja af tímabundnar ráðningar almennra starfsmanna, sem tíðkast hafa um langt árabíll, þó áfram verði gætt ákveðins jafnræðis milli landanna. Einnig var samþykkt að setja í gang umfangsmikið

verkefni á vegum Eystrasalts-samstarfsins (BASTUN) sem fengið hefur 30 mill.s.kr. styrk frá ESB til að efla þríhliða samstarf í þessum löndum. Einnig var samþykkt að þema fyrirhugaðs þings NFS hausti 2009 verði þær áskoranir og ógnanir sem norræn verkafélögum og umfang almennra kjarasamninga. Einnig var upplýst að BHM hefði sótt um aðild að NFS, en fulltrúar ASÍ og BSRB höfðu ekki fengið neina vitneskju um slík áform og var ákveðið að fresta málinu þar til skýrari upplýsingar lægu fyrir um áform BHM. Á fundinum gerði forseti ASÍ grein fyrir stöðu mála á Íslandi í kjölfar fjármálakreppunnar og áherslum og tillögum ársfundar ASÍ.

Á stjórnarfundum í apríl í Ósló hafði Guy Ryder, framkvæmdastjóra Alþjóðasamtaka verkalýðsfélaga (ITUC) verið boðið að kynna áherslur samtakanna vegna alþjóðlegrar fjármálakreppu, svokallaða London-yfirlýsingu. Jafnframt ítrekaði hann andstöðu og mótmæli ITUC við aðkomu IMF að þessum málum og kröfu okkar um að fulltrúar launafólks fengu aðild að G-20 fundum þar sem unnið væri að tillögum um róttækar breytingar á fjármálakerfinu. Í máli hans kom einnig fram að ILO hefði fengið aðild að þessum umræðum, ekki bara WTO, IMF og Alþjóðabankinn. Fulltrúar LO-S gerðu grein fyrir áherslum Svía í formennsku sinni innan ESB seinni hluta ársins 2009.

Í febrúar 2008 var stofnaður vinnuhópur um loftslagsbreytingar og verkalýðshreyfingarinnar á vettvangi NFS. Vinnuhópurinn lauk störfum nú í september og skilaði af sér skýrslu sem lögð verður fyrir þing samtakanna í lok september. Haldnir voru samtals 10 fundir og ein ráðstefna. Hefur Ingunn S. Þorsteinsdóttir tekið þátt í vinnunni og fylgst með starfi vinnuhópsins fyrir hönd ASÍ.

Nánar er hægt að kynna sér starf NFS á vef samtakanna www.nfs.net.

NFS - vinnuhópur um loftslagsbreytingar

Í febrúar 2008 var stofnaður vinnuhópur um loftslagsbreytingar og verkalýðshreyfinguna á vettvangi NFS. Vinnuhópurinn lauk störfum nú í september og skilaði af sér skýrslu sem lögð var fram á stjórnarfundum NFS þann 16. september sl. Haldnir hafa verið samtals 10 fundir og einnig stóð vinnuhópurinn fyrir ráðstefnu í júní sl. Hefur Ingunn S. Þorsteinsdóttir tekið þátt í vinnu hópsins og fylgst með starfi hans fyrir hönd ASÍ.

Fundur hagfræðinga hjá Alþýðusamböndunum á Norðurlöndum

Árlegur fundur hagfræðinga norrænu Alþýðusambandanna var haldinn í Reykjavík dagana 2.-4. júní 2009. Á dagskrá fundarins var almenn umræða um stöðu efnahags- og kjaramála á Norðurlöndunum. Rætt var um áhrif hinnar alþjóðlegrar fjármálakreppu sem nú gætir á vinnumarkaði allra Norðurlandanna þó sist sjáist merki niðursveiflu í Noregi. Fundarmenn voru áhugasamir um að ræða orsakir og afleiðingar af hruni íslenska bankakerfisins og miðluðu einnig af reynslu sinni frá því í upphafi 10. áratugarins þegar Norðurlöndin gengu í gengum bankahrun og mikla niðursveiflu í efnahagslífinu í kjölfarið. Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands hélt erindi fyrir gestina um fjármála- og gjaldeyriskreppu í íslensku efnahagslífi og farið var í kynnisferð um Hellisheiðarvirkjun.

Verkalýðshreyfingin í Norður Atlantshafi (VN)

ASÍ hefur á undanförunum árum átt náið samstarf við grænlenku og færeysku verka-

lýðshreyfinguna innan Vest Norræna Sambandsins. Ársfundur samtakanna var haldin var helgina 4.-7. september á Suðurey í Færeyjum. Þar kom fram að í Færeyjum hafa verið stofnuð heildarsamtök launafólks – Samtak - með aðild Verkamannasambandsins, verkamannafélagsins í Þórshöfn og Sjómannasambandinu en samtök iðnaðarmanna (í Þórshöfn og á landsbyggðinni) hafa enn ekki fundið flöt á þátttöku. Málið var stuttlega rætt á fundinum og greinilegt að vilji er til þess að taka málið upp af beggja hálfu og finna flöt að aðkomu iðnaðarmanna að þessum samtökum. Fulltrúar ASÍ lögðu það til að félagsgjöld vegna ársins 2009 og 2010 verði felld niður, og félagsgjöld vegna 2011 verði tekin til skoðunar í ágúst á næsta ári, en sjódsstaða samtakanna er mjög góð. Var tillagan samþykkt samhljóða og lækka útgjöld ASÍ um 1,5 mill.kr. hvort árið vegna þessa.

Evrópusamband verkalýðsfélaga - ETUC

Alþýðusamband Íslands tekur virkan þátt í starfi Evrópusambands verkalýðsfélaga (ETUC). Það felur m.a. í sér að fulltrúar ASÍ starfa í málefnanefndum ETUC og starfshópum og eiga aðild að samninganefndum ETUC sem semja við Evrópusamtök atvinnurekenda (EUROBUSINESS og CEEP) um málefni launafólks og vinnumarkaðarins á Evrópuvísu.

Framkvæmdastjórn ETUC

Framkvæmdastjórn ETUC kemur saman 4 sinnum á ári í Brussel og á ASÍ einn stjórnarmann sem forseti ASÍ hefur sinnt. Vegna anna undanfarinn vetur sótti forseti aðeins einn stjórnarfund hjá ETUC á þessu ári, í mars sl. Þar gerði hann grein fyrir aðstæðum á Íslandi og dreifði úrdrætti úr hagspá hagdeildar ASÍ þar sem fram kom umfang þess mikla vanda sem við væri að glíma. Starf innan ETUC hefur mótast verulega af þljóðlegri fjármálakreppu og kröfu samtakanna um samræmd viðbrögð framkvæmdastjórnar og aðildarríkjanna til að draga úr aukningu atvinnuleysis og verja velferðarkerfið. Einnig beittu samtökin sér fyrir umræðu um stöðu launafólks og réttindi í aðdraganda kosninga til Evrópuþingsins í sumar, en freistuðu þess jafnframt að koma í gegn mikilvægum breytingum á nokkrum tilskipunum um vinnumarkaðinn, s.s. vinnutímatilskipuninni og útsenda starfsmenn. Var nokkur árangur af því starfi.

Aukaping ETUC

Í maí var haldið aukaping ETUC í París, þar sem til stóð að taka til umfjöllunar og ákvörðunar ágreining um lagabreytingar og félagsgjöld til samtakanna. Í aðdraganda aukapingsins og í ljósi mikilvægis samstöðu vegna mikilla efnahagsþrenginga náðist samkomulag innan útvíkkaðrar stjórnar um málin. Jafnframt var ákveðið að láta aukapingið snúast um sérstaka yfirlýsingu aðildarsamtakanna um kröfu um aðgerðir til að verja launafolk fyrir áhrifum kreppunnar. Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ og Ingibjörg R. Guðmundsdóttir vararforseti ASÍ sátu fundinn fyrir hönd íslensku verkalýðshreyfinganna. Rætt var um efnahagskreppuna og mögulegar leiðir út úr vandanum þar sem forseti ASÍ lagði áherslu á reynslu Íslendinga að samhliða aðgerðum í atvinnumálum yrði að huga að traustari löggjöf og réttindum almennings vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar á skuldum heimilanna. Á fundinum var samþykkt svokölluð Parísayfirlýsing sem er í fimm liðum. Markmið hennar var annars vegar að berjast gegn kreppunni og hins vegar að stuðla að uppbyggingu réttlátari þjóðfélags í Evrópu.

Fimm áhersluatriði yfirlýsingarinnar eru þessi:

- Fleiri og tryggari störf: - fjármunir lagðir í umfangsmikla evrópska endurreisnaráætlun
- Óflugra velferðarkerfi til að efla öryggi og jöfnuð þegnanna og hindra félagslega einangrun
- Betri réttindi fólks á vinnumarkaði
- Óflugri kjarasamninga sem að treysta kjör launafólks

Ófluga evrópska samstöðu gegn óheftum kapítalisma eins og þeim sem olli fjármálakreppunni

ETUC – Women 's Committee – Kvennanefnd Evrópusambands verkalýðsfélaga

Tveir fundir voru haldnir á starfsárinu, í nóvember 2008 og mars 2009 en voru ekki sóttir af fulltrúa ASÍ.

Samráðsvefur ETUC um málshöfðanir

Unnið hefur verið að því að setja upp sérstakan samráðsvef um málshöfðanir innan aðildarríkja EES svæðisins um mál er varða sameiginlega hagsmuni verkalýðshreyfingarinnar og sem varða Evrópurétt. Vefurinn var opnaður á haustmánuðum og með honum gefst tækifæri til þess að bregðast fyrir við málshöfðunum, veita einstökum aðildarsamtökum aðstoð og til þess að samræma viðbrögð ETUC ef og þegar málin berast Evrópudómstólnum.

Ráðgjafarnefnd EFTA

Ráðgjafarnefnd EFTA er samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins í EFTA löndunum. Nefndin hittist að jafnaði fjórum sinnum á ári. Síðla vetrar er í tengslum við fund nefndarinnar haldinn fundur með Stjórnarnefnd EFTA (Standing Committee). Að vori eru í tengslum við fund nefndarinnar haldnir fundir með ráðherrum EFTA ríkjanna og Þingmannanefnd EFTA. Að hausti heldur nefndin vinnufund þar sem farið er yfir þau mál sem eru efst á baugi hverju sinni. Undir lok árs er haldinn fundur með þeim ráðherra EFTA/EFTA-EES ríkjanna sem hefur forystu fyrir EFTA hverju sinni. Þá fundar Ráðgjafarnefndin einu sinni á ári með fulltrúum frá Efnahags- og félagsmálanefnd ESB (EESC). Í Ráðgjafarnefndinni sitja 16 fulltrúar samtaka launafólks og atvinnurekenda. Sex frá Noregi, fjórir frá Íslandi og Sviss og tveir frá Lichtenstein. Auk þess starfa fulltrúar frá skrifstofu EFTA með nefndinni og sérfræðingar frá aðildarsamtökunum í einstaka málum.

Helstu verkefni Ráðgjafarnefndarinnar

Ráðgjafarnefnd EFTA setti sér sérstaka starfsáætlun fyrir árið 2009. Áætlunin tekur eðli málsins mjög mikið mið af því sem er á gerast á vettvangi Evrópusambandsins og samningsins um Evrópska efnahagssvæðisins á hverjum tíma. Helstu áherslusvið í starfi nefndarinnar á árinu 2009 eru: Alþjóðlega efnahagskreppan og afleiðingar hennar, samskipti EFTA við 3ju ríki, Lissabon-sáttmáli ESB, Innri markaðurinn, stækkunarmálin, Lissabon áætlunin og málefni Norðurslóða. Á tímabilinu ályktaði Ráðgjafarnefndin um tvö málefni sérstaklega. Annars vegar um þörfina á samræðu um inntak og eðli samninga við 3ju ríki, m.a. með tilliti til samfélagslegra þátta. Hins vegar um orku- og loftslagsmál og viðskipti.

Ráðgjafarnefnd EES

Fundur var haldinn í Ráðgjafarnefnd EES í Brussel 26. og 27. maí 2009. 26. maí fundaði Ráðgjafarnefnd EES allan daginn. 27. maí var síðan fundað með tveimur fulltrúum Efnahags- og félagsmálanefndar ESB um stöðu mála varðandi viðræðurnar á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og viðskiptasamninga sem ESB eru að vinna að við þriðju ríki. Þá var fundur með þeirri nefnd Efnahags- og félagsmálanefndar ESB sem fer með málefni og samskipti við lönd og svæði utan ESB sem kalla má alþjóðanefnd (External Relations Committee).

Á fundi ráðgjafarnefndar EES voru samþykktar tvær ályktanir. Annars vegar um málefni Eystrasaltsríkjanna og norðurslóða. Hins vegar um umhverfisvæna atvinnu-uppbyggingu.

Á öllum þessum fundum kom fram mikill áhugi varðandi væntanlega aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu. Sendiherra Íslands í Brussel, Stefán Haukur Jóhannesson gerði grein fyrir stöðu þessara mála á fundi Ráðgjafarnefndar EES. Framsaga hans vakti mikla athygli og umræðu, bæði um væntanlega aðildarumsókn og hugmynd sem hann setti fram um það hversu hratt aðildarviðræður gætu gengið fyrir sig. Þá varð í þessu sambandi einnig mikil umræða um framtíð EFTA samstarfsins.

Á fundinum með alþjóðanefnd Efnahags- og félagsmálanefndar ESB fékk fulltrúi ASÍ tækifæri til að ávarpa fundinn stuttlega fyrir hönd Íslands, auk þess að svara fyrirspurnum um væntanlega aðildarumsókn Íslands að ESB. Hann gerði stuttlega grein fyrir stöðunni og hvernig íslensk stjórnvöld sæju fyrir sér næstu skref. Þá gerði hann grein fyrir þeirri skoðun ASÍ að mikilvægt væri að aðilar vinnumarkaðarins kæmu með virkum hætti að viðræðunum og lýsti þeirri von okkar að við gætum leitað eftir upplýsingum og stuðningi fulltrúa aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu innan Efnahags- og félagsmálanefndarinnar. Fram kom mikill áhugi meðal fundarmanna á þessu máli. Þá kom fram vilji til að vera aðilum vinnumarkaðarins innan handar varðandi þær viðræður sem framundan eru. Fulltrúi ASÍ notaði einnig tækifærið og sagði stuttlega frá vinnuni við stöðugleikasáttmálann og hvaða væntingar við höfum til hans.

Það má segja að væntanleg aðildarumsókn Íslands hafi skyggt á annað sem fram fór á framangreindum fundum. Hér á eftir verður greint frá því helsta öðru sem fram kom á fundunum.

Alþjóðavinnuálagstofnunin – ILO

98 – þing ILO

Í sendinefnd Íslands sátu af hálfu stjórnvalda, Kristinn Árnason sendiherra auk starfsmanna fastanefndarinnar í Genf. Af hálfu samtaka verkafólks sóttu þingið Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ og Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. Af hálfu atvinnurekenda þau Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón H. Magnússon. Af sparnaðarástæðum átti félagsmálaráðuneytið ekki sérstakan fulltrúa auk þess sem ekki voru greiddir dagpeningar til þingfulltrúa nema í rúmar 2 vikur í stað þriggja. Marianna Traustadóttir, sérfræðingur á skrifstofu ASÍ var kennari við Genfarskólann að þessu sinni en hann sóttu nemendurnir Jóhanna Rúnarsdóttir frá ASÍ og Jakobína Björnsdóttir frá BSRB.

Magnús M. Norðdahl sat allsherjarnefnd um viðbrögð við kreppunni (Committee of the Whole on Crises Response) sem var aðalnefnd þingsins og var jafnframt kjörinn í

samninganefnd verkafólks um niðurstöður hennar. Niðurstöður nefndarinnar eru mikilvægar vegna stöðu ILO í alþjóðasamfélaginu á þann veg að staðfest er, að ILO er sú alþjóðastofnun sem gætir hagsmuna vinnandi fólks á þeim vettvangi. Í framhaldinu samþykkti ILO þingið sérstaka yfirlýsingu „Recovering from the crisis: A global compact“. Þar segir m.a. að „Viðbrögð okkar ættu að stuðla að réttlátri hnattvæðingu, að grænna hagkerfi og þróun sem betur skapi störf og sjálfbær fyrirtæki, virði réttindi launafólks, stuðli að jafnrétti, verndi viðkvæma hópa og aðstoði ríki í að veita góða almenningu.“

Þríhliða nefnd ILO á Íslandi

Nefndin fundar að jafnaði einu sinni á hverjum sex vikum og voru störf hennar hefðbundin. Merkjanlegur munur er á vinnubrögðum hennar í kjölfar breyttra verklagsreglna um meðferð á niðurstöðum ILO þinga sem gerð var grein fyrir í síðustu skýrslu. Nú liggur fyrir að afstöðu þarf að taka til staðfestingar eftirfarandi samþykka og tilmæla:

S-186 um vinnuskilyrði farmanna, S-187 og T-197 um aðbúnað og hollustuhætti, S-188 og T-199 um fiskimenn og loks T-198 um ráðningarsamband. Fyrir nefndinni liggur einnig frágangur á þýðingu viðbóta við Félagsmálasáttmála Evrópu en því verki miðaði lítið eftir að hafa tekið kipp árið á undan.

Norræna ILO samstarfið

Fulltrúar norrænu verkalýðshreyfingarinnar á Norðurlöndunum hittust þrisvar á síðasta starfsári. Á þessum fundum er afstaða okkar til einstakra dagskrármála í Stjórnarnefnd ILO rædd auk þess sem ILO þingin eru undirbúin, verkum og ábyrgð skipt vegna þeirra. Af Íslands hálfu var einn þessara funda sóttur að þessu sinni en þar var fjallað um skipulag 98 þingsins og verkum skipt.

NFS

NFJS – Fundur lögfræðinga heildarsamtaka launafólks á Norðurlöndunum

Árlegur fundur lögfræðinga heildarsamtaka launafólks á Norðurlöndunum var haldinn í Finnlandi í ágúst 2009 en var ekki sóttur af ASÍ.

NETLEX

NETLEX – Network of legal experts.

Árlegur fundur lögfræðinga aðildarsamtala ETUC var haldinn dagana 6.11 til og með 8.11 2008. Fjallað var um sameiginlegt viðvörunarkerfi ETUC vegna mála sem gætu varðað hreyfinguna miklu. Farið var ítarlega yfir þau áhrif sem Viking/Laval/Ruffert hafa haft í þessu efni og hver afstaða þingsins hefur verið en þar virðist hreyfingin eiga hauka í horni. Hvert og eitt ríki gerði grein fyrir hugsanlegum áhrifum hjá sér og gerði fulltrúi ASÍ grein fyrir áhrifum hér á landi með sama hætti og gert hefur verið innan stjórnar ETUC. Farið var yfir tillögur að breytingum á tilskipunum um vinnutíma, starfsmannaleigur og Evrópsk samstarfsráð og loks lýstu fjórir fræðimenn viðhorfum sínum undir heitinu „Hvernig á maður ekki að fyllast örvæntingu um framtíð félagslegrar Evrópu“.



Lagabreytingar og skipulagsmál

Laganefnd

Laganefnd ASÍ kom saman til 4 funda á starfsárinu og afgreiddi á þeim til miðstjórnar umsagnir um 9 lagabreytingar einstakra aðildarsamtaka. Eins og áður var um að ræða í flestum tilvikum minniháttar breytingar vegna sameiningar aðildarféлага og breytingar gerðar í framhaldi af leiðbeiningum miðstjórnar. Í laganefnd eru óafgreiddar breytingar á lögum Sjómannafélags Eyjafjarðar og Verkalýðs- og sjómannafélags Grindavíkur en bæði félögin hyggjast stækka félagssvæði sitt yfir landið allt en þó án þess að vilja taka stöðu landsfélaga. Nýr hópur bættist við ASÍ er Múrarafélag Reykjavíkur, sem staðið hefur utan ASÍ, sameinaðist FIT.

Skipulags- og starfsháttanefnd

Skipulags- og starfsháttanefnd kom saman til 8 funda á starfsárinu. Nefndin fjallaði á fundi sínum um tillögur að breytingum á lögum ASÍ fyrir ársfund 2008 og gaf miðstjórn álit sitt um afgreiðslu þeirra. Í upphafi starfsársins var ætlunin að fara af stað með skipulagða umræðu um skipulag ASÍ og framtíð þess. Í kjölfar hrunsins í október 2008 voru þau áform lögð til hliðar í bili. Afgreiddar voru þrjár breytingar á reglugerðum sjúkrasjóða. Í lok starfsársins haf nær öll aðildarsamtök ASÍ skilað inn endurbættum reglugerðum sjúkrasjóða sinna þannig að þær standast lágmarksákvæði laga ASÍ. Einingis þrenn samtök hafa ekki skilað og í öllum tilvikum er um mjög lítil félög að ræða. Á fundi sínum þann 1.4 2009 óskaði miðstjórn eftir tillögum frá nefndinni um breytingar á samþykktum lífeyrissjóðanna þar sem sjóðunum yrðu settar siðareglur. Nefndin skilað miðstjórn svohljóðandi tillögum eftir fund sinn þann 14.4:

Starfs- og stjórnarmönnum lífeyrissjóðsins er óheimilt að þiggja eða sækjast eftir gjöfum eða fjármunum frá viðskiptavinum eða væntanlegum viðskiptamönnum sem á einn eða annan hátt tengjast starfi þeirra. Undanteknar eru jóla- og afmæliskeðjur, sem eru að fjárhagslegu verðmæti innan marka sem teljast algeng í slíkum tilvikum skv. nánari reglum stjórnar eða um er að ræða persónuleg tengsl sem ekki verða rakin til viðskipta við lífeyrissjóðinn.

Starfs- og stjórnarmönnum er óheimilt að þiggja boðsferðir af viðskiptavinum, innanlands sem utan, hvort sem um er að ræða skemmtiferðir, svo sem veiðiferðir og golfferðir, eða kynnisferðir vegna einstakra fyrirtækja eða viðskiptakosta. Undanþegnar eru ferðir sem talið er að hafi upplýsingagildi fyrir lífeyrissjóðinn eða gera hann hæfari til að sinna hlutverki sínu. Í slíkum tilvikum skal metið af yfirmanni eða sjóðstjórn eftir atvikum hvort svo sé, enda greiði lífeyrissjóðurinn sjálfur kostnað við ferðina nema annað sé sérstaklega ákveðið og formleg heimild veitt til. Sjóðstjórn skal reglulega gerð grein fyrir öllum ferðum skv. framansögðu.

Stjórn lífeyrissjóðsins skal setja starfsemi hans og starfsmönnum almennar samskipta og siðareglur

Í maí 2009 samþykkti nefndin „Viðmiðunarreglur um réttindi og skyldur stjórnarmanna í aðildarsamtökum ASÍ og starfsmanna þeirra“. Í þeim er fjallað um mætingar á fundi, aðgang að gögnum, fundargerðir, laun stjórnarmanna, starfskjör, siðareglur þ.m.t. reglur um móttöku gjafa og boðsferðir, meðferð persónuupplýsinga, meginreglur um starfsemi þeirra sjóða sem félögin halda, bókhald og reikningsskil. Tillögur nefndarinnar fóru til umræðu í miðstjórn og var nefndinni falið að senda þær til umsagnar aðildarsamtakanna og leggja þær síðan að nýju fyrir miðstjórn til samþykktar. Engar athugasemdir bárust og báða reglurnar staðfestingar miðstjórnar.

1. Inngangur

Öll aðildarsamtök ASÍ hafa fullt frelsi um skipulag sitt og starfsemi að svo miklu leyti sem ekki fer gegn beinum ákvæðum laga ASÍ eða landslögum. Lög ASÍ geyma m.a. ákvæði um bann við félagsskyldu og búsetuskilyrðum, hámarks lengd kjörtímabíla, árlega aðalfundi og ýmis ákvæði um fjármál og endurskoðun og á grundvelli 40. gr. hafa verið settar viðmiðunarreglur um bókhald og ársreikninga. Samkvæmt 4. gr. laga ASÍ er eitt af markmiðum ASÍ „Að stuðla að lýðræðislegu starfi allra aðildarsamtaka ASÍ í þágu félagsmanna og verkalýðshreyfingarinnar í heild.“ Miðstjórn ASÍ hefur tekið saman eftirfarandi leiðbeinandi viðmiðunarreglur um helstu réttindi og skyldur stjórnarmanna í aðildarsamtökum ASÍ og starfsmanna þeirra. Reglunum er ætlað að vera stjórnun og ráðum allra aðildarsamtaka ASÍ til leiðbeiningar í lýðræðislegri starfsemi sinni. Jafnframt ber að hafa í huga að setu í stjórn félagasamtaka jafnt og félaga, getur fylgt fjárhagsleg og persónuleg ábyrgð og því mikilvægt að stjórnarmenn séu vel upplýstir um réttindi sín og skyldur. Reglur þær sem hér eru settar fram eru óskuldbindandi enda geyma lög ASÍ ekki aðra heimild til setningu þeirra en fyrrgreint ákvæði 4. gr. laga sambandsins. Það er ætlun miðstjórnar ASÍ að þær geti orðið fyrirmynd að sjálfstæðum reglum aðildarsamtakanna.

Drög að reglunum voru upphaflega samin samhliða viðmiðunarreglum um bókhald og ársreikninga stéttarfélagaga og landssambanda en hlutu ekki afgreiðslu. Miðstjórn ASÍ taldi í upphafi árs 2009 ástæðu til að taka reglur þessar að nýju til umfjöllunar m.a. í ljósi

umræðu um gagnsæa og opna stjórnýsly allra stofnana og félagasamtaka sem fara með fé sem aflað er í skjóli laga og skipulagðar almannastarfsemi. Reglurnar taka til allra aðildarsamtaka ASÍ og með stjórnum þeirra er átt við stjórnir verkalyðsfélaga, landssambanda og stjórnir og ráð á þeirra vegum er starfa í umboði þeirra eða eru kjörnar í beinni kosningu þar með talin trúnaðarráð og stjórnir sjóða.

Gert er ráð fyrir því, að nýjum stjórnar- og starfsmönnum verði kynntar reglur þessar, samhliða lögum og samþykktum viðkomandi félags, og þeim gert að undirrita yfirlýsingu um að þeir hafi kynnt sér efni þeirra.

2. Réttindi og skyldur stjórnarmanna

2.1. Mæting á fundi o.fl.

Stjórnarnarmanni ber skylda til að sækja alla boðaða fundi, nema lögmaet forföll hamli. Stjórnarmanni ber að sinna þeim störfum sem hann hefur verið kjörinn til eða stjórn felur honum og varða verkefni á viðkomandi stjórnstigi nema vanhæfi eða óviðráðanlegar ástæður hamli.

2.2. Afstaða til einstakra mála, hæfi o.fl.

Stjórnarmaður er einungis bundinn af landslögum sem og lögum þeirra félagseiningar sem hann sinnir stjórnarstörfum í, sannfæringu sinni um afstöðu til einstakra mála. Honum ber að gegna störfum af alúð og samviskusemi.

Um hæfi í einstökum málum fer skv. almennum hæfisreglum stjórnýslulaga.

2.3. Aðgangur að gögnum

Stjórnarmenn í aðalstjórn hafa vegna starfa sinna aðgang að fjárhagslegum upplýsingum, skuldbindingum, fundargerðarbókum og skjölum stjórnar, nefnda og ráða. Stjórnarmenn einstakra eininga hafa sambærilegan aðgang að gögnum sem tilheyra stjórnstigi þeirra.

2.4. Fundargerðir

Að jafnaði skal færa fundargerðir af fundum í þar til gerða fundargerðarbók. Heimilt er þó að færa fundargerðir rafrænt enda séu pappírseintök þeirra varðveitt með öruggum hætti.

Telji stjórnarmaður það nauðsynlegt á hann rétt á að athugasemdir og afstaða hans sé færð til bókar.

Fundargerðir stjórnar-, félags-, aðal- og ársfunda eða þinga skulu undirritaðar og staðfestar í samræmi við fundarsköp.

2.5. Réttindi og skyldur varamanna

Öll ofangreind ákvæði, nema annað sé sérstaklega tekið fram, eiga einnig við um varamann sem tekur sæti aðalmanns í forföllum hans. Taki varamenn reglulega þátt í störfum stjórnar fer um réttindi þeirra og skyldur með sama hætti og aðalmanna.

3. Um framkvæmdastjóra og starfsmenn

3.1. Almenn

Aðildarsamtökin geta ráðið sér framkvæmdastjóra og/eða aðra starfsmenn eða aðildarsamtök til þess að annast rekstur, framkvæmd ákvarðana sinna og til að sinna daglegum verkefnum. Skriflegir ráðningarsamningar skulu gerðir við alla starfsmenn.

Formaður stjórnar hefur með höndum daglega stjórn, undirbúning funda, annast framkvæmd ákvarðana og annarra málefna svo sem bréfasamskipti, samskipti við félagsmenn og atvinnurekendur.

Varaformaður er staðgengill formanns. Gjaldkeri hefur eftirlit með fjárreiðum félagsins en annast ekki bókun reikninga. Ritari ber ábyrgð á færslu fundargerða.

3.2. Laun stjórnarmanna

Laun og starfskjör formanns og annarra stjórnarmanna skulu ákveðin með formlegum hætti.

Póknun vegna sérstakra, umfangsmikilla eða tímabundinna verkefna skal ákveðin með sama hætti.

3.3. Launanefnd stjórnar

Stjórn skal skipa sérstaka 3ja manna launanefnd sem fer með ákvarðanir um laun og starfskjör formanns og annarra stjórnarmanna. Nefndin skal jafnframt leggja til við stjórn almenna starfskjarastefnu félagsins vegna annarra starfsmanna.

3.4. Sé ráðinn framkvæmdastjóri

Við ráðningu framkvæmdastjóra skal stjórn fjalla um og ákveða starfssvið hans og valdheimildir. Í starfslýsingu skal m.a. fjallað um:

Seturétt á stjórnarfundum, félags- og aðalfundum og hvaða réttindi framkvæmdastjóri fer með á þeim, þ.m.t. málfrelsi og tillögurétt.

Undirbúning funda og framkvæmd ákvarðana og hvernig samráði skuli hagað í því efni við formann og/eða stjórn.

Prókúru fyrir félagið og framsal hennar.

Hvernig staðið skuli að undirritun skjala varðandi kaup og sölu fasteigna, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykktar hafa verið í stjórn.

Stjórnun á daglegri starfsemi, þ.m.t. starfsmannastjórn.

Ráðningu annarra starfsmanna í samráði við formann og í samræmi við reglur stjórnar og heimilud starfsgildi. Gerir við þá ráðningasamning sem kveður á um starfssvið þeirra sem og ráðningarkjör enda falli þau innan samþykktis fjárhagsramma og starfskjarastefnu stjórnar félagsins. Sömu reglur gilda um slit ráðningarsamnings.

Störf í þágu þriðja aðila, þ.m.t. setu í stjórnnum og ráðum stofnana og fyrirtækja.

3.5. Starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og ákvæðum ráðningarsamninga.

4. Siðareglur, þagnarskylda og persónuvernd

4.1. Setning almennra siðareglna

Stjórn skal setja starfsemi félags og starfsmönnum sínum og allra sjóða og fyrirtækja sem sinna starfsemi þess almennar samskipta og siðareglur.

4.2. Gjafir

Starfs- og stjórnarmönnum er óheimilt að þiggja eða sækjast eftir gjöfum eða fjármunum frá viðskiptavinum eða væntanlegum viðskiptamönnum sem á einn eða annan hátt tengjast starfi þeirra. Undanteknar eru jóla- og afmæliskeðjur, sem eru að fjárhagslegu verðmæti innan marka sem teljast algeng í slíkum tilvikum skv. nánari reglum stjórnar eða um er að ræða persónuleg tengsl sem ekki verða rakin til viðskipta við félagið.

4.3. Boðsferðir

Starfs- og stjórnarmönnum er óheimilt að þiggja boðsferðir af viðskiptavinum, innan-

lands sem utan, hvort sem um er að ræða skemmtiferðir, svo sem veiðiferðir og golf-ferðir, eða kynnisferðir vegna einstakra fyrirtækja eða viðskiptakosta. Undanþegnar eru ferðir sem talið er að hafi upplýsingagildi fyrir félagið eða gera þá hæfari til að sinna hlutverki sínu. Í slíkum tilvikum skal metið af yfirmanni eða stjórn eftir atvikum hvort svo sé, enda greiði félagið sjálft kostnað við ferðina nema annað sé sérstaklega ákveðið og formleg heimild veitt til þess. Stjórn skal reglulega gerð grein fyrir öllum ferðum skv. framansögðu.

Í þeim tilvikum þegar um er að ræða ferðir sem standa stjórnarmanni til boða á vegum fyrirtækis sem hann starfar hjá og öðrum starfsmönnum stendur einnig til boða, gildir ofangreind regla ekki.

4.4. Þagnarskylda

Stjórnar- og starfsmönnum ber að gæta þagnarskyldu um það sem þeir kunna að verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að látið er af störfum.

4.5. Meðferð persónuupplýsinga

Þegar unnið er með persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem rekja má beint eða óbeint til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, í starfsemi stéttarfélaga eða sjóða á þeirra vegum skal með þær upplýsingar farið skv. lögum um persónuvernd þ.m.t. hvað varðar viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda þær gegn óleyfilegum aðgangi, ólöglegri eyðileggingu og gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi.

Slíkra upplýsinga skal einungis aflað í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi, þær ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi og þess gætt að afla ekki eða óska eftir frekari upplýsingum og gögnum en nauðsynlegt er hverju sinni. Með vinnslu er t.d. átt við söfnun, skráningu, geymslu, breytingar, leit, miðlun, dreifingu eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækilegar.

Ef um er að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar, t.d. um heilsuhagi, skal afla sérstakra, ótvíræðra og skriflegra yfirlýsinga um heimild til vinnslu þeirra. Þær upplýsingar sem teljast viðkvæmar í skilningi laga og varðað geta félagsmenn og starfsemi stéttarfélaga eru:

Upplýsingar um uppruna, litarhátt, kynþátt, stjórnmalaskoðanir svo og trúar- eða aðrar lífsskoðanir.

Upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað

Upplýsingar um heilsuhagi, þ. á m. um erfðaeiginleika, lyfja-, áfengis- og vímu-efnanotkun

Upplýsingar um kynlíf manna og kynhegðan

Þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita persónuupplýsingar skal eyða þeim. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á fyrirmælum í lögum eða á því að enn sé unnið með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra.

5. Sjóðir og hlutverk þeirra

5.1. Meginreglur

Verkalýðsfélög og landsambönd mynda að jafnaði þrjár megin rekstrareiningar eða sjóði en það eru félagssjóður, sjúkrasjóður og orlofssjóður. Hver þessara rekstrareininga byggir tekjugrunn sinn á ákvæðum kjarasamninga og laga um starfskjör launafólks og skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980.

Hlutverk hvernar rekstrareiningar sem mynduð er með sértekjum eða framlagi frá einhverri af megin rekstrareiningum félags ber að skilgreina í reglugerð, samþykktum eða starfsreglum.

Nánar er mælt fyrir um starfsemi stéttarfélaga og sjúkrasjóða í lögum ASÍ og fyrir- myndarreglum um lög og reglugerðir þeirra.

5.2. Tryggingar og ábyrgðir

Allar skuldbindingar og veðsetningar ber að leggja fyrir stjórn á viðkomandi stjórnstigi til samþykktar. Eigi má stjórn veðsetja öðrum tekjur einstakra rekstrareininga eða eignir þeirra umfram 30% af markaðsvirði.

Eigi má binda einstakra rekstrareiningar í ábyrgðir vegna skuldbindinga annarra, umfram það sem lög eða reglugerðir félagsins sjálfs heimila, með þeim takmörkum sem að framan greinir. Prókúruhafa félags er þó heimilt fyrir hönd félagsins að ábyrgjast með framsalsáritun greiðslu viðskiptaskjala sem félagið hefur eignast á eðlilegan hátt í tengslum við daglegan rekstur þess.

5.3. Félagssjóður

Félagssjóðir og sambandssjóðir standa undir því sameiginlega starfi sem unnið er og þeim kostnaði sem félagið ber af aðild sinni að landssambandi eða heildarsamtökum launafólks.

Félags- og sambandssjóðir heyra beint undir félags- eða sambandsstjórn og í lögum og reglugerðum er að finna nánari ákvæði um ráðstöfun til einstakra verkefna.

5.4. Sjúkrasjóður

Sjúkrasjóður er samtryggingarsjóður þeirra sem greitt er sjúkrasjóðsiðgjald af. Megin hlutverk sjóðsins er að greiða sjóðfélögum launatap vegna veikinda eða slysa eftir að greiðslum samkvæmt kjarasamningi lýkur.

Sjúkrasjóður heyrir beint undir stjórn félagsins eða sérstaka stjórn og um hann gildir sérstök reglugerð.

5.5. Orlofssjóður

Orlofssjóði er ætlað að stuðla að töku orlofs þeirra sem greitt er orlofssjóðsiðgjald af. Orlofssjóður getur þannig staðið fyrir uppbyggingu og rekstri orlofshúsa til endurleigu eða styrkt sjóðsfélaga á annan hátt til töku orlofs.

Orlofssjóður heyrir beint undir stjórn félagsins eða sérstaka stjórn og um hann gildir sérstök reglugerð.

5.6. Vinnudeilusjóður

Vinnudeilusjóði er ætlað að styðja félagsmenn fjárhagslega, missi þeir laun vegna lög- lega boðaðrar vinnustöðvunar félagsins eða löglega boðaðs verkabanns atvinnurekenda sem gera kjarasamning við félagið.

Vinnudeilusjóður heyrir beint undir stjórn félags eða sérstaka stjórn og um hann gildir sérstök reglugerð.

6. Bókhald og reikningskil

6.1. Almenn

Stjórn verkalýðsfélags ber ábyrgð á fjárreiðum, bókhaldi og því að saminn sé ársreikningur af löggiltum endurskoðanda sem leggja skal fyrir árlegan aðalfund til samþykktar.

Um bókhald og ársreikninga stéttarfélaga og landssambanda ASÍ gilda sérstakar reglur settar samkvæmt 40. gr. laga ASÍ.

6.2. Fjárhagsáætlun

Til að hafa heildaryfirsýn yfir fjármál er æskilegt að gera fjárhagsáætlun fyrir hvert rekstrarár og leggja hana fyrir stjórn eigi síðar en fyrir lok janúarmánaðar.

Við gerð fjárhagsáætlunar ber að sýna tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna, framkvæmdir og fjármálastjórn á viðkomandi reikningsári. Við gerð fjárhagsáætlunar ber einnig að hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu hverrar rekstrareiningar fyrir sig.

Stjórn ber að gæta þess svo sem kostur er, að heildarútgjöld fari ekki fram úr heildartekjum á hverju reikningsári.

Í fjárhagsáætlun skal koma fram efnahagur í upphafi árs og áætlun um efnahag við lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings.

6.3. Ársreikningur

Semja skal ársreikning fyrir félagið í heild, einstakar rekstrareiningar þess eða stofnanir og fyrirtæki samkvæmt lögum, reglum og góðri reikningskilavenju.

Gera skal sérstaka grein fyrir verulegum skuldbindingum til lengri tíma í ársreikningi. Ársreikning ber að endurskoða af löggiltum endurskoðanda, í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Með endurskoðuðum ársreikningi ber að fylgja endurskoðunarskýrsla sem leggja á fyrir stjórn.

Ársreikningur á að sýna glöggt yfirlit um rekstur og framkvæmdir á reikningsárinu og efnahagsreikning í lok reikningsárs ásamt skýringum. Í ársreikningi ber að sýna meginniðurstöðu fjárhagsáætlunar reikningsársins, hafi stjórn samþykkt gerð hennar til samanburðar ásamt yfirliti um fjárhagslegar skuldbindingar félagsins.

Sérstakar viðmiðunarreglur gilda um bókhald og ársreikninga stéttarfélaga og landssambanda.

6.4. Endurskoðun ársreiknings

Aðalfundur, ársfundur eða þing, allt samkvæmt reglum hvers félags, velur félaginu löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna ber að endurskoðun.

Endurskoðanda félagsins ber að haga störfum sínum í samræmi við lög og reglur og góðar endurskoðunarvenjur í samræmi við fyrirmyndarreglur ASÍ varðandi bókhald og endurskoðun.

Með endurskoðun sinni ber honum að komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika ársreiknings og ganga úr skugga um að fylgt hafi verið ákvæðum laga, reglna og samþykktar um meðferð fjármuna hverrar rekstrareiningar.

6.5. Skoðunarmenn

Ef ákvæði er í lögum aðildarsamtaka um kjörna skoðunarmenn skal kynna þeim ársreikninga og skýrslu löggilts endurskoðanda tímanlega fyrir áritun ársreiknings.

Skoðunarmenn skulu í áritun sinni staðfesta að þeir hafi yfirfarið ársreikninginn og jafnframt greina frá niðurstöðum, ábendingum og upplýsingum sem þeir telja að eigi við og ef við á um það sem þeir telja að hafi farið úrskaiðis í starfsháttum eða stjórnsýslu.

Aðal- og varamenn í stjórnun, sem og starfsmenn félags eða rekstrareininga eru ekki kjörgengir sem skoðunarmenn.

6.6. Áritun ársreiknings

Stjórn félags ber ábyrgð á fjármálum þess og þess vegna undirritar hún ársreikning og leggur hann fram á aðalfundi. Ef starfandi er framkvæmdastjóri undirritar hann einnig ársreikninginn.

Áritun endurskoðanda felur í sér yfirlýsingu um að hann hafi verið endurskoðaður og saminn í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga og laga og reglna viðkomandi rekstrareiningar. Endurskoðandi lætur enn fremur í ljós skriflegt álit sitt á ársreikningnum og greinir frá niðurstöðu endurskoðunar sinnar að öðru leyti.

Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðandi og/eða skoðunarmenn vilja koma á framfæri við félagsstjórn eða framkvæmdastjóra félagsins, ber að setja fram skriflega og aðilum veittur hæfilegur frestur til svara.

Ef endurskoðanda og/eða skoðunarmönnum þykir ástæða til, gera þeir tillögur til félagsstjórnar um endurbætur varðandi meðferð fjármuna hjá félaginu, um breytingar á innra eftirliti, stjórnsýslu og öðru því sem þeir telja að geti verið til bóta í rekstri félagsins.

Stjórn skal varðveita á öruggan hátt öll gögn um endurskoðunina og samskiptin við endurskoðanda og skoðunarmenn.

Endurskoðanda og skoðunarmönnum er ekki heimilt að gefa óviðkomandi upplýsingar um hag félagsins, stofnana þess eða fyrirtækja, né annað það er þeir komast að í starfi sínu.

6.7. Afgreiðsla stjórnar á ársreikningi

Ársreikning ber að fullgera, endurskoða og hafa tilbúinn til afgreiðslu í stjórn og á aðalfundi fyrir lok maimánaðar. Stjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna fyrir þessi tímamörk.

Samþykkt ársreikninga félags ber að senda skrifstofu ASÍ fyrir lok júnímánaðar ár hvert, ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Vanræki stjórn að afgreiða eða skila ársreikningum sínum innan tilskilins frests, ber miðstjórn ASÍ að bregðast við í samræmi við starfsreglur sínar þar að lútandi, en senda jafnframt öllum stjórnarmönnum bréf þar sem tilgreint er að ekki hafi verið staðið við ákvæði reglna ASÍ um gerð og skil á ársreikningum.

Samþykki aðalfundar á ársreikningi felur í sér endanlega afgreiðslu þeirra og þeirra félagslegu ákvarðana sem eru forsendur hans.



Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ

Starfsemi á skrifstofu ASÍ byggir á starfs- og fjárhagsáætlun sem unnin er af forseta og framkvæmdastjóra ASÍ í samráði við Starfs- og fjárhagsnefnd og síðan samþykkt af miðstjórn ASÍ.

Starfs- og fjárhagsáætlun var lögð fyrir miðstjórn í byrjun desember, þar sem línur voru lagðar fyrir starfsemi skrifstofunnar fyrir árið 2009 og hún síðan samþykkt á fundi miðstjórnar í janúar 2009. Í ljósi óvissu um tekjuþróun ASÍ vegna samdráttar hjá aðildarfélagunum lagði miðstjórn til að frestað yrði að ráða framkvæmdastjóra að sinni, en að forseti sambandsins tæki við ábyrgð hans að mestu leyti. Jafnframt var ákveðið að Ólafur Darri Andrason, deildarstjóri Hagdeildar ASÍ, gegndi hlutverki fjármálastjóra og Eyrún Björk Valsdóttir, deildarstjóri Fræðsludeildar ASÍ/MFA, gegndi hlutverki starfsmanna-stjóra.

Starfsemin á skrifstofu ASÍ markaðist á tímabilinu einkum af þeim viðfangsefnum sem fjallað er um í þessari skýrslu. Því til viðbótar komu fjölmörg mál til kasta Alþýðusambandsins og starfsfólks þess. Þar má nefna margvísleg mál er tengjast túlkun kjarasamninga, útreikninga og lög, auk hagfræðilegra úrlausnarefna af ýmsu tagi. Hrun fjármála-kerfisins og sá gríðarlegi efnahagslegi samdráttur í kjölfar þess hefur sett mark sitt á starfið á árinu. Margvísleg upplýsingagjöf er mikill og vaxandi þáttur í starfseminni.

Starfsmenn á skrifstofu ASÍ 1. október 2009

Starfsmenn Alþýðusambands Íslands voru þann 1. október síðast liðinn sem hér segir:

Ása Jónsdóttir, gjaldkeri, Ástríður Andrésdóttir, fulltrúi, Dalla Ólafsdóttir, lögfræðingur, Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, Guðmundur Hilmarsson, sérfræðingur, Berglind S. Guðnadóttir, ræstiteknir, Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri og deildarstjóri

félagsmáladeildar, Henný Hinz, hagfræðingur og verkefnisstjóri verðlagseftirlits, Ingibjörg Björnsdóttir, matráðskona, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, Ingunn S. Þorsteinsdóttir, hagfræðingur, Kamilla Hildur Gísladóttir, fulltrúi í afleysingum til loka september, Magnús Norðdal, lögfræðingur og deildarstjóri lögfræðideildar, María Haraldsdóttir, bókari, Marianna Traustadóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum, Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur og deildarstjóri hagdeildar ASÍ, Snorri Már Skúlason, deildarstjóri upplýsinga- og kynningardeildar, Eyrún Björk Valsdóttir, fræðslufulltrúi og deildarstjóri MFA fræðsludeildar ASÍ, Sif Ólafsdóttir fulltrúi, sem verið hefur í barn-eignafrii en kemur til starfa 1. október og Stefán Úlfarsson, hagfræðingur, sem verið hefur í barneignafrii en kemur til starfa 1. október.

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi hjá ASÍ frá síðasta ársfundi, en Vigdís Hauksdóttir lét að eigin ósk af störfum á starfsárinu og var Dalla Ólafsdóttir ráðin í hennar stað.



Starfsendurhæfingarsjóður

Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun sem var upphaflega stofnuð af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins í maí 2008. Í janúar 2009 var síðan undirrituð ný stofnskrá sjóðsins með aðkomu stéttarféлага og atvinnurekenda á opinberum vinnumarkaði. Sjóðurinn byggir á samkomulagi um nýtt fyrirkomulag starfsendurhæfingar í kjarasamningum á vinnumarkaði á árinu 2008.

Stofnaðilar Starfsendurhæfingarsjóðs eru:

- Alþýðusamband Ísland
- Samtök atvinnulífsins
- Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
- Bandalag háskólamanna
- Kennarasamband Íslands
- Fjármálaráðherra
- Reykjavíkurborg
- Launanefnd sveitarfélaga

Hlutverk og stefna

Hlutverk Starfsendurhæfingarsjóðs samkvæmt skipulagsskrá er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum.

Stefna Starfsendurhæfingarsjóðs er að;

- skipuleggja ráðgjöf og þjónustu fyrir starfsmenn sem veikjast til lengri tíma eða slasast þannig að vinnugeta skerðist
- stuðla að snemmbæru inngripi með starfsendurhæfingarúrræðum í samstarfi við sjúkrasjóði og atvinnurekendur
- fjármagna ráðgjöf og fjölbreytt endurhæfingarúrræði sem miða að aukinni virkni starfsmanna sem búa við skerta vinnugetu til viðbótar því sem þegar er veitt af hinni almennu heilbrigðisþjónustu í landinu
- stuðla að fjölbreytni og auknu framboði úrræða í starfsendurhæfingu
- byggja upp og stuðla að samstarfi allra þeirra aðila sem koma að starfsendurhæfingu viðkomandi einstaklinga
- hafa áhrif á viðhorf og athafnir í samfélaginu til að stuðla að aukinni virkni starfsmanna
- styðja við rannsóknir og þróunarvinnu á sviði starfsendurhæfingar.

Meginverkefni Starfsendurhæfingarsjóðs eru að;

- skipuleggja störf ráðgjafa sem starfa á vegum sjúkrasjóða stéttarfélaganna og aðstoða einstaklinga sem þurfa á starfsendurhæfingu að halda. Starfsendurhæfingarsjóður greiðir kostnaðinn af störfum ráðgjafanna, hefur umsjón og eftirlit með starfi þeirra og veitir þeim faglegan stuðning. Sérstök áhersla er lögð á snemmbært inngrip með starfsendurhæfingarúrræðum í samstarfi við sjúkrasjóði og atvinnurekendur greiða kostnað af ráðgjöf ýmissa fagaðila um mótun sérstakrar einstaklingsbundinnar endurhæfingaráætlunar, s.s. lækna, sálfræðinga, iðjuþjálfara, sjúkraþjálfara, félagsráðgjafa, náms- og starfsráðgjafa o.s.frv.
- greiða kostnað við úrræði og endurhæfingu til að auka vinnugetuna, til viðbótar því sem þegar er veitt af hinni almennu heilbrigðisþjónustu í landinu.

Önnur verkefni Starfsendurhæfingarsjóðs eru að;

- stuðla að aukinni fjölbreytni og framboði úrræða í starfsendurhæfingu
- byggja upp og stuðla að samstarfi allra þeirra aðila sem koma að starfsendurhæfingu
- hafa áhrif á viðhorf og athafnir í samfélaginu sem stuðla að aukinni virkni einstaklinga
- styðja við rannsóknir og þróunarvinnu á sviði starfsendurhæfingar.

Áhersluþættir

Mótaðir hafa verið megináhersluþættir sem hafðir eru að leiðarljósi í starfsemi sjóðsins. Þeir eru eftirfarandi:

- **Jákvæða nálgun.** Við viljum hafa jákvæð áhrif á einstaklinga, atvinnurekendur, stéttarfélög, opinbera aðila og fagaðila til að ná sem bestum árangri.
- **Gott samstarf.** Við leggjum áherslu á gott samstarf við alla þá aðila sem koma með einum eða öðrum hætti að starfsendurhæfingu einstaklinga. Við viljum einnig leggja okkar af mörkum til að stuðla að góðu samstarfi mismunandi aðila með hagsmuni þeirra einstaklinga að leiðarljósi sem þurfa á þjónustu og aðstoð að halda.
- **Að nýta úrræði og byggja upp úrræði í nærumhverfi einstaklingsins.** Það er mikilvægt að einstaklingar um allt land hafi aðgang að góðri þjónustu í sinni heima- byggð og þjónustan taki mið af aðstæðum einstaklinga á hverjum stað.

- **Að mæta fólki þar sem það er stutt hverju sinni.** Til að geta haft jákvæð áhrif á einstaklinga þarf að vera til staðar skilningur á aðstæðum þeirra og líðan – aðeins þannig er unnt að taka skref fram á við. Með góðri samvinnu beggja aðila náum við árangri saman.
- **Virkti einstaklinga.** Við viljum horfa á styrkleika hvers einstaklings, en ekki veikleika og leggja áherslu á þá eiginleika og hæfileika sem eru til staðar. Út frá þeirri stöðu er metið hvernig unnt er að auka starfshæfni einstaklingsins eða viðhalda henni – allt eftir aðstæðum.
- **Að skapa rými fyrir alla.** Það þarf að vera rúm fyrir einstaklinga með mismunandi færni og hæfni í okkar samfélagi. Með auknu rými aukum við möguleika allra einstaklinga til að taka virkan þátt í samfélaginu.
- **Að efla þekkingu og reynslu.** Við viljum efla þekkingu og reynslu á sviði starfsendurhæfingar á Íslandi.

Í kynningarefni um sjóðinn hefur auk þess verið notað slagorðið „**Verum virk**“ og hugtökin „**hvatning – þátttaka – tækifæri**“ til að endurspegla þau gildi sem við vinnum samkvæmt.

Skrifstofa og starfsmenn

Starfsemi sjóðsins hófst sumarið 2008 og þá tók Soffía Vernharðsdóttir að sér að sjá um innheimtumál fyrir sjóðinn. Framkvæmdastjóri var síðan ráðinn til starfa um miðjan ágúst. Fyrstu verkefni voru af „praktískum“ toga þar sem þurfti bæði að koma innheimtumálum í farveg og einnig að koma grunnrekstri í gang, bæði hvað varðar húsnæði, bókhald, tölvukerfi, síma og fleira. Fyrstu sérfræðingarnir komu til starfa í september 2008 og var haustið notað til að undirbyggja og móta faglega starfsemi sjóðsins.

Starfsmenn

Í lok september 2009 eru starfsmenn VIRK eftirfarandi:

- Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri, 100% starf
- Ása Dóra Konráðsdóttir, sjúkrajálfari og sérfræðingur í stafsendurhæfingu, 100% starf
- Guðbjörg Róbertsdóttir, innheimta og bókhald, 100% starf
- Gunnar K. Guðmundsson, endurhæfingarlæknir, 20% starf
- Ingibjörg Þórhallsdóttir, hjúkrunar- og kennslufræðingur og sérfræðingur í rannsóknunum í heilbrigðisþjónustu, 100% starf
- Sigurður Þ. Sigursteinsson, iðjuþjálfari og sérfræðingur í starfsendurhæfingu, 100% starf
- Svava Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur og sérfræðingur í starfsmannaheilsuvernd, 30% starf
- Soffía Vernharðsdóttir, gjaldkeri, tímavinna.
- Þorsteinn Sveinsson félagsráðgjafi, 100% starf.

Verkefni starfsmanna og sérfræðinga á skrifstofu Starfsendurhæfingarsjóðs felast aðallega í stjórnun, uppbyggingu starfsminnar og faglegum stuðningi við ráðgjafa á vegum sjúkrasjóða stéttarfélaganna. Aðal starfsemi á vegum sjóðsins fer hins vegar fram hjá

ráðgjöfum sjúkrasjóðanna og hjá endurhæfingaraðilum sem kostaðir eru af Starfsendurhæfingarsjóði og starfa með þeim einstaklingum sem þurfa á ráðgjöf og endurhæfingu að halda.

Verkefni og áherslur sjóðsins hafa ráðið uppbyggingu og ákvörðunum um ráðningar á starfsmönnum til sjóðsins. Hjá sjóðnum þarf að starfa mjög öflugt þverfaglegt teymi sem getur bæði haldið utan um ráðgjafa um allt land og veitt þeim faglegan stuðning og getur einnig byggt upp starfsemi sjóðsins til framtíðar og tryggt það að sjóðurinn hafi forgöngu um að þróa og auka þekkingu og reynslu í starfsendurhæfingu hér á landi.

Ráðgjafar hjá sjúkra/styrktarsjóðum

Strax um haustið 2008 var byrjað að undirbúa starf ráðgjafa hjá sjúkra/styrktarsjóðum stéttarfélaga um allt land. Framkvæmdastjóri sjóðsins ásamt sérfræðingum sjóðsins fundaði með stéttarfélögum um allt land til að ræða fyrirhugaða samvinnu og afla upplýsinga. Einnig var unnið markvisst að því að þróa ýmis tæki og gögn sem ráðgjafar nota í sínu starfi.

Starfslýsing og hæfniröfurlar ráðgjafa voru fyrst mótaðar og samþykktar af stjórn sjóðsins haustið 2008. Grunnferill vegna starfsendurhæfingar var á sama tíma teiknaður upp og samþykktur af stjórn sjóðsins.

Tilraunaverkefni, samningar og ráðning ráðgjafa um allt land

Í desember 2008 var ákveðið að fara af stað með tilraunaverkefni með þremur sjúkrasjóðum til að prófa vinnuferla, gátlista og ýmis tæki og einnig til að meta bæði umfang starfa ráðgjafanna og þarfir þeirra fyrir aðstoð og stuðning af hálfu sérfræðinga Starfsendurhæfingarsjóðs. Þessi tilraun tókst vel og á grundvelli hennar var ákveðið að halda áfram, gera tilraunina víðtækari og láta hana ná til fleiri félaga.

Fyrri hluta ársins 2009 var samið við flest stéttarfélög eða samtök stéttarfélaga á landinu um fyrirkomulag ráðgjafastarfsins og í framhaldi af því hafa félögin/samtökin ráðið ráðgjafa til starfa. Mjög margir ráðgjafar eru því að koma til starfa í ágúst og september 2009. Í byrjun september voru þannig starfandi 14 einstaklingar í um 11 stöðugildum sem ráðgjafar um allt land. Á landsbyggðinni sameinast öll stéttarfélög á tilteknu svæði um einn ráðgjafa, þannig er t.d. einn ráðgjafi fyrir öll stéttarfélög á Suðurlandi og það sama á við um Austurland en á höfuðborgarsvæðinu þá eru stærri stéttarfélög með einn eða fleiri ráðgjafa hjá sér á meðan minni félög sameinast um ráðgjafastarfið.

Eftir er að ganga frá samningum og ráðningu ráðgjafa á nokkrum stöðum á landinu og er verið að vinna að því að klára þau verkefni. Stefnt er að því að fyrir árslok 2009 verði komnir ráðgjafar til starfa hjá öllum stéttarfélögum um allt land. Um er að ræða 19 einstaklinga í um 15 stöðugildum.

Starfsþróun og þjálfun ráðgjafa

Mikil vinna hefur verið lögð í að þróa og útbúa efni sem ráðgjafar munu nota í sínu starfi. Hér er um að ræða bæði ýmiss konar gátlista, vinnuferla, reglur, fræðslufeni, samskiptatæki sem nefnist „Mappa tækifæranna“ og margt fleira. Auk þess á sér stað þróun á fræðslu og þjálfun fyrir ráðgjafana og nú þegar hafa verið haldin tvö 5 daga námskeið fyrir ráðgjafa.

Í framtíðinni er gert ráð fyrir að allir ráðgjafar sæki grunnnámskeið hjá Starfsendurhæfingarsjóði fljótlega eftir að þeir hefja störf og að síðan verði ráðgjöfum tryggð símenntun í formi námskeiðunum eða námsdaga á vegum sjóðsins með reglulegu millibili. Tilgangurinn með námskeiðunum er að tryggja að allir vinni eftir sömu hugmyndafræði, aðferðafræði og vinnuferlum og að ráðgjafarnir sem munu starfa dreift um allt land kynnist öllum sérfræðingum Starfsendurhæfingarsjóðs og öðrum ráðgjöfum til að auðvelda samskipti og samvinnu.

Starfshæfnimat

Mikil vinna hefur átt sér stað hjá Starfsendurhæfingarsjóði við þróun og uppbyggingu á nýju matskerfi til að meta starfshæfni einstaklinga. Verkefnið er unnið í náinni samvinnu við opinbera aðila og á fulltrúi Starfsendurhæfingarsjóðs sæti í faghópi sem vinnur undir framkvæmdanefnd forsætisráðuneytis um endurskoðun á örorkumati. Starfshæfnimat á að meta stöðu og möguleika einstaklings til aukinnar starfshæfni og byggist á mati, hvatningu, virkjun og aðstoð. Á vegum þessa faghóps hefur nú verið útbúin skýrsla með tillögum um innihald nýs matskerfis og hefur henni verið skilað til félagsmálaráðuneytis.

Áhersluþættir

Áhersluþættir Starfsendurhæfingarsjóðs í þessari vinnu hafa verið eftirfarandi:

- Mikilvægt er að horfa til möguleika og getu m.t.t. starfshæfni einstaklingsins. Það er því ekki sjúkdómsgreiningin sem slík sem skiptir máli heldur að einstaklingurinn nái að verða eins virkur þátttakandi í samfélaginu og mögulegt er.
- Að heildarhugsun um virkniaukandi aðgerðir og endurhæfingu sé til staðar sama hvar einstaklingur er staddur í kerfinu.

Að kerfið fangi alla þá þætti sem skipta máli og horfi á einstaklinginn og aðstæður hans á heildrænan hátt.

- Að varðveita vinnusamband einstaklinga og að byggja upp góð tengsl við vinnu- markaðinn. Þegar starfshæfni er metin þá þarf að gera það m.t.t. krafna og aðstæðna á vinnu- markaði.
- Að kerfið innihaldi bæði kortlagningu á aðstæðum og virkniaukandi aðgerðir þar sem höfuðmarkmiðið er að veita aðstoð til sjálfshjálpar
- Að kerfið sé skýrt en um leið sveigjanlegt svo unnt sé að mæta aðstæðum ólíkra einstaklinga.

Öflun þekkingar

Sérfræðingar Starfsendurhæfingarsjóðs hafa lagt áherslu á að afla sér þekkingar bæði héra- lendis og erlendis um aðferðir, strauma og stefnur í starfsendurhæfingu. Sérstök áhersla hefur jafnframt verið lögð á að afla upplýsinga um þær aðferðir sem verið er að nota í nágrannalöndum okkar sem og öðrum löndum sem hafa staðið framarlega á þessu sviði.

Safnað hefur verið saman á heimasíðu sjóðsins (www.virk.is) upplýsingum um alla þá aðila héraendis sem bjóða fram þjónustu á sviði starfsendurhæfingar. Þessar upplýsingar eru flokkaðar eftir landshlutum á heimasíðu sjóðsins og áhersla er lögð á að viðhalda þeim og bæta og breyta eftir þeim athugasemdum sem berast. Sérfræðingar sjóðsins hafa

auk þess sérstaklega kynnt sér ýmsa þá starfsemi sem fer fram hér á landi á sviði starfsendurhæfingar og fengið þar mikilvæga innsýn og gagnlegar upplýsingar.

Kaup á sérfræðipjónustu og úrræðum á sviði starfsendurhæfingar

Innkaupastefna hefur verið mótuð og samþykkt af stjórn sjóðsins. Verið er að vinna við gerð samninga um starfsendurhæfingarúrræði og mun sjóðurinn á næstu vikum semja við úrræðaaðila um allt land. Það sem fyrst og fremst mun ráða ferðinni varðandi kaup á þjónustu á sviði starfsendurhæfingar eru þarfir þeirra einstaklinga sem þurfa á þjónustu að halda. Í upphafi verða gerðir afmarkaðir og tímabundnir samningar á meðan þjónustan er í þróun. Sjóðurinn mun annars almennt vera opinn fyrir því að kaupa þjónustu af aðilum sem hafa tilskilin leyfi, fagkunnáttu og þá sérfræðipækkingu sem leitað er eftir. Reynslan mun síðan leiða í ljós hvaða aðilar skila bestum árangri og til framtíðar þá er árangur sá þáttur sem skiptir mestu máli.

Þegar samningar eru gerðir við utanaðkomandi aðila um þjónustu á sviði starfsendurhæfingar þá þarf að skilgreina og eftir aðstæðum byggja upp þekkingu og vinnuferla í kringum eftirfarandi þætti:

- Skilgreiningar á þeirri þjónustu sem þörf er á og semja þarf um.
- Skilgreindar kröfur um gæði, markmið og árangursviðmið.
- Ákvæði um ábyrgð, eftirlit og upplýsingar.

Vinna við að skilgreina og byggja upp ofangreinda þætti á sér nú stað hjá Starfsendurhæfingarsjóði og í því samhengi hefur verið safnað saman upplýsingum og gögnum bæði héraðs og erlendis.

Öryggi og meðferð upplýsinga

Ráðgjafar og fagaðilar sem starfa á vegum Starfsendurhæfingarsjóðs koma óhjákvæmilega til með að fá í hendur viðkvæmar persónulegar upplýsingar um einstaklinga. Það er því mjög mikilvægt að starfsemi sjóðsins og þar með talið allir vinnuferlar, reglur og skráningar uppfylli allar kröfur Persónuverndar og séu til fyrirmyndar og til verndar þeim einstaklingum sem njóta þjónustu á vegum sjóðsins. Starfsendurhæfingarsjóður fékk því strax í haust til liðs við sig sérfræðing í persónuverndarmálum sem hefur unnið með okkur að mótun vinnuferla og reglna sem tryggja það að við förum eftir lögum og reglum um persónuvernd og uppfyllum kröfur Persónuverndar.

Starfsemin hefur verið tilkynnt til Persónuverndar og einnig hefur verið útbúið upplýst samþykki sem einstaklingar þurfa að kynna sér og skrifa undir í upphafi þjónustunnar. Ráðgjafar og starfsmenn sjóðsins skrifa einnig undir sérstaka trúnaðaryfirlýsingu vegna þeirra starfa. Upplýsingaöryggisstefna hefur verið skilgreind og var hún samþykkt af stjórn sjóðsins í mars 2009. Á grundvelli upplýsingaöryggisstefnunnar hafa síðan verið settar vinnureglur um skráningu gagna. Fleiri vinnureglur og skjöl sem tengjast upplýsingaöryggi eru í mótun s.s. síðareglur starfsmanna og ráðgjafa og verið er að leggja loka-hönd á öryggishandbók Starfsendurhæfingarsjóðs.

Skjalakerfi

Gert er ráð fyrir að allar upplýsingar er tengjast starfi ráðgjafa og annarra sérfræðinga sem starfa á vegum sjóðsins verði vistaðar í skjalakerfi sem er verið að innleiða hjá Starfsendurhæfingarsjóði.

Við innleiðingu og notkun kerfisins er sérstaklega hugað að stefnu sjóðsins varðandi upplýsingaöryggi og þeim vinnureglum sem því tengjast.

Heimasíða, kynningarefni og samstarf

Heimasíða sjóðsins var sett í loftið í byrjun nóvember 2008. Á heimasíðunni er að finna mikilvægar upplýsingar um starfsemi sjóðsins, fréttir af gangi mála ásamt upplýsingum um starfsendurhæfingarúræði um allt land. Þar er einnig að finna gott yfirlit yfir mikilvæga tengla og ýmsan fróðleik um starfsendurhæfingu. Heimasíðan hefur fengið góðar viðtökur og fjöldi innlita er um 1.200 til 1.600 í hverjum mánuði og er um að ræða stöðuga aukningu frá mánuði til mánaðar.

Merki (logo) sjóðsins var hannað af Kristínu Maríu Ingimarsdóttur grafískum hönnuði og sá hún einnig um hönnun heimasíðunnar og annars kynningarefnis fyrir sjóðinn. Gefinn hefur verið út bæklingur um sjóðinn og nú er unnið að gerð ýmiss fræðsluefnis fyrir bæði starfsmenn, stéttarfélög og atvinnurekendur.

Haldnar hafa verið ótalmargar kynningar á starfsemi sjóðsins bæði fyrir stéttarfélög, atvinnurekendur, faghópa, opinbera aðila og veitendur þjónustu á sviði starfsendurhæfingar. Starfsendurhæfingarsjóður hefur einnig á haustmánuðum 2009 komið inn á námsskeið fyrir trúnaðarmenn stéttarféлага með fræðslu.

Sjóðurinn hélt opinn morgunverðarfund í lok apríl um starfsendurhæfingu. Sérstakur gestur á fundinum var Gail Kovacs en hún er sérfræðingur á sviði starfsendurhæfingar og hefur starfað sem alþjóðlegur ráðgjafi á því sviði um áratuga skeið í Bretlandi, Kanada og Bandaríkjunum. Um 120 manns mættu á fundinn og því ljóst að mikill áhugi er til staðar á þessum málaflokki.

Hjá sjóðnum hefur einnig verið lögð mikil áhersla á gott samstarf við alla hagsmunaaðila í starfsendurhæfingu og þá sérstaklega opinbera aðila. Sjóðurinn hefur þannig sérstaklega óskað eftir samstarfi við bæði Tryggingastofnun ríkisins og Vinnumálastofnun til að tryggja það að aðferðir og vinnuferlar séu samræmdir og skýrir þegar kemur að starfsendurhæfingu og starfshæfnimati – en það er forsenda þess að unnt sé að tryggja góða og samfellda þjónustu gagnvart einstaklingum.



Umsagnir um þingmál

Frumvarp um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, 32. mál.

Alþýðusamband Íslands styður mjög eindregið framgang þessa máls og tekur undir þau sjónarmið sem flutningsmenn gera grein fyrir í greinargerð með frumvarpinu.

Frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi og peningþvætti), 33. mál.

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið eða einstakar greinar þess.

ASÍ styður það eindregið að ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verði löguð að mikilvægum alþjóðlegum skuldbindingum er varða baráttu gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi (Palermó-samningurinn), um að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn.

ASÍ styður einnig að með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði nauðsynlegar ráðstafanir til að hægt verði að fullgilda Evrópuráðssamning um varnir gegn hryðjuverkum og Evrópuráðssamning um aðgerðir gegn mansali.

Þá telur Alþýðusamband Íslands afar jákvætt skref stigið með frumvarpinu þar sem lagt er til að hart verði tekið á spillingu og peningþvætti með upptöku eigna og fleiri úrræðum er fram komu í matskýrslum GRECO (Group of States Against Corruption) og FATF (Financial Action Task Force).

Dingsályktunartillaga um skipan frídaga að vori, 85. mál.

Alþýðusamband Íslands leggst eindregið gegn b. lið tillögunnar þar sem lagt er til að 1. maí verði haldinn hátíðlegur sem frídagur verkamanna, fyrsta mánuðag í maí.

1. maí er skilgreindur sem frídagur verkafólks í almennum kjarasamningum þó að hann sé skilgreindur sem almennur frídagur allra með lögum 39/1966. Hann verður því ekki fluttur á annan almanaksdag í maí nema með ólögmætu inngripi Alþingis í kjarasamninga.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysis-tryggingar, og lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði, 115. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa.

Alþýðusamband Íslands lýsir fullum stuðningi við efni frumvarpsins og leggur ríka áherslu á að það verði að lögum sem fyrst, enda liggur fyrir að bæði af hálfu launafólks og atvinnurekenda er beðið eftir því að það taki gildi. Eins og kemur fram í athugasemdu með frumvarpinu og áréttað var á fundi félags- og trygginganefndar er tilgangur frumvarpsins sá að fyrirtæki sem standa frammi fyrir þröngingum og samdrætti í starfsemi sinni fari frekar þá leið að draga úr starfshlutfalli starfsmanna sinna tímabundið fremur en að segja upp ráðningarsamningi þeirra.

Jafnframt skal áréttuð sú afstaða Alþýðusambandsins, vegna gildistíma laganna, að tíminn fram til 1. maí n.k. verði notaður til að meta reynsluna af framkvæmd þessara breytinga á lögnum um atvinnuleysistryggingar og reynsluna af lögnum að öðru leyti í ljósi samdráttarins á vinnumarkaði og vaxandi atvinnuleysis.

Frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur, 125. mál.

Alþýðusamband Íslands telur að markmið þjóðaratkvæðagreiðslna sé og eigi að vera það, að veita þjóðinni vald til þess binda hendur löggjafar- og framkvæmdavaldsins. Þjóðaratkvæðagreiðsla eigi með öðrum orðum að vera bindandi en ekki leiðbeinandi og skapa frávik frá meginreglu hefðbundinnar stjórnskipunar um fulltrúalýðræði.

ASÍ studdi mjög eindregið frumvarp til stjórnmarskipunarlaga um breytingu á stjórnmarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum sem flutt var af þeim Jóhönnu Sigurðardóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Birkir J. Jónssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni á 136 löggjafarþingi. Málið náði ekki fram að ganga. Afstaða ASÍ er óbreytt og styður sambandið það mjög eindregið að stjórnmarskrá Íslands verði breytt þannig að beint og milliliðalaust lýðræði verði tekið upp hér á landi. Líta má á það frumvarp sem nú er flutt sem jákvætt skref í þá átt og styður ASÍ framgang þess.

Hvað efni frumvarpsins varðar að öðru leyti leggur ASÍ til að frumvarpinu verði breytt og inn í það felldar heimildir til þess að framkalla þjóðaratkvæðagreiðslu með stuðningi tiltekins hlutfalls kosningabærra manna og að niðurstaðan verði leiðbeinandi fyrir Alþingi með sama hætti og gert er ráð fyrir í 1. gr. frumvarpsins. Jafnframt er það mat ASÍ að tímamörk 1. mgr. 4. gr. séu of rúm.

Frumvarp til laga um ábyrgðarmenn, 125. mál.

Alþýðusamband Íslands styður framgang þessa máls. Nokkrar athugasemdir eru þó gerðar.

ASÍ er sammála þeirri meginhugsun sem á bak við 1.mgr. 8.gr. býr og sem kemur fram í greinargerð með ákvæðinu en orðalag ákvæðisins getur kallað á misskilning. Þar segir að aðför verði ekki gerð í fasteign þar sem „ábyrgðarmaður býr eða fjölskylda hans“⁴. Skilja má ákvæðið þannig að tvær fasteignir og jafnvel fleiri geti með ákvæðinu verið undanskildar meðan ætlunin virðist vera sú að undanskilja það íbúðarhúsnæði þar sem ábyrgðarmaður og eftir atvikum börn þau sem hann er framfærsluskyldur við og maki ef honum er til dreifa, halda sameiginlegt heimili. Einnig má velta því fyrir sér hvort eðlilegt sé að undanskilja allt íbúðarhúsnæði óháð þörfum viðkomandi fjölskyldu, stærð eða dýrleika.

Skv. 8.gr. tekur aðfararbann til allra persónulegra ábyrgða. Væntanlega eiga frumvarpsflytjendur við persónulegar ábyrgðir skv. lögnum og ekki aðrar en einstaklingar geta tekið á sig persónulegar ábyrgðir með ýmsum öðrum hætti en þeim sem löggin geyma. Ákvæðið þarfnast skýrleika hvað þetta varðar.

Athygli er vakin á því, að algeng form ábyrgðar hafa lengi verið víxlar þar sem aðal-skuldari er samþykkiandi og þau sem gangast í ábyrgð útgefandi og ábyrgðarmenn en nokkuð hefur dregið úr slíkum ábyrgðum. Kveða þarf skýrt á um það hvort löggin taki til víxilábyrgða.

Athygli er að lokum vakin á því, að löggin geyma ekki ákvæði um það hverjar afleiðingar þess eru ef lánveitandi uppfyllir ekki skyldur sínar skv. 4., 5. og 6.gr.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, 137. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilaður lánstími skuldbreytingarlána sem Íbúðalánasjóði er heimilt að veita verði lengdur úr 15 árum í 30 ár. Jafnframt er lagt til að heimilt verði að lengja upphaflegan lánstíma lána sjóðsins vegna greiðsluerfiðleika um allt að 30 ár í stað 15 ára eins og nú er. Þá er lagt til að Íbúðalánasjóði verði veitt heimild til að leigja eða fela öðrum með samningi að annast leigumiðlun með íbúðarhúsnæði sem sjóðurinn eignast á nauðungaruppboði.

ASÍ styður mjög eindregið samþykkt þessa frumvarps en lítur jafnframt svo á, að um sé að ræða einn þátt af mun stærri áætlun um nauðsynlegar breytingar á lögum til þess að mæta hratt vaxandi vanda á húsnæðis- og lánamarkaði.

Frumvarp til laga um sjúkraskrár, 170 mál.

Alþýðusamband Íslands styður það markmið laganna að auka gæði heilbrigðisþjónustu og draga úr kostnaði með því að tryggja heildstæðari sýn á þá þjónustu sem þörf er á.

Vegna þess magns af upplýsingum sem verður aðgengilegt með samræmdum hætti munu löggin skapa ný vandamál og úrslausnarefni sem ekki eru til staðar nú með sama hætti. Mikilvægt er að þess verði gætt, að einstaklingar verði ekki þvingaðir til þess að veita upplýsingar um málefni sem þeir kjósa að gætt sé trúnaðar um. Það á m.a. við um öflun gagna á vegum tryggingafélaga í tilefni tryggingakaupa eða mats á örorku. Hvernig þeirri vernd verður beint komið við eru ekki gerðar tillögur um en athygli á vandamálinu vakin. Það er gert með það í huga að æskilegri vernd verði fundinn staður annað af tvennu

í fyrirliggjandi frumvarpi eða með breytingum á annarri löggjöf.

Miklu skiptir að vel takist til við smíði þess gagnagrunns sem halda mun utan um sjúkraskár og telur ASÍ það mikilvægt að öll innlit og allar færslur verði rekjanlegar til þess sem lítur inn, gerir færslur eða breytir þeim.

Að lokum er vakin athygli á því, að lögin geyma ekki ákvæði um skaðabótaskyldu stofnunar eða einstaklinga gagnvart þeim sem telja að trúnaður hafi verið á sér brotinn með ólögmatrí skráningu upplýsinga eða óheimilu innliti í skrár sem viðkomandi á ekki að hafa aðgang að og sem trúnaður skal gilda mun. Hinar almennu reglur skaðabótaréttarins gilda að sönnu en mjög erfitt er að sanna tjón ef lögmætum hagsmunum er raskað og því æskilegt að lögin geymi lágmarksákvæði hér að lútandi sem styrkja myndu varnaðaráhrif 23.gr. laganna.

Frumvarp til laga um framhaldsfræðslu, 216. mál

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) vill í upphafi áréttta að það hefur lengi verið skoðun sambandsins að mikilvægt væri að setja sérstaka rammalöggjöf um framhaldsfræðslu (fullorðinsfræðslu). Nægir í því sambandi að benda á tillögur verkefnisstjórnar um símenntun frá árinu 2004 sem ASÍ átti aðild að og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði 17. febrúar 2008.

Frumvarpið felur í sér viðurkenningu á mikilvægi þess að fólk sem komið er út á vinnumarkaðinn hafi tækifæri til að auka þekkingu sína og færni, einkum að fólk með litla formlega viðurkennda menntun fái „annað tækifæri til náms“. Jafnframt felst í frumvarpinu viðurkenning á þörf launafólks og fyrirtækja fyrir eftir- og endurmenntun og nýsköpun til að mæta breyttum kröfum atvinnulífsins.

Frumvarp var unnið í samráði við aðila vinnumarkaðarins á almennum vinnumarkaði, ASÍ og SA.

Í frumvarpinu og athugasemdunum sem með því fylgja felst mikilvæg viðurkenning á því samstarfi sem aðilar vinnumarkaðarins hafa þróað með sér á sviði menntamála, á vettvangi heildarsamtakanna, í einstaka starfs- og atvinnugreinum og í samstarfi við fleiri aðila í símenntamiðstöðvunum. Þar segir m.a. (bls.5):

Við undirbúning frumvarpsins hefur fyrirkomulag framhaldsfræðslu í nágrannalöndunum, sérstaklega á Norðurlöndum, verið skoðað. Niðurstaða þeirrar athugunar hefur leitt í ljós að um er að ræða mismunandi kerfi og í sumum tilfellum er fyrirkomulagið mun flóknara en hér á landi. Norrænar fyrirmyndir voru því ekki taldar henta við núverandi aðstæður hér á landi. Náð og árangursríkt samstarf Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) í fræðslumálum, samskipti þeirra við stjórnvöld og rekstur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á sér vart hliðstæðu í þeim löndum sem Íslendingar bera sig helst saman við. Frumvarpið tekur því í meginatriðum mið af því fyrirkomulagi sem hér hefur verið þróað síðustu árin og hefur að mati aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda reynst vel. Jafnframt hefur verið litið til þess hvernig starfsemi símenntunarmiðstöðva hefur þróað á liðnum árum, en æskilegt er að tryggðar verði stöðugri undirstöður fyrir það mikilvæga starf sem fram fer á þeirra vegum. Með starfsemi símenntunarmiðstöðvanna hefur áunnist mikilvæg reynsla sem er um margt undirstaða framhaldsfræðslustarfs í landinu og stefnumótunar á því sviði, sem birtist m.a. í frumvarpi þessu.

Þá segir síðar í athugasemdunum (bls. 9):

Fræðslumiðstöðvar iðngreina hafa einnig gegnt mikilvægu hlutverki við þróun framhaldsfræðslu og raunfærnimats.

Almennt má segja að í athugasemdum með frumvarpinu sé gerð ágæt grein fyrir þróun framhaldsfræðslunnar á umliðnum árum og áratugum og því lykilhlutverki sem aðilar vinnumarkaðarins hafa gegnt í því sambandi.

Alþýðusamband Íslands leggur ríka áherslu á að með lögum um framhaldsfræðslu verði réttur og möguleikar launafólks til menntunar eflidir og treystir frekar en nú er. Jafnframt verði mikilvægt hlutverk aðila vinnumarkaðarins staðfest og styrkt í þeim mikilvæga málaflokki sem framhaldsfræðslan, og þ.m.t. grunn-, endur- og eftirmenntun á vinnumarkaði er fyrir einstaklingana, atvinnulífð og samfélagið allt. ASÍ vill í því sambandi sérstaklega áréttta tvennt:

1. Tryggt verði að fjármunir til uppbyggingar og reksturs framhaldsfræðslu á almennum vinnumarkaði, eins og hún er skilgreind í frumvarpinu, verði ekki skertir með nýjum lögum frá því sem nú er. Um þetta atriði var full sátt milli ASÍ og SA annars vegar og menntamálaráðuneytisins hins vegar við undirbúning frumvarpsins.
2. Full sátt er um að aðild að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) verði útvíkkuð þannig að Fræðslumiðstöðin þjóni einnig opinbera vinnumarkaðinum. Í því fellst að BSRB, fjármálaráðuneytið og sveitarfélögin verði aðilar að FA og að stofnunin þjóni markhópi laganna jafnt á opinbera sem almenna vinnumarkaðinum. Vinna við þess breytingu er þegar hafin í fullri sátt allra sem málið varðar.

Jafnframt leggur ASÍ ríka áherslu á að samhliða afgreiðslu frumvarpsins á Alþingi verði gengið frá 5 ára þjónustusamningi við breytta Fræðslumiðstöð. Með því verða best tryggð þau markmið sem getið er um hér að framan og að sú reynsla og þekking sem byggð hefur verið upp af hálfu aðila vinnumarkaðarins nýtist í áframhaldandi uppbyggingu og þróun framhaldsfræðslu á vinnumarkaði.

Athugasemdir og ábendingar við nokkur efnisatriði frumvarpsins

Um leið og Alþýðusambandið tekur undir markmið og meginefni frumvarpsins og útfærslu í öllum aðalatriðum viljum við koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri:

2. gr.

Í c. lið segir:

c. að skapa svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna,

Það er ótvírætt skilningur ASÍ að hér sé verið að vísa til „annars tækifæris“ fólks á vinnumarkaði til að sækja sér frekari þekkingu, en jafnframt möguleika einstaklinga á vinnumarkaði með formlega menntun á framhaldsskólastigi og fyrirtækja til að skipuleggja menntunarræði og þekkingaruppbyggingu sem ætlað er að mæta nýjum kröfum í atvinnulífinu.

3. gr.

Til að áréttta þann skilning sem fram kemur varðandi c. lið 2. gr. hér að framan er lagt til að a. liður 3. gr. verði svohljóðandi:

a. Framhaldsfræðsla: hvers konar menntun og úrræði sem ætlað er að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og færni og skipulögð er með hliðsjón af þessum þörfum.

Óbreytt nær greinin ekki alveg utan um það sem framhaldsfræðsla ætti að vera, þ.e. mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki **OG** þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og færni. Þá er síðari hluti setningarinnar of takmarkandi.

Eftir framhaldsfræðsluleið stendur fólki á vinnumarkaði til boða leikskólaliðabru og félagsliðabru. Það nám er skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla en hægt er að stunda það með námi í símenntunarmiðstöðvum og hefur það reynst mjög vel.

Einnig er lögð áhersla á mikilvægi þess að stuðningur við endurmenntun iðnaðarmanna og annarra starfsmenntaðra verði ekki lakari eftir en áður. Bent skal á varðandi 10. gr. að gert er ráð fyrir því að við setningu laga um framhaldsfræðslu falli úr gildi lög um starfsmenntun í atvinnulífinu nr. 19/1992. Starfsmenntasjóður hefur reynst öflugur bak-hjarl við þróun margra iðn- og starfsgreina.

5. gr.

Alþýðusamband Íslands áréttar þar sem segir í 5. gr. og á alveg sérstaklega við þar sem segir:

Haft skal samráð við heildarsamtök launþega og vinnuveitenda um framkvæmd laga þessara og er ráðherra heimilt að fela stofnunum eða félögum á þeirra vegum verkefni er tengjast framkvæmd þeirra, sbr. 14. gr.

Í því sambandi skal áréttað það sem segir hér að framan um þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

7. gr.

Vakin er sérstök athygli á e. lið 7. gr. þar sem fjallað er um viðurkenningu til fræðslu-aðila í framhaldsfræðslu, að mat verði lagt á eftirtalda þætti. Þar segir:

e. tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna.

Áréttað er mikilvægi þeirrar hugsunar sem þarna býr að baki um að framhaldsfræðslu beri að skipuleggja og framkvæma með það í huga að verið sé að þjónusta fullorðið fólk og að slíkt krefjist sérþekkingar og sérstakrar nálgunar.

8. gr.

Alþýðusambandið vekur sérstaka athygli á mikilvægi 8. gr. frumvarpsins. Reynslan hefur sýnt að náms- og starfsráðgjöf hefur mikið og vaxandi gildi fyrir einstaklinga á vinnumarkaði við að ákveða frekara nám. Þá er raunfærni mátið mikilvægt verkfæri til að efla og styrkja sjálfsmynd einstaklinga, ekki síst þá sem ekki hafa lokið formlegu námi á framhaldsskólastigi.

Til samans eru náms- og starfsráðgjöfin og raunfærni mátið mikilvæg til að byggja brýr á milli framhaldsfræðslukerfisins og formlega skólakerfisins, bæði framhaldsskóla og háskóla.

Jafnframt hefur reynslan kennt að mikilvægt er að tengja raunfærni mátið og hvernig unnið er með það gagnvart einstaklingunum, eins og kostur er í samvinnu við fræðslu-stofnanir iðngreina/atvinnulífsins, þar sem þær eru til staðar.

10. gr.

Mikilvægt er að hægt verði að undirbúa framkvæmd laganna í góðan tíma fyrir gild-istöku þeirra, þannig að ekki komi til þess að rof eða seinkun verði á framkvæmd og stuðningi við framhaldsfræðslu. Miðað við að lögin taki gildi 1. júlí nk. kallar það á að undirbúningur varðandi verklag við úthlutun úr Fræðslusjóði geti hafist strax síðla vetrar enda mikilvægt að þar verði vandað til verka um leið og byggt verði á þeirri reynslu sem fengist hefur m.a. með samningum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og

menntamálaráðuneytisins og frá Starfsmenntaráði vegna úthlutana úr starfsmenntasjóði.

Í samhengi við það sem áður hefur komið fram í athugasemdum við 2. og 3. gr. frumvarpsins áréttar ASÍ mikilvægi c. liðar 10. gr. um mikilvægi styrkja til nýsköpunar- og þróunarverkefna sem nýtist launafólki og fyrirtækjum ýmissa starfsgreina eins og starfsmenntasjóður hefur gert.

Frumvarp til laga um greiðslur til líffæragjafa, 259 mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um greiðslur til líffæragjafa, 259 mál.

Með frumvarpinu er stefnt að því að tryggja réttindi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar þegar þeir geta hvorki stundað vinnu né nám vegna líffæragjafa.

Frumvarpið er byggt á tillögum vinnuhóps sem í sátu fulltrúar vinnumarkaðarins og fulltrúar stjórnvalda. Fulltrúar ASÍ stóðu að tillögum vinnuhópsins.

ASÍ mælir með samþykkt frumvarpsins.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum, nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 279. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 279. mál.

Alþýðusambandið ályktaði á ársfundi sínum í október sl. að nauðsynlegt væri að kanna hvort heimila ætti einstaklingum að nýta viðbótarlífeyrissparnað sinn til þess að greiða niður höfuðstól húsnæðisskulda ef þeir stæðu frammi fyrir húsnæðismissi.

ASÍ leggur áherslu á að verði slíkt heimilað er nauðsynlegt að tryggt sé að útgreiðsla séreignarsparnaðar:

- Leiði til þess að skuldari ráði við framtíðarskuldbindingar sínar og komi þannig í veg fyrir að heimili fari í þrot. Slíkt gæti t.a.m. verði liður í greiðsluaðlögunarferli hjá heimilum í miklum greiðsluvanda.
- Verði ekki til þess að aðrir eigendur séreignarsparnaðar í sama sjóði verði fyrir tjóni vegna þessa.

ASÍ gerir athugasemdir við eftirfarandi þætti í frumvarpinu:

1. Samkvæmt frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að eigendur séreignarsparnaðar geti tímabundið óskað eftir innlausn á sparnaði sínum til greiðslu skulda. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir neinni annarri takmörkun á útgreiðslunni eins og t.d. varðandi greiðsluvanda eða hámarksfjárhæð. Rétt er að hafa í huga að eignir í séreignarsjóðum eru að lang stærstum hluta bundnar í verðbréfum sem losa þarf um, mun fyrir en fjárfestingarstefna sjóðanna gerði upphaflega ráð fyrir, til þess að unnt sé að greiða spari fjáreigendum út eign sína. Eins og stendur er seljanleiki eigna á fjármálamörkuðum mjög takmarkaður og erfitt getur reynst að breyta bundum eignum í laust fé á ásættanlegu verði. Verði heimildir til innlausnar á séreignarsparnaði mjög víðtækar, er hætt á að það leiði til lækkunar á verðgildi eigna sjóðanna og rýri sparnað allra sjóðsfélaga.
2. Með því að skilyrða útgreiðslu séreignarsparnaðar við það að vörsluaðili greiði niður skuldir eigandans eykst hætta á því að skuldarar sem eru í miklum fjárhagserfið-

leikum freistist til eða verði beittir þrýstingi að hálfu lánveitanda að nota séreignarsparnaðinn til niðurgreiðslu á skuldum óháð því hvort það leiði til þess að skuldarinn muni í kjölfarið ráða við skuldbindingar sínar. Lánveitendur fá þannig aðgang að lífeyrissparnaði fólks sem ekki er aðfararhæfur og eigandi séreignarsparnaðarins tapar lífeyrissparnaði sínum.

3. Samkvæmt reglum 36. gr. laga 54/2006 um atvinnuleysistryggingar skerðast atvinnuleysisbætur m.a. vegna tekna úr séreignarlífeyrissjóði. Að óbreyttum reglum myndi a.m.k. helmingur þess sparnaðar sem losaður verður, skerða atvinnuleysisbætur auk þess sem útgreiddur séreignarsparnaður er skattskyldur. Hætta er á að heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar skili litlum ef nokkrum árangri séu greiðslurnar jafnarharðan notaðar til skerðingar á atvinnuleysisbótum og skattlagðar að auki.

Alþýðusambandið leggur áherslu á að ef heimila á útgreiðslur úr séreignarsjóðum verði tryggt að tilgangurinn sé einvörðungu að bjarga heimilum í greiðsluvanda og takmörk sett sem komi í veg fyrir áhlaup á sjóðina.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum, nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, 280 mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum, nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, 280 mál.

Í athugasemdum við frumvarpið segir m.a.:

„Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði breytingar á stjórnskipulagi Seðlabanka Íslands. Breytingar hafa það að markmiði að tryggja að í bankanum sé starfandi fagleg yfirstjórn og þar með tryggt að faglega sé staðið að ákvarðanatöku við beitingu stjórnþekkinga bankans í peningamálum.“

Síðar í greinargerðinni segir:

„Ljóst er að þörf er á verulegri uppstokkun og endurnýjun í yfirstjórn Seðlabanka Íslands eftir þau áföll sem þjóðarbúið og um leið bankinn hefur orðið fyrir á undanförunum mánuðum.“

Þetta er í samræmi við áherslur ASÍ sem koma fram í ályktun ársfundar ASÍ um aðgerðir til að endurheimta fjármálastöðugleika og auka trúverðugleika frá 24.10.2008. Í ályktuninni segir m.a.:

„Byggja þarf upp traust á Seðlabanka Íslands og stjórn hans. Í því sambandi er mikilvægt að tryggja fagmennsku í stjórn bankans. Taka verður til endurskoðunar hvernig staðið er að ráðningu bankastjóra.“

ASÍ tekur því undir meginatriði frumvarpsins en gerir þó þrjár athugasemdir við frumvarpið:

1. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins skal seðlabankastjóri hafi lokið meistaraþrófi í hagfræði og búa yfir viðtækri reynslu og þekkingu á peningamálum. Að mati ASÍ er hér um óþarflega þröng menntunarskilyrði að ræða. Eðlilegra er að gera þá kröfu að seðlabankastjóri hafi meistaraþróf í hagfræði eða sambærilega menntun og gera jafnframt þá kröfu að viðkomandi búi yfir viðtækri reynslu og þekkingu á peningamálum.

2. Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins skipar seðlabankastjóri tvo sérfræðinga á sviði peningamála til setu í peningastefnunefnd til þriggja ára í senn að fenginni staðfestingu forsætisráðherra. Aðrir tveir nefndarmenn eru yfirmenn bankans og þar með undirmenn seðlabankastjóra. Til að tryggja betur sjálfstæði þeirra sérfræðinga sem koma utan frá gagnvart seðlabankastjóra er heppilegra að þeir séu skipaðir beint af bankaráði eða ráðherra.
3. Eðlilegt er að gera sömu hæfniskröfur til þeirra sem sitja í peningastefnunefnd og til seðlabankastjóra, þ.e. að viðkomandi hafi meistaraþróf í hagfræði eða sambærilega menntun og búi yfir viðtækri reynslu og þekkingu á peningamálum

ASÍ telur afar mikilvægt að eyða þeirri óvissu sem er um Seðlabankann og yfirstjórn hans sem allra fyrst og telur því mikilvægt að frumvarpið verði að lögum sem fyrst.

frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21 26. mars 1991 (greiðsluáðlögun) (281 mál).

A. Inngangur

Alþýðusamband Íslands styður mjög eindregið framgang þessa þingmáls og telur það geta falið í sér öflug varnarviðbrögð vegna vaxandi fjárhagsvanda heimilanna.

ASÍ hefur oft á undanförunum árum, veitt þingsályktunartillögum varðandi greiðsluáðlögun stuðning sinn. Það átti þess kost að eiga samræðu við viðskiptaráðuneytið þá er starfshópur á vegum þess ráðuneytis vann að gerð samkynja frumvarps og einnig við réttarfarsnefnd þegar fyrirverandi dómsmálaráðherra lét semja kjarna þess frumvarps sem nú er veitt umsgögn um.

ASÍ hefur ætíð lagt áherslu á, að greiðsluáðlögun yrði að taka til veðskulda. Í fyrsta lagi þeirra sem eru alveg utan við verðmæti veðandlags. Í öðru lagi þeirra sem lenda að hluta utan verðmætis veðandlags og loks í þriðja lagi að heimilt verði að breyta skilmálum þeirra sem alveg eða að hluta lenda innan verðmætis veðandlags þannig að skuld verði greiðanlegri m.v. greiðslugetu skuldara. Í þessu efni er afstaða ASÍ samhljóða niðurstöðu nefndar félagsmálaráðherra um greiðsluáðlögun sem lauk störfum í maí 1994. (Sjá fskj. 1)

ASÍ leggst mjög eindregið gegn því, að þau efnisákvæði frumvarpsins sem mæla fyrir um skilmálabreytingar veðskulda innan veðmarka verði annars vegar sett til bráðabirgða og hins vegar einskorðuð við veðskuldir í eigu Íbúðalánasjóðs og fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins.

ASÍ gerir eftirfarandi tillögur um breytingar á fyrirliggjandi frumvarpi.

B. Um breytingar á 1.mgr. a. (63. gr. a.)

Tillaga ASÍ

„Samkvæmt fyrirætlunum þessa kafla getur maður leitað nauðasamnings til greiðsluáðlögunar sem fyrirsjáanlega miðað við eðli skuldanna og fjárhags- og félagslegar aðstæður að öðru leyti, getur ekki staðið við eða á i verulegum erfiðleikum með að standa við fjárskuldbindingar sínar á næstu árum.“

Með þessari tillögu er annars vegar dregið úr afdráttarlausu skilyrði um að skuldari sé „ófær“ um að greiða og hins vegar tekið fram að taka skuli tillit til eðlis skuldanna og

félagslegrar stöðu skuldara. Í því felst leiðsögn og nauðsynleg áhersla vegna túlkunar og beitingar laganna. Eins og texti frumvarpsins er nú, er greiðsluáðlögun ekki öðrum fær en þeim sem nú þegar eru í raun orðnir gjaldþrota og þeim sem eftir atvikum ber skylda til þess að gefa bú sitt upp til gjaldþrotskipta sbr. 64.gr. 1. 21/1991. Mikilvægt er að skuldari geti að öðrum skilyrðum uppfylltum leitað úrræða til þess að koma í veg fyrir fyrirsjáanlegt gjaldþrot og er það megintilgangur þessarar breytingatillögu.

C. Um breytingar á b. (63. gr. b.)

Lagt er til að við b. (63. gr. b.) bætist ný málsgrein, 2.mgr., svohljóðandi og komi í stað ákvæðis til bráðabirgða:

„Kveða má einnig á um, að kröfur sem trygging er fyrir í eign skuldarans að því leyti sem verðmæti eignarinnar myndi duga til að fullnægja þeim ef til sölu kæmi og tryggingarrétturinn fellur ekki niður vegna nauðasamningsins, skuli greidd með breyttum skilmálum.

Er þá m.a. heimilt að kveða á um fleiri gjalddaga, greiðslufrestun um tiltekinn tíma, nýjan lánstíma og skuldbreytingu vanskila.

Um þær skuldir og þann hluta skuldar sem trygging myndi ekki vera fyrir í eign skuldarans ef til sölu kæmi fer með sama hætti og samningskröfur skv. 1.mgr. og skal þeim aflýst.

Skilmálabreytingum skv. ákvæði þessu skal þinglýst og þarfnast þær ekki heimildar sidari vedhafa.“

Það er álit ASÍ, að það sé afar mikilvægt að greiðsluáðlögun verði sú björg sem stefnt er að, sé hugsuð heildstætt og þannig að taki með almennum hætti til allra í sömu stöðu.

Í fyrsta málsliði tillögu ASÍ er lagt til að ákvæðið taki til allra veðkrafna en fyrirbyggjandi frumvarp gerir ráð fyrir að úrræðið taki annars vegar einungis til skulda með veði í íbúðarhúsnæði og hins vegar einungis til skulda við Íbúðalánasjóð og fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins. Tillaga frumvarpsins felur í sér verulega mismunun og stenst ekki ákvæði 65. gr. stjórnarskrár sem mælir fyrir um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ættneris og stöðu að öðru leyti. Ef frumvarpið verður að lögum óbreytt munu þeir einstaklingar sem tekið hafa lán hjá sparisjóðunum, fyrirtækjum í þeirra eigu eða hjá fjölbreyttum hópi verðbréfafyrirtækja, ekki geta nýtt sér úrræði laganna. Jafnframt munu þeir einstaklingar sem veðsett hafa íbúðarhúsnæði sitt vegna t.d. bílalána geta átt rétt til greiðsluáðlögunar meðan þeir sem veðsett hafa annarskonar húsnæði eða lausafé vegna samskonar skulda eiga hann ekki.

Hafa ber í huga í þessu sambandi, að hluti greiðsluáætlunar skuldara skv. 2.tl. 2.mgr. c. (63. gr. c.) frumvarpsins er hvort skuldari muni hafa tekjur af sölu eigna. Gert er ráð fyrir því að skuldari selji þær eignir sem ekki eru nauðsynlegar vegna framfærslu hans og fjölskyldu hans, enda hafi þær markaðsvirði og séu seljanlegar. Þetta ætti m.a. við íbúðarhúsnæði umfram þarfir, fristundahús, hjólhýsi, stór og/eða dýr ökutæki og svo framvegis. Með öðrum orðum þá á greiðsluáðlögun ekki að leiða til þess að skuldari haldi eignum sem hann hefur ekki þörf fyrir. Þannig að jafnvel þó ákvæði fyrsta málsliðar ákvæðisins verði eins opið og ASÍ leggur til þá mun það ekki leiða til þess að skuldurum verði gert heimilt eða auðvelt að halda eignum sem þeir eða fjölskyldur þeirra hafa ekki þörf fyrir.

Það tryggir hins vegar að hægt verður að taka á öllum skuldum á heildstæðan hátt.

Annar málsliður tillögu ASÍ er samhljóða frumvarpinu.

Þriðji málsliður tillögu ASÍ skiptir afar miklu máli því ekki er með afgerandi hætti fjallað í gildandi lögum eða í frumvarpinu um skuldir sem að hluta eru innan tryggingar og að hluta utan.

Um samningskröfur er fjallað í 4.tl. 28.gr. 1. 21/1991 og þar segir:

„Nauðasamningur hefur ekki áhrif á eftirtaldir kröfur á hendur skuldaranum:

1. ..., 2. ..., 3. ..., 4. kröfur sem trygging er fyrir í eign skuldans að því leyti sem andvirði eignarinnar hrekkur til að fullnægja þeim og tryggingarrétturinn fellur ekki niður vegna nauðasamningsins, ...“

Samkvæmt greinargerð með þessu ákvæði laganna er ljóst, að geri nauðasamningur ráð fyrir að veðsett eign verði áfram í eigu skuldara, þá taki samningurinn ekki til veðlána en ef hið veðsetta er selt þá teljist sá hluti skuldarinnar sem ekki fæst greiddur við sölna til samningskrafna. Með öðrum orðum þýðir 4.tl. 28.gr., að liggi sama veðskuld bæði innan og utan veðmætis eignar er ekki hægt að hreyfa við henni með nauðasamningi án þess að hún sé seld. Þessi skilningur á 4.tl. 28.gr. fékkst staðfestur á fundi með réttarfarnefnd og kemur fram í greinargerð með lögnum.

Tillaga ASÍ gerir ráð fyrir að greiðsluáðlögun taki á þessu með þeim hætti að sá hluti veðskuldar sem falla myndi utan veðmætis við sölu, verði samningskrafa skv. 4.tl. 28.gr. og skuli aflýst, þrátt fyrir að skuldari haldi eigninni. Þetta er í samræmi við þann tilgang greiðsluáðlögunar sem er ólíkur tilgangi kröfuhafamiðaðs nauðasamnings, að greiðsluáðlögun komi í veg fyrir gjaldþrot og tryggi að skuldari og fjölskylda hans haldi nauðsynlegu og hæfilegu íbúðarhúsnæði.

Fjórdi málsliður tillögu ASÍ er samhljóða frumvarpinu

Taka þarf fram í greinargerð með lagabreytingunni að eftirgjöf skulda og skilmála-breytingar skv. framansögðu myndi hvorki skattstofn hjá skuldara né skerði rétt hans til hvers konar greiðslna eða aðstoðar frá ríki eða sveitarfélögum.

D. Um breytingar á c. (63. gr. c.) 2.mgr., 2 og 4.tl.

Lagt er til að 2.tl. 2. mgr. hljóði svo:

„hvort hann muni hafa fé af öðru en tekjum sínum til að greiða af skuldum, svo sem vegna sölu eigna þ.m.t. sölu íbúðarhúsnæðis umfram þarfir og kaup hæfilegs húsnæðis til eigin nota svo og vegna fjárframlaga annarra,“

Hér er bætt við því skilyrði að gerð sé grein fyrir sölu eigna sem skuldari og fjölskylda hans hafa ekki þörf fyrir, þ.m.t. íbúðarhúsnæðis og hvað í stað þess hafi komið. Er það í samræmi við meginhugsun greiðsluáðlögunar um að skuldara og fjölskyldu hans verði gert mögulegt að halda hæfilegu íbúðarhúsnæði.

Lagt er til að 4.tl. hljóði svo:

„framtíðaráætlun um meðaltal mánaðarlegra útgjalda skuldans og eftir atvikum maka hans, þar á meðal vegna framsærslu, opinberra gjalda, húsaleigu og afborgana af skuldum, sem tryggðar eru með veði eða á annan hátt í eignum skuldans, þ.m.t. í íbúðarhúsnæði til eigin nota sem hann hyggst leitast við að eiga áfram eða sem komið hefur í stað selds íbúðarhúsnæðis sbr. 2. tl. Í framtíðaráætlun er heimilt að taka tillit til tekna annarra heimilismanna en skuldara og maka hans enda séu þeir á framsæri skuldara eða maka hans og tekjur þeirra hvorki háar né óvenjulegar.“

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gerð sé grein fyrir tekjum og gjöldum allra heimilismanna og jafnframt að þær verði hluti framtíðaráætlunar skv. 4.tl. Þetta á þá m.a. við um sumartekjur barna og unglinga og ellilífeyri aldraðra foreldra. Þetta er gert þrátt fyrir að ekki sé um gagnkvæma framfærsluskyldu að ræða. Lagt er til að ekki verði tekið tillit til tekna annarra heimilismanna nema þeir séu á framfæri skuldara eða maka hans og tekjur þeirra hvorki háar né óvenjulegar.

Loks er gerð tillaga um að gerð verði grein fyrir greiðslubyrði af hæfilegu íbúðarhúsnæði sem keypt hefur verið í stað þess sem hefur verið umfram þarfir sbr. 2.tl.

E. Um breytingar á c. (63. gr. c.) 5.mgr.

Lagt er til að 5.mgr. hljóði svo:

„Skuldari sem sækir um greiðsluáðlögun á rétt á endurgjaldslausri aðstoð sem honum kann að vera nauðsynleg við að semja umsókn ásamt fylgigögnum með henni sem fullnægir ákvæðum laga þessara. Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að skuldara bjóðist sú aðstoð endurgjaldslaut hjá opinberri stofnun eða öðrum. Eigi skuldari kost á slíkri aðstoð getur hann ekki notið greiðslu sem þessu svarar eftir lögum um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga.“

Hér er lagt til að tekin verði af öll tvímæli um að skuldari skuli eiga rétt á endurgjaldslausri og nauðsynlegri aðstoð við að semja umsókn og að dómsmálaráðherra sé heimilt að ákveða með reglugerð að sú endurgjaldslausa aðstoð skuli veitt af opinberri stofnun.

F. Um breytingar á g. (63. gr. g.)

Lagt er til að 6.tl. hljóði svo:

„Hvaða skilmálabreytingar hann leggur til að gerðar verði á skuldum sem tryggðar eru með veði skv. ákvæði 2.mgr. b. (63. gr. b.) og hvaða veðum standi til að aflétta alveg eða að hluta,“

Þessi breyting er í samræmi við þá tillögu að ekki verði um bráðabirgðaákvæði að ræða og jafnframt ítrekað að fram skuli koma hvaða veðskuldum standi til að aflétta alveg eða að hluta.

G. Um inngríp í eignarréttindi

Sú skýring hefur verið gefin, að ákvæði til bráðabirgða nái einungis til veðkrafna í eigu Íbúðalánasjóðs og fyrirtækja í eigu ríkisins vegna þess að ákvæðin fari í eðli sínu gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrár. Þeim rétti geti stjórnvöld afsalað hvað sínar eignir varðar en ekki annarra. Af þessum ástæðum er skv. frumvarpinu ekki heimilt að fara inn í tryggðar kröfur annarra en ofangreindra og skuldbreyta þeim. Þessum röksemdum er ASÍ ekki sammála.

Í Noregi hafa lög nr. 99/1992 um þvingaða greiðsluáðlögun verið í gildi um 26 ára skeið og þangað er að hluta sótt fyrirmynd þeirra tillagna sem nú liggja fyrir í frumvarpsformi en meginfyrirmynd tillagnanna er þó að finna í ákvæðum 25.kafla dönsku gjaldþrotalaganna. Í norsku lögunum er gert ráð fyrir að veðkröfur á íbúðarhúsnæði sem skuldari hyggst eiga áfram megi frysta í allt að 10 ár, þannig að einungis séu greiddir vextir en ekki afborganir. Jafnframt gera norsku ákvæðin ráð fyrir að um veðskuldir utan veðmarka að viðbættum 10% gildi sömu reglur og um óveðtryggðar skuldir. Þannig hafa Norðmenn heimilað breytingar á skilmálum tryggðra veðskulda og aflétt ótryggðum með

sama hætti og ráð er fyrir gert í tillögum ASÍ, án þess að það hafi verið talið varpa eignarréttindum veðhafa fyrir róða.

Frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna, 290. mál.

Sjómannasamband Íslands hefur lengi barist fyrir því að lögskráningu sjómanna verði háttað með þeim hætti sem í frumvarpinu greinir og Alþýðusamband Íslands styður mjög eindregið framgang þess.

Frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna, 291. mál.

Frumvarp þetta tengist máli 290 og Alþýðusamband Íslands styður mjög eindregið framgang þess.

Frumvarp til laga um afnám laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, með síðari breytingum, og breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, 313. mál.

Með frumvarpinu er verið að afnema lög nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara. Samkvæmt frumvarpinu munu almennar reglur um lífeyriskjör opinberra starfsmanna gilda um alþingismenn, ráðherra, hæstaréttardómara og forseta Íslands.

Alþýðusambandi Íslands mótmælti á sínum tíma setningu laga nr. 141/2003 og taldi þau með öllu óeðlileg. ASÍ fagnar því framkomnu frumvarpi og mælir með því að það verði samþykkt.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, 321. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, 321. mál.

Alþýðusambandið ályktaði á ársfundi sínum í október sl. að nauðsynlegt væri að kanna hvort heimila ætti einstaklingum að nýta viðbótarlífeyrissparnað sinn til þess að greiða niður höfuðstól húsnæðisskuldna ef þeir stæðu frammi fyrir húsnæðismissi.

ASÍ leggur áherslu á að verði slíkt heimilað er nauðsynlegt að tryggt sé að útgreiðsla séreignarsparnaðar:

- Leiði til þess að skuldari ráði við framtíðarskuldbindingar sínar og komi þannig í veg fyrir að heimili fari í þrot. Slíkt gæti t.a.m. tryggt að skuldari gæti staðið undir mánaðarlegum greiðslum af skuldum sínum þrátt fyrir tímabundinn samdrátt í tekjum eða verið liður í greiðsluadlögunarferli hjá heimilum í miklum greiðsluvanda.
- Verði ekki til þess að aðrir eigendur viðbótarlífeyrissparnaðar í sama sjóði verði fyrir tjóni vegna þessa.

Verði frumvarp þetta að lögum er nauðsynlegt að huga sérstaklega að því að:

4. Tryggja eins og kostur er að útgreiðsla viðbótarlífeyrissparnaðar verði til þess að skuldari ráði í kjölfarið við skuldbindingar sínar. Hætta er á að skuldarar sem komnir eru í vanskil verði beittir þrýstingi að hálfu lánveitanda að nota séreignarsparnaðinn til niðurgreiðslu á skuldum óháð því hvort það leiði til þess að skuldarinn muni í kjölfarið ráða við skuldbindingar sínar. Lánveitendur fengu þannig aðgang að lífeyrissparnaði fólks sem ekki er aðfararhæfur og eigandi séreignarsparnaðarins tapar lífeyrissparnaði sínum.
5. Eignir í séreignarsjóðum eru að lang stærstum hluta bundnar í verðbréfum sem losa þarf um, mun fyrr en fjárfestingarstefna sjóðanna gerði upphaflega ráð fyrir, til þess að unnt sé að greiða sparifjäreigendum út eign sína. Eins og stendur er seljanleiki eigna á fjármálamörkuðum mjög takmarkaður og erfitt getur reynst að breyta bundnum eignum í laust fé á ásættanlegu verði. Verði heimildir til innlausnar á séreignarsparnaði mjög viðtækar, er hætta á að það leiði til lækkunar á verðgildi eigna sjóðanna og yri sparnað allra sjóðsfélaga.

Alþýðusambandið leggur þess vegna áherslu á að ef heimila á útgreiðslur úr séreignarsjóðum verði tryggt að tilgangurinn sé einvörðungu að bjarga heimilum í greiðsluvanda og takmörk sett sem komi í veg fyrir áhlaup á sjóðina.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðför nr. 90/1989 o.fl., 322. mál.

Alþýðusamband Íslands styður mjög eindregið framgang þessa máls en leggur til þrjár breytingar.

I

Í 5.gr. frumvarpsins er fyrningarfrestur stytur í tvö ár. Sé fyrningu slitið innan þess frests tekur almennur fyrningarfrestur skv. fyrningarlögum við. Eins og fram kemur í greinargerð með 165.gr. laga 21/1991 þá er gildandi ákvæði í reynd aðeins virkt gagnvart þeim einstaklingum sem verða gjaldþrota því lögaðilar ljúka tilvist sinni við gjaldþrot. Með þessum hætti hallar mjög á einstaklinga í greiðsluvandræðum. Auk þess hvetur ákvæðið eins og það stendur kröfuhafa til þess að krefjast persónuábyrgða vegna rekstrarskulda lögaðila þegar betur færi að fé væri lánað vegna mats á greiðslugetu lögaðilans. Jafnframt hvetur ákvæðið eins og það er til óeðlilegra félagsstofnana og kennitöluflakks. ASÍ leggur til, að kröfur í gjaldþrotum einstaklinga verði meðhöndlaðar með sama hætti og kröfur á gjaldþrota lögaðila og afskrifaðar að fullu í kjölfar gjaldþrotameðferðar. Ákvæðið er brýnt m.a. vegna mikillar skuldsetningar vegna kaupa á íbúðarhúsnæði á undanförunum árum og vegna kaupa á neysluvöru með gengistryggðum lánnum. Líklegt er að stór hópur einstaklinga sem tók bæði gengistryggð og verðtryggð lán verði gjaldþrota á næstu mánuðum og misserum og óásættanlegt að þeim hópi verði bundnar drápsklyfjar skulda, en stór hluti hans er sá hópur sem íslensku samfélagi er nauðsynlegur til uppbyggingar samfélagsins á næstu árum.

Lagt er til að 2.mgr. 165.gr. laga nr. 21/1991 hljóði svo:

Einstaklingur sem verður gjaldþrota, ber ekki ábyrgð á þeim skuldum sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskiptin. Ef kröfu hefur verið lýst við gjaldþrotaskiptin og ekki fengist greidd við þau er fyrningu hennar slitið gagnvart öðrum en þrotamanninum og byrjar nýr fyrningarfrestur að liða á þeim degi sem skiptunum er lokið, ef krafa var viðurkenn, en ella á þeim degi sem kröfunni var lýst.

2

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til skiptastjóri geti heimilað skuldara með samþykki veðhafa að dvelja í allt að 12 mánuði í íbúðarhúsnæði sem búinu tilheyrir. Ákvæðinu er ætlað að gilda tímabundið. ASÍ telur að of skammt sé gengið og að 12 mánaða afnot gegn eðlilegu endurgjaldi eigi að mega heimila án samþykkis veðhafa, eftir atvikum skv. ákvörðun héraðsdóms. Jafnframt verði ekki um tímabundið ákvæði að ræða heldur varanlegt. Að öðru leyti verði ákvæðið óbreytt. Mikilvægt er að tryggja þennan rétt skuldara því ætlunin er að draga úr neikvæðum afleiðingum gjaldþrots á fjölskyldu þrotamanns á þann hátt að henni verði ætlaður rúmur tími til þess að aðlaga sig breyttum aðstæðum. Með meira svigrúmi eru líkur á því að minni röskun verði á skólagöngu og félagstengslum barna vegna bráðra flutninga og fjölskyldunni almennt veitt meira svigrúm til þess að vinna úr því áfalli sem gjaldþroti og eignamissi fylgir óhjákvæmilega. Óásætlanlegt er að þessir mikilvægu hagsmunir skuldara og fjölskyldu hans viki fyrir hagsmunum lánardrottna eins og nú standa sakir.

3

ASÍ leggur til að eftirfarandi ákvæði verði tekið upp í lögum um nauðungarsölu nr. 90/1991:

Við 4. mgr. 50. gr. bætist eftirfarandi málslíður:

„Þó kröfu hafi réttilega verið lýst er sýslumanni óheimilt að taka til greina innheimtukostnað kröfuhafa sem reiknast af gjaldfældri fjárhæð skuldar.“

Stærstur hluti þeirra skulda sem innheimtar eru með nauðungaruppbóði á fasteign eru lán sem tekin hafa verið til langs tíma. Við greiðslufall eða vegna fullnustu krafna annarra kröfuhafa eru slíkar langtímaskuldir gjaldfelldar. Ákvæði þeirra viðskiptabréfa sem í hlut eiga koma ekki í veg fyrir að takmörk séu sett hvernig útreikningi innheimtukostnaðar skuli háttað. Um getur verið að ræða háar fjárhæðir.

Dæmi: Höfuðstóll veðskuldar er að eftirstöðvum 40.000.000.- Ógreiddar og gjaldfallnar afborganir eru 1.200.000.- Innheimtukostnaður skv. hefðbundinni gjaldskrá lögmanns vegna innheimtu á 1.200.000.- eru kr. 109.850. – auk virðisaukaskatts meðan kostnaður af innheimtu 40.000.000.- eru kr. 1.347.250.- auk virðisaukaskatts. Til viðbótar báðum kröfum reiknast milli 6 og 7 þúsund krónur án virðisaukaskatts fyrir hvert bréf og hvert þinghald hjá sýslumanni auk útlagðs kostnaðar eftir því sem við á. Ljóst er að verulegir hagsmunir skuldara eru fölgirnir í því að takmörk verði sett á ofangreinda gjaldtöku. Sérstaklega þegar haft er í huga að skuldari hefur lítill ef nokkur úrræði til þess að verja sig gegn óhóflegum innheimtukostnaði fyrr en eftir að fasteign hefur þegar verið seld nauðungarsölu.

Frumvarp til stjórnskipunarlag, 385. mál.

Alþýðusamband Íslands styður mjög eindregið framgang þessa máls og telur brýnt að Alþingi ljúki afgreiðslu þess fyrir þingkosningar í vor.

Alþýðusamband Ísland vill þó gera þá athugasemd varðandi 4. gr., að fulltrúum á stjórnlagabingi verði fjölgað og að þeir verði á bilinu 60-70. ASÍ telur að með þeim hætti verði betur tryggt fjölbreytni þeirra fulltrúa sem þingið sitja. Nánar er um þingið og kosningar til þeirra fjallað í þeim drögum að lögum um stjórnlagabing sem fylgja frumvarpinu. Að svo stöddu er gerð sú athugasemd við þau drög, að ASÍ telur að ekki sé nauðsynlegt að

gera ráð fyrir því að um fullt starf þingfulltrúa verði að ræða allan þingtímann og að gera verði ráð fyrir því að þingfulltrúar geti sinnt aðalstarfi sínu meðfram þingstörfum. Með þeim hætti má draga verulega úr kostnaði við þinghaldið auk þess sem betur verður tryggt að þingfulltrúar haldi aðalstarfi sínu því uppsögn þeirra úr starfi á almennum vinnu- markaði verður heimil þrátt fyrir ákvæði laganna um leyfi frá störfum. Jafnframt telur ASÍ að kjörgengi skv. drögunum sé of mikið þrengt með útilokun allra varaþingmanna. Betur færi á að útilokunin yrði bundin við fyrsta og annan varaþingmann hvers flokks.

Frumvarp um breyting á skaðabótalögum, 438. mál.

Alþýðusamband Íslands fagnar því að frumvarp þetta sé lagt fram á Alþingi en í því felast efndir á 8. tölulið yfirlýsingar ríkisstjórnar Íslands vegna frágangs kjarasamninga þann 17.2 2008 en þar segir:

8. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir breytingum á skaðabótalögum í þá veru að meðábyrgð á vinnuslysum verði ekki felld á starfsmann nema tjónið verði rakið til ásetnings eða stórfellds gáleysis starfsmannsins.

Yfirlýsing þessi er í samræmi við kröfu Alþýðusambands Íslands og var ein forsenda þess að kjarasamningar tókust umrætt sinn.



Fulltrúar Alþýðusambands Íslands í nefndum, ráðum og á fundum

20. september 2009

Félagsmálaráðuneytið

Tengiliður við félags- og tryggingamálaráðuneytið

Á fundi miðstjórnar ASÍ 26. ágúst var staðfest tilnefning Halldórs Grönvold sem tengiliðar ASÍ við félags og tryggingamálaráðuneytið.

Skipunartími: Ótilgreindur

98. þing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar 2009

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands tilnefndi á fundi sínum 12. mars 2008 Magnús M. Norðdahl sem fulltrúa á 97. þingi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) 2008.

Skipunartími: Fram að ILO þingi 2010.

Atvinnuleysistryggingasjóður

Á miðstjórnarfundum Alþýðusambandsins 7. júní 2006 var Vinnumarkaðsnefnd ASÍ falið að tilnefna fulltrúa ASÍ í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Vinnumarkaðsnefnd ASÍ tilnefndi eftirtalda í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Ingbjörg R. Guðmundsdóttir og Guðmund Þ Jónsson. Varamenn eru Ísleifur Tómasson og Hilmar Harðarson.

Skipunartími: September 2010.

Ábyrgðasjóður launa

Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 27. ágúst 2007 var samþykkt að tilnefna Magnús M. Norðdahl sem fulltrúa ASÍ í stjórn Ábyrgðasjóðs launa og Björn Snæbjörns-son til vara.

Skipunartími: Október 2011.

Eftirlitsnefnd um framkvæmd laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES-svæðisins

Á fundi sínum 21. febrúar 2007 samþykkti miðstjórn Alþýðusambands Íslands að tilnefna Magnús M. Norðdahl sem aðalmann í eftirlitsnefnd félagsmálaráðuneytisins vegna sammingsins um Evrópska efnahagssvæðisins. Varamaður er Fjóra Jónsdóttir.

Skipunartími: 1. mars 2011.

Félagsdómur

Miðstjórn Alþýðusambandsins samþykkti á fundi sínum 6. nóvember 2007 að tilnefna Láru V. Júlíusdóttur sem dómara í Félagsdómi og Vilhjálmi H. Vilhjálmsson til vara.

Skipunartími: 1. nóvember 2010.

Félagsdómur starfsgreinanna

Í samræmi við samþykkt miðstjórnar ASÍ voru eftirtaldir skipaðir fulltrúar ASÍ í Félagsdóm á grundvelli 3. mgr. 39. gr. laga nr. 80, 11. júní 1938. með síðari breytingum, en þar er m.a. vísað í 2. mgr. 44. gr. laganna.

Verslun og þjónusta:

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir.

Til vara: Gunnar Páll Pálsson.

Sjómennska:

Sævar Gunnarsson.

Til vara: Hólmgeir Jónsson.

Raf- og tækniðnaður:

Rúnar Bachmann.

Til vara Valgeir Jónasson.

Málmiðnaður og vélstjórn, matvælaíðnaður og framreiðsla, bókaagerð:

Niels S. Olgeirsson.

Til vara: Vignir Eypórsson.

Störf verkafólks og sérhæfðra starfsmanna í öllum iðn- og starfsgreinum:

Sigurður Bessason.

Til vara: Már Guðnason.

Bílgreinar, byggingariðnaður, garðyrkja, málun, hársnyrting og aðrar iðngreinar sem falla undir iðnaðarlög og ekki hafa verið taldar upp hér að framan.

Halldór Jónasson.

Til vara: Hermann Guðmundsson.

Skipunartími: 1. nóvember 2010.

Félagsmálaskóli alþýðu

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands samþykkti á fundi sínum 23. apríl 2008 að Vilhjálmur Birgisson verði fulltrúi ASÍ í skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu og Hilmar Harðarson til vara.

Þá var samþykkt að fulltrúar Menningar- og fræðslusambands alþýðu – MFA – í skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu verði:

Aðalmenn:

Finnbjörn A. Hermannsson, Kolbeinn Gunnarsson, Stefán Ólafsson og Ingibjörg R. Guðmundsdóttir.

Varamenn:

Niels S. Olgeirsson, Aðalsteinn Baldursson, Vignir Eypórsson og Kristín M. Björnsdóttir.

Skipunartími: 1. október 2011.

Jafnréttisráð

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands ákvað á fundi sínum 10. júní 2009 að tilnefna Mariönnu Traustadóttur sem fulltrúa ASÍ í Jafnréttisráði og Ísleif Tómasson til vara til vara.

Skipunartími: Fram yfir næstu alþingiskosningar (2013).

Ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd

Að höfðu samráði við BSRB og BHM ákvað miðstjórn ASÍ á fundi sínum 25. ágúst 2004 að skipa Halldór Grönvold sem fulltrúa samtaka launafólks á Íslandi í ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd. Varamaður hans er Herdís Sveinsdóttir frá BHM.

Skipunartími: Ótilgreindur.

Ráðgjafarnefnd um almannatryggingalöggjöfina

Á fundi miðstjórnar ASÍ 10. október 2007 var samþykkt að tilnefna Gylfa Arnbjörnsson sem fulltrúa ASÍ í ráðgjafarnefnd um endurskoðun almannatryggingalöggjafarinnar og Þórunni Sveinbjörnsdóttur til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur.

Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins vegna samningsins um Evrópska efnahags-svæðið

Á fundi miðstjórnar ASÍ 2. júní 1993 var ákveðið að tilnefna Halldór Grönvold sem fulltrúa Alþýðusambands Íslands í samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins um EES. Varamaður er Magnús M. Norðdahl.

Skipunartími: Ótilgreindur.

Samstarfsnefnd um atvinnuréttindi útlendinga

Lögin mæla fyrir um að greiðslujöfnun skuli vera lántakendum að kostnaðarlausu. Það þýðir að ekki er heimilt að innheimta gjöld vegna skilmálabreytinga eða vegna þinglýsingar þeirra.

Hvað um gengistryggðu lánin

Greiðslujöfnun tekur ekki til gengistryggðra lána, einungis verðtryggðra. Sú aðferðafræði sem lögin um hana byggja á gæti þó vel hentað til þess að taka á vaxandi greiðslubyrði af þeim en um það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun.

Greiðsluerfiðleikar lántakenda Íbúðalánasjóðs

Íbúðalánasjóður hefur nokkur úrræði sem hægt er að grípa til þegar lántakendur hjá sjóðnum eru komnir í greiðsluerfiðleika. Í svokölluðum neyðarlögum nr. 125/2008 er sjóðnum veitt heimild til þess að kaupa eða endurfjármagna skuldabréf fjármálaþyrir-tækja sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði og er sú breyting felld inn í þá grein laganna sem fjallar um „Lánveitingar Íbúðalánasjóðs“. Stjórnvöld vinna að nánari útfærslu vegna hugsanlegrar yfirtöku þessara skuldabréfa en ekki hefur orðið að því ennþá. Hér á eftir er stuttlega gerð grein fyrir þeim fimm úrræðum sem Íbúðalánasjóður hefur til þess að mæta greiðsluerfiðleikum skuldara sinna. Jafnframt er unnið að lagabreytingum til þess að lengja megi í lánum í allt að 30 ár.

Helstu úrræði í boði

Íbúðalánasjóður hefur langa reynslu af því að mæta greiðsluerfiðleikum lántakenda sinna. Vegna þeirrar kreppu sem á hefur skolið hefur þeim verið fjölgað og heimildir sjóðsins auknar.

Samningar um greiðsludreifingu gjaldfallinna skulda

Skuldari hefur samband við Íbúðalánasjóð og gerir samning til að hámarki 18 mánaða. Innheimtuaðgerðir stöðvast sjálfkrafa við samninginn og miðað er við að skuldari greiði upp öll vanskil og áfallandi greiðslur á samningstímanum. Vanskilin greiðast mánaðarlega (greiðsludreifing). Ef ekki er staðið við samninginn fellur hann niður og innheimtuaðgerðir hefjast á ný. Tegundir þessara samninga eru þrjár og ráðast af því hvar vanskilinnheimta er stödd.

- Samningur um greiðsludreifingu fyrir greiðsluáskorun: Samið er um öll vanskil á samningsdegi og áfallandi greiðslur á samningstíma. Innheimtuaðgerðir stöðvast meðan staðið er við samninginn.
- Samningur um greiðsludreifingu eftir greiðsluáskorun: Greiða þarf gjalddaga sem eru að baki kröfu í greiðsluáskorun auk allra eldri gjalddaga og stöðvast þá innheimtuaðgerðir. M.ö.o. samningurinn tekur til allra vanskila á samningsdegi auk áfallandi gjalddaga á samningstíma. Innheimtukostnaður fyrir samningsgerð fellur ekki niður.
- Samningar um greiðsludreifingu eftir nauðungarsölubeiðni: Greiðslur koma eingöngu til greina og ekki eru gerðir samningar um annað. Til að Íbúðarlánasjóður afturkalli nauðungarsölubeiðni þarf að greiða a.m.k. 50% þess sem í vanskilum er. Skiptir ekki máli á hvaða stigi uppboðsmálið er en þó er fyrstu fyrirtöku ekki frestað.

Vanskilum skuldbreytt í nýtt lán til 5 – 15 ára

Skuldari snýr sér til síns viðskiptabanka eða sparisjóðs sem fer yfir umsóknina og gerir tillögu til Íbúðalánasjóðs um úrlausn. Skuldbreyting láns felst í því að breyta þeirri fjárhæð sem í vanskilum er í nýtt lán til allt að 5 – 15 ára. Skilyrði fyrir skuldbreytingu eru þessi:

1. Að greiðsluferfiðleikar stafi af óvæntum tímabundnum erfiðleikum vegna veikinda, slysa, minni atvinnu, atvinnuleysis eða af öðrum ófyrirséðum atvikum.
2. Að aðrir lánardrottinnar umsækjanda samþykki einnig að veita aðstoð vegna greiðsluferfiðleika ef þörf er talin á því.
3. Að greiðslubyrði umsækjanda samkvæmt greiðslumati sé umfram greiðslugetu.
4. Að greiðslubyrði umsækjanda eftir skuldbreytingu og/eða frestun á greiðslum og/eða lengingu lántíma rúmist innan greiðslugetu.

Ef ástæða greiðsluferfiðleika er tímabundin tekjulækkun skal í mati á greiðslugetu miða við tekjur umsækjanda áður en til tekjulækkunar kom. Skila þarf inn viðurkenndum fylgigögnum með umsókn um skuldbreytingu: Afrit af tveimur síðustu skattaskýrslum, afrit af launaseðlum síðustu þriggja mánaða, afrit gagna er veita upplýsingar um lífeyri, bætur, meðlög, barnabætur, húsaleigu og aðrar tekjur. Einnig skal skila inn afriti af síðasta greiðsluseðli allra lána umsækjanda, afriti af samningum við kröfuhafa og veðbókarvottorði.

Frestun á lánagreiðslum (frýsting) í allt að 3 ár

Skuldari snýr sér til síns banka, sparisjóðs eða Ráðgjafastofu heimilanna. Þessir aðilar koma umsókninni áfram til Íbúðalánasjóðs. Ekki er hægt að sækja beint um hjá Íbúðalánasjóði. Íbúðalánasjóði er í framhaldinu heimilt að veita einstaklingum frestun á lánagreiðslum í allt að 3 ár. Einnig er heimilt að fresta greiðslum afborgana af höfuðstól þannig að eingöngu séu greiddir vextir og verðbætur af vöxtum. Eigi umsækjandi í verulegum greiðsluvanda og sé hann kominn í þrot með fjármál sín eða mál telst að öðru leyti umfangsmikið að mati fjármálastofnunar visar hún umsókn til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Að lokinni könnun Ráðgjafarstofu á málinu gerir hún tillögu til Íbúðalánasjóðs og hlutaðeigandi fjármálastofnunar um úrlausn vandans. Skilyrði fyrir frestun greiðslna eru:

1. Að greiðsluferfiðleikar stafi af óvæntum tímabundnum erfiðleikum vegna veikinda, slysa, minni atvinnu, atvinnuleysis eða af öðrum ófyrirséðum atvikum.
2. Að aðrir lánardrottinnar umsækjanda samþykki einnig að veita aðstoð vegna greiðsluferfiðleika
3. Að greiðslubyrði umsækjanda samkvæmt greiðslumati sé umfram greiðslugetu
4. Að greiðslubyrði umsækjanda eftir skuldbreytingu og/eða frestun á greiðslum rúmist innan greiðslugetu
5. Að lán sé í skilum

Ef ástæða greiðsluferfiðleika er tímabundin tekjulækkun skal í mati á greiðslugetu miða við tekjur umsækjanda áður en til tekjulækkunar kom. Skila þarf inn viðurkenndum fylgigögnum með umsókn um skuldbreytingu en þau eru: Afrit af tveimur síðustu skattaskýrslum, afrit af launaseðlum síðustu þriggja mánaða, afrit gagna er veita upplýsingar um lífeyri, bætur, meðlög, barnabætur, húsaleigu og aðrar tekjur. Einnig skal skila inn afriti af síðast greiðsluseðli allra lána umsækjanda, afriti af samningum við kröfuhafa og veðbókarvottorði.

Frestun vegna sölutregðu eignar við kaup á annarri eign

Skuldari snýr sér beint til Íbúðalánasjóðs. Þeir sem hafa keypt fasteign en hefur ekki tekist að selja eign sem þeir eiga fyrir geta fengið frestun á greiðslu lána hjá Íbúðalánasjóði. Frestunin nær til annarrar eða beggja eigna aðila. Sama rétt eiga þeir sem eru að byggja. Frestur er veittur í eitt ár í senn og eru skilyrði fyrir frestuninni þessi:

1. Fasteign hafi verið keypt eftir 1. júlí 2007
2. Reynt hafi verið að selja aðra eignina
3. Fjárhæð láns/lána að lokinni frystingu fari ekki yfir 90% af kaupverði/söluverði.

Þegar lán hefur verið fryst þarf ekki að greiða fastar afborganir. Þegar frystingu er aflétt bætast vextir og verðbætur við höfuðstólinn og greiðslubyrði er umreiknuð. Í bréfi til Íbúðalánasjóðs skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- Ástæður þess að óskað er frýstingar á lánum, s.s. hvenær eign var keypt
- Nafn, kennitala og heimilisfang umsækjanda/umsækjenda
- Eign sem verið er að selja (heimilisfang og fastanúmer)
- Keypt eign (heimilisfang og fastanúmer)
- Lán (lánsnúmer) sem óskað er eftir frýstingu á.

Gögn sem skulu fylgja með eru: Söluþingrit frá fasteignasala, afrit af kaupsamningi nýrrar eignar/staðfesting á byggingarframkvæmdum, ef lán frá annarri lánastofnun hvílir á undan láni Íbúðalánasjóðs í veðröð þarf að fylgja nýjasti greiðsluseðill af því láni.

Lenging lána um allt að 15 ár

Skuldari snýr sér til síns banka, sparisjóðs eða Ráðgjafastofu heimilanna. Þessir aðilar koma umsókninni áfram til Íbúðarlánasjóðs. Ekki er hægt að sækja beint um hjá Íbúðalánasjóði. Eigi umsækjandi í verulegum greiðsluvanda og sé kominn í þrot með fjármál sín eða mál telst að öðru leyti umfangsmikið að mati fjármálastofnunar vísar hún umsókn til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Að lokinni könnun Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna á málinu gerir hún tillögu til Íbúðalánasjóðs og hlutaðeigandi fjármálastofnunar um úrlausn vandans. Íbúðalánasjóði er í framhaldinu heimilt að lengja upphaflegan lánstíma um allt að 15 ár þegar lántaki á í greiðsluferfiðleikum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þó má hámarkstími aldrei verða lengri en 55 ár. Skilyrði fyrir frestun greiðslna eru:

1. Að greiðsluferfiðleikar stafi af óvæntum tímabundnum erfiðleikum vegna veikinda, slysa, minni atvinnu, atvinnuleysis eða af öðrum ófyrirséðum atvikum.
2. Að aðrir lánardrottnar umsækjanda samþykki einnig að veita aðstoð vegna greiðsluferfiðleika
3. Að greiðslubyrði umsækjanda samkvæmt greiðslumati sé umfram greiðslugetu
4. Að greiðslubyrði umsækjanda eftir skuldbreytingu og/eða frestun á greiðslum rúmist innan greiðslugetu
5. Að lán sé í skilum

Ef ástæða greiðsluferfiðleika er tímabundin tekjulækkun skal í mati á greiðslugetu miðað við tekjur umsækjanda áður en til tekjulækkunar kom. Skila þarf inn viðurkenndum fylgigögnum með umsókn um skuldbreytingu: Afrit af tveimur síðustu skattaskýrslum staðfestum að viðkomandi skattayfirvöldum eða löggiltum endurskoðenda, afrit af launaseðlum síðustu þriggja mánaða, afrit gagna er veita upplýsingar um lífeyri, bætur, meðlög, barnabætur, húsaleigu og aðrar tekjur. Einnig skal skila inn afriti af síðasta greiðsluseðli allra lána umsækjanda, afriti af samningum við kröfuhafa og veðbókarvottorði.

Nánari upplýsingar o.fl.

Í grænu símanúmeri félagsmálaráðuneytisins, **800-1190** má nálgast ýmsar upplýsingar er varða stöðu einstaklinga gagnvart Íbúðalánasjóði, bönkum og lánastofnunum. Símtölin eru endurgjaldslaus og þaðan má fá beint samband við velferðarstofnanir sem veita upplýsingar vegna: Húsnæðislána, greiðsluferfiðleika, tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta auk atvinnuleitar og atvinnuleysis. Til stendur að skoða þessi mál enn frekar á næstu vikum að sögn félagsmálaráðuneytisins og munu nýjar upplýsingar verða settar hér um leið og þær eru staðfestar af stjórnvöldum.

Gagnlegar slóðir og heimildir:

Íbúðalánasjóður / greiðsluferfiðleikar

Þjónustunet félagsmálaráðuneytisins

Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna

Lög nr. 44/1998 um húsnæðismál

Reglugerð nr. 584/2001 um úrræði til að bregðast við greiðsluvanda vegna lána Íbúðalánasjóðs.

Greiðsluferfiðleikar lántakenda lífeyrissjóðanna

Landssamtök lífeyrissjóða hafa gefið út samræmd tilmæli til aðildarsjóða sinna um það hvernig koma megi til móts við lántakendur í greiðsluferfiðleikum með lífeyrissjóðslán sín. Flestir sjóðanna hafa heimasíður sem geyma leiðbeiningar og upplýsingar til sjóðfélaga og þær síður er að finna HÉR.

Helstu úrræði í boði

Því er beint til sjóðanna að þeir beiti m.a. eftirfarandi úrræðum:

Frysting lána

Þjóði upp á 6-12 mánaða „frystingu“ lífeyrissjóðslána þ.e. tímabundna ívilnum með breytingu á lánaskilmálum.

Skilmálabreyting

Þeir verði áfram sveigjanlegir gagnvart þeim sem lenda í greiðsluferfiðleikum og bjóði upp á breytta lánaskilmála hér eftir sem hingað til. Í því getur falist:

- Að vanskil verði lögð við höfuðstól.
- Lánstími verði lengdur í allt að 40 ár frá útgáfu skuldabréfsins.
- Gjaldþögum verði fækkað eða fjölgað (sumir lífeyrissjóðir leyfa ekki færri en fjóra gjaldþögum á ári en aðrir leyfa allt niður í tvo gjaldþögum á ári).
- Veittur verði greiðslufrestir (innheimtuáðgerðir frestast en dráttarvextir falla á skuld sem gjaldfellur).
- Heimiluð verði tímabundin skipting vaxta- og höfuðstólsgreiðslna. Taka ber þó fram að sumir lífeyrissjóðir hafa hingað til ekki heimilað þetta.

Öll þessi úrræði eru þess eðlis að útbúa þarf skilmálabreytingu og þinglýsa henni. Samþykki síðari veðhafa er krafist ef skilmálabreyting getur haft áhrif á rétt hans. Stimpilgjald fellur aðeins á þegar vanskil eru lögð við höfuðstól. Ef fallist er á að leggja vanskil við höfuðstól þarf að gæta að veðmörkum þannig að reynt sé að virða 65-75% veðmörk. Þetta þarf að hafa í huga þegar verið er að veita greiðslufresti og vanskil safnast upp.

Samráð við Ráðgjafastofu

Landssamtökin leggja til, að lífeyrissjóðirnir taki upp nánara samstarf við Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna og beini því til sjóðfélaga í greiðsluvandræðum að leita til hennar eftir aðstoð til að fá heildstæða mynd af stöðu sinni og hvað sé til ráða.

Miðlun upplýsinga og leiðbeiningar

Því er beit til sjóðanna að þeir auki upplýsingamiðlun gagnvart þeim sem lenda í vanskilum eða eru sjálfir að kanna möguleika sína til að komast hjá vanskilum. Það megi gera með því að

- birta aðgengilegar upplýsingar og skýringar á heimasíðu lífeyrissjóða þar sem gerð er grein fyrir mismunandi skilmálabreytingum.
- efla reiknivélur á heimasíðum sjóðanna þannig að fólk geti metið betur hvaða áhrif skilmálabreyting hefur á greiðslufæði skuldabréfs í framtíðinni.
- Að þeir horfi til stærri hóps en þess sem þegar er kominn í verulegan greiðsluvanda.

Hverjir skuli einkum eiga rétt á aðstoð

Eins og fyrr segir er um tilmæli að ræða frá Landssamtökum lífeyrissjóða en sá hópur sem sérstakur starfshópur á vegum samtakanna telur að ætti einkum að eiga rétt á aðstoð er eftirfarandi:

- Þeir sem sjá fram á mikla kjaraskerðingu, til dæmis vegna atvinnuleysis eða tekjusamdráttar fjölskyldunnar. Tekjusamdrátturinn getur verið tímabundinn eða varanlegur.
- Eru þegar komnir í greiðsluvanda, til dæmis vegna þess að afborganir gjaldþrengslána hækka gríðarlega mikið.
- Sitja uppi með tvær fasteignir og há lán vegna þess.
- Eru komnir í verulegan greiðsluvanda. Þetta á til dæmis við um þá sem hafa ítrekað lent í vanskilum síðustu misserin en sjá að við breyttar efnahagsaðstæður geta þeir ekki lengur unnið úr vandanum án utanaðkomandi áðgerða og aðstoðar.
- Þeir sem missa húsnæðið á nauðungarsölu en rétt var á vettvangi starfshópsins hvort

lífeyrissjóðir ættu að leita eftir heimild til að leigja fólki í slíkri stöðu húsnæðið þannig að heimilishaldinu yrði sem minnst raskað. Slík heimild er ekki til staðar nú.

Rekstrarerfiðleikar, atvinnuleysi og réttarstaða launafólks

Nóvember 2008 (7.útgáfa/23.12.2008)

Inngangur

Vaxandi erfiðleikar í íslensku efnahagslífi og ágeng umræða um rekstrarerfiðleika og gjaldþrot fyrirtækja hefur leitt til þess að fjöldi launafólks óttast nú um stöðu sína. Þá liggur fyrir að mörg fyrirtæki hafa að undanfögnu verið að segja upp starfsfólki auk þess sem nokkuð hefur verið um stórar hópuppsagnir. Gera má því ráð fyrir auknu álagi á starfsmenn stéttarfélaga við ráðgjöf og meðferð mála sem tengjast uppsögnum eða gjaldþrotum fyrirtækja og atvinnumissi. Þessu upplýsingariti er ætlað að veita þeim og öðrum upplýsingar á einum stað um þær reglur sem gilda um uppsagnir einstaklinga og hópa, stöðu launafólks við aðilaskipti að fyrirtækjum og við gjaldþrot. Jafnframt er fjallað um atvinnuleysisbætur, atvinnuleit og endurmenntun. Ekki er um að ræða tæmandi umfjöllun og því mikilvægt að hafa það í huga og leita sér ítarlegri upplýsinga eftir því sem við á. Frekari upplýsinga er einnig að leita á vinnuréttarvef ASÍ og á upplýsingavef félagsmálaráðuneytisins.

Uppsögn ráðningarsamnings

Fram til þess er kjarasamningar á almennum vinnumarkaði voru endurnýjaðir í upphafi ársins 2008, giltu tiltölulega einfaldar reglur um uppsagnir ráðningarsamninga. Meginreglan var og er ennþá sú, að uppsagnarfrestir eru gagnkvæmir og allar uppsagnir skulu gerðar skriflega. Með kjarasamningum í febrúar 2008 var reglum um framkvæmd uppsagna af hálfu atvinnurekanda hins vegar breytt og á starfsmaður nú rétt á viðtali við atvinnurekanda um ástæður uppsagnar, óski hann þess.

Alltaf ber að hafa í huga að mikilvæg réttindi tengd uppsögnum geta glatast ef þess er ekki gætt að kvarta formlega og sannanlega til atvinnurekanda telji starfsmaður að á sér hafi verið brotið.

Loks ber að taka fram, að sömu reglur gilda hvort sem um er að ræða uppsögn starfsaðilum innan sömu starfsgreinar er fresturinn 1 mánuður enda hafi uppsagnir hjá fyrri atvinnurekendum borið að með lögmætum hætti þ.e. starfsmaður hefur ekki hlaupist fyrirvaralaust úr starfi eða verið sagt upp án fyrirvara vegna alvarlegra brota í starfi. Eftir 3 ára starf hjá sama atvinnurekanda er uppsagnarfrestur 2 mánuðir en 3 mánuðir eftir 5 ára samfelldu starfi. Í framangreindum tilfellum skal uppsagnarfrestur miðast við mánaðarmót.

Uppsagnarfrestir

Lágmarksuppsagnarfrestir eru tilgreindir í lögum nr. 19/1979. Eftir eins árs starf hjá aðilum innan sömu starfsgreinar er fresturinn 1 mánuður enda hafi uppsagnir hjá fyrri atvinnurekendum borið að með lögmætum hætti þ.e. starfsmaður hefur ekki hlaupist fyrirvaralaust úr starfi eða verið sagt upp án fyrirvara vegna alvarlegra brota í starfi. Eftir 3 ára starf hjá sama atvinnurekanda er uppsagnarfrestur 2 mánuðir en 3 mánuðir eftir 5 ára samfelldu starfi. Í framangreindum tilfellum skal uppsagnarfrestur miðast við mánaðarmót.

Kjarasamningar bæta talsvert við þennan lágmarksrétt og þar sem nánast öll störf hér á landi eru unnin skv. kjarasamningum fer um uppsagnir í nánast öllum tilvikum skv.

kjarasamningum á viðkomandi samningssviði. Það er því mikilvægt að starfsmenn kanni rétt sinn til uppsagnarfrests samkvæmt þeim kjarasamningi sem gildir um starf hans. Auðvelt er að nálgast flesta kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ á vef ASÍ sem vísar áfram á vefi landssambandanna.

Form og framkvæmd uppsagnar

Þó svo að uppsagnarfrestir geti verið mismunandi gilda sömu reglur um form og framkvæmd uppsagna.

- Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur þ.e. sami uppsagnarfrestur á við um uppsögn af hálfu starfsmanns og atvinnurekanda.
- Allar uppsagnir skulu vera skriflegar og gerðar á sama tungumáli og ráðningarsamningur starfsmanns. Samkvæmt dómaframkvæmd telst munnleg uppsögn geta verið lögmæt, takist atvinnurekanda að sanna að hún hafi komist til vitundar starfsmanns. Líkur á því að slíkar uppsagnir teljist lögmætar hafa hins vegar farið minnkandi.
- Starfsmaður á rétt á viðtali um starfslok sín og ástæður uppsagnar. Beiðni um viðtal skal koma fram innan fjögurra sólarhringa frá því uppsögn er móttækin og skal viðtal fara fram innan fjögurra sólarhringa þar frá.
- Starfsmaður getur óskað þess þegar að loknu viðtali eða innan fjögurra sólarhringa að ástæður uppsagnar séu skýrðar skriflega. Fallist atvinnurekandi á þá ósk hans, skal við því orðið innan fjögurra sólarhringa þar frá.
- Fallist atvinnurekandi ekki á ósk starfsmanns um skriflegar skýringar, á starfsmaður innan fjögurra sólarhringa rétt á öðrum fundi með vinnuveitanda um ástæður uppsagnar að viðstöddum trúnaðarmanni sínum eða öðrum fulltrúa stéttarfélags síns ef starfsmaður óskar þess.

Ofangreindar reglur eru nýjar á almennum vinnumarkaði og sökum þess hve frestir skv. þeim eru stuttir er nauðsynlegt að bregðast hratt við, þegar í kjölfar uppsagnar. Reglurnar gera ráð fyrir því að uppsagnir séu skriflegar og telja verður að minnkandi líkur séu á því að munnlegar uppsagnir verði teknar gildar þar sem mikilvæg réttindi fylgja því nú að uppsögn komi réttilega og sannanlega fram.

Takmörkun á uppsagnarheimildum

Viða í lögum er að finna ákvæði sem veita tilteknum hópum starfsmanna sérstaka vernd. Þetta á t.d. við um trúnaðarmenn og öryggistrúnaðarmenn, barnshafandi konur, foreldra í fæðingar- og foreldraorlofi eða sem tilkynnt hafa um töku fæðingar- og foreldraorlofs og starfsmenn sem bera fjölskylduábyrgð. Við uppsagnir ber einnig að gæta ákvæða 4. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur um bann við því að atvinnurekendur reyni að hafa áhrif á aðild og afstöðu starfsmanna til stéttarfélaga, vinnudeilna eða stjórn-málastarfs. Einnig ber atvinnurekendum við uppsagnir að hyggja sérstaklega að lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna, lögum um starfsmenn í hlutastarfi, lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum og samráðsskyldu laga um hópuppsagnir.

Þegar starfsmaður nýtur uppsagnarverndar skv. lögum, ber atvinnurekanda að rök-styðja skriflega hvaða ástæður liggja að baki uppsögn og skal hafið yfir eðlilegan vafa að uppsögnin tengist þeim aðstæðum sem verndin nær til. Starfsmenn í slíkri stöðu eiga

þennan rétt óháð því hvort þeir óski eftir viðtali um starfslok sín eða ekki.

Uppgjör launa við starfslok

Beri uppsögn að með eðlilegum hætti heldur starfsmaður áfram störfum þar til uppsagnarfresti er lokið og fær við starfslok uppgert áunnið orlof ásamt hlutfall af orlofsuppbót og desemberuppbót skv. nánari ákvæðum kjarasamninga. Hafi orlof hins vegar verið lagt reglulega inn á orlofsreikning starfsmannsins á sú greiðsla ekki að koma til útborgunar fyrir en við upphaf næsta orlofsárs. Frá þessari reglu hafa tíðkast undantekningar vegna námsmanna, atvinnuleysis og flutnings af landi brott.

Beri uppsögn ekki að með eðlilegum hætti af hálfu atvinnurekanda getur hann orðið bótaskyldur skv. almennum reglum skaðabótaréttarins. Í því felst að launamaður á að verða eins settur eftir ólögmeta uppsögn eins og hann hefði verið ef uppsögn hefði komið löglega fram. Séu uppsagnarfrestir t.d. ekki virtir á launamaður a.m.k. rétt að bótum sem nema andvirði þeirra launa sem hann hefði unnið sér inn hjá atvinnurekanda á uppsagnartímanum. Erfiðara um vik er að meta skaðabætur vegna uppsagna sem ekki eru formlega rétt framkvæmdar. Í kjarasamningi ASÍ og SA frá í febrúar 2008 segir að „Brot gegn ákvæðum þessa kaffa geta varðað bótum skv. almennum reglum skaðabótaréttarins.“ Þetta á við um öll brot þ.e. uppsagnarfrestina og formreglurnar. Ætla verður að dómstólar muni meta skaðabætur vegna þessa í hverju tilviki fyrir sig.

Sú meginregla gildir, að þeim sem verður fyrir tjóni ber skylda til þess að takmarka tjón sitt eins og hægt er. Starfsmanni sem sagt er upp án uppsagnarfrests ber því t.d. að leita eftir nýju starfi og getur ekki hafnað tilboði um sambærilegt starf og hann áður gegndi. Í einhverjum tilvikum getur starfsmönnum einnig verið sagt upp og þeim tjáð að þeir þurfi ekki að vinna uppsagnarfrest sinn. Mikilvægt að slík loforð séu formlega staðfest af hálfu atvinnurekanda og það tryggt að uppsagnarfrestur verði greiddur óháð því hvort starfsmaður taki nýju starfi á uppsagnarfrestinum.

Hópuppsagnir

Með lögum um hópuppsagnir nr. 63/2000 er lögð sérstök upplýsinga- og samráðsskylda á fyrirtæki sem áforma uppsagnir á fjölda starfsmanna á stuttu tímabili. Megintilgangur laganna er sá að skapa grundvöll að viðræðum milli trúnaðarmanna starfsmanna og atvinnurekanda um leiðir til að forða því að áform atvinnurekanda um hópuppsögn komi til framkvæmda eða a.m.k. að fækka starfsmönnum sem fyrir þeim verða. Þeim ber sömuleiðis að ræða hvernig draga megi úr afleiðingum uppsagna m.a. að auðvelda atvinnuleit manna, starfsþjálfun, o.s.frv. Ákvæði laganna gilda án tillits til þess hvort ákvörðun um hópuppsagnir er tekin af atvinnurekanda sjálfum eða fyrirtæki sem er í ráðandi aðstöðu gagnvart honum.

Hvað telst vera hópuppsögn

Lög um hópuppsagnir gilda um uppsagnir atvinnurekanda á starfsmönnum af ástæðum sem ekki tengjast hverjum einstökum þeirra.

Skilyrði er að fjöldi starfsmanna sem atvinnurekandi segir upp á 30 daga tímabili sé: a. a.m.k. 10 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa fleiri en 20 og færri en 100 starfsmenn í vinnu. Í kjarasamningnum aðildarsamtaka ASÍ eru mörkin lægri að þessu leyti og miðað við fyrirtæki með 16 til 100 starfsmenn.

- b. a.m.k. 10% starfsmanna í fyrirtækjum sem venjulega hafa hið minnsta 100 starfsmenn en færri en 300 starfsmenn í vinnu,
- c. a.m.k. 30 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa 300 starfsmenn eða fleiri í vinnu.

Upplýsingar til trúnaðarmanna

Forsenda þess að viðræður trúnaðarmanna starfsmanna og atvinnurekanda skili árangri er að trúnaðarmenn fái með góðum fyrirvara upplýsingar um fyrirhugaðar uppsagnir og séu vel upplýstir um umfang þeirra og ástæður. Í lögnum er því kveðið á um að atvinnurekandi skuli láta trúnaðarmönnum í té:

- a. allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugaðar uppsagnir og
- b. að minnsta kosti tilgreina skriflega:

• ástæður fyrirhugaðra uppsagna

Lögin skilgreina ekki sérstaklega þær ástæður sem þurfa að vera fyrir hendi til að hópuþpsögn teljist lögmæt. Ástæðurnar geta því verið af ýmsu tagi, s.s. áföll í rekstri, neikvæð almenn rekstrarskilyrði, kröfur hluthafa um meiri arð, o.s.frv., og skoðanir aðila sömuleiðis ólíkar á því hvort þær ástæður kalli í raun á uppsagnir starfsmanna. Það ber engu að síður að upplýsa trúnaðarmenn starfsmanna um þessar ástæður en þær upplýsingar ásamt öðrum mynda þann grunn sem trúnaðarmenn byggja á þegar þeir fara í viðræður við fulltrúa atvinnurekandans.

• fjöldi starfsmanna sem til stendur að segja upp og hvaða störfum þeir gegna

Veita skal upplýsingar um fjölda starfsmanna sem til stendur að segja upp. Með hliðsjón af tilgangi laganna má atvinnurekandi ekki, þegar hann lætur í té þessar upplýsingar, vera búinn að taka endanlega ákvörðun um fjölda þeirra starfsmanna sem hann áformar að segja upp eða hvaða einstaklingum hann hyggst segja upp. Atvinnurekandi verður hins vegar að greina frá því um hvaða störf er að ræða í meginatriðum.

• hve margir eru að jafnaði í vinnu og hvers konar störfum þeir gegna

Upplýsingar um hve margi starfa hjá viðkomandi fyrirtæki þurfa að liggja fyrir auk upplýsinga um helstu störf sem unnin er á vegum þess.

• á hvaða tímabili fyrirhugaðar uppsagnir eiga að koma til framkvæmda

Atvinnurekandi verður, að teknu tilliti til ákvæða um uppsagnarfresti starfsmanna, hvort sem þeir byggjast á kjarasamningi, ráðningarsamningi eða eftir atvikum lágmark-sákvæðum laga nr. 17/1979, að tilgreina hvenær uppsögn starfsmanna tekur gildi, þ.e. við hvaða dag uppsagnarfrestur þeirra miðast.

• viðmiðanir sem til stendur að nota við val á starfsmönnum sem segja á upp

Atvinnurekandi verður að upplýsa um það hvaða viðmiðanir hann hyggst nota við val á þeim starfsmönnum sem segja þarf upp. Það er eðlilegt að trúnaðarmenn starfsmanna fari fram að viðmiðanir atvinnurekandi byggji á hlutlægum mælikvörðum s.s. starfsaldri og/eða formlegu mati á árangri í starfi. Þá verður atvinnurekandi að gæta þess að viðmiðanir hans fari ekki í bága við ákvæði jafnréttislaga, laga sem banna mismunun launafólks

á grundvelli þjóðernis, sbr. 1. gr. starfskjaralaga nr. 55/1980 og 7. gr. laga 47/1993 um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

• **upplýsingar um sérstakar greiðslur til starfsmanna vegna uppsagna áðrar en þær sem kveðið er á um í lögum eða kjarasamningum og hvernig þessar greiðslur eru reiknaðar.**

Á við ef atvinnurekanda ber skv. ráðningarsamningi/kjarasamningi að greiða starfsmönnum sérstakar starfslokagreiðslur.

Samráð við trúnaðarmenn

Eins og áður segir gegna upplýsingar atvinnurekanda því hlutverki að gefa trúnaðarmönnum starfsmanna tækifæri til að setja sig inn í málið, glöggva sig á ástæðum uppsagnanna o.s.frv. og undirbúa sig undir viðræður við atvinnurekandann. Samkvæmt lögnum er samráð skilgreint sem skylda atvinnurekanda til að kynna og ræða við fulltrúa starfsmanna, um áformin, rökstyðja þau og gefa þeim kost á að koma sjónarmiðum sínum og tillögum á framfæri áður en endanleg ákvörðun er tekin af atvinnurekanda.

Viðræður aðila geta leitt til þeirrar niðurstöðu að færri verði fyrir uppsögn, uppsögnum er frestað um einhverjar vikur/mánuði, ráðningarsamningum er breytt með samþykki hlutaðeigandi starfsmanna, s.s. með breytingu á starfshlutfalli, starfsmenn eru færðir til í starfi, o.s.frv. Niðurstaðan úr þessum viðræðum getur einnig verið að ekki finnast leiðir til að breyta áformum atvinnurekandans að neinu leyti með þeim áhrifum að uppsagnirnar koma til framkvæmda og innan þess tímaramma sem hann hafði ráðgert. Við þær aðstæður verður engu að síður að ræða hvaða möguleikar eru í stöðunni fyrir viðkomandi starfsmanna hvað varðar atvinnuleit og ný störf. Í öllu falli er nauðsynlegt að fulltrúar starfsmanna og atvinnurekanda komi að þessum viðræðum með það fyrir augum að veita allar nauðsynlegar upplýsingar og ræði sömuleiðis hreinskilningslega þá kosti sem eru í stöðunni, bæði hvað varðar forsendur og tímasetningu uppsagna og þá sömuleiðis hvernig fyrirtækið geti í samstarfi við stéttarfélög starfsmanna unnið að því að aðstoða þá starfsmenn sem segja á upp.

Undanþágur frá gildissviði

Lögin gilda ekki um:

- Lok tímabundinna/verkefnabundinna ráðningarsamninga.
- Sjómenn á fiskiskipum, flutningaskipum eða öðrum hafskipum falla ekki undir lögin. Starfsmenn útgerðar í landi falla hins vegar undir lögin.
- Starfslok þegar starfsemi fyrirtækis stöðvast vegna dómsúrskurðar. Um takmarkaða undanþágu er að ræða, þ.e. hún gildir aðeins gagnvart þeirri reglu að uppsagnir starfsmanna taki ekki gildi fyrr en 30 dögum eftir að þær eru tilkynntar vinnumiðlun annars vegar og að atvinnurekandi þurfi ekki að tilkynna Vinnumálastofnun um hóp- uppsagnirnar, nema hún óski eftir því sjálf.

Tilkynning til Vinnumálastofnunar

Tilkynna ber um hópuppsagnir til Vinnumálastofnunar. Í tilkynningunni skulu koma fram allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugaðar hópuppsagnir og um samráð atvinnurekanda og trúnaðarmanna, einkum ástæður uppsagnanna, hve mörgum starfsmönnum stendur til að segja upp, hve margir starfsmenn eru að jafnaði í vinnu og á hvaða tímabili

uppsagnirnar eiga að taka gildi. Atvinnurekandi skal koma afriti af tilkynningu til fulltrúa starfsmanna. Trúnaðarmaður eða fulltrúi starfsmanna getur komið á framfæri öllum athugasemdum starfsmanna við Vinnumálastofnun. Tilkynningin er send þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar í því umdæmi þar sem fyrirtækið er með starfstöð og uppsagnir koma til framkvæmda.

Aðilaskipti að fyrirtækjum

Lög um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum nr. 72/2002 hafa það að markmiði að vernda réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum eða hluta þeirra og tryggja að atvinnurekandi veiti starfsmönnum upplýsingar um ástæður og áhrif aðilaskiptanna á stöðu þeirra.

Gildisvið laganna

Undir löginn falla fyrirtæki á almennum markaði sem og fyrirtæki og stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga þ.m.t. heilbrigðisstofnanir, skólar og aðrar þjónustustofnanir. Eignarhald eða rekstrarform fyrirtækja skiptir ekki máli í þessu sambandi. Löginn gilda þó ekki um breytingar á skipulagi og starfsháttum stjórnvalds eða tilfærslu á verkefnum milli stjórnvalda. Sjómenn falla ekki undir gildisvið laganna. Starfsmenn útgerðaraðila í landi falla hins vegar undir löginn. Aðilaskipti að fyrirtæki sem hefur verið úrskurðað gjaldþrota fellur ekki undir löginn. Ef aðilaskiptin eiga sér hins vegar stað áður en fyrirtæki er úrskurðað gjaldþrota þá njóta starfsmenn réttar samkvæmt lögnum.

Samkvæmt neyðarlögnum sem sett voru í byrjun október 2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, o.fl. er veitt heimild til þess að löginn um aðilaskipti að fyrirtækjum **gildi ekki** um yfirtöku fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta samkvæmt neyðarlögnum. Skv. yfirlýsingum ráðamanna er ætlunin sú að heimildinni verði einungis beitt hvað varðar svokölluð „ofurlaun“ og önnur „ofurkjör“.

Aðilaskipti og fyrirtæki

Löginn fjalla um réttarstöðu starfsmanna við (1) aðilaskipti að (2) fyrirtæki eða hluta fyrirtækis. Í lögnum er þessum tveimur atriðum slegið saman með eftirfarandi skilgreiningu: „Aðilaskipti eru aðilaskipti á efnahagslegri einingu sem heldur einkennum sínum, þ.e. skipulagðri heild verðmæta sem notað verður í efnahagslegum tilgangi, hvort sem um er að ræða aðal- eða stoðstarfsemi.“

• Hugtakið aðilaskipti

Aðilaskipti í skilningi laganna vísa til þess þegar ábyrgð á rekstri fyrirtækis eða hluta fyrirtækis flyst á grundvelli framsals eða samruna frá einum einstaklingi/lögaðila til annars einstaklings/lögaðila.

Framsal getur farið fram á grundvelli:

- kaupsamnings,
- leigusamnings
- eða annars konar samnings eða ákvörðunar sem felur í sér framsal á rekstri frá einum einstaklingi / lögaðila til annars einstaklings / lögaðila.

Lögin hafa hvað þetta atriði varðar verið túlkuð mjög rúmt. Það hefur þannig ekki verið talið skilyrði að samningurinn sem framsalið byggist á sé milli þess aðila sem bar ábyrgð sem atvinnurekandi á viðkomandi atvinnurekstri og þess aðila sem við honum tekur.

Aðilaskipti geta einnig orðið fyrir samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja. Samruni fyrirtækja getur falist í því að stofnað er nýtt fyrirtæki (nýr lögaðili) með framlagi á eignum og skuldum tveggja eða fleiri fyrirtækja. Samruni fyrirtækja getur einnig byggst á því að eignir og skuldir eins eða fleiri fyrirtækja eru færðar yfir í annað fyrirtæki (samruni með yfirtöku) og rekstrinum haldið áfram undir formerkjum þess síðara.

Skilyrði laganna að um aðilaskipti sé að ræða hefur verið túlkað á þann veg að sala eignarhluta/hlutabréfa í fyrirtækjum, s.s. hlutafélögum, einkahlutafélögum eða sameignarfélagum, beri ekki að flokka sem aðilaskipti í skilningi laganna. Skýringin er sú að fyrirtækið sem um ræðir tekur engum breytingum í skilningi laganna.

• Fyrirtæki eða hluti fyrirtækis

Hugtakið fyrirtæki er samkvæmt lögnum skilgreint sem „[skipulögð] heild verðmæta sem notuð verður í efnahagslegum tilgangi, hvort sem um er að ræða aðal- eða stoðstarfsemi.“ Það er sömuleiðis skilyrði að hin efnahagslega eining haldi einkennum sínum við aðilaskiptin.

Þetta atriðið verður helst tilefni ágreinings milli stéttarfélaganna og atvinnurekanda enda ráðast skyldur hans gagnvart starfsmönnum af því hvort „heimfæra“ megi tiltekna breytingar á eignarhaldi/umráðum tiltekins atvinnurekstrar eða hluta hans undir þessa skilgreiningu laganna.

Við túlkun hugtaksins má hafa hliðsjón af skýringum í greinargerð með lögnum en þar er m.a. vitnað til dóma sem hafa fallið hjá Evrópudómstólnum um tilskipun Evrópusambandsins um sama efni:

„Í máli C-24/85 (Speijkers) hafði Evrópudómstóllinn talið að meginviðmiðið til að ákvarða hvort um væri að ræða aðilaskipti í skilningi tilskipunarinnar væri hvort fyrirtækið héldi einkennum (e. identity) sínum. [...] Þar á meðal þarf að líta til þess um hvaða tegund fyrirtækis er að ræða. Einnig getur skipt máli hvort áþreifanleg verðmæti séu framseld, svo sem fasteignir eða lausafé, og hvert sé verðmæti óhlutbundinna verðmæta þegar aðilaskipti fara fram. Jafnframt er lítið til þess hvort meirihluti starfsmanna flyst til hins nýja vinnuveitanda og hvort framsalshafi heldur viðskiptavinum framseljanda. Sá tími, ef svo ber undir, sem rekstur fyrirtækis liggur niðri eftir að aðilaskipti hafa átt sér stað þar til hann hefst að nýju getur einnig haft áhrif á mat dómstóla um hvort aðilaskiptin teljist eiga undir tilskipunina, sem og að hve miklu leyti reksturinn er sambærilegur fyrir og eftir aðilaskiptin. Dómstóllinn tók jafnframt fram að líta skyldi heildstætt á framangreind atriði en ekki hvert þeirra eitt og sér. Ljóst er að slík ákvörðun getur verið nokkuð matskennd en þessar leiðbeiningar hafa verið staðfestar í síðari dómum Evrópudómstólsins.“

Í Hæstarétti hafa verið kveðnir upp nokkur dómur í málum sem varðar túlkun laganna um þetta atriði, sbr. hrd. 222/2006 og hrd. 289/2005.

Hvaða starfsmenn falla undir lögin

Lögin ná til þeirra starfsmanna sem eru í ráðningarsambandi þegar aðilaskiptin eiga sér stað. Hér er nánar tiltekið átt við þá sem eru í starfi þegar aðilaskiptin eiga sér stað, þeir sem eru í ráðningarsambandi en frá vinnu vegna töku fæðingar- eða foreldraorlofs, í

launalaus leyfi, í orlofi, frá vegna veikinda eða slyss o.s.frv. Stjórnendur falla undir lögin líkt og aðrir starfsmenn í ráðningarsambandi hjá viðkomandi fyrirtæki. Við yfirtöku/samruna fyrirtækja o.s.frv. eru hins vegar meiri líkur á því að þeim sé sagt upp með vísan til efnahagslegra, tæknilegra eða skipulagslegra ástæðna.

Upplýsingar til starfsmanna

Atvinnurekanda er skylt gefa trúnaðarmönnum starfsmanna upplýsingar um eftirfarandi atriði:

- dagsetningu aðilaskiptanna eða fyrirhugaða dagsetningu þeirra,
- ástæður sem liggja til grundvallar aðilaskiptum,
- lagaleg, efnahagsleg og félagsleg áhrif aðilaskiptanna fyrir starfsmenn, og
- hvort ráðstafanir séu fyrirhugaðar vegna starfsmanna.

Upplýsingar skulu veittar með góðum fyrirvara áður en aðilaskiptin koma til framkvæmda. Samkvæmt lögunum ber þeim aðila sem tekur við rekstrinum í skilningi lagan- na sömuleiðis að upplýsa eigið starfslið um þær breytingar sem yfirtakan mun hafa í för með sér.

Starfskjör og yfirfærsla réttinda

Samkvæmt lögunum ber nýjum rekstraraðila að virða launakjör og starfsskilyrði starfsmanna samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir fyrri atvinnurekandann. Honum er sömuleiðis skylt ef svo ber undir að virða betri launakjör starfsmanna samkvæmt ráðningarsamningi (munnlegum/skriflegum) þeirra og fyrri atvinnurekanda.

Lögin standa m.ö.o. vörð um kröfu starfsmanna um að starfskjör þeirra taki ekki breytingum við aðilaskiptin og skiptir ekki máli í því sambandi hvort starfskjörin eru bundin kjarasamningi eða ráðningarsamningi viðkomandi starfsmanna.

Lögin tryggja einnig áunnin réttindi starfsmanna sem byggja á starfstíma, þ.m.t.:

- Orlofsréttindi,
- Rétt til launa í veikindum/slysum og
- Uppsagnarfrest.

Atvinnurekanda er þrátt fyrir ákvæði laganna heimilt að gera breytingar á starfsskilyrðum og launakjörum starfsmanna njóti hann almennt heimildar til þess samkvæmt kjarasamningi, sbr. t.d. ákvæði þeirra um upptöku vaktavinnu, o.s.frv. Þá geta aðrar breytingar á ráðningarkjörum starfsmanna komið til framkvæmda síðar þegar frá liður aðilaskiptunum og gilda almennar reglur kjarasamninga um form og framkvæmd slíkra breytinga. Slíkar breytingar geta m.a. komið til þegar aðilaskiptin kalla á að ráðningarkjör, vinnutími tveggja eða fleiri starfshópa séu samræmd.

Uppsagnarréttur atvinnurekanda takmarkaður

Samkvæmt lögunum eru ákveðnar skorður lagðar við uppsagnarrétti atvinnurekanda. Þannig segir að atvinnurekanda sé óheimilt að segja upp starfsmönnum við þessar aðstæður, nema hann færi rök fyrir því að efnahagslegar, tæknilegar eða skipulagslegar ástæður búi þar að baki, enda hafi þær ástæður í för með sér breytingar á starfsmannahaldi fyrirtækisins.

Gjaldprot fyrirtækja – Ábyrgðasjóður launa

Kröfur starfsmanna vegna vangoldinna launa njóta forgangs umfram aðrar kröfur við úthlutun á eignum úr þrotabúi gjaldþrota fyrirtækja. Kröfur launamanna njóta sömuleiðis ábyrgðar samkvæmt lögum um Ábyrgðasjóð launa. Sú ábyrgð kemur til í þeim tilvikum þegar eignir eru ekki fyrir hendi í þrotabúinu til að greiða kröfur þeirra. Þar sem þrotabúi fyrirtækja eru að jafnaði eignalaus eru kröfur starfsmanna nær undantekningarlaust greiddar úr Ábyrgðasjóði launa.

Úrskurður um gjaldprotaskipti og hlutverk skiptastjóra

Það fellur í hlut héraðsdómara að kveða upp úrskurð um að skilyrðum sé fullnægt samkvæmt lögum til að taka búi fyrirtækis til gjaldprotaskipta. Úrskurður hans byggist að jafnaði á því að einn eða fleiri úr hópi lánardrottna eða kröfuhafa leggur fram beiðni um gjaldprotaskipti með þeim rökum að sýslumaður hafi gert árangurslaust fjárnám í eignum fyrirtækisins. Héraðsdómari skipar þrotabúinu skiptastjóra sem gefur út og birtir í Lögbirtingablaði innköllun til allra kröfuhafa, hann tekur við kröfum þeirra, skráir þær í kröfuskrá og leggur mat á gildi þeirra. Hann tekur sömuleiðis fyrir hönd þrotabúsins yfir eigur þess og úthlutar andvirði þeirra til kröfuhafa eftir þeim reglum sem kveðið er á um lögum um gjaldprotaskipti, o.fl.

Launakröfur njóta forgangs umfram aðrar kröfur við þessa úthlutun. Staðreyndin er hins vegar oftast sú að þrotabúið er eignalaust og ekkert til skiptanna. Skiptastjóra ber samkvæmt lögum um Ábyrgðasjóð launa að senda umsögn um allar framkomnar launakröfur til Ábyrgðasjóðs launa.

Umsögn skiptastjóra skal fela í sér afstöðu hans til réttmætis kröfu og forgangsréttar hennar án tillits til eignastöðu búsins. Skiptastjóra er heimilt að biða með að senda þessa umsögn þar til kröfulýsingafrestur er liðinn og hann hefur haft tækifæri til að taka afstöðu allra framkominna krafna. Honum er hins vegar samkvæmt lögum um Ábyrgðasjóð launa heimilt að senda þessa umsögn fyrr. Þannig segir í lögum að hafi skiptafundur ekki verið haldinn í búi vinnuveitanda til þess að taka afstöðu til lýstra krafna, en skiptastjóri lýsir því yfir að hann hafi viðurkennt forgangsrétt greiðslukröfunnar að einhverju leyti eða öllu, er Ábyrgðasjóði launa heimilt að fara með greiðslukröfu eins og fullnægt væri skilyrðum laganna.

Staða starfsmanna við gjaldprot

Í lögum um gjaldprotaskipti er að finna þá reglu sem segir að þegar úrskurður um gjaldprotaskipti hefur verið kveðinn upp skuli ákveða hvort þrotabúið taki við réttindum og skyldum samkvæmt ráðningarsamningum þeirra manna sem starfa við atvinnureksturinn. Þar segir einnig að starfsmenn eigi rétt til launa frá því úrskurður var kveðinn upp og til þess tíma sem þrotabúið tekur afstöðu sína. Þetta eru svokallaðar búskröfur sem ganga framfar forgangskröfum og eru þannig vel tryggðar, að því gefnu að fyrir hendi séu eignir í búinu. Hins vegar segir í þessari reglu að starfsmaður geti slitið ráðningarsamningi sínum við þessar aðstæður ef gjaldprotaskiptin leiða til breyttra aðstæðna og brýnir hagsmunir starfsmanns krefjast þess. Honum er þá skylt að veita þrotabúinu hæfi-

legan frest til að leita annars starfsmanns í sinn stað, enda setji þrotabúið tryggingu fyrir greiðslu launa þann tíma sem hann sinnir starfi af þessum sökum ef þess er krafist.

Þessi regla þýðir í raun að starfsmenn eru lausir undan sínum ráðningarsamningi um leið og fyrirtækið hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta. Almennt eru þeir þannig hvorki bundnir af vinnuskyldu samkvæmt ráðningarsamningi né ákvæðum kjarasamninga um uppsagnarfresti o.s.frv.

Fræðilega séð getur sú staða komið upp að skiptastjóri þrotabúsins leggi fram tryggingu fyrir áframhaldandi launagreiðslum til starfsmanna, eða a.m.k. tiltekins hóps þeirra, sem þýðir að þeir yrðu þá að skila vinnuframlagi áfram eftir því sem segir í lögnum. Það er hins vegar mjög varasamt fyrir starfsmenn að halda áfram störfum eftir að úrskurður hefur verið kveðinn upp án þess að slík trygging sé fyrir hendi þar sem kröfur þeirra um laun eftir þetta tímamark njóta ekki ábyrgðar samkvæmt lögum um Ábyrgðasjóð launa!

Kröfur sem Ábyrgðasjóður launa ábyrgist

Ábyrgðasjóður launa ábyrgist kröfur launamanna vegna:

- vangoldinna launa þriggja síðustu starfsmánaða,
- launa í uppsagnarfresti í allt að þrjá mánuði,
- áunnins orlofs, og
- bóta af völdum vinnuslysa.

Kröfur um bætur vegna launamissis í allt að þrjá mánuði vegna slita á ráðningarsamningi njóta ábyrgðar að því tilskildu að launmaður sýni fram á með ótvíráðum hætti, svo sem með skráningu hjá vinnumiðlun, að hann hafi verið á vinnumarkaði og ástundað virka atvinnuleit í uppsagnarfresti.

Sjóðurinn ábyrgist einnig kröfur lífeyrissjóða um lífeyrissjóðsiðgjöld. Ábyrgðin takmarkast við 12% lágmarksiðgjald og allt að 4% viðbótarlífeyrissparnað samkvæmt samningi um viðbótartryggingarvernd eða kjarasamninga.

Skert starfshlutfall og réttur í Ábyrgðasjóði launa

Lögum um Ábyrgðasjóð launa hefur tímabundið verið breytt með það að markmiði að fyrirkomulag þar sem starfsmenn taka tímabundið skert starfshlutfall og tekjutap vegna samdráttar í fyrirtæki því sem hann starfar hjá skerði ekki möguleg réttindi hans í sjóðnum verði fyrirtækið gjaldþrota. Það á bæði við um launakröfur vegna starfa áður en fyrirtækið varð gjaldþrota og vegna launamissis í allt að þrjá mánuði vegna slita á ráðningarsambandinu í kjölfar gjaldþrotsins. Í framangreindum tilvikum verður miðað við tekjur launamannsins eins og þær voru áður en til minnkunar á starfshlutfalli kom, enda gefi þær hagstæðari niðurstöðu.

Framangreind regla er tímabundin og gildir um kröfur launamanna sem minnka starfshlutfall sitt á tímabilinu 1. október 2008 til og með 31. desember 2009 að kröfu vinnuveitenda vegna samdráttar í starfsemi hans. Krafa skal hafa borist í þrotabúið innan tólf mánaða eftir að minnkað starfshlutfalls tók gildi. Í reynd þýðir framangreind regla að unnt getur verið að gera kröfur af þessum toga í þrotabúi atvinnurekanda allt til loka árs 2010.

Dæmi: Launamaður hefur 250.000 kr. í mánaðarlaun fyrir fullt starf en þarf að minnka við sig starfshlutfall um 25% vegna samdráttar í fyrirtæki því er hann starfar hjá. Minnkað

starfshlutfall kemur til framkvæmda 1. desember 2008 og er laun frá þeim tíma 187.500 kr. á mánuði. Starfsmaðurinn hafði áður unnið í fimm ár hjá fyrirtækinu og er búinn að ávinna sér þriggja mánaða uppsagnarfrest. Fyrirtækið er tekið til gjaldþrotaskipta 25. febrúar 2009 og hefur starfsmaður þá ekki fengið greidd laun fyrir janúarmánuð.

Starfsmaður á rétt til greiðslu úr Ábyrgðasjóði launa sem hér segir:

- a. Gjaldfallin laun fyrir janúar og febrúar.
- b. Laun í allt að þrjú mánuði í uppsagnarfresti
- c. Í báðum tilfellum skal miðað við 250.000 kr. mánaðarlaun.
- d. Til frádráttar koma atvinnuleysisbætur sem viðkomandi fékk greiddar frá 1. desember vegna minnkaðs starfshlutfalls.

Kröfugerð og málsmeðferð

Þegar lýst er kröfu um vangoldin laun, bætur vegna launamissis í uppsagnarfresti eða orlofslaun, skal lýsa kröfu um heildarlaun án frádráttar opinberra gjalda. Ábyrgðasjóður launa gerir skil á staðgreiðslu til skattyfirvalda að teknu tilliti til framlagðs skattkorts launamanns þegar við á.

Eyðublað fyrir kröfulýsingu launamanns er hægt að nálgast á heimasíðu Vinnumála-stofnunar. Á eyðublaðinu er nauðsynlegt að eftirfarandi komi fram:

1. Nafn, kennitala, heimilisfang og bankareikningsnúmer kröfuhafa
2. Nafn, kennitala og heimilisfang vinnuveitanda
3. Dagsetning gjaldþrotáurskurðar og frestdags
4. Hvaða starfi kröfuhafi gegndi, upphaf og lok starfstíma, launakjör og upplýsingar um á hvaða samningum þau voru byggð
5. Upplýsingar um hvernig krafa er gerð og fyrir hvaða tímabil hver krafa nær
6. Sundurliðun kröfu í höfuðstól, kostnað og vexti
7. Yfirlýsing þess efnis að undanþágur frá ábyrgð Ábyrgðasjóðs launa eigi ekki við viðkomandi kröfuhafa.

Eftirtalin gögn skulu fylgja kröfulýsingu launamanns til Ábyrgðasjóðs launa, eftir því sem við getur átt:

1. Kröfulýsing í þrotabú vinnuveitanda
2. Launaseðlar
3. Ráðningarsamningur eða ráðningarbréf
4. Upplýsingar um atvinnutekjur í uppsagnarfresti
5. Læknisvottorð eða önnur viðeigandi gögn
6. Gögn um innheimtuaðgerðir, svo sem kröfubréf, aðfararbeiðni, gjaldþrotaskipta-beiðni, árituð stefna eða endurrit dóms.

Eftir að Ábyrgðasjóði launa berst umsögn og kröfuskra skiptastjóra tekur sjóðurinn að öllu jöfnu afstöðu til krafanna innan fjögurra vikna.

Hámarksábyrgð sjóðsins vegna vangoldinna launa eða bóta vegna slita á ráðningarsamningi, sem falla í gjalddaga eftir 1. janúar 2008, er 345.000 kr. fyrir hvern mánuð.

Hafi atvinnurekandi greitt upp í launakröfurnar fyrir gjaldþrotáurskurð koma þær greiðslur til frádráttar. Á sama hátt koma atvinnutekjur á uppsagnarfresti til frádráttar kröfum um bætur vegna launamissis í uppsagnarfresti. Við uppgjör á greiðslu úr Ábyrgðasjóði launa vegna launa í uppsagnarfresti dragast aðeins frá grunnatvinnuleysisbætur sem

viðkomandi launamaður hefur fengið greiddar úr Atvinnuleysistryggingasjóði fyrir sama tímabil. Launamaður heldur því eftir muninum á tekjutengdu atvinnuleysisbótunum sem hann fékk greiddar og grunnatvinnuleysisbótum fyrir sama tímabil.

Orlof vegna greiðsluerfiðleika

Kröfur launamanna vegna vangoldins orlofs njóta sérstakrar ábyrgðar samkvæmt lögum um Ábyrgðasjóðs launa. Þar segir að ef atvinnurekandi stendur ekki í skilum með greiðslu orlofslauna, án þess þó að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta, geti launamaður eða stéttarfélag í umboði hans snúið sér til Ábyrgðasjóðs launa með orlofslaunakröfuna. Krafa skal studd fullnægjandi gögnum um fjárhæð hennar, svo sem launaseðlum og vottorði viðkomandi atvinnurekanda eða löggilts endurskoðanda hans. Þessi ábyrgð nær til launamanna en ekki stjórnenda eða eigenda fyrirtækja.

Ef Ábyrgðasjóður launa telur að krafa launamanns uppfylli skilyrði laga er skorað á atvinnurekandann að greiða kröfuna eigi síðar en þremur vikum frá dagsetningu áskorunar. Komi fram andmæli af hans hálfu sem sjóðurinn telur réttmæt, s.s. um að krafan hafi þegar verið greidd eða hún niður fallin af öðrum ástæðum, vísar sjóðurinn kröfunni frá. Kröfu launamanns er einnig vísað frá ef fram er komin beiðni um gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitanda. Standi framangreind atriði ekki í vegi fyrir því að greiða megi kröfu launamannsins leysir Ábyrgðasjóður kröfuna til sín eigi síðar en fimm vikum frá dagsetningu áskorunar til atvinnurekandans. Viðkomandi launamaður fær þá orlofskröfu sína greidda frá Ábyrgðasjóði launa sem innheimtir hana síðan hjá viðkomandi atvinnurekanda með dráttarvöxtum ef svo ber undir.

Atvinnuleysisbætur

Fjallað er um rétt launafólks til atvinnuleysisbóta í lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006. Lögin gilda um atvinnuleysistryggingar launamanna eða sjálfstætt starfandi einstaklinga á innlendum vinnumarkaði þegar þeir verða atvinnulausir. Markmið laganna er að tryggja launamönnum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum tímabundna fjárhagsaðstoð meðan þeir eru að leita sér að nýju starfi eftir að hafa misst fyrra starf sitt. Hér verður einungis fjallað um réttarstöðu launamanna samkvæmt lögum.

Þann 13.11 2008 voru samþykkt á Alþingi breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Þar urðu til nýjar reglur um skert starfshlutföll, hlutastörf og hlutabætur. Sjá nánar kafla 6.5.

Atvinnuleysisbætur skipast í tvo flokka; tekjutengdar atvinnuleysisbætur og grunnatvinnuleysisbætur.

Útreikningur á rétti til atvinnuleysisbóta

Samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar byggist bótaréttur launamanna á upplýsingum um starfstíma og starfshlutfall á 12 mánaða tímabili áður en sótt er um atvinnuleysisbætur. Á grundvelli upplýsinga um þessi atriði er tryggingahlutfall (%) launamannsins reiknað út en það getur verið á bilinu 25 til 100%. Fullt starf í 12 mánuði tryggir launamanni 100% tryggingahlutfall en skemmri starfstími og/eða lægra starfshlutfall leiðir til lægra tryggingahlutfalls.

Samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar getur ávinnsla bótaréttar einnig komið

til með öðrum hætti en með launavinnu, þ.e. vegna náms, fæðingarorlofs eða verkfalls/verkbanns.

Í lögnum eru ýmsar sérreglur, s.s. um rétt manna til hlutabóta, geymslu áunnins bótaréttar, o.fl.

Atvinnuleysi í skilningi laganna

Umsækjandi um atvinnuleysisbætur verður eðli máls samkvæmt að vera atvinnulaus til að eiga rétt á atvinnuleysisbótum.

• Uppsagnarfrestur

Samkvæmt lögnum verður réttur launamanns til atvinnuleysisbóta ekki virkur fyrr en að liðnum uppsagnarfresti. Atvinnuleysistryggingasjóður er þannig ekki bundinn af samkomulagi atvinnurekanda og launamanns um fyrirvaralaus slit á skyldum aðila samkvæmt ráðningarsamningi hvað varðar launarétt og vinnuskyldu á uppsagnarfresti, sé það gert í þeim tilgangi að koma launamanni fyrirvaralaus á atvinnuleysisbætur.

Undantekning: Fallist starfsmenn á að skerða starfshlutfall sitt án undangengins uppsagnarfrests skerðir það ekki rétt þeirra til hlutabóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt nýsamþykktum breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar. Réttur þeirra til hlutabóta skapast frá þeim degi sem skerðing á starfshlutfalli kemur til framkvæmda, enda uppfyllir starfsmaður reglu laganna um skráningu.

• Gjaldþrotaskipti

Við úrskurð um gjaldþrotaskipti á búi atvinnurekanda falla skyldur launamanns samkvæmt ráðningarsamningi á hinn bóginn niður og getur hann því sótt strax um atvinnuleysisbætur. Við uppgjör á greiðslu úr Ábyrgðasjóði launa vegna launa í uppsagnarfresti dragast aðeins frá grunntatvinnuleysisbætur sem viðkomandi launamaður hefur fengið greiddar úr Atvinnuleysistryggingasjóði fyrir sama tímabil. Launamaður heldur því eftir muninum á tekjutengdu atvinnuleysisbótunum sem hann fékk greiddar og grunntatvinnuleysisbótum fyrir sama tímabil.

• Hlutastarf

Samkvæmt lögnum eiga launamenn sem gegna hlutastörfum rétt á atvinnuleysisbótum. Þessum hópi launamanna ber að gefa upp hvaða tekjur þeir hafa í hlutastarfinu og gilda ákveðnar reglur um mat á þeim tekjum og um frádrátt atvinnuleysisbóta af þeim sökum. Sjá og kafla 6.5. um hlutastörf og hlutabætur.

• Orlof

Samkvæmt lögnum telst sá sem hefur fengið greitt út ótekið orlof við starfslok eða fær greiðslur vegna starfsloka ekki tryggður í skilningi laganna á því tímabili sem þær greiðslur eiga við um. Þegar sótt er um atvinnuleysisbætur ber umsækjanda að upplýsa um það hversu marga orlofsdaga hann á og hvenær hann ráðgerir að taka út orlof sitt fyrir lok næsta orlofstímabils.

• Tekjur

Lögin hafa að geyma ýmsar reglur þar sem fjallað er um áhrif annarra tekna á rétt launamanns til atvinnuleysisbóta, s.s. fjármagnstekna, tekna af hlutastarfi eða tilfallandi aukastöfum, lífeyrisgreiðslur o.s.frv. Veita ber Vinnumálastofnun upplýsingar um slíkar tekjur þegar sótt er um atvinnuleysisbætur og um allar breytingar sem síðar kunna að verða.

Biðtími

Launamaður sem að eigin frumkvæði segir starfi sínu lausu á ekki rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt lögum um atvinnuleysisstryggingar fyrir en að liðnum ákveðnum biðtíma. Samkvæmt lögnum er sá biðtími talsvert langur eða 40 bótadagar (þ.e. virkir dagar) sem jafngilda um 2 mánuðum. Sá biðtími getur við vissar kringumstæður lengst í 60 bótadaga sem jafngilda um 3 mánuðum. Til að komast hjá þessum viðurlögum verður launamaður að sýna fram á með rökum að hann hafi haft gilda ástæðu til að segja starfi sínu lausu. Sömu reglur gilda um þá sem missa starf sitt af ástæðum sem þeir bera sjálfir sök á.

Tekjutengdar atvinnuleysisbætur - grunnatvinnuleysisbætur

Svokallaðar grunnatvinnuleysisbætur eru greiddar launamanni fyrstu 10 virku daganna. Tekjutengdar atvinnuleysisbætur taka þá við í allt að þrjú mánuði, en eftir það eru grunnatvinnuleysisbætur greiddar á ný. Eftirfarandi upphæðir miðast við 1. febrúar 2008.

- Tekjutengdar atvinnuleysisbætur miðað við 100% bótarétt eru að hámarki 220.729 kr. á mánuði eða 10.186 kr. á dag. Upphæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta miðast við 70 % af meðallaunum umsækjanda á 6 mánaða tímabili sem lýkur tveimur mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur.
- Grunnatvinnuleysisbætur miðað við 100% bótarétt eru 136.023 kr. á mánuði eða 6.277 kr. á dag.
- Greiðsla með hverju barni yngra en 18 ára er 251 kr. á dag.

Skert starfshlutfall og hlutabætur

Réttur til greiðslu hlutabóta á móti skertu starfshlutfalli kemur til ef skerðingin kemur til að frumkvæði atvinnurekanda vegna samdráttar í starfseminni. Sama gildir ef starfsmaður hefur misst starf sitt að öllu leyti og ræður sig í minna starfshlutfall en hann var áður í hjá nýjum atvinnurekanda enda eigi hann ekki kost á öðru. Sama gildir einnig ef viðkomandi hefur verið í tveimur hlutastöfum og missir annað þeirra, alveg eða að hluta. Miðað er þó við að starfsmaður sé í samtals a.m.k. 50% starfi á vinnumarkaði.

Réttur til greiðslu hlutabóta á móti skertu starfshlutfalli á hins vegar ekki við þegar launamaður ákveður sjálfur að draga úr starfshlutfalli sínu.

Reglurnar taka jafnframt til þeirra einstaklinga sem uppfylla skilyrði þeirra þó skert starfshlutfall hafi komið til fyrir gildistöku laganna enda séu skilyrði þeirra að öðru leyti uppfyllt. Lögin gilda frá 1. nóvember 2008 til 1. maí 2009 og falla þá úr gildi komi ekki til endurskoðunar eða framlengingar þeirra.

• Skert starfshlutfall og tímalengd tekjutengdra atvinnuleysisbóta

Breytingar á lögnum fela í sér að launamaður sem hefur áunnið sér fullan rétt til atvinnuleysisbóta og missir starf sitt að hluta getur fengið hlutfallslegar tekjutengdar bætur í lengri tíma en áður. Atvinnuleysisbætur eru þó ekki greiddar lengur samfellt en í þrjú ár.

Dæmi 1: Launamaður var í 100% starfi. Starfshlutfall hans er minnkað í 75% og hann sækir um 25% atvinnuleysisbætur á móti. Hann getur þá verið samtals á 25% tekjutengdum atvinnuleysisbótum í tólf mánuði eða 260 daga samhliða 75% starfi í stað þriggja mánaða (65 daga) áður. Eftir þann tíma getur hann átt rétt á hlutfallslegum gruntnatvinnuleysisbótum þar til þremur árum á atvinnuleysisbótum er náð.

Dæmi 2: Launamaður var í 100% starfi. Starfshlutfall hans er minnkað í 50% og sækir hann um 50% atvinnuleysisbætur á móti. Hann getur þá verið samtals á 50% tekjutengdum atvinnuleysisbótum í sex mánuði eða 130 daga samhliða 50% starfi í stað þriggja mánaða (65 daga) áður. Eftir þann tíma getur hann átt rétt á hlutfallslegum gruntnatvinnuleysisbótum þar til þremur árum á atvinnuleysisbótum er náð.

• Skert starfshlutfall og upphæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta

Með lögnum verður sú breyting að föst laun frá atvinnurekanda vegna minnkaðs starfshlutfalls leiða ekki til skerðingar atvinnuleysisbóta fyrir það starfshlutfall sem skerðingin nær til. Með föstum launum er átt við tekjur fyrir dagvinnu, vaktálag og aðrar fastar greiðslur. Þannig á sá sem sækir um atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli rétt á atvinnuleysisbótum sem nemur mismun réttar launamannsins hefði hann misst starf sitt að öllu leyti og þess starfshlutfalls sem hann gegnir áfram án þess að tekjur hans fyrir það starfshlutfall er hann heldur eftir komi til skerðingar.

Rétt er að minna á að samkvæmt lögnum á launamaður aðeins rétt á gruntnatvinnuleysisbótum í fyrstu 10 dagana sem hann missir starf eða þarf að minnka starfshlutfall.

Aðrar tekjur sem viðkomandi launamaður kann að hafa, s.s. vegna tilfallandi vinnu/yfirvinnu, elli- og örorkulífeyrisgreiðslur, o.fl. skulu meðhöndlaðar í samræmi við 36. gr. laganna um frádrátt vegna tekna og fritekjumark.

Dæmi 3: Launamaður hefur 250.000 kr. í mánaðarlaun fyrir fullt starf en þarf að minnka við sig starfshlutfall um 25% vegna samdráttar. Hann sækir um 25% atvinnuleysisbætur en hefði talist að fullu tryggður samkvæmt lögnum hefði hann misst starf sitt að öllu leyti.

Hefði hann misst starf sitt að öllu leyti hefði hann átt rétt á 175.000 kr. í tekjutengdar atvinnuleysisbætur og þar sem hann sækir um 25% bætur á hann rétt á 43.750 kr. á mánuði. Tekjur hans fyrir 75% starfshlutfallið er hann gegnir áfram og nema 187.500 kr. koma því ekki til með að hafa áhrif á fjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta og munu þá tekjur hans og atvinnuleysisbætur nema 231.250 kr. (187.500 + 43.750) á mánuði í allt að 12 mánuði.

Dæmi 4: Launamaður hefur 400.000 kr. í mánaðarlaun fyrir fullt starf en þarf að minnka við sig starfshlutfall um 50% vegna samdráttar. Hann sækir um 50% atvinnuleysisbætur en hefði talist að fullu tryggður samkvæmt lögnum hefði hann misst starf sitt að öllu leyti.

Hefði hann misst starf sitt að öllu leyti hefði hann því átt rétt á hámarki tekjutengdra atvinnuleysisbóta eða 220.729 kr. á mánuði. Þar sem hann sækir um 50% bætur á hann rétt á 110.365 kr. á mánuði. Tekjur hans fyrir 50% starfshlutfallið er hann gegnir áfram

og nema 200.000 kr. koma því ekki til með að hafa áhrif á fjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta og munu tekjur hans og atvinnuleysisbætur því nema 310.365 kr. (200.000 + 110.365) á mánuði í allt að 6 mánuði.

Auk framangreindra upphæða greiðast 5.439 kr. á mánuði með hverju barni undir 18 ára aldri.

• **Peir sem eru í 49% starfi eða minna**

Ef starfshlutfall er 49% eða minna gilda reglurnar um frítekjumarkið skv. 36. gr. Frítekju-mark er 53.716 kr. á mánuði.

Þegar samanlagðar tekjur af hlutastarfi og atvinnuleysisbætur eru hærri en sem nemur óskertum rétti til atvinnuleysisbóta að viðbættu frítekjumarki skal skerða atvinnuleysisbætur um helming þeirra tekna

Umsókn og greiðsla atvinnuleysisbóta

Sótt er um atvinnuleysisbætur hjá Þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar í því umdæmi þar sem launmaður er búsettur. Helstu fylgigögn með umsókn eru:

- Vottorð atvinnurekanda. Vottorðið geymi upplýsingar um starfstíma, starfshlutfall og ástæðu starfsloka.
- Sérregla við gjaldþrot. Staðfesting stéttarfélags á því að krafa verði gerð í réttmætan uppsagnarfrest fyrir umsækjanda og staðfesting félagsins á vinnustundum hans og starfshlutfalli ef ekki er hægt að útvega vottorð atvinnurekanda.
- Skattkort.
- Önnur gögn, ef við á, s.s. vottorð læknis vegna skertrar vinnufærni, námsvottorð, upplýsingar um tekjur í hlutastarfi, lífeyrisgreiðslur, fjármagnstekjur, o.fl.

Atvinnuleysisbætur eru greiddar fyrsta virka dag hvers mánaðar. Tímabilið sem greitt er fyrir er frá 20. – 19. hvers mánaðar. Dæmi: Við útborgun 1. ágúst 2008 er verið að greiða fyrir tímabilið 19. júní - 20. júlí. Greiðslur atvinnuleysisstrygginga fyrir landið allt fara fram hjá Greiðslustofu Vinnumálastofnunar. Til að fá upplýsingar um stöðu umsóknar eða greiðslur er hægt að hringja í 582 4900 eða senda fyrirspurn með tölvupósti: greiðslustofa@vmst.is

Kæra má ákvörðun um bótarétt launamanna, upphæð bóta o.s.frv. til úrskurðarnefndar atvinnuleysisstrygginga og vinnumarkaðsaðgerða. Kæran þarf að berast innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun.

Atvinnuleysi og stéttarfélagsaðild

Þegar sótt er um atvinnuleysisbætur, þá er launamanni það í sjálfsvald sett hvort hann greiðir félagsgjald til stéttarfélags síns eða ekki. Með því að greiða félagsgjaldið viðheldur félagsmaður réttindum sínum hjá félaginu svo sem réttindum í sjóðum félagsins sem taka þátt í kostnaði vegna sjúkradagpeninga, sjúkraþjálfunar og menntunar félagsmanna. Þegar sótt er um atvinnuleysisbætur fyllir viðkomandi út umsóknareyðublað og þá þarf að merkja við að umsækjandi vilji að félagsgjöld séu dregin af viðkomandi greiðslum. Með því að greiða ekki félagsgjald af þessum greiðslum geta því tapast mikilvæg réttindi.

Atvinnuleysisbætur sjálfstætt starfandi einstaklinga

Um atvinnuleysisstryggingar sjálfstætt starfandi einstaklinga á innlendum vinnumarkaði gilda lög nr. 54/2006, um atvinnuleysisstryggingar eins og þeim var breytt með lögum nr. 121/2008. Lögin gilda frá 1. nóvember 2008 til 1. maí 2009. Eftirfarandi samantekt byggir alfarið á leiðbeiningum Vinnumálastofnunar en þær er að finna ásamt viðeigandi tilvísun til eyðublaða Ríkisskattstjóra á vef VMST, hér. Jafnframt er ítarlegar upplýsingar að finna á vef Atvinnuleysisstryggingasjóðs, hér.

Ávinnsla - sjálfstætt starfandi

Sjálfstætt starfandi einstaklingar í skilningi laga um atvinnuleysisstryggingar eru þeir sem er gert að standa mánaðarlega skil á staðgreiðslugögnum vegna reiknaðs endurgjalds og tryggingagjalds til skattýfirvalda og greiðslum til innheimtumans ríkissjóðs. Þeir sem eru eigendur og ábyrgðaraðilar einkahlutafélags sbr. yfirlit úr hlutafélagaskrá eiga rétt til atvinnuleysisstrygginga samkvæmt reglunum um sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur sem hefur staðið mánaðarlega skil á staðgreiðslugögnum vegna reiknaðs endurgjalds og tryggingagjalds til skattýfirvalda á síðustu tólf mánuðum og greiðslum til innheimtumans ríkissjóðs áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar getur átt rétt á óskertum atvinnuleysisbótum.

Sá sem hefur staðið mánaðarlega skil á staðgreiðslugögnum vegna reiknaðs endurgjalds og tryggingagjalds til skattýfirvalda og greiðslum til innheimtumans ríkissjóðs í skemmri tíma en tólf mánuði en lengri tíma en þrjá mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar getur átt rétt á hlutfallslegum atvinnuleysisbótum.

Þegar sjálfstætt starfandi einstaklingur greiðir tryggingagjald og staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi aftur í tímann eftir að hafa verið í vanskilum við innheimtumann ríkissjóðs, getur Vinnumálastofnun tekið til greina síðustu þrjá mánuði af þeim tíma er vanskilin áttu við um. Réttur hans er í hlutfalli við fjölda greiddra mánaða, þ.e. þrír mánuðir veita 25% rétt, sex mánuðir 50%, 12 mánuðir 100% osfrv.

Verulegur samdráttur hjá sjálfstætt starfandi

Sjálfstætt starfandi einstaklingur þarf ekki að stöðva rekstur sinn til að eiga rétt á greiðslum úr Atvinnuleysisstryggingasjóði fram til 1. maí 2009. Nægilegt er að tilkynna til skattýfirvalda um verulegan samdrátt í rekstrinum sem leiðir til tímabundins atvinnuleysis sjálfstætt starfandi einstaklings og er það gert með því að útfylla RSK 5.02 og skila til skattstjóra.

Með verulegum samdrætti er átt við að fram komi veruleg lækkun á reiknuðu endurgjaldi frá því sem var á fyrra tekjuári sem og að reksturinn hafi nánast stöðvast fyrir utan einstaka tilfallandi verkefni.

Þegar sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur tilkynnt um verulegan samdrátt til skattýfirvalda getur hann sótt um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar og þarf þá að skila inn staðfestingu skattýfirvalda um að tilkynningin hafi borist þeim. Hið sama gildir um þá sem eru eigendur og ábyrgir fyrir rekstri einkahlutafélaga skv. hlutafélagaskrá. Er þessum einstaklingum heimilt að hafa tilfallandi tekjur að fjárhæð 100.000, kr. á mánuði.

Á þeim tíma sem sjálfstætt starfandi einstaklingur fær greiddar atvinnuleysisbætur án þess að hafa stöðvað rekstur skal hann gera grein fyrir staðgreiðslu af reiknuðu en-

durgjaldi mánaðarlega og skilum á virðisaukaskattsskýrslu samkvæmt skráningu hans í grunnskrá virðisaukaskatts til skattýfirvalda á tveggja mánaða fresti.

Tekjutengdar atvinnuleysisbætur

Tekjutengdar atvinnuleysisbætur sjálfstætt starfandi einstaklinga skulu nema 70% af meðaltali heildarlauna og skal miða við tekjuárið á undan því ári sem umsækjandi varð atvinnulaus.

• Tekjur sjálfstætt starfandi einstaklinga

Sjálfstætt starfandi einstaklingi er heimilt að taka að sér tilfallandi verkefni samhliða greiðslu atvinnuleysisbóta. Sjálfstætt starfandi einstaklingur getur haft allt að 100.000 kr. á mánuði í reiknað endurgjald fyrir þessi verkefni áður en kemur til skerðingar á atvinnuleysisbótum hans. Þessi regla gildir til 1. maí 2009.

Aðrar tekjur, s.s. tekjur af launavinnu, fjármagnstekjur, leigutekjur, osfrv., sem sjálfstætt starfandi einstaklingur kann að hafa á sama tímabili koma til frádráttar atvinnuleysisbótum hans samkvæmt almennum reglum í lögum um atvinnuleysisstryggingar.

Ársmenn

Þeir sem hafa einungis staðið skil á reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjaldi einu sinni á ári til skattýfirvalda eru ekki sjálfstætt starfandi einstaklingar í skilningi laga um atvinnuleysisstryggingar og eiga því ekki rétt á atvinnuleysisbótum.

Ef ársmenn eiga áunninn rétt sem launamenn geta þeir átt rétt til atvinnuleysisstrygginga sem launamenn en þurfa að skila inn upplýsingum um rekstur frá skattstjóra.

Rekstur stöðvaður

Umsækjendur um atvinnuleysisstryggingar sem hafa hætt rekstri eru samþykktir skv. lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysisstryggingar.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur telst hafa stöðvað rekstur hafi hann tilkynnt til launagreiðendaskrár ríkisskattstjóra að hann hafi stöðvað rekstur og að öll starfsemi hafi verið stöðvuð. Þegar metið er hvort starfsemi hafi verið stöðvuð skal líta til hreyfinga í virðisaukaskattsskrá ríkisskattstjóra. Heimilt er að taka tillit til hreyfinga í virðisaukaskattsskrá vegna eignasölu enda hafi sjálfstætt starfandi einstaklingur lagt fram yfirlýsingu þess efnis að hann hyggist hætta rekstri.

Atvinnuleit, endurmenntun o.fl.

Fjallað er um rétt launafólks til aðstoðar við atvinnuleit, ráðgjöf og önnur úrræði í lögum um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 55/2006. Lögin kveða á um skipulag vinnumiðlunar og vinnumarkaðsaðgerða af hálfu stjórnvalda og fara Vinnumálastofnun og þjónustuskrifstofur hennar vítt og breytt um landið með framkvæmd þessara mála.

Hverjir eiga rétt á þjónustunni?

Allir á aldrinum 16 – 70 ára sem eru í atvinnuleit eiga rétt á þjónustu Vinnumálastofnunar sér að kostnaðarlausu. Rétturinn er þannig ekki eingöngu bundinn við þá sem þegar eru orðnir atvinnulausir og njóta atvinnuleysisbóta.

Vinnumiðlun

Vinnumálastofnun heldur skrá yfir laus störf sem í boði eru á landinu öllu enda er landið eitt atvinnusvæði. Þar skal meðal annars koma fram í hverju starf er fólgið, hvaða kröfur eru gerðar til umsækjenda og annað er máli skiptir.

Vinnumálastofnun annast enn fremur vinnumiðlun á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þannig miðlar Vinnumálastofnun ekki einvörðungu störfum hér á landi heldur í 29 öðrum ríkjum Evrópu.

Þjónusta við atvinnuleitendur

Litið er á alla sem skrá sig hjá Vinnumálastofnun sem virka atvinnuleitendur. Áhersla er lögð á að meta hæfni og vinnufærni þeirra sem fyrst eftir að þeir sækja um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum eða hvers konar annarri þjónustu eða aðstoð sem hver og einn þarf á að halda. Það er því þýðingarmikið að atvinnuleitandi leggi fram allar upplýsingar sem liggja fyrir um vinnufærni hans. Þegar færni og staða hans hefur verið metin er í samráði við hann gerð áætlun um atvinnuleitina og þátttöku hans í viðeigandi vinnumarkaðsúræðum.

Á þjónustuskrifstofum Vinnumálastofnunar eru starfandi náms- og starfsráðgjafar sem aðstoða við starfsval og nám. Einnig veita þeir almenna ráðgjöf og aðstoð við atvinnuleit.

Skipulag vinnumarkaðsúræða

Vinnumálastofnun annast skipulag vinnumarkaðsúræða sem ætlað er að auka starfshæfni atvinnuleitenda og auka möguleika þeirra á vinnumarkaði. Úrræðin skiptast í eftirfarandi flokka:

- a. Einstök námskeið, svo sem námskeið um gerð starfsleitaráætlunar eða sjálfstyrkingu og námskeið til að bæta tiltekna færni
- b. Starfsúræði, þ.e. starfskynning, starfsþjálfun og reynsluráðning
- c. Ráðgjöf samhliða námskeiðsþátttöku og reynsluráðningu
- d. Námsúræði
- e. Atvinnutengda endurhæfingu
- f. Atvinnutengd endurhæfing einstakra hópa.

Vinnumálastofnun er heimilt að gera þjónustusamninga um þátttöku atvinnuleitenda í einstökum vinnumarkaðsúræðum sem aðrir þjónustuaðilar annast framkvæmd á.

Fræðslusjóðir og menntastofnanir atvinnulífsins

Auk réttar til þjónustu Vinnumálastofnunar, á launafólk rétt til marghátaðs stuðnings vegna aðildar sinnar að stéttarfélagunum og fræðslusjóðum þeirra og fræðslustofnunum sem reknar eru sameiginlega af verkályðshreyfingunni og samtökum atvinnurekenda. Sama gildir um símenntunarmiðstöðvar sem reknar eru vítt og breytt um landið. Hjá þessum aðilum eru einnig starfandi náms- og starfsráðgjafar. Starfsmenn stéttarfélaganna veita nánari upplýsingar um þá þjónustu og ráðgjöf sem í boði er á þessu sviði.

Hrunið / Greiðsluaðlögun og vanskilainnheimta

ASÍ hefur lengi barist fyrir því að hér á landi yrðu sett lög um greiðsluaðlögun en í því

felst að aðlaga megi skuldir einstaklinga að greiðslugetu þeirra þegar ljóst er að þeim verði ofraun að standa í skilum um fyrrisjáanlega framtíð. Krafan var sett á oddinn í október 2008. ASÍ lagði til að jöfnum höndum yrði unnið með almennar skuldir og veðskuldir og að framkvæmdin öll yrði einföld og fljótverk. Málið var á forræði dómsmálaráðuneytisins fram að kosningunum vorið 2009 og sá það ráðuneyti málinu allt til foráttu. Eftir kosningar kom félagsmálaráðuneytið meira að málinu og loks litu dagsins ljós tvö lagafrumvörp sem unnin voru á vegum réttarfarsnefndar en sem efnislega gengu að mörgu leyti þvert á ítarlegar tillögur ASÍ. Annars vegar voru sett lög um tímabundna greiðsluáðlögun veðskulda sem í raun fól í sér tiltekna greiðslufrýstingu um allt að 5 ára skeið og hins vegar nýr kafli í lögum um gjaldþrotaskipti. Löginn byggja á grundvallaratriðum á gildandi löggjöf um nauðasamninga og gera ráð fyrir tvöfaldri meðferð á vinnslu umsókna. ASÍ lýsti vonbrigðum sínum með hvernig til hafði tekist. Frá því löginn tóku gildi og fram til 31.8 2009 höfðu borist 47 beiðnir um greiðsluáðlögun fasteignaveðkrafna og 208 um almennar skuldir. 15 hafði verið hafnað og 74 biðu afgreiðslu. Í september 2009 var skipaður starfshópur þriggja ráðuneyta með aðild ASÍ og SA til þess að endurskoða löginn. ASÍ hefur að nýju sett fram tillögur um samræmda og skjótvirka löggjöf sem tekið geti á greiðsluvandræðum allt að 10 þúsund heimila á næstu sex mánuðum.

ASÍ lagði jafnframt til í byrjun árs 2009, róttækar breytingar á gjaldþrotaskiptalögum og lögum um nauðungaruppböð. Þær lutu að rétti skuldara til þess að búa áfram í íbúðarhúsnæði sem selt væri nauðungarsölu, verulegum takmörkunum á innheimtukostnaði við nauðungaruppböð og réttarástoð við skuldara. Flestar þessar tillögur urðu að lögum vorið 2009 en ekki allar. Samhliða endurskoðun laga um greiðsluáðlögun leggur ASÍ til róttækar breytingar á lögum um nauðungarsölu, aðför og gjaldþrotaskipti sem miða að því að vernda skuldara gegn óhöflegri gjaldtöku við innheimtu fjárfrafna í skjóli réttarfarsúrræða. Jafnframt er lagt til að sömu reglur gildi um skuldir fyrirtækja sem ekki greiðast við gjaldþrot og um skuldir einstaklinga í sömu stöðu, þ.e. að þær verði endanlega afskrifaðar við lok gjaldþrotaskipta.

Fjármál heimilanna í efnahagsþrengingum

Mái 2009 - 4. útgáfa. Fyrst gefið út 10. nóvember 2008

Í þeim efnahagsþrengingum sem nú ganga yfir er staða margra heimila erfið og óvissa mikil. Hjá mörgum hafa tekjur dregist hratt saman á skömmum tíma vegna atvinnumissis eða launalækkana á sama tíma og greiðslur af lánnum og almennt verðlag hafa hækkað mikið. Þessi þrönga staða skapar eðlilega mikinn óróa og margir búa við miklar fjárhagsáhyggjur.

Í þessu upplýsingariti eru tekin saman úrræði sem heimilin geta nýtt sér til að fá yfirsýn yfir fjárhagsstöðu sína og fjallað um leiðir sem færar eru ef greiðsluerfiðleikar blasa við. Rétt er að benda á að hér er ekki um tæmandi upplýsingar að ræða og víða í ritinu er vísað áfram á nánari upplýsingar hjá öðrum aðilum.

Hver er fjárhagsstaða mín?

Hafir þú fjárhagsáhyggjur eða sérð fram á að lenda í greiðsluerfiðleikum er mikilvægt að fá nú þegar góða yfirsýn yfir fjárhagsstöðuna og gera sér grein fyrir því hversu um-

fangsmikill vandinn er. Með því að kortleggja og skipuleggja fjármálin tökum við stórt skerf í átt að lausn á hugsanlegum vanda. Í sumum tilvikum getur t.d. verið nægilegt að breyta neyslumynstri og draga úr útgjöldum tímabundið en í öðrum tilvikum getur reynst nauðsynlegt að endurskipuleggja fjármál heimilisins í heild sinni. Að takast á við vandann strax eykur líkurnar á að hægt sé að leysa hann með viðunandi hætti og kemur í veg fyrir háan kostnað vegna vanskila og innheimtuaðgerða. Þar að auki sparar það langvarandi kviða og fjárhagsáhyggjur að vita að lausn er í sjónmáli. Góð yfirsýn yfir útgjöld heimilisins er líka alltaf gott tæki til þess að sjá hvernig við notum peningana okkar og hvar við getum sparað og hagrætt.

Til þess að kortleggja fjárhagsstöðu heimilisins er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hver raunveruleg útgjöld eru og hvaða tekjur heimilið hefur til að standa undir þeim. Til að auðvelda sér þetta er t.d. hægt að nýta sér heimilisbókhald sem nálgast má á heimasíðu *Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna*. Á heimasíðum flestra bankanna má einnig finna endurgjaldslaus forrit sem auðvelda skipulag á fjármálum heimilisins og gefa góða yfirsýn yfir útgjöldin. Félagsmenn í Neytendasamtökunum hafa einnig aðgang að heimilisbókhaldi á heimasíðu samtakanna www.ns.is.

Góð leið til þess að átta sig á útgjöldum sínum á ýmsum liðum eins og mat og öðrum neysluútgjöldum er að halda saman öllum kassakvittunum úr verslunum yfir mánuðinn og taka þær svo saman í lok mánaðar. Þetta á ekki síst við um þessar mundir þegar verðlag breytist ört og hætta er á að verðskyn neytenda ruglist.

Of þung greiðslubyrði – Hvað er til ráða?

Mörg heimili hafa þunga greiðslubyrði af húsnæðislánum í hverjum mánuði og margir greiða líka af ýmsum öðrum lánum eins og bílalánun, námslánun, yfirdráttarlánun, o.fl. Lendi fólk í greiðsluerfiðleikum og sér fram á að geta ekki staðið skil á afborgunum er mikilvægt að semja svo fjótt sem verða má við kröfuhafann. Dráttarvextir, vanskila- og innheimtukostnaður er fjótt að safnast upp og auka enn á vandann.

Samningar við lánveitendur koma í veg fyrir að tímabundnir erfiðleikar, t.d. vegna atvinnuleysis, tekjuskerðingar eða mikilla hækkana á afborgunum vindi enn upp á sig og veita einnig svigrúm til þess að endurskipuleggja fjárhaginn til lengri tíma, t.d. með sölu eigna.

Aðstoð í greiðsluerfiðleikum

Sé heimilið nú þegar komið í greiðsluvanda eða sjáir þú fram á að svo muni verða á komandi mánuðum er mikilvægt að leita þegar leiða út úr þeim vanda. Teljir þú þig þurfa ráðgjöf og aðstoð varðandi fjármál heimilisins bjóða bankar og sparisjóðir viðskiptavinum sínum viðtöl við ráðgjafa sem fer yfir fjármálin og leitar leiða til úrlausnar. Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna veitir endurgjaldslausa aðstoð til einstaklinga og fjölskyldna sem eiga í fjárhagsvanda. Nánari upplýsingar um þjónustu Ráðgjafastofunnar er að finna á www.rad.is.

Hvað er hægt að gera fyrir mig?

Hvert heimili er einstakt. Hvaða úrræði henta þegar heimilið lendir í greiðsluvanda ræðst af samspili tekna, eigna og skulda hjá hverri og einni fjölskyldu. Ljóst er að verulega reynir á fjárhag allra heimila um þessar mundir og ráðstöfunartekjur okkar og lífskjör

munu versna um sinn. Hjá flestum er þó um tímabundinn vanda að ræða sem viðráðanlegt er að vinna sig út úr með þeim úrræðum sem fyrir hendi eru. Hér er leitast við að gefa stutt yfirlit yfir þau úrræði sem í boði eru, en bent er á að nánari upplýsingar er að finna t.d. hjá Íbúðalánasjóði, á upplýsingasiðunni www.island.is og á heimasíðum bankanna. Sé vandinn alvarlegur og ekki útlit fyrir að heimilið muni ráða fram úr honum í nákominni framtíð, eru ný lög um greiðsluáðlögun mikilvægt langtímaúrræði. Sjá nánari umfjöllun um greiðsluáðlögun á bls. 8.

Fasteignaskuldir

Flest þau úrræði sem kynnt hafa verið til þess að aðstoða heimili í greiðsluvanda snúa að fasteignalánnum, enda eru skuldbindingar vegna þeirra jafnan þær sem vega þyngst í fjárhag hverrar fjölskyldu.

Greiðslujöfnun verðtryggðra fasteignalána

– Almennt úrræði fyrir alla óháð fjárhagsstöðu

Hvaða áhrif hefur úrræðið á greiðslubyrðina: Léttir tímabundið mánaðarlega greiðslubyrði af láninu.

Í hverju felst úrræðið: Greiðslujöfnun felur það í sér að hluta af mánaðarlegri greiðslu af láninu er frestað tímabundið og þeirri frestun safnað saman á sérstakan jöfnunarreikning. Verðlag hefur á undanförmu ári hækkað talsvert umfram almennar launahækkanir sem veldur því að hlutfallsleg greiðslubyrði af verðtryggðum húsnæðislánnum hefur aukist mikið. Talað er um þetta sem misgengi verðlags og launa. Reiknuð er sérstök greiðslujöfnunarvísitalan sem tekur mið af breytingum á verðlagi að teknu tilliti til launapróunar og atvinnustigs. Þegar fram í sækir og laun hækka að nýju umfram verðlag þá hefst endurgreiðsla af jöfnunarreikningi lánsins. Þetta úrræði felur ekki í sér neina eftirgjöf skulda heldur er hugsað sem tímabundin aðgerð til þess að létta á greiðslubyrði heimilanna á meðan aðstæður eru erfiðar í efnahagslífinu.

Hver eru áhrifin til lengri tíma: Til lengri tíma litið hefur greiðslujöfnun í för með sér aukinn kostnað fyrir lántakendur vegna vaxta og verðbóta sem greitt er af þeirri upphæð sem frestað er og getur lengt lánstímann.

Fyrir hverja er úrræðið: Greiðslujöfnun stendur öllum lántakendum með verðtryggð húsnæðislán til boða en sækja þarf sérstaklega um hana hjá viðkomandi lánastofnun. Greiðslujöfnunin felur í sér skilmálabreytingu lánsins sem þarf að undirrita og þinglýsa en skv. lögnum skal breytingin vera lántakenda að kostnaðarlausu, þ.e. ekki eru inheimt nein breytingar- eða þinglýsingargjöld.

Greiðslujöfnun fasteignalána í erlendri mynt

– Almennt úrræði fyrir alla óháð fjárhagsstöðu

Hvaða áhrif hefur úrræðið á greiðslubyrðina: Léttir mánaðarlega greiðslubyrði af láninu.

Í hverju felst úrræðið: Greiðslujöfnun gengistryggðra lána felur í sér að greiðslur eru miðaðar við afborgun í maí 2008 sem er uppreiknuð með s.k. greiðslujöfnunarvísitölu (sjá

nánar umfjöllun um greiðslujöfnun verðtryggðra lána) í stað þess að miðað sé við þróun á gengi þess erlenda gjaldmiðils sem lánið er tekið í. Sá mismunur sem greitt er af greiðslujöfnuðu láni og óbreyttri greiðslu af láninu leggst við höfuðstól skuldarinnar. Þetta úrræði felur ekki í sér neina eftirgjöf skulda heldur er hugsað til þess að gera skuldara kleift að standa við skuldbindingar sínar með því að létta á mánaðarlegri greiðslubyrði og lengja lánstímann.

Hver eru áhrifin til lengri tíma: Þau fara eftir þróun gengis og vaxta í þeirri erlendu mynt sem lánið er tekið. Ef höfuðstóll er ekki uppgreiddur í lok lánstímans bætast gjald dagar á upprunalegt lán þannig að lánstíminn lengist.

Fyrir hverja er úrræðið: Greiðslujöfnun fasteignalána í erlendri mynt stendur öllum lántakendum með slík lán til boða en sækja þarf sérstaklega um hana hjá viðkomandi lánastofnun. Greiðslujöfnunin felur í sér skilmálabreytingu lánsins sem þarf að undirrita og þinglýsa en skv. lögunum skal breytingin vera lántakanda að kostnaðarlausu, þ.e. ekki eru innheimt nein breytingar- eða þinglýsingargjöld.

Frestun á greiðslum af fasteignalánum

Hvaða áhrif hefur úrræðið á greiðslubyrðina: Léttir mánaðarlega greiðslubyrði eða frestar greiðslum að fullu tímabundið.

Í hverju felst úrræðið: Getur falið í sér frestun á afborgun, að fullu eða að hluta og frestun á greiðslu vaxta og verðbóta í allt að þrjú ár. Úrræðið getur þannig falið í sér að ekkert sé greitt af láninu á meðan frestun varir. Sú upphæð sem frestað er að greiða leggst við höfuðstól lánsins.

Hver eru áhrifin til lengri tíma: Frestun eykur kostnað af vöxtum og verðbótum til lengri tíma litið og þyngir greiðslubyrði þegar aftur er farið að greiða af láninu ef lánstíminn er ekki lengdur á móti.

Fyrir hverja er úrræðið: Sækja þarf sérstaklega um frestun á greiðslum til viðkomandi lánastofnunar og sýna fram á að greiðslubyrði sé umfram greiðslugetu.

Lenging lánstíma

Hvaða áhrif hefur úrræðið á greiðslubyrðina: Léttir mánaðarlega greiðslubyrði.

Í hverju felst úrræðið: Með því að lengja lánstímann dreifist greiðsla af eftirstöðvum skuldarinnar á lengra tímabil og mánaðarleg greiðsla af láninu lækkar.

Hver eru áhrifin til lengri tíma: Lenging lánstímans eykur kostnað vegna vaxta og verðbóta á þeim tíma sem bætt er við lánstímann.

Fyrir hverja er úrræðið: Sækja þarf sérstaklega um lenginu á lánstíma til viðkomandi lánastofnunar og sýna fram á að greiðslubyrði sé umfram greiðslugetu.

Frestun á greiðslum af fasteignalánum vegna sölutregðu

Hvaða áhrif hefur úrræðið á greiðslubyrðina: Léttir mánaðarlega greiðslubyrði eða frestar greiðslum að fullu tímabundið.

Í hverju felst úrræðið: Úrræðið er hugsað til þess að koma til móts við lántakendur sem hafa keypt fasteign en ekki getað selt fyrri eign vegna aðstæðna á fasteignamarkaði. Hægt er að óska eftir frestun á greiðslum af annarri eða báðum fasteignunum. Sú upphæð sem frestað er að greiða leggst við höfuðstól lánsins.

Hver eru áhrifin til lengri tíma: Frestun eykur kostnað af vöxtum og verðbótum til

lengri tíma litið og þyngir greiðslubyrði þegar aftur er farið að greiða af láninu ef láns-tíminn er ekki lengdur á móti.

Fyrir hverja er úrræðið: Þá sem keypt hafa fasteign á tímabilinu frá 1. Júlí 2006 til 3. Apríl 2009 og hafa ekki getað selt fyrri fasteign sína. Veðsetning fasteignarinnar má ekki verða meiri en 100% af markaðsverði eignarinnar við lok frestunartímans.

Bílalán

Bílalán í erlendri mynt hafa hækkað mikið samfara gengisfalli krónunnar og greiðslu-byrði þeirra sömuleiðis aukist mikið. Flest fjármögnunarfyrirtæki bjóða upp á tíma-bundna frestun á afborgunum erlendra lána í tvo til fjóra mánuði.

Eigi fólk í erfiðleikum með að standa skil á greiðslum af bílalánnum sínum er rétt að kanna þegar hvaða úrræði lánveitandinn getur gripið til svo ekki komi til vanskila með tilheyrandi kostnaði. Lánveitendur bílalána hafa ekki sett sér almennar reglur varðandi úrræði fyrir lántakendur með bílalán í íslenskum krónum sem lenda í greiðsluerfiðleikum eða langtímaúrræði fyrir lánveitendur með erlend lán en benda á að hvert tilvik sé skoðað fyrir sig og reynt að finna úrræði til að koma til móts við hvern og einn.

Námslán

Stjórn Lánasjóðs Íslenskra námsmanna er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endur-greiðslu námslána ef breytingar verða á högum lánþega, t.d. vegna atvinnuleysis, náms, veikinda eða annarra sambærilegra aðstæðna sem valda verulegum og ófyrirséðum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans. Skilyrði er, að þær aðstæður sem tilgreindar eru, hafi varað samfelld í fjóra síðustu mánuði fyrir gjalddaga. Nánari upp-lysingar má fá á heimasíðu Lánasjóðsins www.lin.is þar sem einnig má sækja um undan-þágu rafrænt.

Yfirdráttarlán og önnur skammtímalán

Vextir af yfirdráttarlánnum eru háir og greiðast venjulega mánaðarlega með skuldfærslu af tékkareikningi en engrar afborgunar er krafist af höfuðstól skuldarinnar á meðan yfir-dráttarheimildin er í gildi. Yfirdráttarlán eru dýr skammtímalán sem heimili í greiðslu-erfiðleikum ættu að reyna að forðast að nýta sér. Greiðslubyrði af öðrum skammtíma-lánnum eins og t.d. raðgreiðslusamningum, skuldabréfum eða öðrum neyslulánnum getur einnig verið þung. Ef greiðsluerfiðleikar blasa við er full ástæða til þess að kanna það hjá lánveitanda hvaða leiðir eru færar, t.d. hvort breyta megi yfirdráttarláni í skuldabréfalán með lægri vöxtum eða lengja megi lánstíma til þess að létta greiðslubyrði.

Innlausn séreignarsparnaðar

Til þess að koma til móts við heimili í fjárhagsvanda er nú heimilt tímabundið til 1. október 2010 að greiða út séreignarlífeyrissparnaði, sem annars er bundinn til 60 ára aldurs. Eigendur séreignarsparnaðar geta óskað eftir að fá greidda út allt að 1 milljón króna af sparnaði sínum og greiðist hann þá út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á níu mánaða tímabili. Ef um lægri upphæð en 1 milljón króna er að ræða styttest útgreiðs-lútíminn hlutfallslega. Mánaðarleg útgreiðsla, að frádraginni staðgreiðslu skatta er því um 70.000 krónur. Heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar er bundin við hvern ein-stakling þannig að hjón sem bæði eiga sparnað geta bæði óskað eftir útgreiðslu og aukði

Þannig ráðstöfunartekjur heimilisins um 140.000 krónur á mánuði tímabundið eða lengt útgreiðslutímabilið. Sækja þarf um útgreiðslu á séreignarsparnaði til viðkomandi vörslu- aðila þ.e. lífeyrissjóðs, banka eða sparissjóðs og þeir sem eiga ónýttan persónuafslátt geta nýtt sér hann á móti staðgreiðslu skatta. Heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar er ekki háð fjárhagsstöðu eða öðrum skilyrðum en rétt er þó að hafa í huga að útgreiðsla á sparnaðinum nú getur lækkað útgreiddan lífeyrir umtalsvert þegar fram í sækir. Þá er einnig rétt að benda á að þeir sem eru í verulegum fjárhagsvanda ættu að fara vel yfir það hvort útgreiðsla séreignarsparnaðar muni auka líkur á því að heimilið geti staðið undir skuldbindingum sínum. Ef svo er ekki, er mikilvægt að hafa í huga að lífeyrissparnaður er ekki aðfararhæfur við gjaldþrotaskipti.

Greiðsluaðlögun

Greiðsluaðlögun er úrræði fyrir heimili í verulegum fjárhagsvanda sem ekki munu geta staðið í skilum með skuldbindingar sínar í fyrirséðri framtíð og er ætlað til þess að koma í veg fyrir að einstaklingar verði gjaldþrota. Greiðsluaðlögun er leið fyrir þau heimili þar sem önnur úrræði (þ.m.t. þau sem talin eru upp hér að framan) duga ekki til að leysa vandann. Grunnhugsun greiðsluaðlögunar er sú að greiðslubyrði heimilisins er lögð að greiðslugetu og getur í því m.a. falist lækkun eða eftirgjöf skulda. Fólki er þannig gert kleift að lifa mannsæmandi lífi á meðan unnið er á vandanum.

Ferill greiðsluaðlögunar fer eftir því hvers konar skuldir um ræðir.

- **Greiðsluaðlögun sammingskrafna** tekur t.d. til yfirdráttalána með sjálfskuldar- ábyrgð, skuldabréfa, víxla o.fl. Greiðsluaðlögun sammingskrafna á því ekki við um þær skuldir sem tryggðar eru með veði eins og t.d. fasteignaskuldir. Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna hefur umsjón með og veitir ráðgjöf vegna greiðsluaðlögunar sammingskrafna. Nánari upplýsingar má finna á heimsíðu Ráðgjafastofunnar, www.rad.is þar sem einnig má finna umsóknargögn.
- **Tímabundin greiðsluaðlögun fasteignaveðlána** sem tekur til skulda vegna íbúðar- húsnæðis. Lög þar um taka gildi þann 15. maí 2009. Greiðsluaðlögun fasteigna- lána getur varað í allt að 5 ár og felur í sér samning um að skuldari greiði aðeins af skuldum sínum þá upphæð sem hann er fær um, en það sem eftir stendur er frestað á meðan á greiðsluaðlögun stendur. Að þeim tíma liðnum getur skuldari óskað eftir því að veðlán sem eru umfram markaðsverð eignarinnar að viðbættum 10%, verði felld niður. Sótt er um greiðsluaðlögun fasteignalána með skriflegri beiðni til héraðsdóm- stóla í því umdæmi þar sem viðkomani á lögheimili.



Alþýðusamband Íslands

Sætúni 1 • Reykjavík

Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601

asi@asi.is • www.asi.is